# Alþingi 1943.

## Þingsetning.

### A.

### Í sameinuðu þingi.

Árið 1943, fimmtudaginn 15. apríl, var sextugasta og annað löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það fertugasta og sjötta aðalþing í röðinni, en sjötugasta og sjöunda samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 12,45 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1. Hálfdan prófastur Helgason steig í stólinn og lagði út af Matt. 22, 20—21.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
3. Barði Guðmundsson, 5. landsk. þm.
4. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
5. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
6. Bjarni Benediktsson, 6. þm. Reykv.
7. Brynjólfur Bjarnason, 5. þm. Reykv.
8. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
9. Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.
10. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
11. Eysteinn Jónsson, 2. þm. S.-M.
12. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
13. Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyf.
14. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
15. Gísli Jónsson, þm. Barð.
16. Gísli Sveinsson, 10. landsk. þm.
17. Guðmundur Í. Guðmundsson, 9. landsk. þm.
18. Gunnar Thoroddsen, þm. Snæf.
19. Haraldur Guðmundsson, 3. landsk. þm.
20. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
21. Hermann Jónasson, þm. Str.
22. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
23. Ingvar Pálmason, 1. þm. S.-M.
24. Jakob Möller, 3. þm. Reykv.
25. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
26. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
27. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
28. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
29. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
30. Kristinn E. Andrésson, 7. landsk. þm.
31. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
32. Lúðvík Jósefsson, 6. landsk. þm.
33. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
34. Ólafur Thors, þm. G.-K.
35. Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M.
36. Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M.
37. Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk.
38. Pétur Magnússon, 8. landsk. þm.
39. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
40. Sigfús Sigurhjartarson, 8. þm. Reykv.
41. Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf.
42. Sigurður Guðnason, 1. landsk. þm.
43. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
44. Sigurður Kristjánsson, 7. þm. Reykv.
45. Sigurður Thoroddsen, 11. landsk. þm.
46. Sigurður Þórðarson, 1. þm. Skagf.
47. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
48. Stefán Jóh. Stefánsson, 4. þm. Reykv.
49. Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm.
50. Sveinbjörn Högnason, þm. V.-Sk.
51. Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.

Voru framantaldir þingmenn allir á fundi, nema þm. Siglf. En ókominn var til þings:

Þórður Benediktsson, 2. landsk. þm.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sæta, kom ríkisstjóri, Sveinn Björnsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls. Las hann upp ríkisstjórabréf, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar fimmtudaginn 15. apríl 1943, dags. 13. apríl s. á.

Samkvæmt því lýsti ríkisstjóri yfir, að Alþingi væri sett, og mælti síðan:

„Ég bið alþingismenn og ríkisstjórn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum sínum.“

Þingheimur stóð upp, og 1. þm. S.-M. (IngP) mælti: „Lifi Ísland.“ Var tekið undir það með ferföldu húrrahrópi.

Ríkisstjóri kvaddi nú elzta þingmanninn, Ingvar Pálmason, til þess að stýra fundi, þar til kosinn hefði verið forseti sameinaðs þings. Gekk ríkisstjóri síðan út úr salnum.

Aldursforseti gekk þá til ræðustóls og tók við fundarstjórn. Kvaddi hann sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Skúla Guðmundsson, þm. V.-Húnv., og Sigurð Kristjánsson, 7. þm. Reykv.

**Varamaður tekur þingsæti.**

Áður en gengið var til fundarstarfa, skýrði aldursforseti frá, að forseta sameinaðs þings hefði borizt svo látandi bréf frá 2. þm. Reykv.:

„Reykjavík, 15. apríl 1943.

Þórður Benediktsson, 2. landsk. þm., liggur veikur í Vífilsstaðahæli og mun dveljast þar um óákveðinn tíma. Hafa mér borizt tilmæli frá honum um að skýra yður, herra forseti, frá þessu, með ósk um, að varamaður taki sæti hans á Alþingi í fjarveru hans, sbr. 144. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Einar Olgeirsson,
formaður Sósíalistaflokksins."

Gat aldursforseti þess, að þar sem kjörbréf varamanns, Þórodds Guðmundssonar, hefði áður verið samþykkt, ætti hann löglega setu á þinginu.

Þóroddur Guðmundsson, 2. landsk. (vara)þm. hafði tekið sér sæti á fundinum.

**Kosning forseta.**

Þá lét aldursforseti fara fram kosningu forseta sameinaðs Alþingis.

Kosninguna varð að tvítaka. Við fyrri kosningu féllu atkvæði svo, að Gísli Sveinsson hlaut 20 atkv., Bjarni Ásgeirsson 15 atkv. og Haraldur Guðmundsson 7 atkv., en 9 seðlar voru auðir.

Með því að enginn hafði hlotið meiri hluta greiddra atkvæða, var á ný kosið óbundinni kosningu. Hlaut þá kosningu

**Gísli Sveinsson,** 10. landsk. þm.,

með 19 atkv. — Bjarni Ásgeirsson fékk 13 atkv., en 17 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórninni. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

**Finnur Jónsson,** þm. Ísaf.,

með 25 atkv. — Bjarni Ásgeirsson hlaut 1 atkv., en 24 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta, og var kosinn

**Bjarni Ásgeirsson,** þm. Mýr.,

með 28 atkv., en 21 seðill var auður.

**Kosning skrifara.**

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs Alþingis, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, A og B. Á A-lista var SkG, en á B-lista SK. — Með því að ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

**Skúli Guðmundsson,** þm. V.-Húnv., og
**Sigurður Kristjánsson,** 7. þm. Reykv.

**Kjörbréfanefnd.**

Loks var tekin til meðferðar kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Forseta bárust fjórir listar, A, B, C og D. Á A-lista var FJ, á B-lista HermJ, á C-lista ÁkJ, á D-lista PM og ÞÞ. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir því, að kosnir væru án atkvgr.:

Pétur Magnússon,
Hermann Jónasson,
Áki Jakobsson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Finnur Jónsson.

**Kosning fastanefnda.**

Á 2. fundi í Sþ., 16. apríl, var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

**1. Fjárveitinganefnd.**

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru LJós, FJ, ÞG, á B-lista JJ, EystJ, HelgJ, á C-lista PO, ÞÞ, IngJ, SK. — Samkv. þessu hafði verið stungið upp á einum manni umfram tölu nefndarmanna. En þar sem vitað var, að þriðji maður á B-lista hafði jafnmikið atkvæðamagn að baki sér og fjórði maður á C-lista, lét forseti hluta um, hvor þeirra skyldi taka sæti í nefndinni, og kom upp nafn HelgJ. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir í nefndina:

Pétur Ottesen,
Lúðvík Jósefsson,
Jónas Jónsson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Finnur Jónsson,
Eysteinn Jónsson,
Ingólfur Jónsson,
Þóroddur Guðmundsson,
Helgi Jónasson.

**2. Utanríkismálanefnd.**

Við kosningu aðalmanna komu fram fjórir listar. Á A-lista var StJSt, á B-lista BÁ, HermJ, á C-lista EOl, á D-lista ÓTh, MJ, JJós. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Ólafur Thors,
Bjarni Ásgeirsson,
Einar Olgeirsson,
Magnús Jónsson,
Hermann Jónasson,
Stefán Jóh. Stefánsson,
Jóhann Jósefsson.

Við kosningu varamanna komu einnig fram fjórir listar. Á A-lista var ÁÁ, á B-lista EystJ, PZ, á C-lista BrB, á D-lista GÞ, BBen, PM. — Tilnefndir voru því jafnmargir menn og kjósa skyldi, og samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Varamenn:
Garðar Þorsteinsson,
Eysteinn Jónsson,
Brynjólfur Bjarnason,
Bjarni Benediktsson,
Páll Zóphóníasson,
Ásgeir Ásgeirsson,
Pétur Magnússon.

**3. Allsherjarnefnd.**

Fram komu fjórir listar. Á A-lista var StgrA, á B-lista PZ, SÞ, á C-lista ÁÁ, á D-lista JJós, JS, GJ. — Þar sem jafnmargir menn voru tilnefndir og kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Jóhann Jósefsson,
Páll Zóphóníasson,
Steingrímur Aðalsteinsson,
Gísli Jónsson,
Sigurður Þórðarson,
Ásgeir Ásgeirsson,
Jón Sigurðsson.

**Þingfararkaupsnefnd.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar kosning þingfararkaupsnefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. — Fram komu fjórir listar. Á A-lista var ÁÁ, á B-lista PZ, á C-lista ÁkJ, á D-lista SK, SEH. — Þar sem jafnmargir voru tilnefndir og kjósa skyldi í nefndina, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Sigurður Kristjánsson,
Páll Zóphóníasson,
Áki Jakobsson,
Sigurður E. Hlíðar,
Ásgeir Ásgeirsson.

# B.

# Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
2. Bjarni Benediktsson, 6. þm. Reykv.
3. Brynjólfur Bjarnason, 5. þm. Reykv.
4. Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.
5. Gísli Jónsson, þm. Barð.
6. Guðmundur Í. Guðmundsson, 9. landsk. þm.
7. Haraldur Guðmundsson, 3. landsk. þm.
8. Hermann Jónasson, þm. Str.
9. Ingvar Pálmason, 1. þm. S.-M.
10. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
11. Kristinn Andrésson, 7. landsk. þm.
12. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
13. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
14. Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M.
15. Pétur Magnússon, 8. landsk. þm.
16. Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm.
17. Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.

Allir deildarmenn voru á fundi

Elzti maður deildarinnar, Ingvar Pálmason, 1. þm. S.-M., setti fundinn og kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Pál Hermannsson, 1. þm. N.-M., og Eirík Einarsson, 2. þm. Árn.

**Kosning forseta og skrifara.**

Var síðan gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

**Steingrímur Aðalsteinsson**, 4. landsk. þm., með 13 atkv. — 2 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

**Þorsteinn Þorsteinsson**, þm. Dal., með 7 atkv. — Guðmundur Í. Guðmundsson fékk 3 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

**Bjarni Benediktsson:** Það er eftirtektarvert, að Framsfl. hefur svikið samkomulagið, sem gert var um forsetakosninguna. (**BSt:** Það er ósatt).

**Haraldur Guðmundsson:** Ég get upplýst það um 1. þm. Eyf., að hjá honum var aðeins um misskilning að ræða. Hann stóð í þeirri meiningu, að samkomulag hefði verið um að kjósa Alþýðuflokksmann fyrir 1. varaforseta.

Annar varaforseti var kosinn

**Guðmundur Í. Guðmundsson**, 9. landsk. þm., með 9 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Var á A-lista PHerm, en á B-lista EE. — Samkv. því lýsti forseti yfir, þar sem tvo skyldi kjósa, að kosnir væru án atkvgr.:

**Páll Hermannsson**, 1. þm. N.-M., og
**Eiríkur Einarsson**, 2. þm. Árn.

**Sætaskipun.**

Loks skyldi hluta um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum.

**Ingvar Pálmason:** Ég legg til, að leitað sé afbrigða frá þingsköpum um sætaskipunina, þannig að hún sé látin haldast óbreytt nú fyrst um sinn og athugað, hvort ekki er hægt að greiða úr þeim erfiðleikum, sem eru nú á sætaskipun.

***Magnús Jónsson:*** Ég er því mjög samþykkur, að ekki verði farið að rugla sætaskipun í d. Sannleikurinn er sá, að a. m. k. eitt sæti í d., það, sem ég sit í, er nálega ónothæft. Ég vil skjóta því mjög alvarlega til hæstv. forseta, hvort hann gæti ekki komið því til leiðar, að rýmkað væri í d. Ég sé enga nauðsyn á að hafa 5 ráðherrastóla hér, þegar svo erfitt er um rúm. Þeir atburðir, sem stj. þarf öll að vera viðstödd, gerast nálega allir í sal Nd., og mjög óvenjulegt er, að fleiri ráðh. en 3 séu staddir í einu í þessum sal. Ég vil því skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann vill ekki hlutast til um, að ráðherrastólarnir yrðu ekki fleiri en 3, ef ekki er hægt að finna aðra aðferð til að koma í veg fyrir, að nota þurfi a. m. k. innsta sætið. Það eru líka mikil óþægindi að verða að ganga bak við forsetastólinn til sætis síns, eins og hv. 2. þm. Árn. hefur orðið að gera, síðan hér var sett borð, sem tók af gangrúmið hérna megin. Ég vil því mælast til, að hæstv. forseti hlutist til um, að hér verði bót á ráðin á þann hátt, sem heppilegast þykir.

**Forseti (StgrA):** Út af þessari ósk skal ég taka fram, að ef afbrigði verða veitt, mun ég gera tilraun til, að sætum verði breytt eins og hér hefur verið farið fram á.

ATKVGR.

Till. um þau afbrigði frá þingsköpum, að sætaskipun héldist óbreytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

**Kosning fastanefnda.**

Á 2. fundi deildarinnar, 16. apríl, var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

**Forseti (StgrA):** Á síðasta Alþ. voru fjhn., landbn. og allshn. skipaðar 5 mönnum hver, en 3 menn voru í hinum nefndunum. Ef ekki er nein uppástunga að breyta þessu, þá mun svo verða á þessu þingi.

Skv. breyt. á þingsköpum skal nú kosið í heilbrigðis- og félagsmálanefnd. Ósk hefur komið fram um, að í henni verði 5 menn, og mun ég bera undir atkv. hv. þdm., hvort svo skuli vera.

ATKVGR.

Samþ. var með 15 shlj. atkv., að heilbr.- og félmn. yrði skipuð 5 mönnum, og að öðru leyti skyldi tala manna í hverri nefnd haldast óbreytt frá því, sem var á síðasta þingi.

Var svo gengið til kosninga. Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram við kosningu hverrar þriggja manna nefndar þrír listar, A, B og C, en við kosningu fimm manna nefnda fjórir listar, A, B, C og D. Við hverja nefndarkosningu voru á listunum samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa í nefndina. Kosning í allar nefndir fór því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

**1. Fjárhagsnefnd.**
Pétur Magnússon (af D-lista),
Bernharð Stefánsson (af B-lista),
Magnús Jónsson (af D-lista),
Brynjólfur Bjarnason (af C-lista),
Haraldur Guðmundsson (af A-lista).

**2. Samgöngumálanefnd.**
Gísli Jónsson (af C-lista),
Steingrímur Aðalsteinsson (af A-lista),
Ingvar Pálmason (af B-lista).

**3. Landbúnaðarnefnd.**
Þorsteinn Þorsteinsson (D),
Páll Hermannsson (B),
Eiríkur Einarsson (D),
Kristinn Andrésson (C),
Haraldur Guðmundsson (A).

**4. Sjávarútvegsnefnd.**
Gísli Jónsson (C),
Guðmundur Í. Guðmundsson (A),
Ingvar Pálmason (B).

**5. Iðnaðarnefnd.**
Gísli Jónsson (C),
Guðmundur Í. Guðmundsson (A),
Páll Hermannsson (B).

**6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.**
Bjarni Benediktsson (D),
Hermann Jónasson (B),
Lárus Jóhannesson (D),
Brynjólfur Bjarnason (C),
Haraldur Guðmundsson (A).

**7. Menntamálanefnd.**
Eiríkur Einarsson (C),
Kristinn Andrésson (A),
Jónas Jónsson (B).

**8. Allsherjarnefnd.**
Bjarni Benediktsson (D),
Hermann Jónasson (B),
Lárus Jóhannesson (D),
Steingrímur Aðalsteinsson (C),
Guðmundur Í. Guðmundsson (A).

# C.

# I neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur, þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á fyrsta fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, er þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu neðri deild:

1. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
3. Barði Guðmundsson, 5. landsk. þm.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
6. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
7. Eysteinn Jónsson, 2. þm. S.-M.
8. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
9. Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyf.
10. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
11. Gísli Sveinsson, 10. landsk. þm.
12. Gunnar Thoroddsen, þm. Snæf.
13. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
14. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
15. Jakob Möller, 3. þm. Reykv.
16. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
17. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
18. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
19. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
20. Lúðvík Jósefsson, 6. landsk. þm.
21. Ólafur Thors, þm. G.-K.
22. Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M.
23. Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk.
24. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
25. Sigfús Sigurhjartarson, 8. þm. Reykv.
26. Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf.
27. Sigurður Guðnason, 1. landsk. þm.
28. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
29. Sigurður Kristjánsson, 7. þm. Reykv.
30. Sigurður Thoroddsen, 11. landsk. þm.
31. Sigurður Þórðarson, 1. þm. Skagf.
32. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
33. Stefán Jóh. Stefánsson, 4. þm. Reykv.
34. Sveinbjörn Högnason, þm. V.-Sk.
35. Þóroddur Guðmundsson, 2. landsk. (vara)þm.

Voru framangreindir þingmenn allir á fundi.

Aldursforseti deildarinnar, Jakob Möller, setti fundinn og kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Sveinbjörn Högnason, þm. V.-Sk., og Sigurð E. Hlíðar, þm. Ak.

### Kosning forseta og skrifara.

Var þá gengið til forsetakosningar. Kosinn var

**Jörundur Brynjólfsson,** 1. þm. Árn.,

með 15 atkv. — Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., fékk 3 atkv., en 14 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórninni og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

**Emil Jónsson,** þm. Hafnf.,

með 21 atkv., en 10 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

**Sigfús Sigurhjartarson,** 8. þm. Reykv.,

með 17 atkv., en 15 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu 2 listar, A og B. Á A-lista var SvbH, en á B-lista SEH. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kosnir skrifarar deildarinnar án atkvgr.:

**Sveinbjörn Högnason,** þm. V.-Sk., og
**Sigurður E. Hlíðar,** þm. Ak.

### Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, en skrá um sætaskipunina var aldrei birt.

### Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 16. apríl, var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa. Fram komu við kosningu hverrar nefndar fjórir listar, A, B, C og D, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa í nefndina. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

**1. Fjárhagsnefnd.**

Jakob Möller (af D-lista),
Skúli Guðmundsson (af B-lista),
Áki Jakobsson (af C-lista),
Jón Pálmason (af D-lista),
Ásgeir Ásgeirsson (af A-lista).

**2. Samgöngumálanefnd.**

Gísli Sveinsson (D),
Sveinbjörn Högnason (B),
Lúðvík Jósefsson (C),
Sigurður Bjarnason (D),
Barði Guðmundsson (A).

**3. Landbúnaðarnefnd.**

Jón Sigurðsson (D),
Bjarni Ásgeirsson (B),
Sigurður Guðnason (C),
Jón Pálmason (D),
Emil Jónsson (A).

**4. Sjávarútvegsnefnd.**
Sigurður Kristjánsson (D),
Gísli Guðmundsson (B),
Lúðvík Jósefsson (C),
Jóhann Jósefsson (D),
Finnur Jónsson (A).

**5. Iðnaðarnefnd.**
Sigurður E. Hlíðar (D),
Sigurður Þórðarson (B),
Sigurður Thoroddsen (C),
Jóhann Jósefsson (D),
Emil Jónsson (A).

**6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.**
Sigurður E. Hlíðar (D),
Helgi Jónasson (B),
Sigurður Thoroddsen (C),
Gunnar Thoroddsen (D),
Stefán Jóh. Stefánsson (A).

**7. Menntamálanefnd.**
Gunnar Thoroddsen (D),
Páll Þorsteinsson (B),
Sigfús Sigurhjartarson (C),
Sigurður Bjarnason (D),
Barði Guðmundsson (A).

**8. Allsherjarnefnd.**
Garðar Þorsteinsson (D),
Jörundur Brynjólfsson (B),
Þóroddur Guðmundsson (C),
Gunnar Thoroddsen (D),
Stefán Jóh. Stefánsson (A).

# Lagafrumvörp samþykkt.

## 1. Fjárlög 1944.

Á 10. fundi í Sþ., 3. sept., var útbýtt:
**Frv. til fjárlaga fyrir árið 1944** (stjfrv., A. 33).

Á 11. fundi í Sþ., 8. sept., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

**Forseti (GSv):** Áður en gengið er til umræðunnar, skal þetta tekið fram: Það er að vísu svo, að frv. til fjárlaga fyrir árið 1944 hefur áður verið lagt fyrir þetta þing, sem sé í öndverðri setu þess á síðast liðnu vori, af hæstv. fjármálaráðherra. Ber hann nú á ný annað fjárlagafrv. fram, sem hér liggur fyrir, og mun ætlazt til, að hið fyrra falli þar með úr sögunni, þótt komið sé það til hv. fjvn. Hefur þeim, sem að málinu standa, þótt þetta hentara, að breyttum ástæðum, heldur en að bera fram veigamiklar brtt. á þessu stigi. Er og efni málsins hið sama, hvor aðferðin sem er viðhöfð. En að forminu er þetta óvenjulegt, og mætti um það deila, hvort þingsköp ætluðust til þessarar aðferðar, en þau banna hana heldur ekki, og verður því látið við það lenda.

Í annan stað segja þingsköp í 51. gr., að útvarpa skuli framsöguræðu fjármálaráðherra um frv. til fjárlaga o. s. frv., sem einnig fór fram í hið fyrra sinnið. Þótt vafasamt sé, hvort skylda þessi nær nema til eins skiptis um fjárlög fyrir sama ár, hefur eigi þótt viðeigandi að svo vöxnu að víkja frá þessari reglu nú, með því líka, að eigi hafa þingflokkarnir komið sér saman um annað og einn flokkur a. m. k. sama sem óskað slíkra umræðna, sem þá eigi yrði frá skákað samkv. 55. og 56. gr. þingskapa. Fer því útvarpsumræðan fram.

Fyrstur talar hæstv. fjmrh., Björn Ólafsson, um það bil hálfa klukkustund; þá hv. 6. landsk. þm., Lúðvík Jósefsson, f.h. Sameiningarflokks alþýðu, Sósíalistaflokksins, í hálftíma; þá hv. 2. þm. S.-M., Eysteinn Jónsson, f.h. Framsóknarflokksins, í hálftíma; þá hv. þm. Ísaf., Finnur Jónsson, f.h. Alþýðuflokksins, í hálftíma; þá hv. 3. þm. Reykv., Jakob Möller, f.h. Sjálfstæðisflokksins, í hálftíma. Að lokum hefur hæstv. fjmrh. stundarfjórðung til andsvara.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Við umr. þær, er fóru fram í vor um frv. til fjárlaga 1944, gat ég þess, að frv. það, sem þá var lagt fram, var lagt fyrir Alþingi eingöngu til þess að fullnægja bókstaf stjórnarskrárinnar. En hún mælir svo fyrir, að fjárlagafrumvarp skuli lagt fram í byrjun hvers reglulegs þings. Í vetur var ógerlegt að leggja fram nýtt frv., sem nokkra stoð hefði í veruleikanum, og var því nær eingöngu um að ræða endurprentun á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár.

Nú er lagt fram nýtt frv., sem byggist á ýtarlegum athugunum á útgjöldum ríkisins og áætlun um tekjurnar í ljósi þeirrar reynslu, sem fengizt hefur á þessu ári. Fyrra frumvarpið hefur því verið tekið aftur. En við þetta skapast það fátíða fyrirbrigði, að tvisvar þarf að útvarpa fyrstu umræðu um fjárlög sama árs.

Við umræðuna í vor gerði ég grein fyrir afkomu liðins árs, eins og venjulegt er. Ég mun því ekki endurtaka neitt af því að þessu sinni, en ég mun hins vegar gera grein fyrir frv. því, sem hér liggur fyrir, greina að nokkru frá afkomu ríkissjóðs fyrra helming þessa árs og dýrtíðarráðstöfunum eins og þær verða til 15. september.

Hver sá, sem á að fjalla um og semja fjárlög, hlýtur að reka sig fljótlega á þá staðreynd, að miklir örðugleikar eru á því að áætla tekjur og gjöld ríkisins með nokkru öryggi heilu ári fyrir fram, ekki sízt þegar flest er á hverfanda hveli, eins og nú er. Fjárlög eiga að leggjast fyrir Alþingi 15. febrúar ár hvert, fyrir fjárhagsárið, sem hefst 320 dögum síðar. Eins og nú er högum háttað, má telja þetta ógerlegt, ef fjárlögin eiga ekki að verða því nær hrein endurprentun af fjárlögum undangengins árs. Ég tel þess vegna, að það ætti að athugast gaumgæfilega, hvort ekki sé rétt og skynsamlegt að breyta fjárhagsári ríkisins þannig, að það sé frá 1. júlí til 30. júní, í stað þess að nú er fylgt almanaksárinu. Auk þess sem Alþingi gæti þá gengið frá samningu fjárlaga aðeins 2—3 mánuðum áður en fjárhagsárið hefst, mundi þetta hafa í för með sér, að hvert reglulegt þing ætti að geta fengið prentaðan og endurskoðaðan ríkisreikning næsta árs á undan, eða 7½ mánuði eftir að árinu lýkur, í stað þess að nú fær þingið reikningana 1—2 árum síðar. — Ég mun ræða þetta mál nánar síðar.

Eins og tekið er fram í grg. frv., hafa verið gerðar á því nokkrar formbreytingar, sem ég tel, að nauðsynlegar séu. Er hér sérstaklega um að ræða færslu ýmissa gjaldaliða frv. milli greina, þar sem telja má, að liðirnir eigi betur

heima. Enn fremur hafa liðir innan hverrar greinar verið flokkaðir nokkuð á annan veg en áður, til þess að færa þá til betra efnislegs samræmis. Vænti ég, að háttv. þingmönnum finnist, að með breyt. þessum sé heldur stefnt til bóta.

Þá kem ég að tekjubálki frumvarpsins. Tekju- og eignarskattur, ásamt stríðsgróðaskatti, eru áætlaðir 25 millj. króna. Er það 2 millj. hærra en í fjárlögum þessa árs. Samkv. bráðabirgðaathugun á tekjum ríkisins á þessu ári af tekju-, eignar- og stríðsgróðaskatti er líklegt, að þær verði samtals um 29 millj. kr. Er það 6 millj. umfram áætlun.

Þrátt fyrir þessa hagstæðu útkomu og þrátt fyrir það, að mjög sæmilega lítur út með afkomu í landinu á þessu ári, hef ég talið óverjandi að áætla skattatekjurnar hærra en 25 millj. á næsta ári. Þessar tölur geta aldrei orðið annað en ágizkun, og jafnan má búast við, að komið geti skyndilegar breytingar, sem kollvarpa öllum slíkum áætlunum.

Tekjur af vörumagnstolli eru áætlaðar 5 millj. kr. Er það 1 millj. kr. lægra en í fjárlögum þessa árs.

Verðtollur er áætlaður 23 milj., og er það 1½ millj. hærra en á þessu ári. Þegar saman eru lagðir þessir tollar, má segja, að áætlunin sé því nær hin sama bæði árin.

Tolltekjurnar til júníloka þessa árs, eða fyrir fyrra helming ársins, hafa verið þannig, að það svarar til þess, að tolltekjurnar væru um 42 millj. yfir árið með sama framhaldi, á móti áætlun í fjárlögum 27½ millj.

Þótt útlit sé fyrir, að þessir tollar fari talsvert fram úr áætlun á þessu ári, þá teldi ég það mjög óvarlega farið, ef tolltekjur næsta árs væru áætlaðar í samræmi við það.

Ástæða er til að ætla, að innflutningur þessa árs verði ekki minni að krónutali en í fyrra. En undir innflutningnum er það að sjálfsögðu komið, hversu miklar tolltekjurnar verða. Ef ófriðurinn yrði til lykta leiddur á miðju næsta ári, mundi innflutningurinn að krónutali minnka talsvert mikið. Byggist það fyrst og fremst á því, að farmgjöld og tryggingar mundu lækka mikið, en eins og kunnugt er, er verðtollur tekinn af þessum gjöldum. Ýmsar aðrar ástæður geta og valdið samdrætti í innflutningnum, og því væru það lítil búhyggindi að styðjast á fremsta hlunn í þessu efni, með því að áætla tekjurnar hærri og binda sér síðan bagga með auknum útgjöldum í samræmi við það.

Um aðra tekjuliði er það að segja, að þeir eru mjög svipaðir því, sem er í núverandi fjárlögum, enda hefur reynslan sýnt, að greiddar tekjur fara mjög nærri áætluninni.

Tekjur af ríkisstofnunum eru á næsta ári áætlaðar 7.194.622 kr., og er það um 700 þús. kr. lægra en á þessu ári. Stafar það af því, að rekstrarhagnaður landssímans er áætlaður minni en áður. Munar það um 850 þús. kr. Og þegar þess er gætt, að eignabreytingar landssímans á næsta ári nema 1430 þús. kr., þá verður ríkissjóður að leggja þessari stofnun til um eina milljón króna til ráðstafana, sem telja mætti, að landssíminn ætti með venjulegum hætti að geta staðið straum af. Ríkissjóður getur að mínu áliti ekki haldið áfram slíku framlagi til þessarar stofnunar, sem að réttu lagi ætti að geta gefið ríkinu álitlegar tekjur, auk þess sem hún greiddi fyrir eigin framkvæmdir, svo fremi að þær séu ekki mjög óvenjulegar.

Ég kem þá að gjaldabálki frumvarpsins. Gjöldin eru áætluð samtals 67174 þús. kr., og eru þá meðtalin útgjöld á sjóðsyfirliti. Þetta er því hæsta fjárlagafrumvarp, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi. Heildarútgjöldin í síðustu fjárlögum nema 65 millj. 406 þús. kr.

Þetta eru háar tölur, og mönnum kemur að sjálfsögðu fyrst til hugar, hvort öll þessi útgjöld séu nauðsynleg. Ekki er þess að dyljast, að sumt mætti nema burtu, en meginhluti útgjaldanna er til stofnana, fyrirtækja og framkvæmda, sem ríkið verður að standa straum af, þau eru annaðhvort sem þættir, er ekki verður án verið í framkvæmdastjórn þjóðfélagsins, eða sem liðir bundnir við fjárlögin með sérstakri löggjöf. Þessi útgjöld eru tekin samkv. áætlunum viðkomandi stofnana og fyrirtækja. Slíkar áætlanir er venjulega erfitt fyrir fjármálaráðuneytið að gagnrýna, ef þær fara ekki með óvenjulegum hætti fram úr fyrri áætlunum, sem haldizt hafa með nokkrum breytingum frá ári til árs. Mér er ljóst, að margt mætti betur fara í rekstri ríkisins yfirleitt, en því verður ekki kippt í lag, svo að gagni komi, nema með gagngerðri athugun á hverri stofnun og hverju fyrirtæki ríkisins. Slíka athugun þyrfti að gera á öllum rekstri, hvort sem um er að ræða vinnuaðferðir og starfslið í ráðuneytunum eða skipaútgerð, járnsmíði og verzlunarrekstur ríkisins. Um þetta hefur, að ég hygg, verið rætt hér á Alþingi ekki alls fyrir löngu, en slík athugun hefur ekki komizt í framkvæmd. Ríkisstjórnin hefur þetta mál til athugunar.

En til þess að gefa hv. þingmönnum svo skýra hugmynd um rekstur ríkisins sem hægt er, eins og sakir standa, verður útbýtt næstu daga fjölrituðum fylgiskjölum með fjárlagafrumvarpinu, og sýna þau starfsmannaskrár og sundurliðaðan kostnað hinna ýmsu stofnana, fyrirtækja og framkvæmda.

Eins og ég sagði áðan, eru flestir liðir fjárlaganna lítt hreyfanlegir, og miklum sparnaði verður ekki við komið nema með gagngerðum athugunum og harðhentum ráðstöfunum. Á vorn mælikvarða er ríkisbúskapurinn orðinn mikið bákn, og þess verður vel að gæta, að þjóðinni sé ekki reistur hurðarásinn um öxl. Þegar auðvelt er að afla fjár, eins og nú er, er hætta á því, að ekki sé gætt sparsemi svo sem skyldi og þess vegna vaxi kostnaður við ýmsar greinir ríkisstarfrækslunnar. Síðar, þegar tekjurnar þverra, getur reynzt erfitt að færa gjöldin til baka.

Samanburður á ýmsum greinum gjaldanna nú við síðustu fjárög er ekki auðveldur, vegna þess að í frumv. eru aukauppbætur og verðlagsuppbætur færðar við hvern þann lið, sem slíkar uppbætur tekur, en í fjárlögum þessa árs eru þessar uppbætur færðar í einu lagi á 19. gr. Breytingar eru þó ekki miklar, en ég skal gera nokkra grein fyrir þeim helztu.

Í 12. gr. hefur liðurinn til viðbótar húsnæði við ríkisspítalana verið hækkaður talsvert, eða

upp í 800 þús. kr. Þörfin fyrir viðbótarhúsnæði fyrir þessa spítala er orðin mjög brýn, og verður að leitast við að bæta úr henni á þann hátt, sem heppilegast þykir. Enn þá hefur ekki verið tekin ákvörðun um, hvernig fé þessu verði bezt varið til að bæta úr þörfinni, en gerð verður grein fyrir því síðar.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að vekja athygli á því, að rekstrarhalli ríkisspítalanna fjögurra, landsspítalans, Klepps, Vífilsstaða og Kristness, er áætlaður að nema nálega tveimur milljónum króna á næsta ári. Þetta er mikill halli, og virðist mér sjálfsagt, að tekið sé til athugunar, hvort gerlegt þykir að gera á því nokkrar breytingar.

Að því er 13. gr. snertir mun því verða haldið fram af sumum, að lækkað sé framlag til verklegra framkvæmda, sökum þess að frumvarpið gerir ráð fyrir 1800 þús. kr. til nýrra þjóðvega í stað 3600 þús. kr. í núverandi fjárlögum. Og auk þess mun verða bent á, að til brúargerða er ætlað 250 þús. kr. í stað 1146 þús. kr.

Því var haldið fram á þinginu í vetur af sumum þingmönnum, að nauðsynlegt væri, að ríkið héldi uppi miklum verklegum framkvæmdum með byggingu brúa og nýrra akvega. Ég vakti hins vegar athygli á, að líklegt væri, að mikil atvinna yrði í landinu og vafasamt, hvort hægt yrði að fullnægja eftirspurn um vinnuafl. Miklar verklegar framkvæmdir af hálfu ríkisins væru því ekki nauðsynlegar til að halda uppi atvinnu, en gætu á hinn bóginn orðið til þess að keppa við atvinnuvegina um vinnuaflið.

Þetta hefur reynzt svo. Nokkrar helztu fjárveitingar til nýrra akvega verða ekki notaðar á þessu ári, vegna erfiðleika á að fá nauðsynlegan vinnukraft. Efnisskortur hefur og háð brúasmíði. En samkv. því loforði, sem ég gaf á Alþingi í vetur við umræðu fjárlaganna, hefur verið lagt fyrir vegamálastjóra að leggja til hliðar það fé, sem veitt hefur verið til nýrra akvega og brúa, en ekki hefur verið notað á þessu ári, til þess að hægt sé til þess að taka síðar til þeirra framkvæmda, sem fjárlögin gera ráð fyrir.

Með þetta fyrir augum hefur verið lækkað framlagið til nýrra akvega. En hins vegar hefur þótt nauðsyn bera til að hækka viðhald og endurbætur vega um 1200 þús. kr. Þegar um verklegar framkvæmdir er talað, þá er að vísu ekki mikill munur á því, hvort um nýbyggingu eða viðhald er að ræða.

Þegar rætt er um lagningu nýrra akvega, verða menn að minnast þess, að hver nýr vegarspotti heimtar viðhald og endurbætur, þegar hann hefur verið lagður. Þótt landsmenn hafi enn mikla þörf fyrir nýja akvegi á ýmsum slóðum, verður sú forsjá að fylgja þeim framkvæmdum, að ríkissjóður fái staðið undir viðhaldinu, því að annars er vegagerðin unnin fyrir gíg.

Nú er akvegakerfi landsins um 5000 kílómetrar, enda hefur það vaxið óðfluga síðustu árin. Viðhaldið hefur og farið vaxandi ár frá ári, og á þessu ári er talið, að það muni nema um **9 milljónum króna.** Af því mun ríkissjóður fá endurgreitt um helminginn. Er af þessu ljóst, að nokkur ástæða er til að stinga við fótum og gera sér grein fyrir, hvert stefnir í þessum málum og hvort vér fáum risið undir viðhaldi vegakerfisins, ef framhaldið á vegalagningunni verður með þeim hætti, sem átt hefur sér stað undanfarin ár. Hins vegar mætti hugsa sér, að með þessi mál yrði farið með nokkuð öðrum hætti eftir stríð og þau tekin upp á nýjum grundvelli með enn meiri stórhug. — Um það eru engar deilur, að vegi ber að leggja um landið, svo að akfært verði um allar sveitir og samgöngur greiðar milli allra landshluta. Búast má við, að sú krafa verði enn háværari í framtíðinni en hún hefur verið til þessa. Og það verður heimtað, að vegirnir séu góðir og vegagerðin varanleg. Það verður því að líkindum eitt af stórmálum næstu ára að koma vegakerfi landsins í það horf, sem nú tíðkast í öðrum menningarlöndum. En þangað til slíkt verður tekið til umræðu, verðum vér að líta á málið eins og það horfir við nú.

Í frv. er tekin aðeins lítil fjárhæð til hafnargerða og ekkert til bryggjugerða og lendingarbóta. Engar tillögur hafa ráðuneytinu borizt í þessu efni, og því hafa fjárveitingar í því skyni ekki verið teknar í frv.

Í 16. gr. hefur verið tekinn upp nýr liður, 2 millj. króna framlag til áburðarverksmiðju. Ríkisstjórnin telur byggingu áburðarverksmiðju svo mikið nauðsynjamál, að hún taldi rétt að flýta fyrir málinu á þennan hátt. Er gert ráð fyrir, að þetta fé verði lagt til hliðar og geymt á sérstakan hátt, þar til heppilegt þykir að hefjast handa um bygginguna. Um ráðstöfun á þessu fé og því, sem síðar kann að verða lagt fram, verður að sjálfsögðu ákveðið með sérstökum lögum.

Í 17. gr. hefur verið tekinn upp sérstakur liður, sem er 100 þús. kr. fjárveiting til kvenfélagasambands Íslands. Jafnframt eru niður felldar nokkrar smáfjárhæðir til ýmissa kvenfélaga á landinu. Ríkisstj. hefur verið skýrt svo frá, að flest eða öll kvenfélög landsins hafi myndað með sér samband það, er ég nefndi, í því skyni sérstaklega að beita sér fyrir húsmæðrafræðslu, heimilisiðnaði og garðyrkju. Starfsemi kvenfélaga víðsvegar um land hefur verið mjög í brotum vegna fjárskorts og samtakaleysis. Nú virðist vera bætt úr því síðarnefnda með kvenfélagasambandi Íslands, en hætt er við, að starfsemin verði framvegis í molum, nema ríkið rétti því hjálparhönd fjárhagslega. Talið er, að þessi fjárveiting sé nægileg til þess, að kvenfélögin geti hafið starfsemi með skipulegum hætti um land allt, og tel ég þessu fé vel varið, ef það getur orðið til þess, að íslenzkar konur fái vakið öfluga hreyfingu og víðtæka starfsemi til eflingar húsmæðrafræðslu, heimilisiðnaði og garðyrkju í landinu.

Ég hef þá nefnt þær breytingar, sem nokkru máli skipta í gjaldabálki frumvarpsins. En ég vil gjarnan minnast á 22. gr. frv., sem felur í sér heimild handa ríkisstj. til ýmissa ráðstafana. Í þessa grein hafa oft verið settar heimildir um stórar fjárgreiðslur, sem líklegt var eða vitanlegt, að notaðar mundu verða á fjárhags-

árinu. Þegar svo stendur á, er réttara, að slíkar fjárhæðir komi í gjaldabálk fjárl., því að annars sýna fjárlögin í rauninni villandi niðurstöðu. Ég hef því látið stytta þessa grein eftir því, sem tök voru á. Enn fremur hafa verið numdar úr henni heimildir til ýmissa stofnana um eftirlaun. Þessar sömu heimildir hafa staðið ár eftir ár í fjárlögum, en það virðist eðlilegast, að slíkar heimildir séu gefnar í eitt skipti fyrir öll með sérstökum lögum. Hefur þessi kostur verið valinn, og sérstakt frumvarp hefur verið lagt fram um þetta efni.

Ég skal þá gera stutta grein fyrir afkomu fyrri hluta þessa árs samkv. því bráðabirgðayfirliti, sem fyrir liggur.

Samkv. bráðabirgðaathugun er líklegt, að skattar verði á þessu ári sem hér segir:

1. Tekju- og eignarskattur ..... 22 millj. kr.
2. Stríðsgróðaskattur (hluti ríkissj.) 7 — —
3. Verðlækkunarskattur ..... 6,7 — —

Áætlun tekju-, eignar- og stríðsgróðaskatts á fjárlögum þessa árs er, eins og áður er sagt, 23 millj. kr. Má því gera ráð fyrir, að skattarnir fari um 6 millj. kr. fram úr áætlun. Verðlækkunarskattinum var ráðstafað með sérstökum lögum, eins og kunnugt er, en búast má við, að á skorti allt að 1½ millj., að hann hrökkvi fyrir þeim greiðslum, sem dýrtíðarlögin gera ráð fyrir. En í þeim er ákveðið að verja skattinum til verðlækkunar á afurðum og til alþýðutryggginga (3 millj.).

Tollar hafa til þessa farið allmikið fram úr áætlun. Til 1. júlí hafa aðflutningstolltekjur verið þannig:

1. Vörumagnstollur ..... 5154000.00
2. Verðtollur ..... 16257612.00

Samtals kr. 21411612.00

Áætlunin fyrir allt árið er 27½ millj. kr. Vörumagnstollurinn fyrstu sex mánuði ársins er því nær nákvæmlega eins og hann var fyrstu sex mánuðina í fyrra. Hins vegar er verðtollurinn um 3 millj. kr. hærri en hann var á sama tíma í fyrra. Um það er erfitt að segja, hvort tolltekjurnar verði eins miklar það, sem eftir er ársins. Ýmislegt getur valdið því, að úr þeim dragi. En eftir því, sem séð verður nú, er ekki ástæða til að ætla annað en að tolltekjur fari allverulega fram úr áætlun á þessu ári.

Gjöldin greinast þannig í heild til 1. júlí:

1. Samkvæmt fjárlögum ..... 25944583.00
2. Samkvæmt sérstökum lögum .... 975138.00
3. Samkvæmt heimildum í 22. gr. .. 414337.00
4. Samkvæmt þingsályktunum .... 366498.00
5. Væntanleg fjáraukalög ..... 356204.00

Samtals 28056760.00

Á sama tíma eru tekjurnar samtals 27707541.00

Það er ákveðin stefna stjórnarinnar að halda öllum greiðslum ríkisins innan þeirra marka, sem fjárlög eða önnur lög setja, eftir því sem framast er kostur. En þess er ekki að dyljast, að á tímum sem þeim, er nú standa yfir, geta greiðslur orðið nauðsynlegar til hluta, sem fjárlög gera ekki ráð fyrir.

Þótt það bráðabirgðauppgjör, sem fyrir liggur, sýni að ýmsu leyti hagstæða útkomu, er enn of snemmt að fullyrða nokkuð um heildarafkomu ársins. Stór hluti af tekjum ríkissjóðs innheimtist ekki fyrr en síðari hluta ársins, og enn hvíla á ríkinu miklar fjárhagslegar skuldbindingar, sem eftir er að greiða af hendi.

Í sambandi við þetta þykir mér rétt að skýra frá, að samkvæmt þingsályktun 30. marz var hagstofunni falið að reikna út þjóðartekjurnar árin 1936 til 1941. Skýrsla um þetta hefur mér nú borizt í hendur, og sýnir hún, að heildartekjur þjóðarinnar hafa verið sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1936 ..... | 108050 | þús. |
| 1937 ..... | 117706 | — |
| 1938 ..... | 119566 | — |
| 1939 ..... | 128519 | — |
| 1940 ..... | 210468 | — |
| 1941 ..... | 345076 | — |

Skýrsla þessi sundurliðuð mun verða lögð fram í þinginu bráðlega.

Eftir er þá að minnast á einn útgjaldalið ríkissjóðs, sem ekki er í fjárlögum, og það eru ráðstafanir vegna dýrtíðar.

Ríkisstjórnin ákvað í desember síðastliðnum að lækka verð á kjöti á innlendum markaði samkv. heimild í lögum nr. 98 9. júlí 1941 um 1 kr. hvert kíló. Útgjöld ríkissjóðs vegna þessarar ráðstöfunar hafa verið sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Janúar ..... | 283 | þús. | kr. |
| Febrúar ..... | 290 | — | — |
| Marz ..... | 273 | — | — |
| Apríl ..... | 315 | — | — |

Samtals 1161 þús. kr.

Á sama tíma var lækkað verð á smjöri með framlagi úr ríkissjóði, og eru útgjöldin fyrir það talin þannig janúar — apríl (4 mán.):

Rjómabússmjör 51713 kíló á 7/65 kr. 395604.00
Heimaunnið smjör 33981 — - 5/30 — 180099.00

Samtals kr. 575703.00

Frá þessu dregst hagnaður af erlendu smjöri, sem þegar hefur verið flutt til landsins, áætlað — 293000.00

eftir kr. 282703.00

Alls hefur verið flutt inn 95 tonn af erlendu smjöri. Helmingur þess, eða það, sem fyrst kom, varð dýrara í innkaupi en gert hafði verið ráð fyrir. Síðasta sendingin, sem kom frá Suður-Ameríku, kostar hér á staðnum með öllum kostnaði, en að frádregnum tolli, um 7.50 hvert kíló. Hagnaðurinn af því, eins og stendur nú, er um 4.20 á kíló, sem varið er til að lækka útsöluverð innlenda smjörsins.

Gert er ráð fyrir að flytja inn meira smjör, og tel ég, að ríkissjóður þurfi ekki mikil útgjöld að hafa vegna verðlækkunar á smjöri, sérstaklega þegar þess er gætt, að framleiðslan innanlands er nú talin mjög lítil. Samkvæmt dýrtíðarlögunum frá síðasta þingi (13. apríl) var heimilað að lækka verð á kjöti og mjólk á innlendum markaði gegn framlagi úr ríkissjóði. Þessi heimild var notuð á þann hátt, að greitt var af kindakjöti 1.60 á kíló, og er kjötmagnið samtals 1643

tonn frá 1. maí til 15. sept. og fjárhæðin 2628 þús. Við þetta bætist ærkjöt og nautakjöt, áætlað ..... 193 —

Samtals kr. 2821 þús.

Af mjólk voru fyrst greiddir 35 aurar af hverjum lítra, er lækkaði svo í júlí niður í 25 aura vegna þess að framleiðendur áttu að taka á sínar herðar það, sem svaraði vísitölulækkuninni, en það reyndist 10 aurar á lítra. Á tímabilinu 1. maí til 15. sept. er talið, að útgjöld ríkissjóðs vegna lækkunar á mjólkurverðinu nemi um 2200 þús. kr.

Eru þá útgjöld ríkissjóðs samtals vegna framangreindra raðstafana **um 5 milljónir króna** til 15. sept. Undir þessum ráðstöfunum á verðlækkunarskatturinn að standa, eins og áður er getið.

Sú vísitölulækkun, sem orðið hefur vegna framangreindrar verðlækkunar, hefur að líkindum sparað ríkissjóði útgjöld, er nema um 1½ milljón króna til 15. sept.

Bein útgjöld ríkissjóðs vegna dýrtíðarlaganna frá 13. apríl verða því:

| | | |
|---|---|---|
| Verðlækkun á innlendum afurðum | 5 millj. | kr. |
| Til alþýðutrygginga | 3 — | — |
| Á móti þessum 8 millj. fær ríkissj. í verðlækkunarskatt. | 6,7 — | — |

Ég hef þá í stórum dráttum gert grein fyrir frv. því, sem fyrir liggur, fyrir afkomu ríkissjóðs fyrri helming þessa ás og fyrir þeim gjöldum, sem dýrtíðarráðstafanirnar hafa haft í för með sér.

Þótt afkoma ríkissjóðs virðist vera mjög sæmileg eins og sakir standa, eru allar áætlanir fram í tímann byggðar á sandi, meðan þjóðin hefur ekkert fast undir fótum í dýrtíðarmálunum. Sú óvissa, sem nú liggur eins og móða yfir öllum atvinnurekstri þjóðarinnar, torveldar allar framkvæmdir, dregur úr viljanum til starfa, örvar eyðslusemi og gerir menn tómláta um framtíðina. Þjóðin þarfnast fjárhagslegs öryggis til að geta starfað, og hún verður að fá það.

Það er og annað og meira í húfi en sparifé landsmanna, sem þeir hafa dregið saman á áratugum og nú er hið lifandi blóð atvinnurekstrarins í landinu. Í húfi er einnig það, sem mikill hluti þjóðarinnar þarf að bíta og brenna, af þeirri einföldu ástæðu, að verðbólga, sem engar skorður eru settar, mundi stöðva alla útflutningsframleiðslu landsins. Til þessa má ekki koma, ef nokkur kostur er að fyrirbyggja það.

Nú er gerlegt að setja skorður við frekari vexti verðbólgunnar og þar með tryggja þann atvinnurekstur í landinu, sem starfað getur með núverandi verðlagi.

Ég efast um, að til sé nokkur maður í þessu landi, sem vildi taka á sig þá ábyrgð, eins og sakir standa, að opna nú flóðgáttir dýrtíðarinnar, meðan nokkur von er um að halda öldunni í skefjum.

Áætlun sú á tekjum og gjöldum ríkissjóðs fyrir árið 1944, sem hér liggur fyrir, er að miklu leyti háð þeim ákvörðunum, sem teknar verða í dýrtíðarmálunum fyrir 15. september.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti! Fjárlfrv. það, er hér liggur fyrir, er það fyrsta, sem núv. hæstv. ríkisstj. leggur fyrir Alþingi, því að frv. hennar í vor getur ekki talizt fjárlagatillögur hennar.

Frv. þetta ber það með sér, að hæstv. ríkisstj. telur ekki nauðsynlegt að gera neinar verulegar breytingar á fjármálastefnu liðinna ára. Frv. markar enga nýja stefnu og miðar lítið að því að mæta þeim mörgu erfiðu verkefnum, sem nú liggja fyrir þjóðinni í atvinnu- og öryggismálum hennar.

Við umræður um fjárlög fyrir komandi ár verður ekki hjá því komizt að athuga nokkru nánar það ástand, sem nú ríkir í atvinnumálum þjóðarinnar, og jafnframt, hvernig snúast þarf við þeim vandamálum, sem þar blasa við og hljóta fyrr en varir að krefjast úrlausnar.

Við afgreiðslu síðustu fjárlaga kom greinilega í ljós viðhorf flokkanna á Alþingi til þessara vandamála, og þykir mér því rétt að rifja nokkuð upp þá afgreiðslu.

Fjarlagafrumvarp fyrir yfirstandandi ár var lagt fyrir Alþ. af fyrrv. ríkisstjórn, sem fór frá völdum í desembermánuði s.l. Við afgreiðslu þeirra fjárlaga hafði Sósfl. í fyrsta skipti nokkur áhrif á fjárlagaafgreiðslu, þar sem hann þá átti orðið 10 þingmenn, og átti þá í fyrsta skipti fulltrúa í fjárveitinganefnd og gafst með því þætt aðstaða til að fylgjast með ýmsum einstökum atriðum frumvarpsins.

Við afgreiðslu fjárlaga s.l. vetur sýndi það sig, að gömlu þjóðstjórnarflokkarnir voru sammála um, að ekki væri þörf á að skipta um stefnu að neinu verulegu ráði um fjárframlög ríkisins, hvorki með tilliti til þess að undirbúa stórfelldar breytingar í atvinnumálum þjóðarinnar né heldur til þess að auka lífsöryggi fólksins með fullkomnari tryggingum eða með því að tryggja því næga atvinnu.

Horfurnar í atvinnumálum landsins voru þó á þann veg á s.l. vetri, að lítt var sæmandi að afgreiða svo fjárlög, að ekki væru gerðar ráðstafanir til þess að tryggja næga atvinnu.

Þá hafði verið hér um nokkurt skeið næg atvinna af völdum hinna erlendu herliða, sem hér voru, en full ástæða var til að búast við, að slík atvinna hyrfi þegar minnst varði, og engum gat blandazt hugur um, að á þvílíkri atvinnu var ekki hægt að byggja í framtíðinni, og ef atvinnuleysið og vandræðin áttu ekki að ráða hér ríkjum strax og herliðin færu héðan eða hættu hér vinnuframkvæmdum, þá varð ríkisvaldið þá þegar að hefja undirbúning atvinnuframkvæmda í stórum stíl og gera ýmsar óhjákvæmilegar breytingar á atvinnulífi landsins, til þess að allir gætu haft vinnu og borið það úr býtum, sem lífskröfur nútímans heimta.

En gömlu þjóðstjórnarflokkarnir töldu, að ekkert lægi á, og þrátt fyrir sífellt skraf þeirra um komandi hrun og atvinnuleysi, þá bólaði ekki á neinum ráðum frá þeim um gagnráðstafanir.

Þeirra stefna virtist vera að halda sem mest að sér höndum og streitast gegn tillögum um fjárframlög til atvinnutryggingar og aukins öryggis alþýðunnar.

Sósfl. bar fram við afgreiðslu síðustu fjárlaga ýmsar tillögur, sem miðuðu að atvinnuaukningu.

Megintillögur flokksins í þeim efnum voru drepnar, en hann fékk því þó til leiðar komið, að nokkur fjárhæð var áætluð til þess að mæta atvinnuleysi, ef það bæri að höndum.

Flokkurinn bar einnig fram till. um mjög veruleg fjárframlög til tryggingamála með sérstöku tilliti til þess, að tryggingamálalöggjöfin yrði endurskoðuð og endurbætt verulega.

Þjóðstjórnarflokkarnir gömlu voru ekki síður sljóir á nauðsyn þess að leggja fram fé til tryggingamálanna en til aukinnar atvinnu, og voru því allar tillögur okkar þar um drepnar við afgreiðslu fjárlaganna. En við afgreiðslu dýrtíðarlaganna tókst þó að fá nokkra upphæð lagða fyrir til tryggingarmálanna, svo nú er allmikið hægara um vik að framkvæma nauðsynlegar breytingar í þeim málum en annars hefði verið.

Þá er einnig að minnast í þessu sambandi á umleitanir okkar sósíalista um að fá lagt fram fé til þess að koma upp samvinnubyggðum eða sveitaþorpum með tilliti til þess að fullkomna framleiðslutækni landbúnaðarins.

Fjárveitingar í þessu skyni mættu einnig harðri mótspyrnu og urðu óverulegar.

En í stað raunhæfra aðgerða í þeim málum hefur meir borið á heimskulegum hártogunum og útúrsnúningum um þessar nauðsynlegu breytingar á landbúnaði okkar, og þeir menn, sem bezt hafa viljað íslenzku sveitafólki með tillögum þessum, hafa verið hundeltir fyrir skoðanir sínar og sérstaklega af launuðum fulltrúum bænda.

Þrátt fyrir það, að ekki tókst á s.l. vetri við afgreiðslu fjárl. að fá fram nýja stefnu, sem miðaði ákveðið að því að leysa aðsteðjandi erfiðleika og undirbúa atvinnuvegi þjóðarinnar undir að nýta til fulls vinnuorku landsmanna og bjóða þannig öllum sómasamleg lífsskilyrði við innlenda vinnu, sem byggja mætti á í framtíðinni, — þá vannst eigi að síður allmikið á, og óhætt er að fullyrða, að í mörg ár hafa þó ekki verið afgr. fjárlög, sem veittu jafnmiklu fjármagni til nauðsynlegra framkvæmda og viðurkenndu þó eins mikið og þessi fjárlög skyldur ríkisins til þess að hafa til atvinnu, ef atvinna brygðist. Og ýmsar smærri leiðréttingar fengust á fjárl. að þessu sinni, sem fram að því hafði ekki þýtt að nefna.

Engum dylst, sem með afgreiðslu fjárl. fylgdist, að aukinn styrkur sósíalista til áhrifa á afgreiðslu mála á Alþingi réð í þessum efnum úrslitum, þó að fjarri færi því, eins og við var að búast, að við gætum talið afgreiðslu fjárlaganna á þá lund, sem við hefðum ætlazt til.

Nú, þegar hér liggur fyrir nýtt fjárlfrv. með sama aðgerðaleysissvipnum og öll hin fyrri, og ákveða á um fjármála- og atvinnumálastefnu komandi árs, teljum við sósíalistar alveg sérstaka nauðsyn þess, að tekin verði upp ný stefna, er miði að eflingu atvinnulífsins og yfirleitt raunhæfum aðgerðum gagnvart þeim vandamálum, sem síðasta Alþingi hljópst frá og ég hef nú nokkuð greint frá.

Við höfum veitt því athygli, að með öðrum þjóðum er það nú mikið rætt og að því unnið að undirbúa gífurlegar atvinnuframkvæmdir að stríðinu loknu. Sömuleiðis fer nú fram skipulagning almennra trygginga hjá ýmsum þjóðum, og fullvíst má telja, að almennt verði lífsöryggi alþýðunnar stórkostlega aukið í flestum löndum að stríðinu loknu.

Við Íslendingar komumst ábyggilega ekki hjá því, fremur en aðrar þjóðir, að lífskröfur þjóðarinnar vaxa mjög frá því, sem þær voru fyrir stríð, og það er víst, að íslenzk alþýða líður það ekki, fremur en alþýða annarra landa, að atvinnuleysið eigi að taka við á ný, strax þegar ófriðnum er lokið.

Við verðum því strax að hefja undirbúning að því að mæta þessum nýju viðfangsefnum, er koma áður en varir.

Atvinnuvegir okkar eru nú flestir illa komnir og mjög ófærir um að tryggja öllum landsmönnum næga atvinnu og þau lífskjör, er menn nú almennt krefjast.

Okkur er það öllum ljóst, að landbúnaður okkar er rekinn með gersamlega úreltu fyrirkomulagi, og nýsköpun hans verður að eiga sér stað, ef fólkið, sem í sveitunum býr og að landbúnaði vinnur, á að lifa við sæmileg lífsskilyrði eða í samræmi við kröfur tímans.

Það verður þegar í stað að leggja fram verulegar fjárhæðir til þess að koma landbúnaðinum á framleiðsluhæft stig.

Ríkið þarf strax að eignast þær jarðir, þar sem sveitaþorpum er ætlað að koma. Slíka staði þarf að skipuleggja, og ríkið verður að ganga á undan og reisa þar ýmsar opinberar byggingar, svo sem læknisbústaði, skóla, fyrirmyndarbú o. þ. h. Jafnhliða slíkum framkvæmdum á þessum fyrirhuguðu þorpssvæðum munu án efa rísa upp verzlunarstöðvar og byggðin smám saman þéttast, og um leið mundu skapast aukin skilyrði til verkaskiptingar og stórvirkari vinnuaðferða á þessum stöðum. Með auknu þéttbýli til sveita mundi og sveitafólkinu skapast aðstaða til að njóta margra þeirra þæginda nútímans, sem strjálbýlið getur ekki veitt því, og ekki er ósennilegt, að þróun búnaðarins í þessa átt mundi reynast áhrifameiri vörn gegn flótta fólksins úr sveitunum en það kák, sem nú hefur einkum verið haft í frammi því til varnar.

Það hefur orðið hlutverk okkar sósíalista að benda á þá brýnu nauðsyn að þétta byggðina og notfæra sér með sambýlinu hin samvirku framleiðslutæki. Flestir hugsandi menn hafa játað, að þessi þróun landbúnaðarmálanna er óhjákvæmileg og sjálfsögð, en þrátt fyrir réttmæti þessara tillagna hafa ýmsir þeir menn, sem hingað til hafa talið sig réttkjörna forvígismenn bænda, reynt með flestum hugsanlegum ráðum að rangfæra þessar hugmyndir um þéttbýli sveitanna. Menn þessir, sem fengið hafa nær einráðir að stjórna landbúnaðarmálum þjóðarinnar í um 15 ár og skilið við atvinnumál sveitanna jafnlangt á eftir tímanum og raun ber vitni um, reyna í sífellu að æsa bændur gegn þessum tillögum. Þeir hafa reynt að túlka samfærslu byggðarinnar á þann hátt, að meining okkar væri að láta þegar í stað flytja allt sveitafólk, jafnvel með valdi, á nokkra tiltekna staði, og svo sé meiningin að leggja í eyði mikinn hluta af landinu. Okkur er einmitt ljóst, að breytt búskaparlag í landbúnaðarmálum okkar verð-

ur ekki tekið upp svo nokkru nemi, nema með þróun, en einmitt af þeim ástæðum þarf líka strax að hefjast handa og beina þróuninni inn á rétta braut.

Þá hafa andstæðingar okkar sósíalista haldið því að bændum, að með þessum tillögum okkar um breytt búskaparlag í sveitum værum við í rauninni að svívirða sveitastörfin og níða niður þá menn, sem í sveitunum starfa. Og í því sambandi hefur okkur verið borið á brýn, að við sæjum ekki skussaskapinn í vinnubrögðunum í bæjunum.

Bændum er hreint enginn greiði gerður með slíkum málaflutningi sem þessum. Það er vitanlega fásinna að fara í heimskulegan samanburð á því, á hvorum staðnum, í sveit eða við sjó, sé meir til af úreltum atvinnutækjum eða hvorum megin framleiðslutækni sé lengra á veg komið. Aðalatriðið er að viðurkenna í þessu hið sanna og reyna að koma fram nauðsynlegum úrbótum.

Okkur sósíalistum er fullkunnugt um, hvernig ástandið í þessum efnum er í kaupstöðunum og hvernig t. d. mætti með auknu skipulagi og bættum framleiðslutækjum auka stórkostlega afrakstur þeirra, sem að fiskframleiðslu vinna. En það er alveg sérstaklega nauðsynlegt, að bændum almennt skiljist, að stórfelldra breytinga er þörf í atvinnumálum þeirra, ef þeir í framtíðinni eiga að fá notið þeirra lífsþæginda, sem þeir réttilega eiga kröfu til og þeir nú heimta. Vitanlega skiptir það enga eins miklu og sveitafólkið sjálft, að framleiðsluafköst í landbúnaðinum verði aukin, því að þótt nú á þessum tíma og með þeim ráðum, sem til hefur verið gripið, hafi tekizt að tryggja bændum sæmileg lífskjör, þá er alveg víst, að þau framleiðsluafköst, er nú eru í okkar sveitabúskap, geta ekki í framtíðinni haldið uppi slíkum lífskjörum.

Með aukinni atvinnu í þorpum og kauptúnum úti um land mundi verkamönnum þar tryggð hliðstæð aðstaða og hér hefur verið í Reykjavík og bændum nú hefur verið tryggð. Og með aukinni skipulagningu útgerðarinnar, svo sem með því að fiskimenn fái að njóta hins raunverulega söluverðs fiskjarins og með því að fiskverðið fái haldizt í því raunverulega verði, sem um var samið fyrir rúmu ári síðan, miðað við útgerðarvöruverð, mundi mega tryggja fiskimönnum hliðstætt kaup og bændum og fastlaunamönnum.

Það má öllum vera ljóst, að þessi launakjör geta ekki staðizt nema stuttan tíma, ef framleiðsluafköst í atvinnuvegum okkar breytast ekki verulega frá því, sem þau hafa verið, enda er það auðvitað óeðlilegt í sjálfu sér að tryggja hátt kaup fyrir nauðalítil framleiðsluafköst.

Við verðum að gera okkur ljóst, að ef við viljum njóta lífsþæginda nútímans, þá verðum við jafnframt að tileinka okkur vinnutækni hans.

Eins og ég gat um í upphafi, sýnir fyrirliggjandi fjárlfrv. hæstv. ríkisstj. fullkomið skilningsleysi gagnvart þeim stóru vandamálum, sem ég hef hér einkum gert að umtalsefni. Fjárlfrv. vanrækir ekki aðeins að leggja fram fé til þessara mála, heldur dregur það beinlínis úr framlögum til verklegra framkvæmda.

Til vegagerða er áætlað að verja á aðra milljón kr. lægri upphæð en er í fjárlögum þessa árs. Það vekur einnig sérstaka undrun, að einkum virðist vera dregið úr framlögum til ýmissa þeirra vega, er síðasta þing lagði áherzlu á að verja fé til, svo sem að koma einum mesta útgerðarbæ landsins, Siglufirði, í vegasambandið. Sama er að segja um framlag til þess að koma Vestfjörðum í samband, lagningu Krísuvíkurvegar, Oddsskarðsvegar o. fl., o. fl.

Til hafnarmála og vitamála er varið aðeins þriðjungi þess, er áætlað var í síðustu fjárlögum.

Framlag til byggingar nýrra vita er einnig lækkað og var þó til skammar lágt. Til íþróttasjóðs, sem hefur með höndum stórfelldar framkvæmdir um byggingar íþróttamannvirkja, er framlagið ekkert hækkað og aðeins veitt tæplega helmingur þess, sem íþróttanefnd ríkisins taldi nauðsynlegt.

Fleiri dæmi mætti nefna um minnkandi framlög til verklegra framfaramála samkv. þessu frv., sem hér er ekki tími til að rekja nánar.

Ég hef lýst því, að við sósíalistar teljum, að stefna beri í aðra átt en frv. þetta gerir. Við munum leggja til, að tillag til verklegra framkvæmda og menningarmála verði stórum hækkað, en alveg sérstaklega munum við þó leggja áherzlu á, að með ríflegum fjárveitingum verði reynt að efla atvinnuvegina og fullkomna framleiðslutækni þeirra.

Engu skal um það spáð, hvaða afdrif þetta frv. fær, en ekki þætti mér ólíklegt, ef dæma má af reynslunni, að meir muni bera á togstreitu hinna valdameiri flokka um beina styrki úr ríkissjóði til einstakra atvinnuhópa en viðleitni til þess að breyta framleiðslutækni atvinnuveganna, svo að þeir, sem við þá vinna, fái notið sæmilegs kaups.

Mér kæmi ekki ókunnuglega fyrir sjónir, þótt kröfur um lækkun kaups verkamanna og þá einnig kaups bænda yrðu háværari og af meira kappi sóttar en tilraun til þess að leyfa bæði verkafólki og bændum að njóta núverandi kaups með því að gera framleiðsluna færari en hún nú er að bera slíkt kaup.

Leiðin á ekki að vera sú að lækka kaup fólksins niður í það, sem illa rekin atvinna og úr sér gengin vinnutækni þolir, heldur hin, að fullkomna svo vinnutæknina, að framleiðslan geti boðið þeim, sem að henni vinna, sómasamleg lífskjör, annars hlýtur líka sú framleiðsla fyrr eða síðar að deyja.

**Eysteinn Jónsson:** Herra forseti. Sá ræðumaður, sem síðast talaði, af hálfu Sameiningarflokks alþýðu — sósíalistaflokksins, minntist nokkuð á landbúnaðarmál og talaði eins og sá, sem þekkingu hefur. Ég vil aðeins segja við hann, að bændur þurfa ekki að sækja skilning á þeim málum til kommúnista. Þeir hafa gert sér ljóst, hvert stefna ber, og gert till., sem fulltrúar kommúnista reyna að eigna sér jafnframt því sem þeir dreifa út um landið áróðri um störf bænda.

Þetta fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, sýnir nokkuð, hversu ástatt er í landinu. Útgjöldin eru 62 millj., tekjurnar 68 millj., meira en

þrisvar sinnum hærra en fyrir stríð. Þetta sýnir, hvað verðbólgan er mikil, og þó er langt frá því, að frv. sé eins og reyndin verður. Ég ætla ekki að vera margorður um frv., en bara benda á ýmislegt til að sýna, hvernig sett er í frv. af handahófi til verklegra framkvæmda og hve ýtarlegrar yfirvegunar sú hlið málsins þarf við.

Það er öllum ljóst, að vegakerfið þarf mikilla bóta við, en slíkar endurbætur er ekki hægt að framkvæma nema með miklum bótum á öllum vinnuaðferðum og öflun nýtízku áhalda til vegavinnu. Það er ekki hægt fyrir 120 þús. sálir að ætla svo marga menn til vegagerðar sem þyrfti, ef handaflið eitt væri notað.

Það er einn liður í fjárlagafrv., sem Framsfl. hefur ástæðu til að gleðjast yfir, en það er framlag til áburðarverksmiðju. Flokkurinn hefur unnið að undirbúningi þess máls á undanförnum árum og er það mikil ánægja, að nú skuli veitt þetta framlag.

Ég sé ekki ástæðu til að telja upp einstaka liði. Aðalatriðið er það, að frv. þarf mikillar endurskoðunar við. Og það verða menn að gera sér ljóst, að fjárveitingar til verklegra framkvæmda verður að veita með því fororði, að þær verði að bíða, ef ekki er vinnuafl fyrir hendi.

Þá ætla ég að víkja almennt að fjárhags- og atvinnumálum. Á liðnum stríðsárum hafa Íslendingar haft mikið tækifæri til að efla ríkissjóðinn. Fjármagnið hefur flætt inn í landið. Þrátt fyrir innflutning, mikinn að magni, og talsverða verðhækkun hefur þjóðin eignazt yfir 300 millj. kr. innieign í Bretlandi og Bandaríkjunum. Annað eins tækifæri hefur aldrei komið áður. En hvernig hefur tekizt að nota það? Tekjur ríkissjóðs hafa margfaldazt, fjórfaldazt árin 1941 og 1942 og meira en fimmfaldazt síðan. Það er niðurstaða þriggja stríðsára, að rekstrarafgangurinn 1940 var 5½ millj., 1941 18 millj. og 1942 10 millj., eða alls yfir 33 millj., reiknað með tölum hæstv. fjmrh. á síðasta þingi. Þar við er það að athuga, að þá var búið að draga frá útflutningsverðbætur á landbúnaðarvörur. Raforkusjóður á 10 millj. og framkvæmdarsjóður 11 millj., eða ⅔ hluta af fénu. Allur afgangur allra áranna nemur því aðeins nokkurra mánaða útgjöldum ríkisins. Skuldir ríkissjóðs voru í árslok 1939 56,6 millj., en 51 millj. í lok ársins 1942. Það hefði ekki þurft mikla ráðdeild til þess, að handbært fé ríkisins hefði verið helmingi meira, miðað við þau tækifæri, sem gefizt hafa, og það án þess að skattabyrðar manna yrðu þyngri en þær eru nú. Það stefnuleysi, sem hefur ríkt í fjárhags- og dýrtíðarmálum, náði hámarki 1942 undir forustu hv. þm. G.-K., og var ausið milljónatugum af hinum gífurlegu tekjum, sumpart vegna hækkunar á kostnaði af völdum dýrtíðarinnar, en sumpart vegna uppbóta til atvinnugreina, sem vegna dýrtíðarstefnunnar hafa orðið að fá miklar verðlagsuppbætur til að geta staðizt.

Í tekjuöflunarmálum ríkisins hefur verið þannig á haldið, að sá flokkur, sem hafði fjmrh. — Sjálfstfl. —, hefur streitzt gegn skattlagningu stríðsgróðans svo sem hann treystist til. Það var lengi stefna þess flokks að láta skattfrelsisákvæðin standa, og fyrir þetta skattfrelsi skyldi útgerðin gefa sjómannaskóla. Þó var hægt að þoka svo um, að allháir skattar væru lagðir á gróðann, en aðalatriðið er ekki setning löggjafar, heldur framkvæmd skattal. Það var ekki hægt að henda reiður á stríðsgróðanum með venjulegum aðferðum. Till. kom fram um skattadómstól, svipað og er í öðrum löndum, dómstól, sem átti að kryfja til mergjar framtölin og sjá um, að skattal. væru framkvæmd. Þetta hefði átt að koma að gagni, og er ekki ólíklegt, að það hefði tekizt, en þá skeður það, að maður er skipaður í hið þýðingarmikla embætti skattadómara, sem var alls ekki fær til starfsins, en ekkert hefur verið gert til úrbóta. Það er á allra vitorði, að framkvæmd skattal. er því óviðunandi, þrátt fyrir skipun skattadómstólsins. Það, sem þarf að gera, er að stofna sterkan skattadómstól með öruggu valdi og þyngja refsingar fyrir skattsvik. Í þess stað stinga menn höfðinu í sandinn, en fylgja því að hækka skattstigann. Hvers vegna getur þetta átt sér stað? Á stríðstímum er ekki hægt á Alþ. að fá samtök um þá stefnu, sem ber að fylgja, og stjórn með meiri hl. Alþ. á bak við sig. Ástæðan til þess er sú, að fulltrúar Sameiningarfl. alþýðu — sósíalistafl., hafa alveg hliðrað sér hjá því að koma nálægt nokkru jákvæðu starfi að þessu leyti, og í skjóli þeirra hafa stríðsgróðamenn getað leikið lausum hala.

Ég vil þá víkja að dýrtíðarmálunum. Árið 1942 var sá nýstárlegi háttur upp tekinn, að stjórnarvöldin hættu að skipta sér af þýðingarmestu málum þjóðarinnar, en beittu sér fyrir einu máli aðeins, kjördæmabreyt. og tvennum kosningum í sambandi við hana. Svo mikið kapp var á þetta lagt, að ríkisstj. keypti hlutleysi kommúnista með beinu loforði um, að ekkert yrði gert til að framkvæma löggjöf gegn dýrtíðarflóðinu. Árangurinn birtist í hækkaðri vísitölu, úr 183 í 273. Menn stóðu höggdofa. En brátt fundu menn af reynslunni, að það var hægra sagt en gert að lækka dýrtíðina. Þurfti það ekki að koma mönnum svo á óvart, þegar þess er gætt, hversu reyndust samtökin um að stöðva dýrtíðina.

Þegar farið var að fjalla um þetta á síðasta þingi, var á það bent, að eðlilegast væri að lækka dýrtíðina með því að fá samkomulag um allsherjar lækkun verðlags og kaupgjalds í landinu í sanngjörnum hlutföllum. Framleiðendur landbúnaðarvara vildu fallast á hlutfallslega lækkun. Reynslan hefur sýnt, hvort það var ósanngjarnt. Nú vildu sumir lögbjóða einhliða lækkun landbúnaðarvara. Það var komið í veg fyrir, að þetta gæti tekizt, og mega nú allir sjá af störfum 6 manna n., hversu mikil sanngirni var í því. Fulltrúar verkamanna vildu ekki fallast á neina lækkun yfirleitt. Þar með var útséð um, að á því þingi yrðu samtök um neitt varanlegt úrræði í dýrtíðarmálunum. Sumir virtust ekki gera sér þetta fyllilega ljóst. Sérstaklega var að heyra á hæstv. fjmrh., að hann vildi ekki viðurkenna þessa staðreynd og liti svo á, að sú leið væri fær og einhlít til varanlegs árangurs að borga dýrtíðina niður með framlögum úr ríkissjóði. Það var bent á, að

anda þótt hægt væri að nota það úrræði, ef um lágar fjárhæðir væri að ræða og auðvelt til tekjuöflunar, væri hér öðru máli að gegna. Samtök fengust ekki, en til samkomulags við ríkisstj. var þó samþ. heimild til að borga niður dýrtíðina, en ég varaði við þeirri stefnu, þar sem svo ótryggt var, að sú lækkun yrði til frambúðar. Ég taldi rétt, úr því sem komið var, að verja ekki stórum fjárfúlgum út í óvissu til þess að lækka vísitöluna um örfá stig. Sérstaklega fannst mér þetta rétt fyrir þær sakir, að Alþ. ákvað að setja nefnd til þess að rannsaka hlutfallið milli verðlags og kaupgjalds.

Ríkisstj. kaus að fara aðra leið. Hún hefur mjög notað heimildir til að borga niður dýrtíðina. Öll lækkun á vísitölunni hefur orðið fyrir framlög úr ríkissjóði, og það liggur fyrir að taka ákvörðun um það innan skamms, hvort á að láta dýrtíðina enn vaxa eða hvort nú fást samtök.

Hin hliðin á dýrtíðinni, þ. e. hlutfallið mili kaupgjalds og verðlags, kemur nú til athugunar. Ég ætla ekki að ræða um brigzl og sleggjudóma, sem fram hafa komið, en auðséð var, að einskis mátti láta ófreistað til að eyða þeirri tortryggni, sem hafði skapazt, og slökkva þann eld, sem tendraður hafði verið. Það tókst á síðasta þingi að fá nefnd, sem átti að hafa lokið störfum fyrir 15. ágúst og lauk störfum á réttum tíma. Menn gerðu sér ekki miklar vonir um, að störf hennar gætu leitt til niðurstöðu, en það fór þó svo, að n. gat komið sér saman, og vakti það almenna ánægju.

Nefndin hefur komizt að niðurstöðu um það, hvað hæfilegt mat er á þeim tekjum, sem þeir hafa, sem unnið hafa að landbúnaði undanfarna mánuði.

Þá er komið að framkvæmd þessa samkomulags og hvernig það verkar í framkvæmd. Höfuðtilgangur með starfi nefndarinnar var að finna hlutfall milli verðlags og kaupgjalds stéttarfélaga, og er það orðað svo í l., með leyfi hæstv. forseta:

„Skipa skal sex manna nefnd, er finni grundvöll fyrir vísitölu framleiðslukostnaðar landbúnaðarafurða, er fara skal eftir við ákvörðun verðs landbúnaðarvara og hlutfall milli verðlags landbúnaðarvara og kaupgjalds stéttarfélaga, er miðist við það, að heildartekjur þeirra, er vinna að landbúnaði, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Skal í því sambandi tekið tillit til þess verðs, sem fæst fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir."

Samkv. þessu ákvæði hefur n. starfað, og verðlagið, sem n. segir, að þurfi að fást fyrir landbúnaðarafurðir á innlendum markaði, er beinlínis byggt á því, að það verð fáist fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir, sem n. reiknar með, þegar hún talar um heildartekjurnar. Ef það brygðist með útflutningsverðið á landbúnaðarafurðunum, þá eru allar stoðir felldar undan dómi n. og starf hennar gert marklaust. Það gengi þvert á tilgang l. og það, sem vakti fyrir Alþ., sem sé að heildartekjur þeirra, sem vinna að landbúnaði, verði sambærilegar við tekjur annarra vinnandi stétta. Það hlýtur því að verða einn liður, og sá fyrsti, sem þarf að vinna að í framhaldi af samkomulagi sex manna nefndarinnar, að greiða uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, þannig að úrskurður n. um verðlagið fái staðizt. Tilgangur l. er skýr og ótvíræður um þetta. Og tækist svo ógiftusamlega til, að Alþ. breytti nú um stefnu í þessum málum, þá yrði allt eyðilagt, sem áunnizt hefur um þennan mikilsverða þátt málsins. Verðlag á innlendum markaði yrði þá að hækka stórlega frá því, sem n. hefur ákveðið, og dýrtíðin magnaðist þá enn frá því, sem ella þarf að verða, og er þó fyrir ærinn vandi um það, hversu með skuli fara sjálft dýrtíðarmálið. Kem ég að því síðar.

Það mega teljast undur mikil frá almennu sjónarmiði, þótt eigi væri við góðu að búast úr þeirri átt, að forkólfar kommúnista hafa látið málgagn sitt taka afstöðu gegn því, að samkomulag sex manna n. yrði framkvæmt á þann hátt að greiða útflutningsbætur, og krefjast þess þar með, að Alþ. breytti alveg um stefnu frá því í vor er leið, — eða kannske það sé ætlun þeirra að binda bændur við ákveðið verð á innlendum markaði, sem n. hefur ákveðið og byggt á því, að tiltekið verð fáist fyrir útfluttar vörur, en svíkjast svo um að gera ráðstafanir til þess, að þetta verð í raun og veru fáist? Má segja, að þessi afstaða er ólík afstöðu þeirra fyrir kosningar, þegar þeir greiddu atkv. með útflutningsuppbótinni á afurðir landbúnaðarins, sem þá voru mun hærri en gera má ráð fyrir, að uppbæturnar verði nú.

Það hefur verið talað um styrki til landbúnaðarins í sambandi við þetta mál. En þetta er verðjöfnun til þess að halda jafnvægi í atvinnulífinu og koma í veg fyrir þau stórkostlegu almennu vandræði, sem af því kynnu að stafa fyrir þjóðina nú þegar — og ekki síður seinna —, ef afkoma annars aðalatvinnuvegs þjóðarinnar yrði í algerðu ósamræmi við afkomu allra annarra atvinnuvega í landinu. Það er ekki sjaldan talað um styrki í þessu sambandi, og sennilega vegna þess, að ráðstafanirnar fara fram með milligöngu ríkissjóðs. En í sambandi við þetta væri freistandi að gera því nokkur skil, hver grundvöllur muni vera undir tekjum manna og stétta yfirleitt, eins og nú er háttað málum. Eru það eðlileg viðskipti, byggð á venjulegum viðskiptamöguleikum, sem skapa þennan grundvöll nú um stundarsakir? Ég hygg, að eðlilegt væri, að menn gæfu því máli gaum, áður en þeir fella dóma sína um þær ráðstafanir, sem gerðar eru til þess að skapa nokkurt fjárhagslegt jafnvægi með þjóðinni, og áður en menn nefna einn þiggjanda og annan veitanda í þeim viðskiptum.

Nú er spurningin: Hver verða áhrif sex manna n. í dýrtíðarmálunum? Það hefur orðið vart við talsverðan misskilning í þessu sambandi. Sumir halda, að það sé fundin lausn dýrtíðarmálanna í heild. Og ég hef séð í blaði, sem telur sig annars hafa talsvert um þetta að segja, — hygg það sé Vísir —, að nú sé ekki eftir nema stutt skref í dýrtíðarmálunum, eftir að þetta samkomulag er fengið. Það samkomulag er óendanlega mikilsvert, en það er misskilningur, að það sé leiðarendi í dýrtíðarmálunum. Nú er annaðhvort að gera að hækka útsöluverð var-

anna, þannig að dýrtíðin hækki aftur, eða að borga niður dýrtíðina enn með framlagi úr ríkissjóði. En þetta er ekki það eina, sem til er í dýrtíðarmálunum. Eina skynsamlega leiðin væri að færa niður í réttum hlutföllum verðlag og kaupgjald, jafnframt því sem tryggð væri framkvæmd skattalaganna, eignarskattur lögleiddur til þess að tryggja það, að stríðsgróðinn rynni til almenningsnota. En til þess að koma slíku áleiðis, þarf sterk samtök og samkomulag þeirra aðila, sem hlut eiga að máli. Þetta er eina raunverulega lausnin á dýrtíðarmálunum. Verði nú enn farin sama leiðin og ríkisstj. hefur farið í sumar, er allt jafnóleyst og áður í dýrtíðarmálunum, stórfé eytt til þess eins að fresta því, sem fram hlýtur að koma, ef ekki fást samtök um raunhæfar ráðstafanir. Slíkt leiðir ekki til neinnar niðurstöðu, en sýgur meir og meir fjármagnið frá nauðsynlegum framkvæmdum síðar.

Þar með vil ég þó ekki segja, að ekki geti legið fyrir það ástand, að menn neyðist til þess að verja fé til að fresta um stundarsakir því, sem hlýtur fram að koma. En ótakmarkaður fjáraustur í því skyni á ekki rétt á sér. Það þarf að athuga gaumgæfilega, hvað verið er að fara í þessum málum og hvaða líkur eru til þess, að frambúðarárangur fáist.

Í þessu sambandi vil ég gera fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvað það kostar yfir árið — ekki aðeins í nokkra mánuði — í framlagi að halda vísitölunni eins og hún er nú, miðað við þau framlög, sem nú eru greidd á afurðir, og þær hækkanir, sem þurfa að verða samkv. dómi sex manna n.

Fáist hins vegar ekki samtök um þessa stefnu í dýrtíðarmálunum, sem ég lýsti, þá er hægt, eins og ég sagði áður, að reyna að fresta því, sem fram á að koma. En frambúðarlausn verður það engin. Nú er óðum að koma fram það, sem þeir sögðu, sem vildu stöðvunina 1941 og 1942. Landbúnaðurinn, annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, þarf verðlagsuppbætur, sem annars hefðu verið sáralitlar eða engar. Smáútvegurinn er víða kominn að því að stöðvast. Það er farið að tala um atvinnuleysi, þó að setulið sé enn hér í landinu og mjög mikil viðskipti við það. Allt það, sem gerzt hefur, sýnir, að það hefði verið öllum fyrir beztu að stöðva dýrtíðina, — að samkomulag hefði náðst um það. Og mér þykir það einkennilegt, ef mörgum verður ekki hugsað til þess, þegar litið er fram á ástandið, sem blasir við, — hverjum og einum verður ekki hugsað til þess, hvað hann hafi í raun og veru unnið við þessa dýrtíð og þessar háu kaupgjaldstölur. Hvernig er hlutfallið eftir allt kapphlaupið milli kaupgjalds og afurðaverðs? Er það ekki eitthvað svipað og þegar lagt var af stað? Ég ætla engu að spá um það, hvað verður nú á Alþ. En ég geri mér litla von um, að hér verði samtök um að gera það, sem skynsamlegast er, eins og Alþ. er skipað síðan um síðustu kosningar. Stærsti flokkur þingsins, Sjálfstfl., á 20 þm., nær 2/5 þingsins. Hann kvaðst hafa ætlað að hafa forustuna. En sú forusta hefur í engu sést, og er ekki að búast við, að hún verði skeleggari hér eftir. Flokkurinn getur ekki staðið saman um úrlausnir aðkallandi vandamála, og er það eðlilegt framhald af vinnubrögðum flokksins 1942, þegar hann gekk svo langt að kaupa stundarvöld með loforði um, að engin afskipti skyldu höfð af hinum mest aðkallandi vandamálum. Hins vegar hefur kommúnistum verið trúað fyrir um 1/5 hluta þingsæta, 10 sætum. Þeir létu kjósa sig við síðustu kosningar til þess að koma á fót því, sem þeir kalla vinstra samstarf, og töluðu sem eldheitir umbóta- og lýðræðismenn. Ekki voru kjörseðlarnir meir en svo komnir niður í atkvæðakassann, þegar þeir fóru að troða illsakir við þá menn, sem þeir létu kjósa sig til þess að starfa með. Allir kannast við það, sem gerðist á s.l. vetri um samningaumleitanir til þess að prófa, hversu þessum mönnum væri innan rifja. Þessu lyktaði með því, að þeir voru knúðir til að játa, að þeir hefðu alls ekki viljað samvinnu. Þeir voru svo gersamlega króaðir af, að þeir misstu jafnvægið. Létu þeir málgagn sitt birta það, að þeir hefðu getað unnið með hinum, ef þeir hefðu samþ. allt, sem kommúnistar vildu, annars ekki, og varð sú yfirlýsing fræg. Kommúnistar hafa orkað því, að pólitísk áhrif verkamanna á undanförnum árum hafa orðið algerlega neikvæð. Stríðsgróðamennirnir hafa haft áhrif sín í beinu skjóli kommúnista. Menn höfðu sínar afsakanir fyrir síðustu kosningar. En nú er alveg vorkunnarlaust að sjá, hvernig spilin liggja. Hér á Alþ. eru margir, þrátt fyrir allt, sem enn reyna að finna það skásta og gera það skásta, sem við verður komið á næstunni, eins og kringumstæðurnar eru. En margir munu spyrja utan Alþ.: Hvað getum við gert, og hvað stendur þetta ástand lengi? Um það veit enginn. En það, sem þeir geta gert, sem eru utan Alþ., er að undirbúa breyt. á skipun Alþ. Eg fullyrði, að með þjóðinni er til nægilega sterkur meiri hl. manna, sem vill umbætur og hefur nægilega skyldar skoðanir til þess, að samstarf milli slíkra manna væri eðlilegt, þótt greina kunni á um ýmis atriði og sum veigamikil. Þetta fólk er að finna meðal kjósenda Framsfl. og Alþfl. Það er einnig að finna meðal kjósenda Sjálfstfl. og Sósfl. frá síðustu kosningum. En forustulið þessara flokka hefur tvímælalaust brugðizt þessum mönnum. Nú er spurningin: Hvað tekst lengi að viðhalda þessu ástandi? Ná umbótaöflin að sameinast, eða verður þeim sundrað, eins og verið hefur undanfarið, af niðurrifsmönnum til hægri og vinstri? Á því veltur framtíð þjóðarinnar kannske meir en nokkru öðru nú á næstu árum.

Ég bið hæstv. forseta að afsaka, hvað ég hef talað lengi. Ég gætti þess ekki.

**Finnur Jónsson:** Herra forseti. Ríkisstjórnin hefur, eins og hæstv. fjmrh. þegar er búinn að taka fram, breytt formi þessa fjárlagafrv. allverulega, að mestu leyti eftir bendingu frá fjvn. þeirri, sem starfaði á síðasta þingi. En hún hefur fært þetta fjárlagafrv. mjög í þá sömu átt og fjárlagafrv. það, er ráðherra Sjálfstfl. lagði fyrir Alþingi s.l. ár: Sú breyt. er til hins verra, því að með henni er mjög dregið úr öllum verklegum framkvæmdum og fjárlagafrv. einungis á-

kvæði um að greiða úr ríkissjóði fjárhæðir, sem annaðhvort eru bundnar með sérstökum lögum eða ríkissjóður getur ekki komizt hjá að greiða. Þetta er í sjálfu sér stefna, þó að hún sé ekki góð, — stefna íhaldsins eða afturhaldsins.

Í fjárlfrv. er framlag til nýrra vega lækkað úr 3 millj. 562 þús. kr. í 1 millj. 800 þús. kr., eða um 1762 þús. kr. Þá er framlag til brúargerða því sem næst þurrkað út, og nemur sú lækkun 896 þús. kr. Enn fremur hafa öll framlög til hafnargerða verið afnumin, og nemur sú lækkun 1 millj. 681 þús. kr. Þá hefur hæstv. fjmrh. fundið köllun hjá sér til að krukka í atvinnubótafé og lækka það um 300 þús. kr. Alls nema þessar lækkanir, sem hæstv. fjmrh. leggur til, að gerðar verði á framlögum til verklegra framkvæmda frá því, sem ákveðið er í síðustu fjárlögum, hátt á 5. millj. kr. Ýmsar aðrar opinberar framkvæmdir, sem gert var ráð fyrir í síðustu fjárlögum, hafa verið lækkaðar. En á móti kemur framlag til áburðarverksmiðju, sem ætlazt er til, að lagt verði í sérstakan sjóð, 2 millj. kr., og nokkur hækkun á framlagi til viðbótarbygginga við ríkisspítalann.

Á þessu fjárlfrv. er ekki gert ráð fyrir því, að ríkissjóður þurfi að gera neitt til að bæta úr atvinnuleysi í landinu, og er sú stefna, að áætla ekkert annað en það, sem allra naumast verður komizt af með til verklegra framkvæmda, á þessum óvissu tímum mjög varhugaverð og verður að áteljast. Hins vegar má segja, að hið breytta form á fjárlagafrv. sé til bóta. Á því eru þó undantekningar, og má þar nefna, að í áætlun vegamálastjóra er orlofsfé fært til sérstakra útgjalda með 200 þús. kr. Þetta er hvergi gert á neinum öðrum lið í þessu fjárlagafrv. Hvers vegna er t. d. kostnaður vegna orlofs í stjórnarráðinu, vegna orlofs hjá pósti og síma og öllum skrifstofum ríkisins ekki talinn sem sérstakur liður, ef ástæða var til að uppfæra þetta sem sérstakan lið á vegamálunum? Eða hefur hæstv. fjmrh. tekið þetta upp til þess eins að sýna, að vegamálastjóri væri yfirleitt á móti því, að verkamenn fengju orlof? Ef rétt er að telja orlofsfé vegavinnuverkamanna sem sérstakan útgjaldalið, verður það einnig að gerast hjá öllum öðrum starfsmönnum. Sé ekki gætt samræmis í þessu, verða fjárlögin eins konar spegill af lyndiseinkunnum og skoðunum einstakra embættismanna, sem tæplega verður að teljast viðeigandi.

Hæstv. fjmrh. minntist nokkrum orðum á framkvæmd vegamála og að ekki hefði verið unnið við ýmsa vegi vegna skorts á vinnuafli, en vildi sætta menn við þetta með því að lýsa yfir, að fé það yrði lagt á sérstakan reikning og unnið fyrir það síðar, og framlög því lækkuð í þessu frumvarpi, er því nam. Mér eru sérstaklega kunnar framkvæmdir í vegamálum á Vestfjarðaveginum yfir Kollabúðaheiði. Þar hefur aðeins verið unnið með fáum mönnum Langadalsmegin og engar vegavinnuvélar verið notaðar. Þarna er heill landshluti, sem bíður eftir vegasambandi við aðra landshluta. Vestfirðingar hafa verið hafðir útundan, og þegar fjárveiting fæst loks hjá Alþingi, að því er ætlazt er til, til þess að koma vegasambandinu í framkvæmd á þessu og næsta ári, strandar allt á framkvæmdaleysi eða mótþróa vegamálastjóra. Hann heldur því fram, að vegleysurnar til þessa landsfjórðungs séu svo miklar, að ekki sé unnt að koma þangað vegavinnuvélum, en vélar þessar eru að þyngd 8 eða 9 smálestir, og þarf meira en meðalíhaldssemi til þess að halda því fram, að ekki sé unnt að flytja svona vél milli landshluta á sjó eða landi. Þó stjórn vegamálanna hafi að undanförnu gleymt Vestfirðingum, vil ég ekki sætta mig við svona viðbárur fyrir hönd Vestfirðinga og vænti þess fastlega, að þm. Vestfirðinga efli með sér samtök og krefjist þess, að vegasambandinu við Vestfirði verði komið á þegar á næsta ári, svo sem áformað var, og mun þetta vel framkvæmanlegt með nýtízku-vegavinnuvélum, sem þegar eru fyrir hendi.

Fáist vegamálastjóri ekki til þess að flytja vegavinnuvélar til Vestfjarða, munu aðrir sjá ráð til þess.

Á þeim stutta tíma, sem ég hef haft til að athuga þetta fjárlagafrv., hef ég rekið mig á annað dæmi en það, sem ég nefndi um orlofsféð, að hæstv. fjmrh. hefur tekið upp í frumvarpið áætlun frá embættismanni án þess að athuga hana nánar. Á ég þar við framlag til sauðfjárveikivarna á 16. gr., sem áætlað er 3 millj. 489 þús. kr. Segir í greinargerð frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Farið hefur verið eftir áætlun sauðfjársjúkdómanefndar, enda þótt áætlunin sé ófullkomin og lítt rökstudd."

Þar sem hér er um að ræða mjög stóra fjárhæð, sem eflaust getur að einhverju leyti orkað tvímælis, verður að átelja það, að fjármálaráðuneytið lætur hana frá sér með þessum ummælum, án þess að krefjast nákvæmrar greinargerðar og rökstuðnings frá sauðfjárveikiherrunum, og það því fremur, þar sem það hafði rúma fjóra mánuði til stefnu á millí þinga til þess að undirbúa þetta frv.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um fjárlfrv. En þó má geta þess, að fjármálaráðuneytið hefur tekið sig til og sundurliðað 16. gr., framlag til hinna ýmsu atvinnuvega. Er landbúnaðurinn þar með 6 millj. 899 þús. 678 kr., sjávarútvegurinn með 510 þús. kr., og iðnaðurinn með 2 millj. 593 þús. 500 kr. Hér af 2 millj. kr. framlag í áburðarverksmiðju. Það er síður en svo, að ég vilji telja eftir þau framlög, sem áætluð eru til landbúnaðar. En þó finnst mér ástæða til að benda á, að betur megi róa frá hálfu sjávarútvegsins heldur en gert hefur verið að undanförnu, ef framlög til hans eiga að komast í eitthvert samræmi við framlög til landbúnaðarins. Í framlaginu til landbúnaðarins er innifalið framlag til sauðfjárveikivarna, um 3½ millj. kr., en ekki neinar uppbætur á markaðsvörur til landbúnaðarins.

Frumvörp til fjárlaga sýna jafnan stefnu þeirrar ríkisstjórnar, sem leggur frv. fyrir Alþingi. Að þessu sinni er stefna ríkisstj. sú, að áætla ekkert til að bæta úr væntanlegu atvinnuleysi, þótt það komi yfir landsmenn.

Í sambandi við afgreiðslu þessa fjárlfrv. mun ég minnast nokkrum orðum á þau helztu mál, sem liggja fyrir Alþingi til afgreiðslu. Má þar

fyrst nefna dýrtíðarmálin. Það má vera mönnum gleðiefni, að samkomulag fékkst í sex manna nefndinni um verð á landbúnaðarafurðum. Hins vegar getur niðurstaða n. mjög orkað tvímælis. N. hefur miðað við meðaltekjur verkamanna og sjómanna, sem hún telur vera 15500 kr. En þær tekjur geta tæplega verið fyrir hendi hjá verkamönnum og sjómönnum úti á landi, þótt þær kunni að vera til hér í Reykjavík. Nefndin fer heldur létt yfir þá staðreynd, að bóndinn fær sínar eigin vörur til heimilisins, svo sem mjólk, kjöt og garðávexti, með miklu lægra verði heldur en kaupstaðarbúinn, þó að hún að vísu segi, að það leiði til lækkunar á útgjöldum bóndans. Hins vegar telur hún bændum það að réttu til hækkunar, eins og hún kemst að orði, „að bóndinn verði undir venjulegum kringumstæðum að leggja á sig mikla sunnudaga- og helgidagavinnu." Enginn efast um, að þetta sé rétt. Hins vegar hefði ég gaman af að sjá þann verkamann eða sjómann, sem náð hefur meðaltekjum þeim, sem nefndin áætlar, 15 þús. og 500 kr., án þess að leggja á sig mikla sunnudaga- og helgidagavinnu.

Einn skeleggur kommúnisti var settur í nefnd þessa frá Alþýðusambandinu, og virðist baráttufýsi hans fyrir öreigunum við sjóinn lítt hafa komið í ljós við nefndarstörfin, ef allt erfiði sjómanna og verkamanna í eftirvinnu og helgidagavinnu hefur gleymzt.

Dýrtíðarmálin verða sennilega enn sem fyrr örðug viðfangs fyrir Alþingi. Því að þótt samkomulag hafi fengizt um verð það, sem bændur eiga að fá heim til sín fyrir afurðirnar, er enn eftir að ákveða útsöluverð þeirra til neytendanna. Enn fremur er eftir að ákveða um, hvort uppbót skuli greidd á afurðir þær, sem bændur selja til útlanda. Þetta eru viðkvæm mál, sem verður að ráða til lykta eftir rækilega athugun og af réttsýni. En ríkisstjórnin virðist ætla að ráða fram úr þeim málum með áhlaupum. Hækkun sú, sem leyfð var á álagningu tóbaks með lögum frá Alþingi í fyrradag, mun vera ætluð til þess að greiða niður útsöluverð á landbúnaðarafurðum, og má furðu gegna, ef það vekur ekki nokkurn ugg um, hversu hyggilega verður ráðið fram úr þessum málum, ef ætlunin er að flaustra þeim af.

Dýrtíðarmálið er tvímælalaust eitthvert mesta vandamálið, sem liggur fyrir Alþingi, jafnvel þótt samkomulag hafi fengizt í sex manna nefndinni, eins og ég áðan sagði. Þetta mál verður að ræðast fyrir opnum tjöldum og athugast gaumgæfilega. En það virðist ekki vera öllum ljóst.

Því að nú þegar í þingbyrjun hefur verið gerð tilraun til að ráða því til lykta á bak við tjöldin -- með því að binda alþingismenn á undirskriftir áður en málið kemur til umræðu í þinginu.

Í gær var útbýtt til flokkanna undirskriftaskjali, er hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við undirritaðir alþingismenn bindumst samtökum um það, að Alþingi, er nú situr, tryggi með fjárframlagi úr ríkissjóði þær verðuppbætur á kjöt, gærur, ull og osta frá árinu 1943, sem selt er á erlendum markaði, að framleiðendur beri úr býtum það verð, sem nefnd sú hefur ákveðið, sem skipuð var samkv. lögum um dýrtíðarráðstafanir frá síðasta þingi."

Slík undirskriftasmölun í byrjun þings um mál, sem ekki er farið að ræða á Alþingi, mun vera algert einsdæmi í þingsögunni og er sízt til þess fallin að vekja traust á þeim málstað, sem leitað er undirskrifta fyrir, eða létta úrlausn málsins á einn eða annan veg, og þinginu sjálfu til háðungar.

Vel má vera, að eigi verði komizt hjá að greiða bændum uppbót á markaðsvörur, sem fluttar eru út úr landinu. En hins vegar verður það mál að athugast mjög rækilega, áður en það er afgreitt. Uppbætur hafa verið greiddar ur ríkissjóði þannig, að ríkustu bændur í landinu hafa fengið stórfé, en fátækustu bændurnir mjög lítið.

Maður, sem ekki á nema 50 kindur og hefur stóra fjölskyldu fram að færa, hefur ekki fengið uppbót nema sem svarar fjáreign sinni. En nágranninn, sem hefur 500 fjár og ef til vill hefur fáa menn á framfæri og er vellauðugur maður, hefur fengið tíu sinnum hærri uppbætur. Stærsti hluti uppbótanna, eins og þær hafa verið greiddar, hefur þannig runnið til þeirra, sem sízt hafa þess þörf, en þeir, sem mesta þörfina höfðu, hafa fengið minnst. Eigi að halda þessum uppbótargreiðslum áfram, verður að breyta til um stefnu, þannig að ekki verði haldið áfram að greiða þeim ríkustu stórfé, en láta fátæka bændur sitja á hakanum. Flokkslega séð eru ríkustu bændurnir efalaust sterkustu stuðningsmenn ýmist Sjálfstfl. eða Framsfl. En hins vegar verður að gera þá kröfu til þessara flokka beggja, að þeir sýni fátækum bændum og meðalbændum nokkurt réttlæti og leggi í svipinn flokkshagsmuni á hilluna.

Þá verður einnig að gæta þess við greiðslu uppbóta, að hið háa verð, sem ákveðið hefur verið, leiði eigi til þess, að almennt verði lógað miklu fleira fé í haust heldur en ástæða er til og bændur verði ekki örvaðir til þess að skera niður bústofninn.

Það er eigi nema rétt og skylt, að hlaupið verði undir bagga með einstökum atvinnuvegi á hörðum tímum. Hins vegar verður harðlega að átelja þá óþinglegu meðferð, sem einstakir þingmenn hafa gert tilraun til, að höfð verði á þessu máli. Og Alþingi verður vel að gæta þess, að það sýni þegnum sínum ekki misrétti í þessu eða öðru.

Þeir, sem telja sig fulltrúa bænda hér á Alþingi, verða að vita það, að ef það er ætlun Alþingis að tryggja einni stétt manna í landinu, sem þó eru ekki embættismenn ríkisins, lágmarkstekjur, þá hlýtur að koma krafa frá öðrum stéttum um að fá sams konar tekjutryggingar hjá Alþingi. Margt bendir til, að atvinnuleysi geti orðið hér á landi á næsta ári. Þá er það vitað, að sjórinn vill oft bregðast. Fái bændur tekjur sínar tryggðar, hlýtur jafnframt að verða borin fram krafa frá sjómönnum, verkamönnum og öðrum láglaunastéttum, að þær fái einnig sínar tekjur tryggðar. Og þær ráðstafanir verða þá að gerast samtímis og uppbætur eru greiddar til bænda.

Ef ríkið er búið að taka að sér að tryggja einni stétt manna í landinu tekjur, getur Alþingi á engan hátt neitað öðrum stéttum um það sama. Það væri þess vegna hróplegt ranglæti, ef Alþingi afgr. svona mál með undirskriftum á bak við tjöldin, áður en kostur hefur gefizt á að ræða það á þingfundum og athuga það í nefndum og láti tryggingunа eingöngu ná til einnar stéttar.

Margir telja það Alþingi til vansa, að það hefur sjálft eigi getað myndað þingræðisstjórn. En eigi mundi hitt síður til vansa, ef stærstu málin væru afgr. með undirskriftasmölun milli þingmanna og ákveðin útborgun úr ríkissjóði svo mörgum milljónum næmi, eins og hér er verið að fara fram á, hversu góður sem tilgangurinn annars væri.

Fyrir Alþ. liggja ýmis vandamál önnur en dýrtíðarmálin. Má þar tilnefna launalögin. Það er kunnugt, að ríkisstj. hefur skipað nefnd til að endurskoða þau. Þessi nefnd mun skila áliti, meðan þing situr. Mikils ósamræmis gætir nú í launum ýmissa starfsmanna ríkisins og einnig samanborið við ýmsar stéttir þjóðfélagsins. Þetta misræmi verður Alþingi að leiðrétta, og væri óskandi, að það yrði gert á þessu Alþingi, sem nú situr. Starfsmenn ríkisins hafa að ýmsu leyti borið skarðan hlut frá borði. Það verður að krefjast af þeim, að þeir leysi störf sín vel af hendi. En hins vegar hafa þeir einnig rétt á að krefjast þess af ríkinu, að ríkissjóður launi þeim sómasamlega.

Þriðja stórmálið, sem væntanlega verður lagt fyrir Alþingi til úrlausnar, eru breytingar á alþýðutryggingalögunum. Alþýðutryggingalögin, sem Alþýðuflokkurinn á sínum tíma kom fram á Alþingi, mættu í fyrstu talsverðri mótspyrnu og voru af mörgum misskilin, og það svo mjög, að talið var, að Alþfl. hafi við kosningarnar 1937 tapað nokkru fylgi vegna þessarar löggjafar. Reynslan hefur hins vegar fært mönnum heim sanninn um það, að þessi löggjöf er þörf og góð, alþýðunni í landinu til mikilla hagsbóta og nauðsynleg þjóðfélagsleg varúðarráðstöfun. Því lengur sem tryggingarnar hafa staðið, því meiri vinsældum eiga þær að fagna. Og nú er svo komið, að almenn krafa er uppi um stórfelldar endurbætur og viðauka við alþýðutryggingalöggjöfina. Lífeyrissjóðurinn er enn eigi tekinn til starfa, en í stað þess eru greidd nokkur ellilaun og örorkubætur eftir sérstökum ákvæðum. Af þeirri reynslu, sem fengizt hefur af þeirri löggjöf, sem nú gildir um tryggingar, hafa komið upp öflugar raddir um, að nú skuli nota tækifærið, sem ríkissjóður hefur á því að bæta úr um tryggingar og leggja fram verulegt fé til þeirra, þannig að þeim verði komið í enn betra horf en nú er.

Í fjórða lagi verður að gera ráð fyrir því, að frá milliþn. í sjávarútvegsmálum komi eitthvað viðvíkjandi sjávarútveginum. Nefnd þessi hefur nú starfað um hríð, og enn er of snemmt að segja nokkuð um, að hvaða niðurstöðu hún kemst. En þó vil ég geta þess, að n. mun á einu máli um, að nauðsyn sé að bæta mjög úr um félagslega uppbyggingu sjávarútvegsins og koma málum hans þannig fyrir, að hann fái sjálfur sem allra mest af hagnaði þeim, sem verzlun með þarfir hans gefur. Enn er of snemmt að segja með vissu, á hvern hátt þessar till. verða frá nefndinni. En sem dæmi um, hve aðkallandi þetta er orðið, vil ég nefna, að olíuverð olíufélaganna hefur verið undanfarið frá geymi úti á landi 51 eyrir kílóið, en síldarverksmiðjur ríkisins keyptu á s.l. sumri olíu fyrir tilstilli atvmrh. frá sama stað og með sama verði og olíufélögin og seldu hana á 38 aura kílóið. Þegar kreppan kemur yfir sjávarútveginn, hlýtur ein helzta varnarráðstöfun sjávarútvegsins að verða sú, að útgerðin njóti sjálf sem allra mests af verzlunarhagnaðinum, og er það eitt af mestu vandamálum Alþingis að koma þessum málum þannig fyrir, að svo gæti orðið.

Eins og nú standa sakir, eru félagsmál útvegsins að öðru leyti þannig, að smáútgerðin velur engan aðila til þess að gefa upplýsingar og halda fram rétti sínum við heildarsamninga þá, sem gerðir hafa verið um sölu á afurðum til útlanda.

Fimmta og ekki minnsta málið, sem Alþingi fær til úrlausnar, er stjórnarskrármálið. Öllum flokkum ber saman um það, að vér Íslendingar eigum að skilja við Dani og stofna lýðveldi hér á Íslandi. Um þetta er ekki nokkur minnsti ágreiningur. Hins vegar hefur menn greint nokkuð á um það, á hvaða tíma þetta skyldi gert. Og þó að undarlegt sé, þá hefur því verið haldið fram, að eitthvert mest aðkallandi sjálfstæðismál okkar nú á tímum sé það að losna undan kúgun Dana. Danir eru, eins og allir vita, hertekin þjóð og píndir undir kúgunarhæli nazismans. Það liggja fyrir yfirlýsingar frú fulltrúa ríkisstj. Íslands í Kaupmannahöfn um það, að Danir muni að stríðinu loknu fallast á skilnað. Enn fremur hafa bæði Bretar og Bandaríkjamenn lofað að viðurkenna sjálfstæði okkar og heitið að beita sér fyrir því við friðarsamningana, að aðrir geri hið sama. Við höfum því meiri tryggingu fyrir því nú en nokkru sinni fyrr að fá sjálfstæðismál okkar farsællega til lykta leidd í ófriðarlokin.

Þrátt fyrir þetta hafa forustumenn stjórnmálaflokka hér á landi, og þá einkum tveggja, Sjálfstfl. og Kommfl., sem kallar sig sósialistaflokk, reynt að þyrla upp um þetta mál miklu moldviðri og krefjast þess, að við skiljum nú þegar við Dani, án þess að tala við þá. Þetta mál mun verða afgr. ásamt með stjórnarskrárbreyt., og er, eins og ég áðan sagði, enginn ágreiningur um, hvernig það skuli afgreitt, heldur eingöngu um það, hvort nú eigi að nota tækifærið, meðan Danir eru sem verst haldnir, eða hvort málinu sé slegið á frest þangað til unnt er að fá viðtal við þá aftur sem frjálsa menn.

Miklar umræður hafa orðið um þennan þátt stjórnarskrármálsins. En hins vegar hefur varla verið minnzt á annan þátt þessa máls, sem er í rauninni miklu óráðnari og mikilsverðari en skilnaðurinn við Dani, sem þegar er tryggður. Sá þáttur er um það, hvers konar mannréttindi skuli verða ákveðin í hinni nýju stjórnarskrá hins íslenzka lýðveldis. Nýi tíminn, nýi heimurinn, sem við vonum, að verði byggður upp að stríðinu loknu, krefst aukinna mannréttinda. Og

í rauninni hefði verið eðlilegast, að höfuðumræður um stjórnarskrármálið hefðu orðið um þann þátt, af því að hinn þátturinn er í rauninni útkljáður. Því að vissulega mun hann heldur geta valdið ágreiningi en hinn, sem allir eru sammála um.

Þau nýju mannréttindi, sem Alþfl. fyrir sitt leyti mun krefjast, að verði ákveðin í hinni nýju stjórnarskrá, munu meðal annars verða þau, að hver vinnufær maður fái raunverulegan rétt til vinnu og að hver vinnufær maður skuli vera skyldur til þess að vinna fyrir sér. Að í stjórnarskránni verði tryggð lífsafkoma hinna vinnandi stétta og rétturinn til hennar. Jafnframt verði búið þannig um hnútana hvað viðvíkur lýðfrelsi og lýðræði, að það verði í stjórnarskránni sjálfri tryggt enn þá betur en nú er.

Öll þessi mál eru mjög örðug viðfangs og mikilsvert, að lausn þeirra takist sæmilega hjá Alþingi. En þó að svo verði, er eftir að sjá um framkvæmd þeirra. Það er mjög hæpið, að framkvæmd mála, einkum stórra nýmæla, geti farið vel úr hendi, nema Alþingi myndi ríkisstjórn, sem er samhent meiri hluta Alþingis. Á þessu er, því miður, enginn kostur. Og þeir, sem hæst láta nú um nauðsyn þess, að við skiljum tafarlaust við Dani, eiga meðal annars sök á því.

Þeir bera ábyrgð á núverandi stjórnarástandi, og má þar til sanninda nefna, að í átta manna nefndinni, sem starfaði á s.l. hausti, bar Einar Olgeirsson, fulltrúi Kommfl., fram tillögu 3. des. 1942 um það, að ríkisstjóri skipaði ríkisstjórn á þann hátt, sem hann síðar gerði. Hæstv. ríkisstjórn er þannig beinlínis skipuð eftir tilmælum kommúnista, þó að þeir láti ekki alltaf vel við henni. Með þessari tillögu hefur Kommfl., þvert ofan í vilja mikils þorra kjósenda sinna, komið í veg fyrir, að hér á landi geti myndazt vinstri samvinna og þá einkum um úrlausn þeirra mála, sem ég hef hér rakið, ekki hvað sízt stjórnarskrármálsins. Segja má, að að ýmsu leyti hafi staðið á Framsfl. En þó tel ég, að þegar tilraunir til vinstri stjórnar fóru út um þúfur í vetur sem leið, hafi verið sleppt tækifæri, sem þá var fyrir hendi til þess að fá hin frjálslyndari öfl Framsfl. inn á skynsamlega leið um úrlausn ýmissa þeirra vandamála, sem alþýðunni á Íslandi er algerlega nauðsynlegt, að leyst verði nú á næstunni.

Hver sá, sem unnið hefur félagslegt og efnalegt frelsi, mun berjast fyrir upp á líf og dauða að halda því. Sá þáttur hinnar nýju stjórnarskrár er því stærsta sjálfstæðismál okkar, en um þetta fæst því miður engin vinstristjórnarsamvinna.

Er eigi annað fyrir en að alþingismenn geri sitt bezta til að leysa þessi mál, sem ég hef nefnt hér, eftir því, sem ástæður leyfa. Hins vegar hlýtur bæði úrlausn þeirra og þó einkum framkvæmd að verða mjög örðug, vegna þess að ekki ríkir nein meirihlutastefna hér á Alþingi, og ríkisstjórn sú, sem nú fer með völdin, er í rauninni ekki annað en skoðanalaus embættismannastjórn, sem einungis framkvæmir það allra nauðsynlegasta, sem komizt verður af með, og hefur tæplega nokkurn þann skilning á hinum nýja tíma, sem krafizt verður að ófriðnum loknum, enda ekki til þess ætlazt.

Stærsta verkefni okkar auk þeirra mála, er ég hef nefnt, og stærsta sjálfstæðismál okkar er að undirbúa okkur undir hinn nýja tíma. Slíkur undirbúningur verður að vera verk alþýðunnar.

Vonir alþýðunnar á Íslandi um heppilega úrlausn mála og örugga framkvæmd þeirra hljóta að byggjast á því, ef unnt væri að efla aftur vinnu milli fulltrúa bænda og verkamanna, þannig að unnt væri að mynda stjórn lýðræðissinnaðra umbótaflokka, en til þess að svo verði, þurfa fulltrúar þessara stétta, hver um sig, að sýna fyllsta réttlæti og sanngirni í garð hinna, en varast að láta kné fylgja kviði, eftir því hver er sterkari á Alþingi í það og það skiptið.

**Jakob Möller:** Fjármálaráðherra hefur nú gert allglögga grein fyrir þeim gagngerðu breytingum, sem hann hefur gert á fjárlfrv. frá því í vor, bæði efnislegum og formlegum. Efnislegu breytingarnar felast, í sem fæstum orðum sagt, í því, að rekstrartekjur ríkissjóðs eru í nýja frv. áætlaðar 11 milljónum og tæpum 800 þús. hærri en í því gamla, eða 66 millj. 964 þús. í stað 55 millj. 180 þús., og rekstrarútgjöldin 9½ millj. hærri, eða 62 millj. 519 þús. í stað 53 millj. og 2¾ þús., og greiðslujöfnuður verður hagstæður um 1 millj. 76 þús. í stað þess að vera óhagstæður um 561 þús.

Hækkunin á rekstrartekjunum er fengin með því að áætla tekju- og eignarskattinn og hluta ríkissjóðs af stríðsgróðaskatti hvorki meira né minna en 10 milljónum hærri en í fyrra frumvarpinu, eða 25 millj. í stað 15, og verðtollinn 3 milljónum hærri, eða 23 milljónir í stað 20. En hins vegar er fellt niður útflutningsgjaldið, sem var áætlað 1 millj., og hæstv. ráðh. virðist vera trúaður á það, að þessar áætlanir geti staðizt.

Um tekju- og stríðsgróðaskattinn er þess getið í aths. við frv., að samkv. bráðabirgðayfirliti nemi þessir skattar 29 millj. í ár, en líkur séu til, að afrakstur sjávarútvegs og verzlunar og afkomuskilyrði almennt verði hagstæð í ár. Og um tollana er sagt, að verðtollurinn hafi verið kominn upp í 16 millj. og vörumagnstollurinn í 5 millj. 1. júlí í ár, og jafnvel þó að allverulega kunni að draga úr innflutningi á næsta ári og þó að verðlag á erlendum varningi lækki, þá þyki áætlunin ekki óvarleg.

En er það nú þetta, sem áætlunin byggist á? Er ekki verðlagið á útflutningsafurðunum því sem næst það sama í ár eins og á s.l. ári? Og er ekki hins vegar allur kostnaður við að framleiða þær jafnvel miklu hærri nú? En ef svo er, hvernig má það þá verða, að afkoma atvinnuveganna geti orðið eins góð í ár og í fyrra og skattþol þeirra því sem næst jafnmikið? Og innflutningsverzlunin? Er ekki jafnt og þétt verið að takmarka innflutning og herða á verðlagseftirlitinu? Og hvernig getur þá arðurinn af verzluninni og tollarnir af innflutningnum haldist í sama eða svipuðu horfi og áður? Þó að innflutningurinn hafi orðið mikill fyrri hluta ársins samkv. gömlum innflutningsleyfum, þá skilst mér, að vaxandi takmörkun innflutnings-

leyfa, eftir því sem á líður, hljóti mjög að draga úr innflutningnum síðari hlutann.

Athugasemdirnar við tekjubálk fjárl., sem frv. fylgja, byrja á þessum orðum: „Rekstrartekjur ríkisins eru áætlaðar 1212145 kr. hærri en í núgildandi fjárlögum.“ — Ég er ekki alveg óhræddur um, að þessi aths. kunni að fela í sér skýringu á því, hvers vegna hæstv. stjórn hefur látið leiðast til þess að spenna bogann eins hátt og hún gerir í tekjuáætluninni. Að hún hafi litið svo á, að það mundi verða betra til afspurnar í þinginu og jafnvel víðar að vera heldur fyrir ofan en neðan „núgildandi fjárlög“ í áætlunum sínum um tekjurnar og þá jöfnum höndum um gjöldin.

Ég sá þess getið í blaði einu, að þetta fjárlfrv. væri hæsta fjárlagafrv., sem lagt hefði verið fyrir Alþingi. Það var áreiðanlega ekki sagt hæstv. stjórn til áfellis, enda engin ástæða til þess í rauninni. Hækkun fjárl. frá ári til árs, síðan núverandi ófriðarástand hófst, hefur verið óumflýjanleg. Útgjöld ríkisins hafa hlotið að hækka að minnsta kosti í hlutfalli við dýrtíðina í landinu. Á undanförnum árum má heita, að fjárlagafrumvörp stjórnarinnar hafi nokkurn veginn haldizt í hendur við dýrtíðina. Hins vegar hafa fjárlögin í meðförum þingsins einatt viljað fara nokkuð fram úr því. Þetta frv. er hins vegar fyrsta fjárlagafrv., sem kemur þannig frá stjórninni, að það yfirbýður dýrtíðina. Má sjá það af því, að á árinu 1939 urðu rekstrarútgjöld ríkisins aðeins rúmlega 19 millj., og ættu þau því, miðað við vísitöluna 250, eins og gert er ráð fyrir í frumv., að nema rúml. 48 millj. á næsta ári. En samkv. þessu frv. er þeim áætlað að verða 62½ millj., eða sem næst 30% hærri og ef miða ætti við vísitöluhækkun eins og vísitalan væri komin upp í 325 stig. Ég áfellist nú ríkisstj. ekki svo mjög fyrir þetta. Bæði er það, að það er nokkuð að vonum, að ríkisstj. teldi ekki ástæðu til að hafa slíkan hemil á útgjaldaaukningu ríkissjóðs, eins og gert væri með því að takmarka hana við vísitöluhækkunina og leggja þá jafnframt til grundvallar útgjöldin á kreppuárunum. Og í annan stað rak hæstv. ríkisstj. sig á það í sambandi við afgreiðslu Alþingis á fjárl. yfirstandandi árs, að hún má lítils stuðnings vænta af hálfu þingsins við slíka fjármálastefnu. Það má því telja „mannlegt“ af hálfu ríkisstj., þó að hún félli fyrir þeirri freistingu að láta það á sjást, að hún væri engu síður en hv. Alþingi fær um að sýna af sér rausn í meðferð fjárlaganna. Og fjárlagafrv. er þá heldur ekki nema aðeins örlítið hærra en fjárlög yfirstandandi árs, eins og hv. Alþingi gekk frá þeim.

Ég vil nú að sjálfsögðu ekki fullyrða neitt um það, að tekjur ríkisins á árinu 1944 muni verða minni en áætlað er í frv. En það er fleira, sem hafa verður í huga en það, hvort tekjurnar kunni að bregðast. Undanfarin ár hafa tekjurnar farið síhækkandi frá ári til árs, en að því rekur fyrr eða síðar, að breyting verður á því. En þegar að því kemur, að tekjurnar fara að minnka, þá eigum við það eitt víst, að útgjöldin fylgja þeim ekki eftir. Og við verðum vel að muna það, að það eru ekki aðeins tekjurnar, sem hafa farið langt fram úr áætlun síðustu árin, heldur gegnir sama máli um útgjöldin. Hæstv. ríkisstj. áætlar nú tekjurnar eins hátt og hún gerir í því trausti, að ekki komi fyrir neinar óvæntar breytingar, sem verði þess valdandi, að þær bregðist, t. d. að afkomuskilyrði atvinnuveganna versni til muna. En er það ekki alveg augljóst, að slíkar breytingar muni vera alveg yfirvofandi, ef ekkert verður að gert? Er ekki yfirvofandi og jafnvel skollin á stórkostleg verðhækkun á innlendum afurðum, sem annaðhvort verður að halda niðri með greiðslum úr ríkissjóði eða þá að hún hlýtur að valda stórfelldri hækkun vísitölunnar og þar með kaupgjaldsins? Mér er kunnugt um, að gert er ráð fyrir, að verðhækkunin á kjöti á innanlandsmarkaðinum muni valda 12½ stigs hækkun á vísitölunni. Er þá ekki séð fyrir því, að framleiðendurnir fái eins hátt verð fyrir útflutt kjöt og þeim hefur verið ákveðið af nefnd þeirri, sem falið var að ákveða það, og verður þá varla komizt hjá annaðhvort að greiða uppbót á útflutningsverðið eða þá að hækka enn verðlagið á innlenda markaðinum, en við það mundi vísitalan enn hækka um nokkur stig, en hve mörg, veit enginn að svo stöddu, af því að óvíst er bæði um útflutningsverðið og útflutningsmagnið.

Þá er enn fremur vitað, að verðhækkunin á neyzlumjólk mun valda 3½ stigs hækkun á vísitölunni, auk þeirrar hækkunar, sem af hlutfallslegri verðhækkun ýmissa mjólkurafurða mundi leiða. Enn bætist hér við stórfelld verðhækkun á kartöflum, sem væntanlega hlyti að hækka vísitöluna um mörg stig, jafnvel þó að kartöflur yrðu lítt fáanlegar.

Hæstv. stjórn hefur nú fengið heimild til að hækka álagningu tóbakseinkasölunnar á tóbaksvörur um 200%, en mér er tjáð, að hún muni þó ekki ætla sér að nota þá heimild til fulls. Einnig mun vera í ráði að auka álagningu á áfengi jafnvel enn meira, og hefur heyrzt, að þessum tekjuauka, sem með þessum hætti fengist af tóbaks- og áfengisverzlununum, ætli stjórnin að verja til lækkunar á útsöluverði á kjöti og mjólk á innanlandsmarkaðinum. En jafnvel þó að það ráð verði upp tekið, þá er enn eftir að taka afleiðingunum af verðhækkuninni á þeim afurðum öðrum, sem ég taldi upp, og að bæta upp útflutningsverðið á kjötinu, ef ekki á að leggja verðmuninn á því ofan á innlenda verðið. Hér er því um að ræða annaðhvort hækkun vísitölunnar væntanlega um 20—30 stig, og er þá ekki djúpt tekið í árinni, eða þá greiðslur úr ríkissjóði, er nema mundu allt að því jafnmörgum milljónum. Og er ég ákaflega hræddur um, að tekjuáætlun fjárlagafrv. muni ekki reynast svo varleg, að hún þyldi þann ábæti ofan á venjulegar, óhjákvæmilegar umframgreiðslur.

Það var talið hér áður, að gera yrði ráð fyrir því, að fjárlagaútgjöldin færu ævinlega a. m. k. 15% fram úr áætlun, og reynslan virtist staðfesta það. Síðustu árin, eða síðan ófriðarástandið hófst, hafa umframgreiðslur farið langt fram úr þessu. Ég væni hæstv. núv. ríkisstj. ekki um það, að hún hafi ekki fullan hug á að halda útgjöldunum sem mest í skefjum í framkvæmdinni. En ég bendi þó á það, að það er ákaflega

óvarlegt að gera ekki ráð fyrir því, að slíkar óhjákvæmilegar umframgreiðslur kunni að verða sem svarar 20—25% af áætluðum útgjöldum. Ég þykist vita, að hæstv. stjórn hefur viljað vanda sem mest allar áætlanir sínar og gert það eftir því, sem föng stóðu til. En ég tel það ákaflega vel sloppið, ef útgjöldin samkv. þessu frv. fara ekki mun meira fram úr áætlun en þetta. Það þarf engar „óvæntar breytingar" til þess, að bein rekstrarútgjöld ríkisins, sem eru áætluð 62½ millj., verði allt að 80 millj., þegar öll kurl koma til grafar. Og þar við bætist svo, að frv. á eftir að ganga í gegnum hreinsunareld fjvn. og Alþingis, og má því vafalaust enn vænta hækkunar á því, áður en það fer út úr þinginu.

Ef einhverjar „óvæntar breytingar" verða, t. d. ef dýrtíðin vex enn til muna og kaupgjald og launagreiðslur hækka þá samtímis, þá verða svona 10 millj. í viðbót ekki lengi að safnast saman. En slíkar breytingar mundu þá einnig geta haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir afkomu atvinnuveganna og því samfara fyrir tekjuáætlun fjárlaganna.

En ef nú á að forða því, að dýrtíðin, þ. e. a. s. hin viðurkennda vísitöludýrtíð, vaxi okkur yfir höfuð og leggi framleiðsluatvinnuvegi landsmanna alveg að velli, hvar á þá að taka það fé, sem til þess þarf að borga hana niður, eins og það er kallað? Það er alveg augljóst, að tekjuaukinn af áfengis- og tóbakseinkasölunum muni hrökkva skammt til þess, jafnvel þó að hann yrði í reyndinni allt að 9 millj., eins og ég hef heyrt að áætlað sé. Mér er ókunnugt um, á hvaða rökum sú áætlun er byggð, en hitt veit ég, að gera verður ráð fyrir, að verðhækkunin á þessum vörum dragi til stórra muna úr sölu þeirra. Það er rétt, að verðinu á tóbaksvörunum hefur verið haldið lægra en í rauninni mætti telja eðlilegt með tilliti til verðlags á öðrum neyzluvörum almennings, en það hefur verið gert m. a. vegna þess, að kunnugt hefur verið um það, að óleyfileg sala hefur farið fram á þessum vörum í allstórum stíl með miklu lægra verði, og má gera ráð fyrir því, að sú verzlun færist mjög í aukana, svo að gróðinn á verðhækkuninni geti orðið nokkur vonarpeningur. Og svipuðu máli er að gegna um áfengið. En eins og ég sagði áðan, þá hrekkur jafnvel hinn áætlaði ágóði af þessari verðhækkun skammt til þess að borga niður þá dýrtíðaraukningu, sem yfirvofandi er. Ég fæ ekki betur séð en að hvað sem í þessu verður gert, þá hljóti það að bitna á framleiðsluatvinnurekstri landsmanna, þeim, sem til þessa hefur getað staðið óstuddur, hvort sem heldur verður látið skeika að sköpuðu um dýrtíð og vísitölu og framleiðslukostnaðurinn þannig látinn aukast von úr viti, eða þá, að til þess ráðs yrði gripið að hefja nýja herferð á þennan atvinnurekstur með nýjum álögum í því skyni að afla fjár til að borga dýrtíðina niður. En í því efni er þegar svo langt gengið, að til fulls ófarnaðar horfir, ef lengra verður haldið á þeirri braut.

Við verðum að fara að gera okkur það ljóst, að tímar stríðsgróðans eru senn á enda og að erfiðleikarnir eru á næstu grösum. Við verðum að fara að búa okkur undir það, að sú breyting geti fyrr en varir orðið á fjármálaþróuninni, að í stað sívaxandi tekjuafgangs á rekstrarreikningi ríkisins kunni að koma tekjuhalli. Og þó að tekju- og stríðsgróðaskattur verði í ár 29 millj. og 25 millj. næsta ár, og þó að vörumagnstollur og verðtollur fari langt fram úr áætlun í ár og standist áætlun á næsta ári, þá er þess að gæta, að allt það fé, sem ríkissjóði kann þannig að áskotnast, er kreist út undan blóðugum nöglum atvinnuveganna og alls almennings í landinu. Og því meira fé, sem þannig er tekið til þarfa ríkissjóðs til mismunandi aðkallandi og nauðsynlegra nota, því hallari fótum stendur framleiðslan og afkoma alls almennings, þegar að þrengir.

Hér á hinu háa Alþingi hefur mikið verið um það rætt, hve mjög ríði á því, að hið opinbera sé við því búið, þegar stríðinu lýkur, að hefjast handa um framkvæmdir, sem skapað geti atvinnulausu og aðþrengdu fólki sæmileg lífsskilyrði, og í því skyni er þess krafizt, að safnað sé fé í digra sjóði, með því að skattleggja sem mest allan lífvænlegan atvinnurekstur í landinu, og helzt svo nærri þeim atvinnurekstri gengið, að honum sé ekkert eftir skilið til þess að tryggja afkomu sína og þeirra, sem af honum eiga að hafa framfærslu, einmitt þegar þrengingarnar ber að höndum, sem nauðsynlegt er talið að létta öðrum með opinberum aðgerðum.

Það er engu líkara en að það þyki litlu máli skipta og jafnvel engu varða, hvort sá atvinnurekstur, sem fyrir er, fær að lifa eða deyja, aðeins ef einhverju nýju er komið á fót, sem það opinbera beitir sér fyrir. Mér skilst hins vegar ekki annað en að fyrst og fremst verði að kosta kapps um það að halda þeim atvinnurekstri við lýði, sem fyrir er, en síðan að auka þar við eftir beztu getu og eins og nauðsyn krefur til þess að öllum geti vegnað vel í landinu. Það gildir alveg jafnt um þann atvinnurekstur, sem fyrir er, eins og þann, sem koma skal, að á velgengni hans veltur öll afkoma og velmegun landsfólksins.

Þegar að atvinnuvegunum kreppir, svo að þeir verða að draga saman seglin, þá hlýtur óhjákvæmilega að kreppa að landsfólkinu í heild. Og til þess að tryggja velmegun alls almennings er aðeins ein leið, og hún er sú, að tryggja afkomu framleiðslunnar í landinu, og skiptir í því sambandi engu, hvort það er einkaframtakið, sem ber veg og vanda af framleiðslunni, eða hún er að meira eða minna leyti á vegum þess opinbera eða algerlega þjóðnýtt. Hver leiðin, sem er valin, verður að sjá fyrir því, að hún sé rekin á fjárhagslega tryggum grundvelli, að rekstrinn hafi alltaf að baki sér öfluga sjóði til þess að geta staðizt áföll.

Af því leiðir, að þar sem einkaframtakið á að beitast fyrir framleiðslunni, verður að varast það að ganga svo nærri afkomu atvinnurekendanna með skattaálögum, að þeim sé ekkert eftir skilið nema rétt til hnífs og skeiðar. Það verður að sjá fyrir því, að þeir geti lagt til hliðar ríflegar fúlgur í góðu árunum til að standast áföll erfiðari tíma og til þess að endurnýja framleiðslutæki sín. Með því er ekki aðeins verið að

tryggja þeirra hag, heldur einnig jafnframt allra, sem afkomu sína eiga undir viðskiptum við þá og fyrirtæki þeirra og þá, sem að þeim starfa. Og alveg með sama hætti yrði að sjá þjóðnýttum atvinnurekstri borgið. — Slíkur rekstur mundi alveg eins fara á hausinn á erfiðleikatímunum og einkareksturinn, ef öllum afrakstri hans í góðu árunum væri úthlutað ýmist til þeirra, sem að honum vinna, eða þá sem eyðslueyri þess opinbera.

En það eru ekki aðeins framleiðslufyrirtækin, sem þurfa að hafa aðstoð til þess að safna sjóðum. Í þjóðfélagi, sem byggist á grundvelli einkaframtaksins, er nokkur fjársöfnun einstaklinganna þjóðfélagsleg nauðsyn og lífsskilyrði heilbrigðrar þróunar athafnalífsins og hvers konar framkvæmda. Því meiri, sem slík fjársöfnun er, því betri verða skilyrðin til bættrar afkomu almennings. Fé, sem lagt er fyrir, framkallar athafnir, sem miklu fleiri njóta góðs af en eigendur þess, og verða oft og einatt öðrum margfalt meiri féþúfa.

Það er þannig auðsætt, að varhug verður að gjalda við því að ganga of langt í beinum skattaálögum, bæði á atvinnufyrirtæki og einstaklinga, eða svo langt, að það hamli nauðsynlegri fjársöfnun til tryggingar og aukningar verklegra framkvæmda í landinu, og það engan veginn vegna hagsmuna þeirra, sem fénu kunna að safna, heldur fyrst og fremst vegna hagsmuna alls almennings.

Og enn er það auðsætt, að ef nú horfir illa um afkomu framleiðsluatvinnuveganna í landinu vegna yfirvofandi aukningar dýrtíðarinnar og framleiðslukostnaðarins, svo að jafnvel liggi við borð, að þeir komist í þrot af þeim sökum, þá verður ekki úr því bætt með því að leggja á þá nýjar skattabyrðar, þó að það væri í því skyni gert að koma í veg fyrir hækkun beina framleiðslukostnaðarins með því að borga niður dýrtíðina. Og ef það á að gera, þá verður að finna aðrar leiðir til þess að standa straum af þeim kostnaði. Og yrði það þá ekki helzt með þeim hætti, að stillt væri öðrum útgjöldum ríkisins svo í hóf, að núv. tekjustofnar hans nægðu til að standast öll útgjöld, sem óhjákvæmilegt þætti á hann að leggja?

Það komu fram í ræðum annarra hv. þm. nokkur atriði, sem e. t. v. væri ástæða að taka til athugunar, en ég get þó ekki nema að mjög litlu leyti, af því að mínum tíma er að verða lokið. Ég get ekki látið hjá líða að beina því til hv. 2. þm. S.-M., að hafi hann orðið fyrir vonbrigðum út af því, hve lítinn árangur löggjöfin um skattadómara hefur borið, þá getur hann engum um kennt nema sjálfum sér. Lögin um skattadómara voru sett alveg eins og hann vildi hafa þau. Og skattadómari, sem skipaður var, er einnig kunnur sem þrautreyndasti maður í landinu í þessum málum. Hins vegar hefur skattanefnd, sem einmitt er skipuð af hv. 2. þm. S.-M., ekki talið ástæðu til að nota sér aðstöðu hans að neinu leyti.

Þá sagði hv. þm., að það furðulega hafi skeð eftir að stjórnarskiptin urðu árið 1942, að þá hafi stjórnarvöldin látizt ætla að skipta sér af þýðingarmesta máli þjóðarinnar, en keypt sér hlutleysi kommúnista með því að lofa að leggja engar hömlur á kauphækkun. En hér skýtur svo skökku við, að þetta er þveröfugt. Að því leyti, sem samningar voru milli Sjálfstfl. og Kommfl. í sambandi við stjórnarskiptin, þá var það áskilið, að löggjöfin um gerðardóminn væri óhögguð. Hitt kom í ljós, eins og undanfarin reynsla hafði þá þegar sýnt, að mundi verða niðurstaðan, að sú löggjöf mundi verða algerlega gagnslaus í framkvæmd. Það hafði hún reynzt, meðan þessi hv. þm. átti sæti í stjórninni. Það var ekki fyrst eftir stjórnarskiptin, sem stjórnarvöldin létu sig þetta ekki skipta, því að í hans stjórnartíð var einnig látið skeika að sköpuðu um þessa hluti, enda bersýnilegt, að ekki varð við ráðið, eins og allt var.

Hv. þm. Ísaf. gerði hér sjálfstæðismálið að umtalsefni. Hann er sjálfsagt búinn að gleyma, að í sambandi við stjórnarskiptin 1942 var samið milli Alþfl. og Sjálfstfl. að leiða sjálfstæðismálið til lykta á því ári með þeim hætti, sem nú er haldið fram af Sjálfstfl., að eigi að gera tafarlaust. Það er eins og þessi hv. þm. sé ekki vel að sér í stjskr. Hann talar um það, að það ríði mest á ákvæðum þeim, sem eiga að vera í hinni nýju stjskr., — að það eigi að tryggja mannréttindi. Ég veit ekki betur en að í núgildandi stjskr. séu ákvæði, sem eiga að tryggja mönnum það, sem hann taldi mesta nauðsyn, að tryggt væri.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Eins og ég tók fram í framsöguræðu minni, gerði ég ráð fyrir, að mér mundi legið á hálsi fyrir það, sem þeir kalla, að ekki sé séð fyrir fjárveitingu til verklegra framkvæmda eins og stundum áður. Hv. fulltrúi Sósfl., Lúðvík Jósefsson, hélt fram, að fjárlfrv. sýndi enga nýja stefnu í framkvæmdum og framleiðslu eftir stríð og sýndi skilningsleysi á gildi framfaramála. Ég vil benda hv. þm. á það, að það hljóta jafnan að vera mjög ákveðin takmörk fyrir því, hve fjárlagafrv. getur markað nýja stefnu í framkvæmdum og framleiðslu fram í tímann. Á þetta ekki sízt við um þetta frv., þar sem Alþ. hefur þegar gert ráðstafanir til þess að marka stefnu í atvinnumálum eftir stríðið með því að skipa nefnd til að gera till. í þessu efni. Og flokkur hv. þm., Sósfl., á fulltrúa í þessari n., svo að honum ætti að vera innan handar að gera þar till. um það, sem hann telur á skorta í sambandi við fjárlagafrv.

Hv. þm. Ísaf. var talsvert þungorður um það, að afnumin hafa verið framlög til hafnargerða og brúa og að „krukkað hefur verið í atvinnubótafé," eins og hann orðaði það. Það hlýtur hverjum manni að vera ljóst, að ekki er hægt fyrir stj. að taka í fjárl. framlög til hafnargerða og brúargerða, nema fyrir liggi málaleitan í þá átt frá réttum aðilum. Um þetta hafði stj. ekki borizt neitt. Alþingi mun venjulega hafa frumkvæðið um þetta atriði, a. m. k. að miklu leyti.

Um atvinnubótafé er það að segja, að það virðist næstum kynlegt að veita stórfé í fjárl. til atvinnubóta á sama tíma sem eftirspurnin eftir vinnuafli í landinu er meiri en nokkru sinni hefur áður þekkzt og meiri en hægt er að fullnægja. Ég ætla ekki að fara hér út í notkun þess fjár, sem kallað er atvinnubótafé í fjárl.

En ég geri ráð fyrir, að ég geri það að umtalsefni við fjvn. Því að mínum dómi má mjög mikið um það deila, hve réttlátt er að halda uppi slíkri fjárveitingu sem þar er gert.

Sami hv. þm. ásakaði mig harðlega fyrir að láta ekki færa í fjárl. orlofsfé skrifstofufólks og starfsmanna ríkisins. Orlofsfé er fært á vegamálin og á kostnaðaráætlun landssímans fyrir verkamenn, sem þar vinna. En mér vitanlega fá fastlaunaðir starfsmenn ekkert orlofsfé, því að þeir fá orlof sitt með fullu kaupi. Ég vænti þess, að hv. þm. átti sig á þessu við nánari athugun, að ásökun hans er mjög hæpin, svo að ekki sé fastar að orði kveðið. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara nánar út í þá gagnrýni, sem þessi hv. þm. bar fram.

Hv. 2. þm. S.-M. bar einnig fram gagnrýni vegna verklegra framkvæmda. Ég vil benda þeim hv. þm. á, að það er fleira verklegar framkvæmdir en vegagerð. Það verður varla um það deilt, að þær 2 millj., sem veittar eru til áburðarverksmiðju, eru verklegar framkvæmdir.

Ég held það hafi verið sami hv. þm. sem gerði að umtalsefni vélar við vegavinnu. Ég get skýrt frá því, að vegamálastjórnin hefur tekið þetta mál til athugunar og þegar fengið nokkrar stórvirkar vélar, sem komnar eru í starf. Og það er fullur áhugi fyrir því hjá vegamálastjórninni að ná þeim vegavinnuvélum, sem nú eru til í landinu og hafa nýlega verið fluttar inn, þegar tækifæri verður til þess. Því að það er öllum ljóst, að þær vélar geta breytt mikið þeim vinnuaðferðum, sem nú eru.

Út af fyrirspurn hans um, hverju mundi nema framlag til að halda óbreyttu verði á kjöti og mjólk, þegar tillit er tekið til grundvallar, sem settur hefur verið af vísitölunefnd, skal ég taka fram, að ég er ekki tilbúinn að leggja ákveðnar tölur fram um þetta, en hygg það fé muni nema nálægt 10 millj. kr. Ég álít, að ef greiddur er mismunur á því verði, sem gert er ráð fyrir að áliti n., og því verði, sem nú er selt við á innlendum markaði, þá mundi það halda vísitölunni nokkuð óbreyttri. Ef verð innanlands á landbúnaðarafurðum ætti að hækka eins og n. ákveður, þá mundi það nema 17 stigum í vísitölu. Ef hins vegar tap bænda á útfluttu kjöti ætti að bætast við verð á innlendum markaði, mundi kjötkílóið að öllum líkindum verða að hækka upp í 11—12 kr. Og ef slíkt verð yrði á kjötinu innanlands, er líklegt, að vísitalan hækkaði um 30 stig, þ. e. að hún færi upp í 280 stig. Slíka hækkun á framleiðslukostnaði innanlands, sem af því leiddi, gæti útflutningsframleiðslan í landinu að mínu áliti alls ekki borið. Það er dýrt að greiða niður dýrtíðina, en það verður dýrara að gefa henni lausan tauminn.

Umr. (atkvgr. um að vísa frv. til n.) frestað.

Á 12. fundi í Sþ., 9. sept., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Sþ., 29. okt., utan dagskrár, mælti

**forseti (GSv)**: Ég skal geta þess, að telja má víst, ef allt verður eins og til er stofnað, að nál. frá hv. fjvn. um fjárlagafrv. komi fram um helgina og verði útbýtt þegar eftir helgina í hæstv. Alþ. Er svo ráðgert, að framhald 1. umr. fjárlagafrv. fari fram upp úr miðri næstu viku, og líklegt er, að það verði eldhúsumr., en að öðru leyti er ekki um það fullákvarðað, hvernig fyrirkomulag umr. verður. En undinn verður svo bráður bugur að því að ákveða það sem kleift er.

Á 24. fundi í Sþ., 1. nóv., utan dagskrár, mælti

**forseti (GSv)**: Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að útbýtt verður í dag nál. og brtt. frá meiri hl. fjvn. Tilætlunin er, að fjárlfrv. komi til umr. hið fyrsta, helzt svo að frh. 1. umr. geti orðið á morgun, en eftir því sem til stendur, er það formið eitt að vísa fjárlfrv. frá 1. til 2. umr., sem hæfist þá væntanlega á fimmtudaginn og ætti að vera lokið fyrir helgi, hvernig sem yrði um atkvgr. Álit og till. minni hl. eru ekki komin fram enn þá, en ég vænti þess, að það verði brátt, enda auðvelt að fá afbrigði til þess að hægt sé að innlima þau skjöl í plögg málsins. Ég æski þess jafnframt, at væntanlegum brtt. við frv. sé skilað skrifstofunni í síðasta lagi kl. 8½ annað kvöld. Að öðru leyti mun vera hentast, að hinar almennu eldhúsdagsumr. fari ekki fram fyrr en í lok 2. umr., þegar eftir er aðeins atkvgr. um frv. sjálft.

Þá vil ég geta þess, að samkomulag hefur orðið um, að takmarka útvarpsræðutímann þannig, að umr. standi aðeins tvö kvöld og hver flokkur fái 45 mínútur til umráða, þannig að umræðutími verði samtals hálf önnur klst. hvort kvöldið, en ræðutími ríkisstj. er svo þar fyrir utan. Munu því umr. standa sæmilega lengi, þó að þessi stytting hafi verið ákveðin. En um þetta verður nánar tilkynnt síðar, eftir því sem henta þykir.

Á 25. fundi í Sþ., 2. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv. (A. 33, n. 297).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

**Forseti (GSv)**: Ég vil og leyfa mér að leita afbrigða fyrir því, að hinni almennu umr. um fjárlagafrv., sem samkv. þingsköpum á að fara fram nú, verði frestað til 2. umr. og verði henni þá útvarpað, og verður hún þá með sama hætti og síðast, þannig að hún færi fram eftir að atkvgr. um einstakar gr. frv. og brtt. er lokið, en áður en atkvgr. um sjálft frv. fer fram, og getur það væntanlega orðið fyrir næstu helgi.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

**Forseti (GSv)**: Þá vil ég enn fremur leyfa mér að vekja athygli hv. þm. á því, að þar sem gert er ráð fyrir, að 2. umr. um fjárlfrv. fari fram á fimmtudag, þá eru þeir hv. þm., sem ætla sér að bera fram brtt., beðnir að skila þeim í síðasta lagi kl. 8.30 í kvöld hingað í skrifstofuna.

**Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson):** Ég vil leyfa mér að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv.

---

Á 26. fundi í Sþ., 4. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 33, n. 297 og 315, 296, 314, 316, 331).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 316 og 331. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

**Forseti (GSv):** Almennar fjárlagaumr., sem var með afbrigðum frestað við 1. umr. fjárl., verða með útvarpsumr. við 3. umr.

**Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson):** Um leið og ég vísa til nál. meiri hl. fjvn. á þskj. 297, vil ég gera nokkra grein fyrir þeim brtt., sem fjvn. flytur á þskj. 296.

N. leggur til, að nokkrar breyt. verði gerðar á tekjuáætlun í 2. gr. frv., aðallega til hækkunar. 1. brtt. er um hækkun á tekju- og eignarskatti úr 18 millj. í 19,5 millj. kr. Telur n. þetta ekki óvarlega áætlað, meðal annars með tilliti til þess, að álagður tekju- og eignarskattur á þessu ári mun nema um 22 millj. kr.

2. brtt. n. er um stríðsgróðaskattinn. Er lagt til, að hann verði áætlaður 12 millj. kr., í stað 7 millj., sem er í frv. Álagður stríðsgróðaskattur á þessu ári mun nema um 14 millj. kr., og samkv. l. á helmingur hans að renna í ríkissjóð, en hinn hlutinn í bæjar-, sveitar- og sýslusjóði. Það hefur verið venja að taka á fjárl. aðeins þann hluta skattsins, sem á að falla til ríkissjóðs, en n. leggur til, að sá háttur verði upp tekinn að telja allan stríðsgróðaskattinn með tekjum í fjárl., en færa síðan hluta sveitarfélaganna með gjöldum á frv. Er hækkunartill. n. byggð á þessu. Ríkisstj. áætlar ríkissjóðshlutann af skattinum 7 millj. og gerir þá ráð fyrir, að hann allur verði um 14 millj. kr. á næsta ári, eins og í ár. N. telur hins vegar réttara að lækka þessa áætlun niður í 12 millj. kr. Byggist þetta á því tvennu, að upplýst er, að með úrskurðum skattanefnda og yfirskattanefnda út af skattakærum hefur skatturinn í ár verið lækkaður um ca. ½ millj. kr., og ekki er víst, að tekjur hinna stærri fyrirtækja verði jafnmiklar í ár og 1942.

3. brtt. er um hækkun á vörumagnstollinum úr 5 millj. í 8 millj. kr. Tollurinn reyndist um 9,4 millj. kr. árið 1942, og í sept.lok þ. á. var hann orðinn rúml. 7,1 millj. kr., sem er 100 þús. kr. hærri upphæð en á sama tíma 1942. N. telur ekki ástæðu til að gera ráð fyrir meiri rýrnun á tollinum en svo, jafnvel þótt eitthvað kunni að draga úr vöruflutningum til landsins, að óhætt mun að áætla þennan lið 8 millj. kr. á næsta ári. Er það um 15% hækkun frá 1942.

Þá er till. um hækkun á verðtollinum, nú 23 millj. í 30 millj. kr. Þessi tekjuliður gaf tæpar 40 millj. 1942. Fyrstu 3 fjórðunga þ. á. hefur hann numið rúml. 23 millj. kr., sem er mjög svipað og á sama tíma í fyrra. Samkv. upplýsingum ráðuneytisins hefur innflutningur á ýmsum vörum, sem eru hátt tollaðar, dregizt saman á þessu ári, og telur ráðuneytið útlit fyrir frekari samdrátt innflutnings á ýmsum þessum vörum. N. telur þó ekki ógætilega farið að áætla verðtollinn 30 millj., sem er allt að því 25% lægra en reyndist 1942.

5. brtt. er um hækkun á innflutningsgjaldi af benzíni um 200 þús. kr. Hér er aðeins um formsbreyt. að ræða, þar sem n. leggur til, að hluti brúasjóðs af innflutningsgjaldinu, sem n. áætlar 200 þús. kr., verði aftur á móti færður með gjöldum á frv.

6. brtt. er um hækkun á gjaldi af innlendum tollvörum úr 1 millj. í 1,3 millj. kr. Telur n. óhætt að hækka þessa áætlun með tilliti til reynslunnar í þessu á síðast liðnu ári. Þetta gjald hefur numið rúml. 900 þús. kr. fyrstu 9 mán. þ. á.

7. brtt. er um hækkun á stimpilgjaldi um 100 þús. kr., þannig að það verði áætlað 1,5 millj. kr. Það reyndist 1½ millj. 1942 og hefur numið rúml. 1,2 millj. kr. fyrstu 3 ársfjórðunga þ. á.

N. leggur til, að leyfisbréfagjöldin verði lækkuð um 50 þús. kr., þar sem henni virðist útlit fyrir, að þau nái ekki þeirri upphæð, sem frv. gerir ráð fyrir.

9. brtt. er um hækkun erfðafjárskattsins úr 100 í 200 þús. kr. Sá tekjuliður hefur numið 188 þús. kr. frá 1. jan. til sept.loka þ. á.

Síðasta brtt. við 2. gr. er um að taka útflutningsgjaldið inn í frv., en það áætlar n. 1½ millj. króna. Þetta gjald á að ganga til fiskveiðasjóðsins, og leggur n. til, að sama fjárhæð til hans verði talin með gjöldum í 16. gr. Er það í samræmi við till. n. um færslu á stríðsgróðaskattinum, sem ég áðan nefndi, að lagt er til, að útflutningsgjaldið og ráðstöfun þess verði látið sjást í fjárl.

Þá eru nokkrar brtt. við 3. gr. frv. Lagt er til, að fjárveiting til notendasíma í sveitum verði hækkuð úr 200 þús. í 400 þús. kr., en við það lækkar rekstrarhagnaður landssímans sem þessu svarar. Rekstrarhagnaður áfengisverzlunar er hækkaður um 1 millj. 356 þús. kr., í 5 millj., og hagnaður af tóbaksverzlun um 300 þús. kr., í 2,8 millj. Eins og skýrt er frá í nál., er hagnaður af þeirri verðhækkun, sem nýlega hefur orðið á vörum þessara verzlana, ekki tekinn með í þessa áætlun n., en um það var rætt í n., að rétt mundi að taka þær væntanlegu tekjur inn í frv., og mun það verða tekið sérstaklega til athugunar í n. fyrir 3. umr. — Í þessu sambandi má geta þess, að samkv. yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. mun hún nú um sinn nota hagnað af verðhækkun áfengis og tóbaks til dýrtíðarráðstafana, en í fjárlfrv. fyrir næsta ár er engin upphæð ætluð til slíkra ráðstafana. Þykir mér ekki ólíklegt, að það mál verði tekið til athugunar í n. fyrir 3. umr. m. a. í sambandi við breyt. á þeim tekjuliðum (hagnaði af áfengis- og tóbaksverzlun), sem hér hafa verið nefndir.

N. leggur til, að hækkuð verði framlög til nýrra símalína um 100 þús. kr., en framlög til þeirra eru færð með eignabreytingum landssímans á 3. gr., og er skýrt frá því í nál., hvaða landssímalínur er ráðgert að byggja. Þá er lagt til, að veittar verði 180 þús. kr. til fjarstýrðra viðtækja vegna bátatalstöðva á Ísafirði. Loks er

lagt til, í 17. brtt., að tekjur og gjöld viðgerðarstofu og viðgerðarsmiðju ríkisútvarpsins verði tekið í þessa gr., eins og venja er um hliðstæðar stofnanir.

Er þá getið þeirra helztu breyt., sem n. leggur til, að gerðar verði á tekjubálki frv.

Kem ég þá að brtt. n. við gjaldahlið frv.

Við 10. gr. er aðeins ein brtt., sú 19. í röðinni. Er hún um það að færa saman risnufé forsætis- og utanríkisráðherra, sem er í tveim liðum í frvgr., og veita til þess í einu lagi 25 þús. kr. Er þetta 5 þús. kr. lægri fjárhæð en nú er í frv.

Við 11. gr. eru nokkrar brtt., 20.-22. till., sem snerta launagreiðslur við embætti lögmanns, sakadómara og lögreglustjórans í Reykjavík. Eru þetta leiðréttingar samkv. upplýsingum, sem n. hefur fengið. Sama er að segja um 23. brtt., viðkomandi hluta ríkissjóðs af lögreglukostnaði. Með 24. brtt. leggur n. til, að áætlaður kostnaður við landhelgisgæzlu verði hækkaður úr 1 millj. kr. í 1 millj. 250 þús. kr. Þykir ekki varlegt að áætla þennan kostnað lægri. En vitanlega er aldrei hægt að segja með nokkurri vissu fyrirfram um þennan gjaldalið, m. a. vegna þess, að óvíst er, hvað sektarfé og björgunarlaun nema mikilli upphæð.

26. brtt. er um 15 þús. kr. framlag til byggingar fangahúss á Akranesi, en jafnhá upphæð er veitt til þess í fjárl. þessa árs.

Í frv. er gert ráð fyrir töluverðum greiðsluhalla hjá bifreiðaeftirliti ríkisins og löggildingarstofunni. Fjvn. hefur gert till. til ríkisstj. um, að skoðunargjöld bifreiða og gjöld fyrir löggildingu vogar- og mælitækja verði hækkuð eftir því, sem þörf krefur til að mæta kostnaðinum við þessar stofnanir. Í samræmi við þetta eru 27. og 28. brtt., um hækkun á tekjum þessara stofnana, þannig að gjöld þeirra og tekjur standist á.

29. brtt. er um það, að auk kostnaðar við kauplagsnefnd, sem nú er í frv., verði kostnaður við viðskiptaráðið tekinn í frv., að frádregnum tekjum þess, og einnig kostnaður við gjaldeyriskaupanefnd. Er það í samræmi við þá venju, sem nú er fylgt, að taka þessar stofnanir inn í fjárlögin. Upphæðirnar eru teknar eftir þeirri áætlun, sem n. barst frá ráðuneytinu, en samkv. henni er kostnaðurinn við viðskiptaráðið mjög mikill, eða kr. 1364284,00. Þar á móti koma tekjur, áætlaðar kr. 1350000,00, sem er gjald fyrir innflutningsleyfi samkv. 1.

Brtt. n. við 12. gr. frv. eru þrjár. Sú fyrsta (30. till.) er leiðrétting á launum héraðslækna, sem eru of hátt talin í frv. 31. till. er um 50 þús. kr. hækkun á styrk til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli, og 32. till. um allt að 200 þús. kr. framlag til viðbyggingar sjúkrahúss á Akureyri, ⅓ kostnaðar. Í fjárl. þessa árs eru 70 þús. kr. til þeirrar viðbyggingar.

N. leggur til, að gerðar verði allmiklar breytá 13. gr. frv. Í frv. eru ætlaðar 1 millj. og 800 þús. kr. til nýrra akvega. 33. brtt. n. er um breyt. á þeim lið, þannig að hann verði kr. 4743000,00, eða hækki um allt að 3 millj. kr. Í fjárl. þessa árs eru framlögin til nýrra akvega kr. 3562000,00. Till. n. er því um hækkun frá núgildandi fjárl. um kr. 1181000,00, eða rúml. 30%. Nokkuð af þessari hækkun er vegna vegalagabreyt., sem gerð var á síðasta þingi, þar sem allmargir nýir vegir voru teknir í þjóðvegatölu, og er nú gert ráð fyrir framlögum til þeirra. N. hefur reynt að mæta óskum einstakra þingm. um framlög til vegagerða, eftir því sem hún taldi fært, og þar sem hún hefur gengið svo langt í þessu efni sem till. hennar sýna, væntir hún þess, að einstakir þm., sem nú hafa borið fram till. um frekari hækkanir á þessum lið, geti fallizt á að taka þær aftur, en að öðrum kosti væntir n. þess, að þær verði felldar. Hækkun á framlögum til vega í einstökum héruðum til viðbótar því, sem n. leggur til, mundi gera erfitt að neita kröfum frá fleirum um hækkanir til samræmis, og eru þá vandséð málalokin. Væntanlega geta flestir hv. þm. fallizt á, að í till. n. sé svo ríflega ætlað til þessara framkvæmda, að eigi sé ástæða til að auka þar við.

34. brtt. er um fjárveitingar til brúargerða, að upphæð samtals kr. 1125000,00. Er það svipuð fjárhæð og í fjárl. þessa árs, en í frv. eru aðeins 250 þús. kr. ætlaðar til brúabygginga.

35. brtt. er um það að taka inn í frv. framlagið til brúasjóðs, sem ákveðið er með 1. Er þetta vitanlega áætlunarupphæð, þar sem brúasjóðurinn á að fá ákveðinn hluta af benzínskatti.

Næst er till. um 1 millj. 400 þús. kr. til kaupa á vegavinnuvélum, og er þar farið eftir till. vegamálastjóra. N. telur mikla þörf á því að auka vélanotkun við vegagerðir, eftir því sem unnt er. Hefur áður verið samþ. ályktun um það efni hér á Alþingi. Eins og vikið er að í nál., hefur n. enga afstöðu tekið til þess, hvernig þeim vélum, sem væntanlega verða keyptar, verður dreift um landið til notkunar.

37. brtt. er um hækkun á framlagi til ræktunarvega, en 38. till. um framlög til hafnargerða og lendingarbóta. Hefur n. farið eftir till. vitamálastjóra, og mælir hún gegn því, að aðrar till. um hækkun á þeim framlögum verði samþykktar. Heildarupphæðin, sem n. ætlar til þessara framkvæmda, er kr. 2133000,00, og er það rúmlega 20% hærri fjárhæð en varið er til slíkra framkvæmda á þessu ári.

39. brtt. n. er um hækkun á framlagi til flugmála, nú 100 þús. í 150 þús. kr. Er þetta í sambandi við væntanlega flugvallagerð.

Við 14. gr. A., en þar eru færðar fjárveitingar til kirkjumála, flytur n. 4 brtt. (40.—43. till.). Ein þeirra er um hækkun á fjárveitingu til húsabóta á prestssetrum, nú 80 í 100 þús. kr. Þótt n. sjái sér eigi fært að mæla með hærri fjárveitingu í þessu skyni, er það ljóst af bréfi biskups til n., dags. 11. okt. s.l., að þessi fjárveiting hrekkur skammt til þeirra nýbygginga, sem þörf er á.

N. leggur til, að felldur verði niður húsaleigustyrkur nokkurra presta í Reykjavík. Er sú till. flutt með tilvísun til þess, að aðrir prestar verða sjálfir að borga húsaleigu fyrir sig.

Er þá komið að brtt. n. við 14. gr. B., en þar eru færðar fjárveitingar til kennslumála. 44. brtt. er um að halda áfram fjárveitingu, sem nú er í fjárl., til dr. Símonar Ágústssonar til að flytja fyrirlestra við háskólann.

46. brtt. er um að hækka námsstyrki erlendis, sem menntamálaráð úthlutar, úr 125 þús. í 150 þús. kr.

47. brtt. er leiðrétting á frv. Næst er till. um fjárveitingu til viðgerðar á leikfimishúsi Menntaskólans í Reykjavík, 125 þús. kr.

49., 58. og 65. brtt. n. eru um nokkra launauppbót til kennara við kennaraskólann, alþýðuskólann á Eiðum og heyrnar- og málleysingjaskólann. Hefur n. komizt að þeirri niðurstöðu, eftir athugun málsins, að sanngjarnt sé að gera þessa bráðabirgðaráðstöfun, meðan launalög eru ekki sett, til þess að færa laun kennaranna við þessa skóla til samræmis við það, sem greitt er við aðra skóla. Ekki er ætlazt til þess, að verðlagsuppbætur verði greiddar á þessar launaviðbætur.

Í 51. till. n. er lagt til, að greiddur verði utanfararstyrkur til skólastjórans á Hvanneyri, 15 þús. kr. Því er þannig varið, að skólastjórinn ætlar að fara utan með konu sína, frú Valgerði Halldórsdóttur frá Hvanneyri, til að leita henni lækninga, en hún er veik og hefur ekki getað fengið bata hér á landi. Í förinni mun skólastjórinn jafnframt kynna sér ýmsar nýjungar á sviði landbúnaðar, sem honum getur að gagni komið sem skólastjóra við bændaskólann, og leggur n. til, að þessi utanfararstyrkur verði veittur.

52. brtt. snertir garðyrkjuskólann á Reykjum. Er þar fyrst lagt til, að 10 þús. kr. verði veittar til trjáræktar, þannig að skólinn geti tekið upp kennslu á því sviði. Enn fremur, að skólanum verði veittar 20 þús. kr. til greiðslu á skuldum, sem hann stendur í vegna gróðurhúsabygginga.

Í frv. er styrkur til iðnskólahalds á allmörgum stöðum á landinu. N. leggur til, að veittar verði 100 þús. kr. í þessu skyni, og verði styrknum skipt af ríkisstjórninni að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og Landssambands iðnaðarmanna. Styrkur til hvers skóla má þó ekki nema meira en ⅘ af rekstrarkostnaði. — Þá leggur n. til, að 30 þús. kr. verði veittar til verklegs framhaldsnáms iðnaðarmanna erlendis í stað 10 þús. kr., sem eru í frv.

56. brtt. er um hækkun á styrk til byggingar barnaskóla utan kaupstaða um 50 þús. kr. Þá er næst till. um styrk til fyrrv. barnakennara eftir till. fræðslumálastjóra. Í frv. eru 10 þús. kr. ætlaðar í þessu skyni, og leggur n. til, að aukauppbót og verðlagsuppbót verði greidd á þennan styrk.

59. brtt. er um hækkun á framlagi til stofnkostnaðar héraðsskóla. Er lagt til, að alls verði veittar 500 þús. kr. og að fénu verði skipt þannig milli skólanna:

| | | |
|---|---|---|
| Til | Núpsskóla í Dýrafirði | 100 þús. |
| „ | Reykjanesskóla | 100 „ |
| „ | skólans í Varmahlíð | 100 „ |
| „ | Laugarvatnsskóla | 150 „ |
| „ | Laugaskóla | 50 „ |
| | Samtals | 500 þús. |

60.—61. till. þarfnast ekki skýringa.

62. till. er um styrk til Alþýðuskólans í Reykjavík, 4000 krónur.

Næst er till. um hækkun á fjárveitingu til byggingar húsmæðraskóla í kaupstöðum um 40 þús. kr. Er til þess ætlazt, að fjárveitingin verði alls 340 þús. kr., sem skiptist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Til | húsmæðraskóla á Akureyri | 100 þús. |
| „ | „ „ Akranesi | 100 „ |
| „ | „ í Hafnarfirði | 100 „ |
| „ | „ „ Reykjavík | 40 „ |

Þá leggur n. til, að jafnhá upphæð verði veitt til byggingar húsmæðraskóla í sveitum, 340 þús. kr., og verði fénu skipt þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Til | húsmæðraskólans á Hallormsstað | 110 þús. |
| „ | „ „ Laugarvatni | 110 „ |
| „ | „ í Borgarfirði | 110 „ |
| „ | skóla Árnýjar Filippusd. í Hverag. | 10 „ |

64. brtt. er um hækkun á fjárveit. til íþróttamála. Er þar fyrst talinn húsaleigustyrkur til íþróttakennaraskólans, 5 þús. kr., og þar næst til byggingar leikfimishúss sama skóla á Laugarvatni, 150 þús. kr. Þá er lagt til, að framlagið til íþróttasjóðs verði hækkað úr 300 þús., sem nú er í frv., í 450 þús. kr.

Til skýringar 67. brtt., sem er um, að sérstök fjárveiting til sjóvinnunámskeiðs falli niður, skal þess getið, að styrkur til Fiskifélags Íslands er aukinn um nokkru hærri upphæð, m. a. með tilliti til þess, að fiskifélagið annast þessi námskeið.

N. flytur allmargar brtt. við 15. gr. frv. Er þar fyrst nokkur hækkun á fjárveitingum til landsbókasafnsins og þjóðminjasafnsins. Þá er í 71.—91. brtt. lagt til, að styrkir til bókasafna og lesstofurekstrar á nokkrum stöðum verði nokkuð hækkaðir. Þess skal getið, að eigi er til þess ætlazt, að verðlagsuppbót verði greidd á styrki, þar sem þeir hafa verið hækkaðir fyrst og fremst vegna aukinnar dýrtíðar.

Tekin er upp í 93. brtt. fjárveiting til dr. Jóns Dúasonar, jafnhá þeirri, sem hann hefur í fjárl. þessa árs.

94. brtt. er um fjárveitingu til að semja skólasögu, stúdentatal og kennaratal Menntaskólans í Reykjavík og um nokkrar styrkveitingar til Norræna félagsins og Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn.

95. og 96. till. eru um nokkra hækkun á styrk til leiklistarstarfsemi og styrk til sambands ísl. karlakóra.

97. till. er um byggingarstyrk til listasafns Einars Jónssonar, 100 þús. kr. Húsrúm safnsins er nú orðið ófullnægjandi fyrir listaverkin.

98. till. er um styrk til íslenzku blaðanna í Vesturheimi, Lögbergs og Heimskringlu, 10 þús. kr. til hvors.

Þingvallanefnd telur óhjákvæmilegt, að lagt verði fram fé til brúargerðar á Þingvöllum, og er 99. brtt. um 32 þús. kr. fjárveitingu í því skyni.

Í frv. er sú skekkja, að væntanlegar tekjur af rannsóknum eru ekki taldar til frádráttar gjöldum Rannsóknarstofu háskólans, og er 100. brtt. n. til leiðréttingar á því. Tekjurnar eru áætlaðar 155 þús. kr.

Þá eru brtt. við 16. gr.

101. brtt. er um hækkun á jarðabótastyrk um 200 þús. kr. Er það m. a. vegna þess, að felldar

eru niður sérstakar fjárveitingar til landþurrkunar, sem nú eiga að greiðast af jarðræktarstyrknum samkv. breyt., sem gerðar hafa verið á jarðræktarl. Annars er þetta vitanlega áætlunarupphæð, eins og venjulega, og ekki unnt að vita með vissu fyrirfram um upphæð styrksins.

Lagt er til í 103. brtt., að veittar verði 40 þús. kr. til sauðfjárræktarbús á Hesti, sem þar hefur verið stofnað í tilraunaskyni. Ríkisstj. hefur einnig heimild í fjárl. þessa árs til fjárveitingar til búsins.

Framlag til áveitu í Ölfusi er lækkað samkv. 104. brtt. Er gert ráð fyrir, að 25 þús. kr. nægi til greiðslu kostnaðar við framkvæmdir á jörðum ríkisins þar, en að öðru leyti er framlag til áveituframkvæmdanna talið með jarðræktarstyrknum.

106. till. er um framlag til vélasjóðs, til verkfærakaupa, og er þar farið eftir till. verkfæran. Af þessu eru 400 þús. kr. ætlaðar til kaupa á nýjum vélum, en 100 þús. kr. til lúkningar skuldum fyrir skurðgröfur og jarðýtu, sem keyptar voru á þessu ári.

Í sambandi við þessa till. og aðra, sem ég hef áður lýst, um fjárveitingu til kaupa á vegagerðarvélum, vil ég benda á það, að sumar þær stórvirku vélar, sem nýlega hafa verið fluttar inn, virðast nothæfar jafnt til vegagerða og ræktunarundirbúnings. Virðist mér því nauðsynlegt, að sem bezt samvinna sé um notkun slíkra véla, sem ríkið á, milli þeirra, sem stjórna vegamálum og stærri ræktunarframkvæmdum eða ræktunarundirbúningi víðsvegar um landið, um sameiginlega notkun vélanna, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er. Tel ég æskilegt, að hæstv. ríkisstj. taki þetta mál til athugunar, þegar hún ráðstafar þeim vélum, sem væntanlega verða keyptar.

107. brtt. n. er um hækkun á fjárveitingu til sandgræðslunnar um 50 þús. kr.

Í 109. brtt. er lagt til, að verðlagsuppbót verði veitt á styrki, sem veittir eru einstökum mönnum til dýralækninga á nokkrum stöðum á landinu.

110. brtt. er um lækkun á fjárveitingu til greiðslu kostnaðar vegna sauðfjársjúkdóma. Er þetta byggt á nýjum upplýsingum frá framkvæmdarstjóra sauðfjársjúkdóman. Er þá fyrst lækkun á uppeldisstyrknum, úr 1,2 millj. kr. í 900 þús. kr. Byggist sú till. á því, að vitað er, að miklu færra af lömbum verður sett á nú en áður yfirleitt, vegna fóðurskorts. Enn fremur er lagt til, að niður falli vaxta- og jarðarafgjaldsstyrkur og vegafé, sem veitt hefur verið að undanförnu.

Lagt er til í 112. brtt., að fjárveiting til skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda hækki um 20 þús. kr., þar sem upphæðin reyndist of lágt áætluð í frv. Einnig, að tekið verði í 16. gr. framlagið til fiskveiðasjóðs Íslands, en hann á samkv. l. að fá útflutningsgjaldið, sem er áætlað 1½ millj. kr., og leggur n. til, að það verði fært með tekjum á 2. gr. frv., eins og áður er að vikið.

113. brtt. er um hækkun á styrk til landssambands iðnaðarmanna um helming, úr 15 í 30 þús. kr. Þá er lagt til í 114. brtt., að veittar verði 100 þús. kr. til byggingar iðnskóla í Rvík, ⅓ kostnaðar. N. sér ekki ástæðu til að breyta þessari till., þótt fyrir hv. Nd. liggi nú frv. um iðnskóla, þar sem gert er ráð fyrir hlutfallslega nokkru meira ríkisframlagi til þeirra en ⅓ kostnaðar, úr því að frv. er ekki enn orðið að lögum.

115. brtt. er um nokkra launagreiðslu til Halldóru Bjarnadóttur sem viðurkenningu fyrir ágætt starf í þágu heimilisiðnaðarmálsins.

N. leggur til, að styrkur til gamalmennahæla í nokkrum kaupstöðum verði nokkuð hækkaður.

118. brtt. n. er um 5 þús. kr. hækkun á fjárveitingu til mæðrastyrksnefndar, og er jafnframt lagt til, að af styrknum gangi 10 þús. kr. til sumarheimilis mæðra og 5 þús. kr. til mæðrastyrksnefnda utan Reykjavíkur.

Með 119. brtt. er lagt til, að fjárveiting til slysavarna hækki um 15 þús. kr., úr 35 í 50 þús. kr.

Þá er lagt til í 120. brtt., að styrkur til Ungmennafél. Íslands verði hækkaður nokkuð, og einnig, að Íþróttasamband Íslands fái 6000 kr. styrk til bókaútgáfu. Á íþróttasambandinu hvílir sú skylda að gefa út bækur um íþróttir og leikreglur til leiðbeiningar. T. d. ætlar íþróttasambandið nú að gefa út glímubók, í því skyni að stuðla að framförum í þeirri þjóðlegu íþrótt.

121. brtt. n. er um að taka inn í 17. gr. frv. hluta bæjar-, sveitar- og sýslufélaga af stríðsgróðaskatti, en eins og áður segir, leggur n. til, að skatturinn allur verði talinn með tekjum í 2. gr.

Í 17. gr. frv. (14. lið) eru 100 þús. kr. til Kvenfélagasambands Íslands, til húsmæðrafræðslu, heimilisiðnaðar og garðyrkju. Áður hafa verið í fjárl. nokkrir styrkir til kvenfélaga og kvenfélagasambanda víða um land, en þeir eru nú felldir niður í frv., og þessi eina fjárhæð til kvenfélagasambandsins sett í staðinn. Fjvn. gerir enga till. um breyt. á þessu, en ætlast til þess, að þau kvenfélög og kvenfélagasambönd, sem notið hafa styrks að undanförnu, njóti hans áfram, þannig að þau fái hluta af þessari heildarfjárveitingu.

N. flytur till. um nokkrar breyt. við 18. gr. frv. Er þar um tvennt að ræða: niðurfelling á nokkrum greiðslum vegna dauðsfalla og að inn verði teknir nokkrir nýir liðir samkv. umsóknum, sem n. hefur tekið til athugunar.

Tvær brtt. n. eru við 20. gr. Sú fyrri er um hækkun á fjárveitingu til vitabygginga, úr 250 þús. í 350 þús. kr., en hin síðari um hækkun á framlagi til sjómannaskóla um 1 millj., þannig að það verði alls 1½ millj. kr.

Þá flytur n. nokkrar brtt. við heimildagr. frv., 22. gr. Flestar þeirra eru um að taka inn í frv. útgjaldaheimildir, samhljóða þeim, sem eru í núgildandi fjárl., sem n. þykir ástæða til að veita einnig að þessu sinni. Þannig er um liðina IV—XV, að báðum meðtöldum. Af öðrum brtt. við þessa gr. vil ég nefna nr. III, um heimild til að greiða húsmæðraskólanum á Hallormsstað 5 þús. kr. fyrir að kenna kennslukonuefnum vefnað. Ennfremur lið XVIII, þar sem stj. er heimilað að greiða þrem mönnum allt að 20 þús. kr. til að ljúka rannsóknum á skilyrðum til að brenna

tígulstein og fleiri byggingarefni úr íslenzkum jarðefnum. Telur n. rétt að veita stj. heimild til að styrkja þessar rannsóknir.

Þá er till. um að heimila stj. að greiða 25 þús. kr., þó ekki yfir helming kostnaðar, vegna vatnsleitar í Vestmannaeyjum. Er þetta lagt til sökum þeirra sérstöku erfiðleika, sem Vestmannaeyingar eiga við að stríða í þessum efnum.

Síðasta brtt. n. er um heimild til að verja allt að 25 þús. kr. til að kaupa Málmey á Skagafirði. Þar á eynni er viti, og er talið, að um það tvennt sé að ræða að kaupa jörðina, sem talið er líklegt, að fáist keypt, eða byggja vitavarðarhús á eynni. Telur n., að hið fyrrnefnda muni e. t. v. heppilegra.

Í nál. meiri hl. á þskj. 297, bls. 4—5, er heildaryfirlit um hækkun tekna og útgjalda samkv. till. n. og einnig sýnt, hvernig rekstraryfirlit og sjóðsyfirlit muni líta út, ef till. n. verða samþ. Sé ég ekki ástæðu til að lesa þessar tölur hér upp, en vísa til heildaryfirlitsins í nál. Í því sambandi má benda á, að verði heimildir í 22. gr. frv. samþ. og notaðar, er þar um töluverðar fjárhæðir að ræða til viðbótar gjöldum, og er skylt að hafa það í huga, þegar heildaryfirlitið er athugað.

Eins og skýrt er frá í nál. meiri hl., lýstu 2 nm., fulltrúar Sósfl. í n., yfir því á síðasta fundi n., þegar nál. var lagt fram til undirskriftar, að þeir mundu skila sérstöku áliti. Áliti þeirra og brtt. var fyrst útbýtt nú á fundinum, og hef ég því ekki haft aðstöðu til að kynna mér það, en mun e. t. v. ræða um það síðar. Þessir hv. þm. munu flytja brtt. um allmikla hækkun á útgjöldum frá því, sem lagt er til í till. n. En það finnst mér ljóður á ráði þeirra, að þeir hafa ekki lagt fram neinar till. á þ. um nýja tekjuöflun til að standa undir þeim útgjöldum, sem þeir flytja till. um. A. m. k. hef ég ekki orðið var við neinar tekjuöflunartill. frá þeim. Hitt er vitanlega ekki fær leið, að jafna hallann á fjárlfrv. með því að áætla hærra ýmsa tekjuliði en skynsamlegt er að búast við, að þeir reynist.

Ég mun ekki að svo stöddu gera frekar að umtalsefni till. hv. minni hl., né heldur brtt. annarra hv. þm., enda hafa þeir ekki enn mælt fyrir till. sínum. Get ég því lokið máli mínu að sinni.

**Frsm. minni hl. (Þóroddur Guðmundsson):** Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. hefur nú gert grein fyrir till. hans. Langflestar till. höfum við í minni hl. verið sammála um, en þó eru nokkrar, sem við föllumst ekki á, og svo höfum við gert brtt. sérstaklega. Hv. frsm. meiri hl. hefur gert grein fyrir störfum n., og ætla ég ekki að endurtaka það. Störfin hafa gengið nokkuð greiðlega. Formaðurinn var röggsamur og samvinnan góð, en þegar til þess kom að ákvarða um ýmsar till., kom upp skoðanamismunur í n., svo að við minnihlutamenn sáum okkur ekki fært annað en leggja fram sérálit.

Það var aðallega tvennt, sem um var að ræða. Okkur virtist tekjurnar of lágt áætlaðar, og í annan stað teljum við, að á slíkum peningaflóðsárum sem nú eru sé ekki sæmilegt af Alþ. að ganga frá fjárl. nema reyna að mæta erfiðleikunum, sem búast má við, að dynji yfir í stríðslok.

Hvað tekjuliðina snertir hefur ágreiningurinn aðallega verið um fjóra liði. Það er skoðun minni hl., að yfirleitt séu allir liðir í tekjubálkinum of lágt áætlaðir, en fjóra liði teljum við keyra úr hófi fram, og þar flytjum við brtt. Þessir fjórir liðir eru: tekju- og eignarskatturinn, stríðsgróðaskatturinn, vörumagnstollurinn og verðtollurinn.

Ég vil nú reyna að sanna mitt mál. Ég ætla fyrst að taka tekju- og eignarskattinn. Áætlun fjárlfrv. er 18 millj. kr. Meiri hl. n. gat ekki fallizt á að hækka hana nema í 19½ millj., en við minnihl.menn leggjum til að hann verði áætlaður 21 millj. Þegar þess er gætt, að tekju- og eignarskatturinn er á yfirstandandi ári 22 millj., er ekki hægt að segja, að okkar áætlun sé óvarleg, því að allir vita, að það eru fullar líkur til, að hann verði ekki lægri, heldur þvert á móti kannske hærri en í ár.

Stríðsgróðaskatturinn er í frv. áætlaður 7 millj., þ. e. a. s. hluti ríkissjóðs. Meiri hl. vildi lækka þetta í 6 millj., en það varð að samkomulagi, að rétt væri að færa hann allan til tekna þarna, og svo til gjalda hluta sveitar- og bæjarfél., en ósamkomulag var um, hvað hátt skyldi áætlað. Við vildum áætla 14 millj. Fyrir yfirstandandi ár er hann álagður 14 millj., og gildir það sama um hann að okkar áliti og tekju- og eignarskattinn.

Þá er vörumagnstollurinn. Hann er áætlaður í frv. 5 millj. Meiri hl. vildi ekki hækka þá áætlun nema í 8 millj., en við leggjum til 9 millj. 1942 reyndist vörumagnstollurinn nærri 9½ millj., og 1943 verður hann allt að 10 millj., svo að ég fæ ekki séð, að óvarlega sé áætlað hjá okkur.

Loks er það, sem mestur ágreiningurinn er um, verðtollurinn. Við leggjum til að hann verði áætlaður 38 millj. 1942 varð hann hér um bil 39½ millj., og 1943 verður hann sennilega allt að 40 millj. Ég sé því ekki, að með réttu sé hægt að ásaka okkur eða, eins og hv. frsm. meiri hl. sagði, telja það ljóð á ráði okkar, að við berum ekki fram till. um auknar tekjur, heldur hækka áætlunina fram yfir það, sem skynsamlegt sé. Því er ekki slegið föstu, að till. meiri hl. séu þær einu skynsamlegu. Hvað getur valdið því, að meirihl.menn vilja ekki fara hærra en þetta? Það gæti verið hægt að líta svo á, að frá þeirra sjónarmiði gerði það ekkert til, þó að tekjurnar færu langt fram úr áætlun. En þegar svona gífurlegu munar, er ekki varlegt að samþ. það svona yfirleitt, því að það væri hægt að leyna tekjum og brúka sem rök gegn þarflegum till., að fé væri ekki fyrir hendi.

Ég vil í þessu sambandi rifja það upp, að í fyrra vetur átti sér stað sami leikurinn. Þá voru tekjur áætlaðar langt fyrir neðan það, sem þær urðu í reyndinni og við í minni hl. fjvn. höfðum lagt til að þær yrðu áætlaðar. Það var samþ. í fyrra, að tekju- og eignarskattur skyldu áætlaðir 18 millj. kr., en hafa reynzt 22 millj. kr. Vörumagnstollur var áætlaður 6 millj., en hefur reynzt 10 millj., og verðtollur var áætlaður 21 millj., en hefur reynzt 40 millj. Þeir, sem hafa

þarna misreiknað sig um 27 millj., ættu því ekki að vera að deila nú við okkur, sem höfðum komizt mjög nálægt hinu rétta í áætlunum okkar. Við getum verið ánægðir, því að reynslan hefur gefið okkur rétt, og það væri ánægjulegt, ef þeir, sem gerðu svona skakka áætlun í fyrra, gætu nú orðið vitrari af þessari reynslu.

Þá kem ég að 3. gr. Við vorum sammála um, að hækka bæri þá áætlun nokkuð, en ekki náðist samkomulag um að taka með í þá áætlun þær tekjur, sem síðasta verðhækkun á tóbaki og áfengi leiðir af sér. Hv. frsm. meiri hl. taldi að vísu rétt, að þær kæmu fram í áætluninni, en vildi láta þær bíða, þar til við 3. umr. Það er þó gott, að þessi yfirlýsing skyldi koma fram um, að rétt væri að taka þessar tekjur með á áætlun, enda hefði verið óviðeigandi að taka þær ekki með, þótt líklega sé búið að semja um það á bak við tjöldin, hvernig þeim skuli varið. En þótt búið sé að bruðla þeim án þess að talað hafi verið um það við þingið, þá er þó rétt að reikna þær með til tekna á þessum lið. Það munar þannig hvorki meira né minna en 22½ millj. kr., sem við leggjum til að tekjurnar verði áætlaðar hærri en meiri hl. leggur til.

Þá kem ég að þeim ágreiningi, sem varð á milli okkar um ýmsar útgjaldatill. Við 12. gr. berum við fram 3 brtt., sem meiri hl. gat ekki fallizt á. Í fyrsta lagi er það, að við leggjum til að veittar verði 500 þús. kr. til læknisbústaða og sjúkraskýla, í stað þess, að meiri hl. leggur til, að veittar verði 250 þús. kr. Eftir þeim upplýsingum, sem við fengum, þá er þetta allt of lág upphæð, en við vildum þó ekki fara fram á meira en 500 þús. kr., í von um það að fá einhverja til þess að ganga inn á það með okkur, þótt það sé álit okkar, að það þurfi meira. Nú má segja, að það sé mjög erfitt að fá efni og því séu erfiðleikar á því að nota fé, en það má þá leggja það til hliðar nú og nota það síðar.

Þá er það sjúkrahús Akureyrar. Allir vita, að það er stórt og mikið sjúkrahús, og læknir þess er í miklu áliti. Það er mikil þörf á því að byggja þarna nýtt sjúkrahús, og bæjarstjórn Akureyrar hefur lagt til, að það yrði rekið af ríkinu. Um það hefur ekki náðst samkomulag, en ég skal þó ekki fara út í það, en til nýbyggingar við þetta sjúkrahús veitir ekkert af 500 þús. kr., ef eitthvað á að gera, en meiri hl. hefur talið nægilegt að veita til þess 200 þús. kr., en það sjá allir, að nú er ekki hægt að byggja mikið fyrir 200 þús. kr.

Þriðja brtt. við 12. gr., sem ágreiningur varð um, er ekki mikil upphæð, aðeins 17750 kr. En þarna varð ágreiningur um annað. Það er, að meiri hl. vill gera sjúkrahúsum úti um land misjafnt undir höfði, hann vill leggja meira til sjúkrahúsanna á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði en til sjúkrahúsanna í Vestmannaeyjum og á Siglufirði, þ. e. hann vill láta eitt sjúkrahús í hverjum fjórðungi njóta meiri styrks en önnur og að þau sjúkrahús yrðu þá nokkurs konar landsspítalar. Þessi regla gæti orðið mjög ósanngjörn. Við skulum taka t. d., að á Austurlandi yrði eitt slíkt sjúkrahús, sem fengi ef til vill um 150 utanhéraðssjúklinga á ári. Nú er ákveðið, að þetta sjúkrahús skuli njóta sérstakra hlunninda, og á Akureyri er einnig sjúkrahús, sem á að njóta sömu hlunninda, en á Siglufirði er einnig sjúkrahús, og það á ekki að njóta neinna hlunninda, en það fær ef til vill 500 utanbæjarsjúklinga á ári. Hvaða vit er nú í því, að sjúkrahús Austfirðingafjórðungs njóti meiri styrks en sjúkrahúsið á Siglufirði? Þetta er ekkert annað en einhver „fiks Idé“, sem á engan rétt á sér. Ég skal ekki fullyrða, hver sé faðir þessarar hugmyndar, hvort það er hv. þm. S.-Þ., en hann var a. m. k. mjög hrifinn af henni, og ég gæti bezt hugsað mér, að hann ætti hana, — hún er a. m. k. mjög ósanngjörn. Það eina, sem er rétt og sanngjarnt í þessu máli, er það að styrkja sjúkrahúsin úti um land hlutfallslega eftir því, hvað þau taka á móti mörgum utanbæjarsjúklingum á hverju ári. Þau, sem taka á móti flestum slíkum sjúklingum, eru meira fyrir alþjóð en hin, sem eru nær eingöngu notuð af viðkomandi innanhéraðsmönnum og eiga því að njóta styrks frá ríkinu eftir því. Einnig má geta þess, sem raunar allir vita, að atvinnuhættir á Siglufirði og í Vestmannaeyjum eru þannig, að þangað streymir fjöldi fólks til vinnu á vissum tímum ársins, til Siglufjarðar á sumrin og Vestmannaeyja á veturna. Þetta er sérstaða, sem engir aðrir staðir á landinu hafa, og það hefur sýnt sig, að það er heppilegt vegna þessa aðkomufólks að hafa sjúkrahúsin á þessum stöðum allmiklu stærri en nægja mundi handa bæjarbúum einum. Ef ætti að gera upp á milli sjúkrahúsanna úti um land, þá væru það því einmitt þessi sjúkrahús, sem ættu helzt að njóta sérstakra hlunninda.

Um þetta fékkst ekki samkomulag fjvn., en ég hygg, að sumir í meiri hl. hafi séð í gegnum till. um fjórðungssjúkrahúsin og fundið ósanngirnina í henni. Ég vil því vona, að þótt þetta færi svona í n:, þá fái það þó sanngjarna afgreiðslu í þinginu.

Þá hefur orðið ágreiningur um 14. gr. Einn af þm. Reykv. hefur skrifað fjvn., og fór hann þess á leit, að styrkur til Verzlunarskóla Íslands yrði hækkaður úr 25 þús. kr. upp í 60 þús. kr., og hann benti á, að í Verzlunarskólanum væru sex sinnum fleiri nemendur en í Samvinnuskólanum, en þó nytu nú báðir sama styrks, þ. e. 25 þús. kr. hvor, og ef sanngirni ætti að ríkja þarna á milli, ætti því að hækka styrkinn til Verzlunarskólans, ekki upp í 60 þús. kr., heldur upp í nokkuð á annað hundrað þús. kr., ef miða ætti við nemendafjölda. Við tókum þessa till. upp og gerðum hana að okkar till., en hún var felld í fjvn.

Nú ber þess einnig að gæta, að Verzlunarskólinn er orðinn 6—7 ára skóli, sem hefur auk þess nýverið fengið rétt til þess að útskrifa stúdenta, en Samvinnuskólinn er heldur lélegur skóli og hefur auk þess ekki verið fyrst og fremst verzlunarskóli, heldur flokkspólitískur skóli fyrir Framsfl., þ. e. a. s. hann hefur verið pólitískur verzlunarskóli. Nú er það eitt, að Verzlunarskólinn skuli hafa sex sinnum fleiri nemendur en Samvinnuskólinn, nægilegt til þess, að hann ætli að fá sex sinnum hærri styrk, eða miðað hlutfallslega við nemendatölu, en við gerðum okkur þó vonir um að fá till. okkar frekar

samþ., ef við færum ekki fram á mikið, og lögðum því til, að styrkurinn yrði aðeins hækkaður upp í 60 þús. kr. Ég gerði ekki ráð fyrir rökum frá Framsfl. í þessu máli, enda komu þau ekki fram, en ég get ekki skilið, hvers vegna Sjálfstfl. í n. var á móti þessu og hvaða sjónarmið hafa þar ráðið, nema ef þeir hafa ekki þorað að vera á móti Jónasi.

Þá hefur orðið ágreiningur um framlag til byggingar barnaskóla. Meiri hl. vildi leggja fram 400 þús. kr., en við vildum hafa það 350 þús. kr. hærra, eða alls 750 þús. kr. Fræðslumálastjóri hefur rökstutt þörfina á þessu fé svo vel, að mér finnst ekki vera hægt að hrekja það, og finnst mér því rétt, þegar nóg fé er til, að láta hann þá fá það, sem hann fer fram á. Hann segir, að ef eigi að halda áfram með þær byggingar, sem þegar er byrjað á, þá veiti ekkert af 750 þús. kr. aðeins til þess, og þá er ekkert eftir handa 12 skólahverfum, sem nú þurfa að byggja sér barnaskóla.

Þá er það framlag til byggingar húsmæðraskóla í sveitum. Meiri hl. vill veita til þess 340 þús. kr., en við viljum hækka það upp í 400 þús. kr. og þar af 20 þús. kr. til húsmæðraskóla Árnýjar Filippusdóttur, en meiri hl. vildi ekki láta hana hafa nema 10 þús. kr. Nú lágu fyrir upplýsingar um það, að það er mikil þörf á að byggja húsmæðraskóla á Hallormsstað, í Borgarfirði og á Laugarvatni. Það er einnig svo, að jafnan hefur heldur náðst samkomulag til framkvæmda í sveitum en kaupstöðum, en þó náðist ekki samkomulag um þetta. Til húsmæðraskóla í kaupstöðum viljum við veita 400 þús. kr., þó ekki vegna þess, að ekki væri þörf á meiru, en í n. náðist ekki samkomulag um meira en 340 þús. kr. Þörfin á að styrkja húsmæðraskólana er mikil, því að þeir hafa unnið og vinna mjög þarft verk, og það gildir sérstaklega um einn skóla, sem er rekinn af einstaklingi og er rekinn með fyrirhyggjusemi og dugnaði, og byggingarkostnaður við hann var lægri en við nokkurn annan slíkan skóla. Mér finnst rétt að sýna viðleitni til þess að verðlauna þennan dugnað, og tel ég ekki of mikið að veita 20 þús. kr. til þess.

Þá er það 4. brtt. okkar, við 14. gr., um framlag til íþróttasjóðs. Við leggjum til, að það verði 650 þús. kr., en ekki náðist samkomulag í n. um meira en 450 þús. kr. Nú standa fyrir dyrum miklar framkvæmdir í þessum efnum, og það hefur verið rökstutt, að það muni alls ekki veita af 650 þús. kr., — og því þá að vera að klípa af því? Íþróttamálin eru svo mikilvæg, að það er engan veginn réttmætt að skera þetta framlag niður úr öllu valdi á þeim tímum, sem nú eru.

Við 15. gr. eru það tvö atriði, sem ekki náðist samkomulag um. Það er í fyrsta lagi bókakaupastyrkur til landsbókasafnsins. Við vildum hafa hann 100 þús. kr., en meiri hl. ekki nema 80 þús. kr. Miðað við ýmsa hina háu pósta í fjárl. er þetta ekki mikil upphæð, og bækur eru svo dýrar nú, að ekki fást margar bækur fyrir það fé.

Þá er það framlag til skálda, rithöfunda og listamanna. Það var áður 100 þús. kr. grunnstyrkur, en nú var tekin upp í frv. 20 þús. kr. hækkun á þeim lið. Menntamálaráð hafði hins vegar farið fram á, að þetta yrði hækkað um þriðjung, og mun það þá hafa miðað við þá upphæð, sem var í frv., en ekki fjárl. yfirstandandi árs, þannig að upphæðin yrði ekki hækkuð úr 100 þús. kr. upp í 150 þús. kr., heldur úr 120 þús. kr. upp í 180 þús. kr. Það náðist ekki samkomulag um þetta, en við leggjum til, að samþ. verði málaleitun menntamálaráðs. En þegar þetta kom fram í fjvn., en þar er einn maður, sem á einnig sæti í menntamálaráði, þá lýsti hann því yfir, að hann stæði ekki að þessari málaleitun og væri á móti henni. Hann færði þó engin rök fyrir máli sínu, en hélt langa ræðu um það, hve síðasta styrkjaúthlutun menntamálaráðs væri ranglát og ósanngjörn, en það er vitað mál, að honum hefur sárnað það að geta ekki lengur ráðið einn yfir þessum úthlutunum og notað þær til hagsbóta fyrir sinn flokk. (**BBen:** Hver er þessi maður?). Það er hv. þm. S.-Þ.

Ég skal svo ekki tefja mikið meira við þetta, annað en það, að við teljum nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að mæta komandi erfiðleikum. Frá okkar sjónarmiði er það nauðsynlegt að gera nú stór átök til þess að bæta um fyrir landbúnaðinum, ekki með því að ausa í hann styrkjum, heldur gera honum mögulegt að standa undir sér í framtíðinni, svo að hann þurfi ekki að lifa sem sníkjudýr á öðrum atvinnuvegum. Það er hins vegar vitað, að sumir vilja ekki, að hann geti staðið undir sér, heldur vilja þeir, að til séu fáeinir stórbændur, en að meginþorrinn séu fátækir ræflar, sem þeir geti svo haft í hendi sinni. Við teljum, að landbúnaðurinn þurfi að standa undir sér, og þar sem ríkissjóður ræður nú yfir svo miklu fé, þá teljum við rétt að leggja nú fram 4 millj. kr. í þessu skyni.

Þá er það sjávarútvegurinn, sem er okkar traustasti atvinnuvegur og sá atvinnuvegur, sem er undirstaða fjárhagsafkomu okkar. Það vita allir, að það, sem nú kreppir einkum að honum, er, að hann vantar ný og góð skip. Við teljum því rétt að leggja nú til hliðar 10 millj. kr. til þess að kaupa síðar fyrir það ný og góð skip. Við getum látið liggja milli hluta, hvernig sé heppilegast að gera þau út eða hvort þau skuli gerð út af einstaklingum, ríki eða bæjarfélögum, en um hitt ættu menn að geta verið sammála, að það sé nauðsynlegt að kaupa nokkur ný og góð fiskiskip inn í landið og því sé rétt að leggja nú til hliðar nokkuð stóra upphæð í þessu skyni.

Þá vildi ég víkja nokkrum orðum að 17. gr., en í henni er kveðið á um styrk til slysavarna. Það er með þetta eins og annað, þegar styrkja á það, sem viðkemur sjávarútveginum eða þegar fólkið við sjávarsíðuna á í hlut, og verð ég að segja það, að mér finnst hreinasta smán að því fyrir Íslendinga að telja eftir sér, þótt veittar yrðu 100 þús. kr. til slysavarna. Í frv. eru áætlaðar 35 þús. kr. í þessum tilgangi, en meiri hl. fjvn. vildi ekki hækka þennan styrk nema upp í 50 þús. kr. Við leggjum til, að hann verði hækkaður upp í 100 þús. kr. og mundum ekki sjá eftir því, þó að það væri hærri upphæð. Ég er viss um, að fjvn. er ekki góð spegilmynd af ástandi þ., því að ég veit, að meiri hluti þm. mun ekki telja eftir sér, þó að veittar yrðu 100 þús. kr. til slysavarna hér við land.

Við þessa gr. flytjum við einnig till. um, að hluti sveitarfélaga af stríðsgróðaskatti verði áætlaður 7 millj. kr.

Við 20. gr. flytjum við brtt. um að verja til vitabygginga 700 þús. kr., en meiri hl. vill leggja fram 350 þús. kr. Sama máli gegnir um þetta atriði og um slysavarnirnar, þar sem þetta er í þágu sjávarútvegsins, þá ætti sízt að telja það eftir, þó að lögð verði fram veruleg fjárupphæð til byggingar nýrra vita. Hins vegar veit ég til þess, að nokkrir erfiðleikar eru á útvegun ýmissa áhalda, en ef þau fást ekki í bili, mætti leggja þetta fé til hliðar, þangað til hægt yrði að fá þessar vörur keyptar. Ég býst við, að hv. þm. muni líta á þetta öðrum augum en fjvn. og ekki sjá eftir 700 þús. kr. í þessu skyni.

Ég get svo farið að ljúka máli mínu, en vil taka það fram, að við leggjum til, að fjárlögin hækki tekjumegin um kr. 22,7 millj. meira en í till. meiri hl., en gjaldamegin um kr. 16,9 millj. meira en í till. meiri hl. Eftir okkar till. hækka gjöldin ekki fram yfir tekjur, heldur verður hækkunin minni gjaldamegin.

Ég vil svo enda mál mitt með því að benda frsm. meiri hl. á það, að ef hann og þeir í meiri hl. ætla að halda fast við sína till. um tekjurnar, verða þeir að færa frekari rök fyrir sínu máli. Ágreiningur okkar við meiri hl. í þessu tilfelli er nær eingöngu vegna þess, að þeir gera sinn samanburð við tekjur síðasta árs og miða þannig við verðlag, sem liðið er hjá, en hins vegar miðum við okkar samanburð við núgildandi verðlag, svo að hann getur alls ekki haldið því fram, að okkar till. séu lítt skynsamlegar.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Það verður ekki annað sagt en að þær till. fjvn., sem hér liggja fyrir, lýsi töluvert mikilli bjartsýni, og þó gætir ekki minni bjartsýni hjá minni hl. n. Aðalaukningin á tekjum fjárlagafrv., sem kemur fram frá meiri og minni hl. fjvn., byggist aðallega á hærri tollum en áætlað er í frv. Mér kemur það einkennilega fyrir sjónir, að þetta skuli koma frá minni hl. fjvn., þar sem vitanlegt er, að í minni hl. n. eru menn úr þeim þingflokki, sem vill láta lækka vísitöluna með afnámi tolla, en hér byggir minni hl. sínar glæsilegu áætlanir um aukin útgjöld til ýmissa þarfa á miklu meiri hækkun tolla frá því, sem meiri hl. gerir ráð fyrir, hvað þá sem ríkisstj. gerði nokkru sinni áætlun um. Af þessu álykta ég það, að flokkur minni hl. n. muni vera horfinn frá þeirri stefnu sinni, sem ég áðan gat um. Þessi bjartsýni fjvn. hlýtur að sjálfsögðu að setja sitt mark á frv., sníða því víðari stakk og gefa því talsvert annan svip en það upprunalega var.

Ég skal þá víkja að nokkrum atriðum í brtt. meiri hl. Í nál. gerir n. það að umræðuefni, að það hafi orðið henni til tafar, að hún fékk ekki yfirlit um tekjur og gjöld ársins 1942, fyrr en alllangt var liðið á starfstíma hennar. Ég vil taka það fram til þess að fyrirbyggja misskilning, að það hefur löngum verið venja í fjvn. að byggja á þeim bráðabirgðatölum, sem legið hafa fyrir um hver áramót og gefnar voru hér á þinginu eftir áramótin síðustu. Fjvn. fór fram á að fá niðurstöðutölur ríkisreikninganna, sem voru ekki tilbúnar, þegar hún hóf störf sín. Þessar niðurstöðutölur víkja venjulega lítið frá bráðabirgðatölunum, svo að um það má deila, hvort mikil nauðsyn sé á, að beðið sé eftir hreinum niðurstöðutölum. Það hefur hins vegar verið venja hjá ríkisbókhaldinu, að því hefur ekki verið lokið fyrr en í ágúst eða september á hverju ári, og þess vegna hafa slíkar tölur ekki legið fyrir. Nú hefur breyting verið á þessu gerð, því að gefin hafa verið fyrirmæli um, að ríkisbókhaldinu skuli vera lokið 31. marz ár hvert.

Þær aukningar á tekjum, sem n. leggur til, eru aðallega á 2. gr., viðvíkjandi tekju- og eignarskatti, vörumagnstolli og verðtolli. N. leggur til, að verðtollur verði hækkaður um 7 millj., vörumagnstollur um 3 millj. og tekju- og eignarskattur um 1½ millj., eða upp í 19,5 millj. Ég skal viðurkenna það, að samkv. bráðabirgðatölunum, sem fyrir lágu um tekju- og eignarskatt, var hann talinn mundu nema á þessu ári 22 millj., og þá sé ekki fjarri sanni að áætla hann 19½ millj. Hins vegar vil ég segja, að það sé mjög óvarlegt að áætla verðtollinn eins hátt og meiri hl. gerir, þótt hann fari miklu skemur en minni hl. Skal ég nú færa rök fyrir mínu máli.

Það, sem af er þessu ári, hefur verðtollur numið 2,6 millj. kr. á mán., og ef sama heldur áfram þá þrjá mánuði, sem eftir eru, verður tollurinn allur 31,2 millj. N. byggir sínar niðurstöður á því, að í fyrra hafi þessi tollur numið nærri 40 millj. kr. og að hann sé nú ekki lægri það sem af er þessu ári, svo að full ástæða sé því til að halda, að hann muni komast upp í sömu upphæð nú. Ég vil hins vegar benda á, að það er ekki líklegt, að þrír síðustu mánuðir þessa árs, eins og nú árar, muni verða svo miklu hærri en þeir, sem liðnir eru. Ég byggi þetta meðal annars á því, að nú hagar allt öðruvísi til um innflutning heldur en í fyrra, og minni ástæða er til að búast við miklum innflutningi á tollháum vörum. Hef ég því ekki neina trú á, að verðtollur muni komast upp í sömu fjárhæð og hann komst árið, sem leið. Ég verð því að telja, að það sé stigið á fremsta hlunn með að áætla verðtoll 30 millj. kr.

Hvað viðvíkur vörumagnstollinum gegnir hins vegar töluvert öðru máli. Ég tel, að vörumagnstollurinn, eins og nú standa sakir, sé að mörgu leyti á tryggari grundvelli en verðtollurinn. Stafar þetta af þeim breytingum, sem nú hafa orðið og eru að verða á innflutningi, og ekki sízt af því, að erfiðleikar fara vaxandi á að fá vörur frá útlöndum og einmitt á þeim vörum, sem háir tollar eru greiddir af í ríkissjóð.

Um aðra liði og aukningu á öðrum tekjuliðum hef ég ekkert sérstakt að segja. Ég geri ráð fyrir, að þessar aukningar séu nokkuð réttmætar, sem hér eru gerðar, og fer ekki frekar út í það.

Ég sé, að n. hefur gert nokkrar breyt. með því að taka inn í frv. nokkrar stofnanir, sem ekki hafa verið þar áður, og fært þær bæði gjalda- og tekjumegin. Álít ég, að þetta sé til bóta og að í framtíðinni eigi að fylgja þeirri reglu, að fjárhæðir ríkissjóðs komi sem greinilegast fram og þær stofnanir, sem undir hann heyra, komi á fjárlögin, hvort sem þær standa sjálfar undir sínum gjöldum eða ekki. Ég skal taka það fram

í sambandi við 27. lið, um bifreiðaeftirlit ríkisins, að það hafa þegar verið gerðar ráðstafanir, eins og þm. hafa tekið eftir, til þess að auka tekjur þessarar stofnunar, svo að þær hrökkvi fyrir gjöldum. Sömuleiðis er verið að gera sams konar ráðstafanir hvað snertir löggildingarstofuna.

Ég mun nú víkja máli mínu að gjöldunum. Eitt er það, sem vakið hefur athygli mína, og það er, að ekki hafa verið gerðar neinar aths. út af þeim lið, er að strandferðunum lýtur. Ég get beint athygli n. að því, að samkv. síðustu upplýsingum, sem liggja fyrir, er kostnaður við strandferðir miklu meiri en gert er ráð fyrir í frv. samkv. þeim upplýsingum, sem lágu fyrir, þegar frv. var samið. Ég mun að sjálfsögðu ræða þetta atriði út af fyrir sig við n., áður en það kemur til 3. umr. Þær aukningar, sem aðallega koma fram, eru að sjálfsögðu á 13. gr. Þar eru rúmlega 8 millj. kr., sem koma eiga til framkvæmda nú til akvega, brúargerða, kaupa á vegavinnuvélum, til hafnargerða, bryggjugerða og lendingarbóta. Það er að sjálfsögðu mjög æskilegt að geta sett þessa liði inn í fjárlagafrv., og stjórnin hefði að sjálfsögðu gert það, ef hún hefði treyst sér til þess að auka jafnmikið tekjurnar og ef legið hefðu fyrir umsóknir, eins og tekið var fram við 1. umr. þessa máls, og ýmsir liðir hefðu verið fyrir hendi í þessu sambandi, sem ekki lágu fyrir, þegar fjárlagafrv. var samið.

Það er einn liður, sem mér þykir nokkuð fyrir, að fjvn. hefur talið sig neydda til að fella niður, og það er viðvíkjandi risnu til biskups. Hér eru grunnlaun tvö þús. kr. og verðlagsuppbót þrjú þús. kr., en engin aukauppbót. Þetta er eitthvert virðulegasta embætti landsins, en þó einna lægst launað. Þessi embættismaður hefur lægri laun en fulltrúar í ýmsum ríkisstofnunum. Mér hefði fundizt viðeigandi, að hann hefði fengið þessa risnu, sem ég held, að hann þurfi á að halda, að það sé ekki nema réttmætt að sjá ekki í við þetta virðulega embætti, þar sem þessi embættismaður hefur lægri laun en hann á að hafa.

Stofnkostnaður héraðsskóla er hækkaður um 360 þús. kr. Ég hef ekkert við það að athuga, en vildi benda á það í þessu sambandi, að það lítur ekki út fyrir, að ríkisstj. hafi nokkuð vald yfir því, hvaða skólar eru reistir, hvernig þeir eru reistir eða hversu dýrir þeir eru. Í 1. stendur, að stofnkostnaður við héraðsskóla skuli greiðast að ¾ úr ríkissjóði, en ¼ af viðkomandi héraði, eftir því sem fé er veitt samkv. fjárl. eða Alþingi heimilar. Með þessu var gert ráð fyrir, því, að ekki yrði veitt annað fé en það, sem Alþ. heimilaði. Ég vil bara benda á, að þetta verður öðruvísi í framkvæmdinni, ef skólanefndir í héruðum eru einráðar um, hvers konar byggingar þær setja á stofn, því að þá byggja þær án þess að spyrja um, hvort nokkur fjárveiting sé til þess í fjárl. Þegar svo byggingunum er komið á fót, er ekki hægt fyrir Alþ. að standa á móti því, að byggingunum verði haldið áfram. Ég vil aðeins benda á þetta og tel sjálfsagt, að þessu verði breytt í það horf, að þessar byggingarn. í héruðum geti ekki gert slíkt nema með sérstöku leyfi þess embættismanns, sem þetta ætti að heyra undir.

Ég verð að segja það, að mér þykir vænt um að sjá ýmsar fjárveitingar hér, er ástæða væri til að taka upp í frv., en hins vegar er það ekki af því, að stjórnin hafi ekki fullan vilja á að taka þær upp, heldur aðeins af varfærni, vegna þess hvað fé var takmarkað, er hún hafði yfir að ráða. Ég verð að segja, að mér er ánægja að sjá fjárveitingar til fimleikahúsa, íþróttasjóða og ekki sízt til listasafns Einars Jónssonar, en eftir því, sem mér hefur verið skýrt frá, liggja listaverk þessa mæta manns undir skemmdum af vatni. Þess vegna fagna ég því, að nú verði gerðar ráðstafanir til þess, að úr þessu verði að fullu bætt.

Sama máli gegnir um byggingu sjómannaskóla. Þetta er fyrirtæki, sem margir unna og margir vilja styðja. Hins vegar er þetta stórt fyrirtæki, og má deila um, hvort réttara sé, að byggingin sé reist á langdýrustu tímum eða hvort fé verði lagt til hliðar og notað, þegar byggingarkostnaður lækkar og meiri þörf kann að verða á að veita vinnu við slíkar framkvæmdir. Hins vegar ætla ég ekki að mæla neitt á móti því, að þessari byggingu verði haldið áfram, eins og nú er komið.

Ég vil svo að endingu minnast á 22. gr. Ég tók það fram við 1. umr. fjárl., að ég teldi, að í þessari grein eigi ekkert að vera, sem teljast viss gjöld og komi til útgjalda á árinu. Ég tel, að allt slíkt eigi að taka inn í fjárl., sem greiðsluyfirlit nær yfir, ef vitanlegt er, að það kemur til framkvæmda á árinu. Sýnir þetta það, að fjárl. eru ekki rétt úr garði gerð. Hér er t. d. XI. liðurinn, sem kveður á um, að verja skuli 300 þús. kr. til byggingar nýrrar mjólkurstöðvar. Það er vitanlegt, að um þennan lið verður krafið næsta ár. Mjólkurstöðin er í byggingu og ekki efi á, að sá aðili, sem hefur með höndum þessa byggingu, hafi fulla þörf fyrir þetta fjárframlag úr ríkissjóði, og því sýnist mér sjálfsagt að setja þennan lið gjaldamegin í fjárlögin. Hér er líka næsti liður, XII. liður, sem kveður á um greiðslur á lokaviðgerð þjóðleikhússins að því leyti, sem núv. sjóður þess nægir ekki til að standast nauðsynlegar greiðslur við að fullgera byggingarnar. Það er mjög æskilegt að geta lokið þjóðleikhúsinu, en ég veit ekki um, hve stór sjóður þjóðleikhússins er. Hins vegar verð ég að segja, að það getur verið æðistór baggi, sem ríkissjóði er bundinn með þessari heimild. Sama má segja um fimm síðustu liðina; ég efast ekki um, að á næsta ári verður krafið um greiðslu á öllum þessum liðum. Ég vil því beina því til fjvn., hvort hún vilji ekki telja þá liði, sem beinlínis má búast við, að verði greiddir á árinu, til útgjalda.

Ég ætla svo ekki að fara út í smærri atriði. En ég verð þó, að öllu athuguðu, að segja það, að mér virðist ákaflega mikil bjartsýni hjá fjvn. Og það er ekkert annað að gera fyrir þá ríkisstj., sem kann að fara með völdin, en að draga svo úr útgjöldum, að tekjurnar hrökkvi, ef svo skyldi fara, að þessi áætlun bryðgist, en hins vegar er það ágætt, ef hún stenzt.

**Finnur Jónsson:** Ég hafði skrifað undir nál. með fyrirvara. Ég hafði gert aths. við áætlun um fjárgreiðslur til listamanna. Á þessu ári er greidd verðlagsuppbót á það fé, og mun fjárhæðin nema með henni um 312.000 krónum. Ég tel þörf á að hækka hana talsvert.

Á síðast liðnu ári var gert ráð fyrir heimild til fjárveitinga og varið nokkru fé í byggingarstyrk til nokkurra listamanna. Tel ég, að ríkið ætti að standa straum af þessu áfram, og vænti ég þess, að leitað verði samkomulags í þessu máli fyrir 3. umr.

Næst eru fjárframlög til stuðnings sjávarútveginum, til nýbyggingar flotans. Nú hagar svo til á því sviði, að nýbygging fiskiskipa er lítt framkvæmanleg, því að mjög er erfitt að fá skip smíðuð. Þó tel ég, eftir eftirleitunum, sem fram hafa farið, að hægt muni vera að fá skip smíðuð í Svíþjóð, þannig að þau yrðu tilbúin til veiða um það bil, sem styrjöldinni kynni að ljúka, í síðasta lagi. Ég álít, að þar sem fiskiflotinn hefur gengið mikið saman á undanförnum stríðsárum, beri að sjálfsögðu að nota hvert tækifæri til þess að fá bætt úr þeim vandræðum, sem fyrirsjáanleg eru í þessu efni. Tel ég sjálfsagt, að möguleikinn til þess að fá fiskiskip byggð í Svíþjóð verði tekinn til athugunar.

Ég ætla ekki að fara mikið út í að ræða fjárlagafrv. En ég vil lýsa yfir, að ég er þeirrar skoðunar, að leggja beri fram verulegt fé til verklegra framkvæmda. Minni hl. fjvn. vill fara lengra en ég tel æskilegt í þessu efni, og ber minna á milli mín og meiri hl. Tel ég, að eftir útliti um tekjur ríkissjóðs megi segja, að till. meiri hl. geri ráð fyrir um 10 af hundraði fyrir vanhöldum, og álít ég það sæmilega varlega tekjuáætlun.

Hæstv. fjmrh. sagði, að till. meiri hl. lýstu mikilli bjartsýni um tekjur ríkissjóðs. Ég tel, að þær lýsi heilbrigðu áliti og heilbrigðri varfærni. Hæstv. fjmrh. benti á, að verðtollurinn kynni máske að bregðast eitthvað. Hann er tekinn af verði varanna, kominna í höfn hér, og flutningsgjöld eru hækkandi. Held ég, að í þessu efni sé ekkert að óttast.

Hæstv. fjmrh. gat þess, að ef tekjur ríkissjóðs minnkuðu, yrði að draga úr útgjöldum ríkisins sem mest. Tel ég það ekki fært að því er snertir fé til verklegra framkvæmda. Ég held, að heldur verði að finna nýjar leiðir til öflunar tekna, ef tekjustofnar þeir, sem Alþingi byggir á, kynnu að bregðast eitthvað. Ég álít það tvímælalausa nauðsyn að leggja fé til hliðar til verklegra framkvæmda og séð verði um, að því verði ekki eytt til annarra framkvæmda.

**Eysteinn Jónsson:** Ég mæli hér fyrir tveimur brtt. Annarri þeirra er þegar útbýtt. Er hún á þskj. 331, 11. liður, og flytja hana með mér hv. 2. þm. N.-M. og hv. 1. þm. S.-M. Hún fer fram á, að veitt sé fé til byggingar dýralæknisbústaðar á Austurlandi.

Sú er saga þessa máls, að fyrir um það bil tveimur árum var samþ. hér, að keypt væri jörð ásamt húsum á Austurlandi, og væri hún þannig sett, að hún væri sæmilegur aðsetursstaður fyrir dýralækninn. En ekki hefur orðið úr framkvæmdum. Heimildin er fallin úr gildi að forminu til. Hæstv. atvmrh. hefur tjáð mér, að hann vildi gjarnan eiga hlut að því að leysa húsnæðisvandamál dýralæknisins, en hann telur sig þurfa til þess fulltingi Alþingis. Þetta mál hefur verið athugað í fjvn., en hún hefur ekki tekið fjárveitingu í þessu skyni í fjárlagafrv., og því höfum við flm. talið rétt að taka málið upp með þessari brtt. Viljum við gefa fjvn. tóm til að taka málið upp, ef henni þykir það þægilegra á annan hátt en hér er um að ræða. En við vildum vekja máls á því við þessa umr. Það virðist gilda um dýralækna almennt, að ríkið eigi að sjá þeim fyrir heppilegum bústað. Fyrir þá hefur skammarlega lítið verið gert. Þeir hafa verið á hrakhólum og átt erfitt uppdráttar, og hafa bændur oft haft lítil not af þeim. Þeir hafa orðið að taka sér bústað þar, sem hefur verið lítt mögulegt að ná til þeirra, og liggur í augum uppi, hve skaðvænlegt það er fyrir þá, sem þurfa að leita til þeirra. Það er því hið mesta nauðsynjamál að ákveða fasta aðsetursstaði fyrir dýralækna landsins.

Ég vil nú vonast til þess, að hv. fjvn. vildi taka þetta til athugunar. Og okkur þætti náttúrlega vænt um það flm., ef n. treysti sér til þess að mæla með þessari till. og hv. þm. veittu henni brautargengi.

Hin brtt., sem ég ætlaði að mæla fyrir, er ekki enn komin fram. En ég vil nú biðja hæstv. forseta að gera ekki aths. við það, þó að ég mæli fyrir henni nú, til tímasparnaðar, því að ég get ekki séð, að það sé ástæða fyrir mig til að taka tvisvar til máls, þar sem ég stend aðeins að tveimur till., þó að þessi till. sé ekki komin fram enn. Ég flyt þá brtt. í umboði hv. þm. N.-Þ., sem ekki getur mætt hér í þinginu. Þessi brtt. er við brtt. hv. fjvn. um vegamál á þskj. 296, við þann lið, sem nefndur er Kópaskers- og Raufarhafnarvegur. Brtt. fer fram á, að þessi fjárveiting verði færð úr 50 þús. kr., sem hv. fjvn. hefur nú lagt til við þessa umr., og upp í 80 þús. kr. — Nú sé ég, að hv. formaður fjvn. hefur farið út, en ég ætlaði honum sérstaklega að heyra það, sem ég segði um þetta mál, en náttúrlega má koma þessu til hans. — Þannig er ástatt um þennan veg, að leiðin milli Kópaskers og Raufarhafnar er 52 km. Á Raufarhöfn hefur verið reist mjög stór síldarverksmiðja. Þessi leið hefur verið það, sem kallað er bílfær, en þó með þeim annmörkum, að bílar hafa verið, að mér er sagt, 3 til 4 klukkutíma að fara þessa leið, og liggja þó öll ökutæki undir skemmdum, sem um veginn fara. Nú eru hins vegar orðnar miklar samgöngur um þessa leið og mikil flutningaþörf. Og fyrir löngu er Raufarhöfn orðin verzlunarstaður, þar sem er útibú kaupfélagsins á Kópaskeri. Og vegna þess, hvernig strandferðum er háttað, er það svo, að flutningar á nær allri verzlunarvöru, sem til Raufarhafnar er flutt, fara fram um þessa leið frá aðalstöðinni, kaupfélaginu á Kópaskeri. Og vegna síldarverksmiðju ríkisins þarna er mikil umferð af fólki um þessa leið, sem sérstaklega sækir til síldarverksmiðju ríkisins á Raufarhöfn, og má öllum vera skiljanlegt, að svo hlýtur að vera. Í þriðja lagi er svo þess að geta, að

frá Raufarhöfn er flutt landleiðina allt það síldarmjöl, sem notað er í Norður-Þingeyjarsýslu, og þó meira heldur en það, sem þar er notað. Og jafnvel er það flutt þaðan landleiðina suður og austur í Norður-Múlasýslu. Það mun því augljóst öllum, sem þetta mál athuga, að það er feikimikil þörf á því, að þessi vegur verði lagfærður stórlega frá því, sem nú er, og endurbættur gagngert. En 50 þús. kr. mundi reynast mjög lítil fjárhæð í þessu skyni, eins og kaupgjaldi er nú háttað.

Mér er vel ljóst, að hv. fjvn. hefur lagt mikla vinnu í það að jafna niður vegaframlögum svo sem bezt má fara og taka hæfilegt tillit til óska þingmanna. Það er mikið vandaverk, sem ég býst við, að fjvn. hafi yfirleitt farizt vel. En þó vildi ég fyrir hönd þessa fjarstadda þm. fara eindregið fram á það, að n. vildi athuga þetta mál alveg sérstaklega. Og hygg ég, að allt mæli með því, að till. n. um þetta verði endurskoðuð. Ég skal taka það fram, að ég er fús til þess, ef hv. n. þykir betur á því fara, að taka þessa till. aftur til 3. umr.

Ég mun ekki ræða fjárlfrv. almennt. En ég vil þó taka undir eitt atriði, sem kom fram í ræðu hv. þm. Ísaf. Hann spurðist fyrir um það hjá hæstv. fjmrh., hvort ríkisstj. væri ekki ráðin í því að nota heimild, sem nú er fyrir hendi í gildandi fjárl. og fyrirhugað er að verði í fjárl. fyrir árið 1944, til þess að leggja til hliðar á sérstakan reikning eða færa til hliðar í bókhaldi hjá sér þær fjárhæðir, sem veittar eru til verklegra framkvæmda, en eigi eru notaðar. Ég vildi taka undir það, að ég teldi mjög æskilegt, að hæstv. ríkisstj. vildi gefa þinginu upplýsingar um sína stefnu að þessu leyti. Ég fyrir mitt leyti legg ákaflega mikið upp úr því, að þetta sé gert. Ef þetta er gert, þá má gera ráð fyrir því — eins og nú horfir um þetta mál —, að það myndist þarna eins konar varasjóður til nauðsynlegra framkvæmda, sem Alþ. er nú búið að samþ., að þurfi að gera, og getur komið sér ákaflega vel fyrir alla hlutaðeigendur, þegar aftur verða skilyrði til þess að koma fram þessum framkvæmdum. En færi það nú svo, að það lægi ekki alveg ljóst fyrir, að ríkisstj. ætlaði að nota sér þessa heimild, þá er stórkostleg hætta á því, að menn kepptust við, og það af meira kappi en forsjá, að eyða þessum peningum nú þegar, og að það geti orðið það mikið kapp í því, að það verði lagt í framkvæmdir gersamlega að ófyrirsynju. Ég er sannfærður um það, að ef þing og ríkisstj. gætu orðið sammála um þessa stefnu, sem gert er ráð fyrir í frv., og það lægi alveg ljóst fyrir, t. d. fyrir næsta sumar, með yfirlýsingu ríkisstj. við umr. þessara fjárl., þá mundi það mikið orka á menn um að hugsa skynsamlega um framkvæmdir þeirra mannvirkja, sem þessar fjárhæðir eru ætlaðar til. Ég vil því eindregið taka undir það, að það væri æskilegt, að hæstv. ríkisstj. skýrði þinginu frá stefnu sinni að þessu leyti. Og mér fyndist mjög heppilegt, að hún væri á sömu skoðun um þetta atriði, — sem ég reyndar hef álitið, að hún væri.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Út af fyrirspurnum þeirra hv. þm. Ísaf. og hv. 2. þm. S.-M. út af því fé, sem verða kann afgangs af því fé, sem á að nota til verklegra framkvæmda, þá hef ég áður lýst yfir því, að vegamálastjóra hafa á þessu ári verið gefin fyrirmæli um það, að það fé, sem ekki yrði notað til þessara framkvæmda, yrði lagt til hliðar á sérstaka reikninga. Ég fyrir mitt leyti er alveg fylgjandi þeirri stefnu, að þetta sé gert, og að það væri einnig gert fyrir næsta ár. En ég vil bara taka það fram, að frá minni hálfu er það að sjálfsögðu háð því, að þessar tekjur, sem til þess þarf, séu til staðar í ríkissjóði. Og ég get því vel lýst yfir frá minni hálfu, ef ég hef með þessi mál að fjalla á næsta ári og ríkissjóður getur staðið straum af þeim útgjöldum, sem eru ætluð til verklegra framkvæmda, að ég mun leggja til, að það, sem ekki verður notað, verði lagt til hliðar, til þess að síðar verði hægt að nota það í því skyni, sem ætlað er. (**FJ:** En hvað um vitamálastjóra?) Það hefur, að því er ég bezt veit, venjulega verið fylgt þeirri reglu, að vitamálastjóri hefur tekið til sín það fé, sem þeim framkvæmdum er ætlað, sem undir hann heyra, og ég hygg, að hann hafi einhverja sjóði í sínum vörzlum, sem þannig eru til komnir.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Hæstv. fjmrh. talaði hér fyrst við þessar umr. um það, að sér virtist kenna mikillar bjartsýni í brtt. þeim, sem fram eru komnar frá meiri hl. og minni hl. fjvn. Ég held, að það sé rétt fyrir okkur við þessa 2. umr. málsins, þegar það er í raun og veru til umr., hvaða stefnu skuli taka í sambandi við fjármálastjórnina á næsta ári, að gera okkur ljóst, hvort það er á valdi okkar sjálfra, hvort við höfum rétt til þess að vera bjartsýnir á þessi mál eða ekki. Ég held, að óhætt sé að ganga út frá því — og mér virðist það líka koma fram hjá flestum —, að þessi fjárl., sem er verið að semja, séu fyrir ár, sem verði í raun og veru nokkurs konar eftirstríðsár. Það er gengið út frá því, bæði í þessari viðvörun hæstv. fjmrh. og eins virðist mér það vera í álitum beggja hluta hv. fjvn., að það muni ekki verða þá við samsvarandi árferði að búa, fjárhagslega séð, og verið hefur á undanförnum árum, sem sé, að þær tekjur, sem landsmenn hafa haft í sambandi við stríðið, muni ekki verða a. m. k. eins miklar á næsta ári — tekjur, sem við ekki ráðum við, — eins og þær hafa verið á undanförnum árum. Setjum nú svo, að þetta verði reyndin, að á árinu 1944 muni stríðinu ljúka snemma á árinu og atvinnulíf okkar og tekjur og þar með tekjur ríkissjóðs mótist af því, að þetta verði eftirstríðsár, — þá ætti okkur að vera því fremur áhugamál að athuga, hvernig við getum hagað svo til, að við höfum rétt til þess að vera bjartsýnir. Á undanförnum árum hefur það orðið þannig, án þess að við höfum beinlínis að gert, að miklar tekjur hafa komið í ríkissjóðinn. Nú hins vegar, ef viðhorfið kynni að breytast á þann veg, að næsta ár yrði nokkurs konar eftirstríðsár, þá liggur fyrir okkur að athuga, hvort við gætum skipulagt það sjálfir, að við fengjum þessar tekjur. Og ég vil í því sambandi leyfa mér að benda á, að svo mikið sem Ísland hefur getað selt af afurðum á undanförnum tíma vegna

styrjaldarinnar, þrátt fyrir þá erfiðleika, sem við það voru tengdir að flytja vörur yfir hafið, þá mundu, frá öllu venjulegu sjónarmiði séð, möguleikarnir til þess að selja eiga að vera margfalt meiri, ef stríðinu lyki snemma á næsta ári og Íslendingar bæru sig að því að reyna að uppfylla eitthvað af þeirri gífurlegu þörf, sem verður að stríðinu loknu fyrir vörur, sem við framleiðum. Við Íslendingar framleiðum það mikið af mat, og sérstaklega sjávarafurðir, að sú grein framleiðslu okkar slagar hátt upp í það, sem stórþjóð eins og Englendingar framleiðir. Þörfin fyrir þessa vöru okkar er svo gífurleg í þeim löndum Evrópu, sem enn eru lokuð, að svo framarlega sem ekki strandar á einhverjum málum innanlands eða okkur sjálfum, þá ætti að vera auðséð, að öll okkar framleiðsla og allt okkar atvinnulíf ætti að taka stórfelldum framförum við það, að Evrópumarkaðurinn opnaðist fyrir okkur. Vitanlega þarf að uppfylla ýmis skilyrði til þess að þetta sé hægt. Það þarf að tryggja okkar gjaldeyris- og gengismál, að samkeppnismöguleikar okkar séu í lagi og framleiðslutæki okkar, bæði þau, sem við eigum, og hugsanlegt er, að við getum útvegað okkur. Og síðast en ekki síst þyrfti að tryggja það, að ekkert tækifæri verði látið ónotað til þess að gera svo hagfellda samninga sem hægt væri við þau erlendu ríki og þjóðir, sem vilja ekkert frekar en að fá okkar vörur, en eins og alltaf munu sjá ýmis vandkvæði á því út af verðlagi og flutningi. En ef ekki á að stranda á okkar eigin hæfileikaleysi eða framtaksleysi eða öðrum göllum, sem á okkar atferli kynnu að vera, ætti að vera gefið, að okkar atvinnulíf eftir stríðið gæti staðið með meiri blóma en nú, meðan stríðið stendur. En það verður því aðeins, að við verðum viðbúnir að gera ráðstafanir til þess að verða viðbúnir til þess að nota okkur þá aðstöðu, sem við þá höfum til þess að ná til mjög mikils markaðar fyrir okkar vörur, sem þá verður, og til þess að uppfylla þarfir sveltandi manna. — Ég held því, að það sé undir okkur sjálfum komið, hvort við höfum rétt til þess að vera bjartsýnir við samning þessara fjárl. Ég held, að það sé undir því komið, hvaða þjóðfélagslegar ráðstafanir við gerum samtímis því, að við samþ. þessi fjárl. viðkomandi okkar atvinnulífi á ýmsum öðrum sviðum.

Og þá kemur strax fyrsta spursmálið í sambandi við þetta, sem er, hvort við Íslendingar viljum, að okkar atvinnulíf standi í blóma á næsta ári og framleiðsla okkar verði rekin með fyllri krafti heldur en nú er, eða hvort við óskum eftir því beinlínis að fá yfir okkur atvinnuleysi og hrun. Það hafa komið fram úr vissum áttum hér í landinu mjög oft endurteknir spádómar um það, að eftir stríðið geti ekkert tekið við fyrir Íslendingum nema atvinnuleysi og hrun. Ég býst við, að Ísland sé einasta landið í veröldinni, þar sem ráðamenn í stjórnmálum hafa þá ósvífni til að bera að voga sér að bjóða þjóð sinni upp á annað eins og segja eða halda fram, að það, sem eigi að taka við eftir þessa styrjöld, sé atvinnuleysi og hrun. Það er vitanlegt, að hver einasti stjórnmálaleiðtogi helztu landanna í hópi lýðræðisríkjanna lýsir því nú yfir, að það nái ekki nokkurri átt, að eftir þessa styrjöld eigi þjóðirnar aftur að búa við það atvinnuleysi og hrun eins og var fyrir hana. Það er vitanlegt, að hjá íslenzku þjóðinni, eins og öðrum þjóðum, er nægur vilji til þess að gera þær ráðstafanir, sem þarf til þess að koma í veg fyrir þetta. Það er ekkert, sem menn óttast meira og fjöldinn vill síður en atvinnuleysi og hrun. Spurningin, sem þess vegna liggur fyrir — einnig í sambandi við afgreiðslu þessara fjárlaga — er, hvort Alþ. vill gera ráðstafanir til þess að hindra það, að atvinnuleysi komi aftur yfir okkar þjóð. Við vitum, hvað atvinnuleysi mundi koma til með að þýða, ekki aðeins fyrir verkamenn í kaupstöðum, heldur líka fyrir bændur í sveit. Við munum enn ástandið 1931, þegar þúsundir verkamanna gengu atvinnulausir á möl inni og bændur voru að flosna upp tugum og jafnvel hundruðum saman og skuldabaggarnir voru sífellt að þyngjast. Ég býst við, að í raun og veru þurfi ekki að ræða það mál, hvort meiri hluti þjóðarinnar óskar eftir því, að slíkt atvinnuleysi komi aftur. Hins vegar eru þessar síendurteknu spár frá hálfu leiðandi stjórnmálamanna í landinu, eins og hv. þm. S.-Þ. (JJ), um það, að atvinnuleysi og hrun muni koma eftir stríðið. Og afstaða þessara manna til slíkra mála hér á þingi virðist vera þannig, að þeir beinlínis ætlist til þess, að þetta komi. Nú er vitanlegt, að það er einmitt þessi sami hv. þm., sem manna mest hefur talað um þetta í landinu, og meira að segja virðist hann vera að skera upp herör til þess að búa ákveðna stétt manna undir bardaga og blóðsúthellingar í slíku sambandi, því að hann er sá maður, sem að mestu leyti ræður í fjvn. Svo að það mundi engan undra, þó að afgreiðsla fjárl. nú væri að einhverju leyti í samræmi við það, sem ekki verður betur séð en að séu óskir þessa manns. Það er líka vitanlegt, að það hefur nú orðið allmikill ágreiningur í fjvn., og að því er virðist eftir nál. er hann sérstaklega um tvennt. Í fyrsta lagi, hvernig áætla skuli tekjurnar, og í öðru lagi, hvernig verja skuli gjöldum. Við ákvörðun teknanna er auðséð, að meiri hl. fjvn. — sem auðsjáanlega lætur stjórnast af hv. þm. S.-Þ. — vill líta svona ekki sérstaklega bjartsýnt á þetta, heldur vill ganga út frá því, að á næsta ári fari atvinnuleysi og hrun að byrja. Og hvað gjöldin snertir og það, hvernig verja skuli þeim, virðist þessi meiri hl. ganga út frá því, að ekki skuli gera stórtækar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að atvinnuleysi komi á næsta ári. Minni hl. fjvn. hefur, að mér virðist til prufu, lagt fram sérstaklega sínar brtt., sem ég vildi gera að umtalsefni, sem hlýtur að vera prófsteinn á það, hvað Alþ. vill af mörkum leggja til þess að skapa öruggari atvinnu hér á næsta ári og árum heldur en var fyrir stríð, en till. minni hl. fjvn. er um 10 millj. kr. framlag til byggingar fiskiflotans. Það er vitanlegt, og þarf ekki að fara mörgum orðum um það hér, að öll okkar atvinnuaukning, að svo miklu leyti sem hún á að vera eðlileg, hlýtur að beinast að sjávarútveginum. Og möguleikarnir til þess að skapa þessa aukningu flotans hljóta fyrst og fremst að vera því skilyrði bundnir, að við leggjum eitthvert fé til hliðar til þess

að koma upp þeirri aukningu flotans, Við vitum allir, að með því að leggja 10 millj. kr. í ný fiskiskip getum við fljótar skapað aukna framleiðslu eftir stríð, sem að gagni komi, heldur en með því að leggja þetta fé í iðnað eða landbúnað. Því að það er mín skoðun, að strax eitt eða tvö ár eftir stríðið hljóti að verða þau ár, sem markaðsmöguleikar fyrir Ísland verði þeir mestu, sem við nokkurn tíma höfum kynnzt, og að þá ríði á því, að fiskifloti okkar verði eins mikill og mögulegt er. Ég skal hins vegar ekkert draga úr þeim stóru vandkvæðum, sem á því verða að fá fiskiflotann aukinn strax upp úr stríðinu, né heldur þeim vandkvæðum, sem stafa af því, að það verður vafalaust reikningslega séð ópraktiskt að láta byggja skip strax eftir stríðið. Þau verða þá dýrari en seinna, — en hins vegar koma þau þá nógu snemma til þess að gefa miklu meira af sér en þau koma til með seinna. Hins vegar er vitanlegt, að við mundum e. t. v. geta nú þegar gert einhverjar ráðstafanir til þess að afla okkur þessa fiskiflota, ef við værum ákveðnir í því nú þegar að gera það. Ég veit ekki, hvort það hefur verið rannsakað enn, en gott væri vafalaust að fá hugmynd um það, hvort reynt hafi verið að fara fram á það t. d. við Svía, að þeir byggðu skip fyrir okkur á meðan á stríðinu stæði, ef þeir gætu afkastað því. Og við þurfum að gera okkur grein fyrir, hvort við álítum rétt, að við verðum að taka ákvörðun um þetta strax í sambandi við fjárl., sem nú er verið að afgreiða. Ég býst ekki við því, að þeir einstaklingar í hópi útgerðarmanna, sem undanfarin ár hafa fengið sérréttindi af hálfu ríkisvaldsins til þess að leggja fé í nýbyggingarsjóði, muni láta byggja skip strax upp úr stríðinu. Ég býst við, að þeir muni reikna dæmið þannig kalt og rólega út, án tillits til þjóðarnauðsynjar: Skipin verða ódýrari, þegar nokkuð langt er liðið frá styrjaldarlokum, og peningarnir þess vegna meira virði. Ef þeir sjá til þess, að atvinnan verði sem minnst eftir stríðið, þá geta þeir sett kaup verkamanna niður. Þeir geta hugsað sem svo, að það sé í þeirra þágu að fá atvinnuleysistíma upp úr stríðinu. Ég get því búizt við, að þeir mundu alls ekki byrja á því á næsta ári, þó að stríðinu lyki í vetur, að fara að láta byggja skip. En frá sjónarmiði ríkisins lítur þetta allt öðruvísi út. Það væri eðlilegt, að ríkið liti svo á, að það væri hagkvæmt fyrir þjóðina að fá skipaflota, eins mikinn og hægt væri að byggja, undireins og geta sett svo mikinn kraft á sjávarútveginn sem frekast væri unnt, ekki aðeins til þess að fyrirbyggja atvinnuleysi, heldur líka til þess, að þjóðin geti notað sér þá markaði, sem opnast okkur að styrjaldarlokum.

Ég held, að við Íslendingar höfum ekki áttað okkur á, hvernig veröldin er í kringum okkur, ef við höldum, að við getum staðizt með okkar þjóðarbúskap án þess að beita okkar sterkasta samtakamætti, í þessu tilfelli ríkisvaldinu, til þess að tryggja okkur atvinnulega út á við svo vel sem unnt er. Ég held því, að ef við viljum ekki ganga inn á, að ríkið hafi afskipti af að byggja fiskiskipin, þá sé eitt af tvennu, annaðhvort kalkaður hugsunarháttur, sem tekur ekkert tillit til staðreyndanna í heiminum, eða þá að menn beinlínis vilja stefna að því að gera þeim, sem vilja fá atvinnuleysi, mögulegt að fá það. Ég álít þess vegna, að till. minni hl. fjvn. um 10 millj. kr. framlag til byggingar fiskiskipa sé eins konar prófsteinn á forsjálni okkar þings. Ég vil taka það fram, að ég skil þessa till. ekki þannig, að þar sé átt við, að ríkið eigi að eignast þessi skip, þ. e. a. s., að þar sé verið að slá föstu því prinsípi, að ríkið skuli eiga fiskiflotann. Aðalatriðið er, að ríkið eigi framtakið um, að skipin verði byggð, vegna þess að það þyki ekki rétt að treysta framtaki einstaklingsins í því atriði. Ef til vill verður ópraktiskt reikningslega séð að byggja skip strax eftir stríðslok, og það er eðlilegt, að ætlazt sé til þess, að ríkið taki á sig nokkurn halla af slíku, af því að það mun hins vegar tryggja ríkinu þann framtíðarhagnað, sem mun af því stafa, að sjávarútvegur okkar geti verið sem mestur þegar eftir stríð. Það þarf því ekki að hindra neinn frá að standa með þessari till., hvaða form eigi að vera á okkar fiskiflota. Ég vil því biðja hv. þm. að íhuga þessa till. mjög rækilega og láta í ljósi skoðun sína um, hvort þeir telji ekki nauðsynlegt, að ríkið hafi afskipti af þessum málum. Ég býst ekki við, að neinum ógni upphæð sú, sem hér er um að ræða. Þing, sem nýlega hefur fengið tilkynningu um, að eigi að borga 9 millj. kr. uppbót á gærur frá 1942, þarf ekki að láta sér vaxa í augum að leggja 9—10 millj. kr. í að byggja upp fiskiflotann. Við vitum, að þetta er ekki eyðslufé, heldur fer það til eignaaukningar ríkisins. Það er fé, sem er beinlínis sparað og getur gefið stórfelldar tekjur beint og óbeint.

Það er venjulega svo við 2. umr. fjárl., að þá kemur ekki fram nema nokkur hluti brtt. við fjárl., en meginið er látið koma við 3. umr. Ég ætla því ekki að sinni að gera margt fleira að umtalsefni en þessa till., meðfram vegna þess, að ég álít, að afstaða okkar til vandamála þjóðfélagsins markist mikið af því, hvað verður um þessa till., og á því sjáist, hvaða tökum þingið ætli að taka vandamál þjóðfélagsins.

Það þarf enginn okkar að hugsa sér, að hér verði sama þjóðfélag eftir stríðið og var 1939, þegar stríðið hófst. Hver, sem hugsar slíkt, hann mun reka sig á, að fólkið mun alls ekki sætta sig við það. Það er grafinn sá lýður, sem vill beygja sig undir annað eins og landbúnaðarkreppuna 1931 og atvinnuleysisárin 1933—1939. Menn vita, hvað vinnuaflið getur gefið, ef þeir fá að vinna. Menn koma ekki til með að sætta sig við annað en að hafa tækifæri til að vinna alla daga ársins, sem þeir vilja vinna, og menn óska eftir að mega vinna að því, sem hagnýtast er fyrir land og þjóð og þá sjálfa. Það er því vitað, að Alþingi, sem er sú stofnun, sem þessu getur ráðið og á að ráða, kemur til með í fjárl., sem gilda eiga fyrir árið 1944 ,að marka stefnuna um þetta, og það er það, sem ég held, að sé nauðsynlegt, að komi greinilega fram við þær umr., sem hér verða.

Ég vil svo að síðustu minnast nokkrum orðum á það, sem hæstv. fjmrh. var að segja um till. sósíalista. Hann var að tala um, að áætlunarupphæð sósíalista á tekjunum væri mjög há, en

hins vegar vildi Sósfl. afnema tolla af nauðsynjavöru til að lækka dýrtíðina. Það er alveg rétt, Sósfl. er með því að lækka tolla á nauðsynjavörum til að lækka dýrtíðina. Hins vegar hefur það áhugamál okkar fengið svo daufar undirtektir í þinginu, að við sjáum enga von til að fá því komið fram. Við reyndum þetta í einu atriði, tolli af ávöxtum, það hefði kostað ríkið á annað hundrað þús. kr. Það var kolfellt. Við sjáum því ekkert færi á að geta fengið þetta fram eins og sakir standa. Tollalögin eru í gildi, og fjárl., sem við erum að semja, verða miðuð við, að þau verði í gildi, hvort sem okkur þykir ljúft eða leitt. Þess vegna álítum við rétt að áætla tollana eins og líkur eru til, að þeir verði, en ekki lægra. Meðan þessir leiðu tollar eru í gildi, viljum við reyna að fá því framgengt, að það fé verði notað þannig, að það komi að sem mestu gagni fyrir alþjóð. Þess vegna er engin mótsögn í þessu, eins og hæstv. fjmrh. vill vera láta. Væri það hins vegar svo, að hæstv. stj. eða einhverjir flokkar vildu standa að því, að breytt yrði um í dýrtíðarmálunum og tekin upp sú stefna að afnema tolla af nauðsynjavörum, mundi ekki standa á okkur að koma með brtt. í þá átt við fjárl. Hins vegar verðum við, meðan þetta er allt óbreytt, að standa á grundvelli staðreyndanna, alveg eins og hæstv. ríkisstj. gerir í sjálfstæðismálinu.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns benda á, að æskilegt væri, að hv. fjvn. væri hér til að hlusta á þau mál, sem hér eru borin fram sérstaklega til hennar. Ég sé, að hv. frsm. er hér og hv. form. er að koma. Mér finnst minnsta krafa, sem hægt er að gera til n., sé það, að hún sé hér, þótt það sé erfitt verk, til að hlusta á þau mál, sem fram koma, en það er þó ekki meiri kross en er lagður á hæstv. forseta Sþ. Ég veit ekki, til hvers umr. eru um fjárl., þegar fjvn., sem ræður mestu, hvernig þessi mál eru útkljáð, er ekki viðstödd til að hlusta á mál manna og þau rök, sem þar koma fram. Mér finnst alveg sjálfsagt, að hún kynni sér sem bezt, hvaða óskir þm. hafa fram að bera, því að hún á að leggja á þau síðustu hönd, áður en Alþingi tekur sína endanlegu afstöðu.

Ég hef borið fram brtt. á þskj. 314, og vil ég náttúrlega mælast til þess við hv. frsm. meiri hl., fyrst hann einn allra nm. er hér við, að hann komi aths. mínum til n. (**Forseti (FJ):** Það eru fleiri við en hann). Já, hæstv. forseti einnig, — það er rétt.

Ég flyt hér brtt. um að veita 25 þús. kr. til símalínu í Suðurfjarðahreppi. Ég vil minna á, að þessi lína var tekin í símalög árið 1935 ásamt fjölda mörgum öðrum símalínum, og þetta er ein af mjög fáum línum, sem eftir er að leggja frá þeim tíma, en aðrar línur hafa verið lagðar, sem hafa komið löngu síðar. Ég skal viðurkenna, að hv. fjvn. hefur fallizt á till. póst- og símamálastjóra að taka Barðastrandar- og Skálmarneslínu í fjárl. nú, en það er rétt, að þetta sé látið fylgjast að, og vil ég í því sambandi benda á, að nýlega upplýstist, að Barðastrandarsýsla er þriðja sýslan neðan frá um vanrækslu í símamálum á landinu. Mætti það vera hv. fjvn. nokkur leiðarvísir, þegar hún er að úthluta fé úr ríkissjóði til nýbygginga og endurbóta á símalínum landsins. Það hefur verið samþ. að veita fé til að bæta úr erfiðleikum á Djúpuvík og talað um að leggja þangað fjölsíma. Ég sé engum ofsjónum yfir því, en ég vil leyfa mér að benda á, að það er engu minni nauðsyn, að slíkt verði gert fyrir Patreksfjörð, þar sem er miklu meiri atvinnurekstur, sem er stundaður allt árið, en á Djúpuvík. Ég treysti því hv. fjvn. að taka þetta mál til athugunar, og í trausti þess vil ég taka þessa till. aftur til 3. umr., ef það mætti verða til þess, að samkomulag yrði um till. við n.

Þá hef ég einnig flutt 4 brtt. um framlög til vega. Í því sambandi vildi ég sérstaklega ræða við hv. frsm. meiri hl. Þegar hann ræddi um skiptingu vegafjár milli einstakra héraða á landinu, sagði hann, að n. hefði reynt að taka tillit til óska þm. um framlög til vega og hann óskaði því eftir, að þm. tækju aftur þær till., sem þeir hefðu flutt um frekari fjárframlög á því sviði, en ef þeir væru ekki svo auðsveipir að gera það, þá skoraði hann á þm. að fella þessar till. Hv. 2. þm. S.-M. staðfesti í sinni ræðu, að hér hefði hv. fjvn. tekizt giftusamlega, þó að út undan hefði orðið vegur í Norður-Þingeyjarsýslu. Í sambandi við þetta vil ég mega spyrja hv. frsm. meiri hl. og aðra nm., eftir hvaða meginreglu fjvn. úthluti vegafénu. Hér er skipt milljónum milli einstakra héraða, og ég læt mér ekki detta í hug, að það sé gert úr í bláinn, heldur sé fylgt einhverri fastri reglu. Ég get hugsað mér, að það sé gert með tilliti til samgönguþarfarinnar á hverjum stað, og ég get hugsað mér, að það sé gert með tilliti til fólksfjölda í hverju héraði eða atvinnuþörf á hverjum stað. Mér dettur ekki í hug að ætla, að hér séu látin ráða einhver ákveðin ásóknaröfl, af því að hægt sé að skapa ákveðið atkvæðamagn til að koma fram slíkum till. Nú er vitað, að það eru héruð úti á landi, sem hafa alltaf verið útundan undanfarin ár um vegaframkvæmdir. Og þegar ég sé, að fjvn. gerir till. um að setja inn í fjárl. nýjan lið um að veita 250000 kr. til Krýsuvíkurvegar, sem búið er að rífast um mörg undanfarin ár, þá dettur mér ekki í hug að halda, að það sé gert af hreinni þörf fram yfir þarfir annarra héraða. Mér dettur ekki í hug, að neinn af þeim, sem situr í fjvn., láti sér detta í hug, að meiri þörf sé að láta 250000 kr. í þennan veg nú en að leysa allra brýnustu þörf ýmissa héraða, sem nú eru að kikna undan því ástandi, sem nú er þar í vegamálum. Það ætti að vera þungt á vogarskálinni hjá hv. fjvn., að það verður ekki hjá því komizt að bæta eitthvað aðstöðu þeirra manna, sem minnst hefur verið gert fyrir í vegamálum, og þeir verða nú að ganga fyrir þeim, sem alltaf hefur verið hlúð að í þessu efni. En þetta virðist ekki hafa verið gert í þetta skiptið í fjvn. Ég vil m. a. leyfa mér að benda á, að í 26. lið í till. fjvn. er lagt til að veita 85 þús. kr. til Rafnseyrarheiðarvegar. Mér dettur ekki í hug að koma með þetta dæmi af því, að þessi vegur sé ekki nauðsynlegur, en ég vil aðeins taka þetta dæmi til samanburðar, því að það hefur einnig verið ætlazt til, að 80000 kr. færu í Barðastrandarveg. Samanburður á þessum tveim-

ur vegum er sem hér segir: Barðastandarvegur á að tengja hvorki meira né minna en fjóra hreppa við aðalsamgönguleiðir landsins, og þar búa ekki minna en 3000 manns. Hann á að verða til þess, að hægt sé að koma mjólk til um þúsund manns og til þess að hægt sé að skapa sæmileg lífsskilyrði íbúa annars hrepps, þar sem þessi mjólk er framleidd. Hins vegar á Rafnseyrarheiðarvegur aðeins að vera til að koma í samband einni lítilli sveit, sem nú er að hálfu leyti komin í eyði. Það getur verið, að hún sé komin í cyði meðfram af því, að hún hefur engan veg, en ég legg ekki saman þörfina á þessum vegi og þörfina á því sambandi, sem fæst með Barðastrandarveginum. En það hefur alltaf verið komið í veg fyrir, að Barðastrandarvegurinn fengi nauðsynlega fjárveitingu, svo að það er ekki að undra, að menn séu óánægðir með þær aðgerðir. Nú dettur mér ekki í hug að halda fram, að of miklu hafi verið eytt í Rafnseyrarheiðarveg, — síður en svo. Vesturkjálkinn hefur alltaf verið svo illilega útundan, að það þyrfti að tvöfalda þá upphæð, sem á nú að fara til vega þar, áður en hægt er að finna nokkurn snefil af rökum fyrir, að eigi að láta hundruð þúsunda í Krýsuvíkurveg.

Nei, hér hljóta að vera að verki einhver önnur öfl en þekking þessara manna, og leyfi ég mér því að mælast til, að þeir leiti þeirrar þekkingar hjá öðrum þingbræðrum sínum, sem hafa hana og geta gefið upplýsingar um málin, því að mér virðist, að um úthlutun vegafjárins hafi eitthvað annað ráðið hjá n. en það, hvar þörfin er mest.

Nú vil ég í trausti þess, að fjvn. taki þetta mál á ný til athugunar, taka þessar till. mínar aftur til 3. umr. Ég sendi fjvn. afrit af bréfi til stj. um framlag til þessara vega, um það leyti, sem n. hóf starf sitt. Þar var farið fram á, að fjárveiting til þessara vega væri færð upp í þá upphæð, sem þar er tekið fram, því að þar eru gerðar þær minnstu kröfur, sem hægt er að sætta sig við í þessum málum. Ég vil m. a. benda á fjárframlag til Gufudalssveitarvegar til þess að reyna að koma þeim hreppi í vegarsamband, en hann hefur nú engan vegarspotta, sem tengi hann við aðra hreppa, og enga höfn til að geta komizt að sjó til þess að geta flutt að sér þá leið. Múlahreppur og Gufudalshreppur eru nú gersamlega einangraðir, og þar er ekki hægt að flytja vörur nema á klökkum eða litlum trillubátum. Þetta er ekki að búa við sömu kjör og aðrar sveitir í þessu landi hafa nú við að búa.

Þá hef ég flutt á sama þskj. í IX. lið till. um, að teknar séu upp tvær brýr í Austur- og tvær í Vestur-Barðastrandarsýslu. Ein af þessum ám, Arnarbýla, er á leiðinni milli Patreksfjarðar og Barðastrandar, og það hefur einatt komið fyrir, að þegar búið hefur verið að fara yfir heiðina og komið að ánni, þá hefur hún verið ófær, og menn hafa orðið að snúa við, þó að ekki væri nema 100 metrar til bæja, og leggja aftur á fjallveginn 3—4 tíma ferð. Að ekki er búið að brúa þessa á, mun stafa af því, að vegamálastjóri telur, að spara megi kostnað við eina brúna, ef þær eru byggðar allar í senn. Ég legg því til, að á næsta ári verði veitt fé til að brúa Arnarbýlu á Barðaströnd, Móru á Barðaströnd, Músará í Þorskafirði og Þorskafjarðará, 35000 kr. fyrir hverja á. Það er útilokað, að hægt sé að komast yfir þessar ár á bílum. Svo að það er ekki nema hálft gagn að því að leggja fé í veginn á Þorskafjarðarheiði eða í veginn vestur úr, nema þessar ár séu brúaðar. Ég vil einnig leyfa mér, í trausti þess að hv. fjvn. taki þetta til athugunar, að taka þessar brtt. aftur til 3. umr.

Þá hef ég einnig leyft mér að flytja hér á sama þskj. brtt., sem er 12. liður, um framlag til viðhalds og endurbóta á prestssetrinu Brjánslæk, 10 þús. kr. Ég sé, að hv. fjvn. hefur hækkað framlagið til húsabóta á prestssetrum úr 80 þús. kr. upp í 100 þús. kr., sem á að fara til byggingar nýrra húsa. En hv. fjvn. hefur ekki hreyft við endurbótum á gömlum húsum á prestssetrum. Nú er svo ástatt um þennan stað, Brjánslæk, að þar er að verða mikill ferðamannastraumur, m. a. má geta þess, að mánuðina júní—ágúst s. l. sumar komu þar um 1500 manns, bæði sem gestir að degi til og næturgestir. Húsakynni eru þannig á þessum stað, að það er verið að gereyðileggja það hús, sem þar er, með vanrækslu á viðhaldi. Og staðurinn hefur verið prestslaus um langan tíma. Og vegamálastjóri, sem hefur haft með það fé að gera, sem veitt hefur verið til gistihúsa, sem liggja uppi undir heiðum, hefur ekki séð sér fært að veita af því fé til endurbóta á þessu húsi. Þetta var rætt við biskup á síðasta ári og landssímastjóra og vegamálastjóra, og þeir skrifuðu ásamt mér til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um að fá fé til þess að bæta úr þessari aðkallandi þörf þegar á síðasta sumri. Eftir að það mál hafði legið þar óhæfilega langan tíma, talaði ég við skrifstofustjórann í ráðuneytinu og bað um svar. Og dóms- og kirkjumálaráðuneytið leyfði sér þá ósvinnu að senda til baka eitthvert það ósvífnasta bréf, sem ég nokkurn tíma hef séð koma frá slíku ráðuneyti. Og ekki einasta það, heldur leyfði skrifstofustjórinn í þessu ráðuneyti sér að senda líka óhróðurs- og áróðursbréf til ýmissa málsmetandi manna út um landið. Þetta eru viðtökurnar, sem þetta mál fékk hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Ég átti svo langt tal við biskup á eftir um þetta, sem ásamt mér var undrandi yfir þessum móttökum. En við þessu var ekkert hægt að gera, heldur varð að fara þá leið að leita til hæstv. Alþ. í þessu skyni, og þess vegna hef ég farið þá leið hér, að sjá, hvort Alþ. vill undirstrika stefnu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um þetta mál eða hins vegar bæta úr eins og hægt er. Ég mun ekki taka þessa brtt. aftur, því að ef svo skyldi fara, að hún næði ekki fram að ganga, þá mundi ég bera fram brtt. um, að af þessum 70 þús. kr., sem ætlaðar eru til endurbóta á gömlum íbúðum, verði sérstaklega ráðstafað 10 þús. kr. til Brjánslækjar. Hér er í raun og veru ekki um annað að ræða en að eignir ríkissjóðs fari ekki svo gersamlega í niðurníðslu, að þær verði einskis virði, auk þess sem þetta er til þess að fyrirbyggja það, að þeir menn, sem verða að leita þar húsaskjóls, séu ekki látnir liggja í lélegum hlöðum eða fjárhúsum — sem dóms- og kirkju-

málaráðuneytið hefur ekki heldur séð um að byggja upp, svo sem nauðsynlegt hefði verið, svo að þetta gamla menningarsetur væri ekki því og landinu til stórskammar.

Þá hef ég borið hér fram á sama þskj. brtt. undir lið XXII, við 18. gr., um það, að styrkir til frú Sigríðar Snæbjörnssen og Sumarliða Guðmundssonar verði hækkaðir úr 500 kr. í 700 kr. til hvors um sig. Ég sé, að hækkaðir hafa verið sumir styrkir til sams konar starfsmanna upp í þessa upphæð. Og ég vil benda á, að frú Sigríður Snæbjörnssen hefur með ákaflega mikilli samvizkusemi stundað sín störf við símavörzlu um 30—40 ár og gert það með svo mikilli prýði, að hún á skilið að fá eftirlaun, ef nokkur á skilið að fá slík eftirlaun. — Sumarliði Guðmundsson póstur hefur orðið að fara í sínum póstferðum ýmist gangandi eða ríðandi yfir verstu fjöll, og ef nokkur póstur á skilið að sitja í hæsta eftirlaunaflokkinum, þá er það hann. Ég vænti því, að hv. fjvn. vilji fallast á þessar till., og með þeim rökum vil ég taka þær aftur til 3. umr.

Síðasta brtt. mín á þessu þskj. er undir lið XXVI. Þarna er misritun á þessu þskj. Mín till. var um 300 kr., en ekki 700 kr., vegna þess að 300 kr. mun hafa verið það hámark, sem miðað hefur verið við fjárgreiðsla á þennan hátt til slíkra embættismanna eins og fiskimatsmanna, þegar þeir láta af störfum. En það stendur svo á hér, að Marsibil Sigurðardóttir er einasta konan á Íslandi, sem hefur verið fiskimatsmaður. Hún hefur starfað sem fiskimatsmaður síðan 1922 og með svo mikilli prýði, að það er eins dæmi. Og á henni hvíldi aðallega þetta starf á þeim stað, þar sem hún starfaði, síðan 1938, eða eftir að hinn mæti maður Júlíus Nikulásson fiskimatsmaður dó. Og ég hef þann kunnugleika frá fiskimatsstörfum þessarar konu, að hún hefur með fádæma prýði leyst þessi störf af hendi. En ég tek þessa brtt. aftur til 3. umr., vegna þess að ég fer ekki fram á, að henni verði greitt meira en öðrum fiskimatsmönnum, sem láta af störfum. Hún er á áttræðisaldri og verður að láta af störfum fyrir aldurs sakir.

Þá hef ég hér á þskj. 331 borið fram brtt. undir lið II, þar sem farið er fram á, að veittar verði til endurbóta á Rauðasandsvegi 10 þús. kr. Þetta var ekki sent til fjvn., en í fullu trausti þess, að n. taki þetta mál til athugunar, tek ég brtt. aftur til 3. umr., en vil til skýringar benda á það, að það var lagður þarna þjóðvegur milli 1934 og 1937. Vegamálastjóri var með mér á þessum stað árið 1942 og viðurkenndi, að það væri svo mikil nauðsyn á að leggja þennan veg, að það gæti ekki dregizt lengi. Hann hefur hins vegar lýst yfir nú, að hann treysti sér ekki til að taka þetta viðhaldsfé, sem ég ætlaðist til, og þess vegna bar ég það ekki fram sem nýjan veg, að málið stóð þannig, sem ég hef greint. En vegamálastjóri óskaði eftir, að ég setti þetta inn sem brtt. við fjárl. Ég vænti því, að þetta verði tekið til athugunar milli umr.

Ég hef þá lokið máli mínu um mínar brtt., en vildi aðeins, áður en ég sezt niður, minnast ofurlítið á ræðu hv. 2. þm. Reykv. áðan, út af þeim 10 millj. kr., sem hann talaði um, að þeir í minni hl. fjvn. legðu til, að lagðar yrðu til hliðar af tekjum ríkissjóðs til þess að byggja skip fyrir. Ég verð að segja það, að ef það væri ekki fyrir það, að það er svo erfitt að hafa nokkra samvinnu við menn, sem hafa þó setið á þingi í öll þessi ár, eins og hv. 2. þm. Reykv., þá væri hægt að taka slíkt tal alvarlega. En það er bara ekki hægt, eftir að hafa heyrt, að hann kann ekki betur né skynsamlegar að haga orðum sínum heldur en hann gerði hér áðan, þegar hann bar útgerðarmenn í heild þeim sökum, að þeir vildu skapa atvinnuleysi eftir stríðið bara til þess að geta kúgað niður kaup verkamanna, — þessa menn, sem eru í hópi stærstu atvinnurekenda þjóðarinnar og standa undir því að afla mikils af því fé, sem m. a. þessi hv. þm. er að dreifa út til þjóðarinnar aftur. Það er ekki hægt að taka slíkar þingpersónur alvarlega, sem leyfa sér að bera slíkar ásakanir á atvinnurekendur þjóðarinnar, sem langmest standa undir því að halda uppi atvinnu í landinu. Og að hv. 2. þm. Reykv. skuli leyfa sér þetta án þess að blygðast sín, nær út fyrir öll takmörk velsæmis. Væri ekki þessi agnúi á, vildi ég hafa víðtæk samtök við þennan hv. þm. og aðra hv. þm. og flokka um að athuga, hvort ekki væri hægt með því að laga tekjuskattsl. að halda gróðanum í útgerðinni, þannig að séð væri um, að honum yrði ekki eytt til annars en að kaupa fyrir skip að stríðinu loknu, eða fyrr, eftir ástæðum, til auknings fiskiflotanum. Hv. 2. þm. Reykv. virðist vera kominn svo langt í skilningi á þessu máli, að honum sé ekkert keppikefli, að þessi skip séu eign ríkisins, heldur sé fyrir honum aðalatriðið, að þau séu til. Og til þess að ná þeim árangri, væri langréttasta leiðin að breyta þannig skattal., að gróði útgerðarinnar sé settur fastur hjá þeim, sem eiga hann, og þeim sé gert að skyldu að nota hann til þess að byggja skip fyrir eftir stríð. En ég geri ekki ráð fyrir, að þessi hv. þm. vildi fara inn á þá leið, svo fast hefur hann og hans flokkur sótt það að reyta aftur af útveginum það, sem aflazt hefur honum af fjármunum, svo að hann hefði ekkert annað að gera heldur en að gefast upp, þegar erfiðu árin koma. — Mér fannst fullkomin ástæða til þess að mótmæla þessum orðum hv. þm. á þessu stigi málsins, en að öðru leyti gefst tækifæri til þess að ræða þetta við 3. umr.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Ég er ríðinn við nokkrar brtt. á þskj. 331. Flestar þessar brtt. flyt ég með samþm. mínum, hv. 2. þm. Eyf. (GÞ).

Fyrst er það III. brtt. á þessu þskj., sem er um nokkra hækkun á framlagi til tveggja vega, Hrísavegar í Svarfaðardal, úr 10 þús. kr. í 15 þús. kr., og til Laugalandsvegar í Inneyjafirði, úr 10 þús. kr. í 25 þús. kr. Þessi brtt. er borin fram sökum þess, að eins og allir sjá, verður nú næsta lítið gert fyrir 10 þús. kr., eins og verðlag og kaupgjald er nú. Við höfum farið fram á það við hv. fjvn., að hún tæki upp fjárveitingar til beggja þessara vega, og ætluðum að sætta okkur við 15 þús. kr til hvors þeirra, en síðan það var, þá kom sérstök beiðni frá Saurbæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu til mín um að reyna að sjá til þess, að Laugalandsvegur yrði hækkaður upp í

25 þús. kr. Og það byggist á því, ef veittar verða 25 þús. kr. til þessa vegar á næsta ári, að þá er búizt við því, að nokkrir bæir geti haft gagn af þeirri framkvæmd, sem þá yrði gerð, en ef það er öllu lægri upphæð, þá verður ekki gagn að því, sem þá er unnið, fyrr en viðbót kemur á árinu þar á eftir. Vona ég því, að þetta verði tekið til greina.

Næsta brtt. okkar er undir VI. lið á þessu sama þskj., um 25 þús. kr. fjárveitingu til bryggjugerðar í Rauðuvík við Eyjafjörð. Ég þykist nú sjá fyrir, að ef á annað borð hv. frsm. fjvn. minnist á þessa málaleitun, þá muni verða bent á það, að það hafi verið veittur styrkur til *sams konar framkvæmda í nágrenni þessa staðar*. En þó að ég búist ekki við því, að margir hv. þm. muni nú það, þegar ég ræddi nokkuð um hafnarmál og lendingarmál þessa svæðis, Árskógsstrandar við Eyjafjörð, hér undir meðferð fjárl. í fyrra, þá leyfi ég mér nú samt sem áður að vísa til þess. Ég gerði þá fulla grein fyrir því, hvernig atvinnuhættir hefðu þróazt þarna, að útgerð og landbúnaður er rekið þar jöfnum höndum af sömu mönnum. Sú þróun hefur ekki orðið þar, að þeir hafi flutt saman í fjölmenn þorp, heldur er byggðin dreifð og útvegur er stundaður þarna einnig nokkuð dreift um þetta svæði. Og ég gerði í fyrra sömuleiðis grein fyrir því, hvílík röskun það mundi verða á atvinnulífi fólksins, sem þarna býr, ef þessu ætti að breyta og endilega að heimta það, að þeir, sem útgerð stunda, byggju í einu og sama þorpi. Vil ég ekki endurtaka það, sem ég sagði um þetta efni í fyrra. En það vil ég upplýsa, að á þessu svæði, Árskógsströnd við Eyjafjörð, er þessi staður, sem við þm. Eyf. förum fram á hér, að veitt verði nokkurt fé til bryggjugerðar á, sá staðurinn, sem langsamlega bezt höfn er frá náttúrunnar hendi. Ég vænti því, að þessi brtt. geti fengið góðar undirtektir, bæði hjá hv. fjvn. og þinginu í heild sinni.

Næsta brtt. okkar þingmanna Eyf. er undir X. lið á þessu sama þskj. og er um fjárveitingu til framræslu- og áveitufélags Svarfdæla, 20 þús. kr. Þetta félag er nýstofnað. Félagið hyggst að ræsa fram hinar víðlendu engjar í Svarfaðardal og gera þar fullkomnar áveitur. Félagið hefur sent hv. fjvn. erindi um þetta mál, en n. hefur ekki tekið upp till. viðvíkjandi þessu. Einn hv. fjvn.maður, sem á sæti hér fyrir aftan mig, skaut því fram í, meðan ég var að tala, að þetta ætti að fara eftir jarðræktarl., heyrðist mér. (**PZ:** Já, það er búið að hækka þann lið). Ég er nú ekki alveg viss um það, að svo sé, en ég býst þó við, að þetta, að hv. fjvn. hefur ekki sinnt þessari fjárbeiðni félagsins í Svarfaðardal, sé sökum þess, að n. telji, að heimild til þess að greiða þetta fé úr ríkissjóði sé í öðrum l. Ég vænti nú skýringa hv. fjvn. um þetta atriði, og að fengnum þeim skýringum kann að vera, að við flm. þessarar brtt. *tökum hana aftur*, a. m. k. til 3. umr. og e. t. v. fyrir fullt og allt.

Næsta brtt. okkar er undir XII. lið á sama þskj., og er um það að hækka eftirlaun sr. Stefáns Kristinssonar frá Völlum í Svarfaðardal um 1200 kr. á ári, eða um 100 kr. á mánuði, frá því, sem honum er nú ætlað að fá, þ. e. fram yfir lögmælt eftirlaun. Ég skal nú kannast við það, að þessi mæti klerkur hefur ekki gegnt prestsstörfum í 50 ár. En það hefur verið venja hæstv. Alþ. að gleðja júbílpresta með aukaeftirlaunum. En á hitt ber að líta, að hann hefur *mjög lengi* verið héraðsprófastur í Eyjafjarðarsýslu og alla tíð verið hinn merkasti klerkur, — það þori ég að fullyrða. Hann hefur verið þannig skapi farinn, að hann hefur ekki lagt áherzlu á að safna auði, og eftir því sem ég veit bezt, mun hann vera fátækur maður. Ég álít því, að það væri í alla staði eðlilegt af hinu háa Alþ. að veita þessum ágæta kennimanni nokkra viðurkenningu og samþ. þessa brtt.

Þá *flytjum* við brtt. um að bæta tveimur nýjum liðum við 22. gr. fjárl., heimildagr. Fyrri liðurinn er um það að heimila ríkisstj. fyrir hönd ríkissjóðs að kaupa síldarverksmiðjuna Ægi í Krossanesi, ef viðunandi samningar nást um kaupin, eða ef kaup verða ekki á verksmiðjunni, að taka hana á leigu. Ég vil leyfa mér að benda á það, að síðasta Alþ. gaf sams konar heimild eins og við förum nú fram á, að veitt verði. Ríkisstj. notaði þá heimild, sem síðasta Alþ. gaf, að því leyti að hún leigði verksmiðjuna s. l. sumar. Það eru alltaf uppi nýjar og nýjar kröfur um að reisa síldarverksmiðjur, sem eru sjálfsagt meira og minna réttmætar. En því skyldi þá ekki vera sjálfsagt að nota þær síldarverksmiðjur, sem til eru í landinu? Það var gerð grein fyrir þessu máli í fyrra, og ég ætla ekki að endurtaka nú neitt af því, sem þá var sagt til þess að rökstyðja till. um þá heimild, sem þá var veitt um þetta. Aðeins vil ég bæta því við, sem kannske einhverjir líta á sem aukaatriði í þessu máli, en er þó gaumur gefandi, að vegna síldarverksmiðjunnar í Krossanesi hefur vaxið upp allfjölmennt þorp, Glerárþorp, rétt við Akureyri. Og lífsafkoma fólksins, sem býr í Glerárþorpi, er ákaflega mikið undir því komin, að þessi verksmiðja starfi. Ég tel nú víst, að hæstv. Alþ. hafi ekki breytt um skoðun síðan í fyrra og endurnýi því þá heimild, sem þá var samþ. um það að heimila ríkisstj. annaðhvort að kaupa þessa verksmiðju eða þá að taka hana á leigu.

Þá er b-liðurinn um að greiða 35 þús. kr., þó ekki yfir helming kostnaðar, vegna vatnsleiðslu í Grímsey. Ég býst við, að hv. samþm. minn mæli með þessari till. sérstaklega, og fjölyrði því ekki um hana. Ég skal aðeins geta þess, að sérstök þáltill. um þetta mál var samþ. til síðari umr. og vísað til fjvn., en álit n. er ekki komið enn. Það kann að vera, að hv. fjvn. hafi á prjónunum einhverja till. í þessu máli, og býst ég við, að hv. samþm. minn muni lýsa yfir því, að till. verði tekin aftur til 3. umr. Þá kem ég að máli í sambandi við afgreiðslu fjárl., sem ég er einn flm. að, XIV. till. á sama þskj., um heimild til ríkisstj. til að verja nægilegu fé úr ríkissjóði til að reisa þingmannabústað. Það kann að virðast *óþarfi* að flytja þessa till. við 22. gr. fjárl., því að í þessu felst engin ný heimild, þar sem slík heimild er veitt í l. frá síðasta þ. um þingfararkaup alþm. Þessi till. er því frekar flutt til áminningar fyrir hæstv. ríkisstj. en beinlínis í þeim tilgangi, að hún út af fyrir sig breyti mjög miklu. Ég var að hugsa um að flytja till. um

beina fjárveitingu í þessu skyni við einhverja af þeim gr. fjárl., sem fjalla um slíkar framkvæmdir. En bæði er það, að ég tel eðlilegast, að þessi till. komi frá ríkisstj. eða fjvn., og eins það, að ég verð að játa, að ég gat ekki gert mér grein fyrir, hvaða upphæð ég ætti að tiltaka, ef ég flytti till. um beina fjárveitingu í þessu skyni. Mér er ekki kunnugt um, að fyrir liggi nokkur áætlun um það, hvað slíkt hús mundi kosta. En mín skoðun er sú, að framkvæmd þessa máls megi ekki dragast lengur en orðið er, og þess vegna bar ég fram þessa till. til að minna á málið, ef vera kynni, að hún yrði til þess að þoka því áfram. Ég ætla ekki að rifja upp þetta mál um húsnæðisþörf þm., sem eiga heima utan Reykjavíkur. Menn kannast við, að ekki var hægt að komast af án opinberra afskipta. Þess vegna var fyrst samþ. þál. um að skora á ríkisstj. að sjá þm. fyrir húsnæði og svo nú á síðasta þ. l. um það, að utanbæjarþm. ættu rétt á því, að ríkisstj. sæi þeim fyrir húsnæði. Nú hefur hæstv. ríkisstj. framkvæmt þetta á þann hátt, að hún hefur komið utanbæjarþm. fyrir á Hótel Borg. Ég skal taka fram, að það er í alla staði gott að búa þar, og er ekkert að hótelinu að finna. En ég verð þó að telja, að það er óþarflega kostnaðarsöm aðferð að koma þm. þannig fyrir á dýrasta hóteli landsins. Þetta er líka að ýmsu leyti óhentugt, og ég tel, að ýmislegt ynnist með því, að þessir menn, sem eru utan af landi og þarf að ráðstafa á þennan hátt, gætu búið á einum og sama stað. Það er t. d. eftirtektarvert að bera saman afstöðu ríkisins í þessu efni gagnvart utanbæjarþm. og stúdentum. Þinghald hefur verið svo langt undanfarin ár, að ég hygg, að stúdentar utan af landi þurfi ekki að dveljast hér miklu lengur á hverju ári, en samt þótti ekki aðeins nauðsynlegt að reisa handa stúdentum eitt stórt hús, sem kostaði mörg hundruð þús. kr., heldur og annað í viðbót. Alþm., sem þurfa að dveljast hér hálft árið eða jafnvel tvo þriðju hluta ársins, hafa ekkert hús handa sér. Ég held, að það séu ekki heldur nein ósköp í þessu veltiári, sem nú er, þó að farið sé fram á, að reist sé hús, sem 10—15 menn geta dvalizt í um þingtímann. En eins og ég sagði áðan, get ég ekki gizkað á, hvað slíkt hús mundi kosta. Ég skal geta þess, að skýrt hefur verið frá því, að happdrættishús Hallgrímskirkju hafi kostað 130 þús. kr., og ég skil ekki, að hús, sem 10—15 þm. utan af landi gætu búið í þingtímann, þyrfti að kosta öllu meira. Ég skal þó játa, að þessi till. er meir borin fram til ábendingar en í þeim beina tilgangi, að hún verði samþ. óbreytt, og ef ég heyri nokkur orð um, að hv. n. muni taka þetta mál til athugunar milli umr. og ekki sé loku fyrir það skotið, að hún beri fram till. um beina fjárveitingu við 3. umr., þá mun ég fást til að taka þessa till. aftur.

Það væri freistandi að minnast hér á fleiri atriði, einkum út af þeim klofningi, sem orðið hefur í hv. fjvn., en þar sem nú er komið að þeim tíma, að fundi verði frestað, ætla ég að neita mér um það.

**Kristinn Andrésson:** Herra forseti. Ég flyt hér nokkrar brtt. á þskj. 314. Meðal þeirra er X. brtt. um aukið framlag til hafnargerðar á Húsavík, eða 250 þús. kr. í stað 100 þús. Það er óþarfi að vekja athygli á nauðsyn þessarar hafnargerðar, sem hefur margsinnis verið bent á áður, en í fyrsta lagi er það, að Húsavík er ein af helztu útgerðarstöðvum norðanlands, og í öðru lagi, að hafnargarðurinn er í hættu eins og er. Á s. l. ári var varið 100 þús. kr. til að bæta hafnargarðinn. Enn er liðurinn 100 þús. kr. Ég vil vekja athygli á því, að með því að veita aðeins 100 þús. kr. til þessarar framkvæmdar er í raun og veru ákveðið, að ekki skuli byrja á verkinu fyrr en næsta ár, því að það er ekki hægt að byrja með svo litlu fé. Það virðist því vaka fyrir fjvn. að fresta í eitt ár enn, að hafnargarðurinn sé byggður. Nú vitum við, að það er mikið áhugamál Húsavíkurbúa, að þetta sé gert. Hvað eftir annað hafa þeir sent áskoranir um það, og sýslumaðurinn í Suður-Þingeyjarsýslu, Júlíus Havsteen, hefur verið hér syðra og ritað fjvn. og skorað á hana að veita ekki minna en þetta, sem ég fer fram á, til verksins. Allt þetta og ekki sízt hversu bagalegt það er fyrir síldarverksmiðjurnar, að verkið dragist, sýnir, hversu nauðsynlegt það er að auka fjárveitinguna til þessa fyrirtækis. Sýslumanni farast þannig orð í grein, sem hann ritar í Morgunblaðið (með leyfi hæstv. forseta): „Málin horfa þá þannig við: Höfnin bíður eftir verksmiðjunum, verksmiðjurnar eftir hafnargarðinum og sjávarútvegurinn eftir hvoru tveggja."

Ég skal svo ekki vera með óþarfa málalengingar, en aðeins benda á, að þeir, sem greiða atkv. móti aukinni fjárveitingu í þessu skyni, greiða atkv. með því, að ekkert verði gert á næsta ári, því að með því, sem ætlað er, er ekkert hægt að gera.

Þá flyt ég aðra brtt., nr. IV. á sama þskj., um lítils háttar hækkun til Reykjahverfisvegar. Ég legg til, að framlagið sé hækkað úr 10 þús. í 20 þús. kr. Ég þekki til þessa vegar. Hann komst í þjóðvegatölu á s.l. ári. Reykhverfingar höfðu þá í 14 ár lagt mikið af ókeypis vinnu í hann, en á s. l. sumri var hann óakandi á parti. Þá var lítils háttar unnið við hann, en það er langt frá, að þetta fé hrökkvi til þess, að hægt verði að gera hann nægilega góðan. Þessi vegur er mikilsverður. Hann tengir Hverina og Húsavík, og kemur til að tengjast veginum, sem liggur upp frá Laxárvirkjuninni. Oft er þannig háttað, að hann mundi fær, þó að Aðaldalsvegurinn sé ekki fær, þegar hlaup kemur í Laxá, og þá væri hægt að fara hann milli Húsavíkur og Akureyrar. Það mundi ekki kosta mikið að gera hann akfæran. Tuttugu þús. koma nær því en 10 þús.

Þá er enn ein brtt., nr. XV, um að fjárveiting til bókhlöðunnar á Húsavík verði 10 þús. í stað 3 þús. kr. Þetta er lagt til af sérstökum ástæðum. Það hafa komið fram tilmæli frá forstöðumanni bókhlöðunnar, að þessi upphæð verði veitt. Það þarf ekki að skýra fyrir þm., hversu merkilegt safn það er, sem Benedikt Jónsson frá Auðnum stóð fyrir að koma þarna upp. Það er alþjóð kunnugt. Hann var búinn að gera bókasafnið þannig úr garði, að það er sárt, ef ekki er hægt að halda því við. En viðgerð á bókhlöðunni verður seint lokið, ef ekki á að veita meira fé en þetta til að fullgera bygginguna og skrásetja

safnið, jafnvel þótt sams konar tillag komi á móti frá sýslunefnd.

Það, sem lagt hefur verið til þessa bókasafns, hefur verið mjög lítið: 1500 kr. frá Alþ., 1500 frá sýslun. og 500 kr. frá hreppsn. Bókavörðurinn fær 300 kr. í árslaun. Mér fyndist því vel til fallið, að Alþ. sýndi þá rausn að hækka þessa upphæð og sýndi um leið skilning sinn á því menningarstarfi, sem þarna hefur verið unnið.

Þá er enn á sama þskj. brtt. nr. XXI, að Jóni Tryggvasyni í Bárðardal séu veittar 200 kr. í styrk. Hann var póstur í 14 ár, en þurfti þá að hætta því starfi sökum heilsuleysis. Hann hefur tvisvar farið þess á leit við Alþ., að það veitti sér einhverja upphæð, og ég veit, að honum finnst sér óréttur ger með synjun þeirrar bónar. Ég fer aðeins fram á lága upphæð, en skil, að í samanburði við það, sem öðrum er veitt, er ekki til neins að nefna hærri fjárhæð. En ég vil mælast til, að Alþ. samþ. þetta.

Þá er till. nr. XXIV, um að hækka laun til Önnu Pálsdóttur, ekkju Sigurðar Sigurðssonar skálds og systur Árna Pálssonar prófessors. Að vísu er ég ekki að álasa hv. fjvn., þó að hún hafi ekki hækkað launin til þessarar konu, því að þessar 600 kr. eru sama upphæð og flestar aðrar skáldaekkjur hafa í fjárl. En það stendur þannig á með Önnu, að ástæður hennar eru sérstaklega slæmar. Hún sér um tvö dætrabörn sín og hefur kennt fiðluspil. Nú hefur hún misst húsnæðið, en fengið að búa í herbergi með öðrum, en getur ekki stundað starf sitt undir þessum skilyrðum. Tel ég því víst, að Alþ. samþ. þessa till.

Fleiri eru ekki þær till., sem ég er fyrsti flm. að, og munu þeir, sem eru fyrstu flm. að öðrum till., sem ég einnig stend að, mæla fyrir þeim. Tel ég því óþarft, að ég geri það. Ég tel ekki heldur ástæðu að víkja að till. annarra þm., nema ef vera skyldi sú frá minni hl. fjvn. um styrk til skálda og listamanna, en reyndar eru komnar fram till. frá öðrum þm., og munu þeir mæla með þeim — um að fjárveitingin hækki um ⅓ frá núgildandi fjárl., en það voru till. menntamálaráðs, samþ. með öllum greiddum atkv., að styrkurinn hækkaði um ⅓. Þessu máli hefur svo oft verið lýst hér á Alþ., að ég skil ekki í öðru en að það fái góðan byr. En ég get lýst því yfir, að mér finnst fjárveitingin of lág, og ég öfunda ekki menntamálaráð eða aðra, sem eiga að skipta fénu. T. d. get ég bent á, að s. l. ár kom ekki nema svo lítið í hlut leikara, að þeir treystu sér ekki til að skipta fénu. Ég tel, að 225 þús. kr. þyrfti, svo að hver deild, utan rithöfundad., fengi 50 þús. kr., en rithöf. 75 þús. Þó munu menn geta sætt sig við það í svipinn, ef framlagið er hækkað um ⅓, en erfitt verður samt að skipta því fé. Ég vil benda á, að þjóðleikhúsið tekur bráðum til starfa. Leikarar geta ekki haldið áfram að búa sig undir starfið í hjáverkum sínum. Þeir telja, að þeir muni þurfa 15 starfandi menn við þjóðleikhúsið. Þetta getur Alþ. búið sig undir að athuga, ef ekki á þessu þingi, þá á næsta þingi, þegar þjóðleikhúsið er tekið til starfa.

**Lúðvík Jósefsson:** Ég hef ásamt hv. 2. landsk. þm. ekki getað orðið samþykkur meiri hl. fjvn. í afgreiðslu fjárl. Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að þessu. Hv. 2. landsk. hefur gert því góð skil, svo að ég get verið fáorður um flestar till. okkar.

Það, sem sérstaklega gaf mér tilefni til að segja nokkur orð, voru orð, sem féllu hjá hæstv. fjmrh. um þá miklu bjartsýni, sem hann taldi, að ríkti hjá fjvn., og þá sérstaklega bjartsýni minni hl. Ég vildi þá víkja nokkrum orðum að röksemdum hans viðvíkjandi áætlun teknanna.

Tekju- og eignarskattur hefur reynzt eða er áætlaður nú um 22 millj. kr., miðað við tekjur 1942. Ég hygg nú, að ekkert bendi til þess, að tekjur manna og stofnana verði minni 1943 en á s. l. ári. Og það eru a. m. k. ekki komin fram nein rök fyrir því, að svo muni verða. Nú er vitað mál, að tekju- og eignarskattur á næsta ári miðast við tekjur og eignir þessa árs. Því er engin ástæða að ætla, að þessi tekjuliður verði minni. Við í minni hl. n. höfum ekki áætlað tekju- og eignarskattinn nema 21 millj. kr., svo að ekki erum við sérstaklega bjartsýnir, en við horfumst í augu við það, sem er. Við vitum, að tekjur manna þetta ár hafa verið eins miklar og á s. l. ári. Samkv. upplýsingum frá hæstv. fjmrh. mun vörumagnstollur reynast 9—10 millj. kr. Mér er ekki kunnugt um, að fram hafi komið upplýsingar, sem sýni ástæðu til þess að færa áætlun um innflutningsmagnið svona mikið niður, eða nálega um helming, rök viðvíkjandi því hafa ekki komið fram. Hins vegar verður maður að ganga út frá því, að vörumagnið, sem inn verður flutt á næsta ári, verði nokkuð svipað því, sem það var á s. l. ári, og leggjum við því til, að vörumagnstollur verði áætlaður 9 millj. kr., eða um 1 millj. kr. lægri en hann hefur reynzt á þessu ári.

Þá kem ég að verðtollinum, en þar skakkar mestu. Hann er áætlaður í frv. 23 millj. kr., en hins vegar reyndist hann á árinu 1942 39,4 millj. kr., og 1. okt á þessu ári reyndist hann nokkurn veginn jafnhár og hann hafði reynzt á sama tíma árið áður. Ef maður ætti að draga beina ályktun af þessu, þá væri hún sú, að þessi tollur mundi reynast jafnhár á árinu 1943 og á árinu 1942, eða 39—40 millj. kr. Hins vegar benti hæstv. fjmrh. á það, að ef maður tekur 9 fyrstu mánuði ársins, þá væri verðtollurinn 2,6 millj. kr. á mánuði, og mundi hann því, ef hann reyndist jafnhár þá 3 mánuði, sem eftir eru af árinu, ekki reynast nema 31½ millj. kr. Þetta segir hæstv. ráðh., vitandi það, að tollar hafa alltaf, a. m. k. á undanförnum árum, verið hærri síðari mánuði ársins en hina mánuðina. T. d. er það vitanlegt, að þegar fer að líða fram undir jól, þá flyzt mjög mikill jólavarningur til landsins, sem er mjög hátt tollaður. Það er þess vegna rangt að taka meðaltal þeirra 9 mánaða, sem liðnir eru, og láta skína í það, að þessir 3 mánuðir, sem eftir eru, muni fylgja því meðaltali, þegar það liggur fyrir, að þessir 3 mánuðir hafa reynzt miklum mun drýgri hvað tollana snertir. Ef gera á samanburð á árinu 1942 og 1943, þá er eðlilegt að athuga, hvað tollurinn var orðinn 1. okt. 1942 og 1. okt. 1943, og niðurstaðan verður sú, að hann er álíka hár bæði árin, miðað við

sama tíma, og þá verður sú ályktun dregin af því, að hann muni verða jafnhár á þessu ári öllu og hann var allt árið áður. Um það, hvað þessi verðtollur kann að reynast á næsta ári, er erfitt að segja. En það eina, sem hægt er að miða við, það er, hvað hann hefur reynzt þessi 2 ár, og þótti okkur þá eðlilegt að áætla hann nokkuð lægri en hann hefur reynzt, eða um 38 millj. kr. En sú tala, sem hæstv. stj. setur í frv., er 23 millj. kr., og eftir því, sem tollurinn hefur reynzt, virðist sú tala vera sett út í bláinn. En sú tala, sem meiri hl. fjvn. hefur gengið inn á að samþ., er rökstudd með því að ganga út frá meðaltali þeirra 9 mánaða, sem liðnir eru af árinu, en eins og ég hef bent á, er með öllu villandi að gera það.

Hæstv. ráðh. segir, að það komi sér kynlega fyrir sjónir, að fulltrúar Sósfl. skuli leggja til, að tollarnir verði áætlaðir svona háir, miklum mun hærri en stj. og allmiklu hærri en meiri hl. n. hefur áætlað þá, og hann segir, að þetta skjóti skökku við það, þar sem Sósfl. hafi einmitt gert það að sinni kröfu að lækka tollana og bent á það sem úrræði til úrbóta í dýrtíðarmálunum. Ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að hér er ekki um að ræða, að það sé verið að gera samþykkt um það, hvað tollarnir skuli vera háir, heldur er aðeins verið að gera áætlun um það, hvað sú tollalöggjöf, sem nú gildir, muni gefa mikla tolla. Það liggur fyrir, að þing og stj. hafa ekki, þrátt fyrir sínar mörgu og miklu glímur við dýrtíðina, fengizt til þess að verða við tilmælum okkar sósíalista um að lækka verulega tollana. Stj. virðist ekki vera á þeirri skoðun, og meiri hl. Alþ. virðist vera á þeirri skoðun, að það beri að lækka tollana, og við fulltrúar Sósfl. getum ekki gengið út frá öðru en því, sem er í þessu máli, sem sé því, að hin óréttláta tollalöggjöf er í gildi, og við miðum okkar áætlanir við það, sem er. Ef við ætlum að miða tekjurnar á þessum einstaka lið, sem hér liggur fyrir, við það, sem við óskum, og hið sama gerðu aðrir hv. þm., er ég hræddur um, að það mundi fá einkennilegan endi. Það er vitanlegt, þó að stj. leggi til, að þessi liður verði áætlaður 23 millj., þá getur hann eins orðið 46 millj., svo að þó að við sósíalistar viljum láta lækka tollana verulega, þá breytir það ekki neitt því, sem er. Við göngum út frá því, sem er og gildir í þessum efnum, og við viljum láta áætla þennan tekjulið sem næst því, sem hann mun verða, á meðan sú löggjöf, sem gildir um þetta efni, varir.

Þá er annar liður í tekjubálk frv., sem við í minni hl. höfum ekki getað orðið samferða meiri hl. n. um, en það er að gera áætlun um tekjur af áfengisverzluninni og tóbaksverzluninni. Meiri hl. fjvn. hefur miðað sínar till. við það að taka aðeins þann hagnað af þessum tveim fyrirtækjum, sem mundi fást með því verðlagi á vörum verzlunarinnar, sem gilti áður en sú verðhækkun fór fram, sem fyrir skömmu var gerð. Með öðrum orðum, till. meiri hl. er þannig, að það er aðeins tekinn hluti af þeim hagnaði þessara stofnana, sem vitanlegt er, að muni verða. Við í minni hl. gátum ekki fallizt á það að taka aðeins hluta af þeim tekjum, sem vitað er, að fram muni koma af þessum stofnunum, en vildum taka allar tekjurnar í áætlunina. Meiri hl. n. hefur lýst því yfir, að það gæti komið til mála að taka þetta með við 3. umr., en við sáum enga ástæðu til þess að bíða með þetta. Þetta lá fyrir, og er vitað mál, að álagningin á söluvörur þessara verzlana hefur verið hækkuð, og stj. hefur gert ráð fyrir því, að tekjur þessara stofnana mundu hækka um 8—9 millj. kr. á árinu af þessum ástæðum. Það var því engin þörf á að bíða með þessa áætlun, og er ekki nema sjálfsagt að taka hana með strax, og sérstaklega virðist það vera kyndug aðferð hjá meiri hl. að fara samt að breyta tekjuáætluninni, sem lá fyrir í frv., og breyta henni nokkuð til hækkunar, en taka aðeins hluta af þeirri hækkun, sem vitað er, að er til staðar hjá þessum fyrirtækjum.

Ég þykist nú hafa skýrt það, hvaða rök við leggjum til grundvallar þeim tölum, sem við höfum viljað áætla tekjurnar eftir, en hins vegar vil ég benda á það, að það er engin nýlunda, að það komi fram frá hæstv. stj. og ýmsum þm. og flokkum að vilja áætla tekjur í fjárlfrv. miklu lægri en alveg er gefið og vitað mál, að þær muni reynast. Við afgreiðslu fjárl. þessa árs á s. l. vetri urðu hér í þinginu umr. um tekjubálk þess frv., sem þá lá fyrir, og nú er komin fram nokkur reynsla um það, hverjir hafi haft rétt fyrir sér viðvíkjandi áætlun teknanna í það sinn. Þá var í einu lagi tekjuskattur, eignarskattur og stríðsgróðaskattur áætlaður 23 millj. kr. Við fulltrúa sósíalista í fjvn. þá lögðum til, að áætlunin yrði um 24 millj., en nú hefur þessi liður reynzt um 28 millj. Vörumagnstollur var áætlaður 6 millj., við sósíalistar lögðum til, að hann yrði áætlaður 7,5 millj., en hann hefur reynzt 9,4 millj. Verðtollurinn var þá áætlaður 21½ millj., við áætluðum hann 25 millj., en hann hefur reynzt 39,4 millj. Ég man vel eftir því, að það kom fram í ræðum, að áætlanir okkar þóttu bera vott um alveg frábærlega bjartsýni og að hætt væri við, að áætlanir okkar stæðust ekki. Ég var alveg fullviss um það þá, eins og ég er fullviss um það nú, að þeir þm., sem það segja, þeir segja það gegn betri vitund, og þeir vissu það vel þá, að allt benti til þess, að tekjurnar yrðu hærri en till. okkar gerðu ráð fyrir. Hins vegar hafa þessir herrar tilhneigingu til þess að áætla tekjur miklu lægri en þær muni reynast. En hvað liggur til grundvallar þessari tilhneigingu? Jú, það er það, að það vilja ýmsir flokkar fá nokkurt fé í hendur ríkisstj. óbundið, og áætla því á þessa lund, til þess að geta haft nægilega óbundnar hendur um það að verja fénu án þess að fjárlagaheimild liggi þar fyrir, og verja svo fénu samkv. þál., svipaðri þeirri, sem afgr. var í fyrra um 15 millj. til verðuppbóta. Það er þægilegt að áætla tekjuhlið fjárl. það miklum mun lægri en hún muni reynast, að til séu nokkrir tugir milljóna til þess að hægt sé að samþ. útgjöldin með þáltill. Svo er hin ástæðan. Það er sífellt verið að spyrna fótum við ýmsum útgjaldatill. til ýmissa verklegra framkvæmda, sem vitanlega eru nauðsynlegar og ekki hægt að standa á móti, nema með þeim röksemdum, að ekki sé til fé og ekki sé hægt að koma því að, af því að tekjunum sé öllum ráðstafað, þó að það hafi ver-

ið gert á þann hátt að áætla tekjurnar miklum mun lægri en þær vitanlega mundu verða. Ég ætla nú með örfáum orðum að koma að nokkrum till. okkar í minni hl. til útgjalda við fjárlfrv., en ég get haft orð mín fá um þær till., vegna þess að hv. 2. landsk. þm. hefur fylgt þeim allröggsamlega úr hlaði. Í till. okkar er lagt til í fyrsta lagi, umfram það, sem kemur fram hjá meiri hl., að varið verði 10 millj. kr. til þess að endurbyggja fiskiskipastólinn, og verði það fé lagt fyrir. Hér hafa farið fram umr. og það hefur komið fram hjá flestum flokkum, að það sé eitt af þeim nauðsynlegustu málum, sem þurfi að leysa, að verja fé til endurbyggingar skipastólsins, og þá virðist varla seinna vænna en að nota næsta ár til þess að leggja fé til hliðar í þessu skyni. Það hefur sýnt sig, að það að veita skattaívilnanir til útgerðarfélaga er ónóg til þess að mæta endurnýjun skipastólsins, svo stórt átak sem það er, þegar þar að kemur. Þá er ekki síður rætt um nauðsyn þess, að gera þurfi stórt átak til úrbóta landbúnaðarframleiðslunni, skipuleggja verði landbúnaðarframleiðsluna o. s. frv. En hins vegar er meira talað um þetta en að fram komi raunhæfur vilji með því að leggja fram fé í þessu skyni. Því höfum við lagt til, að teknar yrðu af tekjum ríkissjóðs 4 millj. kr. til þess að reyna að koma landbúnaðinum á betur frmleiðsluhæft stig heldur en hann er á nú.

Þá höfum við lagt til, að framlag til vitabygginga yrði hækkað um helming. En eins og flestum er kunnugt, eru fjárveitingar til vitabygginga miklum mun lægri nú á þessu síðasta ári en til annarra framkvæmda ríkisins, og hafa því vitabyggingarnar orðið útundan, og átti þó sjómannastéttin sízt það skilið, eins og nú standa sakir. Ég vil t. d. benda á það, að fyrir stríð var mjög almennt, að fjárveitingar til brúargerða væru svipaðar eins og til vitabygginga. En nú síðustu tvö ár var gert ráð fyrir að veita til brúargerða rúmlega 1 millj., en hins vegar til vitabygginga ekki nema ⅓ úr millj., og svipaður er samanburðurinn við ýmsar aðrar fjárveitingar, og til ýmissa framkvæmda hefur verið veitt mikið fé, á meðan sama og engu hefur verið varið til vitabygginga, enda hefur svo farið hin síðari ár, að ekki hafa verið byggðir nema fáir vitar, vegna þess að fjárframlög hafa verið skorin við nögl.

Þá leggjum við einnig til, að veitt verði til barnaskóla utan kaupstaðanna nálega helmingi hærri upphæð en meiri hl. leggur til, eða um 350 þús. kr. fram yfir hans till. Það er vitanlega mikil þörf á því víða úti um landið að hefja framkvæmdir í þessum efnum, og frá samtökum kennara sérstaklega hafa komið fram áskoranir til þingsins um það að veita fé og verið nefndar í því skyni háar upphæðir. Hins vegar hafa þær fjárhæðir, sem Alþ. hefur veitt í þessu skyni, verið af skornum skammti til þessa. Nú fer fræðslumálastjóri fram á, að veittar verði 750 þús. kr. í þessu skyni, en meiri hl. fjvn. hefur ekki getað fallizt á að veita nema 400 þús. kr. En fræðslumálastjóri segir, að 400 þús. kr. nægi ekki nema rétt til þess að sinna þeim, sem þegar eru komnir algerlega af stað, en telur upp allmörg skólahverfi, sem nú hafa pantað efni og muni ráðast í framkvæmdir á næsta ári, og með þessari upphæð verður ekki hægt að sinna þeim neitt. En auk þess bendir hann á það, að 12 önnur skólahverfi séu búin að gera ráðstafanir til þess að hefja framkvæmdir, en með þessari upphæð, sem verður sennilega samþ., verður hins vegar ekki hægt að sinna þeim að neinu leyti. Ég held því, ef Alþ. hefði viljað sýna þessu máli skilning að ráði, þá hefði það átt að bæta fyrir það, hvað þessum málum hefur verið lítill sómi sýndur, og verja nú a. m. k. þeirri upphæð í þessu skyni, sem fræðslumálastjóri hefur lagt til.

Ég skal svo fara að stytta mál mitt. Ég vil þó aðeins drepa á það, að ég hef lagt til, að veitt yrði til sjúkraskýla og læknisbústaða hærri upphæð en meiri hl. hefur fallizt á. Eftir skýringum landlæknis standa ýmist yfir eða fyrir dyrum byggingar sjúkraskýla og læknisbústaða á 17 stöðum á landinu, og verði upphæð meiri hl. samþ., er hún ónóg, ef sinna á öllum þessum stöðum.

Ég á hér nokkrar fleiri brtt., sem ég flyt ásamt öðrum hv. þm., en ég mun ekki orðlengja um.

Sennilega fer fyrir þeim eins og ýmsum öðrum góðum till., sem til útgjalda stefna, að þær verða felldar með þeim fyrirsláttarrökum, að nægar tekjur séu ekki fyrir hendi.

Ég hef bent á, að allar líkur benda til, að tekjurnar muni reynast miklum mun hærri en meiri hl. fjvn. vill áætla, -- en það er, eins og ég hef áður sagt, þægilegt fyrir hæstv. fjmrh. og meiri hl. fjvn. og aðra þá, sem standa vilja gegn nauðsynlegum framkvæmdum, að afsaka andstöðu sína gegn þeim með ónógum tekjum, og af þeim ástæðum er tekjuáætlunin höfð miklum mun lægri en öll rök standa til.

**Ingólfur Jónsson:** Herra forseti. Hv. þm., sem síðast talaði, virtist hafa miklar áhyggjur af því, ef tekjurnar skyldu reynast hærri en þær eru áætlaðar af meiri hl. fjvn., en hún hefur nú um margra vikna skeið setið á fundum og verið að gera áætlanir um tekjur og gjöld þjóðarbúsins fyrir næsta ár. Það mætti ætla, að það sætti nokkurri furðu, að þeir menn, sem taka þátt í slíkri iðju, hafi miklar áhyggjur af því, ef tekjurnar skyldu verða meiri en þær eru áætlaðar. Enginn bóndi mun hafa áhyggjur af því, að tekjur af búi hans verði meiri en hann hafði gert ráð fyrir. Enginn verzlunarstjóri mun hafa áhyggjur af því, að rekstrarafgangurinn verði meiri í árslok en hann hafði gert sér vonir um í ársbyrjun. Engin ríkisstj., sem vill reka ríkisbúið með hagnaði, mun hafa áhyggjur af því, þó að tekjurnar reynist meiri í árslok en áætlað var í fjárl. Þess vegna held ég, að enginn ábyrgur stjórnmálamaður ætti að hafa áhyggjur af því, þótt tekjurnar í fjárl. reyndust meiri en þær voru áætlaðar af fjvn. En hvernig á því stendur, að þeir menn, sem skipa minni hl. fjvn., hafa svona miklar áhyggjur af því sérstaklega, að tekjurnar reynist meiri en þær voru áætlaðar, fæ ég naumast skilið.

Hv. 6. landsk. eyddi mörgum orðum að því, hve lágt meiri hl. fjvn. hefði áætlað tekjurnar. Meiri hl. áætlar tekju- og eignarskatt 19,5 milljónir, en minni hl. vill áætla þær tekjur 21

milljón. Við vitum ekkert um tekjur á þessu ári, en það eru miklar líkur til, að þær verði lægri en í fyrra. Vissa er fyrir því, að tekjur stórfyrirtækja verða mun minni en í fyrra, t. d. útgerðarfélaga. Því segi ég, að það sé ekki sæmandi að áætla þennan lið eins hátt og hann reyndist í fyrra. Það kann að vera sennilegt, að tekju- og eignarskattur reynist 22 millj. þetta ár, en alls óvíst, að hann reynist 19,5 millj. næsta ár.

Þá er það stríðsgróðaskatturinn. Meiri hl. n. áætlar hann 12 millj., en minni hl. vill áætla hann 14 millj. En eins og ég sagði áðan, þá verður útkoma stórfyrirtækja ekki eins góð og í fyrra, og því líklegt, að stríðsgróðaskatturinn reynist lægri en árið á undan. Ég álít því, að meiri hl. fjvn. hafi farið eins hátt í þessum lið og sæmandi er.

Þá er vörumagnstollurinn. Meiri hl. n. áætlar hann 8 millj., en minni hl. 9 millj. Það er vitað, að innflutningur verður minni á þessu ári en í fyrra, og erfiðleikar á innflutningi fara vaxandi. Af því má draga þá beinu ályktun, að hann verði minni næsta ár en í ár. Því tel ég óvarkárni að fara hærra en meiri hl. fjvn. hefur gert.

Sama máli gegnir með verðtollinn. Þó hann reynist 35 millj. í ár og reyndist 38 millj. 1942, þá eru erfiðleikar á innflutningi svo miklir, að ekkert vit er í að áætla hann eins hátt og fyrir þetta ár. Því er ekki vit í að áætla hann hærra en 30 millj. En minni hl. n. vill áætla hann 38 millj. En það er því miður allt of hátt.

Þá fór hv. 6. landsk. mörgum orðum um áfengið og tóbakið og taldi ekkert vit í að setja ekki tekjurnar af verðhækkun þessara vara inn í fjárlögin. Þó veit þessi hv. þm., að þetta er til athugunar fyrir 3. umr., og mér skilst á öllu, að það muni verða gert. En ég hélt, að það væri ekki afgerandi, hvort þetta yrði við 2. eða 3. umr. Það er því óþarfi að gera ágreining út af þessu atriði, þar sem vonir standa til, að það nái fram að ganga við 3. umr.

Þá eru það gjöldin, sem þessir hv. þm. í minni hl. fara mörgum orðum um. Þeir vilja hækka gjöldin að sama skapi og tekjurnar. T. d. vilja þeir hækka fjárveitingu til sjúkrahússins á Akureyri úr 200 þús. í 500 þús. Eins vilja þeir hækka framlög til sjúkrahúss á Siglufirði og í Vestmannaeyjum og gera þau að fjórðungssjúkrahúsum. Þessi hækkun á framlögum hefur í för með sér stórlega aukin útgjöld. Og svo skilst mér, þótt ég sé að vísu ekki lögfróður, að heimild bresti til að gera þessi umræddu sjúkrahús að fjórðungssjúkrahúsum, nema með sérstökum lögum.

Það má segja, að ekki muni um 300 þús. kr. hækkun á framlagi til sjúkrahúss Akureyrar, en ef samræma á aðra staði við það, þá mun það draga dilk á eftir sér.

Þá eru það framlög til barnaskóla. Meiri hl. leggur til, að veittar verði 400 þús. í því skyni, en minni hl. leggur til 750 þús. Nú er það upplýst frá fræðslumálastjóra, að 400 þús. mundu nægja til að ljúka við byggingu á þeim skólum, sem nú eru í smíðum. Hann minnist á 12 skóla. Vitanlega mætti byggja fleiri. En ég veit, að það er nú svo með margar sveitir, að þær treysta sér ekki út í skólabyggingar á þessum tímum. Það mundi sliga þær fjárhagslega, þrátt fyrir styrk frá ríkinu. Eins og dýrt er að byggja, þá finnst mér vel hægt að sætta sig við 400 þús.

Þá kem ég að húsmæðraskólunum og henni Árnýju okkar, sem hv. þm. var að tala um. Þeir vilja veita henni 20 þús. En hv. þm. sat hjá við atkvgr. um 15 þús., svo að hún fékk ekki nema 10 þús. Mér finnst því skjóta nokkuð skökku við hjá þessum hv. þm.

Ég vil ekki segja, að framlög til húsmæðraskóla séu of há eða jafnvel nógu há. En af því að kröfurnar koma alls staðar að, þá verðum við að sníða okkur stakk eftir vexti. En þar sem meiri hl. leggur til, að varið verði 340 þús. til þessara mála, þá er það meira en áður hefur verið. Og þótt þessir hv. þm. sætti sig ekki við þá upphæð, þá munu húsmæður líklega hafa betri skilning á málunum.

Þá er það íþróttasjóður. Minni hl. leggur til, að til hans verði varið 650 þús., en meiri hl. 450 þús., eða þeirri upphæð, sem íþróttafulltrúinn taldi æskilega. Ef við athugum þær upphæðir, sem varið hefur verið til þessara mála undanfarið, og berum það saman við þá upphæð, sem meiri hl. leggur nú til, að verði veitt, þá sjáum við, að 1942 voru veittar 125 þús., en 300 þús. í ár. 450 þús. fyrir næsta ár er því 50% hækkun frá því í ár. Ég held, að þessi aukning beri með sér fullan skilning fjvn. á íþróttalífi landsins.

Þá er það 15. gr., um bókakaup til landsbókasafnsins. Meiri hl. vill fylgja tillögum landsbókavarðar og ríflega það. En minni hl. leggur til, að 100 þús. verði varið í þessi bókakaup. Það er þó vissulega fullnægt skilyrði, sem taka verður tillit til, þegar veitt er ríflega það, sem landsbókavörður fer fram á. En þá koma þessir hv. þm. og gera meiri kröfur fyrir hans hönd. Vita þeir betur en hann? Ég skil það ekki. Ef tekið er tillit til tillagna landsbókavarðar og þeim fullnægt, þá álít ég, að óþarft sé með öllu að ganga lengra.

Þá er það styrkur til skálda og listamanna. Það er e. t. v. af því, að ég er enginn listamaður, að ég á dálítið erfitt með að skilja þýðingu þessara styrkja. Þó álít ég, að fullt tillit beri að sýna í þeim efnum. Ég held líka, að listamennirnir þurfi ekki undan neinu að kvarta í þessu sambandi.

Þá er það 16. gr. Þar fyrst ætla sósíalistar að slá sig verulega til riddara og sýna alþjóð stórhug sinn til umbóta. Þeir leggja til, að 10 millj. verði varið til byggingar skipa og eflingar sjávarútvegsins, og 4 millj. til nýsköpunar landbúnaðarins. Ég vildi gjarnan að þetta væri hægt. En það er ekki nóg að segja, að þetta þurfi að gera. Það verður um leið að benda á skynsamlegar tekjuöflunarleiðir í þessu skyni. Það er ekki nóg að áætla tekjurnar hátt og koma síðan með háværar kröfur um aukin útgjöld, sem á engum rökum eru reistar. Ég hefði e. t. v. tekið undir þessar till., ef þær hefðu verið orðaðar öðruvísi, bundnar því skilyrði, að tekjur hrykkju fyrir þessu, eða kveðið svo á, að tekjuafgang, sem verða kynni, skyldi nota í þessu augnamiði. Þá væri eitthvert vit í þessu, annars ekki. Ég held, að enginn lifi á því að nota háar tölur, sem enga stoð eiga í veruleikanum.

Þá hafði hv. þm. mörg orð um vitabyggingar

samkv. 20. gr. Meiri hl. vill leggja fram 350 þús. til þeirra mála. Það er sú upphæð, sem vitamálastjóri fór fram á, er hann kom á fund fjvn., ef ég man rétt. Hann lýsti því, hve erfitt væri nú að byggja vita og útvega til þeirra ljósatæki, og hefði oft staðið lengi á þeim undanfarið. Hann fór svo fram á 350 þús., og það fékk hann. En nú koma þessir hv. þm. og gera meiri kröfur fyrir hans hönd, af því að hann hefur víst ekki vit á að gera þær nógu háar, og þeir heimta helmingi meira. Ég held, að hægt sé með góðri samvizku að fella till. minni hl., eftir að kröfum vitamálastjóra hefur verið fullnægt.

Ég mun svo ekki hafa fleiri orð um till. minni hl. En þegar ég kom hér inn í d. í dag, var hv. þm. Ísaf., sem ekki er nú viðstaddur, að tala um framlag til áburðarverksmiðju, 2 millj. króna. Taldi hann það óþarft og óeðlilegt, að ríkið legði fram fé í þessu skyni. Sagði hann, að þessi verksmiðja ætti að standa undir sér sjálf, þannig væri það með síldarverksmiðjur ríkisins. En hér er ólíku saman að jafna. Síldarverksmiðjurnar framleiða vörur til útflutnings og eru lausar við samkeppni, en áburðarverksmiðja ásamt sementsgerð yrði hér væntanlega reist til að spara gjaldeyri og yrði að keppa við erlendar verksmiðjur. Þessi verksmiðja þarf að komast upp, því að einhvern tíma getur komið að því, að við þurfum að spara gjaldeyri, auk þess sem þessi atvinnurekstur yrði til atvinnuaukningar í landinu. Ég tel því alls ólíku gegna um þessa væntanlegu verksmiðju og síldarverksmiðjurnar. Ég álít það rétt af hæstv. stj. að leggja til hliðar 2 millj. í þessu skyni.

Hv. 2. þm. Reykv., sem ekki er heldur viðstaddur, var mikið að ræða um það, að hv. þm. S.-Þ. réði öllu í fjvn. og meiri hl. túlkaði einmitt stefnu hans. Nú ætla ég ekki að fara að gera lítið úr hv. þm. S.-Þ., en einkennilegt er það, að heyra sósíalista tala hér alltaf eins og enginn sé til nema þessi hv. þm. Hann á að vera sá stóri maður, sem öllu stjórnar, sem illa fer að þeirra dómi, sá, sem öllu ræður. Ég ætla ekki að ræða þetta nánar, en ég legg það aðeins undir dómgreind hv. alþm., hvort þeir álíta, að við hinir nm. í fjvn. höfum okkar skoðun á hlutunum eða hvort við látum hv. þm. S.-Þ. stjórna öllu.

Þá sagði hv. 2. þm. Reykv., að stefna hv. þm. S.-Þ. væri sú að halda við nokkrum ríkum bændum í landinu, en gera hina öreiga og kallaði þetta upplausnarstefnu. En hverjir hafa raunverulega þessa stefnu, og hvað er það, sem gæti leitt til upplausnar? Er það það, að áætla fjárlögin varlega og stuðla að hagstæðum greiðslujöfnuði? Eða er það það, að þenja þau upp úr öllu valdi? Ég held, að það sé að stuðla að upplausn. Ég held þessi hv. þm. túlki sjálfur upplausnina og berjist fyrir þeirri stefnu m. a. með því að standa á móti góðri afkomu ríkisins.

Eftir till. meiri hl. fjvn. verður lítils háttar tekjuafgangur. En nú sjáum við, að fram eru komnar margar og háar brtt. frá ýmsum hv. þm. Ef þær verða allar samþ., þá verða fjárlögin afgr. með tekjuhalla. Það má ekki verða. Ábyrgðartilfinningin verður að ráða meira en kröfurnar. Ég vil því vona, að hv. þm. taki margt af brtt. sínum til baka, og ef þeir gera það ekki, þá fáist meiri hl. til að fella þær. Því að fjárlögin eru fullkomlega nógu hátt áætluð frá hendi fjvn. Eins og tímarnir eru núna, þá mega þetta teljast „hasard"fjárlög, er tekjur og gjöld ná nærri 90 millj. Ég vonast því til, að samkomulag náist um að fella margar af þessum brtt. og þinginu megi auðnast að skila fjárl. með hagstæðum greiðslujöfnuði og afgreiða þau sér til sóma.

**Steingrímur Aðalsteinsson:** Herra forseti. Ég á 2 brtt. á þskj. 331 við till. hv. meiri hl. fjvn. á þskj. 296. Þær eru báðar við 13. gr., um aukið framlag til tveggja vegakafla á leiðinni milli Reykjavíkur og Akureyrar. Það er vegurinn yfir Vatnsskarð og Öxnadalsheiðarvegurinn.

Í fjárlfrv. eins og það var lagt fram af hæstv. stj. var gert ráð fyrir 170 þús. til hvors vegarkafla um sig, auk þess hluta benzínskatts, er kæmi til góða þessum vegum samkv. sundurliðun í frv. Meiri hl. fjvn. breytti þessum hlutföllum milli veganna þannig, að framlagið til Vatnsskarðsvegarins varð 150 þús., en hækkaði það til Öxnadalsheiðarvegarins upp í 200 þús. Ég álít framlögin til Vatnsskarðsvegarins og vegarins yfir Öxnadalsheiði of lág og fer því fram á, að þau séu hækkuð um 50 þús. hvort um sig. Það er því meiri þörf, að þessum vegum sé hraðað, þar sem hér er um að ræða aðalsamgönguleiðina milli Norður- og Suðurlands. Og þó að ríkissjóður legði nú meira fram í svipinn, þá mundi það sparast í framtíðinni, því að nú er allmiklu fé varið í það að halda uppi samgöngum milli Sauðárkróks og Akureyrar á sjó, og leggur ríkissj. fram það fé.

Ég mun nú snúa mér að öðrum till., er liggja fyrir, og þá fyrst viðvíkjandi byggingu sjúkrahúss á Akureyri. Það þarf að gera sér það vel ljóst, að bygging spítala á Akureyri er ekki aðeins hagsmunamál Akureyringa einna, heldur allra Norðlendinga og jafnvel Austfirðinga, því að sjúklingar eru fluttir þangað frá Norður- og Austurlandi. Það hefur verið gerð skýrsla um legudaga á mán. eftir því, hvort um utan- eða innanbæjarmenn væri að ræða, og hefur komið í ljós, að 60% hafa verið utanbæjarmenn, en aðeins 40% Akureyringar. Það virðist því vera eðlilegast, að sjúkrahús á Akureyri sé nokkurs konar landsspítali og ríkissjóður taki á sig mestan kostnað við byggingu hans og rekstur, enda hefur bæjarstjórn Akureyrar sent Alþ. áskorun í þá átt. Því að ekki verður talin sanngirni í því, að Akureyri byggi sjúkrahús yfir utanbæjarmenn, en aftur á móti virðist mjög mikil þörf fyrir nýtízku sjúkrahús á Norðurlandi, og þá mun bezt henta að reisa það á Akureyri. Það er mjög mikilsvert, að hv. þm. hafi góðan skilning á þessu, því að ef ríkissjóður fellst ekki á að borga meir en ⅓ kostnaðar, þá er hætt við, að Akureyringar reisi sjúkrahús, sem sé sniðið eftir þeirra þörfum, og þá er þetta vandamál óleyst fyrir þá landshluta, sem leitað hafa til Akureyrar hingað til. Og þá kæmi til kasta ríkissjóðs að sjá fyrir þeirra þörfum, og er vafasamt, að það yrði ódýrara eða hagkvæmara, og frá heilbrigðilegu sjónarmiði yrði það tvímælalaust óhagstæðara, m. a. vegna þess, að ekki yrði hægt að hafa tæki og annan útbúnað jafnfullkominn.

**Sigurður Guðnason:** Herra forseti. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þessa till. Þessi maður, Sigurður Níelsson, sem farið er fram á, að sé veitt nokkur upphæð í fjárlögum, er kominn fast að áttræðu. Hann hefur lengst af unnið hjá Eimskipafélaginu síðan hann kom til bæjarins um aldamótin. Hann hefur átt 8 börn, sem öll eru uppkomin. Þess má geta, að þegar svipazt var um meðal verkamanna eftir því, hver væri verðugastur að vera sæmdur fálkaorðunni, þá varð Sigurður Níelsson fyrir valinu. Þess vegna vona ég, að hv. þm. sjái sér fært að láta þennan mann fá þessa litlu viðurkenningu fyrir þetta, þegar hann hafði áður á sínum starfsárum fengið þá viðurkenningu, sem ég gat um. Og í fyllsta trausti þess, að hv. fjvn. taki þetta til greina á milli umr., mun ég taka þessa brtt. aftur til 3. umr.

**Gunnar Thoroddsen:** Herra forseti. Ég flyt hér tvær brtt., aðra viðvíkjandi hafnarmálum og hina viðvíkjandi vegamálum. Fyrri brtt. fer fram á það, að framlag til hafnargerðar í Stykkishólmi verði hækkað úr 25 þús. kr. upp í 50 þús. kr. Þessi brtt. er flutt samkv. áskorun hafnarnefndar í Stykkishólmi, sem mér, því miður, barst svo seint, að hv. fjvn. hafði þá afgr. sína till. um 25 þús. kr., en áskorun hafnarn. í Stykkishólmi er um 50 þús. kr. Ég vil taka það fram, að á síðasta ári voru veittar til þessara hafnarmannvirkja 40 þús. kr. Og eftir samtalið við formann fjvn. þá, virtist mér sem fullkominn ádráttur hefði verið um það gefinn, að þá yrði á næsta ári veitt sama upphæð, 40 þús. kr., aftur, í samræmi við það, að hafnarnefnd Stykkishólms fór fram á það þá að fá alls 80 þús. kr. fjárveitingu til hafnarmannvirkja. Og var þá 40 þús. kr. fjárveiting upp tekin með það fyrir augum, að seinni helmingurinn yrði veittur í fjárl. fyrir 1944. Nú hefur hv. fjvn. tekið upp aðeins 25 þús. kr. fjárv. til þessara hafnarmannvirkja.

Ég skal ekki á þessu stigi málsins fara út í nauðsynina á þessu. Það er allstór hafskipabryggja, sem þarna er um að ræða, sem þarfnast mjög mikillar viðgerðar og þetta fé á að renna til. Ég hefði nú viljað óska þess, að hv. fjvn. tæki þetta mál til athugunar til 3. umr., og ég vildi því fallast á að taka brt. þessa aftur til 3. umr. í því fullkomna trausti, að hv. fjvn. taki málið til velviljaðrar athugunar. Enda hef ég rætt það við vitamálastjóra, og hann hafði mjög góð orð um að mæla með því. En ástæðan til þess, að þessar áskoranir hafa ekki komið fram fyrr, er sú, að till. hafnarnefndar Stykkishólms hafa verið þetta síðbúnar.

Hin brtt., sem ég flyt fyrir mitt kjördæmi, er um samgöngubætur milli Ólafsvíkur og Hellissands. Þarna er vegamálum þannig háttað, að fyrir allmörgum árum var tekinn í þjóðvegatölu vegur um Ennisdal. Að þeim vegi hefur lítið sem ekkert verið unnið. Hins vegar hafa verið uppi raddir manna, bæði í Ólafsvík og á Hellissandi, um að fá veg lagðan, ekki um þennan Ennisdal, heldur undir Ólafsvíkurenni. Og samkv. till., sem ég flutti í fyrrasumar hér á Alþ., hafa farið fram rannsóknir og verið gerð kostnaðaráætlun um þessa vegarlagningu. Vegamálastjóri telur, eftir þá rannsókn, að sú vegargerð undir Ólafsvíkurenni mundi verða mjög kostnaðarsöm. Þar er að vísu um mjög stuttan veg að fara, en mjög miklir erfiðleikar eru á þeirri leið. Geysimikill vatnsagi og grjóthrun er úr fjalli því, sem þessi vegur, ef lagður væri, mundi liggja undir. En vegamálastjóri hefur á prjónunum aðra hugmynd um samgöngubætur þarna, sem er, að í staðinn fyrir vegarlagningu, sem þarna þyrfti helzt að vera þannig, ef gerð yrði, að vegurinn yrði steyptur, þá kæmi bifreið af sérstakri gerð, sem væri sérstaklega útbúin til þess að geta farið yfir þessa vegleysu. Það eru svo kallaðir beltisbílar eða skriðdrekar. Og þetta mál er í fullkomnum undirbúningi hjá vegamálastjóra. Við afgreiðslu síðasta árs fjárl. lagði vegamálastjóri til, að veittar yrðu 30 þús. kr. til þessa vegasambands. En sú till. var felld í fjvn. og einnig hér á hinu háa Alþ. Nú ber ég fram brtt. um að veita 25 þús. kr. til samgöngubóta milli Ólafsvíkur og Hellissands, með það fyrir augum, að sú fjárveiting verði ekki bundin við vegarlagningu, heldur geti einnig í því falizt, að ef talið væri heppilegra að fá sérstaka bifreið eða flutningatæki milli þessara staða, þá væri jafnheimilt að verja þessu fé í það.

Ég þarf ekki að lýsa ástæðum kauptúnsins Hellissands í þessu efni. Það er nokkurn veginn jafnfjölmennt og Ólafsvík, en á því óláni að sæta að vera eitt af þeim fáu kauptúnum með jafnmikinn íbúafjölda, sem ekki er í bílvegasambandi við aðra landshluta. (**PZ:** Þau eru nú nokkuð mörg). Ég vil þess vegna fara fram á það, að þessi brtt., sem felur ekki í sér ákveðnar kröfur um vegarlagningu, heldur um samgöngubætur, í hvaða formi sem heppilegast þætti, verði samþ. af hinu háa Alþ. En ég skal jafnframt taka það fram, að ef þess mætti vænta, að hv. fjvn. vildi taka þetta mál til rækilegrar athugunar, þá er ég að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að taka þessa brtt. aftur til 3. umr.

Að því er snertir mitt kjördæmi hef ég ekki aðrar brtt. að flytja við þessa umr. En ég vil hins vegar nota tækifærið til þess að þakka hv. fjvn. fyrir góðar undirtektir undir ýmsar málaleitanir, sem ég hef borið fram við hana út af vegamálum í þessu kjördæmi.

Þá er þriðja brtt., sem ég er hér meðflm. að, sem mér þykir rétt að minnast hér á nokkrum orðum. Hún er í því fólgin, að hækkaður verði styrkur til Sambands íslenzkra listamanna úr 2400 kr. í 4800 kr. og auk þess verði veitt verðlagsuppbót á þá fjárhæð. Þessi brtt. er miðuð við það, að á síðasta þingi voru samþ. breyt. á rithöfundalögunum, sem fela í sér, að þetta umrædda félag eða samband hefur fengið aðild um flutning tónlistar og ritsmíða yfirleitt. Af þessari breyt. á rithöfundal. leiðir það, að félagið verður að hafa opna skrifstofu til að sinna þessum verkum, og það verður að hafa ráðinn fastan starfsmann í því skyni. Ég vil vekja athygli hv. þm. og ekki sízt hv. frsm. fjvn. á því, að þessi till. er sérstaklega miðuð við þessa breyt., sem gerð var á síðasta þingi á þessum l. (**Forseti:** Er hún komin fram?). Henni hefur ekki verið útbýtt hjá mér a. m. k., en hún hefur ver-

ið afhent í skrifstofuna, og ég býst við, að hún sé í prentun.

Fleiri brtt. ber ég ekki fram, sem ég er 1. flm. að, við þessa umr., þó að ég hins vegar geri ráð fyrir, að við 3. umr. kunni að koma einhver önnur atriði, sem ástæða væri til að hreyfa. En ég vil sérstaklega beina því til hv. frsm. fjvn. að því er snertir tvær fyrri brtt., sem ég mælti fyrir, að ég vil óska þess, að hv. fjvn. taki þær til athugunar og leiti þar að sjálfsögðu samráðs þeirra ríkisfulltrúa, sem þar eiga hlut að máli, bæði vegamálastjóra og vitamálastjóra, og vænti ég þess, að báðir þeir fulltrúar muni taka vel í þessar till. -- Sé ég svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri.

**Sigurður Þórðarson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja eina brtt., sem er 14. liður á þskj. 314. Þessi brtt. mín fer fram á það, að hæstv. Alþ. mætti þóknast að veita frú Halldóru Ólafsdóttur heiðurslaun fyrir trjárækt í skólagarðinum við Menntaskólann á Akureyri. Það er öllum kunnugt, sem komið hafa til Akureyrar og séð menntaskólagarðinn, að sá garður er hinn prýðilegasti. Og þeir, sem kunnugir eru, vita, að það er verk þessarar frúar. Hún hefur í tæpan aldarfjórðung verið þar við skólann og hefur varið öllum sínum tómstundum á sumrin til þess að fegra garðinn og prýða. Árangur þessa starfs hennar er mjög mikill. Nú hefur hún hins vegar aldrei fengið nein laun fyrir þetta mikla starf sitt, og henni hefur ekkert verið fyrir það greitt. Og þegar tillit er tekið til þess, að þau hjón eru efnalítil og eru nú væntanlega mjög bráðlega að hverfa frá þessu menningarstarfi sínu við skólann á Akureyri, þá virðist það einsætt, að hæstv. Alþ. geri það að sæma frúna heiðurslaunum fyrir þetta mikla starf. Mér er kunnugt um það, að fjölmargir af hv. alþm. hafa bundizt samtökum um það að stuðla að því, að Alþ. veiti þessi heiðurslaun, og er ég þess vegna viss um, að Alþ. lætur sér ekki annað sæma heldur en að samþ. þessa brtt.

**Sigurður Bjarnason:** Herra forseti. Ég á hér 2 brtt. við frv. það til fjárl., sem hér liggur fyrir. Áður en ég mæli fyrir þessum till., vildi ég leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir afgreiðslu hennar á málum þeim og erindum, sem ég hef lagt fyrir n.

Þær till., sem ég flyt hér á þskj. 314 ásamt 5. landsk., varða fyrst og fremst Bolungavík. Fyrri till. lýtur að því að fá upptekna fjárveitingu sem styrk til Bolvíkinga til þess að hafa lærða hjúkrunarkonu. Bolungavík er ein stærsta verstöð á Vestfjörðum, og við höfum talið nauðsyn bera til þess að fá nokkurn fjárstyrk til þess að hafa þar lærða hjúkrunarkonu. Í Bolungavík eru annir miklar meiri hl. árstímans á heimilum þorpsbúa, og er mikil þörf fyrir hjúkrunarkonu til þess að sinna hjúkrunarstörfum þar. Í þessari gr. fjárl., sem brtt. er við, hafa einnig verið ákveðnar nokkrar fjárveitingar til þess að hafa lærðar hjúkrunarkonur. Við höfum því talið eðlilegt, að í þessu stærsta sjávarþorpi á Vestfjörðum væri einnig veitt nokkur fjárveiting til slíkra starfa. Vænti ég þess vegna, að hv. Alþ. snúist ekki öndvert gegn þessu, en að þetta verði talin nauðsyn og að ríkissjóði beri að hlaupa undir bagga í þessu skyni. Um þessa brtt. tel ég ekki ástæðu til að hafa fleiri orð né rökstyðja hana meira.

Önnur brtt., sem ég flyt ásamt hv. 5. landsk. á sama þskj., er við lið XVI, en það er um 1200 kr. fjárveitingu til sjómannalesstofu í Bolungavík. Í þeirri gr., sem brtt. er við, eru nokkrar till. bæði í frv. hæstv. stj. og í brtt. hv. fjvn., sem lúta að þessu efni. Við flm. þessarar brtt. teljum, að í þessu stærsta sjávarþorpi á Vestfjörðum beri nokkra nauðsyn til þess að koma á fót slíkri lesstofu. Slík lesstofa hefur ekki verið þar á undanförnum árum, en allmargir sjómenn og útgerðarmenn hafa rætt um það við okkur, að til þess bæri nauðsyn, og áhugi ríkir fyrir því í Bolungavík að koma slíkri lesstofu upp. Það er öllum kunnugt, að í sjávarþorpum eru allmargir dagar á hverju ári, sem sjómenn hafa fría, og þessum dögum verður ekki betur varið á annan hátt en þann, að sjómönnum sé gefið tækifæri til þess að sitja við lestur góðra bóka og eyða tómstundum sínum á þann veg. Þess vegna er það, að við förum þess á leit við hæstv. Alþingi, að það skapi möguleika til þess í samvinnu við hreppsnefnd og sjómenn í Bolungavík, að slíkri lesstofu yrði á fót komið. Ég vil því mjög undirstrika það, sem felst í þessari till. Það er að vísu vitneskja mín, að án þess að Alþingi verði við þessari beiðni verði þessari lesstofu á fót komið, en hins vegar er það skoðun mín, að slíku fyrirtæki sé að því mikill styrkur, að hv. Alþingi hnígi til fylgis við slíka lítilfjörlega fjárveitingu. Það er nú svo, að frá útveginum í okkar landi kemur þjóðfélaginu mikill styrkur til fjölmargra framkvæmda, sem gerðar eru, og því er það skoðun mín, að það sé ekki ósanngjörn krafa að fara fram á, að sjómenn í Bolungavík fái lítinn styrk eins og þann, sem farið er fram á í þessari till. Frekar tel ég mig ekki þurfa að rökstyðja þessa till.

Á sama þskj., 314, flyt ég ásamt hv. 1. landsk. og hv. þm. Mýr. till. um 1200 kr. styrk til Sigurðar Níelssonar verkamanns í Reykjavík. Það mun vera svo, að 1. flm. mun mæla fyrir till., og tel ég ekki þörf margra orða, en vil segja, að það er sanngirniskrafa, að þessum aldurhnigna verkamanni verði sýndur nokkur sómi og viðurkenning af hálfu Alþingis, og þess vegna hef ég gerzt meðflm. þessarar till. Þetta er maður, sem hefur unnið alla ævi að verkamannastörfum hér í Reykjavík og víðar, og hefur hann hlotið viðurkenningu, þar sem honum var veitt fálkaorðan fyrir vel unnin störf. Hann hefur verið talinn mjög nýtur maður og góður starfsmaður, og þeir menn, sem hafa innt af höndum slík störf sem hann í þjóðfélaginu, eiga það skilið, að Alþingi sýni þeim nokkurn vott viðurkenningar. Ég tel svo ekki þörf að fara fleiri orðum um mínar brtt. við þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Ég vil ítreka þakkir mínar til fjvn. fyrir að taka vel mínum málaleitunum. Ég mun ef til vill við 3. umr. bera fram nokkrar brtt., þó að því tilskildu, að fjvn., sem ég mun hafa samvinnu við, vilji ekki taka til greina frekari brtt., sem ég hef fram að bera.

vinna við bygginguna stöðvist þegar á næsta ári eða um næstu áramót, því að það er ekki hægt að gera ráð fyrir, að haldið verði áfram að byggja svo stórt hús, nema heimild sé til þess í fjárl. Ég hef því hér farið bónarveg til Alþ. til þess að fá þessa fjárveitingu hækkaða upp í 300 þús. kr., því að það er afleitt að stöðva nú framkvæmdir við byggingu, sem er komin svo langt áleiðis. Það er ekki hægt að hafa nein not af henni eins og er, því að enn þá er ekki hægt að innrétta fyrstu hæð hússins, sem er ætlunin að nota fyrir póst. Ég vona, að hv. þm. sjái, hve brýn þörf er á þessu og að þeir samþ. því þessa hækkun. Till. mín er þó í raun og veru ófullnægjandi, en ef hún væri samþ., mætti þó halda áfram að byggja.

Hin brtt., sem ég á á sama þskj., er í raun og veru tekin upp af minni hl. fjvn., en ég var ekki búinn að sjá þá brtt., en ég lagði mínar brtt. fram, en þessi brtt. mín er í rauninni shlj. brtt. 7, b. á þskj. 316. Mín brtt. er við brtt. fjvn. á þskj. 296 um að á eftir 12. gr. X. b. komi nýr liður um framlag til sjúkrahússbyggingar á Akureyri. N. hefur lagt til, að þetta framlag verði 200 þús. kr., en minni hl. hefur lagt til, að það yrði 500 þús. kr., og er það sama upphæð og ég legg til í brtt. minni á þskj. 331.

Forsaga þessa sjúkrahúsmáls á Akureyri er löng, og hv. þm. mun það kunnugt, að ég hef farið fram á framlög til þess að gera viðbótarbyggingu við spítalann. Þessi bygging er nú komin upp, og bætti hún úr brýnni þörf, en það nær skammt. Aðsóknin hefur verið svo mikil, að húsrúmið hrekkur ekki nándar nærri til þess að fullnægja þörfinni. Spítalinn er líka svo gamall og af sér genginn, að fyrir nokkrum árum var það af heilbrigðisyfirvöldum landsins talið næstum óverjandi að nota hann í því ástandi, sem hann þá var, en síðan hafa verið gerðar nokkrar endurbætur á honum og reynt að baslast við hann þannig. Það er ekki einungis þörf Akureyrarbæjar, sem gerir þetta mál aðkallandi, heldur kallar héraðið allt og allur Norðlendingafjórðungur. Bæjarstjórnir Akureyrar og Siglufjarðar og sýslunefndir Eyjafjarðar- og Suður-Þingeyjarsýslu hafa samþ. áskoranir til Alþ. um byggingu þessa spítala, sem er a. m. k. nokkurs konar fjórðungsspítali, ef ekki landsspítali. Það hefur líka komið fram krafa um það að gera þennan spítala að nokkurs konar ríkisspítala, sem sé rekinn á kostnað ríkisins, og bæjarstjórn Akureyrar hefur samþ. ályktun um að skora á ríkisstj. að bera fram nú á þessu þingi frv. um að gera hann að ríkisspítala. Ríkisstj. hefur ekki séð sér þetta fært, en bæjarstj. hefur lagt það til sem varatill., að veittur yrði ríflegur fjárstyrkur til byggingar þessa sjúkrahúss, og er það í samræmi við mína brtt. Aðsókn hefur verið svo mikil að þessari stofnun, sem hefur ekki nema 50 sjúkrarúm, að það er ekki hægt að segja, að það hafi verið nokkur skipan þar á. Í þessum þrengslum hefur einnig jafnvel orðið að hafa vitfirringa, sem ekki hefur verið hægt að koma á Klepp, og hefur það eðlilega verið mjög óþægilegt. Ef við athugum legudaga sjúklinga á spítalanum, þá voru þeir s. l. ár 19765. Þar af voru legudagar sjúklinga frá Akureyri aðeins rúmlega þriðjungur, eða 7962, og það má segja, að flestar sýslur hafi átt sjúklinga, sem hafa legið þarna lengri eða skemmri tíma. Þarna er t. d. Eyjafjörður með 5000 legudaga, S.-Þingeyjarsýsla með 2082, Reykjavík sjálf með 1392, N.-Ísafjarðarsýsla með 797, V.-Ísafjarðarsýsla með 246, Árnessýsla með 222, Strandasýsla með 218 og svo áfram allt til Hornafjarðar, og útlendingar hafa þarna 91 legudag. Af þessu má sjá, að þetta er ekki spítali fyrir Akureyringa eina, heldur er þetta í raun og veru landsspítali, þótt honum sé haldið uppi af Akureyrarbæ með aðeins lítils háttar styrk frá ríkinu.

Ég vona því, að þessi till. mín mæti skilningi hér á Alþ. og að menn sjái, hve brýn nauðsyn er hér á, enda liggja svo sterk rök fyrir því, að spítalinn þurfi að komast upp, að varla mun hægt að komast hjá því að veita ríflega fé til byggingar hans. Ef hins vegar Alþ. skilur ekki þessa nauðsyn, þá er til önnur leið fyrir Akureyringa, en það er að byggja sér lítinn spítala, sem aðeins mundi nægja þeim einum, og veita þá engum öðrum aðgang þar, en þannig mundi skapast svo mikið öngþveiti, að við mundum fæstir vilja bera ábyrgð á því. Ég vona því, að Alþ. líti með skilningi og velþóknun á þessa till. mína og samþ. að veita það fé, sem farið hefur verið fram á.

**Forseti (GSv):** Það var ætlun mín að ná hv. þm. nokkuð saman til þess að leita afbrigða um þskj. Á þskj. 338, sem var útbýtt nú á fundinum, eru nokkrar brtt., sem ekki hefur verið leitað afbrigða fyrir, en það er nauðsynlegt, að þær komist inn í umr.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

**Gísli Sveinsson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram örfáar brtt. á þskj. 314 og 331, og vil ég nú minnast lítið eitt á þær, áður en umr. er lokið.

Þá er það fyrst brtt. XIII á þskj. 314, kirkjubyggingarstyrkur, en sú till. er um, að veittar verði 15 þús. kr. til byggingar Reyniskirkju í Mýrdal. Ég býst við, að hv. þm. muni, að á síðasta þingi var réttilega tekinn upp sá háttur að styrkja söfnuði til þess að koma sér upp kirkjum, ef kirkjur þeirra höfðu á einhvern hátt eyðilagzt af óhöppum. Nú tel ég það einnig ekki nema eðlilegt, að ríkið styrki söfnuði landsins til þess að reisa kirkjur, hvernig sem stendur á því að kirkjur falla.

Nú er það lítill og fátækur söfnuður, sem stendur að þessari kirkju, og það er þannig ástatt um hana, að hún hefur ekki aðeins verið ómessufær um langan tíma, heldur fauk hún einnig af grunni s. l. vetur, eins og átti sér stað um kirkjurnar á Melstað og Staðastað.

Ég sé nú, að síðan þessi till. mín kom fram, þá hafa komið fram fleiri till. um svipað efni. Ég tel líka, eins og ég gat um áðan, að ríkið verði að taka upp þann hátt að styrkja landsmenn til þess að reisa sér kirkjur, og ég lít með velþóknun á það, að landsmenn skuli nú farnir að leita hingað í þeim tilgangi, því að ég tel það

sýna áhuga á kirkjulegum málefnum. Það gefur að skilja, að söfnuðir þessa lands, sem eru fátækir og hafa ekki aðra tekjuöflunarleið en að leggja nefskatt á meðlimi sína, þeir geta ekki reist kirkjur sínar sjálfir, þannig að þær verði með þeim myndarbrag, sem kirkjur þurfa að hafa. Það er því sjálfsagt, að Alþ. styrki þá söfnuði, sem eru að reyna að reisa sér kirkjur og sýna með því lofsverðan áhuga. Það er engum vafa bundið, að Alþ. verður að ganga inn á það að styrkja landsmenn til þess að reisa sín guðshús, meðan sérstök þjóðkirkja er í landinu, vernduð af ríkisvaldinu. Það er líka hægt að segja það þjóðinni til lofs, að hún skuli vera svo fastheldin, að hún vill halda þessu fyrirkomulagi, sem nú er á þessum málum. Nú hefur það verið svo á þessu landi, að hvorki Alþ. né ríkisstj. hafa skilið, hvað ætti að gera í þessum málum og hvað ætti að vera. Stjórnarvöldin hafa ekki skilið það, að úr því að stjskr. gerir ráð fyrir því, að ríkið skuli styðja og vernda þjóðkirkjuna, þá verður það líka að sjá um það, að kirkjur séu til í landinu. Það verður hins vegar ekki gert nema annaðhvort með því að auka tekjuöflunarmöguleika safnaðanna eða þá með því, að ríkið styrki þá til þess að reisa kirkjur. Nú ber engan veginn að líta svo á kirkjubyggingar, að það sé nægilegt að koma upp einhverjum kofa, sem sé rétt fokheldur. Nei, húsið verður að vera veglegt bæði utan og innan, og það er vitað, að slíkt kostar meira en fáir menn geta risið undir.

Þessi mál eru þess eðlis, að hið opinbera getur ekki látið þau afskiptalaus, jafnvel þótt fríkirkja væri í landinu, vegna þess hve miklu trúar- og siðgæðislíf í landinu varðar þjóðfélagið í heild. Viðurkenning verður því að fást, og hún mun fást, á því að þessi mál beri að styðja. Flestir munu vera ásáttir um það, að þótt ríkið haldi uppi prestunum, þá sé það ekki nóg, því að þeir verða að hafa kirkjur, þar sem þeirra starfsemi er að svo miklu leyti við þær tengd. Það er einnig gefið, að þótt hið opinbera reisti kirkjurnar alveg, sem ég er þó ekki að fara fram á, þá munu þó söfnuðirnir heima fyrir hafa nóg verkefni við að búa kirkjur sínar sæmilega, og það mun vera fullnóg fjárhagslega fyrir söfnuðina að inna það vel af hendi. Ég býst við, að hv. þm. verði þetta ljóst. Nú er þess farið á leit, í skjóli þess réttar, sem stjskr. veitir um stuðning ríkisvaldsins, að byrjað sé með því að styrkja þá söfnuði, sem ætla að reisa sjálfir kirkjur sínar, til þess að koma þeim upp. Það er hið auðveldasta, sem hægt er að komast af með.

Ég skal benda á það, að þótt hér sé farið fram á 15 þús. kr. styrk, þá er það ekki mikil upphæð nú og ekki meiri en ca. 5000 kr. áður, en það hrekkur skammt til þess að reisa hvaða hús sem er. Hv. þm. þarf því ekki að ægja þetta, því að fjárveitingar eru nú yfirleitt ekki reiknaðar í þúsundum, heldur í hundruðum þúsunda og milljónum, og það eru meira að segja samþ. þál., sem kosta ríkið margar milljónir. Fjvn. hefur ekki tekið þennan styrk með, en ég þykist þess fullviss, að hv. þm. muni fúsir til að greiða þessu atkv. Þetta er eina lausnin til bráðabirgða, um leið og gengið er inn á þessa braut, sem þegar hefur verið troðin og er fyllilega réttmæt. Ég vænti því þessari till. eins og öðrum góðum till. góðs fylgis á Alþ.

Þá á ég og till. á þessu sama þskj., 314, XVIII, sem er um sandgræðslu. Þar er farið fram á, að styrkur til sandgræðslu hækki um 20 þús. kr. Mér hefði ekki komið til hugar að blanda mér inn í þetta mál, nema af því að svo sérstaklega stóð á, að þessi 20 þús. kr. styrkbeiðni til viðbótar til sandgræðslu í Álftaveri, en hún kom frá sandgræðslustjóra og Búnaðarfél. Ísl., hefur fallið niður úr fjárgreiðslum. Það er vitað, að austur á Meðallandi og í Álftaveri er brýnasta þörf á að halda því við, sem þar hefur verið gert, og jafnframt að auka stórum við, ef vel á að vera. Svo er mál með vexti, að Búnaðarfélag Íslands fór fram á það í till. sinni til ríkisstj., að veitt yrði til sandgræðslu í Meðallandi hærri upphæð heldur en ríkisstj. tók upp, sem sé 50 þús. kr. Annars eru þessar 50 þús. kr. aðeins hluti af því, sem í raun og veru þyrfti með, en samt felldi ríkisstj. þessa upphæð niður og áleit, að ekkert lægi á henni. Þegar ég bar þetta í tal við hæstv. fjmrh., kannaðist hann við það, að hann hefði haldið, að þetta væri svo, en nú hefði hann hins vegar fengið betri upplýsingar og komizt að raun um, að þetta væri þvert á móti, og kvaðst mundu taka þetta mál aftur inn. Um leið var það, að Búnaðarfélagið gekk eftir því við fjvn. að fá þennan 50 þús. kr. styrk til viðbótar, sem að sjálfsögðu var eingöngu ætlaður til sandgræðslu í Meðallandi. Mér er því spurn, hvernig á því stóð, að 20 þús. kr. sem farið var fram á af Búnaðarfélaginu til varnar uppblæstri á Álftaveri, voru ekki einnig teknar með í till. af fjvn. Þessi upphæð er ekki há, en hún er samt nóg til þess að stemma stigu fyrir uppblæstri landsins á þessu svæði, því að það er sannað mál, að þetta er byrjun á uppblæstri, sem með þessari upphæð væri hægt að binda endi á. Þá sögu er að segja úr Meðallandi, að þar er land mjög uppblásið, en í Álftaveri er aðeins byrjun á uppblæstri. Spurningin er því sú, hvort er betra að koma í veg fyrir með þessum 20 þús. kr., að allt héraðið blási upp, eða að verja 100 þús. kr. til að reyna að bjarga því, þegar í óefni er komið. Þannig liggur málið við frá Búnaðarfélagi Íslands og sandgræðslustjóranum. Þess vegna er það von mín, að fjvn. taki þessa viðbótarupphæð með. Í raun og veru er það hlálegt, að ekki skuli meiru en á annað hundrað þús. kr. vera varið til sandgræðslu og til varnar uppblæstri á þessum tímum, sem milljónum er kastað í mold, sem er í herfilegu ástandi. Svo er þetta land, sem er hálfuppblásið, það fær fé af skornum skammti til þess að reyna að græða upp aftur það, sem farið er forgörðum af þessari frjósömu sveit. Ég mun taka þessa till. aftur til 3. umr. og treysti því, að fjvn. líti á þetta mál á þann veg, eins og ég tel Íslendinga líta á það, gagnvart vörnum landsins.

Einnig á ég brtt. á þskj. 331, V. lið, sem er við brtt. 296, 34.8. (Við 13. gr. A. III. -- Brú á Hörgsá). Liðinn skal orða svo: Hörgsá og Stjórn á Síðu. Er þarna því um tiltölulega hærri upphæð að ræða heldur en upprunalega í frv. Svo er mál með vexti, að þessar tvær smáár hafa alltaf

**Jakob Möller:** Herra forseti. Ég hef hér brtt. við fjárl., sem mér ber sérstaklega að mæla fyrir, þó að nafn mitt sé að vísu bundið við einhverjar fleiri till. Í till. undir XX á þskj. 314 á ég ásamt fleirum brtt. við brtt. hv. fjvn. á þskj. 296, lið 130, um byggingu iðnskóla í Reykjavík. Fjvn. lagði til, að lagðar yrðu fram 100 þús. kr. í þessu skyni úr ríkissjóði og þá ekki yfir ⅓ kostnaðar. Brtt., sem við flytjum, er á þá lund, að þessu verði breytt þannig, að framlagið verði ⅖ kostnaðar, allt að kr. 300000,00, og 250000,00 til vara. Gert er ráð fyrir framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur kr. 250000, en iðnaðarsamtökin legðu þá á móti ⅕. Eftir þessu yrðu á komandi ári veittar til byggingar iðnskóla allt í allt kr. 750000. Við teljum þetta svo aðkallandi mál, að því beri að hraða sem mest. Þetta er ekki eingöngu mál Reykjavíkurbæjar, því að iðnaðarfræðslan hér í Reykjavík, hvort sem hún er verkleg eða bókleg, er raunverulega undirstaðan fyrir öllum iðnaði í landinu, vegna þess að bæði koma unglingar hingað til þess að nema ýmsar iðngreinir og ganga í iðnskólann, og einnig fara fulllærðir iðnaðarmenn héðan úr bænum út um land og setjast að þar og stunda sína iðn. Svo að tvímælalaust er iðnaðarskólamál Reykjavíkur mál alls landsins í heild. Iðnaðarmenn hafa staðið straum af iðnskólanum í Reykjavík af miklum dugnaði og fórnfýsi. Iðnskólinn hér er nú orðinn 36 ára gamall. Það eru 36 ár síðan iðnskóli sá, sem nú er notaður, var reistur. Hann var reistur mjög myndarlega, en er nú orðinn allt of lítill, þó að hann væri mjög við vöxt, þegar hann var reistur. Það hefur fjölgað mjög mikið í bænum á þessum 36 árum, sem liðin eru, og er alveg auðsætt, að sú bygging, sem þá var byggð, hlýtur að vera mjög mikið aftur úr nú. Í þessum skóla eru 7 kennslustofur, en nemendur skólans eru nú 560, og má sjá, að enginn möguleiki er á að komast af með það húsnæði, sem þar er, enda hefur skólinn orðið að fá kennslustofur annars staðar til þess að fleyta sér áfram.

Það er ekki upplýst, hvað viðkomandi skólahús mundi þurfa að kosta, en menn ganga þess ekki duldir, að slíkt skólahús er dýrara en hér er farið fram á, að lagt verði fram í fjárl., með því, sem kemur annars staðar að. En þar til svo byrjað er á byggingunni, yrði að vinna að því að fá áætlanir, og kæmi svo til kasta þingsins að kveða á um, hvað frekara framlag ætti að vera. Ég er þakklátur hv. fjvn. fyrir þann góða vilja, sem hún hefur sýnt með till. sinni, en ég veit, að bæði hún og aðrir þm. geta fallizt á að hækka tillagið eins og farið er fram á með brtt.

Þá á ég aðra till. undir XXIII, um styrk til Eiríks Kjerúlf, kr. 1200,00. Ég á tvo meðflm. að þeirri till., en efast ekki um, að ég hefði getað fengið fleiri til að styðja hana, en ég vona, að það spilli ekki, að fleiri standa ekki að henni. Maður sá, sem hér er um að ræða, hefur lagt stund á fræðastörf. Ég er ekki dómbær um þessi störf hans, en mér skilst, að það, sem hann hefur lagt stund á mörg síðustu árin, sé allmerkilegt. Það eru að vísu skiptar skoðanir um sumar kenningar hans á því sviði, sem sjá má á því, að vinur hans einn og bekkjarbróðir segir, að hann sé sá maður, sem hann hafi vitað hafa mest fyrir því að komast að rangri niðurstöðu. Ég er alls ekki viss um, að niðurstöður þær, sem hann kemst að, séu rangar, heldur virðast mér kenningar hans allmerkilegar, og án tillits til þess, hve raunhæfar þær eru, tel ég sjálfsagt að styðja hann í að stunda þessi fræði sín, meðan honum endast kraftar til, og geta þá síðari tíma fræðimenn dæmt um kenningar hans, ef til vill af meiri víðsýni heldur en þeir, sem halda fast í þær kenningar, sem þeir hafa alizt upp við. Annars er þessi maður gamall læknir, sem raunar hefur talið sig hafa orðið illa úti í sambandi við störf sín í þágu hins opinbera á fyrri hluta ævi sinnar, en það er annað mál. Þetta mundi að vísu bæta honum það að nokkru, en ég tel hann þess verðan að fá þennan styrk, án tillits til hans fyrra starfsferils.

Ég vænti þess, að þm. taki báðum þessum till. með velvilja, og treysti því, að svo verði.

**Forseti (GSv):** Ýmsir þm. eru á mælendaskrá, og eftir því sem mér hefur borizt tilkynning um, eru fleiri væntanlegir. Enda mun það ekki koma að sök, þótt þeir séu ekki til þess búnir nú að flytja ræður sínar, því að umr. verður fram haldið á morgun, eins og til vinnst. Umr. um fjárlögin verður frestað að þessu sinni.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Sþ., 5. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 33, n. 297 og 315, 296, 314, 331).

**Emil Jónsson:** Herra forseti. Ég hef borið fram örlitla brtt. á þskj. 314, XIX ásamt þremur öðrum þm. Brtt. er um það, að styrkur, sem veittur hefur verið landssambandi iðnaðarmanna og áður var 15 þús. kr., skuli hækkaður upp í 50 þús. kr., en til vara 40 þús. kr.

Landssamband iðnaðarmanna er fyrir iðnaðarstétt landsins eins og Fiskifélagið fyrir sjávarútveginn eða Búnaðarfélagið fyrir landbúnaðinn. En þessar stofnanir eru styrktar, -- önnur með 340 þús. kr., hin með 550 þús. kr. Með brtt. okkar er því ísl. iðnaði ætlaður tæpur tíundi partur af því, sem landssamtök bænda fá. Ég ætla ekki að fara lengra í þeim samanburði, en ég vil benda á, að samkv. skýrslum um starfsemi landssambands iðnaðarmanna, sem útbúnar voru á síðasta iðnþingi, er augljóst, að landssambandið hefur t. d. með höndum heilmikil störf fyrir ríkisstj., sýslumenn og bæjarfógeta o. fl. 1942 bárust stj. landssambandsins á annað hundrað slík mál og hefur greitt úr flestum þeim erindum, þó að sum krefðust bæði tíma og fyrirhafnar. Auk þess er gefið út tímarit iðnaðarmanna, en útgáfunni hefur verið hagað svo, að halli hefur lítill orðið eða enginn undanfarin ár, eingöngu af því, að útgáfunni hefur verið haldið niðri kostnaðarins vegna. Æskilegt væri, að útgáfa ritsins væri fullkomnuð og að hægt væri að verja einhverju litlu af fé til hennar, en eins og sakir standa, er bæði halli af rekstri landssambandsins og tímaritsins síðast liðið ár, svo að fjárhagurinn er kominn í óefni, ef ekki verður úr bætt.

Skrifstofa sambandsins er rekin með eins litl-

um mannafla og frekast er fært. Fjárhagurinn hefur ekki leyft, að notaður væri nema hálfur starfstími þess manns, sem það hefur í þjónustu sinni. Hefur hann því orðið að leita sér starfs annars staðar jafnframt. Samt hefur fjárhagurinn ekki leyft kaup handa þessum hálfa manni, með mjög lítilfjörlegri aðstoð.

Ég vænti, að hv. d. sjái sér fært að hækka þennan lið, bæði til samræmis við aðrar stofnanir og eins til að brýnustu störf sambandsins verði leyst á viðunandi hátt.

**Barði Guðmundsson:** Herra forseti. Ásamt hv. 2. þm. S.-M. og hv. þm. Snæf. á ég brtt. á þskj. 331, IX. Hún fjallar um styrk til skálda, listamanna og rithöfunda. Fjvn. hafði ákveðið 120 þús. kr. grunnstyrk, en við leggjum til hækkun upp í 150 þús. kr., og að sjálfsögðu einnig, að verðlagsuppbótin hækkaði að sama skapi. Till. okkar er ekki borin fram út í bláinn, heldur af brýnni nauðsyn. Á síðasta þ. var gerð breyt. á úthlutun fjárins á þann hátt, að menntamálaráði var falið að úthluta fénu milli fjögurra deilda bandalags ísl. listamanna, og svo áttu þessar deildir að sjá um úthlutun til einstakra manna. Þetta reyndist mikið vandaverk fyrir menntamálaráð, og orsakirnar voru fyrst og fremst þær, að fyrrum hafa það aðallega verið rithöfundar og skáld, sem nutu opinbers styrks, en t. d. hafa leikarar sama og ekkert opinbert fé fengið. Við tókum það upp í menntamálaráði að byggja á styrkúthlutuninni eins og hún hafði áður farið fram, og útkoman varð sú, þegar deilt var niður upphæðunum, að rithöfundar og skáld fengu rúmar 60 þús. kr., málarar 20, tónlistarmenn 10 og leikarar 5 þús., en samkv. reglum við úthlutunina bar þeim þó ekki að fá nema rúml. 500 kr. Sumar deildirnar voru ekki ánægðar með þessa úthlutun. Einkum voru leikararnir óánægðir og treystu sér ekki til að skipta upphæðinni, og það átel ég ekki. En hvernig gat menntamálaráð fundið önnur úrræði? Það var ekki hægt, nema ganga mjög á hlut hinna. Af þessum sökum er það knýjandi nauðsyn, að hækkun verði á styrknum til skálda, rithöfunda og listamanna. Menntamálaráð tók þetta til athugunar fyrir nokkru, og með shlj. atkv. var ákveðið að senda áskorun til fjvn. um, að grunnstyrkurinn yrði ekki lægri en 150 þús. kr., og bréf var sent um þetta. En eins og hv. 2. landsk. þm. upplýsti í gær, var þetta tekið fyrir á fundi fjvn., en þá vildi svo illa til, að einn menntamálaráðsmaður, sem á sæti í n., hefur snúizt á móti till. Það er einkennilegt, því að hann gerði engan ágreining í ráðinu. Ég vildi upplýsa þetta í Sþ., að þessi þm., sem var á móti hækkunartill. í fjvn., gerði ekki ágreining um hana í menntamálaráði.

Mér þykir líklegt, að ef Alþ. sér sér ekki fært að verða við þessari hóflegu ósk menntamálaráðs, sjái það sér ekki fært að annast úthlutunina með sama hætti og síðast.

**Jóhann Jósefsson:** Herra forseti. Ég hef ekki borið fram stórar brtt., og eru ástæðurnar þær hvað snertir þá brtt., sem ég hefði kosið að gera um framlag til Vestmannaeyjahafnar, að fullnægjandi upplýsingar liggja ekki enn fyrir um ágreiningsatriðið milli mín og fjvn. Mér var falið af bæjarstjórn Vestmannaeyja að fara fram á 320 þús. kr. styrk, en vegna ágreinings milli mín og n. varð það að samkomulagi, með samþykki vitamálastjóra, að n. setti inn 220 þús. kr. til framkvæmda, en ég álít, að það sé of lágt. Það fyrirheit var gefið af form. n., að ef slíkar upplýsingar, sem við þyrfti, kæmu fyrir 3. umr., stæði þetta til bóta.

Ásamt nokkrum þm. fer ég fram á, að frú Önnu Pálsdóttur verði veittur nokkru meiri styrkur en fjvn. ætlast til. Þessi vinsæla listakona og kennslukona er svo á vegi stödd vegna húsnæðisleysis, að hún getur ekki unnið sín daglegu kennslustörf og er því tekjulaus með tvö dótturbörn sín, svo að ástæður hennar eru mjög slæmar, og það hefur komið mér og öðrum þm. til að gera þessa brtt.

Það er nú svo, að einn mætur maður í fjvn. benti mér á, að formsins vegna ætti ég að taka till. aftur, og skyldi þá verða athugað að fara aðrar leiðir í n. til að komast að sama marki. Þessi virðulegi fjvnm. er ekki staddur hér, og þar sem ekki var að heyra frá hans hálfu, að það væri annað en formið, sem ábótavant var, er mér um og ó að taka till. aftur, enda hef ég ekki ráðgazt við hina flm. En ef fjvn. vildi lofa athugun á þessu, mundi ég ekki setja mig á móti því að taka till. aftur.

Þá er önnur brtt., sem ég á viðvíkjandi Helga Árnasyni. Hann var húsvörður Safnahússins um langt skeið og hefur nú verið farinn að heilsu um lengri tíma, og hygg ég, að heilsuleysi hans stafi að verulegu leyti af því, að hann er búinn að vera í dragsúg í anddyri Safnahússins í ¾ hluta úr meðalmannsævi. Ég og annar hv. þm. leyfum okkur því að fara fram á lítils háttar hækkun til hans, og vona ég, að Alþ. geti fallizt á það.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál að sinni. Það gefst sennilega tækifæri til þess að gera það betur við 3. umr. og koma þá inn á ýmsar stærri till., sem ég býst við, að verði frestað til þeirrar umr., en þær eru margar fyllilega þess verðar, að um þær sé rætt, en það mun nægilegt að gera það við 3. umr.

**Sigurður Hlíðar:** Herra forseti. Á þskj. 331 leyfi ég mér að bera fram 2 brtt. Sú fyrri er við 3. gr. A-lið, um eignabreytingar landssímans, og er um framlag til póst- og símahúss á Akureyri. Í fjárl. þessa árs eru áætlaðar 200 þús. kr. til þessarar byggingar og í frv. því, sem hér liggur fyrir, áætlar ríkisstj. einnig 200 þús. kr. framlag á næsta ári, m. ö. o., það er játað, að þessi bygging sé nauðsynleg. Nú er þetta þannig á veg komið, að það er búið að steypa kjallara hússins og 1. hæð og komið nokkuð áleiðis með 2. hæð, og er nú búið að byggja fyrir 245 þús. kr. og auk þess kaupa efni fyrir 135 þús. kr., en það mun næstum nóg í húsið. Það er því alls búið að kosta til þess 380 þús. kr., en það er öll sú upphæð, sem veitt er í fjárl. yfirstandandi árs, og auk þess nær því öll sú fjárveiting, sem er áætluð í fjárl. fyrir næsta ár. Ef þessi liður verður því ekki hækkaður, þá er útlit fyrir, að

fylgzt að í öllum brúalögum, og er því ætlazt til, að þessar tvær ár fari saman, þegar brúað yrði, því að vafalaust yrði það mikill vinnu- og efnissparnaður, ef hægt væri að brúa þær báðar í einu. Þess vegna tel ég rétt að orða þennan lið þannig. Upphæðin, sem þarna er tiltekin, er áætlun nægja fyrir báðar þessar brýr, en það er til lausleg áætlun fyrir hvora um sig, og getur það orkað tvímælis, hvort ekki ætti að áætla aðra lægri, en hina hærri. Áætlun um aðalupphæðina er gerð í samráði við vegamálastjóra, og lét hann svo um mælt, þegar Geirlandsá var brúuð fyrir skemmstu, að undinn yrði bráður bugur að því að brúa þessar tvær ár. Næst liggur því fyrir, að mínu áliti, að brúa ekki aðeins aðra af þessum ám, heldur báðar. Ég mun einnig taka þessa till. mína aftur til 3. umr., til þess að gefa fjvn. kost á að taka hana til frekari athugunar.

Hins vegar gegnir öðru máli um brtt., sem ég á á þskj. 314, XIII., því að ég ætlast til, að við þessa umræðu komi hún til atkv. Þessi liður kveður á um styrk til endurbyggingar á Reyniskirkju í Mýrdal, sem, eins og öllum er kunnugt um, er fornfræg kirkja og kirkjustaður. Allir aðilar, er þarna standa að, hafa mjög mikinn áhuga á, að þetta komist í framkvæmd, og t. d. var þetta mál tekið fyrir á hinum almenna kirkjufundi, sem hér var haldinn í haust, og var þar eftirfarandi ályktun gerð:

„Hinn almenni kirkjufundur 1943 telur eðlilegt, þar sem kirkjan er ákvörðuð þjóðkirkja eða ríkiskirkja samkv. 57. gr. stjskr., að ríkinu beri skylda til að styðja söfnuði landsins til nauðsynlegra kirkjubygginga með ríflegum styrkjum úr ríkissjóði."

Ég mun ekki orðlengja frekar um þessi atriði, en vil aðeins þakka frsm. fjvn. fyrir hin skynsamlegu orð hans, er hann lét hér falla viðvíkjandi styrk, sem veittur er til Kvenfélagasambands Íslands. Þessi styrkur er nú veittur í einu lagi, í stað þess að veita hann hverju einstöku kvenfélagi í félagasambandinu, en eins og mönnum er kunnugt, eru ýmis kvenfélög, sem hafa unað illa að falla undir eitt samband. Um till. fjvn. ætla ég ekki að ræða, þó að mig að vísu hefði langað til þess, ef tími hefði leyft, en tel það raunar ekki skipta svo miklu máli.

Að lokum vildi ég minnast á það, að ég mælist til þess, að fjvn. sjái sér fært að taka þann lið, sem er í 14. gr. viðvíkjandi biskupsembættinu, risnu, húsaleigustyrk hans o. fl., aftur til 3. umr., vegna þess að mér finnst eðlilegt að gefa biskupi tækifæri til að ræða um þetta við fjvn., og er þetta aðeins vinsamleg bending af minni hálfu.

**Bjarni Ásgeirsson:** Herra forseti. Ég á hér fáeinar brtt. við fjárl., sem mig langar til þess að lýsa ofurlítið fyrir hv. þm.

Fyrst er til að telja brtt. á þskj. 331, VIII, sem er til viðbótar brtt. 314 XIII. við 14. gr. frv. frá hv. 10. landsk. Hann hefur nú þegar gert grein fyrir sinni brtt., en það mál, er hér um ræðir, er viðvíkjandi kirkjubyggingu, og gildir því það sama um mína brtt. Hann hefur rætt málið svo almennt og ýtarlega, að ég þarf þar litlu við að bæta. Ég vil þó aðeins skýra frá því, sem mönnum mun þó flestum vera kunnugt um, að Borgarneskauptún á enga kirkju og hefur aldrei átt. Meðan kauptúnið var minna, átti það kirkjusókn á Borg á Mýrum, en það er alllanga leið að fara, en síðan þorpið stækkaði, -- það telur nú um 800 íbúa, -- hefur verið stofnaður þar sérstakur söfnuður og horfið að því ráði að flytja guðsþjónustur í skólahúsinu. Þetta skólahús er hins vegar lítið og mjög óþægilegt fyrir söfnuðinn til slíkra nota. Fyrir nokkuð löngu var því hafizt handa um að safna í sjóð til kirkjubyggingar í Borgarnesi, og hefur verið unnið að því af miklum ötulleika og fórnfýsi af safnaðarmeðlimum. Nú er svo komið, að söfnuðurinn á allálitlega fjárhæð til að koma upp viðunanlegu guðshúsi, en sökum verðbreytinga á síðari árum telur söfnuðurinn sér ekki fært að koma upp þessari byggingu af eigin rammleik. Hann hefur því beðið mig að flytja þetta mál á þessu þingi, í von um, að árangur náist, þar sem hv. þm. hafa tekið upp þá stefnu að styðja söfnuði, þegar sérstaklega stendur á. Ég álít, að þess sé ekki sízt þörf hér, þar sem reisa þarf kirkju frá grunni, og vona því, að hv. þm. sýni þá sanngirni að veita þennan litla stuðning, sem hér er farið fram á.

Á sama þskj. á ég brtt. við 14 gr., svo hljóðandi:

„Til Ungmennasambands Borgarfjarðar, til nauðsynlegra umbóta á veginum að íþróttavangi sambandsins hjá Ferjukoti."

Þannig stendur á, að Ungmennasamband Borgarfjarðar hefur nú um 20 ára skeið haft íþróttasvæði skammt frá Ferjukoti, þar á bökkunum skammt frá Hvítá, en sá ljóður er á þessu svæði, sem að öðru leyti er ágætt, að vegurinn að því er stórhættulegur. Þar er farið mjótt einstígi, sem liggur fremst í hömrum rétt hjá Ferjukoti, en þetta einstígi er svo mjótt, að aðeins með mestu aðgætni er hægt að komast fyrir hornið í bíl og alveg útilokað er að mætast þar. Í þessari þröngu bugðu sést til hvorugrar handar, og má því ekkert út af bregða, svo að maður steypist ekki fram af þessu þverhnípta standbergi. Þarna eru haldin mörg mót, ekki aðeins fyrir Ungmennasambandið, heldur fyrir allar meiri háttar samkomur héraðsins, og er því mjög þagalegt, að þessi glæfralegi vegur er eina leiðin, sem fólk getur farið til þess að komast að þessum stað. Sjálfur hef ég farið um flesta vegi landsins, en það verð ég að segja, að þetta er sá glæfralegasti vegur, sem ég hef séð á þessu landi. Á síðasta þingi gerði ég tilraun til að fá þetta lagfært, en Alþ. varð ekki við þeirri bón minni. Hins vegar er ég sannfærður um, að það stafar einungis af því, að hv. þm. hafa ekki séð, hvernig þarna er ástatt, og hafa ekki veitt því athygli, þegar þessu hefur verið lýst hér. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að ungmennafélagið geti upp á eigin spýtur lagfært þennan veg, því að til þess þarf töluvert fé, en ég efast ekki um, að það mun láta einhverja fjárhæð til þess að hægt verði að laga veginn svo, að hann yrði ekki jafnhættulegur. Það er ekki tekið fram í þessari brtt., en ég tek það fram nú, að vegamálastjóri hefur tekið að sér framkvæmdir verksins, ef til þess kemur. Ég mun því láta þessi orð nægja og treysti því, að þeir hv. þm., sem hlýtt hafa á orð

mín, greiði fyrir því, að á þessu verði ráðin bót ekki síðar en á komandi sumri.

Að lokum á ég brtt. á þskj. 338, V, ásamt báðum hv. þm. Skagf., og fjallar hún um að flytja til í fjárl. kr. 10000,00 frá loðdýralánadeildinni yfir á Loðdýraræktarfélag Íslands. Samkv. l. um loðdýralánadeildina var ákveðið, að ríkissjóður greiddi deildinni kr. 10000,00 á ári næstu fimm ár, eftir að deildin var stofnuð. Nú er þetta tímabil liðið, þannig að þessu ákvæði í l. sjálfum er þegar fullnægt. Hins vegar hafa störf deildarinnar á síðari árum ekki verið það mikil, að ég held, að ég megi fullyrða, að Búnaðarbankinn hefur ekki hirt þennan styrk, en Loðdýraræktarfélagið hefur haft fé af mjög skornum skammti og hefur sama styrk nú og það hafði á árunum fyrir stríð, þrátt fyrir að rekstrarkostnaður hefur stórum hækkað. Allir þeir, sem álíta, að loðdýraræktin í landinu sé merkilegt framtíðarmál, — og ég held, að þannig hugsi mikill meiri hluti hv. þm., — hljóta að vera á þeirri skoðun, að rétt sé að veita félaginu styrk þennan, svo að það geti haldið áfram starfsemi sinni, og tel ég því liggja í augum uppi, að þessu fé sé vel varið með því að flytja það yfir á þennan hátt og að það sé lögum samkvæmt. Það segir sig sjálft, að 3 þús. kr. hrökkva skammt til þessarar starfsemi, þannig að minna en þessi upphæð, 13 þús., sem styrkurinn yrði með þessari tilfærslu, er félaginu ekki boðlegur. Ég vona því, að hv. þm. skilji það, að lögin um loðdýralánadeildina gera ekki ráð fyrir greiðslum til deildarinnar lengur en fyrir árið 1943, og það er því ekki skylt lögunum samkvæmt að greiða þetta fé lengur.

Ég á hér ýmsar brtt. ásamt öðrum þm., sem ég er ekki fyrsti flm. að, en fyrir þeim hefur verið talað hér áður, svo að ég tel ekki ástæðu til að minnast á þær sérstaklega og mun því láta máli mínu lokið.

**Sigurður Thoroddsen:** Herra forseti. Ég mun flytja hér ásamt fjórum öðrum hv. þm. brtt. við 18. gr., sem fjallar um það, að við gr. bætist nýr liður, sem kveður á um 2 þús. kr. styrk til Guðmundar Péturssonar nuddlæknis.

Svo er mál með vexti, að Guðmundur Pétursson, sem hefur stundað nuddlækningar um fjöldamörg ár, er nú farinn að heilsu. Hann var skorinn upp í sumar og getur ekkert unnið fyrir sér. Guðmundur hefur aldrei notið neins styrks frá ríkinu, og vil ég vona það, að hv. þm. verði þessari till. fylgjandi, því að ekki verður annað sagt en að hér sé um brýna nauðsyn að ræða. Finnst mér því vel viðeigandi, að hið háa Alþ. veiti honum þennan styrk sem viðurkenningu fyrir vel unnið starf í þágu þjóðfélagsins. Till. þessi hefur ekki áður komið fram, og leyfi ég mér hér með að leggja hana fram skriflega.

**Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Hæstv. fjmrh. telur, að mikil bjartsýni komi fram hjá fjvn. í tekjuáætlun þeirri, er hún hefur lagt fram. Ég held þó, að tæplega verði hægt að telja áætlun nefndarinnar óvarlega. Má í því sambandi minna á, að fjvn. hefur áætlað stríðsgróðaskattinn 2 millj. kr. lægri en ríkisstjórnin. Stjórnin er þar bjartsýnni en n. Hæstv. fjmrh. fann að því, að risnufé biskups hefði verið fellt niður í till. n. Sama kom fram hjá hv. 10. landsk., hæstv. forseta. Sé það rétt, að laun biskups séu óeðlilega lág í samanburði við laun annarra embættismanna, þá gæti komið til mála að bæta honum það upp til bráðabirgða, unz ný launalög verða samin. En nefndin telur hæpið að fara inn á þá braut að bæta upp laun embættismanna á þann hátt að veita þeim risnufé.

Hv. frsm. minni hl. (ÞG) og aðrir þm. Sósfl., sem talað hafa við þessar urm., reyna af fremsta megni að telja mönnum trú um það, að um mikinn ágreining hafi verið að ræða í fjvn. og að allt önnur stefna komi fram í till. þeirra en í þeim till., sem n. í heild flytur á þskj. 296. Í nál. minni hl. kemur þessi tilhneiging þeirra einnig glöggt fram, þar sem skrifað stendur, að með till. sínum sé minni hl. að marka nýja stefnu í fjármálunum.

Ég get þó búizt við, að fleiri mönnum en mér, sem athuga þetta mál, veitist erfitt að koma auga á nýju stefnuna í till. minni hl. Hv. minni hl. flytur engar till. um nýja tekjuöflun fyrir ríkissjóð, heldur hið gagnstæða. Hann gerir aðeins till. um að áætla nokkru hærri tekjur á næsta ári af þeim tekjustofnum, sem ríkið nú hefur, heldur en meiri hl. Ég tel of óvarlega farið í þeim till. minni hl. T. d. má benda á það, að tekjur af verðtolli reyndust allmiklu lægri í sept.-mán. á þessu ári en í sama mánuði í fyrra, og hætt er við, að þannig verði einnig á næstu mánuðum, vegna minnkandi innflutnings á sumum hátt tolluðum vörum.

Með þessu er ekki sagt, að tekjurnar geti ekki orðið eitthvað hærri á næsta ári en meiri hl. leggur til að áætla þær. Ég vona, að svo fari. En í því sambandi má benda á það, að margar tölur á gjaldahlið frv. eru áætlunarupphæðir, og reynslan hefur sýnt, að aldrei hefur tekizt að áætla þær nákvæmlega. Gjöldin hafa ætíð farið fram úr áætlun, að vísu misjafnlega mikið, og má búast við, að svo fari enn á næsta ári, jafnvel þótt hæstv. stj. reyni að takmarka umframgreiðslur svo sem unnt er. En þar sem greiðslujöfnuður er tiltölulega fremur lítill á frv., er skammt yfir í greiðsluhalla, ef tekjurnar fara ekkert fram úr áætlun.

Ég tel mikla hættu á því, ef farið verður eftir till. minni hl., að ríkissjóð skorti fé á næsta ári til að inna af höndum greiðslur samkv. fjárlögum.

Fari hins vegar svo, að tekjurnar á næsta ári fari meira fram úr áætlun en gjöldin, þannig að tekjuafgangur verði, þá er engin sérstök hætta fólgin í því. Það mætti t. d. láta þetta fé í framkvæmdasjóð ríkisins, en hlutverk hans er að styðja framkvæmdir í atvinnumálum eftir styrjöldina. Sjálfsagt verða einhver ráð með að ráðstafa tekjuafgangi, ef einhver verður. Ég get jafnvel búizt við, að hv. minni hl. fjvn. muni fáanlegur til að gera einhverjar till. um ráðstöfun fjárins, ef einhverju verður að ráðstafa, þegar þar að kemur.

Ef hv. minni hl. hefði borið fram till. um nýja tekjustofna til að bera uppi aukin útgjöld, en meiri hl. hefði ekki viljað á þær fallast, þá hefði

verið hægt að tala um stefnumun. En þessu er alls ekki til að dreifa.

Tekjur ríkissjóðs og útgjaldamöguleikar vaxa ekki um einn einasta eyri, þótt tillögur minni hl. verði samþykktar.

Þetta er aðalatriði málsins.

Hv. minni hl. telur sig hafa áhuga fyrir því, að fé verði veitt úr ríkissjóði til smíða á fiskiskipum og framfara í landbúnaðinum. En ég vil benda á það, að möguleikar ríkissjóðs til að leggja fram fé til þeirra nauðsynlegu framkvæmda verða minni, ef till. minni hl. verða samþ., heldur en ef fylgt verður till. meiri hl. Þetta stafar af því, að hv. minni hl. gerir einnig tillögur um auknar fjárgreiðslur til annarra hluta, sem nema samtals milljónum króna, en engar tillögur um nýja tekjustofna.

Það eru því fullkomnar blekkingar, þegar hv. minni hl. heldur því fram, að með því að samþ. till. hans sé greitt fyrir því, að ríkið leggi fram fé til skipasmíða og landbúnaðarframkvæmda.

Þetta er alveg þverófugt.

Ef þingið samþ. till. meiri hl. fjvn., eru einmitt miklu meiri líkur fyrir því, að ríkið geti lagt fram fé á næsta ári til nýrra framkvæmda í þágu sjávarútvegs og landbúnaðar heldur en ef tillögum minni hl. verður fylgt. Það er vegna þess, að meiri hl. stillir meira í hóf ýmsum öðrum útgjöldum. Allir þeir, sem hafa áhuga fyrir því, að ríkissjóður geti lagt fram fé til þessara nauðsynlegu framkvæmda í atvinnumálunum, hljóta því að fylgja till. meiri hl. Ef þm. Sósfl. væri nokkur minnsta alvara með það, sem þeir tala um, að ríkið eigi að leggja fram fé til skipasmíða og framfara í landbúnaði, ættu þeir að taka allar sínar tillögur aftur nú þegar og fylgja tillögum meiri hl.

En hver er alvaran á bak við þessar till. hv. minni hl. um framlög til sjávarútvegs og landbúnaðar? Þeir, sem lítið þekkja hv. 2. landsk. (ÞG) og flokk hans, gera e. t. v. ráð fyrir, að hv. minni hl. sé þetta mikið alvörumál, t. d. með framlög til eflingar landbúnaði. En við, sem höfum setið á þingi í nokkra mánuði með hv. 2. landsk., framsögumanni minni hl., höfum haft tækifæri til að kynnast hug hans í garð landbúnaðarins og getum ekki tekið spjall hans um þetta nú mjög hátíðlega. Ég efast um, að það hafa nokkru sinni komið fyrir, eða a. m. k. man ég ekki eftir því, að þessi hv. þm. hafi risið úr sæti hér á Alþingi til ræðuflutnings án þess að viðhafa ósæmileg orð um bændur landsins, félög þeirra og landbúnaðinn yfirleitt. Framsöguræða hans nú var að þessu leyti engin undantekning. Hann nefndi þennan atvinnuveg „sníkjudýr", þótt hann væri í öðru orðinu að tala um áhuga sinn fyrir eflingu landbúnaðarins. Þannig kom innri maðurinn fram, eins og venjulega í ræðum hans.

Hv. þm. Barð. gerði að umræðuefni nokkrar brtt., sem hann flytur. Ein af till. hans er um fjárveitingu til nýrrar símalínu. Hv. þm. segir, að sú símalína hafi verið sett í símalög 1935. Mér er kunnugt um það, að sömu sögu er að segja úr fleiri kjördæmum. Víðar en í Barðastrandarsýslu vantar símalínur, sem ákveðnar voru með lögunum 1935. Fjvn. leggur til, að verulegur hluti af fjárveitingu til nýrra landsímalína á næsta ári fari til símalagningar í kjördæmi þessa hv. þm., og ætti hann því að vera sæmilega ánægður, þótt allar hans óskir séu ekki uppfylltar í einu.

Hv. þm. Barð. gerði einnig að umræðuefni framlag til vegagerða og brtt., sem hann flytur þar um. Það er ekki vandalaust að skipta vegafénu milli hinna ýmsu byggðarlaga, en mér finnst þm. Barð. mega vera ánægður, þar sem Barðastrandarsýsla fær eftir till. fjvn. t. d. meira en helmingi hærri framlög til vegagerða en næsta sýsla, V.-Ísafjarðarsýsla, sem hv. þm. tók til samanburðar. Enn fremur má á það benda, að eftir till. n. er hækkun á fjárveitingu til vega í Barðastrandarsýslu frá því, sem er í núgildandi fjárl., hlutfallslega meiri en víðast annars staðar.

Um till. hv. þm. um fjárveitingu til húsabóta á Brjánslæk vil ég taka fram, að ég tel mjög hæpið fyrir þingið að taka að sér að ákveða skiptingu þess fjár, sem ætlað er í frv. til endurbóta á íbúðarhúsum á prestssetrum. Ráðuneytið, með aðstoð biskups, hefur betri aðstöðu en þingið til að úrskurða, hvar umbótaþörfin er mest.

Sumir hv. þm., sem flytja brtt. við 13. gr. frv., hafa látið svo um mælt, að þeir tækju till. til baka til 3. umr., ef n. vildi athuga þær. Nefndin getur vitanlega tekið till. til athugunar, en ég geri ekki ráð fyrir, að miklu verði hægt að bæta við fjárveitingar til þessara framkvæmda.

Hv. 1. þm. Eyf. flytur brtt. um 20 þús. króna framlag til áveitufélags Svarfdælinga. Í því sambandi vil ég benda á, að samkv. breytingu á jarðræktarlögunum frá síðasta þingi er ákveðið, að landþurrkunar- og áveitufélög, sem stofnuð eru samkv. fyrirmælum vatnalaganna, eigi rétt á að fá leigðar skurðgröfur og jarðræktarvélar vélasjóðs og auk þess ákveðinn styrk til framkvæmdanna. Er sá styrkur talinn með öðrum jarðræktarstyrk. Vænti ég, að hv. þm. taki till. til baka að þessum upplýsingum fengnum.

Hv. 6. landsk. gerði að umtalsefni till. minni hl. fjvn. M. a. gat hann þess, að áætlun minni hl. um stríðsgróðaskatt væri nákvæml. eins og áætlun hæstv. ríkisstjórnar. Ég hef áður gert grein fyrir því, að meiri hl. n. telur áætlun ríkisstj. fullháa. En út af ummælum hv. 6. landsk. um þennan tekjulið vil ég minna hv. þm. á það, að hann hefur nýlega flutt frv. í Nd. um breyt. á l. um stríðsgróðaskatt. Frv. hans er ekki um hækkun á skattinum, heldur um það, at hlutfallslega minna en áður af þessum skatti skuli ganga í ríkissjóðinn. Hann segir í grg., að tekjumissir ríkissjóðs, ef frv. verður samþ., muni nema um 1½ millj. kr. á ári. Ekki tekur minni hl. hið minnsta tillit til þessa í fjárlagatillögum sínum. Er því sýnilegt, að hv. 6. landsk. vonast eftir því, að frv. hans um breytingar á stríðsgróðaskattslögunum verði fellt. E. t. v. verður líka sú raunin á, en engan veginn er það þó fullvíst.

Hv. 3. þm. Reykv. flytur tillögu um aukið framlag til iðnskóla. Þessu er því til að svara, að nefnd sú, er um þetta mál fjallar, leggur til, að framlagið verði 150 þús. kr. Í bréfi frá henni segir svo, þ. e. ályktun frá þingi iðnaðarmanna: „Þingið felur stjórn sambandsins að vinna að

því, að á fjárlög verði tekin allt að 400000 kr. fjárveiting til byggingar iðnskólahúss í Reykjavík." Enn fremur segir svo: „Á hinn bóginn er það að sjálfsögðu ekki aðalatriði, að allt fé verði lagt fram nú, og kæmi að sama gagni, að á næstu fjárlög yrði tekin fjárveiting, t. d. 150000 til 200000 kr., sem fyrsta greiðsla af fleirum."

Í þessu sambandi skal tekið fram, að með 100 þús. króna fjárveitingu er gengið út frá, að framlaginu verði skipt niður á fleiri ár.

Þá eru brtt. við 18. gr. frv. Mun ég ekki ræða þær sérstaklega, en ég tel varhugavert, ef þingið samþykkir hækkun einstakra liða án athugunar. Fjvn. hefur lagt mikla vinnu í að athuga óskir, sem borizt hafa um nýjar fjárveitingar í 18. gr. Vil ég mælast til, að þeir, sem flutt hafa brtt. við frvgr., taki þær aftur til 3. umr., og geri ég ráð fyrir, að nefndin taki þær til athugunar milli umr.

Hv. þm. Ak. flytur brtt. um hækkun á framlagi til bygginga á Akureyri. Vil ég benda á, að í frv. er lagt til, að veittar verði 200000 kr. til byggingar póst- og símahúss á Akureyri. Fjvn. flytur till. um 200 þús. kr. fjárveitingu til sjúkrahúsbyggingar á Akureyri, og einnig ætlast n. til, að verulegur hluti af því fé, sem varið verður til byggingar húsmæðraskóla í kaupstöðum, fari til skólabyggingar á þessum stað. Verður að telja, að svo ríflegar fjárhæðir séu ætlaðar til bygginga á Akureyri, að tæplega sé sanngjarnt að bæta þar miklu við, saman borið við framlög til annarra héraða landsins. Vænti ég þess, að hv. þm. Ak. geti á þetta fallizt.

Hv. 10. landsk. taldi, að óhæfilega lág upphæð væri ætluð til sandgræðslu. Það er rétt, að þörf er á miklum fjárframlögum í þessu skyni, enda hefur nefndin gert till. um hækkun á framlaginu. Hv. 10. landsk. lýsti yfir því, að hann mundi taka till. sína aftur til 3. umr., og gefst þá væntanlega tækifæri til að athuga hana nánar. En út af þessari brtt. vildi ég taka það fram, að ég teldi það óheppilegt, ef Alþingi færi að ráðstafa þannig því fé, sem ætlað er til sandgræðslu. Meðan það ekki óskar að taka úthlutunina alveg í sínar hendur, tel ég, að eðlilegt sé, að það mál sé í höndum Búnaðarfélagsins og sandgræðslustjóra, eins og verið hefur.

Hv. þm. Mýr. flytur brtt. um, að framlag til loðdýralánadeildar falli niður. En frv. gerir ráð fyrir 10 þús. kr. í þessu skyni. Eftir upplýsingum, sem fjvn. fékk frá Búnaðarbankanum, er þörf á þessari fjárhæð á næsta ári, og óskaði bankinn, að upphæðin fengi að standa í þetta sinn. Þarf svo sennilega ekki á frekari fjárframlögum að halda fyrst um sinn til deildarinnar.

Ég vil að lokum óska, að þeir, sem flutt hafa brtt., taki þær aftur a. m. k. til 3. umr.

Það kann að vera, að fleira hefði þurft að athuga af því, sem fram hefur komið í ræðum hv. þm., en ég mun láta staðar numið að sinni.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Hv. frsm. meiri hl. hafði margt að athuga við það, sem fram hefur komið hér. Ég ætla aðeins í þessu tilefni að taka það fram, sem ég reyndar gerði áður, út af launahækkun til handa þeim embættismanni, sem er einna lægst launaður allra embættismanna hér, en hann hefur um 7000 krónur, að ég get látið það liggja á milli hluta, þótt sú upphæð verði veitt sem sérstök launauppbót, en ekki tekin sem risnufé.

**Ólafur Thors:** Ég á tvær smábrtt. á þskj. 331. Sú fyrri, merkt VII, lýtur að hækkun á tillagi til lendingarbóta í Vogum syðra, úr 25000 kr. í 50000 kr. Hér er um mjög aðkallandi þörf á lendingarbótum að ræða, og mér sýnist, að 25000 kr. sé nokkuð langt neðan við þá upphæð, sem lægst verður komizt af með. Annars get ég ekki rökstutt þessa till. eða sýnt fram á, að hún eigi meiri rétt á sér en aðrar svipaðar tillögur, en legg hana undir mat þingsins og vilja til að meta hana og vega og vænti þess, að þá hljóti hún það fylgi, sem hún þarf til þess að ná samþykki.

Síðari till. er um að veita Ólafi Ketilssyni, fyrrv. hreppstjóra, 500 kr., en hann á við mjög erfið kjör að búa. Hann hefur skrifað mér um þetta efni, og segir hann þar m. a., að hann sé nú 78 ára að aldri og ófær til vinnu. Auk hans sé kona sín á heimilinu, óvinnufær dóttir, 10 ára dótturdóttir og loks dóttir, sem hafi öll verkin á hendi. Allar tekjur búsins eru 3 tunnur kartöflur á 210 kr. og 1 pottur mjólkur á dag á kr. 0.70. Samtals eru tekjur búsins kr. 430,00 á ári. „Með þeirri dýrtíð, sem nú er, er mér alveg ómögulegt að komast af án hjálpar frá einum eða öðrum," segir hann að lokum. Þessi maður hefur nú verið hreppstjóri í 40 ár. Meðan hann var hreppstjóri Hafnahrepps, bjargaði hann 39 mannslífum úr sjávarháska, 36 útlendum og 3 íslenzkum. Þótt hann segi ekki frá þessu sjálfur, þá var mjög rómuð dirfska sú og snarræði, sem hann sýndi, er hann bjargaði skipshöfn hins enska togara. Mér er sagt af kunnugum, að í 50 ára búskapartíð þeirra hjóna hafi heimili þeirra verið alrómað fyrir gestrisni og höfðingslund við þá, sem að garði bar, hvort heldur þeir voru innlendir eða erlendir. Ég vona, að hv. þm., sem mál mitt heyra, sjái, að hér er höfðingi á ferð, sem á gamals aldri er féþurfi og er vel að því kominn að fá þessi heiðursverðlaun úr ríkissjóði. Vona ég, að þm. geti með glöðu geði stutt þessa till. mína.

Skal ég ekki ræða frekar um afgreiðslu fjárlaganna, a. m. k. ekki við þessa umr.

**Forseti (GSv):** Leita þarf afbrigða vegna nokkurra brtt., sem fram eru bornar, en ekki eru komnar í hendur þm. Þær eru: Brtt. viðvíkjandi sjúkrahúsi á Akureyri, tvær till. frá hv. 4. landsk. þm., brtt. við 18. gr. II. o. frá hv. 11. landsk. þm. o. fl. og brtt. við 15. gr. A. VIII. frá hv. þm. S.-Þ.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 343, 346 og 348) leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

**Jónas Jónsson:** Ég hef flutt hér eina brtt., sem að vísu er ekki búið að útbýta enn, en kemur bráðlega. En af því að þetta er nokkuð stórt efni og það er nú venja, að hv. þm. eru

ekki alltaf viðstaddir fjárlagaumr., þá notaði ég tækifærið og gerði grein fyrir þessari brtt. á þskj. 337 í grg. fyrir þáltill., sem ég flyt á því þskj., en ætla ekki að ræða sérstaklega hér. Þessi þáltill. miðar að sérstöku marki, og ég hef líka látið hana koma einmitt nú til þess, að hún væri til skýringar á því máli, sem hér er um að ræða.

Sú brtt., sem ég hér hef flutt, lýtur að því að skipta því fé, sem veitt er til skálda, listamanna og rithöfunda, milli manna í 15. gr. fjárl., en vitaskuld með sömu hlunnindum og í fyrra, sem var uppbót á styrkinn. Og skiptingin, sem aðallega er hér lagt til, að verði látin gilda, er síðasta skipting menntamálaráðs, þar sem menn voru flokkaðir nokkuð saman í stóra hópa, meira en áður hafði verið gert og meira en síðan hefur verið gert. En árið sem leið var hafður á þessu nokkur annar háttur, sumir voru hækkaðir og sumir voru lækkaðir, og voru þá heilir flokkar lækkaðir, eins og t. d. listmálarar og þar að auki mörg skáld. — Þá hef ég gert viðbótartill. um að 22 menn í þeim ýmsu listgreinum fái viðbótarfjárveitingu sem uppbót á styrkinn 1943. Eru þeir tilgreindir hér, og skal ég lesa þá upp síðar. En til þess að gera grein fyrir þessu máli, þá verð ég að víkja að því, að við Íslendingar höfum nokkra sérstöðu í meðferð á þessum efnum. Það hefur engin þjóð í veröldinni neitt svipað því jafnmarga menn að tiltölu á ríkislaunum fyrir óákveðna vinnu, skáldskap og listir, eins og við Íslendingar. Þetta má segja, að sé eðlilegt frá vissu sjónarmiði, af því að þjóðin er fámenn og í mörgum tilfellum erfitt að stunda slíka iðju hér. En það er annars staðar líka. Og þó að það verði ekki til umr. sérstaklega hér í kvöld, þá er þetta framtíðaratriði, og lýtur efni þáltill. á þskj. 337 að þessu.

Það er ekki víst, að það sé það bezta fyrir listir og skáldskap að setja alla menn, sem hafa einhverja hæfileika í þessum efnum, á lífstíðarlaun. Þessu er því miður þannig háttað, að það virðist stundum verða minna úr þeim mönnum í þessum efnum, sem finnst þessi iðja vera eins og jöfn vinna. Og ég held, að það sé mála sannast, að það er ekki hægt að gera þessa framleiðslu, ef svo mætti segja, að iðnaði. Og það er ekki hægt með peningum að skapa listir í raun og veru. Þeir þurfa bara að vera til að styðja þær. Ég vil benda á eitt dæmi, það, að sumar stærstu þjóðir heims eiga engan þjóðsöng. Varla er hægt að segja, að Englendingar eða Danir eigi nokkurn þjóðsöng. Aftur á móti eiga Norðmenn og Íslendingar þjóðsöngva, en þeir komu án þess að við borguðum fyrir þá. Þeir komu fram af því, að andinn kom yfir skáldin á vissum tíma.

Nú hefur svo illa tekizt til s. l. ár, að n., sem úthlutaði skáldalaunum, lækkaði það einasta núlifandi skáld á Íslandi, sem hefur gert þjóðsöng, og haft styrk þess svo lítinn, að það sá sér ekki fært að taka við honum. Það er skáldið, sem orti kvæðið „Blessuð sértu, sveitin mín". — Það var svona farið með þennan mann á yfirstandandi ári. Og það er einkennilegt vegna þess, að það eru engin ljóð til eftir þá menn, sem n. verðlaunar sérstaklega, sem sambærileg eru að þýðingu við þetta eina verk.

Skáldalaunin á Íslandi eru þannig til komin, að skömmu eftir að Matthías Jochumsson orti hið fagra kvæði um Skagafjörð, tóku Skagfirðingar sig til og óskuðu, að hann fengi skáldalaun. Matthías var þá roskinn maður og orðinn frægur. Hann fékk þá þessi skáldalaun, og voru þau síðar hækkuð. Og það var Alþ. til sóma, að þetta var gert eftir ástæðum. En næstu menn, sem komu þannig til greina næstir Matthíasi, voru menn eins og Þorsteinn Erlingsson, Einar Kvaran og Jón Trausti, en engum þessara manna var veitt þessi viðurkenning fyrr en löngu eftir að þeir voru orðnir þjóðkunnir menn og með alveg ótvíræða yfirburði. Samt var barátta um þá stundum raunar alla. En styrkurinn til þeirra hélzt samt áfram, á meðan þeir lifðu. En þessu var ekki strangar framfylgt en það, að Einar Benediktsson fékk engin skáldalaun fyrr en hann var búinn að missa heilsuna, og það voru nánast ellilaun. Og það eru ekki líkur til, að hann hafi lagt nokkra áherzlu á það. Sama er um Hannes Hafstein, Grím Thomsen og Stephan G. Stephansson. Og það má segja, að h. u. b. allt það bezta, sem gert hefur verið í íslenzkri list, hvort sem það er skáldskapur eða sjónleikagerð, hafi komið fram án þess að höfundur þess hafi verið á launum á meðan. Jóhann Sigurjónsson hefur engan stuðning haft til þess að gera sitt bezta verk, Fjalla-Eyvind. Og sama er að segja um okkar beztu listamenn, bæði Ásgrím Jónsson, Jóhannes Kjarval, Jón Stefánsson og Ríkarð, að þeir höfðu unnið mest af þeirri vinnu, sem þeir hafa gert, án þess að vera styrktir af þjóðfélaginu. Þetta er það virkilega framtíðarmál, að það sýnist eins og allmikil hætta sé á því, a. m. k. ef unglingar eru teknir svona inn á laun, þá geti þeir sofnað á þessum launum, þannig að þetta gæti orðið þeim til ógagns. En á síðustu árum hefur þessum mönnum farið mjög fjölgandi, sem fengið hafa þessi laun, og það var ákaflega mikil ásókn um að komast að í þessu efni, sérstaklega um að komast inn í 18. gr., af því að það var skoðað eins og fast embætti. Mér er kunnugt um einn mann, sem hafði skáldalaun í nokkur ár. Það tókst fyrir nokkrum árum að koma honum inn í fjárl. fyrir „agitation" í hv. Ed. Og með agitation þar tókst honum að komast fljótt inn í 18. gr. Og þó er það þannig, að ekkert er til eftir þann mann, sem eiginlega neinir menn vita um. Þetta er meðferð, sem er ekki sérstaklega heppileg og ekki vel fallin til þess að kasta neinum glans yfir þá aðferð að veita mönnum skáldalaun.

Við vitum svo það, að fyrir nokkrum árum var gerð tilraun til þess af hálfu hæstv. Alþ. og þáv. ríkisstjórnar að fá þetta meira skipulagt, svo að afgreiðsla þessara mála yrði ekki um of komin undir því, hver mest agiteraði. Það fyrirkomulag, sem þá var ákveðið, stóð svo í nokkur ár, þannig að n. kosin af þinginu skipti fénu. Og ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að tekizt hafi þá að laga margs konar gleymsku, og vil ég þar t. d. nefna það, að af því að Kjarval hafði aldrei agiterað fyrir sjálfum sér, hafði hann aldrei áður fengið slík laun, þó að sumir góðir menn og líka sumir minni menn en hann hefðu fengið laun. En menntamálaráð mundi eftir hon-

um. Sama er að segja um Gunnar Gunnarsson, hann sótti aldrei um nein laun, en honum voru veitt skáldalaun, þegar hann kom hingað heim. Sama er að segja um Kamban, að eftir að farið var að veita mörgum mönnum skáldalaun, var ómögulegt að gleyma slíkum manni. Og á þennan hátt hafði verið fyllt í skörð, þannig að aldrei var á því tímabili, sem menntamálaráð hafði með þessi mál að gera, eins mikill tilviljunarbragur á þessu eins og áður var.

Nú var það einn vaxandi flokkur, kommúnistar, sem vildi hafa meira fyrir sig í þessu efni, og frá sjónarmiði þeirra stefnu var þetta skiljanlegt. Kommúnistar í Rússlandi líta á listamenn og skáld eins og embættismenn í þjóðfélaginu. Þeir eru hafðir til þess að skemmta þjóðinni, og það er allt annað viðhorf heldur en er á Vesturlöndum, þar sem byggja menningarþjóðir. Þeim þjóðum hefur aldrei dottið í hug að gera listamenn og skáld að eins konar vélum fyrir ríkið. Sú deild kommúnistaflokksins, sem er hér á landi, leit svo á þetta mál, að hún vildi koma sínum mönnum í þá aðstöðu, að þeir væru launaðir af ríkinu. Og það er mála sannast, að til þess að koma þessu í framkvæmd, gerðu þeir mikinn herblástur og unnu verulega á. Og það er ekki furða, þó að hér hafi unnizt nokkuð á, þegar þetta er mjög svipað og lýst hefur verið, m. a. í grein í Morgunblaðinu, sem undir var ritað nafnið Eastman, að átt hafi sér stað í Bandaríkjunum í Ameríku, að kommúnistum hafi tekizt að flækja fjölda manns inn í sinn félagsskap í þessu efni, án þess að þeir vissu, hvað þeir voru að fara. Þeir litu svo á, að þetta ættu að vera eins og venjuleg stéttarfélög, og ýmsir menn úr borgaraflokkunum og einnig ópólitískir menn tóku þetta hátíðlega, eins og t. d. Gunnar Gunnarsson, sem vafalaust gerði ráð fyrir, að þetta væri af fullum heilindum gert, enda var honum fullkominn sómi sýndur af þessum félagsskap, þegar hann var að fæðast. — Kommúnistar reyndu svo að ná undirtökunum í þessum félagsskap með því að þeir vildu koma fram þeirri breyt. á l. um menntamálaráð, að 9 menn væru í því, 5 kosnir af þinginu og 4 af bandalagi listamanna, skálda og rithöfunda. Þar ætluðu þeir að fá alla 4 mennina á sinni línu — og hefðu sjálfsagt getað það — og svo einn þingkosinn. Og þannig ætluðu þeir að fá 5 menn af 9 í menntamálaráði á sitt band. En þetta var ekki samþ. En ef þetta hefði verið samþ., þá var meiningin fyrir þessum mönnum að gera menntamálaráð að virkilegu flokksfyrirtæki fyrir þennan flokk. Þegar svona var komið, þótti ýmsum hv. þm., og þar á meðal mér, rétt að prófa það að leyfa kommúnistum — að svo miklu leyti sem þeir voru ráðandi í þessu bandalagi — einu sinni a. m. k. að skípta þessu fé. Það gekk svo fram till. í þessa átt, en þegar til kom, voru þeir kommúnistarnir ekki svo ánægðir með þetta, vegna þess að þá áttu þeir að bera ábyrgð, sem þessi flokkur vill ógjarnan gera. Svo stóð það í nærri heilt ár, eða a. m. k. marga mánuði, að skáldalaunin voru um deild, og það heyrðist hvorki hósti né stuna frá bandalaginu, en allan tímann var verið að bræða það, hvernig ætti að taka á þessu. Niðurstaðan varð svo sú, að stórlega var gengið á hlut þeirra listamanna, sem ekki voru kommúnistar. Ég ætla að benda á það, að í þeim flokki listamanna, sem menntamálaráð hafði sett í hæsta flokk, voru þeir allir lækkaðir nú málararnir Ásgrímur Jónsson, Jón Stefánsson, Kjarval og Ríkarður Jónsson. Þessir voru allir lækkaðir um meira en fjórða part af því, sem þeir höfðu fengið eftir eldri skiptingunni. Og það var gert til þess, að nokkrir málarar, sem mála á þann hátt, sem fólki geðjast ekki að — svo að þeir geta ekki selt neitt —, gætu fengið peninga. Þetta var eiginlega grunnlaunalækkun — ef á að kalla þetta föst laun —, sem gerð var á þessum tíma, og hún var gerð undir stjórn kommúnista.

Það fór heldur ekki alls kostar vel fyrir skáldunum. Og ég ætla hér að lesa upp þau skáld, sem menntamálaráð við síðustu skiptingu sína á þessu fé hafði gert jöfn í sérstökum flokki, með 3 þús. kr. hvert með dýrtíðaruppbót. Það voru þessi skáld: Davíð Stefánsson, Guðmundur Friðjónsson, Guðmundur Hagalín, Gunnar Gunnarsson, Guðmundur Kamban, Kristmann Guðmundsson og Tómas Guðmundsson. Þetta voru skáld, sem sett voru í sérstakan flokk. Um þessi skáld mundu sumir að sjálfsögðu telja eðlilegt, að allur þorri manna segði: Ég held meira með þessu skáldi en hinu í þessum hópi, og ég vil ekki gera þau jöfn. En ég held, að flestir menn hafi fundið, að það væri ekki óskynsamleg lausn að taka þessa menn, sem þekktastir væru, og hafa þá saman. En þetta vildi nú ekki þessi nýja n., og hún setti svo Halldór Kiljan Laxness efstan, langt fyrir ofan alla aðra. Svo voru þeir lækkaðir hlutfallslega Davíð, Guðmundur á Sandi, Hagalín, Gunnar Gunnarsson, Kamban, Kristmann og Tómas. (**KA**: Það er ósatt). Nú er bezt að geta þess, út af þessu framígripi frá manni, sem stóð að þessu einkennilega verki, að það hafði verið hækkuð verulega upphæðin, sem hér var um að ræða, með því að fræðimenn voru teknir út úr með sinn styrk, og því var hér meira fé að skipta en ella hefði verið. Það, sem því skiptir máli í þessu efni, er það, að í staðinn fyrir að þessir menn voru hafðir efstir og þar gerðir jafnir, þá var þeim gerður sá ójöfnuður að setja þá langt fyrir neðan einn af höfuðmönnum kommúnista. Og nú þarf að sjálfsögðu ekki að deila um það, að þessi skáld vantar ekki sem stendur peninga, en þau líta á þennan styrk sem viðurkenningu af þjóðfélagsins hálfu. Og það þarf ekki að leita lengra en það, að sá maður, sem kommúnistar höfðu látið mest með, Gunnar Gunnarsson, hann skildi þetta þannig, að sér hefði verið gerð svívirðing, og undireins og hann frétti þetta, sendi hann úrsögn úr félaginu. Og það var af þessu, sem ég var að segja það, að þessir menn, sem ég nefndi, hefðu verið lækkaðir hlutfallslega, en ekki út af því, að þeir hefðu ekki nóga peninga eða þeir gerðu peningaupphæðina að svo miklu máli fyrir sig. Og þeir hlutu að sjá, að svo mikið ranglæti var í þessu, sem þjóðin hlaut að taka eftir. Gunnar Gunnarsson var svo settur við hliðina á Þórbergi Þórðarsyni, sem náttúrlega er ekkert skáld, en maður gæti sagt, að væri að sumu leyti ekki óheppilegur blaðamaður við stórt blað, með einhverja litla deild þar. Og það er ekki vafi á því, að þessi röðun í veitingunni

hefur ekki hugnazt manni eins og Gunnari Gunnarssyni, en ég skal að öðru leyti ekki fara svo náið út í þetta. En aðalatriðið er þetta, að það, sem kom ljóst fram í þessu efni, var, að þessir menn, sem ég hef nefnt, voru hlutfallslega lækkaðir til þess að koma að vissum vildarvini kommúnista. Og skáld, sem þjóðin ann mest og les mest, voru sett langt niður fyrir einn af mönnum kommúnista — og vitanlega í þeim tilgangi að sýna, að hann væri þeim fremri að áliti. Og aftur hina minni spámenn, sem kommúnistar höfðu með að gera, settu þeir miklu hærra en almenningsálitið leyfði eftir þeirra verðleikum.

Nú sannar þetta ekki annað en það, að bandalagið gat ekki gert þessa hluti, en það var búið að heimta það, og því var svarað á þann hátt: Sýnið þið þá, hvað þið getið. — Og það reyndist þannig, að aldrei var meira ranglæti og aldrei var meiri ósanngirni, ég vil ekki segja fyrirlitning. Það er skiljanlegt, að hæstv. stj. setti þetta inn í fjárl. eins og þingið skildi við það í fyrra. En þetta er ekki við unandi, því að þetta er sú versta aðferð, sem hægt er að hafa, að láta þetta vera eins og íkveikju milli listamannanna sjálfra og ganga út yfir þeirra beztu menn, svo að þeir skammist sín fyrir að taka á móti fénu, heldur vilji ekkert af því vita. Þá hefur það einnig sézt, hvernig fór með menn eins og Gunnar Gunnarsson, sem ginu við þessari flugu, þá eru þeir búnir að sjá, við hvaða réttlæti þeir eiga þarna að búa. Og þegar rithöfundar, sem sennilega eru sjálfstæðismenn, koma og segja: Mér hefur verið misboðið með þessum skiptum, — þá er ekki hægt að svara þeim öðru en þessu: Þeir skiptu fénu, sem standa fyrir þessu félagi, sem þú varst með í að stofna. — En þetta sýnir, hvernig menn líta á það.

Það, sem hér er um að velja, er því annaðhvort það, að þetta sé áfram á valdi kommúnista, svo að þeir geti haldið áfram að misbjóða mönnum eftir vild, eða þá að þessu fé verði skipt milli einstakra manna, eins og ég legg til, og geta þá aðrir komið með till. um sína menn nú og við 3. umr. Ég álít heppilegt, fyrst þessi glundroði er kominn á, að næstu 1—3 þing verði notuð til að prófa, hvernig þingið stendur gagnvart þessum mönnum. Ég get vel hugsað mér, að það séu margir hv. þm., sem ekki kæra sig um að hafa menn eins og Davíð Stefánsson, Guðmund Friðjónsson, Guðmund Hagalín, Gunnar Gunnarsson, Kristmann Guðmundsson og Tómas Guðmundsson við sama borð og Þórberg Þórðarson, og ég vil, að þeir sýni sína trú í því, að hér verði öðruvísi um búið. En af því að ég tel, að margir af okkar beztu listamönnum hafi verið móðgaðir af kommúnistum, sem réðu þessari skiptingu, þó að þar væru tveir menn úr öðrum flokkum og því í minni hluta, hef ég komið með till. um, að nokkru af því fé, sem hæstv. stj. hefur lagt ríflega fram, verði skipt sem uppbót milli nokkuð margra manna í eitt skipti fyrir öll, og vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa upp nöfn þessara manna. Þau eru þessi: Ásgrímur Jónsson, Davíð Stefánsson, Guðmundur Friðjónsson, Guðmundur Hagalín, Guðmundur Kamban, Jón Stefánsson, Jóhannes Kjarval, Ríkarður Jónsson, Tómas Guðmundsson, Gunnlaugur Blöndal, Finnur Jónsson, Jakob Thorarensen, Hallgrímur Helgason, Elínborg Lárusdóttir, Unnur Bjarklind, Sigurður Jónsson, Arnarvatni, Guðmundur Böðvarsson, Guðmundur Ingi Kristjánsson, Guðfinna Jónsdóttir, Björgvin Guðmundsson, Sigvaldi Kaldalóns, Karl O. Runólfsson.

Viðvíkjandi framtíðinni skal ég ekki segja margt nú. Ég skoða þessa till. mína ekki nema til bráðabirgða. Hitt er mál, sem verður vandlega að athuga, hvernig eigi að setja menn á bekk með skáldum og listamönnum, og treysti ég hæstv. stj. að athuga það mál. En þessa till. mína tel ég viðunandi eins og sakir standa, vegna þess að hér eru lagðir til grundvallar helztu skáld og listamenn þjóðarinnar, og ég fullyrði, að viðbótarstyrkinn fá ekki aðrir en þeir, sem hafa látið eftir sig mikið starf og eru viðurkenndir fyrir sína list.

**Forsrh. (Björn Þórðarson):** Herra forseti. Það eru tveir liðir í till. hv. fjvn., sem ég vil drepa á með örfáum orðum, en það eru liðirnir um risnu til biskups og húsaleigustyrk til presta í Reykjavík, sem hv. fjvn. hefur lagt til, að yrðu felldir niður. Hv. 10. landsk. lagði til í ræðu sinni, að fjvn. tæki þessar till. aftur til 3. umr. til að byrja með, og vil ég eindregið taka undir þá ósk hv. 10. landsk. Ég vil þó rökstyðja þetta nokkru nánar. Fyrst og fremst virðist mér, að þegar ákveðnir liðir eru settir inn af stj., væri æskilegt, að fjvn. gerði þeim ráðh., sem á hlut að máli, viðvart, áður en hún leggur til að strika liðinn út, því að verið getur, að ekki hafi allt verið fram tekið, sem kann að vera til stuðnings því, sem fram getur komið við aths. stj. við þessa liði. Ég vil einkanlega í þessu sambandi benda á það, sem var ekki tekið fram í aths. stj. við fjárlagafrv. fyrst og fremst vegna risnu biskups.

Með bréfi stj. frá því vorið 1941 var tekinn upp liður, 2000 kr., til risnu biskups. Var það vitanlega gert bæði frá því sjónarmiði, að þessi háttsetti embættismaður hefur lægri laun en má segja, að sé samboðið hans embætti saman borið við önnur embættislaun, og einnig hlýtur þetta embætti að vera kostnaðarsamt vegna risnu. Í sumar fann stj. ríka ástæðu til þess, þegar henni var bent á það, að leyfa verðlagsuppbót á liðinn. Þess vegna kemur það ærið hart niður, ef þessi liður skyldi nú verða felldur niður samkvæmt till. hv. fjvn.

Þá er það hinn liðurinn. Það er húsaleigustyrkurinn til presta í Reykjavík. N. leggur einnig til, að sá liður verði felldur burt. Ég held nú, að þetta sé hreint og beint af vangá hjá fjvn., því að húsaleigustyrkur til presta í Reykjavík er lögboðinn. Með prestakallalögunum fyrir Reykjavík frá 1940 er svo fyrir mælt, að prestar í Reykjavík skuli hafa embættisbústað, en þar til þeir fá hann, eiga þeir að fá húsaleigustyrk, og þessi styrkur var ákveðinn í þeim l. 1200 kr. á ári. Við, sem þekkjum til hér í Reykjavík, vitum, að 100 kr. á mánuði árið 1940 hefur jafngilt tveggja herbergja íbúð með eldhúsi. Svo þegar þetta átti að koma til framkvæmda og prestar voru kosnir, var ekki um annað að gera

fyrir stj. en að veita prestum húsaleigustyrk, sem nokkru næmi, og hún veitti þegar á árinu 1941 200 kr. til prestanna. Eftir það fengu tveir prestar embættisbústað, en þeir, sem ekki hafa fengið hann, halda styrknum. Hv. frsm. meiri hl. taldi, að það væri misrétti fólgið í þessu gagnvart öðrum prestum, en þetta er ekki alls kostar rétt, því að prestar til sveita borga að vísu svolitla húsaleigu, en það er hreinasta smáræði, sem þeim er reiknað í húsaleigu fyrir sinn embættisbústað. Sem sagt, ég vil taka undir þá till. hv. 10. landsk., sem ég vil einnig gera að minni till., að hv. fjvn. sjái sér fært að taka aftur þessa till.

Þá er það eitt atriði enn, sem ég vildi minnast á, en það var út af ummælum, sem hv. þm. Barð. lét falla í gær út af embættisbréfi, sem fór frá mínu rn. í vor. Hv. þm. komst svo að orði, að dómsmrn. hefði skrifað það ósvífnasta bréf, sem sézt hefði. Hann fór um það nokkrum orðum, hvað skrifstofustjórinn hefði farið út yfir velsæmi í þessu og rn. hefði ekki gætt skyldu sinnar í því að fara sæmilega með málið. Áður en ég lýsi þessu frekar, þykir mér rétt að minnast á, hvernig þetta er til komið.

Svo er mál með vexti, að Brjánslækur er eitt af þeim prestssetrum, sem vantar prest, en þau munu nú vera alls um 10 á landinu. Staðurinn er nú í byggingu leiguliða. Ábúandinn, sem þarna var og er kannske enn, lét sér umhugað að fá endurbætur á prestsseturshúsunum, og hefur hann fengið þær að nokkru leyti. Fékk hann til þess endurbótastyrk, sem var að vísu ekki mikill, en mun þó hafa verið um 1½ þús. kr. Hann sneri sér í þessu efni til prófasts, og prófasturinn styrkti þetta mál. En auk þess er vitað, að Brjánslækur hefur í síðari tíð orðið talsverð ferðamiðstöð, svo að hýsing staðar er ekki aðeins nauðsyn fyrir prestinn þar, heldur einnig fyrir póst og gesti, og af því tilefni vænti ég, að hv. þm. Barð. hafi komið með þá till., sem er á þskj. 314 um 10 þús. kr. til endurbóta á húsum prestssetursins, og vil ég mæla hið bezta með þessari till., því að hún er þörf. Ég vil í því sambandi láta þess getið, að ég held, að hv. frsm. meiri hl. hafi dálítið misskilið, hvernig þessa till. hv. þm. Barð. ber að, því að það er ekki ætlazt til, að þetta verði tekið af því fé, sem nú á að áætla til endurbóta á prestssetrum, heldur alveg nýr liður fyrir utan það fé, sem annars er ætlað til endurbóta á prestssetrum landsins. Ábúandinn á Brjánslæk hefur sem sagt snúið sér til prófasts og fengið meðmæli hans og einnig til sýslumanns og fengið hans atbeina til að koma þessu á framfæri á Alþingi. Þinginu barst í fyrra bréf frá sýslumanni um þetta efni, þar sem sýslumaður stingur upp á því, að fé verði varið af 13. gr. fjárl. A. X., þ. e. a. s. af þeim lið fjárl., sem ætlaður er til húsabóta á stöðum í þjóðbraut. Þessu var ekki sinnt á Alþingi í fyrra. En hv. þm. Barð. vildi ekki láta við þetta sitja, og nú stefnir hann á fund biskupi, vegamálastjóra og póst- og símamálastjóra og talar við þá um málið, og eftir þetta viðtal, sem fór fram án þess að rn. vissi nokkuð um það, skrifaði hv. þm. Barð. biskupi bréf um þetta, en þetta bréf er stílað til rn., en sent rn. um hendur biskups. Síðan skrifar skrifstofustjórinn aftur biskupi bréf sem svar við þessu bréfi hv. þm. Barð., og í þessu bréfi kemst skrifstofustjórinn dálítið ógætilega að orði, verð ég að segja. Ég ætla með leyfi hæstv. forseta að lesa úr þessu bréfi nokkur orð, sem skrifstofustjóri lét sér þar falla úr penna. Hann segir þar svo: „Nú nýlega hringdi bréfritarinn til skrifstofu ráðuneytisins út af bréfi þessu með meiri rosta en ráðuneytið á að venjast og er vant að þola.“ Það eru þessi orð, sem eru dálítið ógætileg, en þar eru ekki tilgreind nein ógætnisorð, sem hv. þm. hafi látið falla. Ég vil nú skjóta því til hv. þm., hvort þeim geti ekki dottið í hug, að þegar hv. þm. Barð. er í ákafa sínum að berjast fyrir fríðindum til handa kjósendum í kjördæmi sínu, hafi hann getað látið falla orð til embættismanns, sem honum sem embættismanni gætu þótt nokkuð nærgöngul við sína embættisæru, því að það er svo með marga gamla embættismenn, — og ég get sagt svo um mig, — að þeir hafa dálitla tilfinningu fyrir sinni embættisæru. Það getur verið, að þótt hann hafi látið sömu orð falla hér á Alþingi, þá hafi ekki verið tekið hart á þeim, þó að þessum embættismanni hafi fundizt þau óviðeigandi, en hitt skal ég játa, að það var dálítið ógætilegt af þessum embættismanni að segja þetta. (**ÓTh:** Það fer nú talsvert eftir því, hversu verðskuldað það hefur verið). En ég get líka trúað, að hv. þm. Barð. hafi látið falla ógætileg orð í síma. Út af því, sem á undan var gengið, sendi skrifstofustjórinn afrit af þessu bréfi til prófasts, sýslumanns Barðstrendinga og hv. þm. Barð. sjálfs, svo að þau hafa farið á milli þessara heiðursmanna þessi ógætilegu orð, sem skrifstofustjórinn lét falla.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Sumpart út af ræðu hæstv. forsrh. og sumpart vegna ræðu hv. þm. V.-Húnv. út af þessu máli vil ég leyfa mér að skýra þetta dálítið nánar. Það væri æskilegt, að hæstv. forsrh. hefði farið rétt með þetta mál. (**Forsrh.:** Það var rétt eftir þeim bréfum, sem liggja fyrir). Ég hef líka þessi gögn í höndum, og vil ég þá fyrst vitna í bréf frá sýslumanni Barðastrandarsýslu. Bréfið er dagsett 14. jan. 1943 og sent Alþingi. Ég vil leyfa mér að vekja athygli á því, að rn. hefur aldrei sinnt þessu máli eða um það hugsað, og því sneri sýslumaður sér til Alþingis. Fer hann fram á, að Alþingi sinni þessu máli og veiti fé til að laga þau hús, sem rn. bar skylda til að láta lagfæra og hefur fengið sérstaka fjárveitingu til að laga. Í þessu bréfi segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ástæðan fyrir því, að enginn hefur fengizt til þess að sækja um brauðið, mun vera sú, að staðarhúsin eru svo úr sér gengin, að enginn prestur vill við þeim taka eða telur forsvaranlegt að flytja þangað fjölskyldu sína.“

„Telja má líklegt, að jörðin leggist nú í eyði, eða því sem næst, ef ekkert er gert til að hindra það.“

„Ég tel, að Brjánslækjarprestakall eigi kröfu á því, að ríkið geri það, sem hægt er, til þess að fá þangað prest. Meðan ríkið styður þjóðkirkjuna og heldur mönnum til þess að hafa samneyti við presta hennar, verður það að sýna, að það telji kirkjuna og kirkjunnar menn nokkurs virði og

geri flestum jafnt undir höfði til viðskipta við hana og prestana."

„Ég vænti þess, að hinu háa ráðuneyti þóknist að taka þetta mál til meðferðar nú sem allra fyrst og að það fallist á framan ritaðar tillögur mínar og láti endurreisa staðinn nú á næsta vori."

Ég skrifaði ráðuneytinu bréf um þetta efni 19. apríl. Ég veit, að hæstv. ráðh. hefur þetta bréf, og í því er staðfesting á því, sem yfirvaldið í Barðastrandarsýslu hefur sagt um þessi mál. Þegar svo stjórnarráðið hefur látið þetta bréf liggja hjá sér frá 19. apríl til 31. maí án þess að svara því — sem þó var aðkallandi, að því væri svarað, vegna þess að ferðamannastraumurinn var að byrja þarna um, og það var ekki hægt að una við málin eins og þau voru, — þá hringi ég til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og spyr, hvenær eigi að afgreiða þetta mál, og fæ það svar, að *hvorki mér né öðrum manni utan stjórnarráðsins komi við*, hvenær það afgreiði sín bréf. Ef hæstv. dómsmrh. kallar það rosta, að menn, sem falið er að fá afgreiðslu ákveðinna mála fram, ganga eftir, að bréfum sé svarað, sem eru um jafnáríðandi mál eins og þetta mál, þá skal ég viðurkenna, að það hafi verið í þessu viðhafður rosti. En ég átti heimtingu á að fá svar við þessu frá ráðuneytinu. Og það er engin viðunandi afgreiðsla á máli að halda slíku máli í ráðuneytinu ósvarað í 6 vikur. Og ég vil segja hæstv. dómsmrh. það, að hann las ekki nema nokkurn hluta upp af þeirri ókurteisi, sem í bréfinu stendur. Hér standa fyrst þessi orð, sem hann las upp, en svo stendur síðar í bréfinu, með leyfi hæstv. forseta: „Mundi ekki vera réttara af hr. Gísla Jónssyni, sem er þingmaður Barðstrendinga, að leggja þessu lið á þeim vettvangi, sem sýslumaður hefur réttilega beint því á, í stað þess að vera með ástæðulausar ýfingar við ráðuneytið." En ég veit, að hæstv. forsrh. er miklu prúðari embættismaður en svo, að hann mundi nokkurn tíma hafa látið þetta bréf frá sér fara, og sízt leyft að láta senda það út um sýsluna til þess að gera mér beint óhagræði meðal minna kjósenda. Og ég tel það mjög vítavert af embættismanni eins og skrifstofustjóra í stjórnarráðinu að koma svo fram í sínu embættisstarfi eins og hann hefur gert hér með því að fara með þetta mál eins og hann hefur gert.

Hér er talað um að setja inn í fjárl. aftur risnufé til biskups og launa honum sem vera ber, af því að hann sé einn af æðstu embættismönnum landsins. Enn fremur að setja hér aftur inn húsaleigustyrk til presta. Og ég er sammála um, að þetta sé sjálfsögð skylda. Því er enn fremur haldið fram, að það sé sjálfsagt að leggja svo eða svo mikið til kirkjubygginga. Og ég er því sammála, því að ég er þeirrar skoðunar, að það sé hyrningarsteinn íslenzks þjóðlífs og þjóðmenningar að byggja upp kirkjur landsins og að kirkjan taki meiri þátt í menningarlífi þjóðarinnar heldur en hún nú gerir. Því að það er ómetanlegt starf, sem kirkjan hefur unnið hér á landi undanfarin ár og aldir. En ef svo er hugsað, þá er það meiningarleysi, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið skuli forsóma ákveðin prestssetur í landinu, svo að þangað sé ekki hægt neinn prest að fá. Í því er ekkert samræmi að heimta meiri laun fyrir biskup og meira fé til kirkjubygginga í landinu, og á sama tíma skuli ráðuneytið láta það viðgangast, að prestssetur séu til í landinu, sem eru svo illa hýst, að þangað fæst enginn prestur, og ekki aðeins það, heldur að húsin á prestssetrunum séu óboðleg fyrir hvern einasta mann. Því að ef hæstv. forsrh. les bréfið frá sýslumanni Barðastrandarsýslu, þá sér hann þá lýsingu af húsakynnum á þessum stað, að þar er ekki einu sinni hægt fyrir vesalinga að búa, hvað þá fyrir kirkjuhöfðingja. Og þess vegna vil ég fá úr því skorið hér á Alþ., hvort það vill leggja þessu máli lið. Því að það þýðir ekkert í framtíðinni að senda þetta mál stöðugt milli Heródesar og Pílatusar, þannig að Alþ. segi: Það er kirkjumálaráðuneytisins að gera þetta, — en ráðuneytið svo segi: Það er Alþ., en ekki ráðuneytið, sem á að sinna þessu máli, og til Alþ. eiga menn að snúa sér.

Nú vil ég láta mér nægja, ef hæstv. forsrh. vill lýsa því yfir hér, að hann skuli til endurbóta á þessum stað láta 10 þús. af þeim 70 þús. kr., sem nú eru ætlaðar í fjárl. til að endurbyggja eða reisa við prestssetur landsins. Ef hann lofar, að 10 þús. kr. af þessu fé skuli fara til Brjánslækjar á næsta ári, þá er ég ánægður með lausn málsins. En verði það ekki, vil ég gjarnan fá svar hæstv. Alþ. um það, hvort þetta prestssetur á að *vera áfram eins vanrækt og á undanförnum árum* eða ekki.

Hitt er ekki rétt, sem hæstv. forsrh. virtist halda fram áðan, að þessi till. mín væri borin fram aðallega vegna þess, að svo mikill ferðamannastraumur væri um þennan stað, heldur tók ég það atriði fram til þess að sýna enn frekar fram á, hver nauðsyn er á, að hér verði bætt úr því ófremdarástandi, sem ríkt hefur í þessu efni. En till. er borin fram fyrst og fremst til þess að koma í veg fyrir, að prestssetrið níðist niður sem slíkt. Hvaða vit væri í því líka, þó ekki væri nema frá því sjónarmiði, að hér er um eignir ríkissjóðs að ræða, að láta þær grotna niður fyrir eintóma vanhirðu? Og þó ekki væri nema farið eftir ábúðarl., þá ber ríkinu skylda til að bæta hér úr, því að í íbúðarhúsinu á Brjánslæk er ekki hægt að hafa skepnur, hvað þá menn, ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir til umbóta á því, — þannig er ástandið. Það ber því brýna nauðsyn til þess, að ríkið taki á sig rögg og annaðhvort selji þessa eign eða geri við hana. — Ég tel, að ég hafi nú skýrt þetta mál alveg nægilega til þess, að hv. fjvn. og hæstv. Alþ. geti gert það upp við sig fyrir 3. umr., hvernig þessum málum verði skipað. En það er nauðsynlegt að skipa þeim strax, svo að þegar á næsta vori verði hægt að hefjast handa til að bæta úr því ófremdarástandi, sem nú ríkir um þennan stað.

Út af því, að hér hefur verið að því vikið, að ég væri með þessu að berjast fyrir fríðindum fyrir mína kjósendur, þá vil ég segja það, að ég er fyrst og fremst að berjast fyrir sóma kirkjumálaráðuneytisins í þessum efnum. En þessa baráttu skildi ekki sá háttv. (ef maður svo segir) skrifstofustjóri ráðuneytisins, sem nú hefur komið hér til umr. Og þetta mál hefði fengið allt aðra

lausn, ef það hefði komizt í hendur hæstv. forsrh. sjálfs, sem einnig er hæstv. kirkjumálarh.

En þær 1429 kr., sem látnar voru til viðgerða á þessu húsi, hafa farið fyrir smáviðgerðir á því, svo sem að láta í rúður, kítta glugga og gera við yfirleitt það allra nauðsynlegasta, sem þurfti á þessu húsi. Og öllum má ljóst vera, hvað er hægt að gera á þessum tímum fyrir einar 1429 kr., og það er ekki nema hverfandi lítið af því, sem þarna þarf að gera við.

Hvað snertir vegamál, þá er ég alveg sammála hv. frsm. um það, að ég þarf ekki að vera óánægður með minn hlut, ef það á að metast eftir því, hvað aðrir hafa nú fengið fyrir sín kjördæmi yfirleitt. Og get ég þakkað hv. fjvn. fyrir þann skerf, sem mínu héraði er ætlaður til þeirra mála. En mín spurning var um það, eftir hvaða reglu þessu fé væri skipt í fjvn. Nú vil ég benda á, að það er ekki fullkomlega rétt, sem hv. frsm. hélt fram, að ég hefði fengið meira en aðrir. Fjvn. hefur rúml. tvöfaldað allt framlag til vegagerða. En í stuttu máli sagt hefur það sama verið látið ganga yfir mitt kjördæmi í þessu efni eins og önnur héruð, en þetta er allt miðað við það, sem hæstv. ríkisstj. hafði lagt til um þessi mál. Í fyrra féllu niður úr fjárlagafrv. styrkir til vega, sem höfðu staðið þar undanfarin ár, og það er ekki þakkarvert, þó að nú séu aftur teknar upp fjárveitingar til þessara vega. — Nú vil ég benda á, að þó að ég tæki þennan samanburð á Rafnseyrarheiðarvegi, þá tók ég fram, að það væri síður en svo, að ég áliti, að of mikið væri lagt til þessa vegar. Það ætti heldur að tvöfaldast. En ég benti á, að nauðsynin væri þar ekki eins brýn eins og á því að leggja fram til vega á hinum stöðunum. Og af því að það kom fram hjá hv. 2. þm. N.-M., að ég hefði ekki farið þar með rétt mál, það væri ekki vegur fyrir 4 hreppa, sem ég talaði um, þá vil ég nú upplýsa það, að sá vegur er ekki fyrir 4, heldur 5 hreppa. Þetta er aðalsamgönguleið frá Patreksfirði, sem er með 700 íbúa, Rauðasandshrepp, Tálknafjarðarhrepp, Suðurfjarðahrepp og Dalahrepp. Ef þeir hreppar eiga að komast í samband við samgöngutæki það, sem er ferja yfir Breiðafjörð, þá verða íbúarnir að fara þessa leið. Þarna er því ekki að ræða um veg fyrir aðeins einn hrepp, sem þarf að leggja um þessa 16 km. fjallleið, sem ólagður er vegur yfir. En þessir 16 km. eiga að ganga fyrir öðrum vegum á landinu vegna þess, hve óhæfilega lengi er búið að vanrækja vegarlagningu þarna. Hvernig ætli mönnum fyndist það t. d., ef Keflavík væri ekki í vegasambandi við aðra staði á landinu, eða t. d. Akranes eða Borgarnes? Mundu þá hv. þm. leyfa sér að vera á móti því að koma þeim í akvegasamband? Mér þætti gaman að sjá þá menn, sem neita því, að einnig þessi byggðarlög í Barðastrandarsýslu eigi að komast í slíkt samband við aðalsamgöngurnar. Vegamálastjóri hefur oft sagt við mig um þetta atriði: Ég verð að fara eftir flutningaþörfinni. — En hvað væri mikil flutningaþörfin yfir Vatnsskarð, ef enginn vegur væri í Húnavatnssýslu? Engin. Flutningaþörfin skapast við það að tengja héruðin við aðalsamgöngukerfið. En þó að Patreksfjörður t. d. sé ekki enn kominn í samband við vegakerfið, þá greiðir sá hreppur meiri skatt í ríkissjóð heldur en nokkur annar hreppur tilsvarandi á landinu. Ég mun því aldrei geta fellt mig við, eins og nú er komið vegamálum í Barðastrandarsýslu og eins og þau hafa verið vanrækt, að það hérað fái ekki annan og meiri skerf, miðað við t. d. fólksfjölda þar, heldur en önnur héruð, sem eru búin að fá sínum þörfum fullnægt. Sú sýsla á heimtingu á, að um þessa leið frá Brjánslæk til Patreksfjarðar sé lagður vegur, sem nauðsynlegur er til þess að bæta þar úr brýnni þörf, — og það ekki á 10 árum, heldur á einu ári. Það er sanngirniskrafa til hv. fjvn., sem í raun og veru hefur að mestu leyti fjárveitingarvaldið, og ber n. því að líta á þessi mál með fyllstu sanngirni.

Og svo í sambandi við þetta: Hvaða nauður rak til þess að ætla 250 þús. kr. í fjárl. til Krýsuvíkurvegarins? Hvaða börn svelta við hinn endann á þeim vegi? Eða er þessi fjárveiting kannske til þess, að hægt sé að fara með kjöt út í Hafnarfjarðarhraun?

Þá vil ég líka benda á, að hér hafa komið fram till. um hækkun á fjárframlögum til brúargerða. Hv. 10. landsk. mælti fyrir þeim og rökstuddi mjög vel sínar till. Og ég er honum alveg sammála um það, að það sé ekkert vit í því, þegar 2—3 ár liggja saman, að brúa þá aðeins eina þeirra í einu, ef hægt er að spara alveg sem svarar kostnaðinum við eina brú með því að brúa þær allar á einu og sama ári. Og viðvíkjandi brúargerðum þarna vestra má líka segja, að það er ekkert vit í því, þegar það mundi kosta 305 þús. kr. að brúa þrjár ár, ef þær væru brúaðar hver á sínum tíma, að brúa þær þá ekki allar í einu, ef með því má spara 35 þús. kr. Og ef nokkrar brúatill. á að taka til greina, þá á að samþ. þær brúargerðartill., sem ég hef komið fram með fyrir Barðstrendinga, af því að þörfin er þar svo mjög aðkallandi. Og hvernig getur hv. fjvn. farið að setja 32 þús. kr. í brú á Þingvöllum, þegar hún veit, að margar ár eru óbrúaðar í Barðastrandarsýslu, sem ómögulegt er að komast yfir fyrir menn né heldur með skepnur, hvað þá fyrir nokkra bíla? Ég hef farið líklega eins oft um Þingvöll og hver annar og ekki lent í neinum vandræðum vegna brúaskorts þar. Og ef ríkissjóður hefur nóg fé til þess að leggja 32 þús. kr. í óþarfa brú þar, þá er hann skyldugur til þess að leggja fram fé í nauðsynlegar brýr í þeim héruðum, sem hafa verið vanrækt í þessum efnum. Ég hef séð brýr hér brotnar upp, sem Barðstrendingar mundu gráta af gleði yfir að mega hafa hjá sér, ef því væri að heilsa. Ef fært hefur verið að eyða tugum þúsunda kr. í að brjóta upp brýr og breikka þær, þá vænti ég þess, að hv. fjvn. taki þessi mál öll til athugunar á ný og samþ. mínar sjálfsögðu till. um brúargerðir. — En þó vil ég sérstaklega minnast á, að till. um Rauðasandsveginn, um endurbætur á honum, er sú, sem langmest er aðkallandi, til þess að sá kostnaður, sem þar hefur verið lagður í vegargerð, komi að notum, því að það er hæpið að nota hestvagna og bíla á þessum vegi. Og vegamálastjóri hefur sagt, að sá vegur hafi verið lagður eins og raun ber vitni af því, að svo lítið fé hafi verið lagt til

hans, að það hafi ekki verið hægt að senda menn til hans til að framkvæma verkið, sem vit höfðu á að leggja veginn. Er þetta fjármálaspeki!

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en vænti, að þau rök verði tekin gild, sem liggja fyrir í þessum málum.

En ég vil vona, að hæstv. forsrh. gefi sínum undirmönnum fyrirmæli um að haga betur orðum sínum í embættisnafni heldur en skrifstofustjórinn gerði í þessu tilfelli, sem um hefur verið rætt.

**Forseti (GSv):** Ég skal geta þess, að mér er tjáð, að á brtt. þskj. 348 hafi af vangá fallið niður eitt nafn undir II. lið, þar sem talað er um viðbótarfjárveitingu á styrk þessa árs til nokkurra manna, og er það nafn Gunnars Gunnarssonar, sem á að koma á eftir lið 5, og þar eiga að standa við nafnið 2000 kr. Nú er komin fram brtt. um þetta, sem ég verð að bera undir atkv. forms vegna. Brtt. er of seint fram komin og skrifleg, og verður að leita tvöfaldra afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 355) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

**Forsrh. (Björn Þórðarson):** Það er aðeins stutt aths. og svar við fyrirspurn hv. þm. Barð. Sá hv. þm. kvaðst vona eða gerði kröfu um, að ég ávítaði skrifstofustjórann fyrir það að hafa látið þessi orð falla, sem um hefur verið rætt. Ég held, að það sé aldeilis óþarfi, því að ég hygg, að skrifstofustjórinn hafi tekið fulla iðran eftir það að hafa skrifað svo ógætileg orð um hv. þm. Barð., — og ekki sízt þegar má vel skilja, að nokkurt tilefni gæti hafa verið, eftir að þessi hv. þm. sýnir í þessari umr., hve varkár hann sjálfur er, þar sem hann segir, að það sé smán að hafa ekki látið Barðstrendinga fá meiri vegabætur og brýr heldur en gert hefur verið. (**GJ:** Það er sannarlega smán). Hver ber ábyrgð á þessu máli? Það er fjárveitingavaldið og Alþ. Það er þá altso smán fyrir fjárveitingavaldið og Alþ. að láta Barðstrendinga ekki njóta meiri réttar en verið hefur. (**GJ:** Það er sannarlega).

En viðvíkjandi hinu, að ég gefi loforð um, að 10 þús. kr. verði varið til umbóta húsakynnum á Brjánslæk af þeim 70 þús. kr., sem ætlaðar eru til nýbygginga og endurbóta á húsakynnum á prestssetrum, þá get ég ekki að svo vöxnu máli lofað því. Því að fyrir það fyrsta hygg ég, að hv. þm. Barð. hafi góðar stoðir fleiri en kirkjujarðasjóð eða þessa fjárveitingu fyrir því að láta nú gera einhverjar aðgerðir á húsakynnum á Brjánslæk, vegna þess að þarna eru póstsamgöngur. En svo er högum háttað með fjárreiður og fjármál, sem kirkjumálaráðuneytið hefur yfir að ráða, að það eru ein 10 prestssetur, sem eru í fullkominni niðurníðslu, og því fé, sem til er fyrir hendi og á að verja til að bæta úr því, verður fyrst og fremst að verja til þess að endurbæta þau prestssetur, þar sem prestar eru, til þess að þeir þurfi ekki að flýja sína staði. En þau prestssetur eru heldur látin mæta afgangi, þar sem prestur er ekki. Og nú, þegar veittar eru 70—80 þús. kr. í þessu skyni, þá hrekkur það fé skammt. Og á síðustu árum hefur ekki verið hægt að fá menn til þess að vinna þessi verk. Við þyrftum a. m. k. hálfa millj. kr. til þess, ef við ættum á þessum tíma að endurbæta prestssetrin eins og þarf, við skulum segja svona 8—10 prestssetur. Og við þyrftum meira en peningana, við þyrftum líka að fá efni og vinnukraft til þessara framkvæmda. En um það, hvaða prestssetrum eigi að sinna fyrst í þessu efni, verðum við að hafa samráð við biskup og aðra kunnáttumenn. Og þess vegna get ég að svo vöxnu ekki lofað hv. þm. Barð. neinu í þessu efni.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Herra forseti. Ég skal ekki vera fjölorður nú fremur en vant er. En mér hefur fallið í skaut að athuga um 18. gr. og ræða þar niður fyrir fjvn. Og það hefur farið þannig, að þegar það var svo borið undir atkv. í fjvn., þá mátti heita svo, að n. væri algerlega sammála um að fylgja till. mínum. Og mér þykir leitt, að hv. þm. Barð. og aðrir hv. þm. hafa á bak við hv. fjvn. komið með einstaka menn og dembt þeim með brtt. inn í þingið, án þess að verulegir verðleikar þessara manna hafi verið færðir fram eða annað því til stuðnings, að þeir ættu að takast upp í 18. gr. Jú, það hefur verið fært fram í þessu skyni um einn þessara manna, að hann hafi einu sinni fengið kross, hann hafi verið sæmdur riddarakrossi fálkaorðunnar, — og nú eigi af þeim ástæðum að forða honum frá sveit. En þess hefur verið vænzt, að þeir hv. þm., sem brtt. vilja bera fram um að taka menn inn í 18. gr., gefi fjvn. kost á að athuga verðleika þeirra manna. Það hefur t. d. verið venja, þegar í þessu efni hefur verið um pósta og fiskimatsmenn að ræða, þá hefur fjvn. snúið sér til póst- og símamálastj. vegna slíkra manna, sem starfað hafa við þær stofnanir, til þess að fá umsagnir um þá, og í sama skyni viðkomandi fiskimatsmönnum til fiskimatsstjóra. Og þessari reglu vil ég, að enn sé haldið áfram. En nú hefur verið farið á bak við okkur í fjvn. með þessa menn. — Já, einum var talið það til gildis, að hann hefði verið hreppstjóri. En fjvn. vill fá að vita, hvaða verðleika þessir menn hafa. Þess vegna óska ég, að þeir hv. þm., sem hafa komið með brtt. um þessa menn, vilji taka brtt. sínar aftur til 3. umr., svo að fjvn. fái tækifæri til að athuga, hvort þessir menn hafa unnið til þess að vera teknir upp í 18. gr. eða ekki. Fjvn. hefur komið sér saman um það einhuga, sem hún hefur lagt til viðvíkjandi 18. gr., og ég held, að engin vandkvæði hafi komið fram um það. Það er grafin upp viss kvenpersóna á Vestfjörðum og á að knýja fram með frekju, að hún sé látin fá 500 kr. eða meira vegna fiskskoðunar, sem hún kvað hafa einhvern tíma haft með höndum, og nú er hlaupið í það af einstökum þm., þrátt fyrir till. fjvn., að heimta hækkun, án þess að nokkrum nýjum verðleikum sé til að dreifa. Í fyrra var talið nægilegt, að lýður þessi fengi 500 kr., en nú er frekjan orðin svo mikil, að heimtaðar eru 700 kr. fyrir slíkar persónur. Við verðum að fá umhugsunarfrest til að athuga þetta.

Í sambandi við aðrar gr. frv. minni ég á það,

að hv. þm. Barð. sagði við mig og hv. form. fjvn., að hann væri ánægður með það, sem hann hefði fengið til vegamála, en ég sé þó ekki betur en hann hafi alls staðar í brtt. sínum farið fram á stórum hærri framlög en fjvn. Þetta eru ekki viðfelldnar aðfarir.

Þá er till. hv. þm. Barð. um framlag til viðhalds og endurbóta á prestssetrinu Brjánslæk. Í sambandi við hana vil ég segja það, að á meðan prestar verða að hverfa unnvörpum frá prestaköllum sínum vegna lélegs aðbúnaðar á ábúð þeirra, verðum við fyrst og fremst að hugsa um að bæta úr því. Á Brjánslæk er nú enginn prestur lengur, en frá ótal prestaköllum hafa komið tilmæli um það, að íbúðarhúsunum sé haldið við, því að annars neyðist prestarnir til að hverfa á brott. Fyrst er að halda við því, sem fyrir er, en síðan að byggja upp það, sem aflaga fer. Þó að ég vilji að vísu halda við hinum góðu guðshúsum, ber þó fyrst og fremst að hugsa um þá staði, þar sem prestssetur eru, því að kirkjurnar geta því aðeins komið að notum, að prestarnir fáist. Ég sé, að hæstv. forseti réttir upp blýantinn, og getur verið, að þetta komi í bág við það, sem hann hefur sagt. En ég tel, að við eigum fyrst og fremst að gera það styrkt, sem fyrir er, og þar næst færa út kvíarnar. Ef við látum prestssetrin fara í auðn, þá er til lítils að reisa kirkjur. Við verðum að sinna þeim prestssetrum, sem eiga erfitt um húsaskipun, og sjá um, að prestarnir haldi sig í sveitinni og þar næst að athuga, hvort ekki sé tiltækilegt að hressa upp á kirkjubyggingarnar sjálfar, því að kirkjur án presta er gagnslaust að hafa í sveitum landsins.

Að því er vegamálin snertir skal ég játa, að um einstök atriði varð ekki fullt samkomulag í fjvn., en hér er vandi á höndum, því að ef einhverju er haggað um þumlung, getur allt breytzt stórkostlega. En ég verð að segja, að fjvn. hefur reynt að jafna þessu milli héraða og manna eftir beztu getu. Ég álít, ef menn eru óánægðir, að þeir eigi þá að koma fram með sínar aðfinnslur til fjvn., og mun hún reyna að gera það bezta, sem hægt er. Ég skal aftur nefna 18. gr. í þessu sambandi. Þar eru hlutir, sem ýmislegt er hægt að segja um. Einstakir menn geta sagt: Þarna er of mikið og of lítið þarna. — Það getur verið, en grundvellinum má ekki raska, því að ef einhverju er um þokað, þá breytast öll hlutföllin. Ég skal benda á það, að störfum fjvn. er ekki lokið enn þá. Enn eru mörg mál eftir, sem þarf að athuga, t. d. á menntamálasviðinu, og vil ég þar minna á þjóðminjasafnið. En það dugir ekki að sækja hlutina með heimtufrekju. Menn koma og heimta fyrir sitt kjördæmi. En ef það er látið fram ganga, munu aðrir koma og heimta sinn hlut líka. Fjvn. hefur hugsað sem svo: Hvað þolir ríkið að leggja fram til þjóðþrifa? — En það stendur ekki til þjóðþrifa að fara fram úr öllu hófi. Fjvn. reynir að leysa málin eins vel og hægt er og er búin að taka á móti öllum brtt. og athuga þær. Hún hefur reynt að fara með þær eftir því, sem hún álítur bezt og réttast, og svo mun enn verða.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Herra forseti. Ég sakna nokkurra liða í till. hv. fjvn., sem atvmrn. hafði gert ráð fyrir, að þar yrðu, en með því að hv. form. n. hefur skýrt mér frá, að þetta muni verða tekið til greina við 3. umr., ætla ég ekki að ræða það frekar að sinni. Hins vegar tel ég mér skylt sem sérstaklega kunnugum málunum að gera örlitla aths. við till. fjvn. um fjárframlag til viðbyggingar sjúkrahúss á Akureyri. Ég var í mörg ár form. spítalan. þar og veit því, hvað Akureyringar hafa átt við að búa í þessum efnum. Aðalhúsið, sem þarna er, var reist um aldamót, og þó að því hafi verið haldið við, gefur að skilja, að það er ekki á nokkurn hátt viðunandi sjúkrahús nú orðið. Fyrir fimm árum var byrjað að byggja nýjan spítala, en sökum fjárskorts og lítillar áheyrnar hjá Alþ. hefur verkinu miðað mjög lítið áfram. Nú hagar svo til þar, að auk 6000 manna bæjar er um stórt hérað að ræða, og til viðbótar sækir þangað ekki aðeins fólk af öllu Norðurlandi, heldur og víðar að. Spítalinn hefur fengið mjög gott orð á sig fyrir starf hins ágæta læknis, sem þar er. En hins vegar er það alveg óviðunandi fyrir Eyjafjörð, ef ekki tekst alveg á næstunni að bæta úr þeim annmörkum, sem hér er um að ræða. Hv. fjvn. hefur ekki séð sér fært að leggja til, að veitt verði meira en 200 þús. kr. til viðbyggingarinnar á næsta ári, en á þessu ári voru veittar 70 þús. kr. Ég vil eindregið beina því til hv. þm. og sérstaklega til hv. fjvn., að það sé vel athugað, að hér er mjög mikil þörf fyrir hendi, og vil ég beina því til hv. n. sérstaklega, hvort hún muni ekki vilja taka málið til nýrrar athugunar og hækka þá framlagið upp í 500 þús. kr. að minnsta kosti. Það er óþolandi, að líði áratugur eftir áratug þannig, að ekki sé búið betur að þessum málum en nú er gert í þessum stóra bæ.

Í öðru lagi tel ég mér skylt að gera athugasemdir við það, að í fjárl. eru aðeins ætlaðar 200 þús. kr. til símahúsbyggingar á Akureyri, en eins og ég hef skýrt hv. fjvn. frá, er þessi upphæð hvergi nærri fullnægjandi. En eins og hv. þm. er ljóst, er það ein meginregla núverandi ríkisstj. að láta ekki framkvæma meira en fjárveitingar eru fyrir, og það þýðir þá, að ef ekki verður úr bætt um þennan lið í fjárl., þá kemst þetta hús ekki til nota á næsta ári. Ég legg því til, að framlagið verði hækkað í 400 þús. kr., svo að ein hæðin, kjallari, geti orðið fullbúin til póstafgreiðslu á næsta ári. Það er ekki hyggilegt, þegar búið er að leggja 200 þús. kr. í kostnað, að láta bygginguna standa ónotaða í eitt ár enn, ef hægt er að gera hana nothæfa. Ég beini því þess vegna til hv. fjvn. að athuga það til 3. umr., hvort ekki sé hægt að hækka þetta framlag í 400 þús. kr.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég vil aðeins minnast á nokkur einstök atriði, en áður en ég byrja á þeim, vil ég segja það til leiðbeiningar hæstv. forseta, að ég hef gist á mörgum prestssetrum, þar sem er verr hýst en á Brjánslæk. Ég skil ekki þá stefnu hæstv. ríkisstj. að vilja hækka risnu við biskup til að hækka hans laun. Það er sitt hvað risna og laun. Risna er fé, sem látið er út aftur handa gestum, og það fé er skattfrjálst. Risna sú, sem biskup þarf að halda uppi, er að taka á móti prestum, gefa þeim kaffi,

vindil og slíkt. Hæstv. ríkisstj. metur þetta á 5000 kr. á ári. Nú eru það ekki ákaflega margir prestar, sem koma til biskups, og yfirleitt koma prestar hingað helzt, þegar synodus stendur. Ef hæstv. Alþ. fellst á að láta biskup hafa þetta fé skattfrjálst, hvernig eiga þá skattan. að fara að við heildsala, sem taka á móti fleiri gestum á skrifstofum sínum á einum degi en biskup á heilu ári? Og svo allir þeir menn á landinu, sem þurfa að taka á móti gestum, — hvað eiga þeir að fá? Það hefur verið afstaðan að undanförnu, að það bæri að skera af þessu fé, nú kemur hæstv. ríkisstj. með það, að biskup, sem hefur lítið með risnufé að gera, eigi að fá allverulega upphæð í þessu skyni. Það er allt annað, hvort biskup er látinn fá risnufé eða launauppbót. Ef ætlunin er að láta hann fá launabót, þá get ég ef til vill fylgt því, þegar ég er búinn að athuga það. En hann hefur ekkert að gera með risnufé, og ég vona, að hæstv. Alþ. samþ. það ekki.

Það var litið svo á af hæstv. forsrh. og fleirum, að sjálfsagt væri að greiða húsaleigu fyrir prestana í Reykjavík á sama tíma og prestar annars staðar á landinu eru látnir borga sína húsaleigu. Hæstv. forsrh. sagði, að hún væri lág. Hvers vegna? Af því að ríkisstj. hefur ekki látið fara fram endurmat, sem á þó að gera á nokkurra ára fresti samkv. l. Ég veit ekki betur en búið sé að byggja og kaupa hús yfir tvo Reykjavíkurprestana, án þess að Alþ. hafi mælt með því og beint á móti vilja fjvn., en prestar, sem búa í húsi eins og á prestssetrinu Brjánslæk, verða að borga húsaleigu. Ég vissi vel, hvað ég gerði, þegar ég var með því, að þessi liður félli niður.

Hv. þm. Dal. hefur talað ræki lega um 18. gr., en ég vil bæta því við, að eitt af því fyrsta, sem almenningur krefst, er réttlæti í því, sem gert er. Nú er það svo, að þeir menn, sem eru í 18. gr. á eftirlaunum, teljast ekki njóta fátækrastyrks. Þess vegna tel ég mikið undir því komið, að ekki komi fram mikið óréttlæti í úthlutun smáupphæða í 18. gr., en slíkt óréttlæti tel ég, að komi fram í því, að Sigurður Magnússon fyrrv. yfirlæknir er látinn hafa 2000 kr., en allir aðrir læknar 1000 kr. Ég vil því taka undir með hv. þm. Dal. og fara þess á leit við flutningsmenn ýmissa hækkunartill., að þeir lofi hv. fjvn. að samræma þessar upphæðir og ráða, hverjar þær verði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Sþ., 9. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 33, n. 297 og 315, 296, 314, 310, 331, 338, 343, 346, 348, 355).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 316,1 felld með 28:10 atkv.
— 296,1 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 316,2 felld með 29:11 atkv.
— 296,2 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 316,3 felld með 29:10 atkv.
— 296,3 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 316,4 felld með 27:10 atkv.
— 296,4 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 296,5—10 samþ. með 39 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 316,5 felld með 22:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** KA, LJós, SigfS, SG, STh, StgrA, ÞG, ÁkJ, BG, BrB, EOl.
**nei:** IngP, JPálm, JS, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BÁ, EystJ, GJ, GTh, BFB, HermJ, IngJ, GSv, JakM, JJós, LJóh, MJ, ÓTh, PM, SB, SEH, SK, SÁÓ, ÁÁ, BBen, EE.
EmJ, FJ, GÞ, GÍG, HG greiddu ekki atkv.
1 þm. (GG) fjarstaddur.
Brtt. 296,11 kom ekki til atkv.
— 296,12 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 316,6 felld með 26:11 atkv.
— 296,13 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 296,14 kom ekki til atkv.
— 296,15.a. samþ. með 41 shlj. atkv.
— 331,I.1 felld með 25:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** GÞ, GTh, JJós, JPálm, KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PM, SigfS, SG, SEH, SK, STh, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BSt, BBen, BrB, EOl, EE, GSv.
**nei:** EystJ, FJ, GJ, GÍG, HG, HermJ, IngJ, IngP, JS, JJ, JörB, PHerm, PZ, ÞÞ, PO, SB, SÞ, SÁÓ, SkG, SvbH, ÞÞ, BG, BÁ, BFB, EmJ.
JakM greiddi ekki atkv.
1 þm. (GG) fjarstaddur.
Brtt. 296,15.b—c samþ. með 29 shlj. atkv.
— 314,I tekin aftur.
— 296,16—18 samþ. með 33 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
4.—9. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 296,19 samþ. með 29 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 296,20—29 samþ. með 38:1 atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 31:1 atkv.
Brtt. 296,30 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 316,7.a. felld með 28:12 atkv.
— 296,31 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 346,1 felld með 26:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, StgrA, ÞG, ÁkJ, BSt. BBen, BrB, EOl, EE, GÞ, JakM, KA, LJóh, LJós, MJ.
**nei:** SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, ÁÁ, BÁ, BFB, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, HG, HermJ, IngJ, IngP, JJós, JPálm, JS, JörB, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO.
SÁÓ, BG, JJ, ÓTh, GSv greiddu ekki atkv.
1 þm. (GG) fjarstaddur.
Brtt. 316,7.b. felld með 29:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** KA, LJóh, LJós, MJ, SigfS, SG, SEH, SK, STh, StgrA, ÞG, ÁkJ, BBen, BrB, EOl, EE, GÞ, GTh, JJós.
**nei:** JJ, JörB, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO, SB, SÞ, SÁÓ, SkG, SvbH, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BFB, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, HermJ, IngJ, IngP, JPálm, JS.
HG, JakM, GSv greiddu ekki atkv.
1 þm. (GG) fjarstaddur.
Brtt. 331,I.2 kom ekki til atkv.
— 346,2 felld með 27:19 atkv.
— 296,32 samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 316,8 felld með 26:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** ÞG, ÁkJ, BSt. BrB, EOl, JJós, KA, LJóh, LJós, SigfS, SB, GG, SEH, SK, STh, StgrA.

**nei:** ÁÁ, BÁ, BFB, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, HermJ, IngJ, IngP, JakM, JPálm, JS, JJ, JörB, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ.

BG, BBen, EE, GÞ, GTh, HG, SÁÓ, GSv greiddu ekki atkv.

2 þm. (GG, PM) fjarstaddir.

Brtt. 314,II tekin aftur.

12. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 296,33.a.1—19 samþ. með 33 shlj. atkv.

— 314,III tekin aftur.

— 331,II tekin aftur.

— 296,33.a.20—40 samþ. með 34 shlj. atkv.

— 331,III—IV teknar aftur.

— 314,IV—VI teknar aftur.

— 338,I tekin aftur.

— 296,33.a.41—106 samþ. með 34 shlj atkv.

— 314,VII—IX teknar aftur.

— 296,34—35 samþ. með 38 shlj. atkv.

— 296,36—37 samþ. með 34 shlj. atkv.

— 296,38.I.a—d samþ. með 38 shlj. atkv.

— 314,X felld með 28:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** StgrA, ÞG, ÁkJ, BrB, EOl, KA, LJós, SigfS, SG, SK, STh.

**nei:** SvbH, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BBen, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GÍG, BFB, IngJ, IngP, JakM, JPálm, JS, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO, SÞ, SkG.

BG, GTh, HG, JJós, LJóh, MJ, ÓTh, SB, SEH, SÁÓ, GSv greiddu ekki atkv.

2 þm. (GG, HermJ) fjarstaddir.

Brtt. 314,XI tekin aftur.

— 296,38.I.e—r samþ. með 38 shlj. atkv.

— 331,VI—VII teknar aftur.

— 296,38,II. samþ. með 40 shlj. atkv.

— 296,38,III—39 samþ. með 35 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 296,40 tekin aftur.

— 296,41 samþ. með 35:1 atkv.

— 314,XII felld með 29:13 atkv.

— 296,42 felld með 24:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BSt, BÁ, BrB, EmJ, EystJ, FJ, GÍG, BFB, IngJ, JJ, LJós, PHerm, PZ, PÞ, PO, SB, SÞ, SkG, StgrA, ÞÞ, ÞG.

**nei:** BG, BBen, EOl, EE, GÞ, GJ, GTh, JakM, JJós, JörB, KA, LJóh, MJ, ÓTh, PM, SG, SEH, SK, STh, SÁÓ, SvbH, ÁkJ, ÁÁ, GSv.

HG, IngP, JPálm, JS greiddu ekki atkv.

2 þm. (GG, HermJ) fjarstaddir.

Brtt. 296,43 tekin aftur.

— 314,XIII samþ. með 28:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** EE, GÞ, GJ, GÍG, GTh, IngJ, JakM, JJós, JPálm, JS, JörB, LJóh, MJ, ÓTh, PÞ, PM, SB, SG, SEH, SK, SÁÓ, SvbH, ÁÁ, BG, BÁ, BBen, BFB, GSv.

**nei:** EOl, EmJ, EystJ, FJ, HG, IngP, JJ, KA, LJós, PHerm, PZ, PO, SigfS, STh, SÞ, StgrA, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, BSt, BrB.

SkG greiddi ekki atkv.

2 þm. (GG, HermJ) fjarstaddir.

Brtt. 331 samþ. með 26:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JJós, JS, JJ, JörB, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PM, SB, SEH, SÁÓ, SvbH, ÞÞ, ÁÁ, BÁ, BFB, EE, FJ, GÞ, GJ, GÍG, GTh, HermJ, IngJ, GSv.

**nei:** KA, LJós, PO, SigfS, SG, SK, STh, SÞ, StgrA, ÞG, ÁkJ, BrB, EOl, JakM.

JPálm, LJóh, PHerm, SkG, BG, BSt, BBen, EmJ, EystJ, HG, IngP greiddu ekki atkv.

1 þm. (GG) fjarstaddur.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

**Páll Zóphóníasson:** Meiri hl. Alþingis, að vísu lítill, hefur tekið þá ákvörðun að styrkja kirkjubyggingar, og undir það vil ég beygja mig og segi því já.

**Einar Olgeirsson:** Ég vil ekki beygja mig fyrir þeim meiri hluta, sem fellir sjúkrahús, en byggir kirkjur, og segi því nei.

**Eysteinn Jónsson:** Með samþykkt þeirrar till., sem hér var áðan samþ., að styrkja kirkjubyggingar, hefur verið lagt inn á nýja braut, og þar sem ég vil ekki leggja stein í götu þess, að aðrir verði þeirra hlunninda aðnjótandi, greiði ég ekki atkv.

Brtt. 338,II samþ. með 27:15 atkv.

— 296,44 samþ. með 31:12 atkv.

— 296,45—48 samþ. með 31 shlj. atkv.

— 314,XIV samþ. með 30:6 atkv.

— 296,49—53 samþ. með 39 shlj. atkv.

— 316,9 samþ. með 33:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PM, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, SÁÓ, StgrA, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, GÞ, GJ, GÍG, GTh, HG, JakM, JJós, JPálm, GSv.

**nei:** JörB, PHerm, PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG, SvbH, BSt, BFB, HermJ, EystJ, IngJ, IngP, JS, JJ.

BÁ, FJ greiddu ekki atkv.

1 þm. (GG) fjarstaddur.

Brtt. 296,54—55 samþ. með 36 shlj. atkv.

— 316,10 felld með 36:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BrB, EOl, KA, LJós, PÞ, SigfS, SG, STh, StgrA, ÞG, ÁkJ, BG.

**nei:** BSt, BÁ, BBen, BFB, EE, EmJ, EystJ, GÞ, GJ, GÍG, GTh, HG, HermJ, IngJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, LJóh, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PM, PO, SB, SEH, SÞ, SÁÓ, SkG, SvbH, ÞÞ, GSv.

FJ, SK, ÁÁ greiddu ekki atkv.

1 þm. (GG) fjarstaddur.

Brtt. 296,56—62 samþ. með 36 shlj. atkv.

— 316,11 felld með 27:14 atkv.

— 296,63.a samþ. með 41 shlj. atkv.

— 316,12 felld með 27:11 atkv.

— 296,63.b samþ. með 34 shlj. atkv.

— 316,13 felld með 28:10 atkv.

— 296,64.a—b samþ. með 34 shlj. atkv.

— 316,14.a—b felld með 27:13 atkv.

— 296,64.c samþ. með 37:1 atkv.

— 331,VIII.2 tekin aftur.

— 296,65—68 samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 338,III samþ. með 28:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PM, SigfS, SB, SG, STh, SÁÓ, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BÁ, BBen, BrB, EOl, EmJ, FJ, GTh, HG, HermJ, JakM, JPálm.
nei: JJ, PHerm, PZ, PÞ, PO, SEH, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BFB, EystJ, GÞ, GJ, GÍG, IngJ, IngP, JJós, JS.
SK, EE, GSv greiddu ekki atkv.
1 þm. (GG) fjarstaddur.
14. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 316,15 felld með 28:16 atkv.
— 296,69—80 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 314,XV felld með 28:14 atkv.
— 296,81—90 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 314,XVI samþ. með 29:8 atkv.
— 296,91 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 296,92 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 296,93 samþ. með 35:5 atkv.
— 296,94 samþ. með 30 shlj. atkv.

Næst skyldu koma til atkv. brtt. 348 og 355. Forseti ákvað, í samræmi við þann hátt, sem á var hafður um þetta atriði við afgreiðslu síðustu fjárlaga, að bera fyrst upp til atkvæða sjálfan liðinn, þ. e., hvort taka skyldi inn í fjárlög þennan flokk manna (rithöfunda, skáld og listamenn), sundurliðaðan eftir nöfnum og fjárhæðum. Færi þá um uppburð tillagnanna eftir þeirri niðurstöðu.

Fellt var með 30:10 atkv. að taka liðinn upp.

Brtt. 348 og 355 komu því ekki til atkv. samkv. úrskurði forseta.

Brtt. 316,16 felld með 36:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁkJ, BrB, EOl, KA, LJós, MJ, SigfS, SG, SK, STh, StgrA, ÞG.
nei: ÁÁ, BSt, BÁ, BBen, EmJ, EystJ, GÞ, GJ, GÍG, GTh, HG, BFB, HermJ, IngJ, IngP, JakM. JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO, SB, SEH, SÞ, SÁÓ, SkG, SvbH, ÞÞ, GSv.
BG, EE, FJ greiddu ekki atkv.
1 þm. (GG) fjarstaddur.
Við nafnakallið urðu þessar umr.:

**Gunnar Thoroddsen:** Þar sem ég er meðflm. á þskj. 331 að annarri till., sem er í samræmi við óskir menntamálaráðs, segi ég nei.

**Sigurður Bjarnason:** Þar sem fyrir liggur till., sem mun koma til atkv. á eftir og er í samræmi við óskir menntamálaráðs, segi ég nei.

**Jónas Jónsson:** Ég vil leiðrétta það, að óskin um að hækka upphæðirnar í 15. gr. hafi komið frá menntamálaráði, — ekki frá því öllu, a. m. k. Hún kom frá manni í Kommfl. og mun hafa verið rædd, þegar ég var fjarstaddur, en hún var aldrei samþ. á fundi, þegar ég var þar.

**Barði Guðmundsson:** Í tilefni af ummælum hv. þm. S.-Þ. vil ég taka fram, að hann var viðstaddur á fundi, þegar talað var um þetta mál, og hreyfði ekki andmælum, — en ég skal ekki fullyrða, hvort hann var viðstaddur, þegar atkvgr. fór fram.

Brtt. 331,IX samþ. með 31:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, KA, LJóh, LJós, MJ, PHerm, PM, SigfS, SB, SG, SK, STh, SÁÓ, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BÁ, BrB, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GÍG, GTh, HG, HermJ, JakM, GSv.
nei: JPálm, JS, JJ, JörB, PÞ, PO, SEH, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BBen, BFB, GJ, IngJ, IngP.
ÓTh, PZ, EE greiddu ekki atkv.
1 þm. (GG) fjarstaddur.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

**Skúli Guðmundsson:** Í fjárlfrv. er ætluð hærri upphæð í þessu skyni en í núgildandi fjárl., og sé ég ekki ástæðu til að bæta þessu við. Segi ég því nei.

Brtt. 296,95—97 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 338,IV samþ. með 25:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BÁ, BrB, EOl, EE, EmJ, FJ, GÍG, GTh, HG, HermJ, JakM, KA, LJóh, MJ, SigfS, SB, SG, SK, STh, GSv.
nei: SvbH, ÞÞ, BBen, GÞ, GJ, BFB, IngJ, IngP, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO, SEH, SÞ, SÁÓ, SkG.
BSt, EystJ greiddu ekki atkv.
2 þm. (GG, LJós) fjarstaddir.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

**Bjarni Benediktsson:** Till. er rökstudd með þeim hætti, að ætla má, að Bandalag ísl. listamanna þyrfti að stofna skrifstofu til að innheimta þessar aukatekjur, — m. ö. o. styrk til að innheimta gróðann, — og segi ég því nei.

**Gunnar Thoroddsen:** Út af orðum hv. 6. þm. Reykv. vil ég taka fram, að grg. hans er á misskilningi byggð. Hér er ekki um að ræða skrifstofu til að innheimta tekjur eða aukinn styrk, heldur breyt. á starfi bandalagsins, og segi ég því já.

**Sigurður Bjarnason:** Með tilvísun til grg. hv. þm. Snæf. segi ég já.

Brtt. 296,98—100 samþ. með 29 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 316,17 felld með 38:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KA, LJós, SigfS, SG, STh, StgrA, ÞG, ÁkJ, BrB, EOl.
nei: JakM, JPálm, JS, JJ, JörB, LJóh, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO, SB, SEH, SK, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BBen, BFB, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GÍG, GTh, HG, HermJ, IngJ, IngP, GSv.
SÁÓ greiddi ekki atkv.
3 þm. (BG, GG, JJós) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

**Eiríkur Einarsson:** Þó að sambyggðir í sveitum eigi e. t. v. framtíð hér á landi, þá tel ég, að þetta mál hafi ekki fengið þann undirbúning, að frv. um það sé tímabært, og segi ég því nei.

Brtt. 296,101—104 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 331,X tekin aftur.
— 314,XVII—XVIII teknar aftur.
— 338,V tekin aftur.
— 331,XI tekin aftur.
— 296,105—109 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 296,110—112 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 316,18 felld með 33:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** SigfS, SG, SK, STh, SÁÓ, StgrA, ÞG, ÁkJ, BG, BrB, EOl, KA, LJós.

**nei:** PZ, PÞ, PM, PO, SB, SEH, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BBen, BFB, EE, EystJ, GÞ, GJ, GTh, HermJ, IngJ, IngP, JakM, JPálm, JS, JJ, JörB, LJóh, MJ, ÓTh, PHerm, GSv.

EmJ, FJ, GÍG, HG greiddu ekki atkv.
2 þm. (GG, JJós) fjarstaddir.

Brtt. 314,XIX samþ. með 24:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** ÁkJ, ÁÁ, BG, BÁ, BBen, EOl, EE, EmJ, GJ, GÍG, GTh, HG, JakM, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, SigfS, SB, SG, SK, STh, SÁÓ, StgrA.

**nei:** BSt, BFB, EystJ, GÞ, HermJ, IngJ, IngP, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO, SEH, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ.

BrB, FJ, KA, ÞG, GSv greiddu ekki atkv.
1 þm. (GG) fjarstaddur.

Brtt. 296,113 kom ekki til atkv.
— 314,XX samþ. með 30:18 atkv.
— 296,114 kom ekki til atkv.
— 296,115 samþ. með 38 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 296,116—118 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 316,18 felld með 27:17 atkv.
— 296,119—120 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 316,20 tekin aftur.
— 296,121 samþ. með 31 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 331,XII—XIII teknar aftur.
— 314,XXI—XXVII teknar aftur.
— 343 tekin aftur.
— 296,122—146 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 296,147 tekin aftur.
— 296,148—153 samþ. með 31 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.

Brtt. 316,21 felld með 30:12 atkv.
— 296,154—155 samþ. með 34 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt (sbr. einnig breyt., sem orðið hafa á 3. gr. og áhrif hafa á tölur í 20. gr.), samþ. með 34 shlj. atkv.
21. gr., með þeim tölubreyt., sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar gr. frv., samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 296,156 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 296,157.I—VI samþ. með 40 shlj. atkv.
— 296,157.VII samþ. með 38:10 atkv.
— 296,157.VIII—XV samþ. með 37 shlj. atkv.
— 296,157.XVI samþ. með 29:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** HermJ, IngJ, IngP, JS, JJ, JörB, LJóh, MJ, ÓTh, PHerm, PÞ, PM, PO, SEH, SÞ, SÁÓ, SkG, SvbH, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BFB, EystJ, FJ, GÞ, GÍG, HG, GSv.

**nei:** JakM, JPálm, LJós, SigfS, SB, SG, SK, SEH, StgrA, ÞG, ÁkJ, BG, BBen, BrB, EOl, EE, GJ.

JJós, KA, PZ, EmJ, GTh greiddu ekki atkv.
1 þm. (GG) fjarstaddur.
Við nafnakallið urðu þessar umr.:

**Jónas Jónsson:** Út af fyrirspurn um það, hverjir ættu að fá þetta fé, þá hefur sú ósk verið borin fram í fjvn., að það væri veitt vegna Vestur-Íslendinga. Menn níðast því á þeim, ef þeir vilja fella þennan lið.

**Barði Guðmundsson:** Það kemur mér undarlega fyrir sjónir, ef till. á við Vestur-Íslendinga, að það skuli þá ekki tekið fram í gr. Ég segi því nei, unz ég fæ nánari upplýsingar um þetta.

**Bjarni Benediktsson:** Þar sem ekki liggja fyrir aðrar upplýsingar um þessa till. en að stj. eigi að greiða þetta fé og það sé að níðast á Vestur-Íslendingum að fella hana, þá segi ég nei við till.

**Brynjólfur Bjarnason:** Þar sem það er að nokkru leyti upplýst, að þessi till. eigi við amerískra ríkisborgara af íslenzku bergi brotna, þá er augljóst, að hún er rangt orðuð, og segi ég nei við henni.

**Eiríkur Einarsson:** Þar sem ég álít hið sama um þessa till. og aðra till., sem atkvgr. fór fram hér um áðan, að hún sé ekki tímabær, þá segi ég nei.

Brtt. 296,157.XVII samþ. með 32:5 atkv.
— 296,157.XVIII—XX samþ. með 37 shlj. atkv.
— 331,XIV samþ. með 28:1 atkv.
— 331,XV.a samþ. með 30:3 atkv.
— 331,XV.b tekin aftur.
22. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

---

Á 33. fundi í Sþ., 18. nóv., utan dagskrár, mælti

**forseti (GSv):** Ég skal geta þess, að nú hefur loks verið svo ákveðið, að útvarp 3. umr. fjárlaga fyrir árið 1944, sem verða eldhúsdagsumræður, fari fram í næstkomandi viku, á miðviku- og fimmtudagskvöld, og hefjist kl. 8,15. Hver flokkur fær til umráða 35 mínútur auk ríkisstj., sem fær sama tíma til umráða, og er það fimmti flokkurinn. Þetta var fyrra kvöldið, og verður það ein umferð. Síðara kvöldið verða þrjár umferðir, og skiptist tíminn milli áðurnefndra fimm flokka í 25, 15 og 10 mínútna bil. Að öðru leyti verður þetta tilkynnt nánar síðar.

Á 35. fundi í Sþ., 24. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (útvarpsumr.) (A. 409).

**Forseti (GSv):** Þá hefjast nú þessar útvarpsumr., eldhúsumr. svo nefndar, sem frestað var til 3. umr. fjárl. Verður þeim háttað þannig:

Þær standa yfir tvö kvöld, í kvöld og næsta kvöld, og hefjast á sama tíma bæði kvöldin, kl. 20 og 15 mín. Í kvöld hafa flokkarnir hver sinn tíma í einu lagi, um 35 mín. fyrir hvern þing-

flokk og ríkisstj., sem verður talin með tilliti til þessa sem sérstakur flokkur. Verða umr. í þessari röð: Fyrst byrjar Framsfl., þá Alþfl., þá Sameiningarfl. alþýðu, Sósfl., svo Sjálfstfl. og síðast ríkisstj.

Annað kvöld verður tíminn alls 45 mín. á hvern aðila, þrískiptur, 20 mín. í fyrstu umferð, þá 10 mín. og loks 5 mín., en það verður nánar greint frá þessu annað kvöld.

Þá tekur til máls hv. þm. Str., Herm. Jónasson.

**Hermann Jónasson:** Herra forseti. Háttv. útvarpshlustendur. Þessar eldhúsdagsumr. verða með öðru móti en verið hefur, vegna þess að hæstv. ríkisstj., sú sem nú fer með völd, er skipuð með óvenjulegum hætti. Hún fer ekki með framkvæmdarvaldið í umboði meiri hl. Alþ. En eldhúsdagsumr. eru, þegar stj. er skipuð með venjulegum hætti, fyrst og fremst reikningsuppgjör minni hl. Alþ. við meiri hl. þann, er með völdin fer. En þar sem þingið hefur ekki getað skipað ríkisstj., tel ég bezt fara á því, að deilur séu í aðalatriðum látnar niður falla á ríkisstj. Auðvitað mislíkar okkur framsóknarþm. ýmislegt í framkvæmdum ríkisstj. Það er óneitanlega einkennileg framkvæmd á réttarfarinu í landinu að láta ekki rannsókn fara fram á kosningu í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, eftir að kjörbréfan. og Alþ. hafa eindregið skorað á dómsmrh. að láta framkvæma hana. Við erum ýmsir mjög óánægðir með reglur þær, er stj. virðist hafa sett um hlutfallið milli innflutnings kaupmanna og kaupfélaga. Ekki erum við minna óánægðir með skraninnflutninginn. Fleira mætti fram telja og um deila, eins og gefur að skilja, en verður látið niður falla. En þótt það sé gert, felst ekki í því nein syndakvittun ríkisstj. til handa.

Útgjaldahlið þeirra fjárl., sem nú verða afgr. fyrir árið 1944, verður 90—100 millj. kr., líklega næstum 100 millj. kr. Þetta eitt út af fyrir sig hlýtur að vekja hjá sérhverjum hugsandi manni alvarlega umhugsun um það, hvar fjárhag okkar er komið og hvert við erum að stefna, — eða réttara sagt, hvert okkur er að reka.

Jafnhliða afgreiðslu þessara fjárl. er því lýst yfir af hálfu ríkisstj., að verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir fyrir árið 1942 séu um 15 millj. kr., en handbært fé sé ekki til í ríkissjóði til þess að greiða þessar uppbætur. Ríkissjóður virðist því ekki vera ríkur eftir allt góðærið.

Samhliða þessu sjáum við öll Reykjavíkurblöðin skrifa um það, að atvinnuleysi sé að gera vart við sig hér í næstu bæjum, vegna samdráttar í framkvæmdum, og eitt blaðanna sá ég lýsa ástandinu þannig, að atvinnuleysi væri nú á næstu grösum, atvinnulífið sé að dragast saman, og í ríkissjóð hafi ekki tekizt að safna fjármunum til stórframkvæmda, er atvinnuleysið drepur á dyr.

Hvað sem þessu líður, má telja vafalaust eða vafalítið, að miklir erfiðleikar eru framundan fyrir ríkissjóð, fyrir alla framleiðsluna í landinu og þá um leið fyrir alla landsmenn, af því að atvinnuleysi er bersýnilega yfirvofandi, fyrst ekki gat eða getur náðst samkomulag öflugs meiri hl. Alþingis til þess að afstýra því.

Ráðstafanir, sem að gagni koma til þess að afstýra atvinnuleysi, eru, eins og búið er að fara með fjármál þjóðarinnar, mjög erfiðar. Þessar afleiðingar voru fyrirsjáanlegar og óumflýjanlegar afleiðingar af þeirri fjármálapólitík, sem tekin hefur verið upp í seinni tíð og tvöfaldaði dýrtíðina í landinu á fáum mánuðum á s. l. ári. Þegar sósíalistar, með skæruhernaði sínum vorið 1942, þröngvuðu ríkisstj., sem var eins og vax í höndum þeirra, til þess að hækka kaupið hjá tveimur atvinnustéttum hér í Reykjavík fram úr því, sem var í samræmi við aðra, var auðséð, að aðrar stéttir mundu koma á eftir með kröfur sínar, og það var orðið réttlætismál sannkallað að hækka þær til samræmis.

Af því leiddi, eins og ég orðaði það í kosningabaráttunni vorið 1942, að varnargarðurinn gegn vaxandi dýrtíð, varnargarðurinn gegn ógæfu þjóðarinnar hafi þá þegar vorið 1942 verið brotinn niður af ríkisstj. og alda vaxandi dýrtíðar flæddi yfir landið. Nú er sjálfur raunveruleikinn að sýna okkur afleiðingarnar af þessum verkum. Þær eru nákvæmlega eins og við framsóknarmenn sögðum fyrir: Hrörnun í allri framleiðslu og þá um leið versnandi fjárhagur ríkissjóðs, samdráttur framleiðslunnar, atvinnuleysi. Allt er þetta að koma á daginn, og það er sjálfskaparvíti vegna rangrar fjármálastjórnar, því að við verðum að viðurkenna, að þetta var fyrirsjáanlegt. Og nú liggur þetta allt ljóst fyrir sem staðreynd.

Þegar dýrtíðarvísitalan var hæst á árinu 1941, komst hún upp í 172 stig. Útgjöld ríkisins voru samkv. landsreikningum fyrir árið 1941 32,2 millj. kr. Það er auðsætt, að hefði festing verið gerð á verðlagi og kaupgjaldi haustið 1941, eins og við framsóknarmenn lögðum til, hefðu útgjöld í fjárlögunum síðan og næsta ár verið eitthvað á milli 32—40 millj. kr. með svipuðum framkvæmdum og verið hafa í fjárl. og eru nú.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri eru tekjur ríkissjóðs árið 1942 86 millj. kr. Ef dýrtíðin hefði verið stöðvuð 1941, hefðu tollatekjurnar orðið eitthvað lítils háttar lægri en þær hafa orðið eftir að dýrtíðin óx, vegna þess að tollar eru reiknaðir af farmgjöldum og þau hafa hækkað vegna dýrtíðarinnar.

Skatttekjur hefðu orðið svipaðar, e. t. v. eitthvað hærri, vegna þess að afkoma framleiðslunnar hefði orðið betri, ef verðlag og kaupgjald var stöðvað. Tekjur ríkissjóðs mundu hafa orðið svipaðar eða lítið lægri en þær voru 1942, þegar þær urðu 86 millj. kr., en útgjöld um 40 millj. kr. Afkoma ríkissjóðs hefði því orðið þannig, að árlegur tekjuafgangur hefði verið og mundi vera á næstu árum tugir millj. kr., sem hefði verið hægt að nota til þess að borga upp allar ríkisskuldir og leggja fyrir stórfé í verðmætum peningum, til þess að verja í stórfelldar framkvæmdir og framfarir eftir styrjöldina, þegar framleiðslan hefur dregizt saman. Nú eru útgjöld ríkisins í fjárl. fyrir 1944 til embættismanna og eftirlaunamanna rúmar 34 millj. kr., eða um tveimur millj. kr. meira en öll útgjöld ríkissjóðs voru árið 1941.

Á árinu 1942 verður ríkissjóður að borga um 15 millj. kr. í uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir til þess að framleiðslan geti staðizt, og

nú verður hann að borga niður vöruverð með milljónagreiðslum til að sporna við aukningu frekari dýrtíðar. Ef dýrtíðin hefði verið stöðvuð 1941, kom aldrei til þess, að ríkissjóður þyrfti að greiða þessar uppbætur, sem skipta orðið tugum milljóna og enginn sér fyrir endann á. Þetta er auðsætt, þegar þess er gætt, að 1941 var kjötið kr. 3,20 pr. kg. í heildsölu, en það, sem var selt til útlanda af framleiðslu ársins 1942, seldist fyrir 5,40 pr. kg. Það hefði því, miðað við söluverð innanlands, orðið verulegur hagnaður á landbúnaðarafurðum, sem seldar voru til útlanda, í stað þess halla, sem nú verður að greiða með tugum milljóna úr ríkissjóði af því að dýrtíðinni var sleppt lausri. Önnur framleiðsla hefði og skilað ágætum arði, í stað þess að nú er svo komið, að mikill hluti sjávarútvegsins, þessarar meginauðlindar, þessarar lífæðar íslenzku þjóðarinnar, hefur barizt og berst í bökkum, síðan útveginum var veitt svöðusárið með tvöföldun dýrtíðarinnar 1942.

Eftirfarandi liggur því alveg ljóst fyrir:

1. Ef dýrtíðin hefði verið stöðvuð árið 1941, hefði öll framleiðsla borið sig mætavel. Framleiðslan hefði því enn og á næstu árum skilað arði og veitt næga atvinnu. Samdrátturinn í framleiðslu og framkvæmdum einstaklinga er afleiðing af tvöföldun dýrtíðarinnar 1942, og afleiðing þess aftur er það atvinnuleysi, sem byrjað er að bera á og er framundan óumflýjanlegt, ef ekki er snúið við. Þeir, sem tvöfölduðu dýrtíðina, eru því höfundar atvinnuleysis þess, sem komið er og er framundan.

2. Ef dýrtíðin hefði verið stöðvuð 1941, hefði ríkissjóður getað greitt allar skuldir sínar og lagt fyrir stórfé, tugi milljóna, til framfara og stórframkvæmda, þegar til atvinnuleysis kom eftir styrjöld. Atvinnuleysið hefði komið miklu seinna og ríkissjóður haft fullar hendur fjár til að mæta því. Þeir, sem tvöfölduðu dýrtíðina, tæmdu og ríkissjóðinn.

Þessi þjóð, sem hefur sloppið við hörmungar styrjaldarinnar flestum þjóðum fremur, þjóð, sem hefur haft tækifæri til að framleiða fyrir nærliggjandi þjóðlönd og selja framleiðsluna fyrir hagkvæmt verð, horfir nú fram á byrjandi atvinnuleysi, atvinnuleysi, sem ekki á sér stað nú hjá neinni þjóð með svipaðri aðstöðu. Þessi sjálfskaparvíti hafa verið leidd yfir okkur með óstjórn.

Það lætur dálítið einkennilega í eyrum, þegar þeir, sem hafa leitt þessi sjálfskaparvíti atvinnuleysis yfir þjóðina, linna ekki látum í því að tjá áhuga sinn fyrir að afstýra atvinnuleysi. Það lætur og jafnilla í eyrum, þegar þeir, sem með tvöföldun dýrtíðarinnar hafa valdið því, að ríkissjóður er að tæmast, bera nú fram flestar till. um fjárframlög úr tæmdum ríkissjóðnum og deila síðan á aðra fyrir þá afturhaldssemi að fylgja ekki þessum till. Vissulega er það ekki nema sjálfsagt, að ríkissjóður leggi fram af veikum mætti fé til að endurbyggja skipaflotann. Það er lífsnauðsyn fyrir þjóðina. En ráðlegra hefði það verið að gera ekki sjávarútveginn fyrst með óstjórninni 1942 vanmáttugan til þess að geta endurbyggt sig sjálfur, og ríkissjóðinn allt of fátækan til að hlaupa undir bagga, eins og æskilegt væri.

Ekki er það síður í senn bæði skoplegt og ósvífið, þegar þessir sömu menn deila við hvert tækifæri á þá leið að greiða verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir og framlag til að halda niðri dýrtíðinni. Það er þó deginum ljósara, að ef dýrtíðin hefði ekki verið tvöfölduð 1942, þurfti ekki að greiða þessar uppbætur, að minnsta kosti ekki svo nokkru næmi. Bændur eða fulltrúar þeirra báðu ekki um kapphlaupið, — þeir báðu um stöðvun. Þeir, sem komu skriðunni af stað 1942, eiga því alla sök á því, að greiða þarf allar þessar fjárfúlgur.

En það er æðimargt fleira einkennilegt við framkomu sumra þeirra manna, sem sitja í þessum sölum. Ég veit ekki betur en megnið af þeim léti við síðustu kosningar, haustið 1942, kjósa sig á þing fyrst og fremst fyrir þau afrek að hafa hækkað landbúnaðarvöruverðið, sem var ekki nema sjálfsagt að hækka eftir að kaupið hækkaði, — en aðrir fyrir að hafa hækkað kaupið og fyrir að hafa brotið niður varnargarðinn gegn dýrtíðinni. En þessir herrar, sem voru kosnir og sendir hér inn í þingsalina fyrir það að hafa hækkað verðlagið og kaupið, voru ekki fyrr komnir hér inn fyrir veggina en öllum var orðið ljóst, að það var einmitt þessi hækkun, sem hafði komið öllum framleiðslukostnaði í algert ósamræmi við framleiðslukostnað annarra þjóða. Hækkun kaupgjalds og hækkun verðlags, sem þeir létu kjósa sig á þing fyrir að hafa á komið, var að stefna atvinnulífi þjóðarinnar í stöðvun.

Allan tímann síðan haustið 1942 hefur þessi vísa samkunda setið með sveitta skalla til að finna út, hvernig ætti að lækka dýrtíðina. Og þeir, sem hingað eru kjörnir fyrir það að hafa hækkað — meira að segja tvöfaldað — dýrtíðina á 6 mánuðum, tjá sig nú hafa allra manna mestan áhuga á því að lækka dýrtíðina til að bjarga þjóðinni.

Þið haldið ef til vill, hlustendur góðir, að ég ætli að fara að gera að gamni mínu, þegar ég segi við ykkur eftirfarandi: Þeir, sem létu ykkur kjósa sig á þing fyrir að hafa hækkað kaup og verðlag haustið 1942, þeir sömu menn munu við næstu kosningar krefjast þess af ykkur, að þið kjósið þá á þing fyrir það, hvað þeir hafi sýnt mikinn og fölskvalausan áhuga á því að lækka þá dýrtíð, sem þið haustið 1942 kusuð þá fyrir að þeir höfðu hækkað. Þið getið verið viss um, að þetta verður aðalnúmerið í kosningunum, ef ekkert *alveg sérstakt hendir*. Þið vitið það víst flest, sem mál mitt heyrið, að kjöt skemmdist hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga, því að sökum stríðsins hafa verið lítt fáanlegar nema ótryggar tunnur til að salta í kjöt. En lesið nú Morgunblaðið. Það segir, að nær hefði verið að setja skaplegt verð á kjöt í landinu heldur en að gera það lítt seljanlegt með óhóflegu verðlagi. Þetta er sama blaðið, sem reyndi að telja flokksmanni sínum og frambjóðanda, Ingólfi Jónssyni, 2. þm. Rang., heiðurinn af því haustið 1942 að hafa sem formaður kjötverðlagsnefndar hækkað kjötið í verði, sem var aðeins sjálfsagt að gera.

Fyrir þetta áttuð þið, einkum bændur, að kjósa sjálfstæðismenn haustið 1942. En nú er komið

annað hljóð í strokkinn bæði viðkomandi mjólk og kjötverði. Nú eruð það þið, bændur, sem settuð of hátt verð á kjötið, og nú er vafasamt, að Sjálfstfl. hér á Alþingi fáist til að tryggja ykkur það verð, sem sex manna n. skammtaði ykkur.

En þrátt fyrir allan þennan lækkunaráhuga hefur þinginu ekkert orðið ágengt. Það fann því upp það ráð að setja l. um dýrtíðarráðstafanir, þar sem svo er fyrir mælt í 4. gr.:

„Skipa skal 6 manna n., er finni grundvöll fyrir vísitölu framleiðslukostnaðar landbúnaðarvara og hlutfall milli verðlags landbúnaðarvara og kaupgjalds stéttarfélaga, er miðist við það, að heildartekjur þeirra, er vinna að landbúnaði, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Skal í því sambandi tekið tillit til þess verðs, sem fæst fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir."

N. þessi skyldi samkvæmt ákvæðum þessarar sömu greinar skipuð þannig:

„N. skal skipuð hagstofustjóra, og sé hann form. n., forstöðumanni búreikningaskrifstofu ríkisins, tveim mönnum eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einum manni eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einum manni tilnefndum af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæjarfélaga."

Enn fremur segir í greininni:

„Nú verður n. sammála um vísitölu framleiðslukostnaðar landbúnaðarafurða og hlutfall milli verðlags á landbúnaðarafurðum og kaupgjalds stéttarfélaga, og skal þá verð á landbúnaðarvörum ákveðið í samræmi þar við, meðan núverandi ófriðarástand helzt. Þó er ríkisstj. heimilt að ákveða lægra verð á eintökum vörutegundum gegn framlagi úr ríkissjóði."

Eins og sjá má, var mjög til skipunar þessarar n. vandað og tryggilega um alla hluti búið. Þingfulltrúar bænda voru fúsir til að treysta því, að ef fulltrúar frá Búnaðarfélagi Íslands og búreikningaskrifstofu ríkisins féllust á eitthvert tiltekið verðlag, yrði það viðunandi fyrir bændur. Verkamannaflokkarnir treystu því hins vegar, að ef fulltrúi frá Alþýðusambandinu og fulltrúi frá embættismönnum og starfsmönnum ríkis og bæja samþykktu verðlagið, yrði það ekki ósanngjarnt fyrir verkamenn og launamenn almennt. Hagstofustjórinn var svo síðast, en ekki sízt, gagnkvæmleg trygging fyrir báða aðila. Ef allir þessir menn yrðu sammála, var vissulega óhætt fyrir þingið að framselja þeim það vald, að það verð, sem þeir ákvæðu, skyldi gilda. Þetta var gert. Frá þessu verði mátti ríkisstj. ekki víkja nema „gegn framlagi úr ríkissjóði", þannig að bændur fengju alltaf hið ákveðna verð. Og það er sett undir allan leka. Það er beinlínis tekið fram, að þegar verðlag er ákveðið, „skal tekið tillit til þess verðs, sem fæst fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir."

Svo skeður það, sem ýmsir bjuggust ef til vill ekki við. N. verður sammála um framleiðslukostnað landbúnaðarafurða og þá um leið, hvaða verð bændur þurfi að fá fyrir aðalframleiðsluvörur sínar „til þess að tekjur þeirra verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta." En hvað skeður svo? Áður en blekið er orðið þurrt á undirskriftum nm. og um leið og búið er að ákveða verðlagið á landbúnaðarvörum, er farið að ræða um það, að ekki sé skylt að tryggja bændum þetta verð fyrir þær vörur þeirra, sem selja á til útlanda. Nú hlýtur það að vera ljóst hverjum manni, að ef landbúnaðarvörur seljast til útlanda við lægra verði en bændur þurfa að fá til þess að geta haft svipuð kjör og aðrar vinnandi stéttir, þarf að selja vörurnar innanlands þeim mun hærra verði, til þess að útkoman fyrir bændur verði sú, sem n. ákvað í samkomulagi sínu. Þar sem þetta var ekki gert, er ekki nema aðeins tvennt til. Annað er, að fjárveitingavaldið tryggi bændum sama verð fyrir útfluttu vörurnar og þeim er ákveðið af n. og sett var á þær vörur, er seljast innanlands. Með því móti fá bændur tekjur, sem að samhljóða áliti n. er í nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Hin leiðin er að neita bændum um þessa tryggingu. En þar sem vitað er, að vörur þeirra seljast erlendis fyrir lægra verð en innanlands, er þetta hið sama, samkvæmt áliti n., og að neita bændum um tekjur og lífskjör samsvarandi öðrum vinnandi stéttum.

Ég efast nú reyndar um, að þetta sé hægt. Siðferðislegur réttur bænda er tvímælalaus, og lagalegur réttur þeirra er áreiðanlega einnig mjög sterkur. Þingið afsalaði á sínum tíma því valdi í hendur margumtalaðrar 6 manna n. að ákveða verðlagið, ef n. yrði sammála. Þetta hefur n. gert samkv. þessu umboði Alþingis. Það er því þingsins verk að uppfylla þau form, sem til þess þarf, að ákvarðanir 6 manna n. verði framkv.

Þrátt fyrir þetta er ástandið þannig á Alþingi, að tvísýnt er, hvort meiri hl. fæst fyrir því, að þingið standi við það umboð, sem það gaf n. Líklegt er þó talið, að fyrir því fáist meiri hl. í Sþ., þar sem fjárl. eru afgr., að lögtaka í fjárl. það ákvæði, að greiða skuli útflutningsuppbætur úr ríkissjóði. En til þess að það ákvæði verði meira en pappírsgagn eitt, þarf að sjá ríkissjóði fyrir tekjuauka. L. um það þarf að samþykkja í báðum d. Alþingis. En þá kemur í ljós, að þm. Sjálfstfl. er þannig skipt í d., að þeir þm. Sjálfstfl., sem teljast fulltrúar bæja og kaupstaða, geta í Ed. myndað meiri hl. ásamt sósíalistum og jafnaðarmönnum og fellt tekjuöflunina.

Ég treysti mér ekki til að spá neinu um það, hvernig þessu lýkur. Vonandi er, að Alþingi samþykki tekjuöflunina og standi við það umboð, sem það gaf 6 manna n. Ef þau fáheyrðu tíðindi gerðust, að hið gagnstæða yrði niðurstaðan, á það áreiðanlega eftir að draga dilk á eftir sér.

Þótt hér hafi verið stiklað á stóru og takmarkaðir flokkar mála teknir til meðferðar, ætti það að geta gefið mönnum nokkra hugmynd um ástandið hér á Alþingi síðustu vikurnar og síðustu missiri. Það hefur ekki tekizt að samstilla vilja manna um neitt jákvætt, svo að úr skeri. Margt veldur þessu og hefur áður verið rakið. Flestir þekkja það. En það, sem og veldur, er það, að dýrtíðin er þegar komin svo langt með okkur út í ógöngur fjármálanna, að of margir menn óttast, að þær ráðstafanir, sem gera þarf til þess að rétta við, verði óvinsælar hjá landsmönnum og þeir tapi fylgi, sem að þeim standa. Þeir, sem hafa verið ábyrgðarlausastir, hafi náð mestu fylgi.

— Ég veit að vísu sennilega hvorki betur né verr en aðrir, hvernig þjóðin er að þessu leyti á vegi stödd. En mín skoðun er sú, að þetta sé á misskilningi byggt. Ég veit að vísu, að mikill hluti þjóðarinnar hefur flotið áfram í góðæri og flýtur nokkurn veginn enn þá. Ég tel, að þjóðin hafi verið blekkt. En skoðun mín er sú, að svo greind og menntuð þjóð sé að því komin eða byrjuð að skilja það betur en síðustu missiri, hvert þetta stefnir, og að til þess að rétta við, þurfi stórfelld og erfið átök, — en hún verði þeim þakklátust, sem geri þau. Það er ófrávíkjanleg sannfæring mín, að fulltrúar miðstéttanna, fulltrúar launamanna, verkamanna, sjómanna, bænda og annarra vinnandi framleiðenda, eigi að vera meginkjarni þeirra samtaka, sem viðreisnarstarfið vinnur. Þessi samtök, þessar stéttir eru þær, sem geta framkvæmt þær breytingar og skapað það þjóðfélagslegt réttlæti, sem verður að vera grundvöllur viðreisnarinnar, ef hún á að fá það fylgi þjóðarinnar, að hún fari vel úr hendi. Enn þá hefur þetta ekki tekizt, og hafa ástæður þess oft verið raktar áður. Mér þykir það líklegt, að enn um skeið takist að koma í veg fyrir það, að þessi samtök hefjist. Mér þykir meira að segja ekki ósennilegt, að einhver bráðabirgðasamtök annarrar tegundar, eitthvert millibilsástand, skapist um tíma.

En hvað sem okkar fulltrúum hér á Alþingi líður, hvaða götu sem við kunnum að velja, getur tæpast hjá því farið, að þeir, sem sameiginlega hagsmuni eiga, þeir, sem bera uppi þetta þjóðfélag, þeir, sem þola hita og þunga dagsins, finni sameiginlega hagsmuni sína, hvort sem þeir búa í sveit eða við sjó, og myndi nægilega sterk samtök til að rétta við þetta litla þjóðfélag og stjórna því og gera það hæft til að lifa þar hverjum þeim, sem leggur fram kraftana fyrir þjóð sína eftir mætti sínum til líkamlegrar eða andlegrar vinnu.

Á undan tímabilum stórra breytinga og mikilla framfara ríkir oft í þjóðfélögunum ástand ekki ólíkt því, sem hér ræður ríkjum. En þetta eru víst of almennar hugleiðingar, og ég sný mér aftur að dægurmálunum.

Ég hef reynt að draga upp nokkra mynd af því, sem orðið er, mistökunum í dýrtíðarmálunum, sem nú eru að koma okkur í koll. Ýmsir munu segja sem svo, að þetta sé liðin tíð og það gagni lítið að sakast um orðinn hlut. Ég er alveg gagnstæðrar skoðunar. Ég lít svo á, að ef þjóðin getur ekki lært af þeim mistökum, sem orðið hafa síðustu missirin, sé lítil von um bata. Fyrsta skilyrði þess, að þjóðin rétti við, er, að hún skilji, hvernig hún hefur verið blekkt og hverjir það hafa gert. Þá mun hún hreinsa þá af höndum sér. — Það getur hver maður sagt sér sjálfur, að þjóð, sem býr við þau vinnubrögð, er þingmenn og forvígismenn hafa stofnað til og haldið uppi seinustu missiri, getur ekki staðizt til lengdar. Gætið þess, að við erum þegar komnir svo langt, að þing þjóðarinnar, þúsund ára gamalt, getur ekki stjórnað. Hvernig ætti annað að vera hjá þjóð, þar sem þeir, er hún kýs á Alþing, ganga 1942 fram fyrir skjöldu til að sprengja varnargarðinn gegn dýrtíðarflóðinu og réttlæta verk sitt með því, að verðlag á landbúnaðarafurðum sé svo ósanngjarnt, samanborið við kaupgjald. En 1943 skipa þessir sömu menn fulltrúa í nefnd, sem kemst að þeirri niðurstöðu, að landbúnaðarverðið eigi að hækka til þess að það komist í samræmi við kaupgjald. Og það sýnir sig, að hlutfallið milli kaupgjalds og verðlags á landbúnaðarafurðum, sem 6 manna n. ákvað, er mjög svipað því, sem hlutfallið var 1942, áður en kapphlaupið hófst. Niðurstaðan af skæruhernaðinum, sem hafinn var 1942, og þeirri tvöföldun dýrtíðarinnar, sem fyrrv. stjórn kom á, er því sú, sem áður er á bent, að sliga framleiðsluna, valda atvinnuleysi og tæma ríkissjóðinn, sem ella hefði átt tugi milljóna. En eftir að 6 manna n. hefur lokið störfum og er á einu máli um allar meginniðurstöður, fagna menn því, að nú sé þessum illvígu deilum loksins lokið. En þá hefst nýr þáttur. Ádeila á nm., ádeila á störf þeirra, illdeilur á bændastéttina fyrir að hún vill fá það verð, sem n. hefur ákveðið, og ofsóknir á bændur, sem ekki munu eiga sér neina hliðstæðu í íslenzku þjóðlífi.

Meðan svona vinnubrögðum er haldið uppi á þingi þjóðarinnar og mikill hluti stærsta stjórnmálaflokksins þar, sem hefur þá skyldu að leiða störfin, tekur þátt í þeim, er ekki von, að vel fari. Og ég held, að þetta ástand verði ekki lagfært fyrr en þjóðin skilur, hvaða fólk það er, sem hún þarf að losna við af þjóðþingi sínu, og framkvæmir þann skilning með kosningum.

En það er ekki hægt um vik. Kjördæmaskipuninni var breytt á síðasta ári. Fyrsta þingið, sem kosið var samkv. þessari breytingu, reyndist alveg óstarfhæft, gat ekki myndað neina stj. og olli því stjórnleysi í landinu, að ríkisstjóri varð að skipa landinu ríkisstj.

Þessi kjördæmaskipun, sem hafði þennan árangur, bjó sér jafnframt vígi gegn vilja þjóðarinnar. Hún innleiddi meira flokksræði en nokkur önnur kjördæmaskipun getur gert. Flokkarnir, fulltrúar þeirra og blöð túlka skoðanir og stefnur, sem flokkurinn segist berjast fyrir. Kjósendur kjósa samkv. því, hve vel þessi túlkun tekst. Síðan koma þm. — uppbótarþingmennirnir — út úr myrkrinu og setjast inn í þingsalina án þess að kjósendur þekki útlit þeirra eða innri mann. Þessir þm. eru ekki háðir kjósendum og standa ekki í neinu sambandi við þá, en því háðari flokkunum, blöðum þeirra og áróðurstækjum. Undir því eiga þeir sitt pólitíska líf. Þess vegna eru þessir menn einatt á sama máli og áróðursvélin á hverjum tíma, hvernig sem skoðanir hennar breytast. Afnám nýju kjördæmaskipunarinnar, sem þetta ástand fullkomnaði, mundi þýða það, að margir menn hyrfu af þingi og kæmu þangað aldrei framar. Þessir þm. og þeir þm., sem kjósa það ástand, er nú ríkir, flýta sér ekki að því að afnema slíka kjördæmaskipun.

Þess vegna mun þjóðinni sækjast þetta vígi seint og illa. Þjóðin verður því að fara dálitlar krókaleiðir. Eins og vitað er, getur ríkisstjóri skipað ríkisstj., — ef þingið gefst upp við það. En vegna þess að þingið hefur löggjafarvaldið, getur það gert ríkisstjóra og stj. hans ófært að stjórna. Þetta getur það gert með því að samþykkja löggjöf, sem gerir stj. ófært að stjórna,

eða með því að neita að samþykkja löggjöf, sem stj. er nauðsyn að fá, meðal annars fjárl. Það fer víst ekki dult, að orð hefur á því leikið, að viss hópur manna, sá, er stofnaði til þess, að þingið gat ekki myndað stj., hafi verið að undirbúa að fullkomna verkið með því að gera stj. ófært að stjórna.

Það hefur komið fyrir, sem fáir bjuggust við, að þingið hefur reynzt óstarfhæft og ekki getað gegnt þeirri skyldu sinni að stjórna landinu. Það er skammt orðið í það, að þetta sama þing geri þeirri stj., er ríkisstjóri skipar, ófært að stjórna.

Hið fyrsta vígi, sem þjóðin þarf og verður að vinna þegar skilnaðarmálinu er lokið, er að fá sjálf vald til að kjósa forsetann beinum eða óbeinum kosningum. Þessum forseta verður að fá vald til þess, ekki aðeins að skipa ríkisstj., ef þingið getur það ekki, heldur verður hann í stjórnskipunarl. þjóðarinnar að fá tryggðan þann rétt, að hann geti ásamt þeirri stj., sem hann skipar, haft vald til þess að stjórna án þess að þingið geti tekið fram fyrir hendur hans, meðan ástand þess sjálfs er þannig, að það er óhæft til að skipa stjórn. Meðan þingið getur ekki gert frumskyldu sína, að skipa stj., á það að missa hluta af valdi sínu til forsetans. Um leið og þingið gerir skyldur sínar, á það að fá venjulegt vald sitt að nýju. Ég hygg, að þessi ákvæði mundu koma því til vegar, að þingið mundi ekki gera sig óstarfhæft til lengdar, ef það veit, að slíkt ástand sviptir það miklum hluta valds þess, er það hefur haft og á að geta haft. Það mundi fljótlega skapast í þinginu ábyrgur meiri hl., sem bæri ábyrgð á stjórnmálastefnunni og þeirri ríkisstj., sem með völd færi.

Ég held, að það hljóti að koma til yfirvegunar, hvort þetta eða eitthvað þessu líkt er ekki það, sem þjóðin ætti að snúa sér að af alefli og einhug, því að eins og nú er komið stjórnmálaöngþveitinu, mætti vel svo fara, að þetta yrði hin skjótasta lækning og ef til vill í bráðina sú eina, sem fær er og getur náð tilgangi sínum.

**Forseti (GSv):** Þá hefur hv. þm. Str., Hermann Jónasson, lokið máli sínu, og mælti hann fyrir hönd Framsfl. Næstur tekur til máls hv. þm. Ísaf., Finnur Jónsson, og talar af hálfu Alþfl.

**Finnur Jónsson:** Blað Sjálfstfl., Morgunblaðið, hefur látið það álit í ljós, að þar sem hér væri starfandi utanþingsstjórn, sem ekki hefði flokka þingsins á bak við sig, þá væru eldhúsumræður óþarfar nú, nema ef þingmenn ætluðu að nota tækifærið til þess, eins og blaðið komst að orði, að auglýsa enn betur fyrir þjóðinni flokkadrættina og sundurlyndið í þinginu.

Þessi ummæli eru furðuleg, því að þjóðin á heimting á að fá að vita, hvað er að gerast á Alþingi, hvort sem það er gott eða illt. Og hún á líka heimting á að fá að vita, ef ekkert gerist. Og útvarpsumræður eru vel til þess fallnar og þess vegna sjálfsagðar. Í hvert sinn er þingmaður hittir utanþingsmann, er hann spurður: Hvað er að gerast hjá ykkur? Tímarnir eru þannig, að menn búast við stórviðburðum.

Og tímarnir eru líka þannig, að það ættu að gerast stórir viðburðir á Alþingi, þó slíku sé, því miður, ekki til að dreifa. Þingið vinnur að vísu hin allra nauðsynlegustu störf, sem ekki verður hjá komizt — fjárlög eru afgreidd og ýmis önnur mál, sem þingmenn eða einstakir flokkar flytja á þinginu. En vegna þess að ekki er um nein meirihlutasamtök að ræða, vantar alla heildarstefnu í framkvæmdir Alþingis.

Ef mál er borið fram á þinginu, er það í raun og veru tilviljun eða komið undir dugnaði flutningsmannsins sem einstaklings, hvort það kemst fram eða dagar uppi. Þetta á þjóðin heimting á að fá að vita, þó að það sé ekki Alþingi til neins sóma.

Þetta er nýtt í þingsögunni. Öðru máli var að gegna, meðan samvinna var á milli Alþfl. og Framsfl. Frá því hún hófst og þangað til hún slitnaði algerlega, mátti segja, að landinu væri stjórnað eftir ákveðinni stefnu og með sérstakt markmið fyrir augum. Yrðu þessir flokkar sammála um afgreiðslu máls, var því tryggður framgangur. Menn deildi mjög á um, hvort stefnan væri góð eða vond, en það var ekki hægt að neita því, að þjóðarskútunni var á þeim tíma stýrt í ákveðna átt. Á þessum árum gerðist margt til framfara, bæði til sjávar og sveita. Markaðir höfðu lokazt fyrir aðalútflutningsvörunni, saltfiskinum. Aðrar útflutningsvörur voru í lágu verði. Gjaldeyrir var af skornum skammti og mjög erfitt að afla ríkissjóði tekna. Þrátt fyrir þetta voru á þessum árum afgr. á Alþingi ýmis merkileg mál, bæði fyrir bændur og verkamenn. Verkamennirnir fengu verkamannabústaðina, þeir fengu alþýðutryggingarnar og atvinnubótafé, eftir því, sem fært þótti. Fé var varið úr ríkissjóði til ýmissa merkra mannúðarmála og menningarmála, einkum var ungmennafræðsla stórum aukin bæði til sjávar og sveita. Og til þess að bjarga landinu út úr öngþvetii markaðsvandræðanna, var sett afurðasölulöggjöf og stofnuð fiskimálanefnd og fiskimálasjóður og þar með lagður grundvöllur að starfi hraðfrystihúsanna, sem einna mesta þýðingu hafa af öllum atvinnutækjum vorum við sjóinn.

Þess var vandlega gætt í hvert sinn, er bændur fengu eitthvað, að verkamenn fengju sinn skerf, og það var reynt eins og unnt var að afla ríkissjóði tekna með beinum sköttum, þó að það væri erfitt á þeim árum vegna þess, hvað tekjur manna voru yfirleitt litlar.

Á þessum árum átti Alþfl. 10 fulltrúa á Alþingi og hafði hreinan meiri hluta með Framsfl. Framsóknarflokkurinn var stærri flokkurinn og réð því meiru um allar framkvæmdir. Báru samþykktir Alþingis þess oft merki og svo hins, að Framsfl. var jafnan opin leið til þess að vinna með Sjálfstfl. í afturhaldsátt, og kom það einnig oft fyrir. Þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir alla erfiðleika, sem oft virtust óyfirstíganlegir, var samt sem áður lagður grundvöllur að ýmsum merkilegum hagsmuna- og framfaramálum fyrir alþýðuna í landinu, bæði til sjávar og sveita.

Síðan þetta var, hafa þeir atburðir gerzt, að tala þeirra manna á Alþingi, sem kosnir eru af verkalýðnum, hefur nær tvöfaldazt. Verkalýðsflokkarnir svo nefndu eiga nú 17 fulltrúa á Alþingi, í stað 10 áður. Og nú fara menn að spyrja:

Hvenær sést árangur af þessum sigri verkalýðsins? Og það er von, að menn spyrji. Fjöldi manna hefur fylkt sér um fulltrúa þessara flokka í þeirri von, að af því sæist skjótur árangur. Það er nú liðið á annað ár síðan Kommúnistaflokkurinn, sem kallar sig Sósíalistaflokk, eignaðist einn jafnmarga fulltrúa á Alþingi eins og Alþýðuflokkurinn átti á árunum 1934—1937. Og menn undrar, hvers vegna þess sjást engin merki á Alþingi í heildarstefnu eða heildarlöggjöf verkalýðnum til hagsbóta.

Eina stefnumálið, sem verulega þýðingu hefur fyrir alþýðuna við sjóinn og afgreiðslu hefur fengið á Alþingi, síðan þessi sigur var unninn, er orlofslöggjöfin, en þá löggjöf hafði ráðherra Alþfl. í þjóðstjórninni, Stefán Jóh. Stefánsson, undirbúið og látið semja, á meðan hann var í stjórn. Þar með er upp talið, og er þó mikill munur á möguleikunum til þess, að eitthvað væri hægt að gera nú eða áður var. Nú eru tekjur ríkissjóðs orðnar margfaldar á við það, sem var meðan verkamenn og bændur unnu saman, og möguleikarnir til þess að afla tekna eru miklu meiri en nokkurn mann hafði dreymt um. Landið hefur yfirfljótanlegan gjaldeyri, þannig að í stað kreppu og skorts er nú nægilegt fé fyrir hendi til þess að vinna stórvirki.

En hvað gerist? Í stað þess, að landinu var áður stjórnað eftir ákveðinni stefnu, ræður nú fullkomið stefnuleysi í framkvæmdum Alþingis. Þrátt fyrir geysilegt peningaflóð hafa skuldir ríkissjóðs ekki verið greiddar. Nokkurt samkomulag fékkst í fjárveitinganefnd á síðasta Alþingi um að áætla talsvert framlag til opinberra framkvæmda umfram það, sem ríkisstj. hafði ætlazt til, og slíkt hið sama hefur fjárveitinganefnd lagt til að gert yrði í fjárlögum fyrir 1944. Var tekjuáætlunin hækkuð í þessu skyni sérstaklega um 13 millj. króna við 2. umr., og enn liggja fyrir till. við 3. umr. að hækka tekjuáætlunina um 8,2 millj. kr. Engar till. eru enn komnar frá Sjálfstfl. og Framsfl. um það, hvernig þessari nýju hækkun skuli varið, en sennilega vilja margir fjárveitinganefndarmenn úr þessum flokkum verja þessari upphæð í uppbætur á landbúnaðarafurðir, eða til þess að „borga niður dýrtíðina," eins og svo fagurlega er komizt að orði. — Ég gerði hins vegar till. í fjvn. f. h. Alþfl. um, að tekjuáætlunin yrði hækkuð um samtals 9,7 millj. króna og þessari upphæð, eða 9,5 millj., yrði varið í lán og styrk til byggingar fiskiskipa. Þessar till. flytjum við nú allir Alþýðuflokksmenn á Alþingi. Það virðast vera samtök milli Framsfl. og Sjálfstfl. um að verja úr ríkissjóði á tveim árum um 30 millj. króna í uppbætur. Það kann að eiga nokkurn rétt á sér að greiða niður dýrtíðina með smærri framlögum og um skamman tíma, en í svona blindri fjársóun getum við Alþýðuflokksmenn ekki tekið þátt. Þessum tugum milljóna er beinlínis kastað úr ríkissjóði án þess að nokkrar ráðstafanir séu gerðar til þess, að þær komi að frambúðarnotum. Fjárlögin verða að minnsta kosti um 95 millj. króna, líklega bæði tekju- og gjaldamegin, án þess að þessari geysilegu upphæð sé varið til annars en daglegra framkvæmda og nokkurrar vegagerðar, en ekkert hugsað um mögru árin, sem fram undan eru fyrir atvinnuvegina. Slíkt teljum við Alþýðuflokksmenn hið ótrúlegasta ábyrgðarleysi. Sumum bændum er líka farið að ofbjóða þetta, og einn ágætur bóndi á Vesturlandi, Sturlaugur Einarsson í Múla, hefur nýlega birt till. um það í blaðinu Skutull á Ísafirði, að bændur legðu uppbæturnar fram sem hlutafé í áburðarverksmiðju, til þess að búa í haginn fyrir framtíðina.

Samtímis því, að ríkissjóður er rúinn af fé í uppbætur á landbúnaðarvörur, fækkar skipum okkar Íslendinga. Hefur smálestatalan minnkað um 2599 frá árslokum 1939 til ársloka 1942. Jafnframt hafa skipin og vélarnar hrörnað og ekki verið séð fyrir nauðsynlegri endurnýjun. Hversu lengi á þetta að ganga svona? Sjávarútvegurinn er þó vissulega hyrningarsteinninn undir öðrum atvinnuvegum vorum, þar á meðal landbúnaðinum. Þegar hyrningarsteinninn er hruninn, hvað verður þá um bygginguna? Einstökum mönnum er um megn í þessari dýrtíð að auka og efla skipastólinn eins og með þarf. Þetta á öllum að vera ljóst. Atvinnulíf landsmanna er í stórkostlegri hættu, — og er þá ekki nær að verja nokkrum millj. króna úr ríkissjóði til þess að tryggja atvinnulífið heldur en að verja því eins og ráð er fyrir gert? Enda er hlutur landbúnaðarins eftir sem áður langtum ríflegri, þótt þetta fé væri sett í sjávarútveginn.

Einhverjir kunna að segja, að tilgangslaust sé að áætla þessa upphæð til lána og styrkja í nýbyggingar fiskiskipa, vegna þess að skip eða efni í skip sé ófáanlegt. En þetta er ekki rétt. Alltaf fæst eitthvað af efni og vélum, og auk þess eru nú fyrir hendi möguleikar til skipabygginga í Svíþjóð. — Fyrir tveim árum spurðumst við Alþýðuflokksmenn fyrir um þetta fyrir milligöngu sænska sendiráðsins hér, en fengum neitandi svar. Þessi fyrirspurn var endurtekin fyrir nokkrum vikum síðan. Og nú var svarið játandi. Sænska sendiráðið hefur bent á skipasmíðastöð, sem mundi vilja byggja eða hafa milligöngu um byggingu á 45 skipum. Auk þess hef ég í höndum upplýsingar frá öðrum um skipabyggingu, m. a. frá sendiráði Íslands í Stokkhólmi.

En þeim upplýsingum hef ég skýrt frá á fundi í sjávarútvegsnefnd að viðstöddum fulltrúa Sósfl., enda hefur flokkur þessa þingmanns síðan lagt fram till. til þingsályktunar um að fela ríkisstj. að leitast fyrir um skipabyggingar í Svíþjóð.

Eftir þeim upplýsingum, er fyrir liggja, er byggingarkostnaður í Svíþjóð 3600—4000 íslenzkar krónur á smálest í timburskipum með mótorvél. Er það miklum mun lægra en hér á landi. Ætti þá að vera unnt, ef áhugi er meðal útvegsmanna, að styrkja og lána aukalán til 120—150 góðra vélskipa af ýmsum stærðum — utan lands og innan með þessari upphæð. Er þá vel séð fyrir endurnýjun vélskipanna. En þá er eftir endurnýjun togaranna, og er það engu minna um vert. Þeir eru flestir ævagamlir. Eigendur þeirra eiga tiltölulega hærri nýbyggingarsjóði en eigendur vélbátanna. Þrátt fyrir það er nauðsynlegt, að ríkið veiti stuðning sinn til endurbyggingar.

Í framkvæmdasjóði ríkisins eru nú um 8 millj. króna, og í hann kemur ekkert af tekjuafgangi

áranna 1942—1943. Hann fer allur í uppbætur og hrekkur varla til. Tillögur meiri hl. fjvn. eru, að 5 millj. króna sé varið úr sjóði þessum til skipabygginga. Þetta er allt of lítið. Sjóðinn ætti að taka allan og verja eingöngu til endurnýjunar togurum, og enn fremur að samþykkja till. Alþfl. Væri þá nokkuð réttur hlutur sjávarútvegsins og lagður grundvöllur að atvinnulífi landsmanna að styrjöldinni lokinni. Suma kann að svima, þegar þessar upphæðir eru nefndar, en þær eru þó ekki meira en fimmti hluti ríkisteknanna, eins og þær eru nú á ári hverju, og 12 millj. kr. lægri en tveggja ára uppbætur á landbúnaðarafurðir, en með því að verja þessari upphæð eins og Alþfl. leggur til yrði tryggð atvinna fyrir þúsundir manna á næstu árum.

Enginn veit, hvort þessar sjálfsögðu till. fá nokkurn byr hér á Alþingi. Sósfl. greiðir sennilega atkv. með þeim, og þá reynir á Sjálfstfl. Þessi flokkur hefur jafnan talið sig fulltrúa atvinnuveganna, einkum sjávarútvegsins. Nú verður það undir hans afstöðu komið, hvað gert verður í málinu. Verður Sjálfstfl. með því að gera þessa nauðsynlegu ráðstöfun eða á móti henni? Ræður bændaíhaldið öllu í flokknum? Á því veltur viðreisn fiskiskipastólsins. Verkalýðsflokkarnir ráða engu um það, af því að vinstri stjórn er ekki við völd.

Ef samningar um vinstri stjórn hefðu tekizt, væru verkalýðsflokkarnir í meiri hluta í þeirri stjórn og gætu ráðið meiru en Framsfl., gagnstætt því, sem áður var í stjórnarsamvinnu, á meðan Alþfl. var með 10 fulltrúa á Alþingi. Það hefði þess vegna mátt ganga út frá því sem vísu, að miklu meira hefði nú verið hægt að gera til hagsbóta fyrir alþýðuna í landinu en þá, þar eð bæði hafa breytzt möguleikar ríkissjóðs til þess að leggja grundvöll að heilbrigðu framtíðarþjóðskipulagi og eins styrkleikahlutföll á milli flokkanna. En þetta átti ekki svo að fara. Það er öllum kunnugt, að forsprakkar Kommfl. ætluðu sér aldrei að búa til neina vinstri stjórn. Þeir voru jafnákveðnir í því eins og hv. þm. S.-Þ. (JJ), sem annars er ekki neinn vinur þeirra eða þeir vinir hans, að hér yrði engin vinstri stjórn búin til upp úr síðustu kosningum, — eins og þó var margbúið að lofa kjósendum. Þeir vildu aldrei taka á sig neina ábyrgð á stjórnarstörfum, vegna þess að þeir óttuðust, að við það mundu þeir missa eitthvað af kjósendum. Þeim var kjósendafylgið kærara en málefnin, sem þeir höfðu lofað að berjast fyrir.

Árangurinn er nú að koma í ljós. Tækifærið, sem virtist vera til þess að mynda vinstri stjórn með ákveðinni stjórnarstefnu upp úr síðustu kosningum, er nú algerlega glatað. Fulltrúar bænda í Framsfl. á Alþingi hafa tekið höndum saman við Sjálfstfl. um það að sjá hagsmunum bænda borgið á þann hátt, að allt, sem ríkissjóður getur við sig losað af peningum, er greitt í uppbætur á afurðir bænda. Þetta blæðir kaupstaðabúum mjög í augum. En þeir fá ekkert að gert. Uppbæturnar eru greiddar úr ríkissjóði án þess að nokkur trygging sé fyrir, að þær komi sveitunum að gagni í framtíðinni. Það er ekkert um það hirt að verja þeim þannig, að með þeim verði lagður grundvöllur undir heilbrigðan framtíðarrekstur landbúnaðarins. Og hjá ríkissjóði er engin skýrsla til um það, hvernig þessar upphæðir skiptast niður á bú manna. Allur fjöldi bænda mun fá lítið af þeim, en hins vegar eru aðrir, sem fá stórar upphæðir í sinn hlut. Kaupstaðabúar horfa á þetta fullir tortryggni og úlfúðar. Og nú er svo komið, að í staðinn fyrir, að bændur og verkamenn vinni saman og noti hina miklu möguleika, sem þeim virtust vera gefnir til þess að leggja grundvöll að heilbrigðum atvinnurekstri til sjávar og sveita og að réttlátu framtíðarþjóðskipulagi á Íslandi, þá eiga fulltrúar þeirra í hinum hörðustu deilum, — en á meðan rekur þjóðarskútuna áfram stjórnlítið og stefnulaust. — Þetta ósamkomulag er orðið svo áberandi, að enginn dirfist lengur að nefna það, að bændur og verkamenn eigi að vinna saman.

Og á meðan bændur og verkamenn eru að deila um kjötuppbætur og kaupgjald, halda stríðsgróðamennirnir sínu. Verzlunin er látin svo að segja afskiptalaus. Verðlagseftirlitið er enn nauðaómerkilegt. Dýrtíðin vex í landinu og sligar atvinnuvegina strax og stríðinu er lokið, ef ekki fyrri. Vofa atvinnuleysisins stendur nú þegar við dyr verkamanna albúinn til þess að ráðast inn á heimili þeirra. Í stað þess að semja við verkamenn um að nota hina miklu möguleika hafa fulltrúar bænda í Framsfl. tekið það ráð að láta stríðsgróðamenn og kaupmenn hafa sitt í friði, til þess að fá fé úr ríkissjóði til bænda. Opinberlega eru engin samtök um þetta, en niðurstaðan er þessi. Og þetta þokkalega samkomulag hefur komið í stað þeirrar samvinnu, sem áður var milli bænda og verkamanna, á meðan Alþfl. átti 10 fulltrúa á Alþingi. Bændur fá stórar fjárhæðir greiddar úr ríkissjóði, eins og ég hef lýst, án þess að trygging sé fyrir því, að þær komi til frambúðarnota. Verkamennirnir fá ekki neitt, og stríðsgróðamennirnir halda stríðsgróða sínum.

Þetta er, því miður, árangurinn af því, að kjósendur hafa sent 7 Alþýðuflokksmenn og 10 kommúnista inn á þing, í staðinn fyrir að senda þangað 17 Alþýðuflokksmenn.

Þm. Str., Hermann Jónasson, sem talaði hér á undan mér, lýsti dýrtíðinni með mjög svörtum litum. Hann talaði einnig um tóman ríkissjóð. Ég er honum sammála um, að í hvoru tveggja þessu ríkir hið mesta hörmungarástand. En ég get ekki komizt hjá að benda honum á, að það var hann sjálfur, sem dró dýrtíðarlokurnar frá hurðum og hleypti dýrtíðarflóðinu yfir landið, á meðan hann var forsætisráðherra. Ég get heldur ekki komizt hjá að benda honum á, að það er hann sjálfur, sem stendur fremstur í flokki um að tæma ríkissjóðinn í uppbætur svo tugum milljóna skiptir. Ásakanir hans hitta því hann fyrstan allra manna. Og þó að mér sé ekki hlátur í hug, verð ég að telja það næsta skoplegt að heyra þennan hv. þingmann vitna um syndir sínar frammi fyrir alþjóð í ríkisútvarpinu úr sölum Alþingis.

Kommúnistum hefur tekizt með blekkingum að læða þeirri villu inn hjá kjósendum, að þeir væru róttækasti flokkurinn í landinu. Fjöldi kjósenda hefur alveg misskilið orðið róttækni. Kommúnistaflokknum er, eins og allir vita,

stjórnað af hinni mestu þröngsýni, og honum eru sendar „línur" til að starfa eftir annars staðar að. En hvorki getur það að taka við fyrirskipunum erlendis að né þröngsýni þeirra, sem stjórna Kommfl., samrýmzt sannri róttækni. Róttækur flokkur hlýtur að taka á hverju máli þannig að hafa leyfi til að velja og hafna, en það getur enginn flokkur, sem fer eftir erlendum fyrirskipunum. Róttækur flokkur tekur með víðsýni, hlýju og skilningi á hverri nýrri hugsjón. En ofstækisflokkarnir eru fyrirfram ákveðnir á móti því, sem ekki samræmist þeirra eigin ofstæki. Í stað þess að leita samvinnu við Alþfl. um að framkvæma heildaráætlun til þess að leggja grundvöll að réttlátu framtíðarskipulagi á lýðræðisgrundvelli, hefur Kommfl., sem kallar sig sósíalistaflokk, tekið það ráð að berjast af hatri og ofstæki á móti Alþfl. alveg sérstaklega og þá hvorki sparað ill orð né vísvitandi ósannindi.

Gerðardómslögin voru óvinsælustu lögin, sem sett hafa verið hér á landi. Ráðherra Alþfl., Stefán Jóh. Stefánsson, rauf samstarfið í þjóðstjórninni vegna þeirra. Alþfl. barðist af öllum kröftum gegn þessari löggjöf, en þrátt fyrir það, þó að þetta sé öllum vitað, hefur blað Sósfl. gengið svo langt í hatri sínu á Alþfl., að það hefur hvað eftir annað sagt, að Alþfl. hafi staðið að gerðardómslögunum. Orðrétt er þessi ósvífna lygasaga sögð í Þjóðviljanum 30. okt. 1943 og hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Ýmsar innri aðstæður gerðu samvinnu þjóðstjórnarflokkanna um kúgunarlögin erfiða og snemma vetrar 1942 mun ótti við kjósendur, óttinn við vaxandi fylgi „kommúnista" og sundrung innan allra þjóðstjórnarflokkanna hafa sannfært þá um að gerðardómslögin voru óframkvæmanleg."

Taki menn eftir: „Snemma vetrar 1942 voru þjóðstjórnarflokkarnir sannfæðir um, að gerðardómslögin voru óframkvæmanleg." En gerðardómslögin voru sett hinn 8. jan. 1942 með bráðabirgðalögum, eftir að fram hafði komið krafa um lítils háttar launahækkun frá nokkrum iðnfélögum, og sagði ráðherra Alþfl. tafarlaust af sér, þegar sýnt var, að hann gat ekki hindrað þessa ranglátu löggjöf.

Sannleikanum er þannig gersamlega snúið við í Þjóðviljanum. Og mér er spurn, — fyrir hvaða fólk er skrifað svona? Og vissulega skjátlast ritstjórum Þjóðviljans, ef þeir halda, að allir lesendurnir taki slíka blaðamennsku fyrir góða og gilda vöru.

Þá er í Þjóðviljanum þ. 31. okt. 1943 gerð tilraun til að blanda Alþfl. inn í hið svo nefnda eiðrofsmál þeirra Ólafs Thors og Hermanns Jónassonar. Segir þar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það fer ekki hjá því, að margir stanzi við og hugsi um hinn merkilega „heitrofsþátt" úr sögu þjóðstjórnarflokkanna. Sú keðja fullkominna svika og óheilinda, sem leiðtogar þriggja stjórnmálaflokka hafa hnýtt, er þess eðlis, að hún knýr til umhugsunar."

Hvaða skynsamleg ástæða er til þess að blanda Alþfl. í þetta mál?

Gerðardómslögin voru sett hinn 8. jan. 1942. Þann sama dag rauf ráðherra Alþfl. þjóðstjórnina og sagði af sér og fékk formlega lausn frá embætti hinn 17. jan., en einmitt þann dag segja þeir Hermann og Eysteinn, að heitið hafi verið gefið. Heitorðin voru gefin vegna þess, að Alþfl. var farinn úr þjóðstjórninni, en ekki til þess að hann færi þaðan. Þetta er ritstjórum Þjóðviljans eins vel ljóst og öllum öðrum, en samt leyfa þeir sér að bera hið gagnstæða fram fyrir lesendur sína.

Hvað finnst mönnum um svona bardagaaðferð? Ber hún þess vott, að hér sé róttækur flokkur með fangið fullt af fögrum hugsjónum á ferðinni? Og eru ekki næg ágreiningsefni milli verkalýðsflokkanna, þó ekki sé verið að skrökva þeim upp frá rótum?

Meðan hagsmunir alþýðunnar í landinu eru að nokkru leyti háðir baráttuaðferðum Kommfl., hljóta hinir mörgu kjósendur hans, sem standa nærri Alþfl. í skoðunum, að óska þess, að svona baráttuaðferðir séu lagðar niður.

Ofstækisfullir kommúnistaleiðtogar bera hatur í brjósti til lýðræðissinnaðra jafnaðarmanna, og eins og Þjóðviljinn er ritaður, ber hatrið oftast hærri hlut, en hagsmunir verkalýðsins eru settir skör neðar. Þessi tvö dæmi, er ég nefndi, eru tekin af handahófi af mörgum slíkum. Sósfl. er enn þá stjórnað af kommúnistum, og lýðræðisjafnaðarmenn komast ekki upp með moðreyk í þeim herbúðum.

Þó er enn verra, hve hinna erlendu áhrifa gætir mikið í afstöðu flokks þessa. Hann er ekki sjálfráður gerða sinna og skoðana. Meðan Hitler og Stalin voru vinir, lét Þjóðviljinn svívirðingarnar dynja á bandamönnum, einkum Bretum, og það svo, að sjálfur dr. Göbbels hefði ekki gert það betur.

Ég nefni eitt dæmi, einnig af handahófi og eitt af ótal mörgum. Hinn 13. marz 1941 var grein í Þjóðviljanum, sem hét „Hverjir kúga þjóð vora?" og segir þar:

„Land vort er hertekið. Það, sem Norðmenn og Danir aldrei gerðu í 600 ára kúgunarsögu þessa lands, það hafa Bretar drýgt . . .". „Brezka heimsveldið byggir svo flugvelli svo að segja í miðri Reykjavík, skeytir alls ekkert um öryggi landsmanna, en leiðir yfir þá meiri tortímingarhættu en eldgosin og hafísarnir áður hafa gert."

Þetta var nú sameiningarbarátta allra frjálsra þjóða gegn nazismanum, eins og Kommfl. skildi hana á þeim tíma. Sá, sem blaðar í gegnum Þjóðviljann svo sem hálfan mánuð fram að þeim tíma, þegar Þjóðverjar réðust á Rússa, rekur sig á, ekki eitt, heldur ótal dæmi um beran fjandskap við Bandamenn.

Kommúnistaflokkurinn heitir ekki kommúnistaflokkur lengur, heldur Sósíalistaflokkur, en svo undarlega vill til, að Kommfl. í Noregi hafði alveg sömu línuna og okkar vinir hérna, þegar nazistar réðust inn í Noreg.

Í bæklingi einum, sem Konrad Nordahl, formaður Alþýðusambandsins norska, hafði meðferðis og gaf mér, þegar hann var á ferð hér nýlega, og heitir „Nazi i Norge", er þessu lýst mjög átakanlega.

Þjóðverjarnir þrengdu æ meira að verkalýðshreyfingunni, og í sama mund réðust kommún-

istar, svikarar og nokkrir barnalegir verkalýðsleiðtogar að baki hennar. — Kommúnistarnir höfðu ætlð — síðan ríkisstjórnin og konungurinn byrjuðu að berjast gegn Þjóðverjum — tekið upp andstöðu gegn henni. Þeir voru „hlutlausir" — eins og utanríkismálastefna Rússa var á þeim sama tíma. Nokkru síðar beittu þeir öllu afli til þess að fá kónginn og ríkisstjórnina setta frá völdum. Arvid Hansen ritaði stórar greinar undir fyrirsögninni: „Noregur þarf engan konung." En nýja stjórn þurfti Noregur, og það átti að vera „stjórn fólksins", valin úr hópi hinna vinnandi stétta, eins og svo fagurlega var að orði komizt. Línan var hin sama og sú, sem valin var í Stóra-Bretlandi 1940, þegar tilraun var gerð til að drepa niður hernaðarframleiðslu landsins. Einnig þar átti að mynda „stjórn fólksins". Höfuðfjandinn var ekki Hitler, heldur brezka yfirstéttin og brezka heimsveldisstefnan.

Í samræmi við þetta heimtuðu kommúnistar, að kóngurinn og ríkisstjórnin segði af sér og tafarlaust yrði saminn friður við nazista. Þeir sögðu, að Þýzkaland hefði unnið stríðið, það væri glæpur af Bretum að halda stríðinu áfram og Alþýðuflokksstjórnin norska hefði svikið þjóðina. Verkalýðsfélögin ættu að hætta að skipta sér af stjórnmálum og slíta öllu sambandi við Alþýðuflokkinn.

Norskir kommúnistar tóku afstöðu með Quisling, móti Nygaardsvold, eins og kommúnistarnir okkar hérna tóku afstöðu gegn Bandamönnum í byrjun stríðsins, í baráttu þeirra gegn nazismanum.

Heimild fyrir þessum ummælum er ópólitískt rit, er ég áður nefndi, gefið út af Arbeidernes fagliga Landsorganisation og Norsk Sjömannsforbund.

Svo breyttist þetta allt á betra veg á Íslandi, þar sem Sósíalistaflokkurinn er starfandi, í Noregi, þar sem Kommúnistaflokkurinn siglir ekki undir fölsku flaggi, og hjá öllum öðrum kommúnistaflokkum, sem fá línuna frá Moskva, breyttist þetta sama daginn. — Og í stað þess, að „borgaraflokkarnir" voru áður „svikarar" og „sósíalfasistar", urðu þeir skyndilega ágætir bandamenn í baráttunni gegn nazismanum. Hvað hafði skeð? Vináttubönd Hitlers og Stalins höfðu brostið.

Ég hlusta með aðdáun á fréttirnar um hina hetjulegu vörn Rússa, þjóðin hefur sameinazt gegn innrás fjandmannanna og berst nú af öllum líf- og sálarkröftum fyrir frelsi sínu. Hið sama gera allar undirokaðar þjóðir, sem unna frelsinu. Vonirnar til að vinna frelsið aftur hafa snúizt upp í vissu, og þó að barátta Rússa valdi ef til vill úrslitum, má segja hið sama um baráttu Breta og ýmissa annarra, sem lengi börðust, að því er virtist í fullkomnu vonleysi. En þótt ég beri fulla virðingu fyrir ágætri frelsisbaráttu, tel ég ekki, að nein þessara þjóða eigi að hafa þau áhrif að skipa fyrir um skoðanir manna eða flokka hér á landi. Lýðfrelsisbarátta er barátta fyrir skoðanafrelsi og samrýmist engri einræðisstefnu. Og þetta tel ég, að allir stjórnmálaflokkar þurfi að skilja.

Því miður skortir enn mjög á um þetta. Okkar kommúnistaflokkur tekur enn línurnar frá Moskva alveg bókstaflega. Hann hefur fengið skipun um að vinna með borgaraflokkunum gegn stríði og fasisma, og nú nuddar hann sér við hvert tækifæri upp við Sjálfstæðisflokkinn.

Í okkar gömlu sósíalistísku kenningum stóð eitthvað um hagsmunabaráttu stéttanna. Þar var gert ráð fyrir, að hagsmunir heildsala og stríðsgróðamanna gætu ekki samrýmzt hagsmunum verkalýðsins, og dæmin, sem ég nefndi áðan úr okkar daglegu sögu, virðast sanna þetta. Samt sem áður er nú meiri samvinna milli kommúnista okkar og Sjálfstfl. heldur en nokkurra annarra flokka á Alþingi. Það skyldi þó ekki vera ætlunin að leggja alla stéttarhagsmuni á hilluna í því skyni að „fullkomna bandalagið gegn stríði og fasisma" við borgarastéttina einnig hér á landi? Borgarstjórinn hérna í Reykjavík mundi að minnsta kosti taka þessu fegins hendi. Hatrið, sem áður einkenndi samræður þessara flokka, er horfið, en Alþfl. fær enn þá sinn skerf af því frá kommúnistum, sem stjórna blaði Sósfl.

Ég er ekki í neinum vafa um það, að ýmsir kjósendur beggja flokkanna, Alþfl. og Sósfl., óska mjög eindregið eftir samstarfi á milli þessara flokka. Samstarf kemur fyrir milli þeirra hér á Alþingi í einstökum málum. En á meðan Sósfl. er stjórnað, eins og nú er gert, af tómu hatri í garð Alþfl., á meðan stjórnendur hans taka við fyrirskipunum frá útlöndum, getur ekki orðið samstarf á milli þessara flokka um neina heildarstefnu. Og á meðan svo er, getur ekki heldur verið um það að ræða að hafa áhrif á Framsfl. til þess að vinna með verkamönnum að hagsmunamálum þeirra.

Framsfl. fær sitt fram, eins og sakir standa, í samvinnu við Sjálfstfl., og stríðsgróðamenn og bændur skipta nú á milli sín því, sem verkamenn og bændur skiptu sín á milli, meðan samvinna var á milli Alþfl. og Framsfl.

17 fulltrúar verkamanna á Alþingi nú. 10 Alþýðuflokksmenn á árunum 1934—1937. Nú lítill árangur, áður mikill árangur, miðað við allar aðstæður.

Þetta er umhugsunarefni.

**Forseti (GSv)**: Hv. þm. Ísaf., Finnur Jónsson, hefur nú lokið máli sínu, og talaði hann af hálfu Alþfl. því sem næst til skilinn tíma. Næstur tekur til máls hv. 5. þm. Reykv., Brynjólfur Bjarnason, og talar fyrir Sameiningarflokk alþýðu — sósíalistaflokkinn.

**Brynjólfur Bjarnason**: Hv. hlustendur. Ég mun nota þetta tækifæri til að gera grein fyrir afstöðu Sósfl. og verklýðshreyfingarinnar til þeirra mála, sem efst eru á baugi. — Fólkið í landinu er sundrað, af því að atvinnustjórnmálamenn, sem vitandi eða óafvitandi eru í þjónustu fámennrar yfirstéttar, spara engar blekkingar, rangfærslur og skröksögur til að koma sundrungu af stað, æsa bændur gegn verkamönnum, verkamenn gegn bændum, fiskimenn gegn öðrum vinnandi stéttum og aðra vinnandi menn gegn þeim o. s. frv. — Þessi þokkalega iðja tekst vonum betur, vegna þess að sundrungarpostularnir hafa að heita má einokunaraðstöðu um blaðakost í fjölmörgum byggðarlögum landsins. — En fólkið í landinu á að taka höndum saman,

— af því að allir þeir, sem lifa á afrakstri vinnu sinnar, hafa sameiginlega hagsmuni, hvaða störf sem þeir stunda og hvar í sveit sem þeir dvelja og hvaða blöð sem þeir lesa. Og sundrungin mun hverfa, kraftarnir munu verða samstilltir, jafnharðan og fólkið fær ráðrúm til að hugsa, tækifæri til að afla sér réttra heimilda og hættir að ljá Marðartungunum eyra.

Í þetta skipti hafði ég hugsað mér að gera vandamál dýrtíðarinnar einkum að umtalsefni.

Helztu atriðin í stefnuskrá þeirri gegn dýrtíð og upplausn, sem Sósfl. birti fyrir síðustu kosningar, voru þessi:

1. Að komið yrði fastri skipan á verð landbúnaðarafurða, með samkomulagi framleiðenda og neytenda.

2. Að lækkaðir verði eða afnumdir tollar á nauðsynjavörum og þar með verði allt vöruverð í landinu lækkað til stórra muna.

3. Að gerðar verði gagngerðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir okurálagningu og þá einkum á vörur til útgerðar.

4. Að gerðar verði ýmsar aðrar ráðstafanir til þess að bæta hag fiskimanna, hlutarsjómanna og bátaútvegsmanna á kostnað stríðsgróðamannanna.

Fyrir atbeina Sósfl. var gerð tilraun til að ákveða verð á landbúnaðarafurðum með samkomulagi. Og þetta tókst með samkomulagi 6 manna nefndarinnar.

Það hefur mikið verið rætt og ritað um störf þessarar nefndar og miklu verið logið, og er því nauðsynlegt fyrir almenning að gera sér sem gleggsta grein fyrir því, hvernig hún komst að niðurstöðum sínum.

Fyrst var ákveðið, að tekjur meðalbónda, sem selur alla framleiðslu sína á innlendum markaði, skyldu miðast við meðaltekjur verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna (þó ekki þeirra, sem hafa áhættuþóknun). Samkvæmt þessu skyldi svo verðið á afurðum bóndans ákveðið, þegar annar framleiðslukostnaður er fundinn. Meðaltekjur þessara atvinnustétta reyndust að vera 12400 kr. 1942 og voru áætlaðar 15500 kr. 1943 samkvæmt skattaframtölum.

Því næst var áætlaður aðstöðumunur bóndans og kaupstaðarbúans, og varð að samkomulagi að reikna meðalbóndanum 14500 kr. árstekjur, og væri afkoma hans þá í samræmi við meðaltekjur launþeganna. — Þess ber þó að gæta, að þessar tekjur fær meðalbóndinn ekki nema hann fái vísitöluverð fyrir allar afurðir sínar.

Samkvæmt þessu á verðið til bændanna að vera *sem hér segir:*

Fyrir lítra af mjólk kr. 1,23. Fyrir kíló af dilkakjöti kr. 6,82 og fyrir tunnu af kartöflum 106 krónur.

Útsöluverð á þessum vörum í Reykjavík, án meðgjafar, ætti þá að vera: fyrir lítra af mjólk kr. 1,53 og fyrir kíló af kjöti um það bil kr. 8,50.

En með þeim uppbótum, sem greiddar voru í sumar, hefði lítri af mjólk átt að kosta kr. 1,18 — eða vera 22 aurum lægri en áður, en kjötið aftur nokkru hærra en áður.

Hvert mundi nú verðið á þessum vörum hafa orðið, ef verðlagsnefndirnar hefðu ákveðið það? Ef verðið á mjólk og kjöti hefði verið ákveðið í samræmi við verðhækkun frá í fyrra, hefði kjötkílóið kostað yfir 10 kr. og mjólkin áreiðanlega yfir 2 kr. lítrinn. Formaður kjötverðlagsnefndar hefur lýst því yfir í blaðinu „Bóndinn", að ef tillit hefði verið tekið til útflutningsins við verðákvörðunina, mundi kjötkílóið hafa kostað 11—12 kr. En það var einmitt á þennan hátt, sem kjötverðið var ákveðið í fyrra, enda þótt fullar uppbætur væru greiddar á útflutt kjöt úr ríkissjóði.

Samkvæmt undangenginni reynslu er því alveg víst, að verðlagsnefndirnar hefðu að minnsta kosti ákveðið það verð, sem ég hef nefnt. Það er alveg víst, að verð á kjöti og mjólk til neytenda hefur stórkostlega lækkað vegna samkomulagsins í 6 manna nefndinni. Hitt er svo annað mál, hvað bændur hefðu fengið í sinn hlut, ef þeir Ingólfur á Hellu og Sveinbjörn Högnason hefðu fengið að vera einvaldir. Um það geta þeir bezt dæmt af eigin reynslu, með því að bera saman verðið til neytenda og það, sem þeir hafa sjálfir fengið undanfarin ár. — Ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um, að ef *stýrjaldarleiðin* hefði verið farin, mundi það hafa orðið til stórkostlegs tjóns fyrir bændur, engu síður en neytendur, þegar reikningarnir hefðu verið gerðir upp að lokum, eins og ég skal víkja nánar að síðar.

Það, sem vannst með samkomulaginu í 6 manna nefndinni, er þó ekki fyrst og fremst fólgið í þessum bráðabirgðaárangri, — lægra verði til neytenda og tryggari afkomu bænda.

Þetta samkomulag var fyrst og fremst pólitískur sigur fyrir alþýðuna í landinu.

Samkvæmt þessu samkomulagi eru hagsmunir bænda og verkamanna tvinnaðir saman. Hagsmunaandstæðurnar milli þeirra, sem á allan hátt hefur verið reynt að blása að, eru nú ekki lengur til. Ef kaup verkamannsins lækkar, lækkar verð á landbúnaðarafurðum. Ef atvinnuleysi verður í bæjunum, lækkar einnig verð á landbúnaðarafurðum. Ef tekjur launþega minnka vegna kauplækkunar eða atvinnuleysis, lækka tekjur bændanna að sama skapi, — nákvæmlega að sama skapi. Ef kjör launþega batna, kaupið hækkar, atvinnan eykst, batnar hagur bændanna, verðið á afurðum þeirra hækkar, tekjur þeirra aukast að sama skapi. Til þess að bæta hag sinn verða bændurnir að berjast við hlið verkamanna fyrir hærra kaupi og aukinni atvinnu. — Meðan samkomulagið er í gildi, hljóta bændur og verkamenn að standa hlið við hlið í baráttunni fyrir sameiginlegum hagsmunum. Og megi það verða sem lengst í gildi — með nauðsynlegum leiðréttingum —, ekki aðeins meðan stríðið stendur, heldur líka framvegis.

Þetta er mikill sigur fyrir stefnu Sósfl. og að sama skapi örlagaríkur ósigur fyrir Framsfl., sem á undanförnum árum hefur lagt alla stund á að fylkja bændum með stóratvinnurekendum bæjanna gegn verkamönnum, til þess að lækka kaup þeirra og láta kné fylgja kviði gegn samtökum þeirra.

Þess vegna hafa framsóknarmenn gert allt, sem í þeirra valdi hefur staðið, til þess að koma í veg fyrir þetta samkomulag og til þess að rjúfa það, eftir að það komst á.

Hermann Jónasson lýsti því yfir á Alþingi fyrir skemmstu, að dýrtíðarlögin hefðu verið samþ. í vor í trausti þess, að ekkert samkomulag mundi nást í 6 manna nefndinni.

Með samkomulaginu er bændum sýnd allmikil rausn í samanburði við aðrar atvinnustéttir. Meðalbóndanum er reiknað kaup, sem er talsvert miklu hærra en kaup almennra verkamanna í Reykjavík og tvöfalt hærra en kaup margra verkamanna úti um land, vegna þess að miðað er við meðaltekjur, ekki aðeins verkamanna og sjómanna, heldur líka hátt launaðra iðnaðarmanna. (Auk þess var sérstaklega tekin til greina eftirvinna, sem bóndinn kann að vinna, enda þótt atvinna minnki í kaupstöðunum, og hafi áhrif til lækkunar á afurðaverð hans).

Framsóknarmenn treystu því, að fulltrúar verkamanna mundu ekki sýna bændum slíka rausn, og þó einkum þegar þess er gætt, að til þess að bændur geti notið sæmilegra lífskjara, verður verðið á landbúnaðarafurðum að vera geipihátt, samanborið við verðlag á sams konar vörum annars staðar í heiminum. Það verður að vera geipihátt vegna þess ófremdarástands, sem íslenzkur landbúnaður er í og Framsfl. ber ábyrgð á og vill viðhalda.

En þeim framsóknarmönnum brást bogalistin. Verkamenn töldu þetta ekki eftir bændum. Það getur aldrei orðið verkamönnum til tjóns, að hagur bændanna batni, heldur þvert á móti, og kaup þeirra hækkar og lækkar í samræmi við verðlag á landbúnaðarvörum samkvæmt vísitölu. Verkamenn voru ekki svo skammsýnir að láta pólitískum ævintýramönnum takast að æsa til ófriðar milli sín og bænda út af smásmugulegum metingi um krónuna og eyrinn — einmitt þegar báðum stéttunum reið mest á að samræma hagsmuni sína og taka höndum saman. Og þeir vænta sömu víðsýninnar af bændum.

Þá hafa framsóknarmenn gert ítrekaðar tilraunir til að rjúfa samkomulagið, eftir að það komst á. Þeir byrjuðu með því að hækka útsöluverð á mjólk upp í kr. 1,70 í Reykjavík, eða ákveða það 17 aurum hærra en það átti að vera samkvæmt samkomulaginu, án þess þó að bændur ættu að fá einum eyri hærra. Þessir 17 aurar áttu að fara í einhverja dularfulla hít.

Sósíalistar komu í veg fyrir þetta með því að flytja frumvarp á Alþingi um að leggja útsöluverð landbúnaðarafurða undir verðlagseftirlitið, meðan samkomulagið er í gildi. Framsóknarmenn þutu nú út um allar sveitir til þess að hóa mönnum saman til að mótmæla þessu, og tókst það meira að segja á einstöku stað, með því að ljúga menn fulla. Þetta átti að vera alveg einstök árás gegn bændum, enda þótt hér væri um að ræða sameiginlegt hagsmunamál framleiðenda og neytenda, að koma í veg fyrir okur, sem er báðum stéttunum til tjóns. Þetta frumvarp hefur nú verið afgr. einróma sem lög frá Alþingi. Framsóknarmenn greiddu því líka atkvæði, að því óbreyttu, sem máli skiptir. Þetta dæmi ætti að kenna bændum landsins þá varúð að trúa aldrei einu orði af málflutningi Tímans og framsóknarerindrekanna, fyrr en þeir hafa fengið tækifæri til að afla sér óyggjandi heimilda.

Forustumenn Mjólkursamsölunnar í Reykjavík hafa unnið markvíst að því að koma af stað fjandskap við neytendurna í Reykjavík með óþolandi og fruntalegri framkomu. Við sósíalistar erum þeirrar skoðunar, að ráðið til þess að bæta úr þessu, til þess að eyða allri úlfúð milli framleiðenda og neytenda, til þess að gera dreifingarkostnaðinn sem minnstan og meðferð mjólkurinnar sem bezta, sé, að neytendur taki að sér rekstur mjólkurstöðvarinnar og beri sjálfir alla ábyrgð á dreifingu mjólkurinnar. Við álítum, að þetta sé hagur jafnt framleiðenda og neytenda. Út úr þessu einfalda máli hafa framsóknarmenn hafið ofstopafulla æsingaherferð og logið svo miklu til, að firnum sætir. Þeir hafa skrökvað því, að vinnandi fólk í sveitum geri það líka.

Kaup verkamanna hækkar og lækkar með vísitölu. Út frá þeim forsendum væri samt mjög skakkt að álykta, að verkamenn varði ekkert um, hvort dýrtíðin er mikil eða lítil. Kjör fiskimanna eru því lakari sem dýrtíðin er meiri, meðan þeir verða að búa við samningsbundið fiskverð. Og mikill hluti alþýðunnar í landinu eru fiskimenn. Og það er öllum til tjóns, ef bátaútgerðin þarf að dragast saman.

Stefna ríkisstj. er að greiða niður dýrtíðina með framlögum úr ríkissjóði og falsa þannig vísitöluna, á meðan hún hefur ekki bolmagn til að lækka kaupið á annan hátt, en eins og kunnugt er frá tillögum stjórnarinnar í vor, er það heitasta áhugamál hennar.

Þegar ríkisstjórnin hækkaði verð á tóbaki og áfengi til þess að lækka verð á kjöti og mjólk, þá minnkar dýrtíðin ekki vitund vegna þess. Það er auðskilið, að það vörumagn, sem neytendur kaupa, er nákvæmlega jafndýrt eftir sem áður, nema menn dragi úr kaupum nautnavaranna, en þá nær ráðstöfun ríkisstjórnarinnar ekki tilgangi sínum.

En vísitalan lækkar. Og kaupið lækkar, — og til þess er leikurinn gerður.

Því er borið við, að þetta sé gert til þess að hjálpa fiskimönnum. En það hjálpar fiskimönnum harla lítið, og það mun óhætt að fullyrða, að það bætir trauðla afkomu nokkurs sjómanns. Fiskimenn greiða ekki kaup samkvæmt vísitölu. Fiskimenn varðar ekkert um vísitöluna út af fyrir sig. Það, sem þá varðar um, er raunveruleg lækkun dýrtíðarinnar.

Hverjir fá þá milljónirnar, sem ríkið hnuplar af verkamönnum og öðrum launþegum í þessu skyni? Því er auðsvarað. Ekki eru það fiskimenn og ekki bændur, heldur eru það atvinnurekendur og þá fyrst og fremst stóratvinnurekendur. Þeim eru gefnar milljónafúlgur á kostnað verkamanna með lækkuðum kaupgreiðslum. Til þess eru refirnir skornir. — Það er auðskilið, að ef þessar ráðstafanir væru gerðar til þess að hjálpa fiskimönnum, þá væri miklu ódýrara og hagkvæmara að greiða fé beint til þeirra, því að þá lenti það allt hjá réttum aðilum.

Nú hefur ríkisstjórnin skipað nýja dýrtíðarnefnd, og í henni eiga sæti 3 fulltrúar frá Alþýðusambandinu og 3 frá Búnaðarfélaginu. Það mun hafa verið tilætlun ríkisstj., að nefnd þessi semdi um kauplækkun verkamanna og lækkun á afurðaverði til bænda. En Alþýðusambandið lýsti því yfir, um leið og það skipaði fulltrúa í nefnd-

ina, að af þeirra hálfu mundi ekki einu sinni verða rætt um þá hluti. Engu verður um það spáð, hvort nefndin kemst að sameiginlegri niðurstöðu. En það er mjög mikilsvert, að fulltrúum bænda og verkamanna gefist kostur á að bera ráð sín saman.

Hverjar eru þá tillögur Sósfl. til þess að sporna við vexti dýrtíðarinnar og vinna bug á henni?

Í fyrsta lagi: Mikil lækkun eða algert afnám tolla á nauðsynjavörum og þar með lækkun á öllu verðlagi í landinu. Tollarnir í ár munu varla verða minni en 50 milljónir króna. Þegar álagning er talin með, er hér um gífurlega upphæð að ræða. Með afnámi tollanna mætti lækka vísitöluna mjög mikið, en þó dýrtíðina miklu meira, því að aðeins lítill hluti tollanna kemur verulega fram á vísitölunni. Aðrar vörur mætti svo lækka í verði að sama skapi sem framleiðslukostnaður, dreifingarkostnaður og nauðsynleg álagning lækkar.

Fyrir launþegana er þetta mjög hagkvæm aðferð til að draga úr dýrtíðinni, því að það lækkar dýrtíðina meira en vísitöluna og verður því um leið til þess að leiðrétta vísitöluna.

Ein af höfuðorsökunum, sem veldur dýrtíðinni, er hinn gífurlegi heildsalagróði, sem leggst á vöruna og dafnar í skjóli verzlunarhaftanna. Hér gagnar ekkert verðlagseftirlit, allra síst þegar því er stjórnað af heildsölunum sjálfum. Til þess að ná til þessa gróða þarf að gera mjög róttækar og víðtækar ráðstafanir, sem ekki eru framkvæmanlegar nema alþýðusamtökin hafi stjórnartaumana fast í sinni hendi. — En meðal þeirra ráðstafana, sem mest eru aðkallandi og Sósfl. mun leggja sérstaka áherzlu á, er að hjálpa fiskimönnum til þess að fá vörur til útgerðar, beitu, olíu, veiðarfæri o. s. frv., með hagkvæmu verði. Um þetta hafa fulltrúar sósíalista í milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum lagt fram ýtarlegar tillögur, sem mun verða tækifæri til að rekja nánar síðar. Eitt ljósasta dæmið um okrið á útgerðarvörum og hina svokölluðu baráttu ríkisstj. gegn dýrtíðinni eru olíumálin. Undir verndarvæng ríkisstj. hefur álagning og dreifingarkostnaður olíunnar verið allt að 200%. Sósfl. berst fyrir því, að gerðar verði ráðstafanir til þess, að fiskimenn geti tekið dreifingu olíunnar í sínar hendur og fengið hana með kostnaðarverði miðað við innkaupsverð. En það horfir því miður ekki vænlega um þessi mál á þingi. Sjálfstfl. — eða réttara sagt forustumenn hans — ætlar sýnilega að gera málstað olíufélaganna að sínum málstað. Og öll sólarmerki benda til þess, að Framsfl. ætli að gera olíumálin að verzlunarvöru.

Ekki er það minna um vert fyrir fiskimenn, að þeim sé útvegaður skipakostur til þess að þeir geti sjálfir flutt fiskinn til Englands. Fyrir því er Sósfl. nú að berjast á Alþingi.

Flestum fiskimönnum mun vera það ljóst, hversu blygðunarlaust þeir eru féflettir með fisksölusamningnum. Hinn verðmæti bátafiskur er seldur á sama verði og miklu verðminni fiskur, sem stórútgerðarmenn afla. Enginn fulltrúi fiskimanna hefur fengið að koma nálægt þessum samningum. Það er höfuðnauðsyn, að fiskimenn láti ekki bjóða sér slíkt lengur. En ef engin fullnægjandi leiðrétting fæst á þessum málum, mun Sósfl. leggja til að jafna metin t. d. með því að kaupa gjaldeyri á lægra verði af stríðsgróðamönnum, sem hafa útflutning með höndum, og nota mismuninn til þess að greiða hærra verð fyrir fisk hlutarmanna og smáútvegsmanna. Sósfl. mun leggja megináherzlu á baráttuna fyrir því, að öllum hlutarmönnum verði tryggt viðunandi lágmarkskaup.

Ég hef nú í fáum dráttum rakið stefnu Sósfl. í dýrtíðarmálunum. Og þetta er stefna alþýðunnar í landinu. Og alþýðan, verkamenn, fiskimenn, bændur og menntamenn þurfa að taka höndum saman til þess að framkvæma þessa stefnu. Hverjar eru leiðirnar til þess?

Þessa dagana kemur saman í Reykjavík ráðstefna að tilhlutun Alþýðusambandsins til þess að ræða um stofnun bandalags alþýðustéttanna. Ef menn gera sér grein fyrir stefnu Framsfl., Alþfl. og Sjálfstfl. á grundvelli reynslunnar og fallast á, að hún sé í höfuðdráttum eins og ég hef lýst henni, þá er ekkert undarlegt, þótt forustulið afturhaldsins í þessum flokkum vilji ekki taka þátt í þessum samtökum og reyni á allan hátt að kæfa þessa tilraun til sameiningar fólksins í fæðingunni. — Ég hvet allan almenning til að lesa uppkastið að stefnuskrá fyrir þessi samtök, sem Alþýðusambandið hefur gefið út. Það er í 7 greinum: Barátta gegn dýrtíðinni, fyrir hagsmunum verkamanna, fiskimanna og bænda, fyrir auknum alþýðutryggingum og margháttuðum félagslegum og menningarlegum framförum, fyrir sjálfstæði Íslands, fyrir tryggingu atvinnunnar eftir stríðið og sókn fram til betra þjóðskipulags.

Það er ekkert í þessari stefnuskrá, sem hver íslenzkur alþýðumaður getur ekki fallizt á. Og allt eru þetta aðkallandi mál. Afdrif þeirra umbótamála, sem lögð eru fyrir Alþingi, eru undir því komin, hvaða afl er til með þjóðinni til að hrinda þeim í framkvæmd, enda þótt afturhaldið spyrni við broddum. Tökum t. d. hinar aðkallandi umbætur alþýðutryggingganna. Sósfl. hefur á undanförnum þingum lagt fram frumvörp um gagngerðar umbætur á tryggingarlöggjöfinni. Árangurinn varð sá, að skipuð var milliþinganefnd í fyrra til þess að endurskoða lögin og samþykkt viljayfirlýsing á þinginu um mikilsverðar umbætur á elli- og örorkutryggingunum. Og ríkissjóður lagði fram 3 milljónir króna, sem væntanlega skyldu ganga til atvinnuleysistrygginga. Milliþinganefndin hefur nú skilað fyrsta áliti sínu. Leggur hún fram frv. um mjög veigamiklar breytingar á slysatryggingunum og sjúkratryggingunum. Lagt er til, að fé það, sem varið er til slysabóta, verði margfaldað frá því, sem nú er í hinni almennu slysatryggingu, og óvinnufærum eftirlifandi aðstandendum veittur lífeyrir. Seinna mun nefndin leggja fram tillögur sínar um elli-, örorku- og atvinnuleysistryggingar. Það er mikil nauðsyn á, að hið vinnandi fólk í landinu eigi sér allsherjarsamtök til þess að hrinda slíkum sameiginlegum hagsmunamálum sínum áleiðis með sameinuðu félagslegu afli. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi.

Ég er alveg sannfærður um, að allur þorri fiskimanna og bænda vill skipa sér í slík sam-

tök. Þó að afturhaldssöm forusta í svokölluðum bændasamtökum spyrni við broddum, þurfa bændur ekki að láta segja sér fyrir verkum, hvar í sveit þeir skipa sér. Þeir eiga að taka sig saman, hver í sínu héraði og senda fulltrúa til að taka þátt í samstarfi hins vinnandi fólks, og þeir eiga að beita sér fyrir þátttöku félagasamtakanna sem heild. Öll félagssamtök halda sínu fulla sjálfstæði, þótt þau taki þátt í bandalaginu. Hér er aðeins um frjálst samstarf að ræða.

Ef hið vinnandi fólk í landinu ber gæfu til að skipa sér í eina sveit, þá er það ekki einungis sterkasta aflið í landinu, heldur eina aflið í landinu, sem nokkurs má sín. Þá eru öll völd tryggð í höndum alþýðunnar. Þá hyllir undir glæsilegustu aldahvörfin í Íslandssögunni.

„Nú er grafinn sá lýður frá liðinni tíð, er sig lægði í duftið og stallana hóf." Verkamenn munu ekki framar sætta sig við hörmungar atvinnuleysisins, við bágindi fátækraframfærslunnar, við sultarlaun fyrir 10 stunda vinnudag, eins og þeir gerðu fyrir stríð. Bændur munu heldur ekki sætta sig við örbirgðina og fásinnið framar. Þeir krefjast sambærilegra kjara við hið vinnandi fólk við sjávarsíðuna. Fiskimenn hljóta einnig að krefjast sams konar tryggínga fyrir öruggri og mannsæmandi afkomu.

Þessar kröfur fólksins um betra og fyllra líf, meiri menningu og réttlátari skiptingu þjóðarteknanna eru mikið fagnaðarefni. Það ber að fagna þeim vegna þess, að þær eru réttlátar, vegna þess að fólkið hefur rétt til að gera slíkar kröfur. Auðæfi Íslands og tækni nútímans getur veitt öllum Íslendingum næg skilyrði til þess að lifa menningarlífi og búa við góð kjör. Við þurfum aðeins að kunna að skipa mannfélagsmálum okkar eins og mönnum 20. aldarinnar sæmir. Bændur hafa sagt a — við viljum lifa eins og menn, og það er vel —, en þá verða þeir einnig að segja b — við viljum koma þeirri skipan á landbúnaðarframleiðsluna og vinna ásamt verkalýðnum að þeirri gerbreytingu á þjóðskipulaginu, sem tryggir okkur öllum þjóðfélagslegt öryggi í framtíðinni. Hver maður með fullu viti sér, að það er skammgóður vermir að ætla sér að byggja framtíð sína og barna sinna á uppbótum úr ríkissjóði eða samningsbundnu verði, sem er helmingi hærra en vörurnar kosta komnar frá útlöndum. Það verður að koma landbúnaðinum í það horf tækni og skipulags, sem gerir hann fyllilega samkeppnisfæran við aðrar atvinnugreinar í landinu og sams konar framleiðslu annars staðar í heiminum. Annars er öll barátta fyrir kjarabótum unnin fyrir gýg. Þetta er leiðin til þess að lækka framleiðslukostnað landbúnaðarins og verðið á landbúnaðarafurðum, ekki á kostnað bænda, heldur með sameiginlegan hag neytenda og bænda og allra landsbúa fyrir augum. Þetta er eitt allra mikilvægasta verkefnið í baráttunni gegn dýrtíðinni.

Og það verður að láta hendur standa fram úr ermum, vegna þess hvað landbúnaðurinn er orðinn langt aftur úr. Á þinginu í fyrra var samþykkt þingsályktunartillaga frá Sósfl., þar sem Búnaðarfélaginu er falið að láta fara fram víðtækar rannsóknir til undirbúnings gagngerðri nýskipun í íslenzkum landbúnaði. Bændur verða að ýta á eftir því, að þetta verk verði unnið vel og samvizkusamlega. Í sambandi við dýrtíðarlögin lagði Sósfl. til, að ríkissjóður legði fram 3 milljónir króna sem byrjunarframlag í sjóð til eflingar íslenzkum landbúnaði til samfelldra ræktunarframkvæmda, til stofnunar byggðahverfa, til vélakaupa til sameiginlegra nota og til stofnunar fyrirmyndarbúa. Framsókn og Sjálfstæðið felldu þessa till. — Nú flytja sósíalistar breytingartillögu við fjárlögin, þar sem lagt er til, að 4 milljónum verði varið í sama skyni, jafnframt því sem veittar verði 10 milljónir til byggingar nýrra fiskiskipa, beint úr ríkissjóði, auk þess fjár, sem er í nýbyggingarsjóðunum.

Báðar þessar tillögur felldu gömlu þjóðstjórnarkempurnar, framsóknarmenn, sjálfstæðismenn og alþýðuflokksmenn — allir í sameiningu — við 2. umr. fjárlaganna.

*En þetta er aðeins einn þáttur þess, sem gera* þarf til þess að tryggja framtíð fólksins í byggðum landsins. Ef auðvaldsskipulagið á að halda áfram, dugar engin tækni. Atvinnuleysið og kreppurnar, sem auðvaldsskipulaginu fylgja, bitna á bændum og fiskimönnum, með öllum sínum þunga, engu síður en verkafólkinu. Framleiðsluáætlun í landbúnaðinum getur ekki samrýmzt auðvaldsfyrirkomulaginu. Og án áætlunarframleiðslu — ekkert öryggi. Skipulagslaus framleiðsla *fyrir ótryggan markað hlýtur að hafa í* för með sér kreppur, hrun og örbirgð. Engin verðsamtök megna að koma í veg fyrir það. Þess vegna verða bændur og fiskimenn að taka höndum saman við verkafólkið í baráttunni fyrir gerbreytingu á þjóðskipulaginu. Annars er allt samkomulag þessara stétta til þess að tryggja afkomu sína á sandi byggt.

Með tilstyrk verkalýðssamtakanna hefur hagur bænda batnað til muna. Þeir, sem sjóinn stunda *í verstöðvum landsins*, eiga kröfu til þess, að þeim sé einnig tryggt, að þeir beri úr býtum fyrir vinnu sína það, sem þeim ber í samanburði við aðra. Til þess eiga þeir vísan öruggan stuðning verklýðssamtakanna. En verkamenn ætlast jafnframt til þess, að þeir njóti fulltingis bænda og annarra smáframleiðenda til þess að bæta kjör sín, til þess að tryggja þeim stöðuga atvinnu og efnahagslegt öryggi. Alveg sérstaklega hafa verkamenn þó rétt til að ætlast til þess af bændum, að þeir veiti ekki fjandmönnum þeirra lið, hvort sem þeir kalla sig framsóknarmenn eða eitthvað annað. Eða með öðrum orðum: Þess er vænzt, að bændur gangi ekki í sveit gegn sjálfum sér og stétt sinni.

Hamingja lands vors er undir því komin, að unnum vinnandi stéttum auðnist að taka höndum saman.

**Forseti (GSv):** Þá hefur hv. 5. þm. Reykv., Brynjólfur Bjarnason, lokið máli sínu. Hann talaði af hálfu Sósíalistaflokksins. Næstur tekur til máls hv. 1. þm. Reykv., Magnús Jónsson, og talar af hálfu Sjálfstæðisflokksins.

**Magnús Jónsson:** Herra forseti. Þessar umræður eru að gamalli þingvenju kallaðar eldhúsumræður. En þó er það ekki nema að nafni til að þessu sinni. Eldhússtörfin á Alþingi hafa verið í

því fólgin, að þingmenn í stjórnarandstöðu hafa gert upp reikninga sína við ríkisstjórnina, talið fram syndir hennar, drýgðar og stundum ódrýgðar, eftir atvikum.

En að þessu sinni verður á þessu nokkuð annar blær. Ekki svo mjög af því, að stjórn sú, er nú situr, sé syndlaus og heilög, eins og ekki er að vænta, heldur öllu heldur af því, að þingræðisskipulagið er nú með nokkuð sérstökum hætti, svo að ekki sé meira sagt. Þessi ríkisstjórn, sem nú hefur setið um hríð, á sér hvorki fylgi né andstöðu á Alþingi svo að yfirlýst sé. Hún er að því leyti eins og halastjarna, sem ekki er meðlimur þess sólkerfis, sem hún birtist í, og fer ekki eftir neinum brautum, sem þar viðgangast. Og hún getur í raun og veru látið sér í léttu rúmi liggja, hvað þingmenn segja um hana eða við hana. Hún getur svarað: Ég sit hér að ósk ríkisstjóra og verð hér þar til Alþingi myndar stjórn. Hvað eruð þið að kvaka? Ég bíð eftir ykkur.

Það gæti vitanlega verið fullt tilefni til þess nú á þessum fyrsta eldhúsdegi eftir að núverandi stjórn var skipuð að minnast á sjálfa skipun hennar. Það er þessi skipun frekar en störf stjórnarinnar, er gæti verið efni í umræður og athuganir. Í fyrsta skipti í þingsögu okkar mistókst Alþingi, á þeim tíma, sem því var gefinn til þess, að koma sér saman um stjórn, er hefði þingræðislegt fylgi. Hefur því verið um það rætt og deilt, hvort þessi stjórn væri í raun og veru þingræðisstjórn. Ég er ekki sá fræðimaður á þessu sviði, að ég vilji skera úr um það. En það er óumdeilanlegt, að ýmis megineinkenni þingræðisfyrirkomulagsins hafa farið út um þúfur við það, að stjórnin er þannig skipuð, og má Alþingi ekki loka augunum fyrir því. Og ég vil segja það, án allrar áreitni við núverandi hæstv. ríkisstjórn, að starfshættir á Alþingi verða ekki í lagi fyrr en á þessu verður breyting. Stjórnin ber að sönnu ábyrgð fyrir Alþingi á þann hátt, að hún mundi væntanlega víkja, ef meiri hluti Alþingis kemur sér saman um að mynda aðra stjórn. En meðan hún situr, eða réttara sagt, meðan við það situr, sem nú er, er ekki að vænta mikils eða stefnubundins starfs á Alþingi.

Þingræði byggist á því, að stjórn sé starfandi með meiri hluta Alþingis við hlið sér, nógu öflugan til þess að geta komið á þeirri löggjöf, er hún óskar og þarf. Þessi meiri hluti, með stjórnina í broddi fylkingar, er þá hinn starfandi hluti þingsins. Minni hlutinn gagnrýnir, heldur fram sínum málstað og leitast við að afla honum fylgis, en lýtur í lægra haldi um stundarsakir. Þjóðin hefur skipað þennan meiri hluta, og hún ræður því stefnunni, — hún ræður, hve lengi hún vill láta þá stefnu vera við lýði og hvenær hún vill skipta um og breyta um stefnu. Þetta er hið sanna lýðræði, framkvæmt með þingræðisfyrirkomulagi. Þannig var það hér á landi og í raun og veru framkvæmt út í æsar, allt til þess, er þjóðstjórnin var mynduð 1939. Eftir það var að vísu enn þingræði, en fór þó að molast smám saman.

Ég held, að þetta sé mikil þjóðarógæfa og megi ekki lengi svo standa, hvað sem líður starfhæfni þeirra góðu manna, sem í stjórn sitja. Það hlýtur að vera jafnkveljandi fyrir ríkisstjórnina, að hana vantar herinn til að berjast með, og fyrir þingið, sem ekki getur komið sér saman um fyrirliða eða stríðsstefnumið. Ég veit ekki, hvort verra er, höfuðlaus her eða herlaust höfuð. En hvort tveggja er slæmt, og hvort tveggja virðist vera á Alþingi nú.

Hvað veldur þessum ósköpum? Menn álasa Alþingi, og álit þess dvínar óhjákvæmilega við þetta. En ég held, að þeir, sem Alþingi álasa, þurfi að skyggnast dýpra í þetta vandamál, því að Alþingi er ekki annað en mynd af þjóðinni.

Frumorsök þessa ófarnaðar er að mínu viti engin önnur en sú, að menn eru farnir að setja stéttahagsmuni ofar stjórnmálum, stundarhag ákveðinna þjóðarhluta ofar framtíðarheill þjóðarinnar í heild. Og þá fellur meginsökin á hinar fjölmennustu stéttir. Þær hafa myndað með sér hagsmunasambönd, sem eru orðin svo sterk, að þjóðarheildinni eru ofviða. — Í þessari glímu er þingræðið hrakið út í horn. Í þessum átökum treðst Alþingi og virðing þess niður.

Þingræðið byggist á því, að þjóðin skiptist í stjórnmálaflokka um aðferðirnar að efla alþjóðarhag, en ekki í stéttarflokka til þess að toga hagsmunina til sín frá öðrum.

Þegar svo er komið, að stéttarhagsmunirnir ráða, verður erfitt að ná meiri hluta í þjóðfélagi eins og okkar. Og það er meira að segja vafasamt, hvort það er æskilegt, að meiri hluti myndist með þessum hætti. Það mætti jafnvel taka enn dýpra í með árinni og segja, að það væri hið háskalegasta, sem hugsazt gæti, að ein stétt, eitt hagsmunasamband, næði þeim afartökum, að það gæti skipað þing og stjórn og látið allar aðrar stéttir kenna á valdi sínu. Það væri að minnsta kosti ekki lýðræði eins og við höfum hugsað okkur það hér á Íslandi fram að þessu.

Á eldhúsdegi, þegar leyfðar eru á Alþingi almennar umræður um landsins hag, verður ekki komizt hjá að gera þetta að umræðuefni, því að þar er undirrótarinnar að leita að flestu því, sem aflaga hefur farið. Ef eld á að slökkva, verður að slökkva í sjálfu eldstæðinu, en ekki skvetta vatni á einstakar logatungur, sem teygja sig upp úr þessu eldstæði.

Landsfólkið horfir á þetta og er orðið leitt á öllu saman. Það virðist meira að segja vera orðið svo leitt á því, að það vilji hér helzt engan greinarmun á gera. Hér eigi allir menn og allir flokkar jafna sök á og því sé ekki annað að gera en gefast upp.

En þetta er ekki rétt, eins og fljótleg athugun sýnir. Landsmenn verða að gefa þessu máli gaum og ekki gefa málið frá sér í vonleysi.

Tvo af flokkum þingsins er fljótt hægt að afgreiða, því að þeir játa beinlínis, að þeir séu stéttaflokkar. Þeir prédika sí og æ og hafa prédikað hina heilögu skyldu stéttvísinnar. Þetta eru Alþýðuflokkurinn og Kommúnistaflokkurinn, þessir tveir ósamþykku bræður, sem orðnir eru til úr einni og sömu frumunni, en sjá nú ekkert ljótara en hvor annan. Þeir vega þarna salt á baki verkamanna og eru til skiptis uppi og niðri, eins og gerist og gengur, þegar vegið er salt, og læt ég þá svo eiga sig í bráð.

Framsóknarflokkurinn lifði lengi vel á því að þykjast vera „milliflokkur“, eins konar mund-

ang á voginni. Þessa milliflokksstarfsemi rækti svo Framsfl. í fullan áratug með þeim hætti, að hann var í óslitinni samvinnu við Alþfl. Klofnaði hann á þeim tíma og riðlaðist á ýmsa lund og fór í gegnum sjálfan sig. En hvað sem um það er, þá var milliflokksnafnið alveg rangt, því að Framsfl. hefur alltaf viljað vera og vill enn vera stéttarflokkur, eins og sannast á því, að hann hefur ekki eignazt fylgi nema í einni stétt. Þó hefur honum aldrei tekizt að vera þeirri stétt svo trúr, að hann ynni traust hennar.

Ég get því ekki annað séð en að eina ráðið til þess að komast út úr ógöngunum sé það, að láta þessa flokka, sem ekki vilja annað sjá en stéttahagsmuni, fara út úr spilinu meira og minna og efla til forustu um landsins mál þann flokk, Sjálfstfl., sem á innan sinna vébanda allra stétta menn og allra stétta hagsmuni, og verður því að taka tillit til alþjóðar.

Andstæðingar okkar sjálfstæðismanna geta glott að okkar utanstéttapólitík. Þeir geta kallað okkur hverju því ónefni sem þeir vilja. Það eru vissulega erfiðleikar á því að sameina margvíslega hagsmuni. Það þarf miklu meiri stjórnmálaþroska til þess að standa saman um alþjóðarmál en þrönga stéttarhagsmuni. Það þarf miklu meiri víðsýni og framsýni til þess að horfa á það, sem til lengdar verður öllum fyrir beztu, en hins, að krækja í það, sem er hendi næst.

Andstæðingar okkar sjálfstæðismanna eru alltaf að spá því, að flokkur okkar muni klofna, alltaf að vona það, alltaf að reyna að kljúfa hann. Sjálfir hafa þeir klofnað, en Sjálfstfl. er óklofinn enn. Með nógu ötulum hagsmunagyllingum getur þeim tekizt að mola utan úr kjósendafylgi hans um stundarsakir, öllum til ógagns. En Sjálfstfl. skal aldrei verða stéttarflokkur. Það má ef til vill ganga af honum dauðum, en meðan nokkur hópur manna er til í landinu, sem tekur alþjóðarheill fram yfir klíkuskap, verður hann til. Því fleiri sem þeir eru, því öflugri verður hann. Því færri sem þeir verða, því meir eykst sá ófarnaður, sem nú um stund hefur yfir okkur dunið. Stéttaflokkunum hefur tekizt að gera Alþingi óstarfhæft um hríð. Og á þeim fótstalli óstarfhæfninnar situr núverandi hæstv. ríkisstjórn eins og nokkurs konar hættumerki á blindskeri. Að því leyti — og sjálfsagt fleiru — er hún þörf og góð. Hún bendir landslýð öllum á það, að svona má það ekki til ganga. Landsmenn verða að heimta þá menn til samtaka — sjálfstæðismenn eða aðra, sem vilja sinna alþjóðarmálum og alþjóðarhag.

En á þá að láta hagsmunina fara veg allrar veraldar? Hvað er pólitík, hvað eru stjórnmál annað en hagsmunir?

Ég játa þetta. Þetta er alveg rétt. Stjórnmál eru hagsmunir, og eitt helzta erindi stjórnmálamanna er að vinna að auknum hagsmunum hverrar stéttar og hvers manns.

Okkur sjálfstæðismenn greinir aðeins á við hina flokkana um það, að við teljum ekki unnt að sjá til langframa fyrir hagsmunum einnar stéttar nema með því að efla hag annarra stétta um leið, enda ekkert réttlæti eða sanngirni í því að veita einum með því að hrifsa frá öðrum.

Við höfum einmitt nú fengið dýrkeypta, en vonandi líka dýrmæta reynslu í þessu, hvernig ófarnaður eins leiðir til ófarnaðar annars. Þessi reynsla er dýrtíðin og meðferð þingsins á þeim málum, sem af henni hefur leitt.

Dýrtíðin er innflutt vara, það getum við með sanni sagt. Aðstaða okkar Íslendinga er í því efni mjög fágæt. Með fullri sanngirni sagt var ekki hægt að komast hjá því, að dýrtíð yrði, þegar hingað kemur fjölmennt erlent lið með stórfé og stórframkvæmdir. Það má sjálfsagt draga upp einhverjar kennslubókalexíur um það, hvernig hefði mátt komast hjá því, að dýrtíð hlytist af þessu. En til framkvæmda hefðu þær lexíur aldrei komizt — nema ef til vill með einu móti, sem ég er ekki viss um, að við vildum hafa gert, þó að við hefðum með því getað keypt af okkur dýrtíðina, — en það var að setja hér herlög þegar í stað, er hernámið fór fram, og halda öllu með vopnavaldi í skefjum. Veit ég þó ekki, hvernig okkur hefði farið það úr hendi.

En þó að dýrtíðin sé slæm og ekki búið að bíta úr nálinni með hana, þá hygg ég samt, að fáir mundu vilja kaupa hana af sér fyrir slíkt verð.

Afstaða Sjálfstfl. hefur verið ein og hin sama í þessum dýrtíðarmálum frá upphafi. Stefna hans hefur verið sú, að dýrtíðin mundi ekki láta undan öðru en sameiginlegu, frjálsu átaki allra stétta þjóðfélagsins, allsherjar niðurfærslu krónufjöldans, sem gengur manna á milli, því að á þann hátt þarf í raun og veru enginn að fórna neinu nema ímynduðum hag. En það þarf á hinn bóginn víðsýni og dálítinn stórhug til þess. Það má ekki vera sífellt með sjónaukann yfir hverri krónu og hverjum eyri, sem annaðhvort raunverulega eða í ímynduninni fellur til annarra. Menn verða að þola að sjá eitthvað ganga á misvíxl. Menn verða að eiga þá frjálsmannlegu yfirsýn að láta ekki aukaatriðin fela fyrir sér aðalatriðið.

Þessari stefnu samkvæmt gat Sjálfstfl. ekki fallizt á lögfestingarfrumvarp framsóknarmanna haustið 1941. Enda hygg ég, að nú muni varla nokkur maður mæla slíkri aðferð bót, þó að Hermann Jónasson væri að reyna það í ræðu sinni áðan, — nema herlög og vinnuskylda hefði þá verið lögleidd um leið. Hvað hefðu bændur t. d. átt að gera, ef kaup var lögbundið og enginn vildi vinna hjá þeim fyrir það kaup? Hvernig hefði farið með afgreiðslu skipa og siglingar, svo að nefnd séu aðeins dæmi?

En þó að Sjálfstfl. stæði á móti svona hringavitleysu, vildi hann ekki skerast úr leik um tilraunir til þess að stemma stigu fyrir dýrtíðarflóðinu. Þó að flokkurinn héldi sinni sömu skoðun á málinu, gekk hann í samvinnu við Framsfl. um tilraun þá, er gerð var með gerðardómslögunum frægu. Við þekkjum afdrif þeirra. Það má vera, að það hafi verið skammsýni að setja þau lög. En enn þá meiri skammsýni lýsti sér þó í því, hvernig brugðizt var við þeim. Hvað sem annars verður sagt um þessa löggjöf — og ég skal játa, að ég var persónulega aldrei hrifinn af henni og tók því ekkert nærri mér að bera fram frv. um afnám hennar —, þá má alveg óhætt fullyrða, að sigur hinna flokkanna í því máli með skæruhernaði og öðrum lymskubrögð-

um var hvorki né verður verkamönnum til nokkurs gagns og kemur sennilega síðar enn harðar niður einmitt á þeim, því miður. Þetta afsannaði Brynjólfur Bjarnason engan veginn með útreikningum sínum áðan, enda játaði hann, að hópur vinnandi manna hlyti að tapa á hækkaðri dýrtíð.

Það eru svik og ekkert annað að lokka menn með fleiri krónum, en klípa því næst af gildi hverrar krónu að sama skapi.

Eftir þetta var svo farið inn á þá leið að greiða niður verð á ákveðnum vörum og taka til þess fé með nýjum sköttum, og inni á þeirri leið hefur núverandi ríkisstjórn verið. Sjálfstæðismenn hafa haft til þess líka afstöðu og til gerðardómslaganna. Þeir vita vel, að þetta er engin lækning, en þeir hafa á hinn bóginn ekki neitað samvinnu um það. Ef ekki er unnt að fá nægan styrk til þess, sem gera þarf, þá verður hver samvizkusamur maður að styðja það, sem hann telur næstskást.

En hvernig standa nú þessi mál? Ætli menn fari ekki bráðum að sjá, að hér er ekkert annað en kák og það afar kostnaðarsamt kák á ferðum?

Það er nú verið að afgreiða fjárlög. Greiðslujafnaðarupphæð þeirra mun ekki vera fjarri 100 milljónum króna. Tekjur eru víst áætlaðar um 95 millj. og gjöld ekki minna, þegar öll kurl koma til grafar. En þrátt fyrir þetta skilst manni, að enn vanti á gjaldaáætlunina ekki nema 20—30 milljónir króna, ef halda á áfram á þessari milliborgunarleið. Upp í þetta munu vera um 8 milljónir sem tekjuafgangur fjárlaga. En þá vantar þó 12—22 milljónir til þess, að áfram verði haldið.

Hvaða leiðir eru þá fyrir hendi?

Ein er sú, að taka þessar 12—22 milljónir með nýjum sköttum. Í gær var lagt fram í Ed. frv., þar sem framlengdur er svokallaður verðlækkunarskattur, sem lögleiddur var í fyrra og yfirlýst, að ekki ætti að framlengja. Þessi skattur leggst þyngst á þá atvinnurekendur, sem manni skilst, að helzt eigi að vernda með því að lækka verð afurðanna. Og þessi skattur mundi þó ekki gefa nema nokkurn hluta þess, sem með þarf. Jafnvel nú, þegar menn kalla ekki allt ömmu sína í fjármálum, mun það reynast ærið strembið að ná inn 12—22 milljónum króna auk þess, sem áður er tekið.

Önnur hugsanleg leið væri að skera stórkostlega niður önnur útgjöld á fjárlögum, verklegar framkvæmdir og slíkt. Ætli mönnum þætti það ekki strembið?

Þriðja leiðin væri að taka lán til þess að framkvæma þessa milliborgun. Ég hygg, að það mundi mælast misjafnlega fyrir, þó að vel gæti verið, að sú leið verði helzt fær.

Fjórða leiðin er svo að hætta milliborgunum og láta dýrtíðina koma í ljós alveg eins og hún er.

Ef hætt væri milliborgunum, mundi það koma í ljós, að vísitalan hefur haldið áfram að hækka. Jafnvel eftir að sú hækkun varð, sem orsakaði fyrri vísitöluhækkunina og ýmsir héldu, að markaði hástigið, hefur dýrtíðin haldið áfram að hækka. Fyrrverandi stjórn hefði líka getað haldið vísitölunni niðri með því að borga milljónir í milligjafir.

Bændur og fulltrúar þeirra hafa hvað eftir annað látið í ljós þá skoðun, að milligjafirnar væru alls ekki í þágu bænda. Þessar milligjafir hafa verið kallaðar neytendastyrkir, og bændum mætti á sama standa þó að verðið væri látið óhreyft. Þeir ættu þá líka að láta okkur við sjávarsíðuna um það, hvort milligjöfinni verður haldið eða ekki.

En hin stórkostlega hækkun vísitölunnar mundi víða segja til sín. Hún kæmi niður á öllum þeim, er kaup verða að greiða, og þar á meðal ríkissjóði. Og það, sem menn óttast mest, er, að hún leggi í rústir smáútgerð og frystihúsarekstur.

Þessi leið mundi kosta umbrot og byltingar í þjóðfélaginu, sem ég veit ekki, hvort menn eru við búnir að mæta, en verða þó vafalaust að mæta einhvern tíma.

Og svo er það fimmta leiðin, þessi leið, sem við Sjálfstæðismenn höfum viljað fara frá því fyrsta og farin verður einhvern tíma: Að koma sér saman um niðurfærslu dýrtíðarinnar með því að slá af kröfunum. Hún verður farin. En spurningin er: Verður hún farin fyrr eða síðar? Verður hún farin í tæka tíð eða um seinan?

Nefnd hefur nú verið að starfa að því að leita samkomulags um þessa hluti milli þeirra tveggja aðila, sem hér eiga mest hlut að máli. Hún átti að vera búin að skila áliti, en starfstími hennar hefur verið framlengdur. Margir eru vantrúaðir á, að þessi nefnd nái samkomulagi, — en hvað skal segja?

Þessi leið, að færðar verði niður kröfurnar, verður að koma fyrr eða síðar, — og hvers vegna þá ekki nú sem fyrst? Leiðin er nú greidd allverulega með starfi sex manna nefndarinnar, sem kölluð hefur verið. Einnig um hennar starf örvæntu flestir, þar sem allir nefndarmenn áttu að koma sér saman til þess að niðurstaða fengist. En hvernig fór? Allir þessir sex menn komu sér saman.

Með þessu er, að minnsta kosti til bráðabirgða, fenginn hlutfallsgrundvöllur til að byggja á, ef menn vilja lækka dýrtíðina. Starf þessarar nefndar og niðurstöður hennar eru, hvað sem annars verður um það sagt, eitthvert gagnmerkasta mál, sem íslenzkir bændur hafa nokkurn tíma fengið í gegn á Alþingi. Í fyrsta skipti hafa bændur þar fengið fullviðurkenndan rétt sinn til kaupgjalds til jafns við hliðstæða menn í kaupstöðunum, og eins og síðasti ræðumaður, Brynjólfur Bjarnason, benti á, var þetta enginn sigur fyrir verkamenn.

Og hvaða menn voru í þessari nefnd? Ætli það hafi ekki verið eintómir framsóknarmenn, úr því að þeir þykjast eiga nokkurs konar einkarétt á vináttu við bændur? Ætli það hafi ekki verið framsóknarmenn? Þeir töldu öll réttindi skert á bændum, af því að aðrir flokkar vildu fá jafnrétti við þá í skipun Alþingis.

Allir þessir sex menn, sem komu sér saman um að ákveða verð á vörum bænda svo hátt, að bóndinn fengi ríflegt kaup tryggt í fyrsta sinn, hafa hlotið að vera framsóknarmenn, úr því að enginn gerði ágreining.

Nei, — í þessari sex manna nefnd var einn — segi og skrifa einn — framsóknarmaður, Stein-

grímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri. Í henni voru þrír sjálfstæðismenn, helmingur nefndarinnar var sjálfstæðismenn, þessir menn, sem eftir rógi framsóknarmanna vildu ræna bændur öllum réttindum með því að setja framsóknarmenn á sama bekk og aðra landsmenn. Og í nefndinni voru 2 kommúnistar, þessir voðamenn.

Í sex manna nefndinni var einn framsóknarmaður, og hann gerði þar það gagn, að hann mótmælti ekki þessum réttindum bænda. Halda nú ekki bændur, að þeim sé lífsnauðsyn að halda í Framsfl. eins og eina lífakkeri sitt?

Hingað til hefur Alþingi gefizt upp á lausn þessara dýrtíðarmála. Ef til vill gefst nefndin, sem nú er að starfa að samkomulagi, einnig upp. Alþingi hefur strandað á hagsmunatoginu. Ef nefndin strandar, strandar hún á því sama. Hvað vill þjóðin láta þetta ganga lengi?

Dýrtíðin vex. Hún hefur vaxið í höndum allra, sem við völd hafa verið. Hún óx í tíð pólitíska stjórna. Tilraun hefur verið gerð að stöðva hana með utanþingsstjórn. Reynslan hefur sýnt, að það dugir ekki. Þinginu ferst ekki að lasta hana fyrir það, en það er þá líka úr því skorið, að það gerast engin tákn og stórmerki, þó að utanþingsmenn komi til.

Vil ég svo enda mál mitt með því að segja þetta:

Aukin dýrtíð gerir öllum mein og sennilega engum gagn, að minnsta kosti ekki neinum, sem á það skilið.

Togstreitan milli stéttanna í þjóðfélaginu eykur þessa dýrtíð í sífellu. Stundarfróunin, sem fengizt hefur með því að villa sér sýn, er að hverfa.

Hvað er þá í raun og veru annað að gera en að viðurkenna staðreyndir og semja frið í þjóðfélaginu, svo að íslenzka þjóðin geti haldið nokkurn veginn einhuga og á réttri leið í fjárhagsefnum inn á nýja tímabilið, sem nú er vonandi að renna upp?

**Forseti (GSv):** Þá hefur hv. 1. þm. Reykv., Magnús Jónsson, lokið máli sínu, og talaði hann af hálfu Sjálfstfl. Næstur og að þessu sinni síðastur tekur til máls hæstv. fjmrh., Björn Ólafsson, og talar af hálfu ríkisstjórnarinnar.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Ég ætla ekki við þessar umræður að gera sérstaklega að umtalsefni fjárlagafrv. það, sem nú liggur fyrir. Enn þá er ekki séð fyrir um það, í hvaða mynd frumvarpið verður afgr. frá Alþingi. En þær breyt., sem þegar hafa verið gerðar á frumv., benda til þess, að útgjöldin verði stórlega hækkuð frá því, sem ríkisstj. lagði til. Sýnir þetta meiri bjartsýni á tekjum ríkisins næsta ár en ég tel, að nokkrar ástæður séu til. Ég tel, að nú sé einmitt ástæða til að sýna varfærni í áætlunum, einmitt nú, er sýnilegt er, að vér erum þegar komnir á öldutopp góðærisins og aldan er þegar tekin að hníga aftur. Þegar svo er komið, er það ekki aðeins óvarlegt, heldur mjög óhyggilegt að áætla tekjur ríkisins svo hátt sem ýtrast er hægt að fara — og sníða svo útgjöldin eftir því.

„Kóngur vill sigla, en byr hlýtur að ráða". Svo hlýtur það og að verða með framkvæmd fjárlaganna. Þótt þingið vilji láta fé til ýmissa framkvæmda, þá hlýtur þó hin raunverulega afkoma ríkisins að ráða því, hvort öllum fjárveitingum er hægt að sinna.

Þessar umr. í sambandi við afgreiðslu fjárl., sem almennt eru nefndar eldhúsumræður, eru haldnar til að gefa stjórnarandstæðingum tækifæri til að láta í ljós gagnrýni sína á gerðum stjórnarinnar yfirleitt. Að þessu sinni hagar nokkuð til á annan veg en vant er, þar sem núv. ríkisstj. hefur opinberlega hvorki stuðning né andstöðu nokkurs flokks. Sumir þeirra hafa lýst yfir, að þeir mundu fylgja stjórninni að öllum góðum málum. En það er þá að sjálfsögðu samkvæmt þeirra mati, hversu góð málin megi teljast, sem stjórnin ber fram. Henni hefur líka fundizt eigi sjaldan, að ekki hafi farið saman mat hennar og flokkanna á þeim málum, sem hún hefur talið góð og óskað, að mættu fram ganga. Þar getur sýnzt sitt hvorum, og skal það eigi lastað, svo lengi sem af heilindum er gert og málefnin eru ekki látin gjalda þess, að stjórnin hefur engum flokki verið aufúsugestur hér á Alþingi. Hins vegar vil ég taka fram, að góður friður og vingjarnlegt samstarf hefur verið milli stj. og þingmanna yfirleitt þá 11 mánuði, sem hún hefur starfað, og er hún þakklát fyrir það. Hitt er þó að sjálfsögðu eðlilegt, að þingmenn hafi sitt hvað út á gerðir hennar að setja og afstöðu hennar til ýmissa mála. Á þetta og ekki sízt við um flokkana, sem allir hafa sínum hagsmunamálum að gegna og sinnar stefnu að gæta gagnvart kjósendunum. Verður ekki sagt, að stjórnin hafi verið nokkrum þeirra þægur ljár í þúfu, því að hún hefur tekið ákvarðanir sínar og hagað framkvæmdum án tillits til flokkahagsmuna og farið eingöngu eftir því, sem hún taldi réttast og samrímanlegast hag alþjóðar.

Þótt ég vilji á engan hátt biðjast undan gagnrýni á gerðum stj. né færast undan því, að komið sé í eldhús til hennar og litið ofan í hvern pott og hverja kirnu, þá get ég samt ekki varizt þeirri hugsun, að þarflegra væri oss Íslendingum, eins og nú standa sakir, að halda eldhúsdag yfir sjálfum oss og skoða, hvernig umhorfs er á heimilinu um það leyti sem mesta styrjöld mannkynssögunnar fer að nálgast lokaþáttinn og þjóðin sjálf að taka eina örlagaríkustu ákvörðun sína í lífsbaráttu þúsund ára.

Hin efnalega aðstaða þjóðarinnar um þessar mundir hefur, að því er sýnist, aldrei verið betri. Að vísu verður ekki sagt, að þar beri ekki skugga á, því að velgengnin hefur haft sína annmarka, sem ekki verður séð út yfir að sinni.

Tekjur ríkisins hafa aukizt mjög mikið í sambandi við peningaveltuna í landinu, en minna hefur staðnæmzt í handraðanum en búast hefði mátt við. Á undanförnum 4 styrjaldarárum hafa skuldir þær, sem ríkissjóður stendur sjálfur undir, lækkað um 7 millj. króna. Á sama tíma hefur ríkissjóður lagt til hliðar í tvo sjóði 18 millj. kr. Er það raforkusjóður með 10 millj. kr. og framkvæmdasjóður með 8 millj. kr. Önnur eignaaukning nemur líklega 3—4 millj. Hefur ríkissjóður þá bætt hag sinn á þessum árum um 28—29 millj. kr., og af því er nú handbært í sérstökum sjóðum 18 millj.

Um afkomu þessa árs verður ekki enn sagt með nokkurri vissu, en samkvæmt áætlun, sem nýlega hefur verið gerð, má ekki gera sér bjartar vonir um mikinn tekjuafgang. Talsverð hækkun verður að vísu á sumum tekjuliðum frá því, sem áætlað er í fjárlögum, en þar á móti koma milljónagreiðslur samkvæmt sérstökum lögum frá síðasta þingi, og auk þess fara nokkrir útgjaldaliðir, svo sem vegagerð, strandferðir og landhelgisgæzla, mikið fram úr fjárlögum. — Eru engar líkur til þess, sem margir munu hafa gert sér vonir um, að tekjuafgangur ríkissjóðs þessi ár muni leysa ríkið úr öllum skuldum.

Á þessum árum hafa landsmenn eignazt inneignir erlendis, og nema þær nú rúmlega 430 millj. króna. Á sama tíma hafa þeir greitt skuldir frá fyrri tímum, er numið hafa að líkindum 30—40 millj. kr. Tiltölulega lítill hluti af inneigninni erlendis er fyrir útflutning, sökum þess að meginhluti hans hefur runnið til að greiða fyrir innfluttar vörur og eldri skuldir. Þótt útflutningurinn þessi ár hafi verið miklu meiri en nokkru sinni fyrr, má segja, að þjóðin hafi gert lítið betur en vera matvinnungur. Hins vegar hefur hún með margvíslegum störfum fyrir hin erlendu setulið unnið sér inn meginhluta hinnar erlendu inneignir. En eins og ég gat um áðan, þá hefur þessi auðsöfnun ekki verið óblandin beizkju, því að enn verður ekki séð, hvernig þjóðin fær leyst úr þeim félagslegu og fjárhagslegu vandamálum, sem skapazt hafa hér innanlands vegna margra ára dvalar hins fjölmenna erlenda setuliðs.

Öll ófriðarárin hefur skipaflota landsmanna verið haldið úti og í stöðugri notkun en þekkzt hefur áður. Fiskiflotinn hefur goldið mikið afhroð. Skipunum hefur sennilega verið haldið sæmilega við, eftir því sem kostur hefur verið á, en þau voru flest gömul, þegar ófriðurinn hófst, og þau verða sennilega 5 árum eldri þegar honum lýkur. Þótt flotanum hafi bætzt nokkur skip á þessum árum, þá verður hann orðinn yfirleitt gamaldags í ófriðarlok, og við mörg skipanna verður ekkert annað að gera en höggva þau upp. Tækin til framleiðslu sjávarafurðanna eru því úrelt orðin. Í stríðslokin stöndum vér andspænis þriðju höfuðbreytingunni og þeirri stærstu í fiskveiðatækni landsmanna.

Landbúnaðurinn hefur litlum framförum tekið þessi ófriðarár. En hann kemur að líkindum út úr styrjöldinni betur stæður fjárhagslega en hann hefur áður verið. Tel ég það vel farið, og væntanlega verður það þjóðinni allri til gagns og gengis, þegar fram líða stundir, þótt ýmsar deilur hafi sprottið upp í sambandi við sumt það fé, sem runnið hefur til landbúnaðarins þessi ár. Ef það gengur til þess að létta skuldum af bændunum, að byggja upp býlin og rækta jörðina, þá er því ekki á glæ kastað.

En þótt landbúnaðurinn hafi komizt sæmilega af, þá er ekki allt fengið með því. Vér verðum að gera oss ljóst, að hann stendur enn í fortíðinni og hann á fyrir höndum stórt átak til að mæta kalli hins nýja tíma, ekki síður en sjávarútvegurinn.

Þannig er þá í fáum dráttum ástatt um afkomu ríkisins, um efnalega aðstöðu landsins gagnvart útlöndum og um tvo höfuðatvinnuvegi landsmanna, þegar lokaþáttur ófriðarins er að hefjast og vér stöndum andspænis viðfangsefnum og samkeppni hins nýja tíma. Nú þegar er byrjað að halla undan fæti, þótt lítið beri á því enn. Allt er í óvissu um það, hvað framundan er. Eitt er aðeins víst, og það er, að hinn nýi tími — tími friðarins — mun hafa í för með sér torleyst verkefni og byltingar á öllum sviðum þjóðlífsins.

Þegar að þessu er gætt, vaknar spurningin um það, hvernig vér erum undir það búnir að mæta hinum nýja tíma, þeim degi, sem þegar er í aftureldingu, mæta honum sem þjóð, er ræður eigin örlögum, og mæta honum sem menn, er geta staðið á eigin fótum.

Til þess að fá svar við þeirri spurningu er landsmönnum bezt að líta inn um sínar eigin bæjardyr.

Um nálega tveggja ára skeið hafa staðið harðari pólitískar deilur milli flokkanna en verið hafði áður um langan tíma. Árangur tveggja kosninga á síðasta ári varð sá, að enginn flokkur náði meirihlutaaðstöðu á Alþingi. Þeir fjórir flokkar, sem þjóðin hafði falið umboð sitt í því skyni að fara með löggjafarvaldið og ráðstafa framkvæmdavaldinu, gátu ekki náð samkomulagi til að inna þessa sjálfsögðu skyldu af hendi. Í fyrsta skipti síðan landið fékk innlenda stjórn varð að skipa ríkisstjórn án íhlutunar Alþingis. Í nálega heilt ár hefur þetta óvenjulega ástand staðið, og á því tímabili virðist lítið hafa dregið til sátta og ekki enn útlit til sterkrar pólitískrar samvinnu um myndun stjórnar og afgreiðslu nauðsynlegra mála. Örlagaríkasta mál þjóðarinnar, dýrtíðarmálið, er enn óleyst og í algerri óvissu. — Þannig er högum háttað á vettvangi stjórnmálanna.

Þjóðstjórnin, sem sat að völdum í byrjun ófriðarins, gerði sér ljóst, að nauðsyn væri að forðast verðbólgu. Ráðstafanir voru gerðar, sem settu skorður við örum vexti dýrtíðarinnar, og meðan samvinna var milli flokkanna um þessi mál og önnur, mátti segja, að sæmilegur árangur næðist. En þegar samstarfið rofnaði, fór brátt að halla á ógæfuhliðina, og síðari hluta ársins 1942 var verðbólgunni gefinn laus taumurinn og dýrtíðaraldan flæddi yfir landið, svo að frá september til desember hækkaði vísitalan úr 195 upp í 272.

Í desember náði verðbólgan hámarki, og var þá ekki annað sýnilegt en hún mundi sprengja öll bönd og hver verðhækkunin reka aðra. Nú varð flestum ljóst, að vá var fyrir dyrum, ef ekkert var að gert. Verðstöðvunarfrumvarpið, sem núverandi stjórn bar fram í desember, stöðvaði ölduna, og síðar voru gerðar aðrar ráðstafanir, sem færðu verðlagið nokkuð til baka. Það, sem síðan hefur gerzt, er landsmönnum öllum svo kunnugt, að ég hirði ekki um að rekja það nánar.

Það, sem til þessa hefur unnizt í dýrtíðarmálunum, er aðallega það, að flóðið var stöðvað og fært nógu mikið aftur til þess að öllum starfsgreinum í landinu væri mögulegt að starfa.

Vegna þess að ekki hefur fengizt samkomulag um raunhæfar aðgerðir til lækkunar dýrtíðinni,

hefur það kostað millj. kr. að halda verðbólgunni í skefjum. Margir hafa viljað leggja stjórninni það til lasts, að hún hefur ekki komið fram niðurfærslu á dýrtíðinni með lækkun samtímis á vinnulaunum og afurðaverði, og sumir hafa látið allhátt yfir því, að greiddar væru millj. króna án þess að dýrtíðin lækkaði raunverulega og að fé til verðlækkunarinnar væri tekið af almenningi með sköttum. Virðist svo sem þessir menn vilji láta sleppa dýrtíðinni lausri aftur. En ekki þykir mér ólíklegt, að annað hljóð kæmi í strokkinn, þegar dýrtíðaraldan færi aftur að rísa og allt verðlag að hækka. Háttv. 5. þm. Reykv., Brynjólfur Bjarnason, sagði, að ríkisstjórnin borgaði niður dýrtíðina með verðhækkun á tóbaki og áfengi. Og hann sagði enn fremur, að greiðsla þessi lækkaði ekkert dýrtíðina vegna þess, að fé væri allt tekið af verkamönnum, fiskimönnum og annarri alþýðu.

Ég verð að mótmæla því fyrir hönd þessara stétta, að þetta sé rétt. Þessi háttv. þm. ber á þær last, sem þær áreiðanlega eiga ekki skilið. Þar af leiðandi er rökfærsla hins háttv. þm. röng. — Það er rétt, að tekið hefur verið úr einum vasanum og sett í hinn til þess að jafna kjörin og stöðva skriðuna. En þessa gagnrýnendur vildi ég spyrja: Hafa þeir gert sér ljóst, hvaða ástand væri nú hér í landinu, ef dýrtíðinni hefði allt þetta ár verið leyft að leika lausum hala? Hafa þeir gert sér ljóst, að þær milljónir, sem greiddar eru í verðbætur og vér höfum til þessa haft efni á að greiða, mynda þann stíflugarð, sem komið hefur í veg fyrir fjárhagslega upplausn og veitt hefur atvinnuvegunum næði og möguleika til starfa? Er hægt að segja, að slíku fé sé kastað á glæ, jafnvel þótt það lækki lítið dýrtíðina? Hvað eru nokkrar milljónir (sem þjóðin hefur efni á að greiða) á við það, að gjaldmiðill hennar og fjármálakerfi hrynji í rúst? Af ástæðum, sem flestum eru kunnar, megna þessar fjárgreiðslur ekki að lækka mikið dýrtíðina, en þær eiga að geta haldið verðbólgunni í skefjum. En það er ekki varanleg lausn. Og engin lausn á þessum málum til frambúðar er teljandi, fyrr en framleiðslukostnaður hér er kominn á svipað stig og hann er í nágrannalöndum vorum. Fyrr en þjóðin gerir sér þetta fyllilega ljóst og hún sér þá hættu, sem framundan er, færast þessi mál ekki í rétt horf.

Ég hygg, að það sé engum ljósara en mér, að núverandi ástand getur ekki staðið til frambúðar, ef vel á að fara. Fjárframlag vegna dýrtíðar varir ekki óendanlega. Næsta ár mun það að líkindum falla niður með breyttu ástandi. En það, sem þá varðar þjóðina mestu, er það, að verðlagið í landinu sé ekki svo hátt, að ógerlegt sé fyrir landsmenn að framleiða vörur til útflutnings, sem aðrar þjóðir geta keypt. Ef framleiðslukostnaðurinn er of hár, þá stöðvast atvinnuvegirnir og fátækt og bjargleysi sezt hér að.

Síðustu dagana hefur verið frá því skýrt, að farið væri að bera á atvinnuleysi í allstórum stíl. Þessi fregn hefur vakið marga af svefni. Í fjögur ár hafa menn ekki þurft að hafa áhyggjur af slíkum vágesti, og margir hafa vafalaust talið sér trú um, að atvinnuleysi fyrri ára væri vondur draumur, sem ekki væri mark á takandi. En nú rís skugginn á veggnum af þessum forna vágesti — eftir fjögurra ára starfsgnægð. Veruleikinn er oftast kaldur og beizkur. Verðbólgan innlenda, sem risin er af nægtunum og eftirspurninni um vinnuaflið, gerir atvinnuleysi nú miklu ægilegra en það hefur nokkru sinni áður verið. Verðlagið er svo hátt á öllum lífsnauðsynjum, að sparifé almennings hrekkur skammt fyrir öllum þörfum, þegar einskis er aflað á móti vegna þess að atvinnuna skortir.

Ef nú væri horfið að því óviturlega ráði að gefa dýrtíðinni lausan tauminn, þá mundi það verka á tvennan hátt. Það mundi í fyrsta lagi auka atvinnuleysið stórkostlega, með því að hækka svo framleiðslukostnað margra atvinnugreina, að þær yrði að stanza. Það mundi í öðru lagi gera afleiðingar atvinnuleysisins enn ægilegri, með því að hækka úr hófi og miklu meira en nú er flestar lífsnauðsynjar. Það verður ekki til þess hugsað nema með hryllingi að þurfa að berjast við þessa tvo vágesti í senn: dýrtíð og atvinnuleysi, meðan þjóðin stendur pólitískt sundruð og skortir sterka leiðsögu á Alþingi til þess að komast út úr ógöngunum.

Manni verður fyrst að spyrja sjálfan sig: Hvers vegna er ríkissjóður að safna sjóðum til framkvæmda eftir ófriðinn, ef hin stígandi alda dýrtíðarinnar gerir þessa sjóði einskis virði? Hvers vegna eru landsmenn að leggja til hliðar sparifé, hvers vegna er verið að stofna nýbyggingarsjóði, ef þetta ætti allt að verða að reyk og ösku í bruna verðbólgunnar? Allt þetta væru ráðstafanir út í bláinn, fávíslegar, broslegar og rökvana, ef ekki ætti að halda verðbólgunni í skefjum, ef ekki ætti að berjast gegn dýrtíðinni, verðhækkuninni, verðbólgunni með oddi og egg, með hnúum og hnefum, með öllum þeim ráðum, sem þjóðin hefur fram að bera.

Háttv. 5. þm. Reykv., Brynjólfur Bjarnason, sagði hér fyrir stundu, að hægt sé að lækna dýrtíðarástandið varanlega með því að afnema alla tolla á aðfluttum vörum. Vegna þess að einhverjir kunna að leggja trúnað á, að þetta sé rétt og að þetta sé framkvæmanlegt, skal ég gefa nokkrar skýringar í þessu efni.

Tekjur ríkissjóðs af vörumagnstolli og verðtolli síðasta ár námu nálega helmingi af öllum ríkistekjum, eða um 48 millj. kr. Ef þessu væri kippt í burtu, án þess að aðrar tekjur kæmu í staðinn, sem erfitt yrði að finna, gæti ríkið á engan hátt haldið uppi hinum brýnustu framkvæmdum þjóðfélagsins. Af þessum ástæðum einum væri hugmyndin óframkvæmanleg.

Ef hins vegar er litið á það, hversu mikið væri hægt að lækka dýrtíðina á þennan hátt, þá kemur í ljós, að þetta hefur miklu minni áhrif á afkomu manna og þar með vísitöluna en margir munu ætla. Með því að afnema alla tolla á þeim innfluttu vörum, sem koma til greina í vísitölunni, og verð varanna því lækkað að sama skapi, mundu áhrifin verða milli 15 og 20 stig til lækkunar. Árangurinn yrði sama og engin lækkun á núverandi vísitölu (259), ef jafnframt yrði kippt burtu þeim fjárframlögum, sem nú

lækka afurðaverð á innlendum markaði. Dýrtíðin mundi því lítið eða ekkert breytast, en aðferðin mundi kosta ríkissjóð stórfé, milljónir umfram það, sem nú er.

Mönnum er því óhætt strax að yfirgefa þá von, ef einhver hefur borið hana í brjósti, að þessi hugmynd sé stoð, sem hægt sé að styðjast við í baráttunni við dýrtíðina.

Sumir vilja halda því fram, að ekki beri að blanda saman dýrtíð og vísitölu, því að það sé tvennt ólíkt. Já, það er svo. Ég hygg, að til lítils yrði sú dýrtíðarlækkun, sem ekki hefði áhrif á vísitöluna, og kynleg sú vísitölulækkun, sem ekki hefði að einhverju leyti áhrif á dýrtíðina. En sumum blöðum virðist auðvelt að rugla hugsun almennings í þessum efnum.

Því er oft hampað í þessum sömu blöðum, að ríkisstjórnin greiði tugmilljónir úr ríkissjóði án þess að dýrtíðin lækki raunverulega. Ég hef þegar gert að umtalsefni, hvaða árangur náist með þessum greiðslum og hvernig mundi umhorfs hér, ef þær hefðu ekki verið inntar af hendi. En ég vil gjarnan skýra frá því, hversu miklu þessar greiðslur nema, þær greiðslur, sem ríkisstj. hefur ráðstafað upp á eigin spýtur, en samkvæmt lagaheimildum, og þær greiðslur, sem hún hefur annazt samkvæmt beinni ákvörðun Alþingis.

Skal ég þá fyrst taka þær verðuppbætur, sem greiddar hafa verið samkvæmt ákvörðun Alþingis í dýrtíðarlögunum frá síðasta þingi á tímabilinu 1. maí til 15. sept., fyrir mjólk og kjöt. Þær nema samtals um 4950 þús. kr.

Verðuppbætur á landbúnaðarvörur samkvæmt ákvörðun ríkisstj., sérstaklega á tímabilinu 1. jan. til 30. apríl, 1450 þús. kr., 15. sept. til 31. des. áætlað 3200 þús. kr. Samtals mætti þá áætla, að fjárframlag til verðlækkunar á innlendum markaði allt þetta ár muni nema um 9600 þús. kr. Þetta er að nokkru leyti áætlunarupphæð, en mun ekki fara fjarri lagi.

Þetta er mikil fjárhæð, það skal fúslega játað, sem betur hefði mátt verja, ef heilbrigt hefði verið fjárhags- og atvinnuástandið í landinu. En eins og nú standa sakir um óáran í mannfólkinu og sjúkleika í atvinnu- og fjármálum, þá verður varla sagt, að miklu hafi verið kostað til að byggja garðinn, sem til þessa hefur staðið gegn því, að skriðan færi af stað og urðaði þetta litla þjóðfélag í erfiðleikum.

Ég hef orðið nokkuð margorður um dýrtíðina, enda verður varla annað sagt en að hún sé eitt örðugasta og örlagaríkasta viðfangsefnið, sem þjóðin hefur nú á höndum sér, og það viðfangsefnið, sem almenningur gerir sér sízt rétta grein fyrir.

Ef ég ætti að draga saman í litla mynd þær athuganir, sem ég hef nú gert að umtalsefni, í því skyni að gera sér grein fyrir heimilisástæðunum hjá oss Íslendingum eftir fjögur styrjaldarár, þá mundi sú mynd vera á þessa leið:

Oss hafa fallið talsverðir fjármunir í skaut, sem nota mætti til þarflegra hluta, ef viturlega er að farið. Meginstoðirnar, sem standa undir atvinnulífi þjóðarinnar, eru orðnar fúnar og ótraustar og þarfnast endurnýjunar, ef húsið á ekki að hrynja oss yfir höfuðið. Samlyndið á heimilinu er þannig, að hver höndin rís móti annarri, og enginn vill annars ráð nýta. Það er pest í búpeningnum, sem ógnar með algeru hruni, vegna þess að heimilisfólkið hefur ekki komið sér saman um, hverjum beri skylda til að annast hann.

Þessi mynd er ekki fjarri sanni, þótt hún sé köld. Eitthvað svipað þessu er umhorfs hér um þessar mundir. Hér er ærið dagsverk að vinna fyrir velviljaða og víðsýna menn.

Núverandi stjórn tók við störfum vegna öngþveitis, sem myndazt hafði í stjórnmálunum, vegna sundurlyndis, er ríkjandi var milli flokkanna. Hún hefur setið um stund, og sumir hafa litið á hana sem fimmta flokkinn í þinginu, vegna þess að hún hefur í ýmsu brotið í bág við stefnumál allra flokka. Hún hefur leitazt við að gegna skyldum sínum, eins og hún hefur skilið þær, gagnvart þjóðinni. Hún hefur gert það, sem hún taldi réttast; án tillits til þess, hvað um framkvæmdir hennar væri sagt. Hún hefur setið í þökk sumra, en óþökk annarra. Af þinginu hefur sumum málum hennar verið tekið vel, en öðrum miður. Ef til vill má segja, að hún fái liðveizlu frá öllum flokkum, þótt enginn þeirra hafi tekið hana sérstöku ástfóstri. Hún hefur ekki sérstakar ástæður til þess að barma sér, þótt ekki verði sagt, að allt sé með felldu. En hins er ekki að dyljast, að ríkisvaldið hefur ekki þann bakhjall, sem því er nauðsynlegur, og þingið sjálft skortir eðlilegt aðhald til starfa, vegna þess að samstarfið er í molum.

Öllum hugsandi mönnum hlýtur að vera það ljóst, að svona getur þetta ekki verið til frambúðar. Þótt núverandi ástand í löggjafar- og framkvæmdarstörfum þjóðarinnar hafi lánazt án mikilla árekstra undanfarna 11 mánuði og kunni að blessast einhvern tíma enn, þá er það engin varanleg lausn.

Í þingræðislandi getur engin ríkisstjórn farið með völd til lengdar og unnið þjóð sinni það gagn, sem henni ber, nema hún hafi meiri hluta þings að baki sér og sá meiri hluti sé einhuga um þá stefnu, sem fylgja ber. Annars er löggjafarþing þjóðarinnar eins og skip, sem lætur ekki að stjórn, eins og strá fyrir straumi.

Ég hygg, að hvergi sé skýrari skilningur á þessum vanda en á sjálfu Alþingi. Og það er hlutverk flokkanna að hefja sig yfir hina þröngu flokkshyggju, sem staðið hefur stjórnmálunum undanfarið fyrir þrifum. Þeirra hlutverk er ekki að vera ríki í ríkinu. Þjóðin er ekki til fyrir þá. Þeir eru til vegna þjóðarinnar, og þeirra hlutverk er þjónusta, — þjónusta við þjóð sína. Þessi þjóð, vandanum vafin eins og hún er og verður í nálægri framtíð, hefur aldrei þurft nauðsynlegar á þessari þjónustu að halda en nú. Hún hefur aldrei þurft eins á því að halda og nú að hafa sterka og viturlega forustu. Hún hefur aldrei verið meira þurfandi en nú fyrir samstarf allra þjóðhollra manna, til að ráða niðurlögum þeirra erfiðleika, sem ófriðarástandið hefur skapað, og til að mynda nýjan grundvöll fyrir starfi hennar og frelsi á komandi tímum.

Það er hlutverk og skylda flokkanna að gera Alþingi starfhæft og sterkt, svo að þjóðin geti haft í fullu tré við verkefni og vanda komandi

tíma. Ef flokkarnir bregðast þessari skyldu sinni, þá hafa þeir líka brugðizt þjóð sinni á örlagastund.

**Forseti (GSv):** Hæstv. fjmrh., Björn Ólafsson, hefur nú lokið máli sínu, og er þar með lokið fyrri hluta þessara útvarpsumræðna. Annað kvöld verður tíminn alls 45 mín. á hvern aðila, skipt í þrjár umferðir: 20 mín., 15 mín. og 10 mín. Röð flokkanna verður hin sama og í kvöld, og verður nánar um það greint, er þar að kemur.

Á 36. fundi í Sþ., 25. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv. (útvarpsumr.).

**Forseti (GSv):** Þá verður fram haldið útvarpsumr. frá Alþingi, sem gert er ráð fyrir í 53. gr. þingskapa (eldhúsumr.). Verður þeim hagað þannig, að fyrir hvern aðila (þ. e. flokk eða ríkisstjórn) er tíminn alls 45 mín., en verður nú þrískipt, eða þrjár umferðir. Röð flokkanna verður söm og í gær: Fyrst Framsóknarfl., svo Alþýðufl., svo Sameiningarfl. alþýðu — sósfl., þá Sjálfstæðisfl. og loks ríkisstjórnin.

Tímanum verður skipt á þann veg, að í 1. umferð koma 20 mín. á hvern aðila, í 2. umferð 15 mín. og í 3. umferð 10 mín., og kemur niður hjá hverjum aðila í síðari umferðartíma, ef skeikar til eða frá á fyrra stigi (tími notaður fram yfir eða geymt).

Hefst nú fyrsta umferðin. Tekur fyrstur til máls hv. þm. V.-Sk., Sveinbjörn Högnason, og talar f.h. Framsóknarflokksins.

**Sveinbjörn Högnason:** Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þessar eldhúsumræður, sem hér fara fram að þessu sinni, eru með nokkuð óvenjulegum hætti. Venjulegast lætur þingið þær fara fram til að segja þeirri ríkisstjórn til syndanna, sem fer með framkvæmdavaldið í umboði þess og á þess ábyrgð. Nú hefur þingið hins vegar enga slíka ríkisstjórn til að deila á, þar sem það hefur ekki reynzt þess megnugt að mynda neina slíka ríkisstjórn, og má því segja, að eðlilegast sé, að þessar eldhúsumræður snúist um það að gefa skýringar á því, hvernig á því stendur, að þingið hefur ekki reynzt þess megnugt að sinna þessari sjálfsögðu skyldu sinni, hvar orsakirnar liggja og hvaða afleiðingar það hefur á stjórnarfar landsins. Það má jafnvel segja, að Alþingi ætti að þakka þeim mönnum, sem tekizt hafa þann vanda á hendur, sem það sjálft treystist ekki til að leysa, þótt vitanlega telji ýmsir margt orka tvímælis um gerðir þeirra, sem vonlegt er.

Ég ætla ekki að fara að rekja neitt það, sem ég tel miður hafa farið í höndum núverandi ríkisstjórnar, en ég ætla að taka það fram, að eftir því, sem starfsaðstaða hennar hefur verið bæði innan þings og utan, þá tel ég, að hún hafi sýnt virðingarverða viðleitni til að halda í horfi í þýðingarmestu málum og til að verja þjóðina áföllum þeirra afglapa, sem framkvæmd hafa verið í íslenzku stjórnmálalífi upp á síðkastið, — og mun ég koma nánar inn á það hér á eftir.

Á síðastliðnu ári fóru, eins og kunnugt er, fram tvennar kosningar til Alþingis um það höfuðmál að breyta kjördæmaskipun landsins í mjög verulegum atriðum. Tvö meginatriði hennar voru að draga úr áhrifum dreifbýlisins á Alþingi og að efla alræði flokkanna í stjórnmálum landsins. Forsvarsmenn þessarar örlagaríku breytingar töldu þetta „réttlætismál", að jafna atkvæðisréttinn við kosningar, án tillits til þess, hver aðstaða kjósenda væri til að nota hann, og sumir töldu breytingunni aðallega til gildis, að hún miðaði að því að eyðileggja Framsóknarflokkinn og áhrif hans á löggjöf og stjórnarframkvæmdir í landinu. Sá, sem fastast kvað þar að orði, var þáverandi fjármálaráðherra, Jakob Möller, og dró hann enga dul á það fyrir kjósendum, að þegar sá flokkur væri að velli lagður eða áhrif hans minnkuð til mikilla muna, þá mundi einhver annar bragur og betri verða á störfum þingsins og stjórnarháttum, er Sjálfstæðisflokkurinn væri orðinn stærsti flokkur þingsins og hefði þar forustuna og þá eðlilega mesta ábyrgðina einnig. — Lítið hefur þó bólað á þessum umbótum, sem lofað var, og munu engir koma auga á þær, nema þá stjórnleysingjar einir, ef til eru í landi voru, og þeir, sem vilja ringulreið og úrræðaleysi sem mest í þjóðfélaginu við allt, sem gera þarf. Það er ekki vitað, að þessi flokkur hafi haft samhug um eitt einasta mál, sem úrlausnar krefst á þessum tímum, og ekki heldur um myndun ríkisstjórnar, svo mjög er hann sjálfum sér sundurþykkur, — og forustan fer þá einnig eftir því. — Í stað þess að kalla hann stærsta flokk landsins, væri miklu réttara að kalla hann samsafn minnstu flokksbrota þingsins, sem fátt er sameiginlegt nema nafnið. Og að mínum dómi er ein frumorsök hinna sundurlausu og máttarvana vinnubragða þingsins nú sú, að slíkur flokkur á að hafa forustuna, flokkur, sem lætur suma tala um frið, eins og 1. þm. Reykv. gerði í gær, þegar menn óttast ófrið, en aðra hefja ófrið, eins og raun var á bæði um hann sjálfan og aðra, er stofnað var til friðslita um ríkisstjórn landsins og þjóðinni att til ófriðar, — flokkur, sem aldrei getur staðið saman í einu einasta máli hér á Alþingi, hvorki stéttar- né alþjóðarmálum, ef hægt væri að greina þar á milli. — Ég hygg nú satt að segja, að hvert einasta stéttarmál svo að segja sé alþjóðarmál, og fá mál a. m. k., sem snerta ekki stéttirnar misjafnlega, eftir því hver úrlausn er á þeim gerð. Og mun ég rekja það nánar síðar.

Þegar verið var að berjast um kjördæmabreytinguna í kosningum, var því alls staðar haldið fram, að við framsóknarmenn færum með öfgar og ýkjur miklar, er við lýstum þeim afleiðingum, sem af henni mundu hljótast. — En við héldum því sérstaklega fram, að hún mundi leiða til stjórnleysis, þingið yrði vanmáttugt um að mynda ríkisstjórn, — eins og alls staðar hafði reynzt í löndunum umhverfis okkur, þar sem svipaðri kjördæmaskipun hafði verið komið á, — og í öðru lagi héldum við því fram, að það mundi mjög verða hallað á hagsmuni fólksins, sem í sveitunum og sjávarþorpunum býr, þegar kaupstaðirnir og þéttbýlið hefði náð meirihlutavaldi, — hefði þingið hjá sér og meiri hl. þingmanna. Hættan væri því að okkar dómi einkum tvenns konar, 1) að veikja og grafa undan stjórnarformi landsins og 2) hins vegar að veikja mjög

og torvelda aðstöðu hinna dreifðu byggða til framdráttar fyrir mesta þéttbýlið og flokka þess, og virðist þó aðstöðumunurinn á flestum sviðum vera nægilega mikill fyrir. Þar talar aðsóknin að þéttbýlinu undanfarin ár sínu máli, sem fáir munu geta misskilið. Og nú er fyrir þjóðina að meta, hvað við höfðum til okkar máls, og hvort aðvaranir okkar í þessum efnum voru ýkjur einar og blekkingar. — Ég skal játa það, að hvorki mig og sennilega engan okkar hafði órað fyrir því, að þessar afleiðingar kæmu svo fljótt og glöggt í ljós sem orðið er. Síðan þessi breyting á kjördæmaskipun landsins fór fram, hefur Alþingi enga ríkisstjórn getað myndað, og er þó nú komið á annað ár síðan. Og það er sannarlega ekki Alþingi að þakka, að fullkomið stjórnleysi hefur ekki ríkt í þessu landi allan þennan tíma, og þá ekki heldur kjósendum þeim, sem hana studdu, meira að segja hefur mikill hluti þingsins reynt að torvelda starf ríkisstj. á flesta vegu, og með breytingunni hafa því kjósendurnir, sem hana samþykktu, svipt sjálfa sig möguleikanum til áhrifa á stjórn landsins, — a. m. k. þennan tíma, sem liðinn er síðan, — og hver veit hve lengi það verður? Hér tala staðreyndirnar sínu máli. Og hver ætli vilji nú halda því fram, að þetta sé betri og starfhæfari skipun þingsins heldur en hin fyrri, sem breytt var og aldrei hafði þó svipt fólkið allt möguleikanum til að mynda ríkisstjórn og hafa áhrif á það, hverjir færu með framkvæmdavaldið í landinu?

Ég kem þá að hinu atriðinu, sem við héldum fram, að kjördæmabreytingin hefði í för með sér, sem sé því, að hagsmunum og högum dreifbýlisins væri mjög í hættu stefnt, — og mundu bæjarflokkarnir eflast svo, að þeir yrðu næsta einsýnir og teldu sig litlu skipta að hugsa um hag þeirra, sem utan stærstu kaupstaðanna búa, en kapphlaupið milli þeirra yrði allt um það að vinna fylgi þar, sem höfðafjöldinn er mestur, og hlyti þá svo að fara, að það kapphlaup færi fram á kostnað þeirra, sem minna máli skipti að vinna til fylgis til að ná völdum, sem sé á kostnað sveita og sjávarþorpa landsins. Þeir, sem þessa staði byggja, munu nú bezt geta dæmt um það, hvort þessar aðvaranir hafa verið ástæðulausar. Þeir munu þegar hafa fundið til þess, og það jafnvel þeir, sem blindir voru áður, að andi Alþingis og bæjarblaða í þeirra garð er gjörbreyttur síðan Sjálfstæðisflokkurinn myndar sérstakt blað til að þurfa ekki að láta bændur skrifa í þau blöð, sem þeir gefa út í bæjunum. — Þannig eru þeir einangraðir um að ná til bæjarmanna, en bændur eru þar ofsóttir, eins og greinilega hefur líka nú í vetur komið í ljós. Það gætu verið hjáróma raddir í þeim áróðri, sem gegn þeim er rekinn í bænum, ef bændur tækju þar til máls og segðu satt og rétt um mál sín, fyrirtæki og stofnanir. Á þessu fyrsta reglulega þingi, sem skipað er skv. hinni nýju kjördæmabreytingu, hafa bæjarflokkarnir keppzt hver við annan í að láta rigna niður frumvörpum og þingsályktunum, sem fela í sér hreinar ofsóknir og frámunalega illkvittni og getsakir í garð bænda, samtaka þeirra og stofnana. Kommúnistar flytja frumvörp um að taka umráðaréttinn yfir miklu af framleiðsluvörum bændanna af þeim og fá hann í hendur bæjarstjórnunum, taka af þeim allan rétt til að verðleggja þessar vörur sínar og setja um það gerðardóm — það á víst að vera hið fasta skipulag, sem 5. þm. Reykv., Brynjólfur Bjarnason, var að tala hér um í gær, — og taka mikið af eignum bænda, sem þeir eiga í bæjunum, af þeim, án þess að þar komi nokkuð endurgjald fyrir. Þeir flytja ennfremur tillögu til þingsályktunar um opinbera rannsókn á fyrirtæki þeirra, fyrir það að skemmzt hefur lítils háttar af kjöti frá síðasta ári, sem varð að fleygja, þótt ekki hafi enn sézt, að þeir hafi talið ástæðu til að skipa rannsókn um það t. d., að 2000 tn. af sjávarmatvælum hafi eyðilagzt hér við Faxaflóa í sumar, að því er sagt er, á annað þús. tunnur fiskflaka hafi verið fleygt í sjóinn, hrogn hafi verið notuð sem áburður í tonnatali, að ógleymdu því, hvað mikil matvælaframleiðsla hefur verið hindruð og skemmd með verkföllum og vinnustöðvunum. Í þessari tillögu þeirra er gefið í skyn, að þær stofnanir bænda, sem fara með og selja afurðir þeirra, vinni vitandi vits og af ásetningi að því að eyðileggja þessar afurðir, sem þeim er trúað fyrir, og tók einn þm. sjálfstæðismanna undir þær fullyrðingar hér á þingi í gær. Á jafnvel að hefja allsherjar leit að því um landið, hvar þessum eyðilögðu afurðum hefur verið fyrir komið. Máske er það hugsað sem ein leið til að mæta því atvinnuleysi, sem þeir sömu menn eru þegar búnir að skapa. Einn sjálfstæðismaður, þm. bændanna á Snæfellsnesi, flytur tillögu í svipaða átt, um allsherjar opinbera rannsókn á eitt stærsta sölufyrirtæki bænda, Mjólkursamsöluna, þótt vitað sé og viðurkennt, að engum vörum, hvorki neyzluvörum né öðru, sé dreift og þær seldar með jafnlitlum kostnaði og vörur þær, sem Mjólkursamsalan hefur með höndum. — En sami hv. þm. berst hins vegar gegn því, að nokkur slík rannsókn eða móðgun, sem hann telur, fari fram á hendur mestu auðhringum hér á landi, olíufélögunum, sem eru að miklu leyti fulltrúar erlends auðmagns hér í landi og hafa haft rúmlega þrítugfaldan sölu- og dreifingarkostnað á við fyrirtæki bændanna, sem hann vill setja undir opinbera rannsókn, að ég ekki tali um rannsókn á útgerðarfyrirtækin, heildsalana og jafnvel stofnanir ríkisins, eins og t. d. lagadeild háskólans, sem hv. þm. Snæf. starfar í og margir telja, að sé í ýmsu ábótavant. Til umr. um þetta mál fór mestur tími þingfundar í dag og áður margir þingfundir.

Þá flytja jafnaðarmenn till. til þál. um að banna sölu á mjólk til setuliðsins, ef Reykvíkingar og Hafnfirðingar telja sig þurfa á henni að halda. Sömu mennirnir og þrálátlegast hafa staðið gegn því, að nokkrar takmarkanir væru settar gegn því, að vinnuaflið í landinu færi til hins erlenda setuliðs, enda þótt innlendir atvinnuvegir þyrftu á því að halda, — og þá einnig bændur, sem framleiða mjólk og mjólkurafurðir. Sömu mennirnir, sem þegja við því og telja sennilega sjálfsagðan hlut, að Reykjavíkurbær selji hinu erlenda setuliði vatn og rafmagn til að hagnast á, þótt það komi mjög óþægilega niður á bæjarbúum sjálfum, verk-

smiðjur, verkstæði og vinnustöðvar margar verði að stöðva vinnu nokkurn hluta dags oft og tíðum og húsmæður bæjarins geti ekki á réttum tíma eldað matinn í heimilisfólkið vegna skorts á rafmagni. Og ótalið er þó enn það, sem máske sýnir ljósast hug þessara bæjarmanna á Alþingi í garð bændanna. Eins og kunnugt er, gerði síðasta Alþingi nokkurs konar samning, svo að segja einróma, með lögum um dýrtíðarráðstafanir, til að jafna þann ágreining, sem staðið hafði í mörg undanfarandi ár um það, hvert hlutfallið skyldi vera milli kauplags og afurðaverðs meðan styrjöldin stæði. — Helztu atriði þessa samnings voru þau, 1) að skipuð skyldi 6 manna nefnd, sem reiknaði þetta hlutfall út, þannig að „heildartekjur þeirra, sem landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta", — 2) að afla tekna með verðlækkunarskatti til framkvæmda málsins, og 3) að veita ríkisstj. heimildir til að verja fé til að greiða verð afurðanna niður á innlendum markaði, ef hún teldi þess þörf við framkvæmd laganna. — Allt var þetta því skilyrði bundið frá þingsins hálfu, að fullt samkomulag næðist milli allra þeirra 6 manna, sem í nefndina væru skipaðir. Það gleðilega skeði síðan, að þessir menn urðu allir á einu máli um það, hvaða verð bændur ættu að fá fyrir afurðir sínar til að ná þeim tilgangi, sem samningur eða lög Alþingis tilskildu. Það virtist því sem hér væri allur ágreiningur niður kveðinn og nú væri það aðeins sjálfsögð skylda þingsins að standa við þennan samning, sem gerður var, þegar öll skilyrði voru uppfyllt. En hvað skeður? Þingið er ekki fyrr komið saman en harðar og illvígar deilur eru hafnar um það, hvort standa eigi við þennan samning frá hálfu Alþingis og framkvæma hann. Og ekki er enn þá útséð um það, hvort nokkurt þessara þriggja atriða samningsins verður haldið. Um þau öll standa deilur nú, sem ekki er séð, hversu lýkur. Það er barizt gegn því að greiða verðuppbætur á útfluttar afurðir bænda, til að ná því verði, sem 6 manna nefndin taldi, að bændur ættu að fá, þótt innanlandsverðið á vörum þeirra væri ákveðið með tilliti til þess, að svo yrði gert. Og því er haldið fram, að þetta verð, sem nefndin ákvað, gildi aðeins um afurðir þær, sem seldar eru innanlands. Verður þá tæpast séð, hversu heildartekjur þeirra verða í samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta, ef nokkur hluti afurðanna á að greiðast með mun lægra verði, því að nefndin miðar verðlag sitt við það, að það gildi fyrir allar afurðir bændanna. Og ef standa á við þann samning, sem þingið gerði í fyrra um uppbætur, er það talið fátækrastyrkur. Þannig á að rifta aðalatriði og tilgangi laganna eða samningsins.

Það hefur verið borið fram frumvarp um að fella niður ákvæði samningsins um heimildir handa ríkisstjórninni til að greiða niður verð afurðanna á innlendum markaði, ef hún telur þess þörf, — og þetta frumvarp er þegar búið að samþykkja í gegnum 5 umræður í þinginu og á þannig aðeins eina eftir til að verða að lögum. Væri þá sæmilega tryggður hagur bændanna eða tekjur þeirra, eða hitt þó heldur, eins og hv. 1. þm. Reykv. var að guma af í gær, ef hann og aðrir sviptu burtu möguleikanum til að halda dýrtíðinni í skefjum. Kaupgjald og aðkeyptar vörur hækkuðu svipað í ár eins og sumarmánuðina 1942, en búið væri að fastákveða verð til bændanna allt árið, sem þá mætti ekki hækka neitt fyrr en 15. ág. n.k. — Og loks virðist mjög tvísýnt um, að ríkisstjórnin eigi að fá nokkrar tekjur til dýrtíðarráðstafananna, til verðlækkunar og verðjöfnunar, eins og greiðslur á aðfluttar afurðir eru í raun og veru. — Sumir sjálfstæðismenn meira að segja greiddu atkvæði gegn verðlækkunarskattinum, sem til þessa er ætlaður, í hv. Ed. í dag við 2. umr., að ég nú ekki tali um kommúnista, og þannig vildu margir sjálfstæðismenn gera því lægra undir höfði en mjólkurframvarpi kommúnista, sem felur í sér það stjórnarskrárbrot, að taka eignir bænda gegn engu endurgjaldi. — En með því greiddu flestir sjálfstæðismenn atkvæði til 2. umr. í hv. Nd. Þannig er markvisst unnið að því að eyða öllum ákvæðum þessara laga frá síðasta þingi og grafa undan þeim. Það er á allan hátt reynt að koma í veg fyrir það, að bændur fái fyrir afurðir sínar eins og þingið var búið að heita þeim, ef samkomulag næðist í nefnd hinna 6 manna, og samhliða er haldið uppi stöðugum árásum á þá sjálfa, fyrirtæki þeirra og framleiðslu, eins og áður er lýst. Ef þeir þingmenn bæjarflokkanna, sem fyrir þessum vinnubrögðum standa um löggjöf og rétt til handa bændastéttinni, fengju vilja sínum framgengt, þá sé ég ekki, hver munur yrði á aðstöðu bændanna í okkar þjóðfélagi nú og þeirri, sem ríkti hjá stéttarbræðrum þeirra í mörgum löndum á miðöldum, þar sem bændaánauðin var í algleymingi. Þeir ættu að uppfylla allar skyldur og erfiði, sem af þeim væri heimtað, en aðrir ættu að hafa allan réttinn, afraksturinn og friðindin. Ég skal játa það hreinskilnislega, að mig hafði jafnvel ekki dreymt um, að slíkur hugur og slík vinnubrögð kæmu fram í garð bændanna, þegar þessi breyting hefði farið fram á stjórnskipunarlögum landsins, og bjóst ég þó þar við engu góðu, eins og mörgum mun kunnugt um.

Það var vissulega við engu góðu að búast, eins og þingið og þjóðin snerust við þeim vanda, sem styrjöldin hafði í för með sér, hér eins og annars staðar. Allt samstarf er rofið milli flokka með miður drengilegum hætti um vandamálin, sem að sóttu, og það þegar mest reið á. Þess í stað er sett upp sú veikasta stjórn, sem enn hefur setið við völd hér á landi. Henni eru sett þau skilyrði til að fá að sitja, að hún megi ekkert aðhafast til að verjast flóðöldu hinnar ægilegu dýrtíðar, sem farin var að ógna öllu atvinnulífi landsmanna, og engin stærri átök gera, sem valdið geti ágreiningi stuðningsmanna hennar, kommúnista og jafnaðarmanna, til að leysa aðkallandi vandamál, sem styrjaldarástandið hafði í för með sér. En í þess stað er stofnað til þrálátrar og harðvítugrar baráttu innanlands, þeirrar, er enn stendur og allir óttast.

Þegar alda stríðsgróðans flæddi yfir landið og tugir og hundruð milljóna bárust þjóðinni í hendur, án þess að það væri fyrir framsýni eða dugnað þeirra, sem fengu þar drýgstan skerf, þá var aðeins um tvær leiðir að velja fyrir þjóð-

ina að fara. Annars vegar að hagnýta gróðann fyrir þjóðina alla, setja rammar skorður við vaxandi dýrtíð úr hófi fram, taka megnið af stríðsgróðanum með skattalöggjöf og hagnýta hann síðan til þess stórfelldasta landnáms og endurreisnar og nýsköpunar atvinnuvega þjóðarinnar, sem nokkurn tíma hefur gefizt tækifæri til að framkvæma. Byggja og nema landið með skipulegum og stórfelldum framkvæmdum, að styrjöldinni lokinni, og stæðum við nú þá betur að vígi en nokkur önnur þjóð í heimi, er illviðrinu mikla slotar, sem nú gengur um heim allan. — Þessa leið vildum við framsóknarmenn fara og gerðum til þess ítrekaðar tilraunir.

Hin leiðin var sú að gefa dýrtíðinni og gróðaæði einstaklinganna lausan tauminn, hefja æðisgenginn dans um gullkálfinn, þar sem hver hrifsaði sem bezt hann gat með pústrum og árekstrum hver við annan, en láta hitt liggja milli hluta, hvernig framtíðin yrði fyrir þjóðina í heild og hversu henni yrði bezt þjónað og hún tryggð. Með þessari leið mælti fyrrverandi stjórnarforseti, hv. þm. G.-K. (ÓTh), er hann sagði, að frá sínu sjónarmiði væri ekki svo mjög athugavert að láta dýrtíðina vaxa, kaupgjald og afurðaverð fara upp meir og meir, því að með því móti fengi fólkið hlutdeild í stríðsgróðanum. En með þessu var fólkinu talin trú um, að það væri að græða mjög, og það fengið til að standa með þeim, sem milljónunum voru að safna, til að standa gegn réttlátum og viturlegum skattaálögum á stríðsgróðann, svo að þjóðin sjálf gengur slypp frá borði, þegar dansinn er um garð genginn, almenningur horfir móti yfirvofandi atvinnuleysi og örðugleikum, en fjárplógsmennirnir, sem bezta höfðu aðstöðuna, ganga glaðir og reifir í tuga- og hundraðatali sem milljónerar. Þannig er leiðin, sem valin var, er mesta og glæsilegasta tækifærið kom til að skapa hér velmegandi og öruggt framtíðarþjóðfélag. Gleggsta dæmið um það, hve fjöldanum var villt sýn í þessum efnum, er það, að þegar borinn var fram eignaaukaskatturinn á síðasta þingi, þar sem taka átti kúf stríðsgróðans til almenningsheilla og tryggingar framtíðinni, þá þóttust fulltrúar verkamanna, jafnaðarmenn og kommúnistar á þingi, vera því fylgjandi. Og þeir hófu á okkur framsóknarmenn miklar ádeilur í útvarpsumræðum þá í þinglokin fyrir að vilja ekki framlengja þinginu til að koma þessu á. En að það var rétt, sem við héldum þá fram, að þetta væri aðeins til að sýnast og engin alvara fylgdi máli, það kemur nú svo berlega í ljós sem hugsazt getur á þessu þingi. Mestan hluta þess tíma, sem liðinn er af þinginu, var málið ekki einu sinni tekið á dagskrá, og eiga þó kommúnistar forsetann í þeirri deildinni, sem málið var lagt fram. Og það bólar enn þá fremur lítið á neinum áhuga um að koma þessu máli fram hjá þeim.

Þannig blasa myndir þjóðlífs vors og stjórnarfars fyrir augum þeirra, sem vilja sjá og athuga, hvað er að gerast. Og þegar kommúnistar skoða þetta, virðast þeir harla ánægðir, því að fyrir fáum dögum, þegar þeir stækkuðu blað sitt um helming, þá segja þeir, er þeir hafa litið yfir það, sem fram er að fara í þjóðlífi okkar, að nú sé kominn hinn ákjósanlegasti grundvöllur og tækifæri til að auka flokk sinn til áhrifa og byltinga, — og segja við flokksmenn sína: „Róið þið nú, því að nú er lagið, piltar.“ Þannig róa byltingaöflin annars vegar og gleðjast yfir því, hvaða leið hefur verið haldin hér að þeirra vilja. En hins vegar hagræða stórgróðaöflin og fjárplógsmennirnir sér, sem hjálpuðu til að halda þessa leið, og hyggja gott til valda og áhrifa einnig með gróða sinn og fjárhagslega aðstöðu. Og enn þá leika þessi öfl saman í stjórn höfuðborgar landsins og um flest mál á Alþingi, og það gengur þrálátur orðrómur um það, bæði á þingi og utan þess, að þeir hyggi til samvinnu um stjórn landsins og fá því aftur svipaða ríkisstjórn og þá, er sat í fyrrasumar og kommúnistar töldu það eitt til gildis, að hún væri veik, og almannarómur segir, að sé sú dýrasta stjórn þjóðinni, sem nokkru sinni hefur setzt í valdastól á landi hér.

Vonandi á slíkt ekki eftir að endurtaka sig, þótt allir hugsandi menn geti nú sagt og hugsað eins og sagt er: „Að Íslands óhamingju verður allt að vopni“. Óheillaöflin virðast svo máttug, að bezta tækifæri og aðstaða, sem þjóðin hefur fengið til framfara og farsældar, ætli að verða henni blekking ein og böl, sem langan tíma þarf til að bæta og lækna. Aðrar þjóðir, margar, sem fjötraðar eru og rændar frelsi, eru nú að búa sig undir að sýna öllum heimi það: „að jafnvel úr hlekkjunum sjóða má sverð, í sannleiks og frelsisins þjónustu gerð“, samhliða því, sem þjóðin, er frelsi fékk að fullu og flest tækifæri til að byggja framtíð betri og bjartari en börn hennar hafa áður þekkt, er að smíða sína eigin fjötra og helsi úr gullflóðinu, sem yfir hana gekk. — Þetta er raunasaga, en þó ekki óþekkt áður. Og enn verðum við að vona það, að þjóðin vitkist svo, að hún sjái háskann og kalli fram þá krafta, sem færir eru um að bjarga á örlagastund hennar. Þar verða allir hugsandi menn að taka höndum saman, sundra blekkingunum og falskenningum, sem til þess hafa leitt, sem orðið er, og horfast einarðlega og drengilega í augu við þá erfiðleika, sem yfir okkur og fram undan eru. — Íslendingar, látum öfgarnar til beggja hliða víkja úr samkundu þjóðarinnar og frá öllum áhrifum. Þær hafa leitt aðrar þjóðir á helstigu þá, sem þær fara margar nú, og svo munu þær einnig gera með þessa litlu þjóð og eru vel á vegi með það, ef áhrifum þeirra er ekki eytt með markvissu starfi og samtökum og samhug allra þeirra, sem sjá háskann og breyta samkvæmt því.

**Forseti (GSv):** Hv. þm. V.-Sk., Sveinbjörn Högnason, sem talaði af hálfu Framsfl. sem næst tilskilinn tíma, hefur nú lokið máli sínu. Næstur tekur til máls hv. þm. Hafnf., Emil Jónsson. Hann talar fyrir Alþfl. og hefur til umráða 20 mínútur.

**Emil Jónsson:** Herra forseti. Ég þarf ekki að svara öðru í ræðu hv. þm. V.-Sk., Sveinbjörns Högnasonar, er talaði hér síðast, en því, sem hann sagði um gagnrýni okkar alþflm. á Mjólkursamsölunni og till. okkar um takmörkun á mjólkursölu til setuliðsins. Hann gleymdi reyndar að geta um það, að sú skylda er lögð á herð-

ar mjólkursamsölunnar í l. um sölu mjólkur o. fl. frá 1935, í 7. gr., að sjá neytendum fyrir nægilegri mjólk. Hann gleymdi að geta um það, að sala til setuliðsins er því beinlínis lagabrot, á meðan ekki er séð fyrir nægilegri mjólk handa innlendum neytendum. Hann gleymdi enn að geta um það, að íslenzkir neytendur í bæjunum, sem enga mjólk fengu, voru látnir borga að verulegum hluta mjólkina handa hinu erlenda setuliði, sem þeir fengu ekki sjálfir að kaupa. Og hann gleymdi loks alveg að geta þess, að þegar kurteisar aðfinnslur voru bornar fram vegna þessarar sölu, var ekki svarað öðru en ónotum og skömmum. — Má svo hver lá okkur sem vill, að við neyddumst til að bera fram þáltill. um þetta efni, meðal annars til þess að kenna þessum hv. þm. og öðrum hans félögum, að lögin eiga að ná til hans eins og annarra í þessu landi. Fleira þarf ég svo ekki að segja við þennan hv. þm. að svo stöddu.

Það var nokkurn veginn fyrirfram vitað, að þessar eldhúsumræður mundu verða með nokkuð öðrum hætti en venjulega, þar sem alþingismenn skiptast nú ekki eftir stuðningi við núverandi hæstv. ríkisstjórn og stjórnarandstæðingar eru ekki til sem flokkur, og ekki heldur stjórnarsinnar, en hitt kemur mér dálítið undarlega fyrir sjónir, að umræðurnar skuli að langsamlega mestu leyti snúast um það málið, sem ekkert eða sama og ekkert hefur verið rætt á þessu þingi, sem nú situr. Alþingi hefur nú bráðum verið að störfum í þetta sinn í þrjá mánuði, en tillögur til úrbóta í dýrtíðarmálinu hafa verið undarlega fáar, eða réttara sagt engar enn sem komið er. Að háttv. þingmenn skuli því velja sér þetta mál að aðalumræðuefni, kemur því sjálfsagt til af því, að þeir hafa ekki góða samvizku í þessu máli og þeim finnst þeir þurfa að afsaka sig, sumir meira, aðrir minna, en allir eitthvað.

Alþýðuflokkurinn mun þá ekki heldur neita því að taka þátt í þessum umræðum, einkum og sér í lagi vegna þess, að honum er fullljóst, hverja úrslitaþýðingu þessi mál geta haft fyrir afkomu þjóðarinnar í heild, og eins vegna þess, að Alþfl. hefur borið fram þær tillögur í þessum málum, sem líklegastar eru til úrbótar. Ég tel því réttast að gefa hér stutt yfirlit yfir það helzta, sem gerzt hefur í málinu, síðan fyrst var byrjað um það að tala, því að það gefur þá beztu og sönnustu mynd af því, sem hægt er að gefa.

Með lögunum um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, sem sett voru í apríl 1939, voru gerðar hinar fyrstu dýrtíðarráðstafanir, þar sem óttazt var um, að gengislækkunin mundi annars hafa í för með sér verðhækkun á ýmsum nauðsynjavörum. Þessar ráðstafanir voru í höfuðatriðum eftirfarandi:

1. Hækkun landbúnaðarafurða var látin hlíta sömu reglum og hækkun kaupgjalds láglaunaðs verkafólks, m. ö. o. ákveðið, að þáverandi hlutfall milli afurðaverðs og kaupgjalds skyldi haldast óbreytt.
2. Hækkun húsaleigu var bönnuð.
3. Hækkun útlánsvaxta var bönnuð.
4. Verðlagseftirlitið var skerpt.

Þessar ráðstafanir gáfu yfirleitt góða raun, því að verðlag hækkaði á tímabilinu apríl—okt. þetta ár, eða fram að þeim tíma, er áhrif ófriðarins fóru að segja til sín, um aðeins 3%. Þessar dýrtíðarráðstafanir eru því áreiðanlega þær, sem langbezt hafa náð tilgangi sínum af öllum ráðstöfunum fyrr og síðar í þessa átt, sem gerðar hafa verið, og má hiklaust þakka það fyrst og fremst þeirri ráðstöfun, að haldið var föstu hlutfallinu milli afurðaverðsins og kaupgjaldsins, eins og það var þá. Strax í stríðsbyrjun hækkaði verðlagið reyndar lítilsháttar á erlendu vörunni, þannig að framfærsluvísitalan var 1. jan. 1940 komin upp í 112, en einmitt þá var stigið örlagaríkasta sporið í dýrtíðarmálunum, það spor, sem markað hefur stefnuna síðan og kom af stað því eiginlega dýrtíðarkapphlaupi, sem enn er ekki séð fyrir endann á, og á ég hér við það óheillaspor, þegar numið er úr lögum það ákvæði, að verðlagið á landbúnaðarvörunum skyldi fylgja kaupgjaldi verkafólks. Þarna var varnargarðurinn móti dýrtíðinni rofinn, en ekki 1942, eins og Hermann Jónasson sagði í gær. Hefði þetta atriði enn verið í lögum, mundi dýrtíðin ekki vera nema nokkur hluti af því, sem hún nú er. Afleiðingarnar komu líka brátt í ljós. Vísitala landbúnaðarafurða var haustið 1940 komin upp í 163 stig, en á sama tíma var vísitala framfærslukostnaðar 142 stig og kaupgjaldsvísitalan 127. Með öðrum orðum, landbúnaðarafurðirnar höfðu á þessu stutta tímabili, sem liðið var frá því að þær voru rofnar úr tengslum við kaupgjaldið, hækkað meir en helmingi meira en kaupgjaldið.

Um áramótin 1940/41 gengu úr gildi kaupbindingarákvæði gengislaganna, og notuðu verklýðsfélögin sér það yfirleitt til að semja um fulla verðlagsuppbót á kaupið, og aðeins einstaka um nokkra grunnkaupshækkun. Má yfirleitt segja það verklýðsfélögunum til verðugs lofs, að þau notuðu sér ekki það tilefni, sem þá þegar var gefið með mikilli hækkun landbúnaðarafurðanna, til að fara lengra, sem þó hefði ekki verið óeðlilegt.

Á miðju ári 1941 var borið fram af meiri hl. fjhn. Nd. fyrir tilmæli viðskiptamálaráðherra þáverandi, Eysteins Jónssonar, frumvarp um ráðstafanir til tekjuöflunar o. fl. vegna dýrtíðarinnar. Voru í þessu frumvarpi hin illræmdu ákvæði um launaskatt, sem þó náðu ekki fram að ganga. Annars varð frv. að lögum allbreytt frá því, sem það var upphaflega, er það var lagt fram. Aðalatriði þessara laga voru:

1. Heimild til að fella niður með öllu eða lækka tolla af tilteknum nauðsynjavörum.
2. Heimild til að ákveða farmgjald af vörum.
3. Heimild til að verja fé úr ríkissjóði til að koma í veg fyrir, eftir því sem hægt væri, að verðlag á innlendum og erlendum vörum hækki og til þess að styðja þá framleiðendur, sem af styrjaldarástæðum eru knúðir til að selja framleiðsluvörur sínar óeðlilega lágu verði.
4. Heimild til að innheimta með 10% álagi tekju- og eignarskatt og til að leggja á sérstakt útflutningsgjald á íslenzkar afurðir, allt að 10%,

og enn fremur að hækka um 50% tolla á áfengi og tóbaki og gjald af innlendum tollvörum, og loks að verja úr ríkissjóði allt að 5 millj. kr., allt til að halda niðri dýrtíðinni.

Þessar heimildir, sem fólu í sér allmikla möguleika til að halda dýrtíðinni í skefjum, voru þó ekki notaðar nema að mjög óverulegu leyti, enda hélt dýrtíðin áfram að vaxa á árinu úr 146 stigum í ársbyrjun í 177 stig í árslok.

Á síðara aukaþinginu 1941, sem aðallega eða eingöngu var kallað saman til að ræða um dýrtíðarmálin, lagði Alþfl. fram sínar tillögur. Þær voru í höfuðatriðum þessar:

1. Samræming alls verðlagseftirlits hjá einum aðila, er starfi á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Skyldi verðlagsákvörðun þessi ná til innlendra jafnt sem erlendra vörutegunda.
2. Fastari grundvöllur fyrir verðlagseftirlitið til að starfa eftir.
3. Afnám allra tolla á skömmtunarvörur og nokkrar aðrar vörutegundir.
4. Lækkun farmgjalda niður í það, sem þau voru fyrir stríð.
5. Stofnun dýrtíðarsjóðs og ákvæði um tekjuöflun til hans, til þess að koma í veg fyrir aukningu dýrtíðarinnar. Dýrtíðarsjóði séu tryggðar ca. 14 millj. kr. tekjur, auk útflutningsgjalds.
6. Úr dýrtíðarsjóði sé einnig varið fé til að styrkja þá framleiðendur, sem ekki fá viðunandi verð fyrir afurðir sínar.
7. Hinni almennu heimild um útflutningsgjald sé breytt í heimild til að leggja útflutningsgjald á vörur, sem fluttar eru út með stríðsgróða.
8. Heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa birgðir af nauðsynlegum vörum og annast dreifingu þeirra á þann hátt, er hún telur heppilegastan.

Óhætt má fullyrða, að ef eftir þessum tillögum hefði verið farið, hefði verið hægt að halda niðri dýrtíðinni, og sennilega hefði einnig mátt lækka hana. Kom þar til greina, hversu miklu fé hefði verið til þess varið. En í staðinn fyrir að samþykkja þetta frv. var ekkert gert, og dýrtíðin hélt áfram að vaxa upp í 177 stig um áramótin, eins og áður er sagt.

Atburðirnir um áramótin 1941/42 eru enn í svo fersku minni, að ekki þarf að rifja þá upp. Nokkur iðnfélög höfðu farið fram á lítilsháttar grunnkaupshækkun, sem atvinnurekendur í viðkomandi iðngreinum höfðu ýmist gengið að eða stóðu í samningum um. Öllum samningaumleitunum var þá skyndilega hætt og gerðardómslögin frægu sett. Alþfl. mótmælti þessari skipan málanna með öllum þeim þunga, sem hann átti til, og, er þau samt sem áður voru látin ganga í gildi, hélt hann uppi á móti þeim harðri baráttu, sem endaði eins og kunnugt er með því, að kaupgjaldsákvæðin voru numin úr lögum, er þau höfðu staðið rúmlega ½ ár. Má óhikað þakka það hinni harðvítugu baráttu Alþfl., að ekki tókst að lögfesta þessi ákvæði til frambúðar, enda hefur það verið viðurkennt af höfuðandstæðingum flokksins.

Á vetrarþinginu 1942 flutti Alþfl. dýrtíðarfrumvarp sitt á ný og enn fremur frv. um gengishækkun, sem ef lögfest hefði verið, hefði áreiðanlega átt drjúgan þátt í lækkun dýrtíðarinnar, auk þess sem sparifjáreign manna hefði aukizt að verðmæti. Ekkert af þessum tillögum náði þó samþykki, og vísitalan hélt áfram að vaxa á þessu ári úr 183 upp í 272, en það hefur hún hæst komizt.

Þannig stóðu sakir, er núverandi hæstv. ríkisstjórn tók við. Fyrstu ráðstafanir, er hún gerði, voru að fá samþykkt verðfestingarákvæðin inn í gerðardómslögin, og voru þau í gildi í rúma 2 mánuði, en á því tímabili ætlaði ríkisstjórnin sér að hafa samið dýrtíðarlög, er færðu vísitöluna 30—40 stig niður. Þetta tókst nú ekki, því að frumvarpi því, er ríkisstjórnin bar fram í þessu skyni, var öllu gerbreytt, svo að heita mátti, að þar stæði ekki steinn yfir steini.

Eina ráð núverandi hæstv. ríkisstjórnar til þess að halda ofurlítið í hemilinn á dýrtíðinni hefur verið að greiða hana niður með framlögum úr ríkissjóði, sem hæstv. fjármálaráðh. upplýsti í gær, að notaðar mundu verða til í ár hér um bil 10 millj. kr., auk þess sem greitt hefur verið á árinu til verðuppbóta á útfluttar landbúnaðarvörur, sem upplýst hefur verið áður, að næmi rúmum 15 millj. króna. Virðist því svo sem alls muni verða greitt á þessu ári um 25 millj. króna úr ríkissjóði í verðuppbætur á landbúnaðarvörur, eða rúmar 4 þús. kr. á hvert einasta býli á landinu.

Hv. 1. þm. Reykv., Magnús Jónsson, sagði í ræðu sinni í gærkvöldi, að dýrtíðin væri innflutt. Ég segi nú: Dýrtíðin er að mjög verulegu leyti heimatilbúin. Það er eftirtektarvert, að þegar vísitala framfærslukostnaðar komst sem hæst, í 272, áttu tvær eða þrjár vörutegundir innlendar sök á um það bil helmingi allrar hækkunarinnar, en það voru kjöt, mjólk og egg og vörur skyldar þeim. Það hefur því alltaf verið augljóst hverjum, sem vildi sjá, að frumorsök hinnar miklu dýrtíðar er að finna í þeirri ráðstöfun, er gerð var í jan. 1940, fyrst og fremst að tilhlutan Framsfl., þegar landbúnaðarvörurnar innlendu voru teygðar langt fram fyrir verkakaupið.

Nú kann einhver að segja: Þetta getur ekki verið tilfellið, því að 6 manna nefndin svokallaða, sem sett var síðastliðið vor til að finna rétt hlutfall milli kaupgjalds og verðlags á innlendum vörum, komst að þeirri niðurstöðu einróma, að enn þyrfti verðið á innlendu vörunni að hækka, samanborið við kaupgjaldið, — og það er rétt, nefndin komst að þessari merkilegu niðurstöðu.

Ég hef áður hér á Alþingi lýst því nokkuð, hvernig vinnubrögð þessarar nefndar komu mér fyrir sjónir, og ég get ekki tímans vegna endurtekið það hér, en ég get sagt það samt, sem var niðurstaðan af athugunum mínum í þessu efni, að niðurstöður nefndarinnar eru í ýmsum atriðum mjög vafasamar og í sumum atriðum beinlínis rangar, eins og t. d. það, þegar sjómönnum, sem selja hlut sinn eftir föstum samningi og fá því ekki hækkun á kaup sitt samkvæmt vísitölu, er áætluð vísitöluhækkun eins og öðrum mönnum, er vinna fyrir föstu kaupi. Á þetta hefur verið bent, og því hefur ekki ver-

ið mótmælt. Með þessu móti var hægt að teygja áætlað meðalárskaup verkamanna upp í 15500 kr., sem áreiðanlega stenzt ekki, og við þessa upphæð var svo miðað, þegar verðlagið var ákveðið á landbúnaðarvörunum. Sömuleiðis var áætlað í þessum útreikningum, að útgjöld meðalbús, með 5 kýr og 80 ær, fyrir aðkeyptan vinnukraft væri talsvert á 13. þús. kr. á ári.

Þessar tölur gefa ærið tilefni til umhugsunar.

Hverjir bera svo ábyrgð á þessum niðurstöðum 6 manna nefndarinnar?

Hv. 1. þm. Reykv., Magnús Jónsson, upplýsti í gær, að í nefndinni hefðu átt sæti 1 framsóknarm., 3 sjálfstæðismenn og 2 kommúnistar. Þessir menn bera því ábyrgðina á gerðum nefndarinnar. Gagnvart neytendum og verkamönnum verður þó sökin þyngst á fulltrúum þessara aðila, sem voru kommúnistarnir. Í fyrsta sinni fóru þeir hér einir með umboð verkalýðs- og launastéttanna í stórfelldu máli. Og strax nota þeir þetta fyrsta tækifæri til að svíkja þann málstað, sem þeim var trúað fyrir. Til hvers? spyrja menn. Brynjólfur Bjarnason gaf svarið í ræðu sinni í gær. Hann sagði, að hér hefði bændum verið veitt ofrausn og það svo, að meðalbóndi gæti nú samkvæmt þessari ákvörðun 6 manna nefndarinnar haft tvöfalt kaup á við verkamann, og það er vissulega satt. En hann krafðist líka launanna. Hann sagði, að fyrir þetta og aðra hugulsemi kommúnista við bændur bæri þeim nú að fela sér og sínum flokksmönnum umboð sitt og engum öðrum. Það var tilgangurinn. Fyrir þessa von um atkvæði bænda voru launastéttirnar sviknar.

Eitt mótatkvæði dugði til þess að hindra þetta samkomulag, sem þarna var gert. En þetta atkvæði var ekki greitt af þeim, sem áttu að gera það og bar skylda til að gera það, — og árangurinn er, segir Brynjólfur Bjarnason í gær, pólitískur sigur fyrir alþýðuna í landinu,

Ég skal ekkert um það fullyrða, hvort þessi aðferð verður pólitískur sigur fyrir hv. 5. þm. Reykv. (BrB) og hans flokk, en hitt vil ég fullyrða, að fyrir alla alþýðu í landinu, bæði til sjávar og sveita, verður þessi ráðstöfun til að viðhalda dýrtíðinni og hækka hana ekki pólitískur sigur fyrir þessar stéttir, heldur þeim til bölvunar.

Atvinnuleysið er nú aftur að halda innreið sína. Og með sama áframhaldi verður ekki langt þangað til þeir atvinnuvegir, sem háðir eru verðlagi á erlendum markaði, geta ekki risið undir dýrtíðinni. Við getum ekki greitt 21 kr. fyrir smjörkíló, þegar það fæst frá Ameríku með gífurlegum flutningskostnaði fyrir 7 krónur hingað komið. Við getum ekki greitt 1—2 kr. fyrir kartöflukíló, þegar það kostar 40 aura í Englandi, og við getum ekki framleitt útflutningsvöru, sem á að standast samkeppni á erlendum markaði, með sífellt hækkandi dýrtíð. Og síðast, en ekki sízt, við getum ekki greitt úr ríkissjóði 25 millj. króna á einu ári í uppbætur á landbúnaðarafurðir, jafnmikla upphæð eða sennilega miklu hærri en allur okkar togarafloti kostaði nýr í upphafi. Ríkissjóðurinn verður þá alls ómegnugur að sinna öðrum og aðkallandi vandamálum.

Þetta er allt sjálfskaparvíti vegna rangrar fjármálastefnu, sagði hv. þm. Str., Hermann Jónasson, í gær, og það er vissulega rétt. En hann og hans flokkur hefur staðið manna fastast að þessari pólitík.

Í fyrra um þetta leyti fóru fram samningaumleitanir milli Alþfl., Framsfl. og Kommfl. um myndun vinstri stjórnar. Þessar samningaumleitanir fóru út um þúfur, aðallega eða eingöngu vegna þess, að kommúnistar vildu ekki taka þátt í þeim. Þeir hafa reynt að bera ýmsu við, eins og þegar Brynjólfur Bjarnason sagði í gærkvöldi, að Framsókn hefði viljað setja skilyrði um allsherjar kauphækkun og ýmislegt fleira, sem allt er meira og minna uppspuni. Þeir töldu sig hafa meiri pólitískan ávinning að því að standa ekki að þessari stjórnarmyndun. Nú hugsa allar þjóðir um að undirbúa framtíðina að stríðinu loknu, jafnvel alveg sérstaklega þær, sem eiga í blóðugum ófriði. Nú hafði íslenzk alþýða betra tækifæri en nokkru sinni áður til að undirbúa sína framtíð. Þjóðin hafði yfir miklu fjármagni að ráða, og ef það var notað rétt, mátti álíta, að vissa væri fyrir því, að búa mætti atvinnuvegina hinum beztu tækjum til að standast samkeppnina við aðrar þjóðir að stríðinu loknu. Í stað þessa er tekjum og eignum ríkissjóðsins dreift út í veður og vind á þann hátt, að mjög vafasamt er, hvort þetta fjármagn kemur að nokkrum framtíðarnotum, og víst er, að það kemur ekki að þeim notum, sem það hefði getað komið, ef vel hefði verið á haldið. Þetta, að þessi einstæðu tækifæri voru á úrslitastundu látin ónotuð, má íslenzk alþýða þakka kommúnistum. Það verður þeirra sögulega hlutverk í pólitík líðandi stundar, þegar meira valt á en nokkru sinni, að vel væri á haldið, ásamt því að kyngja skilyrðis- og athugasemdalaust hinu makalausa verðlagi, sem sett hefur verið á ísl. landbúnaðarafurðir af 6 manna nefndinni. Nú telur þessi flokkur sig ekki eiga annað eftir en að uppskera launin fyrir þessa rausn, eins og Brynjólfur Bjarnason sagði, sem vel mætti kalla ofrausn, — en skyldi ekki verða bið á því? Ég veit vel, að það verður gerð tilraun til að afflytja þá skoðun, sem ég hef hér látið í ljós á dýrtíðarmálunum, og við Alþýðuflokksmenn stimplaðir sem óvinir bændastéttarinnar, en það verður þá að fara sem vill með það. Ég er þeirrar skoðunar, að þegar atvinnuleysið fer að sýna sig í kaupstöðunum, kaupmáttur allrar alþýðu þar þverr, og ríkissjóður, þurrausinn eins og hann er, reynist ómegnugur til að ráða bót á ástandinu, þá muni ef til vill einhver skilja, að heppilegra hefði nú máske verið að fara ofurlítið öðruvísi að.

**Forseti (GSv):** Þá hefur hv. þm. Hafnf. lokið máli sínu. Hann talaði af hálfu Alþfl. Næstur tekur til máls hv. 2. landsk. varaþm., Þóroddur Guðmundsson, og talar af hálfu Sameiningarflokks alþýðu — sósíalistaflokksins.

**Þóroddur Guðmundsson:** Þó að hinir 3 gömlu þjóðstjórnarflokkar deili nú allhart hver á annan, má segja, að samvinna þeirra við afgreiðslu fjárlaganna hafi verið hin innilegasta. Fulltrúar þeirra í fjárveitinganefnd stóðu yfirleitt saman um að fella margar merkar og sjálfsagðar um-

bótatillögur okkar sósíalista, og skiluðu sameiginlegu áliti um fjárlögin, sem var mjög í anda gömlu þjóðstjórnarinnar. Síðan stóðu þeir saman við 2. umr. hér í þinginu um að drepa flestar þessar tillögur okkar.

Á þeim fáu mínútum, sem ég hef hér til umráða, get ég ekki rakið allar fjárlagatillögur okkar sósíalista, en mun aðeins drepa á nokkrar þeirra.

Við leggjum til, að styrkur til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli verði 500 þús. í stað 250 þús. Landlæknir skýrir svo frá, að slíkar byggingar séu ýmist byrjaðar eða standi fyrir dyrum á 17 stöðum á landinu, og má af því öllum vera ljóst, að upphæð þessi er sízt of há.

Þá leggjum við til, að styrkur til viðbyggingar sjúkrahússins á Akureyri verði 500 þús. kr. í stað 200 þús. kr. Allir, sem til þekkja, vita, að hina brýnustu nauðsyn ber til að ljúka þessari viðbyggingu, en að það er ekki hægt nema þessi fjárveiting fáist.

Í þessu fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, er ákveðið, að sjúkrahúsin á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði skuli fá 250 kr. styrk á hvert sjúkrarúm auk hlutfallslega sama styrks og sjúkrahúsin á Siglufirði og í Vestmannaeyjum. Við sósíalistar leggjum til, að styrkurinn til sjúkrahúsa verði nokkuð hækkaður og þau fái öll hlutfallslega jafnháan styrk.

Tillagan um að mismuna þannig sjúkrahúsunum er frá þm. S.-Þ. (JJ) og er ekki annað en naglaskapur við Siglfirðinga og Vestmannaeyinga. Sjúkrahúsin á Siglufirði og í Vestmannaeyjum eiga jafnmikinn rétt til styrks úr ríkissjóði og önnur sjúkrahús. Það er því óafsakanlegt óréttlæti að taka þessi tvö sjúkrahús út úr og láta þau hafa lægri styrk en hin sjúkrahúsin, hvað svo sem Jónas frá Hriflu og hans nánustu bandamenn, kratarnir og framsóknarflokksdeildin í Sjálfstfl. segja. Allar þessar till. voru felldar.

Við leggjum til, að styrkur til byggingar barnaskóla utan kaupstaða verði 750 þúsund og förum þar eftir vel rökstuddum tillögum fræðslumálastjóra. Þjóðstjórnarfl. líta hinsvegar svo á, að 400 þús. nægi.

Til byggingar húsmæðraskóla í sveitum leggjum við til, að veittar verði 520 þús. kr. Þjóðstjórnarflokkarnir töldu nægilegt 340 þús. kr.

Íþróttanefnd ríkisins og íþróttafulltrúi fóru fram á, að til íþróttasjóðs yrðu veittar 650 þús. kr., og var beiðnin rökstudd með því, að miklar framkvæmdir stæðu yfir á vegum íþróttasjóðs víðsvegar um land, sundlaugabyggingar, íþrótta- og leikvellir, íþróttahús o. fl., o. fl. Við lögðum til að verða við beiðninni um 650 þús. kr., en þjóðstjórnarfl. þótti upphæðin 200 þús. kr. of há og samþykktu aðeins 450 þús. Þannig sýndu þeir umhyggju sína fyrir íþróttamálunum í verki.

Við lögðum til, að bókakaupastyrkur til Landsbókasafnsins yrði 100 þús. kr. Það þótti þjóðstjórnarflokkunum 20 þús. kr. of hátt.

Við lögðum til, að styrkurinn til skálda og listamanna yrði 450 þús. kr. Það þótti þjóðstjórnarflokkunum 75 þús. kr. of mikið.

Þá vil ég geta tveggja tillagna, sem við sósíalistar fluttum varðandi öryggismál sjómanna. Önnur um það, að til slysavarna væru veittar 100 þús. kr. Þetta var fellt og aðeins veittar 50 þús. kr. — Hin tillagan var um það að veita 700 þús. kr. til vitabygginga. Hún var einnig felld og aðeins samþ. 350 þús.

Það er sannarlega hart til þess að vita, að ýmsir menn, sem kosnir eru til þings sem fulltrúar og forsvarsmenn sjómanna og útgerðarmanna, skuli hafa slíka afstöðu til öryggismála sjómanna. Að slíkum þingmönnum er hreint og beint vanvirða.

Ég hef hér drepið á aðeins nokkrar fjárlagatillögur okkar sósíalista; við höfum flutt fjöldamargar aðrar tillögur um aukin framlög til verklegra framkvæmda. Margar þeirra hafa verið drepnar, en það er sjálfsagt að geta þess, sem gert er, að ýmsar af tillögum okkar um hækkuð framlög til vegagerða og annarra verklegra framkvæmda hafa verið samþ. Sama er að segja um framlög til menningar- og menntamála. Þó að margar till. okkar hafi verið drepnar, höfum við samt töluverðu áorkað til umbóta á þessum fjárlögum þrátt fyrir allt.

Ég mun þá aðeins til viðbótar geta tveggja tillagna okkar við gjaldahliðina, en það eru þær tillögur, sem við teljum mestu máli skipta. Önnur till. er um að leggja 4 milljónir til eflingar íslenzkum landbúnaði og verja þeim að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands til stofnunar byggðarhverfa í sveitum og til samfelldra ræktunarframkvæmda og stofnunar fyrirmyndarbúa. Þessi tillaga var felld. En hvers vegna geta Framsóknar- og Alþýðufl. ekki samþ. slíka tillögu?

Framsfl. er andvígur samfærslu byggðarinnar í sveitum, hann er andvígur að framkvæma samvinnustefnuna við landbúnaðarframleiðsluna. Með samfærslu byggðarinnar og stofnun stórra samyrkjubúa er hægt að notfæra sér mikilvirkar nýtízku vélar og líkur til, að slíkt búskaparlag geti veitt þeim, sem við það vinna, lífvænleg og skemmtileg kjör. En framtíðartakmark forkólfa Framsfl. er nú: nokkrir ríkir stórbændur og margir fátækir einyrkjar dreifðir um sveitir landsins. Með slíku búskaparlagi gæti allur fjöldi bænda ekki dregið fram lífið nema með stórfelldum uppbótum á afurðir sínar og stórfelldum styrkjum úr ríkissjóði. Þessa styrki og uppbætur ætla svo framsóknarbroddarnir að kaupa atvinnurekendur og auðmenn landsins til að láta í té af almannafé gegn því, að þeir styðji þá í kaupdeilum og öðrum átökum við launþegastéttina og tryggi áfram pólitísk völd auðmannanna í landinu. Þannig vilja framsóknarbroddarnir nota fátæklingana í sveitinni gegn fátæklingum í bæjunum til hagsmuna fyrir auðmannastéttina, og hefur þeim oft og tíðum ekki blöskrað að vinna ýmis sóðaverk, sem jafnvel auðmennina sjálfa hefur klígjað við.

Sem betur fer er fjöldi bænda að skilja, hvert stefnir, og sér, að það er þeim fyrir beztu að taka höndum saman við hið vinnandi fólk kaupstaðanna gegn yfirgangi og sérréttindakröfum eignastéttanna. Slíkri samvinnu allrar alþýðu til sjávar og sveita er Sósfl. stofnaður til að koma á og stjórna.

Það, sem réð því, að Alþfl. greiddi atkv. gegn þessari tillögu, er þjónslund hans við framsóknarbroddana, enda hafa framsóknarbroddarnir að mestu stjórnað Alþfl. um fjöldamörg ár.

Hin aðaltillaga okkar til viðreisnar atvinnuvegunum er um það, að ríkissjóður leggi til hliðar 10 millj. til byggingar fiskiskipa, og verði síðar tekin ákvörðun um, hvernig skipunum yrði ráðstafað.

Þessi tillaga var felld í fjvn., og við 2. umr. fjárlaganna hér í þinginu var hún felld með 33: 13 atkv. Aðeins þrír menn úr þjóðstjórnarflokkunum gömlu gátu fylgt okkur sósíalistum að málum um till.

Við Íslendingar eigum einhver beztu fiskimið í heimi, og það er okkar aðalauðlegð. Sjávarútvegurinn er sá af atvinnuvegum okkar, sem hefur verið, er og mun verða traustastur á að byggja. Þess vegna eigum við að hlynna að honum. Skipastóll okkar er gamall og úreltur, og það er hrein og bein skylda Alþingis við þjóðina nú, í öllu þessu peningaflóði, að gera ráðstafanir til að endurnýja skipastólinn með vönduðum nýtízku skipum. Það er ekki einungis skylda við fiskimannastétt okkar, sem er einhver harðsæknasta og duglegasta fiskimannastétt, sem nokkur þjóð á, heldur er þetta beinlínis lífsspursmál fyrir alla þjóðina. — Við gerðum það með vilja að fara ekkert inn á í tillögu okkar, hvernig þessum skipum yrði varið, við leggjum aðeins til, að 10 milljónum verði varið til byggingar góðra fiskiskipa. Í okkar augum er aðalatriðið að fá skipin inn í landið, það má seinna taka ákvörðun um, hvort skipin yrðu rekin af ríkinu eða seld bæjarfélögum, hlutafélögum, samvinnufélögum eða einstaklingum. Um þetta kunna að verða skiptar skoðanir, og þess vegna vildum við ekki minnast á í till. okkar, hvernig skipunum yrði ráðstafað, af ótta við, að deilur um það kynnu að spilla fyrir, að skipin yrðu byggð. Og við héldum, að við mundum fá till. okkar samþykkta, því að við vitum að yfirgnæfandi meiri hl. kjósenda þjóðstjórnarflokkanna er okkur sammála um hana. En till. var felld. Þessi framkoma þjóðstjórnarflokkanna á Alþingi hefur þegar vakið svo mikla gremju, að þeir eru dauðhræddir og reyna nú að breiða svolítið yfir ávirðingu sína eftir á.

Í fjárveitinganefnd var samþ. með shlj. atkv. núna eftir 2. umr. að leggja til að heimila ríkisstj. að verja allt að 5 millj. króna úr framkvæmdasjóði ríkisins til byggingar fiskiskipa. Þessi tillaga er samþ. einvörðungu af því, að okkar till. kom fram, og af óttanum við kjósendur.

Það er dálítið gaman að Alþfl. í sambandi við þetta mál. Fulltrúi hans í fjvn., Finnur Jónsson, gat ekki fylgt þessari till. hvorki í fjvn. né við 2. umr. í þinginu. Alþýðublaðið sagði um afstöðu Finns í fjárveitinganefnd, að hann hefði staðið milli minni og meiri hlutans og þá heldur nær meiri hlutanum, — framsóknar- og sjálfstæðismönnum. M. ö. o. um þessa till., sem skipti svo langmestu máli af öllum tillögum, sem fluttar voru, stóð Finnur heldur nær meiri hl., sem ekkert vildi leggja til skipabygginga, heldur en okkur sósíalistunum í minni hl., sem vildum leggja fram 10 milljónir í þessu skyni. Þetta er rétt hjá Alþýðublaðinu, þó að það segi sjaldan satt. En Finnur er hræddur við kjósendur, enda mikið svikið sína kjósendur, og þegar hann varð var við, hve vinsæl tillaga okkar er þegar orðin, fannst honum nauðsynlegt að þvo sig og félaga sína og flytur nú tillögu ásamt þeim um 9½ millj. kr. til skipakaupa. Sá galli er þó á þessari till., að gert er ráð fyrir, að framlagi þessu verði varið í styrki og lán eftir reglum, sem eru þannig, að eingöngu efnamenn og auðmenn geta notfært sér það.

Við sósíalistar munum fylgja tillögunni um 9½ millj. króna framlag til skipakaupa, en munum leggja til, að af henni verði sniðinn þessi annmarki, sem ég hef hér minnzt á. Allir vita, að Alþfl. hefði ekki flutt þessa till., hefðum við sósíalistar ekki flutt okkar till. um 10 milljónirnar.

Það var ekki síður broslegt að heyra þennan þm. belgja sig út yfir einhverjum rannsóknum, sem hann og flokksmenn hans hefðu látið fara fram á því, hvort hægt væri að fá smíðuð skip í Svíþjóð. Alþfl. hefur víst af litlu að hæla sér í þessu efni, heldur er hér um þeirra venjulega raup að ræða, og þáltill. okkar sósíalista um að fela ríkisstjórninni að athuga möguleika á því að fá smíðuð og keypt skip í Svíþjóð eða annars staðar er ekki byggð á neinum upplýsingum Finns Jónssonar né annarra krata, enda er það á allra vitorði, að hægt muni að fá smíðuð skip í Svíþjóð.

Í samræmi við þær kröfur okkar sósíalista, að gerðar verði nú í peningaflóðinu raunhæfar ráðstafanir til að tryggja framtíð atvinnuvega landsins, höfum við flutt þáltill. um, að Alþingi kysi 5 manna nefnd til að rannsaka möguleika á því að salta síld næsta sumar í stórum stíl, útvega og smíða tunnur, kaupa vélar til að sjóða og leggja niður síld og aðrar ráðstafanir í því sambandi.

Í sambandi við hjálparstofnun hinna sameinuðu þjóða ætti að athuga þessa möguleika. Slík stórfelld matvælaframleiðsla ljúffengrar og hollrar fæðu, sem síldin er, ætti að geta notið stuðnings þessarar stofnunar, og um leið og það hjálpar við atvinnuvegum þjóðarinnar, gerir það okkar þjóð mögulegt að verða liðtækur þátttakandi í hinu göfuga starfi hjálparstofnunarinnar. Ekki verður enn þá séð, hvaða afgreiðslu þessi till. fær, en ekki er hægt að segja, að þjóðstjórnarflokkarnir hafi tekið henni með neinni hrifningu, svo sjálfsögð sem hún er. En ég veit það, að bæði þessar stóru viðreisnartillögur okkar og einnig smærri umbótatillögurnar eru að skapi allrar alþýðu í landinu, ekki aðeins kjósenda Sósfl., heldur og þeirrar alþýðu, sem enn þá kýs þjóðstjórnarflokkana. — Svo er það alþýðunnar, sem kosið hefur þjóðstjórnarflokkana, að draga nú réttar ályktanir af þeirri staðreynd, að í öllum þessum áhugamálum alþýðunnar hafa þeir brugðizt, en Sósfl. einn staðið um málstað hennar.

Andstæðingar okkar vita það vel, að tillögur okkar eru í samræmi við vilja meiri hluta þjóðarinnar. Þess vegna reyna þeir að afsaka sig á ýmsa lund. Ein afsökunin, sem þeir bera fyrir sig, er sú, að tekjur ríkissjóðs hrökkvi ekki fyr-

ir útgjöldunum, sem af tillögum okkar leiðir, ef þær yrðu samþ. En þetta er firra og blekking ein, eins og ég mun nú færa sönnur á.

Í fyrsta lagi er því til að svara, að samkvæmt þeirra eigin áætlun er milljóna tekjuafgangur á þessum fjárlögum.

Í öðru lagi er tekjuáætlun þeirra allt of lág, og vil ég taka nokkur dæmi til að sýna það:

Tekju- og eignarskattur er áætlaður 19,5 millj., en er yfirstandandi ár álagður 22 milljónir (mism. 2,5 millj.). Hluti ríkisins af stríðsgróðaskatti er áætlaður 6 millj., en er álagður 7 millj. Það er alkunna, að tekjur manna eru víða allverulega hærri en s.l. ár og því ástæðulaust að áætla tekjuskatt og stríðsgróðaskatt lægri en hann er álagður á yfirstandandi ári. Vörumagnstollur er áætlaður 8 millj., en í fyrra reyndist hann um 9,5 millj. og í ár verður hann sennilega allt að 10 millj. Verðtollurinn er áætlaður 30 millj., en reyndist í fyrra um 39,5 millj., og verður sennilega mjög svipaður í ár.

Allar líkur benda til, að þessir 4 tekjuliðir, tekju- og eignarskattur, stríðsgróðaskattur, vörumagnstollur og verðtollur, verði um 78 millj. á næsta ári. En við 2. umr. var samþ. að áætla þessa tekjuliði 63,5 millj., eða 14,5 millj. lægri en sennilegt er, að þeir verði. Við förum sannarlega varlega, þó að við leggjum til, að þessir 4 liðir verði áætlaðir 75 milljónir.

Þjóðstjórnarflokkarnir eru hér vitandi vits að áætla tekjurnar allt of lágar og finna sér með því afsakanir fyrir að drepa gagnlegar og vinsælar framfaratillögur, — og er þetta sami skollaleikurinn og leikinn var í fyrra við afgreiðslu fjárlaganna.

Það er ekki hægt að skiljast svo við fjárlögin, að ekki sé minnzt á skrípaleik þjóðstjórnarflokkanna með tekjuauka áfengis- og tóbakseinkasölu. Allir vita, að verð á tóbaki og áfengi var hækkað í haust, og á sú verðhækkun að gilda áfram. Þrátt fyrir þetta neituðu þjóðstjórnarfl. að taka með í tekjuáætlun þessara stofnana tekjuaukann, sem af verðhækkuninni leiðir, og var þannig frá þessu gengið við 2. umr. Nú leggja þeir til að taka með þennan tekjuauka og áætla hann 8 millj. og 200 þús. Að vísu er þetta allt of lágt, en jafnhliða þessu lýsa þeir því yfir, að þeir muni flytja gjaldatillögur móti öllum þessum tekjum. En því koma þessar tillögur ekki fram samtímis? Hvaða loddaraleikur er þetta? Voru þeir hræddir að leggja þessar tillögur fram fyrir útvarpsumræðurnar?

Þm. Ísaf., Finnur Jónsson, fór í gær nokkrum orðum um þingið og stjórnina. Hann kvað allt fljóta áfram stefnulaust. Munur hefði nú verið, ef kommúnistar hefðu ekki hindrað vinstri stjórn í fyrra. Ef það væru 17 alþýðuflokksmenn, sem sætu á þingi, í stað 7 alþýðuflokksmanna og 10 kommúnista, eins og nú væri, þá væri þegar mynduð vinstri stjórn, — fyrirmyndar vinstri stjórn, eins og vinstri stjórn Alþfl. og Framsfl. í gamla daga. Þá var landinu stjórnað eftir ákveðinni stefnu til hagsbóta fyrir fólkið til sjávar og sveita. „Þá skiptu verkamenn og bændur því á milli sín, sem bændur og stríðsgróðamenn skipta nú". Já, heyr á endemi! En hvers vegna rifjaði Finnur ekki upp einhver ákveðin mál, sem komið var fram á þessum tímum? Líklega er Finnur búinn að gleyma ýmsum þessara mála, og skal ég því hressa svolítið upp á minni hans. Því miður fékk verkalýðurinn engin hagsmunamál fram hjá þessari „vinstristjórn" þeirra kratanna og Framsóknar, sem íhaldssamir atvinnurekendaflokkar hefðu ekki getað samþykkt. Afturhaldsbroddar Framsóknar, Jónas frá Hriflu og aðrir slíkir, réðu öllu, kratarnir voru skoðaðir sem griðkonur með háu kaupi, og fengju þeir það, ættu þeir að þegja. Og kaup sitt fengu þeir allir. Þingmenn flokksins, 10 að tölu, fengu vel launuð embætti hjá ríkissjóði, og það voru atvinnuleysistímar. Það var kaupið, sem þeir fengu fyrir að svíkja verkalýðinn og hjálpa framsóknarbroddunum. Embætti handa öllum þingflokknum, 10 mönnum, það var verðið fyrir æru Alþýðuflokksins. Fyrir það gat hann hjálpað Framsfl. til myrkraverkanna — til að skipuleggja um allt land pólitíska mútustarfsemi í stórum stíl, — ekkert embætti var veitt nema framsóknarmanni, meira að segja eins illa launaðar stöður og barnakennarastöður kostuðu pólitíska sannfæringu umsækjenda. Gjaldeyris- og innflutningsleyfin voru miskunnarlaust notuð til pólitísks framdráttar Framsfl. Héraðsskólarnir notaðir pólitískt, Samvinnuskólinn, sem kostaður var og er enn að nokkru leyti af ríkisfé, er opinberlega flokksskóli framsóknarmanna. Valdaaðstaða framsóknar í menntamálaráði var notuð á sama hátt, og S.Í.S., kaupfélögin og Búnaðarfélag Íslands ánetjuð Framsókn, — allt með aðstoð og hjálp kratanna. Framkoman við verkalýðinn var svo kórónuð með gengisskráningarlögunum 1939, þar sem samningarétturinn um kaup og kjör verkalýðsins var tekinn af verkalýðnum, kaup lækkað um 27% á einni nóttu og kauphækkanir bannaðar. Þessum ráðstöfunum var Emil Jónsson að hæla Alþfl. af í ræðu sinni áðan. Svona vinstri samvinnu viljum við sósíalistar ekki. Finnur Jónsson sagði, að kommúnistar hefðu aldrei viljað „vinstri stjórn" í fyrra vetur, þeir hefðu óttazt að tapa kosningafylgi. Með þessu játar Finnur, að samvinnan, sem okkur stóð til boða, hafi verið um hluti, sem kjósendur okkar vildu ekki, — og þetta er rétt. Svo kallaða vinstri stjórn var ekki hægt að mynda í fyrra vetur nema með svikum við verkalýðinn, kauplækkunum og réttindaskerðingum, — stjórn undir forustu þrælalagahöfundarins Eysteins og falsspámannsins Jónasar. Til þessa voru kratarnir fúsir og meira en það, og það hefðu þeir gert, ef þeir hefðu haft bolmagn til.

Árangurinn af því, að það sitja 10 sósíalistar og 7 kratar á þingi, en ekki 17 kratar, er sá, að slík svikastjórn var ekki mynduð. Það er þegar mikill ávinningur fyrir alþýðu manna.

Öll ræða Finns Jónssonar var hatursfull, móðursýkiskennd árás á Sósfl., og tuggði hann upp ósannindaþvælu Jónasar frá Hriflu og annarra slíkra um að við sósíalistar værum undir erlendri stjórn. Sósfl. er ekki undir erlendri stjórn og er engum háður nema íslenzkri alþýðu, — hann hefur aldrei fengið erlent fé til starfsemi sinnar. En kratarnir íslenzku hafa fengið lán og gjafir ekki aðeins frá sænskum krötum, heldur og frá dönskum krötum, hundruð þúsunda

króna. Það skyldi þá ekki vera, að þeir vissu, hvað þeir hafa étið og nokkuð sterkar stórdanskar taugar liggi að sálum þeirra sumra?

Þá verð ég að segja það, að væri ekkert fé alþýðuflokksbroddanna verr fengið en þetta, væri vel, en eignarheimild Alþfl. og kratabroddanna á Iðnó og Alþýðubrauðgerðinni er þó enn þá svartari blettur. Verklýðsfélögin munu nú vera að leita aðstoðar dómstólanna til að sækja þessar eignir sínar í hendur kratanna, og skal ég ekki að sinni ræða meira um það.

Guðsmaðurinn, sem talaði fyrir íhaldið í gærkvöldi, spilaði gömlu plötuna um flokk allra stétta og var að reyna að afsanna kenninguna um, að enginn kynni tveim herrum að þjóna. Þetta tókst eins og efni standa til, þessi flokkur er nú sundurleitur og sama sem klofinn. Eins er því farið um Framsókn, — sá flokkur er líka sama sem klofinn, og kratarnir eru að veslast upp. Eini flokkurinn, sem er samstilltur, er Sósfl., hann er eini óspillti og djarfi flokkurinn.

Við viljum vinstri stjórn, — raunverulega vinstri stjórn, en það mega kratarnir og framsóknarbroddarnir vita, að við göngum aldrei til stjórnarsamvinnu upp á það að svíkja alþýðuna, — ekki þótt þeir byðu öllum þingflokki okkar embætti, þó að við gætum á einu bretti fengið fjórar forstjórastöður, dósentsembætti, vitamálastjóraembætti, landlæknisembætti, bankastjóraembætti, ráðherraembætti og fengjum að hafa mann á launum hjá ríkisskip, sem ekkert gerði árum saman.

Við, sem vorum í Alþfl., og aðrir vinstri menn, sem voru í Framsfl., og höfum séð þessa flokka svíkja og traðka á þeim hugsjónum, sem þeir þóttust berjast fyrir, við höfum myndað Sósfl. til að framkvæma þessar hugsjónir, sem voru okkur hjartfólgnar. Og við ætlum ekki að láta hann stranda á sömu skerjunum og þessir flokkar. Sem betur fer, er alþýðan óðum að átta sig á þessum nýja flokki sínum. Ör hefur vöxtur þessa flokks verið — örari verður hann á næstu tímum. — Verið þið sæl.

**Forseti (GSv):** Hv. 2. landsk. varaþm. hefur nú lokið máli sínu, og tekur þá næstur til máls hv. 2. þm. Rang., Ingólfur Jónsson, og talar af hálfu Sjálfstfl.

**Ingólfur Jónsson:** Herra forseti. Góðir hlustendur. Við þessar umræður hafa andstæðingar Sjálfstfl. rætt nokkuð fjárlagafrv. það, er nú liggur fyrir Alþingi. Frumv. þetta hefur verið til meðferðar í fjárveitinganefnd og tekið miklum breytingum frá því, sem það var, þegar hæstv. ríkisstjórn lagði það fram.

Á fyrsta fundi fjvn. lýsti formaður hennar, hv. þm. Borgf. (PO), því sem sinni skoðun, að nauðsyn bæri til þess að hækka framlög til verklegra framkvæmda til sjós og lands, svo fremi að tekjuáætlunin fyrir fjárhagsárið leyfði það.

Tekjuáætlun fyrir árið 1944 var samin svo fljótt sem tök voru á. Náðist samkomulag í nefndinni um mörg atriði, en verulegur ágreiningur varð um ýmsa tekjustofna, og skipti það liðinu að verulegu leyti innan nefndarinnar. Fulltrúar Sjálfstfl. og Framsfl. urðu sammála um tekjuáætlun. Mynduðu fulltrúar þessara flokka meiri hl. í nefndinni og hindruðu, að frv. væri afgr. frá nefndinni í þeirri mynd, að svipur ábyrgðarleysis og lýðskrums væri á það settur. Með samtökum tókst að gera frv. þannig úr garði, að þótt tekjuáætlunin sé að vísu há, er hún þó það varleg, að ekki er ástæða til að óttast um, að hún standist ekki.

Ágreiningur varð um tekju- og eignarskattinn. Kommúnistar í nefndinni vildu áætla hann 21 millj. króna, fulltrúi Alþfl. 20 millj., en meiri hl. 19,5 millj. króna. Þessi tekjustofn mun gefa á yfirstandandi ári ca. 21 millj. króna. En það má telja víst, að þessi skattur verði lægri fyrir næsta ár, enda upplýst, að ýmis stór fyrirtæki hafa þénað minna á þessu ári en næsta ár á undan. Það er af tekjum yfirstandandi árs, sem skattarnir reiknast á næsta fjárhagsári, eins og kunnugt er. Þegar vitað er, að þau fyrirtæki, sem mest greiða af þessum sköttum, skila ekki eins miklum ágóða og verið hefur, er það fullkomið ábyrgðarleysi að áætla tekjurnar ekki með tilliti til þess.

Stríðsgróðaskatturinn er áætlaður af meiri hl. 12 millj. króna. Kommúnistar vilja áætla þann skatt 14 millj. kr., enda þótt hann hafi ekki reynzt gefa nema 12 millj. 1942 og muni sennilega ekki verða hærri fyrir yfirstandandi ár. Það liggja því engin rök til þess hjá kommúnistum að fara þetta hátt með þennan lið. Það hefur áður verið sagt, að tími stríðsgróðans sé liðinn, og ég held, að það sé rétt. Vörumagnstollurinn er nokkuð stór tekjuliður og fer eftir innflutningsmagninu. Meiri hl. áætlar þennan lið 8 millj. króna, en kommúnistar 9 millj. Vörumagnstollurinn reyndist 1942 9,4 millj. Á yfirstandandi ári mun hann verða um 9—9.5 millj. Nú er það vitanlegt, að erfiðleikarnir á því að fá vörur keyptar fara vaxandi og eiga áreiðanlega eftir að aukast mikið enn þá, ef styrjöldin heldur áfram, eins og líklegt má telja. Miklar líkur eru því til þess, að innflutningsmagnið minnki að einhverju leyti og sá tekjustofn sem hér um ræðir, þá um leið.

Verðtollurinn er stærsti tekjuliður fjárlaganna. Meiri hl. hefur áætlað þann lið 30 millj. króna, fulltrúi Alþfl. 31 milljón, en kommúnistar 38 millj. kr. Þessi tollur nam árið 1942 39,3 millj. króna. Á yfirstandandi ári mun hann sennilega reynast 35 millj. krónur. Verðtollur kemur helzt af vörum, sem nú er sérstaklega erfitt að fá til landsins. Það er því alveg víst, að sá tekjuliður hlýtur að lækka á næsta ári, enda er meiri hl. í fjvn. ljóst, að 30 millj. króna á þessum lið er sú hæsta upphæð, sem forsvaranlegt er að nefna. Áætlun kommúnistanna er því ekki á neinu viti byggð, enda upphæðin, sem þeir nefna, gripin úr lausu lofti. Kommúnistar vita þetta, en þeir vilja koma tekjunum hátt á pappírnum, því að þeir vilja sýnast fyrir þjóðinni. Á móti þessum fölsku tekjum koma þeir með milljónatillögur til útgjalda, sem eingöngu eru fram bornar til áróðurs og enga stoð eiga í veruleikanum, eins og ég síðar mun sýna fram á. Fjvn. hefur hækkað tekjurnar á frumvarpinu um 28843000 kr., þar af eru vegna formsbreyt-

inga 7.7 millj. kr., og er því raunveruleg hækkun 20643000. Tekjuáætlunin samkv. frumv. er því samtals kr. 95307997,00, og verður varla annað sagt en það sé há upphæð.

Þótt tekjuáætlunin sé svo há sem hér hefur verið sagt, eru þó til menn hér í hv. Alþingi, sem láta mjög dólgslega yfir því, að hún skuli ekki vera mörgum milljónum króna hærri. Bændur, útgerðarmenn, kaupsýslumenn og aðrir atvinnurekendur munu tæplega hafa áhyggjur af því, að bú þeirra eða fyrirtæki gefi meiri hagnað en reiknað er með í ársbyrjun. Það munu því margir eiga erfitt með að skilja hugsanagang kommúnistanna, að það skuli vera þeirra mesta áhyggjuefni, að afkoma atvinnuveganna verði það góð, að ríkisbúið fái meiri tekjur en hv. Alþingi gerir ráð fyrir. Ég leyfi mér að halda því fram, að einhver ráð muni verða til að ráðstafa því fé, er þannig kynni að áskotnast, og sennilegt, að jafnvel kommúnistar fengjust til að gera tillögur um það.

Formaður fjvn., hv. þm. Borgf. (PO), hefur rækt starf sitt með mikilli prýði. Undir hans forustu hafa nefndarstörfin gengið fljótt og vel. Það er mest honum að þakka, að samstarf tókst í nefndinni og frumvarpið ber ekki með sér svip ábyrgðarleysisins. Undir hans forustu hefur framlag til verklegra framkvæmda til sjós og lands verið hækkað, svo sem unnt var, enda er ekki gert ráð fyrir nema ca. 1,5 millj. króna greiðslujöfnuði, þegar frá er tekin sú upphæð, sem ætluð er í dýrtíðarráðstafanir, en þannig mun 8,5 millj. króna verða ráðstafað, enda lögum samkv. skylt að tryggja útflutningsverð landbúnaðarins, eins og ég síðar mun minna á.

Eins og ég áður hef getið um, áætluðu kommúnistar tekjurnar mörgum milljónum króna hærra en meiri hl. fjvn., og hafa þeir komið með ýmsar tillögur, sem hafa í för með sér milljónaútgjöld á móti hinum ímynduðu tekjum. Þeir vilja sýnast fyrir bændum og leggja til, að varið sé 4 milljónum króna til nýsköpunar landbúnaðarins, eins og það er orðað. Þeir vilja sýnast fyrir sjómönnum og leggja til, að 10 millj. króna verði varið til nýbyggingar fiskiskipa. Þeir bera fram ýmsar fleiri tillögur til útgjalda, sem nema mörgum milljónum króna. Allir geta verið sammála um, að landbúnaðurinn þurfi að komast í nýtízku horf, þannig að helzt verði aðeins nytjað ræktað land. Einnig geta allir góðir Íslendingar verið sammála um, að stækkun og endurnýjun fiskiflotans sé þjóðarnauðsyn. En á bak við tillögur kommúnistanna er tæplega mikil alvara. Ef svo væri, hefðu þeir komið með tillögur um nýja tekjustofna til að tryggja það, að fé verði til þess að mæta útgjöldunum. — Það lítur því þannig út, að tillögurnar séu fram bornar aðeins í áróðursskyni, til þess að sýnast, og sé þetta einn þátur í þeirri áróðursvél, sem kommúnistar hafa nú sett í gang. Fólki er ætlað að trúa því, að einlægur umbótavilji standi á bak við allt þetta Kommúnistar áætla tekjur ríkisins eins og börn, sem aldrei hafa fengizt við fjármál. Þjóðin veit, að einstaklingum, félagsheildum eða fyrirtækjum nægir ekki að blekkja sig með ímynduðum tekjuvonum og miða útgjöldin við þær fölsku vonir. Reynslan kennir mönnum, að gangur lífsins er á annan veg. Það er því ótrúlegt, að tillögur, sem þannig eru fram komnar hjá einum stjórnmálaflokki, verði til þess að auka fylgi hans eða álit hjá þjóðinni. Það er kominn tími til þess, að þjóðin krefji kommúnistana reikningsskapar fyrir þann ábyrgðarlausa leik, er sá flokkur hefur leikið bæði innan þings og utan.

Alþfl. hefur oft leikið ýmislegt eftir kommúnistum. Fulltrúi hans í fjvn. var í gærkvöldi að stæra sig af tillögu, er hann bar fram í nefndinni fyrir 3. umr. fjárlaganna. Hann vildi sýna alþjóð, að Alþfl. hugsar um sjómannastéttina og framtíð þjóðarinnar, ekki síður en kommúnistar. Þess vegna bar hann fram till. um að verja 9,5 millj. króna til kaupa á fiskiskipum. Munurinn á þessari tillögu og tillögu kommúnistanna er sá, að kommúnistar hækkuðu tekjurnar á pappírnum sem þessu nam, eða ríflega það, en fulltrúi Alþfl. leggur til, að tekjurnar verði hækkaðar um 1,5 milj. króna fram yfir það, sem meiri hl. vildi, enda er ekki um annað fé að ræða upp í útgjaldatillögu Alþfl. en áðurnefnd 1,5 milljón, sem þó er aðeins ímyndun. Það er kunnugt, að meiri hl. n. leggur til, að 8,5 millj. króna af tekjuáætlun frv. verði ætlaður til dýrtíðarráðstafana, til þess að tryggja útflutningsverð landbúnaðarafurða.

Alþfl. ætlast ekki til, að neitt af þeim tekjum, sem áætlaðar eru í frv., verði notað til dýrtíðarráðstafana. Ekkert fé vill hann hafa í varasjóði til að tryggja útflutningsverð á afurðum bænda. Kaldur og rólegur leggur Alþfl. til, að samkomulag sex manna nefndarinnar sé rofið. Án þess að bera kinnroða, leggja þeir til, að lög, sem þeir sjálfir stóðu að að samþykkja fyrir rúmu missiri síðan, verði brotin. Alþfl. hefur hvað eftir annað vegið aftan að sex manna nefndinni og reynt að gera það samkomulag, sem náðist þar, tortryggilegt. Þó veit hann, að meiri hl. þingmanna vill halda samkomulagið og virða þau lög, sem þeir sjálfir sömdu og samþykktu. Dýrtíðarlögin frá 14. apríl s.l. og samkomulag sex manna nefndarinnar ákveða, að útflutningsverð landbúnaðarafurða skuli tryggt. Alþfl. veit þess vegna, að hjá þeirri skyldu verður ekki komizt, að hafa fé á fjárlögum í þessu skyni. Tillaga þessa flokks um 9,5 millj. króna framlag til kaupa nýrra fiskiskipa er því hreinn skrípaleikur, þar eð flokkurinn hefur ekki bent á neinn réttmætan tekjuauka til þess að mæta þessum útgjaldalið. Hvers vegna vill Alþfl. og kommúnistar brjóta lög og bregðast þeim skyldum, sem fulltrúar þessara flokka á Alþingi hafa gengizt undir með samþykkt dýrtíðarlaganna?

Það er vegna þess, að það þykir vænlegt til fylgis í kaupstöðum landsins að egna neytendur gegn framleiðendum. Ósvífnum áróðri hefur af hendi fyrrnefndra flokka verið haldið uppi í kaupstöðunum gegn Sjálfstfl., af því að hann vill halda samkomulag sex manna nefndarinnar og tryggja bændum það verð fyrir afurðirnar, sem hún hefur fundið.

Deilur milli framleiðenda og neytenda eru

skaðlegar. Báðir þessir aðilar þurfa að vinna saman og skilja hvor annan. Þetta virtist öllum þingflokkum vera ljóst síðastliðinn vetur, enda stóðu allir flokkar að skipun sex manna nefndarinnar og setningu dýrtíðarlaganna. Sex manna nefndin var skipuð til þess að finna rétt verð landbúnaðarafurða í hlutfalli við gildandi kaupgjald í landinu. Í nefndina voru valdir fulltrúar framleiðenda og neytenda, tveir frá hvorum aðila, og einnig tveir mætir menn, sem voru hlutlausir og hugsuðu áreiðanlega jafnt um beggja hag. Í dýrtíðarlögunum er það fram tekið, að ef nefndin verði sammála, skuli niðurstaða hennar gilda og vera bindandi fyrir þing og stjórn. Ef einn nefndarmaður gerði ágreining, var starf nefndarinnar ónýtt. Hagur neytandans var því tryggður ekki síður en framleiðandans.

Eftir að nefndin hafði starfað í nokkra mánuði, hafði hún aflað nægilegra gagna til þess að gera sér grein fyrir því, hvaða verð bændur þurfa að fá fyrir framleiðsluna til þess að bera líkt úr býtum og vinnandi stéttir við sjóinn. Nefndin varð sammála, fulltrúar neytenda gerðu ekki ágreining. Neytendur höfðu haldið því fram, að það verð, sem gilti áður en nefndin tók til starfa, væri of hátt. En þegar nefnd sex manna frá öllum stéttum hafði aflað sér gagna og upplýsinga, sannfærðust allir nefndarmenn um, að það verð, sem áður gilti, var sízt of hátt, og staðfestu, að svo var ekki með því verði, sem nú gildir. Því hefur oft verið haldið fram, að verð sex manna nefndarinnar nái ekki til þeirra vara, sem kunna að verða fluttar úr landi. En um það þarf ekki mörg orð.

Dýrtíðarlögin segja, að taka skuli tillit til útflutningsverðsins, og nefndin tekur það fram í áliti sínu, að hún hafi haft alla framleiðsluna í huga, þegar verðlagið var ákveðið, enda ætti öllum að vera ljóst, að bændum gagnar ekki að fá fullt verð fyrir aðeins part af framleiðslunni. Það væru bein svik við bændur og lagabrot, ef útflutningsverðið væri ekki tryggt. Þess vegna er það hæpið fyrir kommúnista og Alþfl. að nota það til áróðurs gegn sjálfstæðismönnum, að þeir vilji virða lög og halda gefin heit. Þótt kjósendur kommúnista og Alþfl. hafi ef til vill skrítnar hugmyndir um bændur og afkomu þeirra, veit ég, að ýmsir þeirra ætlast til, að alþingismenn virði lög og haldi gefin heit.

Vegna þess hvað tími minn er naumur, mun ég ekki að þessu sinni hafa mörg orð um áreitni kommúnista í garð bænda og fyrirtækja þeirra. Það má segja, að sá þáttur hafi náð hámarki á þessu þingi, enda hefur blaðaáróður og frumvörp frá þeirra hendi snertandi landbúnaðinn verið hin ógeðslegasta árás, sem ég leyfi mér að lýsa andúð minni á.

Frumvarp kommúnista um eignarnám á mjólkurstöðinni er mesta ofbeldismál, sem birzt hefur á þingskjali. Kommúnistar munu standa einir í því máli og enginn veita því stuðning úr öðrum flokkum. Alþfl. mun tæplega treysta sér til að ljá málinu fylgi, og eru þeir Alþýðuflokksmenn þó þekktir að því að elta kommúnista á mörgum sviðum. Afstaða Sjálfstfl. til þessa frv. hefur verið rangfærð. Því hefur verið haldið fram, að aðeins þrír sjálfstæðismenn í neðri deild séu á móti frumvarpinu. Meiri hluti flokksins greiddi atkv. með því, að málið færi í nefnd, enda er það þingvenja um mál, sem borin eru fram, að láta þau fara til nefndar, enda þótt menn séu þeim andvígir. Þannig var með þetta frv., því að eins og áður er sagt, eru allir sjálfstæðismenn andvígir frumvarpinu. Mjólkurmálið verður sennilega leyst á þann hátt, að bændur geti vel við unað, um leið og neytendum einnig er sýnd sanngirni og tilraun gerð til sætta milli þessara aðila. Tillaga hv. 2. þm. Skagf. (JS), sem getið hefur verið um í þingfréttum, mun verða samþ., enda er hún sáttatillaga, sem báðir aðilar geta unað við. Væri vissulega vel, ef þær hörðu deilur, sem um þessi mál hafa staðið, mættu hjaðna og vinsamleg samvinna takast milli framleiðenda og neytenda. Framsóknarmenn reyna oft að telja bændum trú um, að Framsfl. standi einn á verði um hagsmuni bænda. Tala þeir og skrifa um sjálfstæðismenn á þá lund, að þeir séu óvinir sveitanna, og má stundum líta svo á, sem þeir skoði Sjálfstfl. sem versta andstæðing bændanna.

Bændur vita vel, að Sjálfstfl. stendur vörð um hagsmuni þeirra. Reynslan hefur sýnt, að svo er. Framsóknarmenn höfðu farið með völd um margra ára skeið. Þann tíma höfðu bændur varla meira en í sig og á með því að vinna baki brotnu. — Eftir kjördæmabreytinguna og sjálfstæðismönnum fjölgaði á þingi, var það í lög tekið, að bændur skyldu hafa sömu tekjur og vinnandi stéttir við sjóinn. Í fyrsta sinn í þingsögunni fékkst þessi viðurkenning staðfest með dýrtíðarlögum síðastliðinn vetur. Þetta hefði átt að vera komið miklu fyrr. En í þau ár, sem Framsfl. fór með völd, lét hann það líðast, að bændur bæru minna frá borði en verkamenn. Bændur sjá, hvað gerist, og munu finna, hvað að þeim snýr. Þeir munu ekki taka því með þökkum, að flokkur, sem bezt gætir hagsmuna þeirra, sé ræðður.

Þm. Str., Hermann Jónasson, talaði hér í gærkvöldi með miklu yfirlæti. Út úr ræðu hans skein hið sama og oft fyrr. Af því að ég er ekki forsætisráðherra, er ólag á ýmsu, dýrtíðin laus o. s. frv. „Ef dýrtíðin hefði verið stöðvuð haustið 1941," sagði Hermann Jónasson, fengju bændur nú 40—50 aura fyrir mjólkurlítra í stað 1,23, og 3,00 fyrir kílóið af kjöti, í stað kr. 6,80. Hermann Jónasson og Eysteinn Jónsson vildu binda verðlagið á landbúnaðarvörum haustið 1941. Þeir vildu með lögum banna það, að bændur fengju meira verð en það, sem ég áðan nefndi. Þetta var í senn óframkvæmanlegt og ósanngjarnt, ef það hefði tekizt. Kaupgjaldið var ekki hægt að binda eins og þá var gert. Þótt kaupgjald hefði verið bundið með lögum, voru ótal leiðir fyrir atvinnurekendur við sjóinn, fyrir setuliðið, sem vantaði vinnuafl, að fara í kringum það. Eftirvinna, helgidagavinna, kaup fyrir tíð, sem aldrei var unnin, hefði verið greitt, eins og til þurfti til þess að fá fólkið. Ef Hermanni og Eysteini hefði tekizt að níðast þannig á bændum, hefði straumurinn úr sveit-

unum í hina vel borguðu atvinnu við sjóinn vissulega orðið meiri en hann hefur verið tvö síðustu árin. Hvernig væri afkoma bænda nú, ef áðurnefndum hv. þingmönnum hefði tekizt að koma áformum sínum fram? Útlenda varan væri í svipuðu verði og hún er nú, enda dýrtíðarvísitalan hækkuð á síðasta ári aðallega vegna hækkunar á landbúnaðarvörum. — Bændur, flestar þær vörur, sem þið kaupið hjá kaupmanni ykkar eða kaupfélagi, væru með svipuðu verði og þær eru, þótt verðfesting landbúnaðarvara hefði tekizt 1941 og væri í gildi enn. Hvernig haldið þið, bændur góðir, að greiðslujöfnuðurinn væri hjá ykkur, ef Hermann og Eysteinn hefðu fengið að ráða? Mundu ekki margir ykkar eiga erfitt með að gera upp viðskiptin? Það þarf ekki mörg orð um það. Bændur hefðu verið settir á hausinn, eins og það er kallað. Skuldir hefðu safnazt og bændur væru ósjálfbjarga og sligaðir. Þannig vildu þeir, sem telja sig hina einu bændavini, búa að bændum. Hv. þm. Str., Hermann Jónasson, vill kenna Sjálfstfl. um dýrtíðina. Sjálfstfl. var með Framsfl. í því að lögleiða gerðardómslögin frægu. Hvernig reyndust þau lög? Höfundur þeirra, Hermann Jónasson, braut þau á 3. degi eftir að þau voru sett. Meðan þessi sami maður var forsætisráðherra, var alltaf verið að opna dyrnar fyrir nýrri kauphækkun, og voru þessi lög því eins og rifið net, sem allir gátu smogið í gegnum, þegar Framsókn fór úr stjórninni.

Maðurinn, sem talaði með mestri vandlætingu um dýrtíðina í gærkvöldi, hvatti alþjóð í útvarpsræðu til þess að virða gerðardómslögin að engu. Hann hafði líka bezta aðstöðu til þess eftir að hafa verið fyrsti maðurinn, sem braut þau. Dýrtíðin í landinu er vegna stríðsins, — vegna þess, að erlendar vörur hafa hækkað mjög í verði, vegna þess að fjölmennt setulið hefur dvalið í landinu, vegna þess, að Sjálfstfl. vildi ekki þola það, að bændur færu á vonarvöl og framleiðslu þeirra væri haldið niðri meðan allir aðrir höfðu nóga peninga. Ýmsir framsóknarmenn litu einnig þannig á. En þeir eru í minni hl. í flokknum, eins og bezt má sjá á því, að formaður Framsfl., Jónas Jónsson, hv. þm. Sþ., fær ekki pláss fyrir greinar í Tímanum, vegna þess að hann er mótfallinn stefnu Hermanns, að verzla með hagsmuni bænda og binda trúss við kommúnista, hvenær sem færi gefst. Það er alþjóð ljóst, að kommúnistar og Alþfl. una því verðlagi illa, sem nú er á landbúnaðarvörum, þótt það verð sé fundið af sex manna nefndinni frægu. Því halda þeir uppi stöðugum áróðri gegn bændum.

Mitt í þessum áróðri ruglast kaupstaðarbúinn og telur, að bændur fái meira en nauðsyn ber til. Það er hollt fyrir kaupstaðarbúana að muna það, að minnst af tekjum bóndans verður kyrrt í hans vasa. Mest af tekjum bóndans fer í tilkostnað. Í kaupgjald, fæði verkafólks, áhöld, fóðurbæti, áburðarkaup og ýmislegt, sem fylgir búrekstri. Kaupgjald hefur margfaldazt, eins og kunnugt er. Af þessu má það ljóst vera, að framleiðslan verður að vera í háu verði. Ef bóndinn og húsfreyjan vinna 14—16 stundir á sólarhring, eins og víða mun vera, því að þrátt fyrir hátt kaupgjald er erfitt að fá fólk, munu þau hjón hafa sæmilega afkomu efnalega og ef til vill einhvern afgang. En það er fengið með því að vinna næstum tvöfaldan vinnutíma og slíta kröftum og heilsu fyrir aldur fram. Er sanngjarnt að telja eftir slíku fólki, þótt það hafi meira en aðeins til hnífs og skeiðar. Með því að vinna tvöfalt verk, hafa margir bændur létt á skuldunum eða losað sig við þær að mestu. Það er vel, að þeim hefur tekizt það. Komandi kreppa mun þá ekki leggjast eins þungt á þá, enda vonandi, að til þess þurfi ekki að koma, að bændur verði ekki héðan í frá sjálfbjarga og velmegandi. Það er stefnumál Sjálfstfl., að gera bændastétt landsins efnalega sjálfstæða stétt, sem er fær um að vinna með meiri atorku en nokkru sinni fyrr að ræktun og uppbyggingu sveitanna.

Ég hef eytt nokkru af tíma mínum til að tala um ýmislegt varðandi landbúnaðinn. Skal nú aftur vikið að útgjaldatillögum kommúnista og Alþfl. vegna bygginga nýrra fiskiskipa. Ég hef fært fyrir því gild rök, að till. þessar eru út í bláinn, vegna þess að þessir flokkar hafa ekki bent á neinar handbærar tekjur til þess að mæta slíkum útgjöldum. Tillögurnar eru því aðeins til þess að sýnast, og ættu allir skynsamir menn að gera sér það fyllilega ljóst. Sjávarútvegurinn blómgast ekki eða dafnar fyrir þvílíkar aðgerðir, heldur fyrir það raunhæfa, sem skapar trausta undirstöðu. Sjálfstfl. hefur alltaf talið þjóðarnauðsyn að efla sjávarútveginn og skilið, að hann er stór þáttur í afkomu og gengi þjóðarinnar. Með þennan skilning á málefnum sjávarútvegsins bar formaður fjvn., hv. þm. Borgf. (PO), fram till. í fjvn., sem samþ. var í einu hljóði, um að verja til kaupa nýrra fiskiskipa 5 millj. króna úr framkvæmdasjóði ríkisins. Það fé er handbært, og eru því engar tyllivonir eða blekkingar við það tengdar.

Sjálfstfl. hefur oftlega á það bent, að sjálfstæði landsins, efnaleg afkoma og velgengni byggist á heilbrigðum atvinnurekstri. Sjálfstfl. hefur barizt á móti því, að útgerðin og aðrir atvinnuvegir landsmanna væru sligaðir með drápssköttum. En það hefur oft verið örðug og hörð barátta, þegar allir rauðu flokkarnir hafa verið saman. Íslendingar þurfa að endurbyggja og stækka kaupskipa- og fiskiflotann. Eftir styrjöldina ber að keppa að því að gera kaupskipaflotann það stóran, að við getum annast allar siglingar sjálfir. Vér eigum að keppa að því að verða siglingaþjóð eins og frændur vorir, Norðmenn. Fiskiflotinn þarf að stækka, ekki aðeins vegna þess, að fólkinu fjölgar í landinu, heldur einnig vegna þess, að atvinnuleysi má ekki verða hér aftur. Fyrir styrjöldina var ekki nægileg atvinna. Þjóðin hefur ekki efni á því að láta vinnuafl vera ónotað. Fámenn þjóð í auðugu landi þarf á öllum tímum að hagnýta orku þegnanna og sjá um, að allir, sem vilja vinna og geta unnið, fái starf við sitt hæfi. Atvinnuleysi er böl. Því sé það stefna vor að gera það útlægt. En hvernig má svo verða? Það verður aðeins gert með því að efla Sjálfstfl. og gera stefnu hans ráðandi.

Kommúnistar eiga mest af fylgi meðal verka-

manna. Þeir lofa verkamönnum gulli og grænum skógum. Þeim hefur tekizt að blekkja marga heiðarlega menn með loforðum og fagurmælum. Verkamenn verða að gera sér ljóst, að kommúnistar vinna að upplausn í þjóðfélaginu. Þeir vilja grafa undan því þjóðskipulagi, sem vér nú búum við. Þeir vinna markvisst að því að eyðileggja heilbrigðan atvinnurekstur í landinu, því að það flýtir fyrir byltingunni og því, sem þeir stefna að. Þegar atvinnuvegirnir eru komnir í þrot, hugsa kommúnistar sér að taka völdin. Þá verður verkamönnum skammtað. Þá þýðir ekki að heimta hátt kaup, því að þá mun aðeins einn ráða, Stalin eða einhver undirtylla hans. Þá er okið komið á þjóðina, og hún losnar ekki úr hlekkjunum. Land vort er of gott, íslenzka þjóðin er í eðli sínu of tápmikil til þess að verða slíku að bráð. Sjálfstfl. heitir á alla góða Íslendinga og óskar eftir samstarfi til þess að koma fram stefnumálum flokksins. Flokkurinn er í minni hluta á Alþingi. En vér vitum, hvað vér viljum, að hverju ber að stefna. Þjóð vor verður efnalega sjálfstæð, ef stefnu sjálfstæðismanna er fylgt. Atvinnuvegir landsmanna verða að komast á heilbrigðan og öruggan grundvöll, — skipastóllinn að stækka, nýjar síldarverksmiðjur þarf að reisa, fullkomin skipasmíðastöð eða stöðvar þurfa að rísa upp, áburðar- og sementsverksmiðja og fleira, er að iðnaðinum lýtur. Íslenzkur iðnaður á fyrir sér að aukast, verða samkeppnisfær við erlendan iðnað og veita landsins börnum atvinnu og lífsframfæri. Ræktun landsins með rafmagni og þægindum í sveitum mun verða til þess að gera landbúnaðinn eftirsóttan og arðvænlegan atvinnuveg. Með aukningu framleiðslutækjanna og eflingu atvinnuveganna mun atvinnuleysið ekki sækja þjóð vora heim.

Þjóð vor er fámenn, en hún er auðug eigi að síður. Gróðurmoldin er frjósöm, fiskimiðin þau beztu, sem til eru í heiminum, fallvötnin hafa ótakmarkaða orku, sem vér hljótum að taka í þjónustu vora. Auðlindir og möguleika landsins ber oss að nota. Borgaralegu flokkarnir á þingi verða að hafa þetta í huga og hætta hinum ógeðslega leik, sem leikinn hefur verið um hríð. Ósamkomulagið á Alþingi hefur sem kunnugt er verið þess valdandi, að ríkisstjóri skipaði stjórn utanþingsmanna. Alþingi brást þeirri skyldu að mynda þingræðisstjórn. Ríkisstjórn sú, er vér nú höfum, er skipuð starfhæfum og velviljuðum mönnum. Hún kom að völdum í því skyni að færa niður dýrtíðina. Í því skyni hefur fé verið varið úr ríkissjóði í stórum stíl. En dýrtíðin er ekkert lamb við að leika. Hún er hér komin vegna stríðsins, en ekki heimatilbúin eða verk sjálfstæðismanna, eins og sumir halda fram. Dýrtíðin væri nú 290—300 stig, ef ekki væru ýmsar nauðsynjar keyptar niður með framlagi úr ríkissjóði. Eins og áður er sagt, má víst telja, að núverandi ríkisstjórn vinni störf með góðum hug. En því verður ekki neitað, að stjórnarfarið væri öruggara, ef þingið bæri ábyrgð á ríkisstjórninni. Það hlýtur því að verða verkefni þingsins að mynda stjórn, annaðhvort með alveg nýjum mönnum eða ef til vill að einhverju leyti þeim mönnum, sem nú eru í stjórn. Það er ekki höfuðatriði, að ráðherra sé þingmaður. Aðalatriðið er, að þingið beri ábyrgð á ríkisstjórninni og hún hafi þingmeirihluta með sér. Hv. þm. Str., Hermann Jónasson, lýsti því hér í gær, að lítil von væri til þess, að þetta tækist. Hann reyndi í 5 mánuði að verzla með hagsmuni bænda við kommúnista til þess að mynda stjórn með þeim. En það tókst ekki. En margir framsóknarmenn vilja stjórnarsamvinnu við Sjálfstfl., en Hermann Jónasson hefur gert allt til að spilla því.

Ég held, að beztar lausnin á ástandinu, sem nú ríkir á þinginu, sé að kippa út úr því þeim mönnum, sem ekki vilja semja við borgaralegu öflin. Það þarf ekki að breyta kjördæmaskipuninni til þess að heiðarleg stjórnarsamvinna geti tekizt. Aðeins að losa þingið við menn, sem ekki vilja leysa málin á skynsamlegan hátt. Þjóðin ætlast til þess, að borgaralegu flokkarnir komi sér saman. Það er réttmæt krafa til Alþingis, að það gæti skyldu sinnar í þessu efni. Sjálfstfl. vill samstarf. Hann hefur beitt sér fyrir því og lagt sig fram til þess, að það gæti tekizt. Vonandi ber þjóð vor gæfu til þess, að betri öflin megi ráða og hefnigirni og sundrung víki úr vegi. Þjóð vor á glæsilega framtíð fyrir höndum, ef vér berum gæfu til þess að sameina kraftana og vinna að málum þjóðarinnar á heilbrigðan og skynsamlegan hátt.

**Forseti (GSv):** Þá hefur hv. 2. þm. Rang. (IngJ) lokið máli sínu. Hann talaði af hálfu Sjálfstfl. og notaði 4 mínútur fram yfir tíma flokksins að þessu sinni.

Þá hefur hæstv. ríkisstjórn tilkynnt, að hún óskaði ekki að þessu sinni að notfæra sér sinn afskammtaða tíma.

Hefst þá 2. umferð, sem er ákvörðuð 15 mínútur fyrir hvern aðila. Tekur þá fyrstur til máls hv. þm. V.Hún., Skúli Guðmundsson, og talar af hálfu Framsfl. um 15 mínútur, því að metin verða jöfnuð í síðustu umferð, miðað við það, hvaða tíma flokkar hafa notað fram yfir tiltekinn tíma fyrir hverja umferð.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Góðir hlustendur. Það lítur út fyrir, að þau fjárlög, sem nú verða afgr., muni sýna útgjöld, sem nema fast að 100 millj. kr. Er það miklu hærra en nokkru sinni fyrr.

Á fjárlögum yfirstandandi árs eru gjöldin rúmlega 65 millj. kr. Til samanburðar má geta þess, að skv. landsreikningi 1938, síðasta árið fyrir styrjöldina, voru rekstrarútgjöld ríkisins 17.7 millj. kr., eða um það bil 6 sinnum lægri en þau eru áætluð á næsta ári.

Af þessum 100 millj. kr. er um ⅓ launagreiðslur til opinberra starfsmanna, eða nokkuð yfir 30 millj. Launagreiðslur einar eru nú um það bil helmingi hærri en öll útgjöld ríkisins voru á árunum fyrir stríðið, og var þó einna mest deilt á þáverandi fjármálastjórn fyrir starfsmannahald og launagreiðslur. Þessar miklu fjárhæðir, sem nú þarf að verja til launagreiðslu handa ríkisstarfsmönnum, er ein af afleiðingum dýrtíðarinnar. Það er óhjákvæmilegt að greiða

opinberum starfsmönnum stórfé í verðlagsuppbætur vegna dýrtíðarinnar. Hefði dýrtíðin ekki verið tvöfölduð á s. l. ári, mundu þessar greiðslur nú vera mörgum millj. kr. lægri, en launamenn þó engu verr settir.

Það er mjög vafasamt, að ríkissjóður verði til lengdar fær um að greiða yfir 30 millj. á ári í laun til opinberra starfsmanna. Tekjur hans geta lækkað fyrr en varir. Þær hljóta að lækka um leið og þjóðartekjurnar, hver sem dýrtíðarvísitalan þá verður. Þess vegna er óhjákvæmilegt að setja það ákvæði í nýju launalögin, sem væntanlega verður sett innan skamms, að laun opinberra starfsmanna taki breytingum til hækkunar og lækkunar eftir heildartekjum þjóðarinnar á hverjum tíma. Með því móti verður afkoma opinberra starfsmanna í sem nánustu samræmi við lífskjör annarra manna í þjóðfélaginu. Það er réttlætismál og um leið það eina framkvæmanlega, þegar til lengdar lætur. Þeir eiga ekki að vera afskiptir, en þeim ber ekki heldur meira en sanngjarn hlutur af heildartekjum landsmanna á hverjum tíma, miðað við það, sem aðrar stéttir eiga við að búa.

Um leið og ríkissjóður þarf nú að greiða milljónatugi í launauppbætur til starfsmanna sinna vegna dýrtíðarinnar, þarf hann einnig að greiða stórfé í uppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur af sömu ástæðum. Þetta er óhjákvæmilegt og alveg jafnsjálfsagt eins og launauppbæturnar, þótt sósíalistar og sumir aðrir leyfi sér að nefna þessar greiðslur fátækrastyrk. Þetta er ein af óhjákvæmilegum afleiðingum þess, sem hér gerðist í fyrra, þegar dýrtíðin var tvöfölduð. Alveg á sama hátt og það er nauðsynlegt og réttmætt að greiða launamönnum verðlagsuppbætur, til þess að kjör þeirra verði bærileg, er það óhjákvæmilegt og réttlætismál að borga útflutningsuppbæturnar til landbúnaðarins til þess að koma í veg fyrir, að þeir einir, sem þann atvinnuveg stunda, lifi við allt önnur og stórum lakari kjör en allar aðrar stéttir þjóðfélagsins nú á tímum.

En hér skal einnig á það bent, að bændur eiga skýlausan rétt á útflutningsuppbótunum.

Vísitölunefnd landbúnaðarins, 6 manna nefndin svonefnda, varð sammála um það, hvaða verð bændur þyrftu að fá fyrir framleiðsluvörurnar frá þessu ári, hvort sem þær eru seldar innanlands eða utan, til þess að tekjur þeirra yrðu í nokkurn veginn samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Verðið, sem sett var á vörurnar innanlands í haust, var síðan beinlínis byggt á því og við það miðað, að verð 6 manna nefndarinnar fáist einnig fyrir útflutningsvörurnar. Verði bændum ekki tryggt þetta ákveðna verð fyrir útflutninginn, þá eru það bein svik. Verðið, sem sett er á vörur þeirra innanlands, er sett fast og einmitt sett með tilliti til þess, að ákveðið verð fáist fyrir þann hluta framleiðslunnar, sem út er fluttur.

Fulltrúar Sjálfstfl. og sósíalista, sem töluðu hér í gærkvöldi, voru að hæla sér af því, að þeirra flokkar hefðu átt svo mikinn þátt í því, að samkomulag varð í 6 manna nefndinni. En hvaða gagn er að samkomulagi fyrir bændur, ef ekki á að framfylgja því og tryggja þeim það verð fyrir afurðirnar, sem þeim ber samkv. niðurstöðum 6 manna nefndarinnar og verðákvörðuninni innanlands? Bændur hafa ekkert gagn af samkomulaginu, ef ekki á að fylgja því fram. Sé það meiningin að nota það aðeins til þess að setja fast verð á þann hluta framleiðslunnar, sem seldur er innanlands, en skeyta ekkert um, hvað fæst fyrir útflutninginn, og þvinga bændur þannig til að selja vörur sínar fyrir verð, sem gefur þeim miklu lægri tekjur en öðrum stéttum, þá er það svo ósæmileg framkoma, að ekki verður með orðum lýst.

En hvernig er þá afstaða flokkanna til þessa máls og annarra dýrtíðarráðstafana, þegar til framkvæmdanna kemur?

Framsfl. er eini þingflokkurinn, sem heill og óskiptur vill fylgja fram samkomulagi 6 manna nefndarinnar. Alþfl. hefur lýst sig andvígan útflutningsuppbótunum. Vitað er, að Sjálfstfl., sem hv. 2. þm. Rang., Ingólfur Jónsson, sagði hér áðan, að vissi hvað hann vildi, er klofinn í þessu máli eins og fleirum. Mun nú reyna á það næstu daga, hvernig hann stendur sig í þessu máli, m. a. hvort hann vill láta hæstv. ríkisstjórn hafa nauðsynlegar tekjur til dýrtíðarráðstafana. Mér virðist framkoma sjálfstæðismanna og sósíalista í efri deild þingsins í dag ekki spá neinu góðu. Vitanlega þurfa þeir, sem vilja halda í heiðri samkomulag 6 manna nefndarinnar, að tryggja það, að ríkissjóður hafi fé til að greiða útflutningsuppbæturnar. Einnig þarf hæstv. stjórn allmikið fé til annarra dýrtíðarráðstafana innanlands, til þess að koma í veg fyrir, að dýrtíðin taki enn stórt stökk upp á við nú þegar. Það þykir að vísu engum góður kostur að verja miklu fé til að borga niður vöruverð innanlands, en eins og nú er ástatt, er það þó eina leiðin til þess að koma í veg fyrir, að smáútvegurinn og ýmsar aðrar atvinnugreinar hrynji í rústir nú þegar, sem verða mundi, ef dýrtíðinni væri gefinn laus taumur og vísitalan kæmist upp í 300 stig eða hærra.

Gott dæmi um það, hvernig nú er komið fyrir atvinnurekstri landsmanna og hvernig fara mundi, ef dýrtíðinni yrði enn leyft að hækka, eru bollaleggingar hv. þm. Ísaf., Finns Jónssonar, hér í umræðunum í gær um að fá fiskiskip handa Íslendingum smíðuð erlendis. Hann sagði, og eflaust er það rétt, að þau yrðu með því móti miklu ódýrari en ef þau væru smíðuð hér á landi. Þarna kemur greinilega fram ein afleiðingin af stjórnleysinu í fyrra, sem braut niður allar skorður gegn dýrtíðinni. Íslenzkir iðnaðarmenn eru vel færir um að smíða skip, a. m. k. af þeirri stærð, sem þm. Ísaf. talaði um, en þó flytja þm. Alþfl. og sósíalistar till. um að fela útlendum skipasmiðum þetta. Þarna blasir við íslenzkum iðnaðarmönnum, að upp úr aðförum þessara flokka og Sjálfstfl. á síðasta ári hafi þeir það að ganga iðjulausir á næstu árum, meðan útlendingar smíða fiskiskipin handa þjóðinni.

Í efri deild hefur verið borið fram frv. um að framlengja verðlækkunarskattinn, sem innheimtur var í ár, og nota það fé til dýrtíðarráðstafana. Frv. kom til atkvgr. í Ed. í dag, við 1. umr.

og af 7 sjálfstæðismönnum í deildinni voru aðeins 2, sem athugasemdalaust greiddu atkv. með því, að frv. færi til 2. umr. Verði ekki breyting til bóta á afstöðu flokksins þar, er sjáanlegt, að málinu er stefnt í voða, þar sem sá tekjuafgangur, sem nú er á fjárlagafrv., hrekkur hvergi nærri til þess hvors tveggja að greiða útflutningsuppbætur og afstýra hækkun vísitölunnar innanlands.

Sósíalistar í Ed. greiddu einnig allir atkv. gegn þessu frv. í dag. Þeir þykjast þó annað veifið vera með því að greiða útflutningsuppbætur til smábænda, sem þeir nefna svo.

En vitanlega mundu hvorki „smábændur" né aðrir fá grænan eyri í uppbætur, ef sósíalistar mættu ráða, vegna þess að þeir eru á móti nýrri tekjuöflun fyrir ríkissjóð og vilja lækka ríkistekjurnar stórkostlega frá því sem nú er, eftir því sem fulltrúi þeirra upplýsti hér í gærkvöldi í umræðunum.

Sósíalistar reyna nú eins og oftar í ræðum sínum að skipta bændum í stórbændur og smábændur eða kotbændur, eins og þeir stundum nefna þá. Í þingsályktunartill. frá þeim sósíalistum, sem lögð var hér fram fyrir fáum dögum, er talað um enn eina tegund af bændum, sem þeir nefna sauðbændur. Þeir þykjast vera með því að greiða útflutningsuppbætur til smábænda, en þó andmæla þeir einnig því aðra stundina. Þannig sagði einn þm. sósíalista hér í þinginu fyrir nokkrum dögum, að aðalgallinn við útflutningsuppbætur væri sá, að þeim væri dreift út um allt land milli kotbænda, í stað þess að nota það á annan veg, t. d. til þess að koma upp stórbúum. Þannig er hvað á móti öðru í þeirra málflutningi. Annað slagið talað um, að smábændur einir eigi að fá uppbætur, en í hinu orðinu, að háskalegt sé að dreifa fénu þannig, því að það tefji fyrir því, að kotabúskapurinn leggist niður.

En ég ætla að athuga tal þeirra um stórbændurna og smábændurna nokkru nánar. Stórbændur kalla þeir sennilega þá, sem hafa eitthvað af aðkeyptu vinnuafli, hvernig sem efnahagur þeirra raunverulega er. Nú mun það vera svo, að afkoman hjá þeim bændum, sem þurfa að taka kaupafólk og vetrarmenn, mun sízt betri, heldur yfirleitt lakari en hjá þeim, sem hafa ekki stærri bú en svo, að þeir geta fleytt þeim án þess að kaupa vinnuafl. Hinir fyrrnefndu þurfa því eins á uppbótum að halda og eiga sama rétt á þeim eins og hinir. En svo ætla ég að taka eitt dæmi, sem sýnir, hvernig þessi regla, sem sósíalistar vilja taka upp, mundi verða í framkvæmdinni. Ég tek dæmi af tveim bændum, sem ég þekki, án þess að nefna nöfn. Sams konar dæmi um afstöðu manna má finna fleiri og færri í hverri sveit á landinu. Annar bóndinn er roskinn maður, sem á nokkur uppkomin börn. Aðeins eitt, það yngsta, er eftir heima hjá honum. Hin eru farin, í kauptún og til Reykjavíkur, og hafa haft þar góða atvinnu að undanförnu. Vegna þess að börnin eru farin, en bóndinn hefur ekki vinnufólk, er bú hans fremur lítið, eða minna en í meðallagi. Samkvæmt reglu sósíalista ætti hann að fá uppbætur á allar sínar afurðir. Í sömu sveitinni er annar bóndi, sem einnig á nokkur börn, komin yfir fermingaraldur. Þau hafa ekki farið burtu. Þau eru enn heima og vinna með foreldrum sínum að búskapnum og að því að bæta jörðina. Vegna þess að þar hefur verið nægur vinnukraftur á heimilinu, hefur búið stækkað smám saman á undanförnum árum og er nú orðið stærra en í meðallagi. En þá koma sósíalistar til skjalanna og segja við þennan bónda og börn hans: Þið eigið að fá minna fyrir ykkar framleiðsluvörur heldur en nágranninn, af því að ykkar bú er dálítið stærra. Börnin, sem vinna heima hjá foreldrum sínum, eiga ekki að fá tekjur fyrir sína vinnu, sambærilegar við tekjur annarra vinnandi manna í landinu. Þetta er kveðjan, sem Sósíalistaflokkurinn sendir unga fólkinu í sveitum landsins, sem enn er þar kyrrt við sín störf, en hefur ekki fylgzt með straumnum til kaupstaðanna. Það á að refsa þessu fólki fyrir, að það hefur ekki enn yfirgefið sveitina og flutt sig til Reykjavíkur til að keppa þar um takmarkað húsnæði og keppa um vinnu við verkafólkið, sem þar er fyrir. Það á að níðast á þessu unga fólki og skammta því minna fyrir afurðirnar en öðrum og þar með lægri atvinnutekjur en allir aðrir landsmenn hafa.

Þetta er vitanlega ekkert einsdæmi um framkomu þessa flokks, sem þrátt fyrir slíkar aðfarir dirfist að halda því fram, að hann vilji framfarir í sveitum landsins. Á þessu þingi hafa framsóknarmenn flutt frv. um breytingar á jarðræktarlögunum, sem stefna að því að koma ræktuninni í það horf á næstu 10 árum, að allur heyfengur fáist af ræktuðu, véltæku landi. Fulltrúi Sósíalistaflokksins í þeirri þingnefnd, sem hefur frv. til meðferðar, hefur beitt sér á móti málinu í nefndinni. Hann fylgir þar að málum fulltrúa Alþýðuflokksins og öðrum af tveim fulltrúum Sjálfstæðisflokksins, flokksins, sem „veit hvað hann vill" og getur ekki tekið óskiptur á þessu máli fremur en öðrum. Þannig haga sósíalistar sér í þessu máli, þrátt fyrir allt gaspur þeirra um, að þörf sé umbóta í landbúnaðinum. — Einnig má nefna framkomu þeirra í raforkumálum sveita og sjávarþorpa. Þeir flytja till. á þingi um, að ríkisstj. verði heimilað að verja fé til kaupa á rafveituefni. En þegar fram komu frv. um að heimila ríkisstj. að taka innanlandslán til raforkusjóðs, til þess að mögulegt verði að kaupa þetta efni, þá rísa þeir allir gegn því með hinu mesta offorsi. — Þeir hæla sér af því að hafa flutt tillögur þær á þingi um milljónaframlög til eflingar landbúnaði og sjávarútvegi. En það er ljóst, að þeir meina ekki nokkurn skapaðan hlut með þessum tillögum. Þessir sömu menn vilja afnema tollana og svipta ríkissjóð þannig mestum hluta af þeim tekjum, sem hann nú hefur, án þess að benda á nokkrar tekjur í staðinn til að mæta gjöldunum. Og þeir gera meira. Þeir beita sér á móti beinum sköttum, sem þeir hafa þó sagt kjósendum sínum, að þeir væru fylgjandi. Það kom a. m. k. fram í efri deild í dag, þar sem þeir greiddu atkv. gegn verðlækkunarskattinum, sem er beinn skattur. Sama er með eignaraukaskattinn. Þeir

hafa tafið og þvælt fyrir því máli á þessu þingi, svo að það er enn í nefnd í fyrri deildinni. Þannig vilja þeir fella niður helztu tekjustofna ríkisins, án þess að finna aðra í staðinn, — og þannig lækka ríkistekjurnar stórkostlega. Það er því hreinn og beinn skrípaleikur, þegar þessir menn koma með till. um stórar fjárveitingar í eitt og annað, til viðbótar þeim gjöldum, sem fyrir eru og þeir hafa átt þátt í að samþykkja. Þetta er augljós skrípaleikur, þar sem þessir sömu menn vilja hindra það, að ríkissjóður hafi nokkra peninga til þessara framkvæmda eða annarra. Væri fylgt þeim fjármálatill. um lækkun á ríkistekjunum, mundi ríkissjóður ekki hafa einseyring til slíkra framtíðarverkefna, og ekki svipað því nóg fé í launagreiðslu og annað, sem nú er á fjárlagafrv. — Till. þeirra um milljónaframlög til verklegra framkvæmda eru því aðeins fram bornar í blekkingarskyni.

Til þess að sýna það, hve snjallir þeir séu í fjármálum, flytja þeir till. um að nota sömu peningana þrisvar sinnum. Ég hef ekki áður heyrt, að neinn fjármálaspekingur hafi komizt svo langt. Í fyrsta lagi vilja þeir fella niður tolla á aðfluttum vörum og lækka með því tekjur ríkisins um tugi milljóna. Í öðru lagi flytja þeir till. um að nota þessar sömu millj. í framlög til landbúnaðar og til smíða á fiskiskipum, og í margt fleira, sem hv. 2. landsk., Þóroddur Guðmundsson, var að telja upp áðan. Og svo í þriðja lagi segja þeir, a. m. k. stundum, að þeir vilji nota þessa sömu peninga til þess að greiða útflutningsuppbætur til „smábænda". Þannig á að nota sömu peningana þrisvar.

Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að aldrei áður hafi svo stórfelldar blekkingar verið fram bornar í umræðum um landsmál, og eru menn þó ýmsu vanir frá þessum mönnum nú á síðari tímum.

Þannig er allur þeirra ferill. Þeir sögðu kjósendunum fyrir kosningar í fyrra, að þeir vildu taka þátt í umbótastjórn með öðrum flokkum. En eftir að þeir komu á þingið, neituðu þeir stjórnarsamvinnu um umbótamál, svo sem öruggari framkvæmd skattamálanna og marghátt aðar ráðstafanir til eflingar atvinnuvegum þjóðarinnar til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi eftir styrjöldina, þar á meðal með því að verja fé til rafveitufram kvæmda fyrir sveitir og sjávarþorp.

Fleiri dæmi mætti nefna um falsanir sósíalista. Ég verð að segja það, að ef kjósendurnir taka slíkt fyrir góða vöru, þá horfir óglæsilega um okkar framtíð. Vonir okkar um betra þjóðfélag geta því aðeins rætzt, að þeir stjórnmálaflokkar, sem beita slíkum blekkingum og slíkum starfsaðferðum, uppskeri af þessari iðju verðskuldaða fyrirlitningu þjóðarinnar.

**Forseti (GSv):** Hv. þm. V.-Húnv. hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls hv. 4. þm. Reykv., Stefán Jóh. Stefánsson, og talar af hálfu Alþýðuflokksins.

**Stefán Jóh. Stefánsson:** Allir þeir háttvirtu alþingismenn, er tekið hafa þátt í þessum svokölluðu eldhúsumræðum, hafa þó verið ásáttir um eitt — og eiginlega það eitt —, að í íslenzkum stjórnmálum sé nú óvenjulegt ástand og ófremd, er skapað hafi Alþingi álitshnekki. Og þetta er vissulega rétt. En þegar komið er að því að skýra, hvað leitt hafi til þessa ástands og hvaða leiðir séu líklegastar til þess að losna við það, þá kemur í ljós mismunurinn á skýringum og stefnum flokkanna.

Ég mun víkja nokkrum orðum að þessari þungamiðju íslenzkra stjórnmála, eins og sakir standa.

Þegar að er gætt og íhuguð forsaga yfirstandandi tíma, þá ætla ég, að það sé ómótmælanlegt, að afstaða flokkanna til þess ógnar gróða, er borizt hefur íslenzku þjóðinni á stríðstímunum, hafi verið aðalorsökin til þess að skapa það ástand, er nú ríkir.

Á árunum 1940 og 1941 berjast tveir stærstu stjórnmálaflokkar landsins beinlínis fyrir misskiptingu stríðsgróðans. En alþýðan í launastéttum landsins krefst þess þá hins vegar að fá eðlilega hlutdeild með bættum kjörum í þeim geysilega auknu tekjum, er þjóðinni berast. En baráttan fyrir misskiptingunni og til varnar sérréttindunum nær hámarki, er Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkarnir í sameiningu setja gerðardómslögin í ársbyrjun 1942. Það er án efa eitt hið mesta óhappaspor, er stigið hefur verið í íslenzkum stjórnmálum. Með þeim var gerð tilraun til þess að misbeita ríkisvaldinu á hinn ofbeldisfyllsta hátt. Og áhrifin urðu eins og til var stofnað.

Réttmæt andstöðualda alþýðunnar í landinu reis þá hátt gegn óréttlætinu. Aðeins slitur gerðardómslaganna var framkvæmt af höfundum þeirra, og skorti þó ekki í upphafi stór orð og heit forustumanna Framsóknar og Sjálfstæðisflokksins um röggsamlega og skelegga framkvæmd þeirra. Lögin voru samt sniðgengin og vikið til hliðar í mörgum greinum. En þau voru þó nægileg til þess að halda niðri þeim, sem veikastir voru og höfðu minnst samtök sín á milli, — einmitt þeim, sem mest var þörf bættra kjara og aukins réttlætis.

Loks voru þessi óhappalög afnumin sumarið 1942, er það hafði komið í ljós, að ekki var unnt að framkvæma þau.

En af öllu þessu stafaði hinn mesti glundroði og réttmæt óánægja, eins og öll misbeiting valds og augsýnilegt óréttlæti hlýtur að skapa.

Í gruggugu vatni gerðardómslaganna gátu öfgar og ofstopi kommúnista komið ár sinni fyrir borð. Upplausnin í þjóðfélaginu óx. Annars vegar var ofbeldisfull tilraun auðvaldsflokkanna til þess að viðhalda sérréttindum sínum og misskiptingu auðsins. Hins vegar var svæsin, ófyrirleitin og öfgakennd múgæsing kommúnista, sem verulega orkaði á uppæsta hugi manna.

Raddir skynsemi og lýðræðislegra aðferða drukknuðu oft í öskrum og æsingi öfganna til beggja handa. Sjálfstfl. og Framsfl. hafði tekizt að skapa hinn mesta glundroða og gefa kommúnistum óvenjulegt tækifæri til þess að tæla fólk til fylgis við sig. Og háttvirtir hlustendur

hafa nú hlustað á einkennandi orðbragð kommúnista, eins og það flaut af vörum hv. 2. landsk. Þórodds Guðmundssonar, og málsmeðferð og sannleiksást í ræðu hans voru einnig í fullu samræmi við stefnu flokksins og starfsaðferðir, enda er hv. 2. landsk. (ÞG) einn af mestu ráðamönnum kommúnista og hefur numið fræði sín með þriggja ára dvöl í Rússlandi. Áhrifin af náminu hafa menn heyrt, og þingmenn kannast vel við orðbragðið.

Og afleiðingarnar komu brátt í ljós. Sundrað og sundurtætt þjóð gekk til tveggja kosninga. Kommúnistar juku fylgi sitt stórlega. Alþingi reyndist margskipt og ómegnugt til nýrra úrræða. Verðbólgan flæddi yfir landið. Máttlaus og úrræðalaus minnihlutastjórn Sjálfstæðisflokksins barst með straumnum um stund, en hrökklaðist síðan frá við litla sæmd. Tilraunir voru gerðar til þess að mynda nýja meirihlutastjórn, en það reyndist árangurslaust. Einn fimmti hluti Alþingis, undir stjórn kommúnista, vildi og ætlaði sér ekki að hafa stjórnarsamstarf við aðra flokka. Fjórir fimmtu hlutar þingsins voru skiptir og það svo mjög, að hvorki tókst að mynda íhalds- eða afturhaldsstjórn né stjórn frjálslyndra umbótamanna, er með röggsemi og eftir lýðræðisháttum skapaði réttlæti og jafnvægi í þjóðfélaginu. Þess vegna situr nú að völdum stjórn utanþingsmanna, skipuð af ríkisstjóra og án nokkurs ákveðins fylgis á Alþingi. Þingið er því *forustulaust af stjórnarhálfu*, og hefur það leitt til margs konar mistaka og því ekki tekizt að skapa neina ákveðna stjórnarstefnu, er skipti þingmönnum og flokkum til athafna og átaka.

Alþýðuflokkurinn hefur, með sinni gömlu og viðteknu lýðræðis- og umbótastefnu, eftir mætti barizt gegn því, að þetta ástand skapaðist. Hann reyndi til lengstra laga að hafa samstarf við aðra flokka um réttlátar umbætur og jöfnun kjara fólksins í landinu. En ævintýrapólitík Sjálfstfl. og Framsfl. við setningu gerðardómslaganna og misskipting auðsins rauf þá samvinnu og kastaði þjóðinni út í það ófremdarástand í stjórnmálum, er nú ríkir.

Ég hef þegar varið nokkru af ræðutíma mínum til þess að gera grein fyrir, af hvaða orsökum það ófremdarástand stafar, er nú ríkir í íslenzkum stjórnmálum. Og þar sem tveir flokksbræður mínir, hv. þingmenn Ísfirðinga og Hafnfirðinga, þeir Finnur Jónsson og Emil Jónsson, hafa þegar rætt rækilega um fjárhags-, atvinnu- og dýrtíðarmál, mun ég snúa máli mínu að nokkrum atriðum, er sérstaklega snerta frambúðar stjórnskipulag landsins og á hvern hátt það á að tryggja lýðræði, frelsi, réttlæti og öryggi þegnanna, og loks hvernig er hægt að hrinda því í framkvæmd.

Þessi mál standa nú fyrir dyrum og vissulega tímabært að gera sér grein fyrir afstöðu til þeirra.

Hvenær sem lýðveldisstjórnarskráin verður afgreidd á Alþingi, þá er það víst, að til nákvæmrar athugunar þarf að taka val og valdsvið lýðveldisforsetans.

Það virðist koma betur og betur í ljós, ekki sízt eins og málum er háttað á Alþingi, að það sé hið sjálfsagðasta og eðlilegasta og í beztu samræmi við rétta lýðræðisháttu, að forsetinn sé valinn af öllum kosningabærum mönnum í landinu og það sé einnig tryggt, að hann sé þá ekki óeðlilega háður valdbeitingu Alþingis. Um þetta kunna að verða skiptar skoðanir, en Alþýðuflokkurinn mun leggja áherzlu á það að búa sem bezt og tryggilegast um þennan merkilega þátt í stjórnskipunarlögum landsins og gæta þess um leið, að lýðræðisskipulagið geti öðlazt þá festu og styrkleika, er geri það hæft að festa djúpar og öruggar rætur meðal þjóðarinnar.

En val og valdsvið forsetans er aðeins einn þáttur, þó mikilsverður sé, í stjórnskipunarlögum landsins.

Fyrir dyrum stendur gagngerð endurskoðun á stjórnarskránni, og er það mjög þýðingarmikið atriði í íslenzkum stjórnmálum, að vel, tryggilega og á réttlátan hátt verði búið um stjórnskipunarlög landsins.

Í hinum nýju og endurbættu stjórnskipunarlögum þarf að setja ótvíræð og örugg ákvæði um aukin réttindi allra þegna þjóðfélagsins. Í stjórnarskrá þeirri, sem nú gildir, er svo fyrir mælt, að sá skuli eiga rétt á styrk úr almennum sjóði, sem ekki sé fær um að sjá fyrir sér og sínum. Í nýrri og endurbættri stjórnarskrá þarf einnig að tryggja öllum vinnufærum mönnum *rétt til atvinnu, aukins félagslegs öryggis*, nauðsynlegrar almennrar menntunar og jafnra áhrifa á meðferð og stjórn þjóðfélagsmálefna.

Þessi atriði, ásamt öðrum og fleiri, þarf að festa í stjórnskipulögum landsins sem umgerð lýðræðisskipulagsins, er þarf að reisa á styrkum grundvelli. Og einmitt til eflingar lýðveldisskipulaginu og til varnar gegn hvers konar árásum og ofbeldi einræðisstefna *þarf stjórnarskráin* að hafa að geyma örugg ákvæði.

Lýðræðið og frelsið eru fjöregg, sem íslenzka þjóðin þarf að meta og varðveita. Tilvist sína og heiður sem menningarþjóð á hún ekki hvað sízt undir því, að þess sé vandlega gætt. Ástandið í íslenzkum stjórnmálum gefur sérstakt tilefni til þess, að lýðræðisskipulagið í öllum stjórnarháttum verði verndað og aukið. En til þess að það megi verða, þarf einnig að skapa félagslegt öryggi allra þegna þjóðfélagsins og tryggja öllum almenningi nægilega atvinnu og nauðsynlega menntun.

Heimsstyrjöld sú, er nú geisar, og rannsóknir þær, sem gerðar hafa verið um atvinnuskipulag að stríði loknu, hafa fyllilega leitt í ljós, að það er hægt að útrýma atvinnuleysinu með öllu, ef vilji og skilningur stjórnarvaldanna er fyrir hendi. Og krafa og takmark íslenzkrar alþýðu hlýtur óhjákvæmilega að vera, að eftir stríðið megi ekkert atvinnuleysi vera.

Fyrir þessum stórfelldu umbótum vill Alþýðuflokkurinn berjast í samræmi við stefnu sína og viðteknar starfsaðferðir.

En þá mætti spyrja, hvaða leiðir væru líklegastar til þess að hrinda þessum málefnum í framkvæmd. Auðvitað er greiðasta og bezta leiðin til þess að styrkja og efla Alþýðuflokkinn.

En á næstu tímum má búast við, að til framkvæmdanna þurfi samstarf flokka og stétta.

Alþýðuflokkinn skipa fyrst og fremst verkamenn, sjómenn og menntamenn, sem aðsetur hafa aðallega í bæjum landsins og við sjávarsíðuna. En mikill hluti þessa fólks er kominn úr sveitum landsins, ýmist fyrir skömmu eða löngum tíma síðan. Það hefur því fullan skilning og samúð með störfum og lífsbaráttu íslenzkra bænda og sveitafólks. Og Alþýðuflokkurinn hefur alltaf, af sinni hálfu, viljað auka samstarf bænda og launafólksins við sjávarsíðuna, svo mjög sem áhugamál þeirra geta fallið saman, ef að er gáð. Flokkurinn hefur því gert tilraunir hvað eftir annað til þess, að bændur og alþýðan við sjóinn hafi með sér samstarf, miklu réttlátara og eðlilegra en það, sem hv. 5. þm. Reykv., Brynjólfur Bjarnason, var að dásama í sambandi við ákvarðanir sex-manna-nefndarinnar, sem hv. þm. Hafnf., Emil Jónsson, hefur og réttilega skýrt og rakið. Með mjólkurskipulaginu var það yfirlýst ætlun Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins, að ávinningur sá, er af skipulaginu fengist, gengi bæði til bænda og neytenda, þannig að hverjir tveir aurar, er spöruðust við bætt skipulag, skiptust jafnt á milli neytenda og bænda. Og það var ekki sök Alþýðuflokksins, þó að úr því yrði ekki. Ofstopi og yfirráð Framsóknarflokksins spilltu þar góðu máli. Og í gengislögunum frá 1939 voru kjör bænda og launastétta samofin og réttlátt hlutfall skapað þeirra á milli. En eins og hv. þm. Hafnf., Emil Jónsson, hefur rækilega lýst, var það samkomulag algerlega rofið og að engu gert af Framsóknarflokknum.

En allar slíkar tilraunir til samstarfs bænda og launastétta hefur verið reynt að tortryggja af hálfu kommúnista, og eiga þeir, ásamt Framsóknarflokknum, sína sök á því, hvernig farið hefur.

En þrátt fyrir allt þetta vill Alþýðuflokkurinn enn sem fyrr benda á, hve nauðsynlegt og eðlilegt geti verið samstarf bænda og verkamanna til sameiginlegra átaka um bætt kjör íslenzkrar alþýðu, aukna menningu hennar, viðhald og eflingu lýðræðisskipulagsins og sjálfstæðis þjóðarinnar. En til þess að svo megi verða, þurfa stjórnmálaerindrekar bænda að breyta til, hverfa frá íhaldssamri og þröngsýnni stórbændapólitík og auka skilning sinn og stuðning við áhugamál alþýðunnar við sjávarsíðuna. Og til þess þurfa launastéttirnar einnig að snúa baki við einræðis- og ofstopakenningum kommúnista og losa sig úr læðingsfjötrum Sjálfstæðisflokksins, sem stjórnað er af höfuðauðhringum landsins.

Með því móti væri hægt að mynda eðlilegt og traust samstarf alþýðunnar í landinu til sköpunar nýs og betra þjóðfélags, eftir leiðum lýðræðis og þingræðis, til öryggis og hagsmuna fyrir íslenzku þjóðina.

Að þessu vill Alþýðuflokkurinn vinna.

**Forseti (GSv):** Hv. 4. þm. Reykv. hefur lokið máli sínu. Næstur tekur til máls hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, og talar af hálfu Sameiningarflokks alþýðu — sósíalistaflokksins.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Hv. hlustendur. Funduð þið einhvern mun á því, sem hv. þm. V.-Húnv., Skúli Guðmundsson, og hv. 2. þm. Rang., Ingólfur Jónson, sögðu hér áðan? Var nokkur gráðumunur á blekkingunum, sem þeir fluttu? — Var stefnan ekki ein og hin sama hjá báðum: baráttan gegn sósíalistum, háð með álíka óskammfeilni í blekkingum og áróðri og fasistum er eiginlegt.

Finnst ykkur, að það sé líklegt, að Alþýðuflokkurinn, sem gekk inn í þjóðstjórnina 1939 til þess að lækka kaup verkamanna, minnka félagslegt öryggi, hindra samtakafrelsi verkamanna, koma á skattfrelsi auðmanna, koma á atvinnuleysi, — finnst ykkur líklegt, að hann muni vinna mikið að því að framkvæma þær fögru hugsjónir, sem hv. 4. þm. Reykv., Stefán Jóh. Stefánsson, var að lýsa hér áðan? — Af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá!

Alþfl. lofaði öllu fögru við kosningarnar 1937, m. a. því að berjast gegn allri gengislækkun. Og hvað gerði hann svo, er á þing kom? Lækkaði gengið.

Ég læt þetta nægja um síðasta ræðumann og samstarfið við þjóðstjórnarflokkana.

Formaður Framsfl., hv. þm. S.-Þ., Jónas Jónsson, lætur ekki til sín heyra í þessum umræðum. En það hefur ekki vantað að pólitík hans, haturspólitíkin gegn verkalýðnum, sú stefna að sundra bændum og verkamönnum, ætti hér fulltrúa úr báðum flokkum hans.

Þó raddirnar séu Skúla, Sveinbjarnar og Ingólfs, þá er höndin, sem stjórnar pólitík þessara þm., samt Jónasar frá Hriflu.

Og ég skal nú taka hér fyrir nokkrar helztu firrurnar, sem þessir menn hafa nú borið á borð fyrir hlustendur, firrurnar um ofsóknir gegn bændum.

Sveinbjörn Högnason kvað kjördæmaskiptinguna nú notaða til þess að þröngva kosti bænda. En hverjar eru staðreyndirnar? Bændum hefur í fyrsta skipti — með frjálsum samningum við neytendur — verið tryggður réttur til 14500 kr. árstekna fyrir meðalbú.

Sveinbjörn segir, að taka eigi umráðarétt af bændum yfir afurðunum og setja gerðardóm til að ákveða verðið á vörum þeirra. En hverjar eru staðreyndirnar? Við sósíalistar leggjum til, að verðið á landbúnaðarafurðum sé ákveðið ekki aðeins til stríðsloka, heldur líka eftir stríð, með frjálsu samkomulagi, eins og 6 manna nefndin gerði. En á móti þessu berst Framsókn og heimtar, að neytendur séu sviptir umráðarétti yfir mjólkinni, eftir að þeir hafa keypt hana ákveðnu verði við húsvegg mjólkursamsölunnar, og heimtar Framsókn, að embættismenn hennar fái að drottna yfir allri sölu og meðferð mjólkurinnar, og spilltustu embættismenn hennar, eins og þm. V.-Sk., geti notið þeirrar ánægju að neita reykvískum húsmæðrum öðru hverju um mjólk.

Annars verð ég að skjóta því hér inn í, að ég

held, að það væri ekki úr vegi, að bændur rannsökuðu, hve mikið það er, sem þessir Framsóknarherrar taka af þeim í milliliðakostnað

Ég hef fengið upplýsingar um að SÍS taki af hverju kílói kjöts, sem það fær til geymslu, 5 aura í geymslugjald á mánuði, eða 50 aura á hverju kjötkílói fyrir 10 mánuði! Og alls sé kostnaður á hverju kjötkílói frá því kjötið fer í skip 1,60 kr. á hvert kíló umfram heildsöluálagningu. Ef t. d. 5000 tonn kjöts væru seld með svona kostnaði, þá væri það 8 millj. kr.

Ef ástandið er svona víða um milliliðakostnað, þá held ég tími sé kominn til rannsóknar bæði af hálfu verkamanna og bænda.

Séra Sveinbjörn heldur áfram ósannindavaðli sínum. Hann endurtekur þau ósannindi, að sósíalistar vilji taka eignir af bændum án skaðabóta.

Sannleikurinn er, að í frumvarpi sósíalista um mjólkurmálin stendur skýrum orðum, að allt, sem samtök bænda hafa lagt fram, skuli að fullu endurgreitt. Hvað eignarnám snertir, þá hélt ég, að Framsókn væri ekki feimin við slíkt, — eða hvað var gert við eignir gamla Mjólkurfélags Reykjavíkur hér á árunum? En honum verður ekki óglatt af að ýkja enn betur. Hann kvað sósíalista ekki hafa hreyft skattamálunum á þingi. — En hann situr sjálfur í neðri deild, og þar liggja okkar skattatillögur þær, sem við fluttum í vor, nú fyrir til atkvæðagreiðslu sem breytingartillögur við skattafrumvarp milliþinganefndarinnar í skattamálum, en sú nefnd var sett m. a. að tillögum Framsóknar. Og till. um eignaraukaskattinn liggja til 2. umr. í efri deild og þær verða samþykktar, ef Framsókn þorir að fylgja slíkum skattatillögum.

Það vantar að vísu ekki kok-hreystina hjá hv. þm. V.-Sk. (SvbH) hér í útvarpinu, þegar hann talar um olíuhringa og annað auðvald, — en hvað verður úr Framsóknarflokknum, þegar á hólminn kemur?

Nýlega lá fyrir þinginu tillaga um að fyrirskipa sakamálsrannsókn á olíuhringana. Framsókn gerði samfylkingu við íhaldið um að forða hringunum frá þessari sakamálsrannsókn og breytti með því hinni upprunalegu tillögu í meinlaust bænakvak.

Svona er með hvert einasta orð, sem út gengur af munni þessa manns: Ósannindi, rangfærslur. Og á grundvelli þessara ósanninda ætlar hann svo að telja bændum trú um, að nú sé verið að leiða yfir þá bændaánauð.

Bændur, sem orð mín heyrið, hafið þið hugsað ykkur bændaánauð miðaldanna í formi samninganna, sem 6 manna nefndin gerði? — Hafið þið þá hugmynd, að það sé kúgun að ætla meðalbónda 14500 kr. árstekjur!

En ef ykkur finnst það rétt, sem 6 manna nefndin hefur gert, hvað finnst ykkur þá um gasprið í hv. þm. V.-Sk., Sveinbirni Högnasyni?

Hverjum þjóna menn eins ok hann, sem eru að æsa bændur gegn verkamönnum í staðinn fyrir að sameina þessar stéttir.

Þeir þjóna fjendum vinnandi stéttanna, afturhaldi og stríðsgróðamönnum.

En samtímis því sem Framsókn spilar sína Sveinbjarnar-plötu um bændafjandskap sósíalista, þá er útibú Framsóknar, Alþýðuflokkurinn, látinn spila þá plötu, sem þið heyrðuð hjá hv. þm. Hafnf., Emil Jónssyni, hér áðan, um bændadekur sósíalista. Emil Jónsson talar um, að Sósfl. hafi svikið verkamenn með samningunum í 6 manna nefndinni.

Hvað hefði orðið, ef samningarnir hefðu ekki verið gerðir?

Þá hefði kjötkílóið kostað yfir 10 kr., mjólkin yfir 2 kr. samkv. yfirlýsingu hv. 2. þm. Rang., Ingólfs á Hellu.

Er það að svíkja verkamenn að hindra slíka hækkun?

Emil Jónsson sagði, að með þessu væri verið að viðhalda og hækka dýrtíðina, — en sannleikurinn er ómótmælanlega, að dýrtíðin hefði orðið enn þá meiri, ef 6 manna nefndar samningurinn hefði ekki verið gerður.

Hv. þm. Hafnf., Emil Jónsson, fór ekki í grafgötur með, hvað hann vildi:

Hann lýsti því yfir, að einmitt með gengisfallinu 1939 oog þrælalögum gegn verkamönnum og bændum hefði átt að halda vísitölunni niðri. — Fyrir hverja vildi hann reka slíka pólitík?

Auðvitað fyrir atvinnurekendur enda er hann sjálfur fulltrúi atvinnurekenda í Hafnarfirði.

Þetta var pólitík hans 1939, — og sama sinnis er hann enn!

Hann vildi láta Sósfl. ganga að úrslitaskilyrðum Framsóknar í stjórnarsamningunum í vetur. En hvað var aðalatriði þeirra samninga:

Það var, að verð á landbúnaðarvörum og kaupgjald væri lækkað í sama hlutfalli.

Þetta þýddi, þar sem landbúnaðarvörurnar eru aðeins 40% af útgjöldum neytenda, að raunverulega grunnkaupslækkun hefði orðið 25%.

Það voru að áliti Alþfl. ekki svik að ganga að þessu! Eða var það hitt, að Alþfl. ætlaðist til þess, að Sósfl. sviki verkalýðinn eins og hann með því að selja þannig hagsmuni verkalýðsins fyrir ráðherrastólana?

Við sósíalistar erum ósmeykir við gaspur Alþfl. um, að við séum að svíkja verkamenn með bændadekri, — við erum líka ósmeykir við gaspur Framsóknar um, að við séum að sýna bændastéttinni fjandskap. Við treystum á skynsemi vinnandi stéttanna í landinu, á skilning verkamanna og bænda á því, að öll framtíð, allt frelsi alþýðunnar í þessu landi sé undir því komið, að verkamenn, bændur og fiskimenn geti staðið saman, en láti ekki gömlu afturhaldsagentana úr þjóðstjórninni sundra og drottna einu sinni enn.

Og við kippum okkur ekki upp við það, þótt hv. 2. þm. Rang., Ingólfur á Hellu, kalli okkur ábyrgðarlausa, — maðurinn, sem leikið hefur ábyrgðarlausasta leikinn, sem nokkurn tíma hefur verið leikinn á Íslandi: kjötverðhækkunina haustið 1942.

Þessi gasprari talaði um það, að við sósíalistar vildum upplausn í þjóðfélaginu. Finnst ykkur, bændur, að 6 manna nefndar samningurinn sé gerður með það fyrir augum að skapa upplausn? — En þjóðstjórnarpólitíkin, sem þessi herra stóð að, að hverju miðaði hún?

Að kúgun þjóðarinnar undir forríka auðmannastétt.

Og hann klykkti út með því að skora á afturhaldsöflin í þinginu að mynda aftur þjóðstjórn, að sameina aftur borgaraflokkana þrjá, og hann kvað marga Framsóknarmenn vilja taka höndum saman við íhaldið. Honum ætti að vera það kunnugt. Hann er heimagangur í báðum flokkunum.

En fyrir ykkur, hlustendur góðir, eru þessar óskir kjötkóngsins ósvikul vísbending um, hvert stefnir nú hjá borgaraflokkunum, hvers konar samsæri er á ferðinni hjá afturhaldsöflunum gegn alþýðu Íslands.

Hv. þm. Str., Hermann Jónasson, talaði um það með miklum fjálgleik í gær, að nú væri atvinnuleysið að koma, þetta væri nú því að kenna, að ekki hefði verið farið að gullvægum ráðum Framsóknar.

Hver er nú sannleikurinn í þessu máli?

Sannleikurinn er sá, að atvinnuleysi hefði hafizt hér aftur í árslok 1941, ef Framsókn hefði mátt ráða. Um það liggur fyrir yfirlýsing hv. 2. þm. S.-M., Eysteins Jónssonar, þáv. viðskiptamálaráðherra, í þingræðu. Hann sagði, er hann var að tala um festingartillögur Framsóknar þá, að skilyrðið til þess, að hægt væri að framkvæma þær, væri, að samningar næðust við herstjórnina um að fækka í setuliðsvinnunni. Það átti að vísu, að hans sögn, ekki að koma á neinu verulegu atvinnuleysi, heldur bara svona rétt mátulega, til þess að sverð atvinnuleysisins hængi alltaf yfir höfði hvers verkamanns, svo nærri hálsinum, að hann þyrði aldrei að rétta úr sér.

Og til þess að fá þetta gullvæga atvinnuleysi, sem var svo bráðnauðsynlegt fyrir Framsókn og stríðsgróðamennina, þá átti helzt að fórna allri setuliðsvinnunni, sem hæstv. fjármálaráðh. lýsti yfir í gær, að hefði átt meginþátt í að skapa þær innistæður, sem landið nú á erlendis.

Nei — það tekur enginn mark á tárum Framsóknar út af atvinnuleysinu. Það, sem Framsókn harmar, er, að atvinnuleysið skuli ekki vera búið að þjá verkalýðinn í tvö ár, svo hann væri orðinn auðmjúkur og hlýðinn og reiðubúinn til að kyssa á vöndinn.

Framsfl. var nógu óskammfeilinn hér í gær til að lýsa því yfir, að hann vildi, að gerðardómslögin hefðu staðið áfram. Og hefði hann getað haldið þeim við, þá hefði hann gert það með tveim aðferðum:

1. Leiða í samráði við erlenda herstjórn það mikið atvinnuleysi yfir verkamenn, að hægt væri að láta sultarsvipuna hvína yfir höfðum þeirra, til þess að láta þá una gerðardómsokinu.

2. Koma upp ríkislögreglu, vopnaðri eiturgasi og vélbyssum, sem keypt var inn fyrir 60 þús. 1940—41, til þess að beita þessum áþreifanlegu vopnum, ef sultarsvipa atvinnuleysisins dygði ekki.

Svo vill Framsókn fá verkamenn til að gráta það með sér, að þessar fyrirrætlanir hennar skuli ekki hafa tekizt! — Nei! Við sósíalistar tökum frammi fyrir alþjóð á okkur ábyrgðina af því að hafa hindrað það, að þessi kúgun tækist.

Þessir menn, eins og Framsókn og afturhaldsmenn í öðrum flokkum, hafa aldrei séð nema eitt ráð við öllum meinsemdum mannfélagsins, og það þó mannfélagið væri svo ríkt, að hveitinu væri brennt og kjötinu hent — og þetta ráð er: kauplækkun.

Og þessir menn hafa alltaf treyst á eina aðferð til þess að koma kauplækkun fram, og það er að viðhalda atvinnuleysi. Atvinnuleysið er lífakkeri valdakerfis þeirra, lífsskilyrðið til þess þeir geti kúgað verkalýðinn.

Og þegar þetta atvinnuleysi hvarf fyrir þrem árum, án þess þeir fengju að gert, þá kvörtuðu þeir og kveinuðu, grátbáðu erlendar herstjórnir að lofa sér að fá atvinnuleysið sitt aftur, þeir mættu ómögulega missa það, án atvinnuleysisins væru festingarlögin þeirra, gerðardómslögin þeirra, allt kúgunarkerfið þeirra dauðadæmt.

En herstjórnirnar létu hernaðarframkvæmdir Bandamanna sitja í fyrirrúmi fyrir hernaðarframkvæmdum Hermanns & Co. gegn verkalýðnum. Þá var hafinn nýr hernaður af Hriflungum, verðhækkunarherferðin mikla haustið 1942, og með kapphlaupi Sveinbjörns Högnasonar og Ingólfs Jónssonar var nú vísitalan á nokkrum mánuðum hækkuð um 80 stig.

Þessir sökudólgar reyna nú frammi fyrir þjóðinni að verja sig með því, að það sé kauphækkunin hjá verkamönnum, sem sé orsök allrar verðhækkunar. Við skulum athuga þá hlið nánar.

Grunnkaupshækkun verkamanna frá 1939 til nú mun að meðaltali ekki vera yfir 40%. — Þáttur hennar í hækkun vísitölunnar gæti því aldrei verið meira en í hæsta lagi 30 stig. Þó bændur hefðu fengið samsvarandi hækkun á vinnulaunum, þá ætti, ef engin önnur hækkun hefði orðið, vísitalan að vera ca. 130 stig. En hún er 259. — Þessir herrar, sem veittu á árunum skattfrjálsu milljónunum stríðsgróðamannanna inn yfir landið og brjáluðu hér allt verðlag, geta svo stungið hendinni í eigin barm og vitað, hverjum 129 stiga hækkun á vísitölunni er að kenna. — Svo mikið er víst, að sú hækkun stafar ekki af grunnkaupshækkuninni.

Nei, þessum mönnum er bezt að segja sannleikann eins og hann er:

Þeir vildu, að verkamenn og vinnandi stéttir landsins fengju enga kauphækkun allt þetta stríð, samtímis því sem þjóðartekjurnar margföldust og stríðsgróðamennirnir hrúguðu saman milljónunum. Þeir vildu sliga alþýðuna undir tollabyrði og kaupkúgun, meðan hér skapaðist forrík stétt milljónamæringa, sem eftir stríð hefði í krafti auðs síns öll ráð þjóðarinnar í hendi sér og gæti drottnað yfir fátækri alþýðu þessa lands með þeirri yfirdrottnunaraðferð, sem þjóðstjórnin gaf okkur forsmekkinn að.

Það voru þessar drottnunarfyrirrætlanir, sem strönduðu á mótspyrnu verkalýðsins. Þeirri mótspyrnu er það að þakka, að við höfum ekki haft atvinnuleysi tvö síðustu ár, eins og Framsókn ætlaðist til. Og takist þessu afturhaldi nú loks að leiða þetta langþráða atvinnuleysi sitt yfir þjóðina, eigi að fara að búa henni aftur sömu sultarkjörin og á dýrðartímabilinu hans Finns Jónssonar, 1927—37, þá mun þeirri sult-

arárás mætt með meiri skerpu en nokkru sinni fyrr.

Verkamenn, bændur og fiskimenn Íslands vita nú, að þeim getur öllum vegnað vel í þessu landi, og þessar vinnandi stéttir munu ekki láta gömlu þjóðstjórnarleiðtogana leiða sig aftur inn í þrælkunarhús forstríðsáranna.

En það er ekki bara atvinnuleysið og dýrtíðin, sem talað er mikið um í þessum umræðum. Þið hafið líka heyrt mikið um það kvartað í þessum umræðum, að Alþingi væri ekki starfhæft. Þeir barma sér hver í kapp við annan yfir því, gömlu þjóðstjórnarflokkarnir, Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., að Alþingi sé ekki starfhæft, — mikil ósköp og lifandi skelfing séu að vita þetta. Og sumir þeirra eru þegar teknir að benda á, að það verði bara að fara að afnema löggjafarvald þingsins og fá það eins konar konungkjörnum persónum í hendur.

Þeir kvörtuðu ekki undan því, að Alþingi væri óstarfhæft hér á árunum, þessir herrar, þegar þingið vann eða var notað til að vinna hvert óhæfuverkið á fætur öðru. Þeir kvörtuðu ekki um það, að Alþingi væri óstarfhæft, þegar það felldi gengið hérna um árið fyrir Kveldúlf, — þegar það lögfesti með þrælalögunum illræmdu kaupið hjá verkamönnum, — þegar það samtímis veitti stríðsgróðamönnunum skattfrelsi og skapaði þann mesta auðsójöfnuð, sem þekkzt hefur í landi þessu.

Nei, þá var þingið prýðilega starfhæft að áliti allra þjóðstjórnarfl. þriggja, Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., því þá vann það allt saman — að 3 utangarðsþingmönnum undanskildum — að því að halda hér uppi þeirri ófyrirleitnustu auðmannastjórn, sem nokkurn tíma hefur setið að völdum í þessu landi.

Þá var allt í lagi með þingið, — þá var það prýðilega starfhæft — fyrir Kveldúlf, SÍS og Co. — og einmitt þannig átti þingið að vera, að þeirra áliti. — Og væru einhverjir á annarri skoðun, þá var því bara lýst yfir, að þeir væru þinginu til skammar og skyldu settir utangarðs við þjóðfélagið, dæmdir óalandi og óferjandi.

Auðmannastéttin hefur ráðið þessu landi síðustu áratugina. Hún hefur haft lyklavöldin að bankamálum, fjármálum, atvinnumálum þjóðarinnar, hvort sem forsætisráðherrann hefur heitið Hermann eða Ólafur, eða félagsmálaráðherrann Stefán Jóhann eða eitthvað annað. Og auðmannastéttin hefur aldrei drottnað ófyrirleitnar á landi hér en þegar hún áleit sér óhætt og nauðsynlegt að sameina alla flokkana sína þrjá í ráðherrastólunum til að vinna fyrir sig kúgunarstörfin gagnvart alþýðu manna.

En þá spennti hún bogann of hátt. Hann brast. Alþýðan svaraði með því að senda okkur 10 sósíalista inn á þing.

Síðan hafa þjóðstjórnarflokkarnir ekki þorað að taka höndum saman til þess að mynda á sína ábyrgð nýja afturhaldsstjórn, — ekki þorað það vegna fólksins! Og þess vegna kvarta þeir nú yfir óstarfhæfni þingsins! Og Finnur Jónsson benti alveg á rétta ráðið frá auðvaldsins og afturhaldsins sjónarmiði til að gera þingið aftur starfhæft fyrir auðvaldið: að þurrka bara Sósíalistaflokkinn út úr því og setja Alþýðuflokksmenn í staðinn! Það þyrfti svo sem ekki endilega að gerast með kosningum. Það gæti gert alveg sama gagn að banna bara Sósíalistaflokkinn og Þjóðviljann, eins og Alþýðublaðið hvað eftir annað hefur heimtað, dæma svo bara Alþýðuflokksmönnum þingsætin og fresta svo bara kosningum um óákveðinn tíma, þvert ofan í stjórnarskrána! Þá væri allt í fínasta lagi um starfshæfni þingsins. Þá mundi nefnilega Alþýðuflokkurinn þora að skríða aftur undir pilsfald Framsóknar og samþykkja hvort heldur væri þrælalög eða skattfrelsi handa auðmönnum! En meðan 10 sósíalistar sitja á þingi og ef til vill geta orðið kosningar, þá þorir hann slíkt ekki fyrir sitt litla líf og minnkandi fylgi.

Þannig er því þá varið með óstarfhæfni Alþingis. Alþingi varð í rauninni óstarfhæft, að áliti Framsóknar, þegar það gat ekki komið á atvinnuleysi veturinn 1941 til að standa undir gerðardómslögunum.

**Forseti (GSv):** Þá hefur hv. 2. þm. Reykv. (EOl) lokið máli sínu. Hann talaði af hálfu Sósfl. Næstur tekur til máls hv. þm. Snæf. og talar af hálfu Sjálfstfl. Hann hefur til umráða 15 mínútur.

**Gunnar Thoroddsen:** Hv. þm. Str., Hermann Jónasson, hóf þessar umræður í gærkvöldi með því að átelja hæstv. ríkisstjórn fyrir að hafa ekki látið fram fara rannsókn út af kosningunni í Snæfellsnessýslu og kallaði það „undarlegt réttarfar". Út af þessu vil ég taka það fram, að samkvæmt kröfu minni fór fram í fyrrahaust sakamálsrannsókn út af þeim kæruatriðum, er komu fram í bréfi því, er framsóknarmenn komu á framfæri hér á Alþingi. Við þá rannsókn kom í ljós, að allar aðdróttanir bréfritarans voru staðlausir stafir, og að af þeim mörgu vitnum, sem yfirheyrð voru, var ekki eitt einasta, sem studdi framburð hans. Var þessi sögu-beri dæmdur í refsingu fyrir álygar sínar. — Mig undrar, að hv. þm. Str. skuli fara að rifja þessi mál upp, svo lítinn sóma sem flokkur hans hefur haft af þessu máli. En í því sambandi er þó rétt að hafa í huga, að hefði Framsókn mátt ráða, hefðu Snæfellingar engan fulltrúa átt á síðasta þingi. En framsóknarmenn stóðu einir um þá tillögu sína í fyrrahaust að svipta þetta hérað fulltrúa á Alþingi.

Þessi sami hv. þm. og hv. þm. V.-Sk., Sveinbjörn Högnason, báru sig illa yfir kjördæmabreytingunni; hún hefði leitt til stjórnleysis, og mjög væri nú að bændum kreppt móts við það, sem áður var. Ég fæ nú ekki séð, að hagur bænda sé verri en hann var fyrir kjördæmabreytinguna. Og víst er það, að þau fyrstu lög, sem tryggja bændum tekjur til jafns við aðrar atvinnustéttir, eru sett eftir að kjördæmabreytingin komst á.

Það ranglæti, sem ríkti milli flokka í kjördæmaskipuninni, gat ekki staðið til lengdar, það varð að leiðrétta fyrr eða síðar. En fáa hefði órað fyrir því, að Framsfl. myndi slíkt pólitískt þroskaleysi að taka upp hreina hefndarpólitík,

sem nú hefur staðið á annað ár, eftir að lagfæringin er um garð gengin. En sú hefur orðið raunin á. Við kjördæmabreytinguna missti flokkurinn þá forustuaðstöðu á stjórnmálum, sem hann hafði haft um 15 ára skeið. Síðan kyndir hann undir úlfúðinni, æsir upp stéttaríginn og reynir að viðhalda sem mestum glundroða í stjórnmálunum. Sumpart er þetta gert til þess að reyna að sanna, að kjördæmabreytingin hafi verið undirrót alls ills, en sumpart til þess að reka pólitíska og persónulega hefndarstarfsemi gegn Sjálfstfl. Svo langt gengur þessi heift fram úr allri skynsemi, að málgagn flokksins, Tíminn, hefur lýst því yfir, að ekki verði unnið að neinu þjóðþrifamáli með stærsta flokki þjóðarinnar, meðan tiltekinn maður skipi þar formannssæti.

Háttv. 1. þm. Reykv., Magnús Jónsson, og háttv. 2. þm. Rang., Ingólfur Jónsson, hafa í sínum ágætu ræðum í gærkvöldi og nú gert glögg skil ýmsum þáttum stjórnmálaviðhorfsins. Þeir hafa rætt nauðsynina á samstarfi stéttanna, dýrtíðarmálin, afgreiðslu fjárlaganna, uppbótargreiðslur á landbúnaðarafurðir o. fl. Ég vil minnast á það mál, sem mest hefur verið rætt á þessu þingi, mjólkurmálið.

Mjólkursamsalan var stofnuð í ársbyrjun 1935. Mjólkursölunefnd hefur haft á hendi stjórn hennar til skamms tíma. Alla stund hefur þingmaður V.-Sk., Sveinbjörn Högnason, verið formaður þessa fyrirtækis. Mjólkursamsalan hefur haft þá sérstöðu alla tíð, að um hana hafa staðið þrotlausar deilur. Þær blossuðu enn upp með óvenjulegum ákafa við mjólkurleysið í Reykjavík í haust og framkomu mjólkursölustjórnar í því sambandi.

Mjólkurneytendur í Reykjavík og Hafnarfirði hafa frá öndverðu kvartað yfir ýmsu, sem þeim hefur þótt fara aflaga hjá mjólkursamsölunni. Þeir hafa kvartað yfir stirðleika gagnvart neytendum, tregðu gegn því að verða við sanngjörnum óskum um umbætur, kvartað yfir gæðum mjólkurinnar og hinum tilfinnanlega skorti, sem oft hefur gert vart við sig á mjólk, rjóma, skyri og smjöri. Þessum umkvörtunum hefur sjaldan verið sinnt. Menn skyldu þó ætla, að ein grundvallarregla hvers viðskiptafyrirtækis væri að leita góðs samkomulags við viðskiptamennina og verða við sanngjörnum óskum þeirra, sýna kurteisi og viðleitni til að halda góðum friði. En forráðamennirnir hafa viðhaft aðrar verzlunaraðferðir. Þeir virðast hafa kostað kapps um að skaprauna neytendum og egna þá til andstöðu, auðvitað í skjóli þeirrar einkasöluaðstöðu, sem mjólkursamsalan hefur. Eitt fyrsta verk þeirra var að höfða mál gegn félagsskap húsmæðranna í Reykjavík og heimta þær dæmdar í sektir og skaðabætur. Ég hef aldrei heyrt um annað verzlunarfyrirtæki, sem notaði slíkar aðferðir til að afla sér viðskiptavina.

Um gæði mjólkurinnar hefur verið mikil óánægja. Ekki sízt hafa menn fundið til þessa, þegar þeir koma úr sveit, þar sem þeir hafa drukkið góða og heilnæma nýmjólk, og fá svo í staðinn samsölumjólk í Reykjavík. Þetta er ekki álit Reykvíkinga einna. Ég hef heyrt bændur og bændakonur segja alveg það sama, er þau hafa til Reykjavíkur komið.

Ekki hefur það síður ýtt undir óánægjuraddirnar, hversu oft og tilfinnanlega hefur verið hér skortur á nýmjólk og mjólkurafurðum. Þó er með 7. gr. mjólkurlaganna lögð sú lagaskylda á stjórn samsölunnar að hafa ætíð til nóga neyzlumjólk til sölu. Nú er það að vísu óhjákvæmilegt, að mjólkurframleiðslan minnki verulega á haustin. En sú staðreynd er alls ekki fullnægjandi skýring eða afsökun á mjólkurskortinum í haust. Þá var ástandið þannig um margra vikna skeið, að fjöldi heimila í Reykjavík og Hafnarfirði fékk oft enga eða sáralitla mjólk. Fólkið stóð tímum saman fyrir utan mjólkurbúðirnar, þegar opnað var, til þess að ná örlitlum sopa handa börnum sínum. Stundum kom lögreglan á vettvang til að halda röð og reglu í hinum mikla troðningi.

En á sama tíma og þetta vandræðaástand ríkti, leyfði samsölustjórn sér að selja mjólk daglega í stórum stíl til hins erlenda setuliðs, 1. vikuna í ágúst daglega að meðaltali rúmlega 8 þúsund lítra, 1. vikuna í september um 7400 lítra, 1. vikuna í október rúmlega 6300 lítra. Auðvitað er sjálfsagt að selja setuliðinu mjólk til sjúkra manna, en til þess þarf aðeins einn bílfarm á dag. Einnig er sjálfsagt að selja hernum þá afgangsmjólk, sem hann vill kaupa; það er til stórgagns fyrir alla aðila, þeim mun minna fer þá til vinnslu fyrir miklu lægra verð. En meðan átakanlegur mjólkurskortur er hjá Íslendingum, nær slík sala vitanlega engri átt. Þm. V.-Sk. hafði eitt svar á reiðum höndum: Setuliðið vill fá sama mjólkurmagnið allt árið, annars kaupir það ekki neitt. En þetta reyndust ósannindi. Utanríkismálaráðherra, Vilhjálmur Þór, upplýsti, að setuliðsstjórnin hefði aldrei óskað eftir né viljað kaupa annað en afgangsmjólk á hverjum tíma. En viku eftir viku, meðan börn Reykvíkinga eru í mjólkursvelti, er ausið frá 6300—8000 lítrum á dag í setuliðið að óþörfu, einum lítra á hvert heimili í bænum. Nú hefur formaður mjólkursölunefndar loks neyðzt til að stöðva þessa sölu í bili.

Getur nokkurn undrað, þótt slík dæmalaus ráðsmennska sé gagnrýnd? Ég veit, að íslenzkir bændur skoða þetta ekki sem árás á sig, þótt ótrúr starfsmaður sé áfelldur fyrir slík afglöp.

Mjólkursölumálin snerta daglega neyzlu- og nauðsynjavöru yfir 40 þúsund landsmanna og lífsafkomu bænda á Suður- og Suðvesturlandi. Hér er því um mikilvægt þjóðmál að ræða, viðskiptamál mikils hluta þjóðarinnar, sem Alþingi verður að láta til sín taka, ekki sízt þar sem það hefur sjálft sett mjólkursölulögin.

En hvernig er svo við þessum málum snúizt á Alþingi?

Þar hafa stéttarflokkarnir, Framsfl. og sósíalistar, gengið fram á vígvöllinn með öfgum og ósanngirni á báða bóga. Kommúnistar rjúka til að flytja frumvarp um eignarnámsheimild fyrir Reykjavíkurbæ á mjólkurstöðinni og öllum mjólkurbúðunum. Reykjavíkurbær á að taka allan þennan rekstur í sínar hendur. Með frumvarpi sósíalista er ekki um venjulegt eignarnám að ræða gegn fullum bótum, heldur á að taka

þessar eignir með áhvílandi skuldum, en án nokkurs endurgjalds, að öðru leyti en því, að mjólkurframleiðendur eiga að fá endurgreidd bein peningaframlög, sem þeir hafa lagt fram í þessu skyni. Það situr nú að vísu sízt á framsóknarmönnum að hrópa um ofbeldi og eignarnám, því að þeir hafa sjálfir gefið fordæmið og vísað kommúnistum veginn. Fyrir nokkrum árum létu þeir taka lögnámi mjólkurstöðina af bændum í Mjólkursamlagi Kjalarnesþings. En sjálfstæðismenn ganga alls ekki inn á slíkar öfgar. Auk þess er frumvarp kommúnista engin lausn á þeim vandamálum, er fyrir liggja.

En öfgarnar og óbilgirnin hefur heldur ekki riðið við einteyming hjá formanni mjólkursölunefndar, þm. V.-Sk. Hann svarar á sinn venjulega hátt og fær góðar undirtektir og bergmál hjá Tímanum. Það er allt í lagi með mjólkursöluna, mjólkursamsalan er bezt stjórnaða fyrirtæki í heimi, það hefur enginn mjólkurskortur verið í haust, allar aðfinnslur eru svívirðilegar árásir og ofsóknir gegn bændum.

Meðan 40 þúsundir Reykvíkinga sjá og finna daglega hina átakanlegu mjólkureklu, segir þm. V.-Sk.: Það er enginn mjólkurskortur, þetta er bara svívirðileg árás á bændur. Meðan allir vita, að mjólkin er ekki eins góð og æskilegt er, meðan gerlafræðingur mjólkursamsölunnar hefur hvað eftir annað, einnig opinberlega, krafizt endurbóta á meðferð mjólkurinnar, segir þm. V.-Sk.: Mjólkin er ágæt og ekkert að henni að finna.

Þannig stóðu málin á þingi. Öfgafullar eignarnámskröfur frá kommúnistum, þvergirðingsháttur frá framsóknarmönnum. Hér varð og verður eitthvað að gera.

Sem tilraun til úrlausnar og miðlunar í þessum málum flutti ég tillögu um að skipa 5 manna nefnd til þess að athuga og gera tillögur um mjólkurmálin. Hlutverk nefndarinnar átti aðallega að vera þetta: Athuga, hvort umkvartanir um gæði mjólkurinnar hefðu við rök að styðjast og gera tillögur til umbóta, ef svo reyndist. Ekki gat þetta skaðað framleiðendur. Athugunin mundi þagga niður óánægjuraddirnar, ef þær reynast órökstuddar, ella yrði reynt að kippa misfellunum í lag. Þá á nefndin að gera tillögur til að bæta úr skortinum á mjólk og mjólkurafurðum, sem oft hefur gert vart við sig. Þá á nefndin að athuga dreifingar- og vinnslukostnað mjólkurinnar, en það hefur verið eitt deiluefnið og tilefnið til tortryggni á undanförnum árum, hversu mikill munur hefur verið á útsöluverði mjólkurinnar og því verði, sem bændur hafa fengið heim. Þá á nefndin að gera tillögur um, hversu auka megi mjólkurneyzlu Íslendinga, eftir að hið erlenda setulið hættir mjólkurkaupum hér. Er hér komið að einu allra stærsta hagsmunamáli bændanna í framtíðinni. Fyrir stríð fór verulegur hluti mjólkurframleiðslunnar til vinnslu mjólkurafurða, osta o. fl., sem miklu lægra verð fékkst fyrir en fyrir neyzlumjólk. Eftir stríð er viðbúið, að fari á sömu lund. Þess vegna er það eitt allra mesta nauðsynjamálið að reyna að auka nýmjólkurneyzlu kaupstaðarbúanna, sem hæst verð fæst fyrir. Það er sannfæring mín, að þetta sé hægt. En frumskilyrði þess, að svo megi verða, er góð samvinna framleiðenda og neytenda. En stjórnendum mjólkursamsölunnar hefur gersamlega mistekizt í þau 8—9 ár, sem hún hefur starfað, að koma á þessari nauðsynlegu samvinnu og friði. Þess vegna er síðasti liður tillögu minnar sá, að nefndinni er falið að gera tillögur um, hversu bezt verði háttað heppilegu og friðsamlegu samstarfi framleiðenda og neytenda um mjólkursölumálin.

Ég vil taka það skýrt fram, að tillaga mín var hugsuð og flutt sem miðlunartillaga í þessu viðkvæma máli. Það vænti ég, að menn skilji af því, sem ég nú hef sagt. En í stað þess að taka þessari tillögu fegins hendi sem tilraun til sátta hefur Framsfl. snúizt gegn henni af mesta fjandskap. Nú er það ofur algengt, að Alþingi skipi nefndir um þýðingarmikil þjóðmál. En hvað veldur þessu viðbragði? Er hér eitthvað, sem þarf að dylja og ekki má athuga í nefnd? Það, sem virðist hafa orsakað þessar hamfarir Framsóknar mun einkum vera niðurlagsákvæði tillögunnar, sem er á þá leið, að nefndinni sé heimilt, samkvæmt 34. grein stjórnarskrárinnar, að heimta skriflegar og munnlegar skýrslur af þeim, sem hlut eiga að máli. Hafa verið spunnar hinar furðulegustu sagnir og ævintýri út af þessu. Stundum er því fram haldið, að hér sé um sakamálsrannsókn að ræða á hendur öllum bændum landsins, eða eitthvað enn þá verra. Tíminn hefur samið lélega skáldsögu um það, að nefndin muni ferðast um landið, yfirheyra hvern bónda sem glæpamann, skoða fjósin og flórinn, eins og um bruggun væri að ræða eða þjófaleit. Vitanlega er þetta heilaspuni einber. Sakamálsrannsókn er það, þegar dómari hefur réttarrannsókn út af glæpsamlegu athæfi, til þess að fá sökudólginn dæmdan til refsingar. Hér hefur ekkert slíkt komið til orða. Hér er um að ræða nefndarskipun með fulltrúum allra þingflokka til þess að athuga og gera tillögur um þýðingarmikið þjóðmál. Ekkert orð hefur komið fram í þá átt, að stjórnendur mjólkursamsölunnar hafi framið neitt glæpsamlegt eða refsivert, því fer fjarri, að mér hafi dottið nokkuð slíkt í hug. Ef svo hefði verið, hefði ég snúið mér til sakadómara, en ekki til Alþingis.

Nei, þessi tillaga veitir nefndinni aðeins rétt til að heimta skýrslur. Nefndin á engan að leiða fyrir rétt, engan mann að dæma. Sams konar heimild hafa margar aðrar nefndir, til dæmis verðlagsnefnd og viðskiptaráð.

Hv. þm. V.-Sk. sagði áðan í ræðu sinni: Gunnar Thoroddsen heimtar sakamálsrannsókn á alla bændur, en berst gegn sams konar rannsókn á mestu auðhringa landsins, olíufélögin. Menn sjá af því, sem ég nú hef sagt, hversu fráleitt er að tala um sakamálsrannsókn í sambandi við mjólkurtillöguna. Um olíumálin er sannleikurinn þessi: Ég var andvígur því, að Alþingi, sem alls ekki hefur ákæruvaldið í sínum höndum, færi út í það einsdæmi að fyrirskipa sakamálsrannsókn gegn forstjórum olíufélaganna, þar sem auk þess var ekkert fram komið, er benti til, að þeir hefðu gerzt sekir um afbrot, og bæði hæstv. fjármálaráðherra og verðlagsstjóri

höfðu lýst því yfir, að enginn grundvöllur, engin ástæða væri til sakamálsrannsóknar. Það var því vel til fallið, að hv. þm. V.-Sk., Sveinbjörn Högnason, skyldi vitna í orð skáldsins: Jafnvel úr hlekkjunum sjóða má sverð í sannleiks og frelsisins þjónustugerð. Það er dásamlegt sannleikans sverð, sem hann hefur soðið hér úr olíu og mjólk.

Til þess að vinna starf sitt þarf nefndin að sjálfsögðu að fá ýmsar upplýsingar hjá þeim, sem stjórnað hafa þessum málum. Og það er ekki að ástæðulausu, sem ég setti þessa heimild til að heimta skýrslu í tillöguna. Það er vegna þess, að formaður mjólkursölunefndar, Sveinbjörn Högnason, hefur orðið uppvís að því að neita opinberum stjórnvöldum um upplýsingar. Þm. A.-Húnv. hefur upplýst í umræðum, að 1939 bað fjárveitinganefnd Alþingis um skýrslu frá opinberum stofnunum, fyrirtækjum og nefndum um launagreiðslur þeirra og fleira. Allir urðu við þessu nema mjólkursamsalan. Fjárveitinganefnd sneri sér þá til fjármálaráðherra, og hann lagði fyrir samsöluna að gefa umbeðnar upplýsingar. Sveinbjörn Högnason neitaði samt.

En það blekkingarmoldviðri, sem Framsfl. hefur þyrlað upp um þessa tillögu, að hún færi fram á sakamálsrannsókn á alla bændur landsins, hefur því miður orðið til þess í bili að blinda ýmsa ágæta bændur, vegna þess að þeir hafa ekki fengið réttar upplýsingar. Þau mótmæli, sem sumir bændur hafa sent til Alþingis gegn tillögu minni, eru því byggð á algerum misskilningi. Þessi misskilningur kemur einkar glöggt fram í því, að í nokkrum þessara mótmæla er miðlunartillaga mín lögð að jöfnu við eignarnámsfrumvarp kommúnista á mjólkurstöðinni.

Það er talað um ofsókn gegn bændum í sambandi við þessa tillögu. Hv. þm. Str. ræddi í gær um ofsóknarherferð gegn bændastéttinni, sem stærsti flokkurinn, það er Sjálfstfl., tæki þátt í. Við erum nú orðnir svo vanir því, að gagnrýni á Framsfl. og forsprökkum hans sé kölluð árás á bændur, að við erum ekki uppnæmir fyrir slíkum glímutökum. Hvaða heilvita manni dettur í hug, að til dæmis þm. A.-Húnv., bóndinn Jón Pálmason, sem mælt hefur fast fram með tillögu minni, geri það í ofsóknarskyni á sína eigin stétt og þá víst á sjálfan sig líka? Og þótt ég sé Reykvíkingur, þá flyt ég þessa tillögu ekki síður sem fulltrúi bænda í mínu kjördæmi en sem bæjarfulltrúi í Reykjavík

En til þess að sýna tvöfeldnina og fláttskapinn í þessu máli vil ég minnast hér á breytingartillögu á þskj. 176, sem þm. V.-Sk. flytur við tillögu mína. Sú brtt. er að mestu samhljóða minni tillögu, að öðru leyti en því, að í stað rannsóknar á mjólkurmálunum á að koma rannsókn á öllum innlendum neyzluvörum. Samkvæmt tillögu Sveinbjarnar Högnasonar á þessi rannsóknarnefnd innlendra neyzluvara að vera skipuð eins og hafa sama rétt, samkvæmt 34. grein stjórnarskrárinnar, til að heimta skýrslur. Munurinn er sá, að tillaga hans tekur ekki aðeins til mjólkurinnar, heldur til allra innlendra vara. Ef tillaga mín er ofsókn gegn bændum landsins, þá er brtt. Sveinbjarnar Högnasonar ekki aðeins sams konar ofsókn, heldur margfalt meiri, því að samkvæmt henni á rannsóknarnefnd að rannsaka alla framleiðslu bænda.

Þm. Mýr. flytur tillögu, sem er alveg óaðgengileg. Samkvæmt henni á að skipa 3 manna nefnd, þar sem yrðu líklega tveir framsóknarmenn og einn sjálfstæðismaður. Slík nefnd mundi alls ekki ná þeim tilgangi, sem ég ætlast til; til þess þurfa fulltrúar allra flokka að eiga sæti í nefndinni.

Hins vegar flytur 2. þm. Skagf. brtt. um nokkra umorðun á till., einkum að nefndarmenn séu tilnefndir á annan veg en ég ætlaðist til, og breytingar á orðalagi niðurlagsgreinarinnar. Vænti ég, að tillaga hans mundi ná þeim tilgangi, sem fyrir mér vakti, ef samþ. verður.

Ég vænti þess, að mér hafi tekizt að upplýsa menn um tillögu mína. Hún verður samþykkt, ef til vill með brtt. Jóns Sigurðssonar, og það er von mín, að starf hinnar væntanlegu nefndar verði til þess að leggja framtíðargrundvöll að því skipulagi mjólkurmálanna, sem bæði framleiðendur og neytendur megi vel við una.

**Forseti (GSv):** Hv. þm. Snæf. (GTh) hefur nú lokið máli sínu, og er þar með lokið 2. umferð þessara útvarpsumræðna, með því að hæstv. ríkisstj. hefur tjáð mér, að hún noti ekki þann ræðutíma, sem henni var ætlaður.

Hefst þá þriðja og síðasta umferðin, og hefur hver aðili rétt á 10 mínútna ræðutíma. Röð flokkanna verður hin sama og áður, og tekur þá til máls hv. þm. V.-Sk., Sveinbjörn Högnason, sem talar af hálfu Framsfl.

**Sveinbjörn Högnason:** Herra forseti, góðir hlustendur. Eins og þið heyrðuð hæstv. forseta segja, er ekki mikill tími eftir til að hrekja þær firrur, sem hér hafa verið bornar fram. Ég ætla að leiða hjá mér mjólkurþrugl hv. þm. Snæf., sem þið hafið nú heyrt. Þar talar sekur maður, sem notar öll brögð til að reyna að þvo sig hreinan af dæmalausu athæfi gegn eigin umbjóðendum sínum. Hann hélt því fram, að mín brtt. gegni jafnvel lengra en hans till., en hann veit þó, að till. mín er flutt til þess eins að vita, hvort hugur fylgir máli, hvort hin till. er borin fram til að bæta um vöruna, þó að ástandið sé raunar víða verra en í mjólkurmálunum, eða hún er einber ofsóknartill., sem beint er gegn þessu eina fyrirtæki. Hv. þm. sagði, að ég hefði orðið uppvís að því að neita að gefa upplýsingar, en sjálfir vita þeir, að sú n., sem að þessu upplýsingastarfi vann, var fræg að hlutdrægni, eftir því hver átti í hlut. Annars átti sú n. aðeins að rannsaka opinberar stofnanir, en mjólkursamsalan er fyrirtæki bænda, og ég tel ekki, að ríkið eigi að hafa rétt til að rannsaka slík fyrirtæki. Ég vil ekki heldur fallast á, að mjólkursamsalan eigi að vera fótaþurrka fyrir hið opinbera.

Ég ætla ekki að eltast við allar þær staðhæfingar og mótsagnir, sem hér hafa komið fram, enda enginn tími til þess. En ég vil þó minnast

á þau orð hv. þm. Hafnf., að frumorsök dýrtíðarinnar hafi verið sú, að numið hafi verið úr l., að afurðaverð skyldi fylgja kaupgjaldi. En hv. þm. gleymir því, að kaup verkamanna hefur hækkað meira en vísitalan. Þeir hafa fengið meiri vinnu en áður og samfellda, og kaup þeirra hefði því hækkað mun meira en tekjur bænda, ef þær hefðu verið miðaðar við verðvísitöluna eina. Því var rétt að miða við tekjuvísitöluna, en ekki verðvísitöluna, ef komast átti á jafnrétti stéttanna. Þetta hefur líka 6 manna n. viðurkennt fyllilega, eins og sést af niðurstöðum hennar.

Þá er merkilegt að heyra tvísöng sjálfstæðismanna, sem í öðru orðinu tala um háskann af dýrtíðinni, en í hinu um blessun hennar fyrir bændur. Mig furðar á því, hvað reynt er að telja fólki trú um, ef dýrtíðin á nú að vera blessun fyrir bændur og fleiri. Þótt nú sé helmingi hærra verð á afurðum og jafnframt helmingi hærra kaup, get ég ekki skilið, að það tákni nokkra tekjuaukningu. Mér er sama, hvort ég hef 50 aura eða krónu, ef ég fæ jafnmikið fyrir hvort tveggja. Ég hygg, að allir bændur muni vera sammála um, að fyrstu stríðsárin hafi verið bezt, að því er afkomu þeirra snertir, en dýrtíðin hafi síðan étið upp afurðahækkunina.

Hv. þm. Hafnf. og Snæf. segja, að enga mjólk hefði átt að selja setuliðinu. En ég vil spyrja ykkur, áheyrendur góðir: Hver er sá á meðal ykkar, sem væri því samþykkur að taka þessa vöru af sjúkum mönum, þó að erlendir séu? Á að spyrja um það, hverrar þjóðar þeir menn séu, sem sjúkir eru og hjálparþurfi? Sá hugsunarháttur er þá nýr hér á landi og andstæður því, sem komið hefur fram af þeirra hálfu í okkar garð, er þeir hafa veitt sjúkum mönnum hér á landi margvíslega hjálp og meira að segja aðstoð um það að koma þeim til Vesturheims til lækninga. — Ég má ekki hafa fleiri orð um þetta vegna þess, hve tíminn er takmarkaður.

Eitt bæjarblaðanna, Alþýðubl., sem einna kunnast er fyrir óvandaðan málflutning, þó að ekki sé mikið við að jafnast hjá öðrum blöðum hér í bæ í þeim efnum, eins og hv. þm. Ísaf. sýndi ljósast fram á í umr. þeim, sem fram fóru í gærkvöldi, — þetta blað kvartaði um það, að útvarpið skuli vera tekið frá kvöldvökunni, sem fram átti að fara í gærkvöld, til þeirra umr., sem hér hafa átt sér stað. Einhver, sem í það ritar, telur víst óþarft, að reynt sé að gera þjóðinni skiljanlegt, hvernig hún hefur verið blekkt, og segir: „Ef þm. væru dálítið skemmtilegir, segðu sögur, færu með ljóð og létu leika nokkur lög á milli, þá væri öðru máli að gegna.“ Þá ætti að vera á þá hlustandi! Já, þannig hugsaði alþýða manna í Rómaborg í fornöld, þegar allt var að hrynja þar. „Leikir og brauð“ var eina krafan, sem það fólk gerði til lífsins. En lífið er nú einu sinni meira en leikir og skemmtilög, og er alþýða manna fer að hugsa svo, að þetta séu kröfurnar, sem gera eigi, aðrir eigi að hugsa fyrir hana og henni komi það ekkert við, hvernig það sé gert, hvort það eru blekkingar einar, sem hún fær í óvönduðum blöðum, áróður, sem spilar á lægstu strengi, eða einlæg viðleitni að leita þess, sem rétt er, og fá aðra til að gera það, — þá er sannarlega illa komið. Og ætli þjóðin sé ekki að einhverju leyti í þeim vanda stödd, sem hún er nú í, vegna þess að allt of margir greindir og góðir menn hafa gefizt upp fyrir áróðrinum, — gefizt upp við að hugsa um vandamálin og farið að gleypa við öllu, sem dagblöð flokka þeirra bera þeim með morgunkaffinu, blöð, sem hafa sjaldnast að sjónarmiði, hvað rétt er, heldur hitt, hvað er flokknum þægilegast í svip. Óneitanlega bendir margt til þessa. Og herferðin gegn bændum í blöðunum og á þingi hér í vetur hefur verið eingöngu á þessu reist. Ég þekki svo marga góða og greinda og sanngjarna Reykvíkinga, að ég veit, að það hefði verið með öllu óhugsandi, að nokkur hefði getað talið það sér til framdráttar að hefja slíka ofsóknarherferð gegn vinnusömustu og traustustu stétt þjóðfélagsins, þótt aðrar séu ólastaðar, ef menn hefðu fengið að vita það rétta, hefðu viljað leggja á sig að afla réttra upplýsinga og hafa fyrir því að draga rökréttar og drengilegar ályktanir af þeim. En þeir, sem fyrir þessu standa, vita, hvað þeir syngja. Það er hægt að segja eitt í dag og annað á morgun. Það er hægt að vefa svo blekkingavefinn, að hann sýnist sannleikur í hvert sinn, ef aldrei þarf að taka tillit til þess, sem áður var sagt, aldrei hirða um rökrétta hugsun eða samhengi við fyrri orð og gerðir, en í þessu eru sumir ótrúlega leiknir. En það verð ég að segja, að þótt ég hafi ýmislegt heyrt og séð í þessum efnum, hefur aldrei borizt mér til eyrna neitt svipað ræðu hv. 5. þm. Reykv. hér í gær. Maðurinn, sem flytur frv. til að rjúfa samkomulag sex manna n., segir, að aðrir séu að gera það. Maðurinn, sem hrósar sér í öðru orðinu af því, að tekizt hafi að fá lægra verð á innlendum afurðum með samkomulagi sex manna n., — byggt á því, að innanlandsverðið er ákveðið með tilliti til þess, að þetta verð eigi bændur að fá fyrir allar afurðir sínar, — en ætlar svo að svíkjast að bændum með því að neita að láta þá fá þetta verð fyrir það, sem út er flutt, þótt skýlaust sé því lofað, — þessi maður telur sig sérstakan vin bænda og segist bera umhyggju fyrir þeim. Maðurinn, sem stjórnar flokki þeim, er lætur sér annast um að spilla samvinnu bænda og verkamanna, svo að engin sterk stjórn geti myndazt í landinu, og setti bændum að skilyrði fyrir samvinnu, að þeir yrðu að ganga í hans flokk, — hann er að ásaka og áfellast aðra, sem hafa sýnt það í orði og verki fyrr og síðar, að þeir vilja samvinnu bænda og verkamanna, fyrir það, að þeir vilji vinna aðeins með afturhaldinu og auðvaldinu og sundra bændum og verkamönnum. Hann, maðurinn, sem gekk í samstarf við íhaldið til að vinna gegn bændum landsins og sækja á þeirra rétt og stendur nú í flokki með þeim, sem þar eru frakkastir, í öllum atkvgr. og umr. á þingi til að áfellast bændur og ofsækja þá, telja þá þiggja fátækrastyrki, ef þeir eiga að njóta sama réttar og aðrir, telja þá amlóða og atvinnurekstur þeirra í ófremd og vanrækslu, — hann þykist vera hinn sanni bændavinur. Flokkur

hans, sem berst eins og ljón gegn rafveitum til dreifbýlisins, um leið og því er veitt til þéttbýlisins, og segir, að slíkt mundi aðeins verða til að seinka því, að byggðin legðist niður, eins og vera bæri, — flokkurinn, sem neitar að styðja frv. til að koma landbúnaðinum í nýtízku horf, eins og frv. um breytingu á jarðræktarl., en ber svo til að sýnast fram brtt. við fjárlagafrv. um fjögurra milljóna kr. styrk til landbúnaðarins, sennilega til að geta kallað það á eftir ölmusu og fátækrastyrk, ef það næði fram að ganga. Þetta er slíkt hyldýpi blekkingarinnar, að engum nema ofstækisfullum öfgamönnum gæti einu sinni hugkvæmzt að bera slíkt fram.

En það, hvernig blöð þessara manna skrifa, að fólkið vilji aðeins fá að heyra það, sem skemmtilegt er, leiki og lög, að þessir menn eigi að hugsa og skrifa fyrir það, — þetta skýrir, að slíkur málflutningur gat skapazt og að trúað er á, að hann hafi áhrif, en ekki verðskuldaða fyrirlitningu og fulla fordæmingu allra hugsandi og viti borinna manna. Og þessi málflutningur sýnir enn fremur, hvaða öfl það eru, sem eru að naga rætur þjóðarmeiðs okkar nú í sambandi við fjárplógsmenn og stríðsgróðamenn í bezta samstarfi um stj. höfuðborgar landsins og afgreiðslu margra hinna afdrifaríkustu mála á Alþ.

Ef þjóðin hættir að hugsa sjálf og lætur slíka menn hugsa fyrir sig og skrifa, þá er engin viðreisnarvon frekar en hjá hinum fornu Rómverjum. En ef alþýða manna til sjávar og sveita sér í gegnum allan þennan svikavef, tekur að hugsa sjálf og skynja hið rétta í hverjum hlut, þótt það sé stundum ekki skemmtilegt og kosti oft áreynslu og mikla fyrirhöfn, þá er ég viss um, að þá mun aftur morgna yfir íslenzkum byggðum og hin illa vættur, sem vakin hefur verið upp, verða kveðin niður. Að því þurfa allir sannir Íslendingar að vinna, hvar sem þeir eru. Það er hin eina leið til betri og bjartari framtíðar.

Býð ég svo góða nótt og vona, að þið takið á ykkur þessa áreynslu.

**Forseti (GSv):** Hv. þm. V.-Sk. (SvbH) hefur lokið máli sínu. Tekur þá til máls hv. 4. þm. Reykv., Stefán Jóh. Stefánsson, og talar hann af hálfu Alþfl.

**Stefán Jóh. Stefánsson:** Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, lék sína gömlu plötu um árásir á Alþfl., og voru blekkingarnar hinar sömu og áður um afstöðu Alþfl. til þjóðmála. Væri það óþarfa stagl að svara því nánar, enda er það margsinnis áður gert.

Ég hirði ekki um að ræða nánar um allt það þvogl, sem flutt hefur verið í þessum útvarpsumræðum um dýrtíðarmálin. Í hinum rökföstu ræðum þeirra hv. þm. Ísaf. og Hafnf., Finns Jónssonar og Emils Jónssonar, er þetta mál rækilega skýrt.

Ég vil aðeins taka það fram, að þau endurteknu ósannindi, er þeir 2. og 5. þm. Reykv., Einar Olgeirsson og Brynjólfur Bjarnason, fluttu um það, að Alþfl. hefði viljað ganga að kauphækkunarkröfum Framsóknar til stjórnarmyndunar, eru marghrakin, og urðu kommúnistar að renna þessum ósannindum niður í útvarpsumræðum á s.l. vori, er hv. 3. landsk., Haraldur Guðmundsson, rak þetta ofan í þá.

Þá vil ég geta þess út af ummælum hv. 2. þm. Rang., Ingólfs Jónssonar, að í fjárveitinganefnd hafa til þessa engar till. komið fram um það, hvernig verja skuli þeim 8—9 millj. kr., sem telja má tekjuafgang, nema till. hv. þm. Ísaf. (FJ) um að nota þessa upphæð til kaupa á nýjum fiskiskipum. Við 2. umr. fjárl. lýsti hv. þm. Ísaf. yfir því, að Alþfl. mundi bera fram till. um kaup nýrra fiskiskipa við 3. umr.

Hv. 2. landsk. þm., Þóroddur Guðmundsson, sagði, að alltaf hefði verið unnt og vitað, að hægt mundi að fá ný fiskiskip í Svíþjóð. Þetta er rangt. Fulltrúar Alþfl. hafa hvað eftir annað gert fyrirspurnir um þetta. Í marz í fyrra var t. d. ekki unnt að fá skip þaðan. Og fyrir rúmum mánuði komu þær fregnir fyrst frá Svíþjóð, að þetta væri unnt. Og ég mundi ráðleggja hv. þm. V.-Húnv. (SkG) að kynna sér tillögur Alþfl. um kaup og byggingu nýrra fiskiskipa. Það er gert ráð fyrir, að þau verði sumpart keypt frá útlöndum og sumpart smíðuð í landinu.

Hv. 2. landsk. þm. (ÞG) var að bera blak af kommúnistum út af þeim margendurteknu sannindum, að sá flokkur væri háður erlendu valdi. Vildi hann gefa í skyn, að Alþfl. lyti stjórn erlendis frá, og afstaða Alþýðuflokksmanna, er rætt hafa um skilnaðinn við Dani, mótaðist af hlýðnisafstöðu. Alþfl. játar það af fúsum vilja, að í flestum höfuðatriðum falla saman skoðanir norrænna jafnaðarmanna, en flokkarnir þar í löndum eru algerlega óháðir hver öðrum. Hins vegar vita menn, að einn þátturinn í stuðningi rússneskra kommúnista við íslenzka flokksbræður sína hefur meðal annars komið í ljós á þann hátt, að símskeyti fyrir tugi eða hundruð þúsundir króna hafa borizt Þjóðviljanum ókeypis frá Rússlandi. Og sem dæmi um áhrif Alþjóðasambands kommúnista á stefnu og starfsaðferðir íslenzkra kommúnista má nefna það, að á öðru þingi kommúnistaflokksins, sem haldið var fyrir nokkrum árum undir forustu þeirra Brynjólfs Bjarnasonar og Einars Olgeirssonar, var komizt þannig að orði í áliti „þjóðernisnefndar" flokksþingsins:

„Frá Komintern (þ. e. Alþjóðasambandi kommúnista) hefur oftar en einu sinni komið gagnrýning á afstöðu Kommúnistaflokks Íslands til þjóðernismálsins, t. d. í bréfi POLSEKR í nóvember 1931 og nú nýlega í bréfi SKLS. Aðfinnslurnar hafa aðallega verið fólgnar í því, að Kommúnistaflokkurinn hafi vanmetið þýðingu þeirrar hreyfingar móti sambandinu við Danmörku, sem varð út af þingrofinu 1931, og því ekki gert skyldu sína í henni."

Síðar í sama áliti, sem samþykkt var á flokksþinginu, segir, að Kommúnistaflokkurinn verði að láta skilnaðinn við Danmörku til sín taka, af þeim ástæðum, sem þar eru tilgreindar og endar sá þáttur ályktunarinnar á eftirfarandi orðum:

„Þess vegna verður flokkurinn, sem gerir

kröfu til að taka völdin í landinu í sínar hendur, að láta sig þetta miklu skipta, ekki aðeins að fylgjast með hinum flokkunum, heldur fyrst og fremst að taka að sér forustuna úr höndum yfirstétta Sjálfstæðisflokksins.

Þannig mæltu þeir, og allir vita, hvað orðið hefur.

Þessar eldhúsumræður eru nú brátt á enda. Ég veit ekki, hversu mikið þjóðin hefur grætt á þeim. En Alþfl. hefur í þessum umræðum sem alltaf endranær flutt fram rök fyrir málstað sínum og látið afstöðu sína eingöngu mótazt af málefnunum, sem fyrir liggja, og látið sér í léttu rúmi liggja orðhákshátt og illkvittni, er einkum hefur komið fram af hálfu kommúnista og þá sérstaklega frá hv. 2. landsk. (ÞG). Eru vopnin þar í fullu samræmi við málstaðinn.

Alþfl. óskar einskis frekar en þess, að kjósendur landsins athugi með ró og athygli stefnur og störf stjórnmálaflokkanna og kynni sér það til hlítar, áður en dómur er felldur. Ef svo er og óhlutdrægt dæmt, þarf Alþfl. ekkert að óttast.

**Forseti (GSv):** Hv. 4 .þm. Reykv. (StJSt) lauk máli sínu, og tekur þá til máls hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, og talar f. h. Sameiningarfl. alþýðu — sósíalistaflokksins.

**Einar Olgeirsson:** Ég verð að geta þess hér, að þar sem hv. 8. þm. Reykv., Sigfús Sigurhjartarson, er forfallaður vegna veikinda — en hann ætlaði að tala hér í kvöld —, tala ég fyrir Sósfl. í hans stað.

Hv. 4. þm. Reykv., Stefán Jóh. Stefánson, segir, að ég segi það ósatt, að Alþfl. hafi viljað ganga að 25% grunnkaupslækkun til að mynda stjórn með Framsfl. Nú var ekki hægt að mynda stjórn með Framsfl. nema ganga að þessum skilyrðum. Alþfl. hefur nú hér í útvarpinu álasað okkur fyrir að hafa ekki gengið að þessum skilyrðum. Sem sé hlýtur hann að hafa viljað ganga að þeim sjálfur, samþ. orð og verk Framsóknar, lækka kaup bæði verkamanna og bænda.

Skilgreining Skúla Guðmundssonar á stórbændum og smábændum er tóm blekking, en hann heldur því fram, að farið sé eftir því, hvort heimilið sé stórt eða smátt. Ef heimilið er stórt, er börnunum og öllum, sem við það vinna, tryggt fullt kaup, samkv. skilgreiningi 6 manna nefndarinnar.

Það kemur því ekki málinu við, hvort heimilið er stórt eða smátt. Það verður aðeins farið eftir tekjum þess fólks, sem að landbúnaði vinnur, hvort sem um stórgróðamenn er að ræða eða fátækt fólk, sem ekki ber það úr býtum fyrir vinnu sína, sem það á rétt til.

En blekkingar Skúla eru skiljanlegar. Það er erfitt að verja málstað þeirra, sem vilja taka skattpening verkamanna og vinnandi bænda til þess að greiða stórgróðamönnum, sem landbúnað stunda, fátækrastyrk úr ríkissjóði. Það er eðlilegt, að Skúli Guðmundsson grípi til blekkinga.

Finnur Jónsson lék hér í gær á útslitna Moskva-plötu sína um erlendar fyrirskipanir með kolryðgaðri nál, svo það ískraði í eyrum þeirra, sem á hlýddu. Og hver er svo flokksnefillinn, sem spilar þessa plötu upp eftir Berlínarútvarpinu? Það er sá flokkur, sem svikið hefur þjóðina í viðkvæmasta máli hennar — sjálfstæðismálinu —, flokkurinn, sem snarsnerist frá 12 ára fylgi við skilnað og lýðveldisstofnun á einum degi, af því að Stauning, forsætisráðh. Danmerkur, sagði honum að snúast!

Allar tillögur sósíalista um skipabyggingar, eflingu landbúnaðarins, skólabyggingar, vitabyggingar og auknar slysavarnir eru blekkingar, segja þeir Ingólfur á Hellu og Skúli Guðmundsson vegna þess að sósíalistar benda ekki á neinar tekjur til þess að standa undir þessum framkvæmdum. Skúli segir með miklum fjálgleik, að þannig leggi sósíalistar til að margnota sömu krónurnar. Hvað er satt í þessum ásökunum þeirra manna, sem drepið hafa framfaratilögur okkar sósíalista? Sannleikurinn er sá, að þeir hafa lagt til að falsa tekjuáætlun fjárlaganna um tugi milljóna, en við sósíalistar höfum lagt til, að tekjurnar yrðu áætlaðar sem næst því, sem skýrslur s.l. árs sýna, að þær muni verða. Sem dæmi skal bent á þetta: Tekju-, eignar- og stríðsgróðaskattur er áætlaður 5 millj. lægri en hann reyndist. Tollarnir eru áætlaðir 12 millj. lægri en þeir reyndust. Þannig eru skattarnir og tollarnir áætlaðir vísvitandi rangt um 17 milljónir króna.

Auk þessara 17 milljóna er ca. 10 millj. kr. af áfengi og tóbaki óráðstafað og þannig eru því til 27 millj. til þeirra framfaratillagna, sem við sósíalistar leggjum fram. Það er hægt að leggja fram 10 millj. til skipabygginga, 4 millj. til eflingar landbúnaðarins, byggja marga skóla, vita og sjúkrahús, — bara ef vilji er fyrir hendi. Sannleikurinn er sá, að gamla þjóðstjórnarliðið vill ekki þessar framkvæmdir. Það er annað, sem fyrir þeim vakir.

Hæstv. fjmrh. upplýsti hér í gær, að ríkið mundi verja í ár um 9 milljónum kr. til að kaupa niður vísitöluna. Þessi niðurborgun vísitölunnar hefur enga raunverulega lækkun dýrtíðarinnar í för með sér. Launþegar verða að borga jafnmikið fé úr sínum vasa fyrir kjöt og mjólk og annað þess háttar, en það er bara sumt af andvirðinu tekið með beinni greiðslu fyrir vörurnar, en sumt með tollum og sköttum, — eða verðhækkunin er færð milli vasa. Hins vegar hefur þessi niðurborgun vísitölunnar ótvíræð áhrif á kaupgjaldið, þannig að kaupgjaldið lækkar vegna þessarar vísitölu, sem fölsuð er með þessari niðurgreiðslu. Þessi aðferð er því beinlínis kauplækkunaraðferð, en ekki barátta gegn dýrtíðinni. — Og samstundis sem þessum greiðslum væri hætt, þá þyti vísitalan upp, — þessar niðurgreiðslur eru því ekkert framtíðarráð gegn hækkun vísitölunnar.

Nú skulum við svo bera saman, hvað gera mætti með því að framkvæma eina af till. okkar sósíalista í dýrtíðarmálunum.

Ef felldir væru niður tollar á þeim nauðsynjavörum, sem vísitala er reiknuð af, mundi vísitalan lækka um yfir 20 stig og dýrtíðin lækka enn meir. Afnám þessara tolla væri uppfylling loforða, sem meirihlutaflokkar Alþ. hafa

gefið þjóðinni ár eftir ár. Afnám þessara tolla mundi valda ríkisjóði tekjumissi upp á 11 milljónir króna, en á móti kæmi, að 3—4 milljónir króna spöruðust fyrir ríkissjóð. Útkoman yrði að fyrir 7—8 milljónir króna mætti lækka vísitöluna um yfir 20 stig, lækka dýrtíðina raunverulega miklu meira, — í stað þess að borga nú hinar miklu fjárfúlgur úr ríkissjóði til þess að falsa vísitöluna á kostnað launþega, en lækka dýrtíðina ekki nokkurn skapaðan hlut.

Hæstv. fjmrh. segist vilja berjast gegn dýrtíðinni „með öllum ráðum". Fögur orð. En þegar á hólminn kemur, þá vill hann alls ekki þekkjast þau ráð, sem alþýðu manna mættu að gagni verða. Stefnumunurinn milli okkar sósíalista og ríkisstjórnarinnar er sá, að hún vill ekki lækkun dýrtíðarinnar heldur bara vísitölunnar, en við viljum hvort tveggja.

Ég var áðan að minnast á þá óstarfhæfni Alþ., sem auðvaldsflokkunum verður svo tíðrætt um. Það er rétt að skilgreina þá óstarfhæfni ögn nánar frá þjóðfélagslegu sjónarmiði. Sannleikurinn er, að frelsishreyfing alþýðunnar og þá fyrst og fremst verkalýðshreyfingin er of sterk utan þings og innan til þess að auðmannastéttin geti lagt á alþýðuna þau kúgunarbönd, sem héldu henni fyrr. En alþýðan er samt enn ekki nógu sterk til að geta stjórnað landinu.

Það er eins konar jafnvægisástand milli sterkustu aflanna í landinu, auðmannastéttarinnar annars vegar, sem á leiðtoga þjóðstjórnarflokkanna alltaf vísa sér til liðveizlu, þegar þeir þora, og alþýðunnar hins vegar, sem er yfirgnæfandi meiri hluti kjósenda allra flokkanna og er meir og meir að vakna til meðvitundar um vald sitt. Og meðan þetta jafnvægi helzt, verður Alþ. það, sem þjóðstjórnarflokkarnir kalla óstarfhæft, óhæft til nýrrar gerðardómskúgunar gegn alþýðunni.

Hermann Jónasson sagði frá því hér í útvarpinu í gær, hvaða ráðum yfirstéttin ætti að beita til þess að skapa sér samt sem áður starfhæft kúgunarvald, þó að hún gæti ekki notað Alþ. Hann vill, að ríkisstjóri skipi stjórn, sem taki fjárveitingavaldið og löggjafarvaldið af Alþ. og beiti því eins og yfirstéttinni þóknast, sem sé í anda gerðardómslaganna frá 1942. Þar með væri yfirstéttarvaldið í landinu orðið nógu langt frá fólkinu, lýðræðið nógu vel þurrkað út, til þess að milljónamæringarnir gætu drottnað án þess að spyrja um þing eða þjóð. Þetta er aðferð afturhaldsins til að koma á einræði auðvaldsins, gera kúgunarvald yfirstéttanna starfhæft á ný. Hermann Jónasson bendir á aðferðina til að raska því jafnvægi, sem nú er, þannig að auðvaldið verði nógu sterkt til að drottna og kúga.

Og Jónas sendir launbréf og Dagspistla út um allar sveitir til þess að skora á bændur að hervæðast, búast til bardaga og blóðsúthellinga, — eins og hann segir í Degi. Með þessum samvizkulausu æsingum, sem þið heyrðuð m. a. dálítið af í ræðu Skúla Guðmundssonar hér áðan, á að reyna að skapa fjöldagrundvöll fyrir harðstjórn afturhaldsins gegn alþýðunni, múgæsingar, sem eiga að verða flotholt fyrir einræðisklíku Jónasar frá Hriflu og hans nánustu til valda á Íslandi í skjóli erlendrar herstjórnar.

Það er þetta, sem íslenzk alþýða þarf að sameinast um að hindra.

Við sósíalistar berjumst fyrir því, að raska þessu jafnvægi og þannig, að alþýðan verði sterkari og geti stjórnað landinu í anda róttækra og stórfelldra framfara og umbóta. Við álítum fyrst og fremst, að skapa þurfi tvö skilyrði til þess, að svo megi verða.

Fyrra skilyrðið er að sameina verkalýðinn, sem vegna fjölda síns og samtaka hlýtur alltaf að hafa forustu í frelsisbaráttu alþýðunnar og raunverulegri ríkisstjórn hennar í landinu. Stórt spor hefur verið stigið í þá átt með sameiningu þeirri, sem verkalýðurinn hefur myndað í Alþýðusambandinu. En það, sem hindrar þá einingu enn þá, er afturhaldsklíka sú, sem ræður í Alþýðuflokknum og lætur ekkert tækifæri ónotað til að reyna að sundra verkalýðnum, meira að segja fjandskapast út af sameiningu verkamanna á Akureyri í eitt félag, hvað þá öðru, sem verkalýðnum má til heilla verða.

Annað skilyrðið er bandalag verkalýðsins við bændur, fiskimenn og aðrar millistéttir. Og eins og þið hafið heyrt, þá fjandskapast Alþfl. við fátt annað meir en það samkomulag 6 manna nefndarinnar, sem Alþýðusambandið gerði við bændur, — og Framsókn, undir forustu Jónasar Jónssonar, gengur nú berserksgang um land allt til þess að reyna að fylkja bændum með atvinnurekendum gegn verkamönnum. Þið, vinnandi stéttir Íslands, sem mál mitt heyrið. Þið getið skapað þessi skilyrði, skapað þau strax. Rísið upp, hvar sem þið eruð, og látið til ykkar heyra.

Verkamenn, rísið upp í verkalýðsfélögunum og fylkið þeim 20 þús., sem þar eru, öllum í eitt bandalag alþýðustéttanna.

Bændur, fiskimenn. Krefjizt þess nú þegar, í búnaðarfélögum ykkar, fiskifélögum og öðrum samtökum, að tekið sé höndum saman við verkalýðssamtökin til þess að framkvæma sameiginleg hagsmunamál ykkar allra.

Aldrei var því um Alþingi spáð, að ættjörðin frelsaðist þaðan.

En þú vinnandi þjóð Íslands. Þú getur frelsað hana, frelsað sjálfa þig frá atvinnuleysi, kreppum og fátækt fortíðarinnar, frá atvinnuleysi og hruni því, sem afturhaldið vill fá að leiða yfir verkamenn, bændur, fiskimenn á ný, — getur frelsað hana og þig, ef þú vilt. En vilji þinn verður að vera sterkur, einbeittur.

Þú vinnandi þjóð Íslands. Þú getur gert Alþ. starfhæft aftur, — ekki starfhæft til nýrra þrælalaga, nýrra hungurárása, nýrra ríkislögreglulaga o. s. frv. — heldur starfhæft til að byggja hér grundvöll að öruggu framtíðarþjóðfrelsi, — þar sem alþýðan fær að njóta auðlinda þessa lands í fullum mæli og uppskera sjálf ávextina af vinnu sinni. Og það er það, sem alþýðan ætlar sér að gera. — Góða nótt.

**Forseti (GSv):** Hv. 2. þm. Reykv. (EOl) hefur lokið máli sínu. Tekur þá til máls hv. þm. Snæf., Gunnar Thoroddsen, og talar af hálfu Sjálfstfl.

**Gunnar Thoroddsen:** Það var eins og vænta mátti um varnir af hálfu hv. þm. V.-Sk. Hann játaði, að hann hefði neitað að gefa þær upplýsingar, sem fjmrh. fór fram á 1939. Mundi hann gefa n. meiri upplýsingar nú, nema hann væri skyldaður til þess? Þessar upplýsingar hans staðfesta og sanna, að það er full ástæða til að krefjast þess í till., að hann sé skyldaður til að leggja fram þær skýrslur, sem kynni að verða beðið um.

Þær mótbárur hans, að honum hafi ekki verið skylt að gefa þessar upplýsingar, af því að Mjólkursamsalan sé ekki opinbert fyrirtæki, heldur félagsskapur bænda, eru ekki nægilegar. N. var stjórnskipuð. Hann er stjórnskipaður. Hann var því skyldur sem stjórnskipaður embættismaður að gera grein fyrir atriðum, sem lutu að stjórn hans á fyrirtækinu.

Út af till. hans, sem gengur enn lengra en till. mín, vildi hann skáka í því skjólinu, að hún væri bara til að sýnast, en hans till. nær til allrar framleiðslu bænda og meira en það.

Hann spurði, hvort ég vildi láta taka mjólk frá sjúkum og særðum. Það er enginn á móti því, að hið erlenda setulið fái alla þá mjólk, sem það þarf handa sínum sjúku mönnum, en samkvæmt upplýsingum hans sjálfs nægir þeim til þessara þarfa mjólk af einum bíl á dag.

Ýmsir ræðumenn hafa gert dýrtíðarmálin að umræðuefni. Hv. þm. Str. vék að verðfestingarfrv. 1941 og harmaði, að það skyldi ekki hafa verið samþ., því að það mundi hafa bjargað þjóðinni frá glötun! Það átti að festa grunnkaup, festa dýrtíðaruppbót, banna að hækka verð á landbúnaðarafurðum, þó að kostnaður hækkaði, t. d. erlend vara. Þá vil ég halda því fram, að gerðardómslögin hafi borið eins og gull af eiri af verðfestingarl.

Framsóknarmenn, sem hér töluðu, gáfu í skyn, að Sjálfstfl. hefði brugðizt skyldu sinni og eyðilagt starf 6 manna nefndarinnar m. a. með því að greiða ekki atkv. með verðlækkunarskattinum. Þetta er ósatt. Það er ómögulegt að segja, að það hafi verið eina leiðin til þess að tryggja, að samkomulag 6 manna n. kæmi til framkvæmda.

Hæstv. fjmrh. hélt því fram í sinni ræðu, að með dýrtíðarl. 1942 hefði dýrtíðin, sem þá fór ört vaxandi, verið stöðvuð. Þetta er rétt, svo langt sem það nær. En það ber að athuga, að þegar stjórnin tók við völdum, voru allar grunnkaupshækkanirnar í garð gengnar og engar, sem stóðu fyrir dyrum. Auk þess má geta þess, að til þess að halda dýrtíðinni í skefjum varð ríkisstjórnin að greiða 9,6 millj. króna með henni.

Hv. þm. V.-Sk. sagði, að Sjálfstfl. væri ævinlega skiptur. Það skal viðurkennt, að flokkur, sem á fylgi í öllum stéttum, hlýtur að eiga erfiðara með að vera ævinlega sammála en þeir flokkar, sem hafa fylgi aðeins einnar stéttar. En það fer að sitja illa á framsóknarmönnum að tala um „einingu andans í bandi friðarins", — formaður flokksins fær ekki að skrifa í aðalmálgagn hans, eða — eins og komizt er að orði: er nú kominn á Dag-kaup í stað Tíma-kaups áður. Og það er einkennilegt, að sá sami flokkur, sem gefið hefur út bækling Eysteins, þennan „harmagrát Jeremíasar" út af því að kommúnistar vildu ekki mynda stjórn með Framsókn, — að hann skuli bregða Sjálfstfl. um það, að hann sé í ‚makki við kommúnista". Þetta er eingöngu gert til þess að draga athygli manna frá þeirra eigin misheppnaða „makki" við þann flokk.

Hæstv. fjmrh. minntist í ræðu sinni í gær á það ástand, sem nú ríkir í málum þjóðarinnar, og að ekki væri hægt að fá lausn á vandamálunum, af því að ríkisvaldið skorti bakhjall, og að þetta gæti ekki staðið lengi. Þetta er rétt, og Sjálfstfl. var andvígur því frá öndverðu, að sú leið yrði farin, sem farin var. Hann óttaðist, að samstarfið yrði ekki nægilegt milli ríkisstjórnar og Alþ.

Tími minn er nú nær því á enda, en eitt vil ég segja áður en ég lýk máli mínu. Það er oft talað um þá sundrung, sem ríkir á Alþ. En ég held, að hún sé ekki bara á Alþ., heldur meðal þjóðarinnar fyrst og fremst. Það er sú sundrung, sem þarf að hverfa. Þjóðin þarf að sameinast um þann flokk, sem hefur ekki hag einnar stéttar, heldur allra stétta fyrir augum, — En það er Sjálfstfl. — Góða nótt.

**Forseti (GSv):** Hæstv. ríkisstjórn hefur látið þess getið við mig, að hún sjái ekki ástæðu til að nota ræðutíma sinn, og segi ég því þessum útvarpsumr. lokið og fundi slitið.

Á 39. fundi í Sþ., 7. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 409, n. 433, 434, 474, 517, 546).

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Fjvn. hefur flutt nokkrar brtt. við fjárlfrv., á þskj. 474, og vil ég gera nokkra grein fyrir þeim helztu. Fyrsta till. er um það að hækka framlag til byggingar póst- og símahúss á Akureyri úr 200 þús. í 350 þús. kr. Það er talið, að ef þessi viðbót fáist, þá muni vera hægt að taka þetta hús í notkun ári fyrr en ella mundi verða. Önnur brtt. er um hækkun á tekjum af áfengis- og tóbakseinkasölunni. Er lagt til, að tekjur áfengisverzlunarinnar verði hækkaðar um 5 millj. og 300 þús. kr., en tekjur tóbakseinkasölunnar um 2 millj. og 900 þús. kr. Er þetta vegna þeirrar breyt., sem gerð var á söluverði á vörum þessara verzlana nú í haust. Eins og skýrt var frá við 2. umr. fjárlfrv., hafði fjvn. þá ekki tekið með í till. sínar væntanlega hækkun á tekjum þessara verzlana vegna verðhækkunarinnar.

Næst eru tvær brtt. við 12. gr. Sú fyrri er um framlag til læknisvitjanasjóðs samkv. l., 10 þús. kr., sem alveg vantar í frv. Hin brtt. við þessa grein er um sjúkrastyrk til Guðmundar Péturssonar nuddlæknis, 1500 kr.

Næst eru tvær brtt. við 13. gr. Sú fyrri um hækkun á framlagi til rekstrarkostnaðar vitanna úr 150 þús. í 200 þús. kr. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fjvn. fékk, verður að telja, að sú upphæð, sem nú er í frv., 150 þús., muni ekki nægja til að greiða rekstrarkostnað vitanna, og er því þessi hækkunartill. fram borin. Hin brtt. við þessa grein er um fjárframlag til brimbrjótsins í Bolungavík, 25 þús. kr. Fregnir hafa

um það borizt, að nokkrar skemmdir hafi orðið á þessu mannvirki, og er það ekkert nýtt í sögunni. Það hefur oft komið fyrir áður. Nefndin taldi ekki annað fært en leggja til, að veitt verði nokkur upphæð til þessa mannvirkis, til þess að gera við skemmdirnar.

Þá eru nokkrar brtt. við 14. gr. Fyrsta brtt. er aðeins orðabreyting. Í 9. brtt. er lagt til, að fjárframlag til endurbóta íbúðarhúsa á prestssetrum hækki úr 70 þús. í 80 þús. krónur. Fjvn. gerir engar till. um það, hvernig fénu skuli varið, það á að ákveðast af ráðuneytinu, því að n. lítur svo á, að það hafi betri ástæður til að vita, hvar þörfin er mest á hverjum tíma, og nýtur ráðuneytið þar aðstoðar biskups og annarra, sem hafa kirkjumálin með höndum. 11. brtt. er um námsstyrk til Skúla Jenssonar. Þessi námsmaður fékk fyrir allmörgum árum lömunarveiki og er svo illa farinn af völdum hennar, að hann getur ekki gengið og ekkert komizt nema í vagni. Þrátt fyrir þungbær veikindi hefur þessi maður brotizt áfram til stúdentsprófs og hefur nú innritazt í háskólann. Hann mun hafa lokið gagnfræðaprófi 1942 og ári síðar stúdentsprófi. Verður það að teljast mikið afrek, þótt viðkomandi væri heill heilsu, og sérstaklega í frásögur færandi, þar sem hér á í hlut maður, sem hefur orðið svona hart leikinn af veikindum. Nefndin telur rétt, að þessi piltur fái þá viðurkenningu, sem hér um ræðir.

Næsta till. er að hækka framlag til framkvæmda á sundskyldu í barnaskólum úr 45 þús. kr. í 60 þús. Er talið, að fyrri upphæðin muni reynast ónóg.

Þá er nokkur breyting á framlagi til húsmæðrakennaraskólans. Í frv. er nú, til frádráttar gjöldum skólans, talið fæðisgjald, 18 þús. kr. Það er of hátt, og er brtt. n. um að lækka það um kr. 12 þús., þannig að í stað 41 þús., sem er í frv., komi kr. 53 þús.

Við 15. gr. flytur n. brtt. um, að þar komi nýr liður, til fjörefnarannsókna 50 þús. kr.

Næsta brtt. er við 16. gr. Við A. 7 bætist nýr liður, framlag til kaupa á jarðborum og hlutum í þá og til jarðhitarannsókna, eftir till. rannsóknaráðs, kr. 50 þús.

Næst er till. um hækkun framlags til sandgræðslu. Nefndin gerir engar till. um, hvernig þeirri viðbót skuli varið frekar en því fé, sem fyrir er í frv.

17. brtt. n. er um hækkun á styrk til Loðdýraræktarfélags Íslands, úr 3000 í 6000 krónur.

Næst er brtt. við 18. gr. Er lagt til að eftirlaun til nokkurra uppgjafapresta hækki um 300 kr. til hvers, auk nokkurrar annarrar hækkunar á einstökum liðum, sem fyrir eru. Sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um brtt. við þessa grein.

Loks flytur nefndin brtt. við 22. gr. um að bæta þar inn í 15 liðum. Þær brtt. skýra sig sjálfar, og er því ekki þörf að fjölyrða um þær. Þó vil ég víkja nokkrum orðum að tillögum n. Vil ég geta þess, að nokkur ágreiningur hefur orðið um þær sumar, þó að meiri hluti n. standi að þeim. Í 7. lið er gert ráð fyrir, að greiða Ferðafélagi Íslands 20000 kr. til leiðbeiningastarfsemi, og var ágreiningur um það í n. 10. liður í þessum till. er um að verja í samráði við landlækni allt að 50000 kr. til þess að greiða fyrir því, að læknar fáist til þeirra læknishéraða, sem erfiðast er að fá lækna til að gegna. Munu erfiðleikarnir m. a. stafa af því, að læknar telji kjörin lakari þar en hægt er að fá annars staðar, vegna fámennis þeirra héraða. 13. liður till. er um að heimila ríkisstjórninni að láta byggja við geðveikra hælið á Kleppi eða taka hús á leigu fyrir þá sjúklinga, sem þurfa á hælisvist þar að halda. Það er flestum kunnugt, að ekki er hægt að fá rúm á Kleppi fyrir svipað því alla þá sjúklinga, sem þess þarfnast. Mikil vandræði eru fyrir einstök bæjar- og sveitarfélög, sem þurfa að sjá fyrir þessum sjúklingum, og þarf að bæta úr þeim vandræðum hið allra fyrsta. Hæstv. ríkisstjórn mun hafa ætlað að bæta úr þessu með viðbyggingu á Kleppi, en mér er tjáð, að það hafi strandað á því, að ekki hafi verið unnt að fá byggingarefni. Ef til vill mætti fá hús á leigu, hér eða annars staðar, þar til úr rætist.

Næsta till. er um að verja nauðsynlegu fé til að fullgera herbergi í þjóðleikhúsinu fyrir þjóðminjasafnið og til flutnings þess þangað og niðurröðun. Húsnæði það, sem það hefur og hefur haft að undanförnu, er mjög ófullnægjandi, og þarf að bæta úr því hið bráðasta.

Síðasta brtt. er um að heimila ríkisstj. að veita úr framkvæmdasjóði ríkisins allt að 5 millj. kr. til byggingar fiskiskipa. Gerir n. ráð fyrir, að Alþ. muni innan skamms setja reglur um það, hvernig fé þessu skuli varið.

Ég vil geta þess, að enn er að vænta brtt. frá fjvn., en þær eru fáar, og af því að þeim hefur ekki verið útbýtt, mun ég ekki gera þær að umræðuefni. En ég vil geta þess, að ein er um verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur þessa árs, til þess að bændur fái það verð, sem samkomulag varð um í 6 manna nefndinni á síðastliðnu sumri fyrir afurðir sínar, og verður gerð nánari grein fyrir brtt., þegar hún liggur fyrir til umr. Það er sýnilegt, að ef till. n. ná fram að ganga, verður ekki afgangur á sjóðsyfirliti frumvarpsins, en á rekstraryfirliti mun verða nokkur afgangur, og mun láta nærri, að inn- og útborganir á sjóðsyfirliti standist á. Það er því auðsætt, að ef á að halda áfram að leggja fram fé til þess að koma í veg fyrir hækkun á verðlagi innanlands, þarf ríkissjóður að fá nýja tekjustofna. Frv. um verðlækkunarskatt var fellt í Ed. Sá meiri hl., sem að því stóð, hefur ekki gert ákveðnar tillögur um tekjuöflun í staðinn. Ef til vill hefur það vakað fyrir þeim meiri hl. að hætta að leggja fram fé í því skyni að halda dýrtíðinni á svipuðu stigi og hún nú er á. En það er fyrirsjáanlegt, að hún hlýtur að hækka, ef ekkert verður að gert.

Einstakir þm. hafa lagt fram nokkrar brtt. við frv., en þar sem þeir hafa ekki enn gert grein fyrir þeim, mun ég ekki ræða þær að sinni, en ef til vill geri ég það síðar, er flm. hafa mælt fyrir þeim.

**Finnur Jónsson:** Samkvæmt yfirlýsingu, sem ég gaf við 2. umr. fjárl. hef ég ásamt nokkrum

flokksmanna minna lagt til að hækka tekju- og eignarskatt um ½ millj. króna og verðtoll um 1 millj., í 31 millj. kr.

Tel ég, eftir þeim upplýsingum, sem liggja fyrir um tekjuútlitið eftir því, sem næst verður komizt, að þetta sé ekki óvarleg tillaga, enda ekki um stóra upphæð að ræða. Ef hún yrði samþ., virðist greiðslujöfnuðurinn verða um 11½ millj. króna. Aftur á móti höfum við Alþýðuflokksmenn lagt til, að við 16. gr. B. 4. bætist nýr liður um byggingu fiskiskipa og um 9½ millj. króna framlag í því skyni, sbr. lög nr. 33 1943, um breytingu á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands.

Eins og kunnugt er, eru borgaðir tugir milljóna í uppbætur á landbúnaðarafurðir án þess að tryggt sé, að þetta fé komi að framtíðarnotum fyrir landbúnaðinn. En þó að afkoma ríkisins byggist á sjávarútveginum, — þó að landbúnaðurinn sé nauðsynlegur, — þá á sjávarútvegurinn engan nýbyggingarsjóð. Skipin hafa gengið úr sér, og ekki hefur verið hægt að endurnýja þau né halda við vélum skipanna.

Það er sjáanlegt, að ef við höfum aðeins úr sér gengin skip eftir ófriðinn, hljótum við að verða undir í samkeppninni við aðrar þjóðir, ef ekki verður gert stórt átak í þessu efni nú þegar á þessu þingi. Það hefur farið fram athugun á því að fá byggð skip erlendis. Skip, sem hér eru byggð, eru miklu dýrari en þau, sem eru byggð erlendis, og er erfitt fyrir okkur að fá byggingarefni. Það er sjálfsagt að viðhalda innlendum skipasmíðastöðvum, en þær hafa ekki við að viðhalda skipastólnum. Það verður því að fá skip frá útlöndum.

Samkvæmt upplýsingum frá sænska sendiráðinu er hægt að fá byggð skip í Svíþjóð eins og stendur. Sænskar skipasmíðastöðvar geta orðið við óskum okkar Íslendinga um smíði 45 fiskiskipa úr tré fyrir okkur, og eru þær fúsar til að taka að sér smíði fleiri skipa síðar.

Eftir að þetta var upplýst hér á Alþ. og í blöðum, hefur komið í ljós, að nokkrir fleiri hafa gert um þetta fyrirspurnir til Svíþjóðar. Og svörin eru þau sömu, að það muni vera hægt að fá skip byggð í Svíþjóð, — sennilega ekki hægt að fá þeim siglt upp hingað strax, og þyrfti því sennilega að geyma þau í Svíþjóð nokkuð, þangað til siglingaleiðir opnast. Kostnaður við skipabyggingar í Svíþjóð virðist, eftir því sem fyrir liggur, munu verða 3600 til 4000 kr. íslenzkar á hverja smálest, en eftir er þá að sigla skipunum upp. Eftir þessu er 100% dýrara að smíða skipin hér á landi en í Svíþjóð. Mér þætti líklegt, að ef úr því yrði, sem ég fæ ekki séð, hvernig verður komizt hjá, að gera ráðstafanir til þess að fá skip byggð í Svíþjóð, þá gæti komið til mála einhvers konar verðjöfnun á skipunum, sem byggð væru í Svíþjóð, og þeim, sem byggð væru hér heima. Mér skilst, að það mundi verða hagkvæmasta aðferðin, ef byggð yrðu fyrir okkur skip í Svíþjóð, að einn aðili semdi um byggingu skipanna þar, — sem eðlilegast er, að væri ríkið, — og semdi svo um sölu á þeim aftur til þeirra, sem ætluðu að nota þau. Og eðlilegast virðist mér þá vera að láta smíða mörg skip í einu, að þau væru smíðuð í flokkum eftir stærð og eftir standard teikningum og nokkur skip væru smíðuð í hverjum flokki í senn. Efalaust mætti með þessu komast að hagkvæmari kjörum um kaup á skipunum heldur en ef hver einstakur maður, sem vildi kaupa skip, væri að semja fyrir sig.

Ég tel, að ég hafi leitt þau rök að nauðsyn skipabygginga og skipakaupa fyrir okkur, að þeim muni ekki verða á móti mælt, enda mun það vera almennt viðurkennd staðreynd. Og þá verða hv. þm. að gera upp við sig, hvort þeir ætla að halda áfram að greiða tugi milljóna kr. úr ríkissjóði í uppbætur á afurðir án tryggingar fyrir því, að þær komi að framtíðarnotum, og gera hitt einnig upp við sig, hvort þeir vilja nú nota það tækifæri, sem við höfum enn þá til þess að fá smíðuð skip í Svíþjóð, en er kannske að breytast og e. t. v. gengur okkur úr greipum á næstunni, ef við notum okkur það ekki. Allir vita, að þarf að endurnýja skipastólinn. Það er og margt, sem bendir til þess, að afkoma atvinnuveganna yfir höfuð fari frekar versnandi á næsta ári. Og ef svo er, að farið er að halla undan fæti í því efni, þá má búast við, að hún fari enn þá versnandi á því næsta ári, sem kemur þar á eftir. Og ef við fljótum svo sofandi að feigðarósi, að við gerum ekkert í þessu máli, þá tel ég mjög illa farið.

Eftir þeim till., sem hér liggja fyrir, mundi verða um 2 millj. kr. greiðslujöfnuður á fjárl. með þeim hækkunartill., sem við Alþfl.menn leggjum til, þó að þessi brtt. yrði samþ., sem ég hér hef mælt fyrir. Nú er að vísu fram komin till. frá hv. fjvn. um að heimila ríkissjóði að nota 5 millj. kr. til skipabygginga eftir reglum, sem Alþ. setur, úr framkvæmdasjóði ríkisins. Framkvæmdasjóður skilst mér, að hafi átt að vera varasjóður ríkissjóðs til þess að styðja atvinnuvegina, þegar færi að halla undan fæti fyrir þeim. Þessi sjóður er, því miður, ekki enn þá meiri en 8 millj. kr. Og ef við nú strax í peningaflóðinu eigum að fara að taka hann til þess að láta hann í skipabyggingar og gera ekkert meira í sambandi við þær framkvæmdir, þá virðist mér í því mjög lítil forsjá, svo ég segi ekki meira. Á síðasta ári var samþ. fjárveiting til fiskimálasjóðs um 2 millj. kr., og átti það fé að nota í lán til skipabygginga hér innanlands. Af því hafa verið veittir styrkir til þess að byggja um 30 skip. Þar af voru allmörg smáskip undir 12 rúmlestum. Ég hygg, að skip yfir 12 rúmlestir, sem byggð hafa verið fyrir þetta fé, hafi verið rúmlega 20. Ef nú ekki á að fara lengra en það að setja í skipabyggingar 5 millj. kr., þá verður illa séð fyrir þessum málum. Ef hins vegar Alþ. féllist á tillögur Alþfl. um að veita þessar 9½ millj. kr., sem við höfum lagt til, þá mundi vera hægt að fá skip af ýmsum stærðum, góð skip og ný, með lánum og styrkjum, a. m. k. 100 til 150 skip. Og ef svo þær 5 millj. kr., sem hv. fjvn. hefur lagt til, að teknar verði úr framkvæmdasjóði, yrðu notaðar til aðstoðar við þá, sem vildu endurnýja togaraflotann, þegar færi gefst til, má segja, að Alþ. færi nokkuð myndarlega af stað með þetta. En með því að áætla

einar einustu 5 millj. kr. í þessu skyni, þá verður ekki lagður neinn sá grundvöllur undir framtíðarrekstur sjávarútvegsins, sem nauðsynlegur er.

Ég finn ástæðu til að skora mjög alvarlega á hv. þm. að taka þetta mál til rækilegrar yfirvegunar. Ég hef ekki reiknað saman, hve mikið er búið að borga í uppbætur á tveimur s. l. árum, en ég hygg, að það muni vera einhvers staðar um eða yfir 30 millj. kr. Ef svo á að borga nú uppbætur á útfluttar afurðir á þessu ári, einhvers staðar á milli 8 og 16 millj. kr., og uppbætur á vörur seldar á innlendum markaði a. m. k. 8 millj. kr., þá yrði ríkið búið að leggja í þessa hluti um 50—60 millj. kr. á tveim til þrem árum, hafandi þó hvorki greitt upp ríkisskuldir, eins og hvert annað fyrirtæki mundi hafa talið nauðsynlegt, né heldur lagt nokkurn grundvöll ao framtíðaratvinnurekstri landsmanna.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Þetta á að vera öllum hv. þm. svo ljóst, að þeir eigi að geta gert sér grein fyrir því, að svo búið má ekki standa í þessum efnum.

**Bjarni Benediktsson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja nokkrar brtt. við frv. það til fjárl., sem hér liggur fyrir til 3. umr., ýmist einn eða ásamt öðrum hv. þm. Allar eru þær þó varðandi tiltölulega lágar upphæðir og skipta ekki miklu um fjárhagsafkomu ríkisins í heild. Vildi ég nú leyfa mér að gera grein fyrir þessum brtt.

Fyrsta brtt. er um, að varið verði til vegagerðar á Þingvöllum 200 þús. kr. Er þetta brtt. við það, sem sett var inn í 15. gr. fjárl. við 2. umr., þar sem ákveðið var að verja nokkru fé til brúargerðar á Þingvöllum. Og var ætlunin skv. þeirri till., sem þá var samþ. og var borin fram af hv. fjvn., að sú breyt. yrði gerð á vegum á Þingvöllum, að krókurinn við Nikulásargjá og Flosagjá yrði afnuminn og þar gerðar brýr eða brú yfir gjárnar. Það er að vísu öllum ljóst, sem eftir þessum vegi hafa farið, að það er mikil nauðsyn á því, ef vegurinn á að haldast óbreyttur, að gera þarna umbætur, og hefur núverandi lega vegarins orðið til stórfelldra slysa, svo að ég get ekki fallizt á, að svo fremi að ekki verði tekið upp annað vegarstæði, þá sé þessi brúargerð nauðsynleg. En sá galli er á, að ég hygg, að það muni vera mjög erfitt að gera brú þarna á þjóðveginum nema með því að fylla upp eða skemma þessa fornhelgu gjá mjög verulega frá því, sem verið hefur. Frá því að l. um Þingvallafriðun voru sett, hefur sú skipan ríkt um varðveizlu þessa staðar, að þar beri að hagga sem minnstu og halda öllu sem mest óbreyttu frá því, sem verið hefur. En með þeirri brtt., sem sameinað Alþ. samþ. hér við 2. umr., þá er beint tilætlunin að breyta verulega og hagga fornum minjum. Þeir gallar eru á afgreiðslu þessari á málinu. En minningar eru tengdar þær við Flosagjá, þegar Brennu-Flosi hljóp þar yfir eftir Njáls-brennu. Og það mundi vera sjónarsviptir og fullkomin helgispjöll, ef ætti að skemma þau fornu ummerki, sem þar eru nú, en óhjákvæmilegt er að gera, ef vegarstæðið á að haldast þar, sem það er. En það verður einnig að gera frekari breyt. á Þingvöllum, ef vegarstæðið á að haldast óbreytt, það verður þá innan skamms og það á allra næstu tímum að gera nýja brú yfir Öxará yfir Drekkingarhyl, sem hlýtur þá að hagga þeim ummerkjum, sem á þessum stað eru. Það má að vísu segja, að við Drekkingarhyl séu ekki bundnar neitt sérlega ljúfar minningar, en þó sýnist rangt að ástæðulausu að breyta þar ummerkjum frá því, sem til forna hafa verið. Miklu væri nær, meðan tími er til, að taka niður þessa gömlu brú yfir Öxará, sem þar hefur verið um nokkra áratugi, og flytja veginn alveg til. Hins vegar hygg ég, að ekki verði um það deilt, að það hafi verið mjög misráðið að leggja veginn nokkurn tíma niður í Almannagjá, en að það hefði farið miklu betur á því, að Almannagjá hefði notið fullkominnar friðhelgi fyrir vegarlagningu og að hún væri látin haldast sem mest óbreytt frá því, sem áður var. Það má telja það nokkuð ljóst, — þó að fræðimenn greini að vísu nokkuð á um það, sem furðulegt má teljast, — það má telja nokkuð ljóst fyrir mönnum, sem um það hugsa með heilbrigðri skynsemi, að til forna hafi allur almenningur dvalið í Almannagjá á meðan á þingstörfum stóð, og að þar hafi verið aðalsamkomustaðurinn. Þar hafa menn setið, meðan lög voru lesin upp, og þar hafa menn gert sínar ályktanir, þegar til Alþ. var leitað. Og það er óviðurkvæmilegt, að sá staður skuli nú vera meðhöndlaður á þann veg, að hann skuli að óþörfu vera gerður að alfaraleið. Og þetta er ekki aðeins óviðurkvæmilegt, heldur er það, að því er telja má, hættulegt varðandi það, að staðurinn haldi sínu forna yfirbragði. Kunnugir menn fullyrða einnig, sem hafa veitt því athygli, menn, sem fylgzt hafa þarna með um langa hríð, að það muni vera hætta á því, að hraunveggurinn í Almannagjá haggist og e. t. v. hrynji að verulegu leyti, yfirleitt eða einstakir hlutar úr honum, vegna hinnar miklu umferðar, sem um gjána er. Hættan á þessu verður auðvitað þeim mun meiri sem farartækin verða stærri og umferðin tíðari. Og það er að vissu leyti mjög skiljanlegt, að hamraveggurinn þoli ekki þann eilífa hristing og átök, sem verða af þeirri gífurlegu umferð, sem þarna er orðin með þungum ökutækjum. Af þessu er líklegt, að fyrr en varir geti stafað stórslys af umferð þarna, þannig að hraunveggurinn að einhverju leyti eða björg úr honum hrynji niður á bíla, sem þarna eru á ferð, þannig að af því gæti orðið mannsbani, eins eða fleiri, — auk þess sem með því móti yrðu enn gerð spjöll á þessum sögustað, spjöll, sem ber að forðast. Við þetta bætist svo, að vegarstæðið í Almannagjá er ákaflega óhentugt fyrir umferðina, því að jafnvel þó að gerð væri ný brú yfir Drekkingarhyl og tekinn af krókurinn fyrir gjárnar, Nikulásargjá og Flosagjá, þá er engu að síður snjóasamt í gjánni, þannig að jafnvel þó að ökuleið sé fær Þingvallaleiðina yfirleitt að öðru leyti, þá getur hún stöðvazt vegna snjóskafla í Almannagjá, eins og skiljanlegt er. Þetta vegarstæði er því bein torfæra í vetrarferðum. — Allar þær ástæður, sem ég nú hef fært fram, gera það í raun og veru að knýjandi nauðsyn, að vegurinn sé færður úr Almannagjá

og á nýjar slóðir. Og ég verð að láta í ljós undrun mína yfir því, að sú n., sem kosin hefur verið af Alþ., Þingvallanefnd, skuli ekki hafa haft forgöngu í því að fá þetta lagað. Mér hefur að vísu verið sagt, að einstakir nefndarmenn hafi haft hug á því, en orðið þar í minni hluta, vegna þess að þeim hafi verið talin trú um, að kostnaður mundi verða svo mikill við leiðréttingu á þessu, að það væri óverjandi. En ég tel yfirleitt ekki óverjandi, að nokkrum hundruðum þús. kr. verði varið til þess að halda Þingvöllum sem mest óbreyttum til þess að geyma þennan stað fyrir okkar eftirkomendur. Mörgu fé hefur verið miður vel varið heldur en þó að vegurinn væri færður, til þess að þessi staður geymdist betur. Og þegar mönnum er ljóst, hverja þýðingu þessi staður hefur fyrir sögulega vitund þjóðarinnar, þ. e. Þingvellir í heild, — þó að það sé nauðsynlegt, ef vegurinn er óbreyttur eins og nú, — þá tel ég ósvinnu, að það skuli standa til að gera stórfelld spjöll þar á staðnum, sem gerð verða, ef vegurinn verður látinn haldast óbreyttur. Ég tel því, fyrir allra hluta sakir, nauðsyn á að færa veginn til og láta hann koma niður á Vellina á öðrum stað en verið hefur nú um nokkra áratugi. Og sýnist þá eðlilegast og að það mundi verða með skaplegustum hætti, að vegurinn yrði látinn koma niður að vatninu einhvers staðar nærri eða fyrir norðan Kárastaði, og síðan yrði hann látinn liggja norður á móts við Valhöll og farið svo yfir Öxarárbrúna á milli Valhallar og Þingvallabæjarins gamla eða kirkjustaðarins. Það má vel vera, að þetta mundi kosta nokkurt fé. Og þó að ég leggi hér til, að 200 þús. kr. verði varið í þessu skyni, þá vil ég alls ekki fullyrða, að þessi upphæð nægi í þessu skyni, en það bæri þá að skoða þetta sem fyrstu greiðslu, þannig að haldið væri áfram, þangað til þessu yrði komið í sæmilegt lag. Segja má að vísu, — og um það skal ég ekki fullyrða, hvort sumarbústaðir þeir, sem reistir hafa verið norður með vatninu eða suður frá Valhöll við norðurenda vatnsins, kynnu að einhverju leyti að torvelda þetta. Það má náttúrlega deila um það, hvort hyggilegt hafi verið og heppilegt að láta lönd út til sumarbústaða fyrir einstaka menn á þessum slóðum. Ég skal ekki deila um það. En ég hygg þó, að það sé þegar búið að leggja veg eða götuslóða fyrir ofan þessa sumarbústaði, þannig að það sé sýnt, að það sé hægt að koma þar vegi fyrir. Og það er einnig ljóst, að það mundi vera þessum bústaðaeigendum til þæginda — án þess að ég vilji leggja neitt sérstaklega upp úr því — frá því, sem verið hefur, ef þeir fá veginn þarna svo að segja í hlaðvarpann hjá sér, þannig að þeir hefðu ekki undan neinu að kvarta yfir því, þó að þetta verði framkvæmt, sem ég gat um. Mér sýnist því, að öll rök hljóti að hníga að því, að veginn beri að færa og að hann muni að lokum verða færður. Spurningin er aðeins um það, hvort menn vilja gera enn meiri spjöll á þessum sögustað, áður en þessi nauðsynlega breyt. verður gerð, og að enn þá meiri kostnaður verði lagður í þennan stað, áður en hið rétta í þessu nær fram að ganga. Ég vonast því til þess, að hv. þm. fallist á þessa brtt., sem skiptir ekki miklu máli fjárhagslega, en kemur í veg fyrir frekari spjöll á þessum sögustað, greiðir stórum fyrir umferð og gerir vegasambandið austur yfir fjall miklu tryggara en verið hefur fram að þessu. Og er ólíkt skynsamlegra að verja nokkru fé til þess að gera Þingvallaveginn sem allra öruggastan heldur en að verja hundruðum þúsunda kr. eða milljónum, eins og ráðgert sýnist vera, til þess að koma vegi yfir eyðimerkur Reykjaneshrauns, svo kallaða Krýsuvíkurleið, sem kunnugir menn telja, að að engu gagni muni koma hvort eð er.

Þá er brtt., sem ég flyt við brtt. hv. fjvn. varðandi jarðhitarannsóknir. Ég hygg, að hv. fjvn. hafi lagt til, að það skuli verja 50 þús. kr. í beinum fjárlagaútgjöldum til kaupa á jarðborum og til jarðhitarannsókna að öðru leyti. Ég hygg, að þessi upphæð, 50 þús. kr., sé undir öllum kringumstæðum nokkuð lítil, og sérstaklega ef fram ná að ganga þær breyt. á frv. til l. um jarðhita og notkun hans, sem hv. Ed. hefur nú samþ. Ef það frv. nær fram að ganga eins og þessi hv. d. gekk frá því við 2. umr., þá er ljóst, að bæði verður það fé, sem nú er áætlað í fjárl. í þessu skyni, of lítið, og eins, að það er ranglega orðaður liðurinn, vegna þess að samkv. frv., eins og það nú er, á ekki að binda styrkveitingar úr ríkissjóði við það, að jarðborar ríkisins eins séu notaðir, eins og einnig á að vera heimilt að styrkja þær jarðhitarannsóknir, sem þegar hafa átt sér stað. En ég skal nú ekki í þessu sambandi fara að deila um réttmæti þessarar breyt., sem hv. Ed. hefur gert á jarðhitafrv., heldur einungis benda á, að hvor leiðin sem farin verður, sú, sem hv. Nd. samþ. í þessu, eða sú leið, sem hv. Ed. fór, þá nær orðalagið á brtt. minni, sem er nr. XXXIII á þskj. 517, til hvorrar leiðarinnar, sem farin yrði. Og sama er að segja um næstsíðustu brtt. (XLIX), sem er flutt af mér. Og er eðlilegast, að við fjárlagaafgreiðslu verði látið hlíta því, sem þingið að öðru leyti ákveður með þinglegum hætti. Og jafnvel þó að einhverjir kynnu að snúast á móti þessum sanngjörnu breyt. hv. Ed. á jarðhitafrv., þá hafa þeir engu sleppt, þó að þeir samþ. brtt., sem ég hef um þetta borið fram við fjárlagafrv. — Það skaut nú einn hv. þm. því að mér, að búið væri að samþ. þetta frv., — það hefur farið fram hjá mér. En þar sem það er búið, er þeim mun meiri ástæða til að samþ. þetta, sem ég hér ber fram, og gerir það í raun og veru alveg nauðsynlegt að gera þær breyt., sem ég hér legg til. En hér í minni till. er þessi fjárhæð nokkuð hækkuð, eða upp í 100 þús. kr. úr 50 þús. kr. sem hv. fjvn. lagði til, þ. e. undir XXXIII. lið, og úr 100 þús. kr. í 200 þús. kr. undir XLIX. lið næstsíðustu brtt. á þskj. 517, og varðar sú brtt. heimildagr., 22. gr. fjárl. Úr því að búið er að samþ. áður greint jarðhitafrv. í hv. Nd., þá er enn nauðsynlegra að samþ. báðar þessar brtt. við fjárlagafrv.

Þá hef ég leyft mér að bera fram við 17. gr. 8. nýjan lið til barnavinafélagsins Sumargjafar, kr. 70000, ásamt þeim hv. 5. þm. Reykv. (BrB) og 3. landsk. (HG). Ég sé nú, að nokkrir þm. úr hv. Nd. hafa flutt till., sem er eins að efni til

um 70000 kr. til barnavinafélagsins Sumargjafar, þar sem þetta er bundið því skilyrði, að Reykjavíkurbær leggi fram a. m. k. tvöfalda þessa upphæð. Ég býst við því, að ef við hefðum vitað hvorir af öðrum, hefðum við reynt að sameina okkur. Ég geri ráð fyrir, að þótt það væri gert að skilyrði, að Reykjavíkurbær greiði tvöfalda þessa upphæð, mundi það ekki verða til trafala, og þó að þetta skilyrði sé ástæðulaust í rauninni, mun ég ekki láta mig neinu skipta, hvor till. verður samþ. Hitt er öllum ljóst, að mikil nauðsyn er á því og rétt, að hin vinsæla starfsemi Sumargjafar sé styrkt af ríkisfé. Það er ákaflega mikil starfsemi, sem þetta félag hefur haldið uppi, ýmist með gjafafé héðan úr Reykjavík, styrk úr bæjarsjóði Reykjavíkur eða styrk frá aðstandendum þeirra barna, sem þar njóta góðrar aðbúðar.

Þar sem kunnugt er og vitað, að það er ómetanlegt starf, sem þetta félag hefur unnið, og að mikil þörf er á þeirri rýmkun starfseminnar, sem á þessu ári hefur sérstaklega staðið í sambandi við það, að Reykjavíkurbær keypti tvær allstórar húseignir á horninu á Eiríksgötu og Hringbraut fyrir 400 þús. kr. nú í sumar og hefur eftirlátið félaginu þessar húseignir leigulaust fyrir starfsemi sína og það er ljóst, að eftir því, sem erfiðara verður um fyrir húsmæður hér í bænum að fá stúlkur á heimili sín, eftir því sem húsakynnin eru smærri hjá mörgum og eftir því sem húsmæður vinna meira úti og halda áfram að stunda einhver störf, eftir að þær ganga í hjónaband, verður meiri þörf fyrir dagheimili og vöggustofur fyrir börnin, eða hvað það nú heitir, sem haldið er uppi af félaginu, auk þess sem það hefur fullkomið dvalarheimili fyrir nokkur börn. Enda þótt bæjarsjóður hafi styrkt félagið með einhvers staðar kringum 135 þús. kr. beinum fjárframlögum á þessu ári, auk þess, sem félagið hefur fengið þessa stóru húseign til afnota auk annarra fríðinda, er nú svo komið, að félagið er í bili í fjárþroti og verður fyrirsjáanlega í fjárþroti á næsta ári nema það fái sem svarar a. m. k. 70 þús. kr. styrk frá ríkissjóði og virðist að öllu athuguðu ákaflega sanngjarnt, að ríkið styrki þessa starfsemi, og þegar það er aðgætt, hversu lítill hluti ríkisútgjaldanna kemur Reykjavík til góða, þótt vitað sé, að miklu meira af ríkistekjunum er aflað hér en annars staðar á landinu, sýnist sanngjarnt að efla slíka starfsemi hér, sem nauðsynin hefur skapað vegna þess fjölmennis og þéttbýlis, sem hér er, og vænti ég þá, að menn geti, þó að þeir telji sig ekki sérstaklega tengda hagsmunum Reykjavíkur, greitt þessari litlu till. atkv. Einnig gleður það mig að sjá, að á þessari till. eru tveir þm. utan af landi, sem ekki ber að skoða sem sérstaka Reykjavíkurfulltrúa, sem sýnir, að utanbæjarmennirnir hafa á þessu fullan skilning, og vænti ég því, að aðrir þm. utan af landi taki ekki síður undir þessa till.

Ég hef leyft mér að bera fram tvær ofurlitlar brtt. ásamt öðrum þm., en þar sem ég er aðeins meðflm. þeirra, geri ég ráð fyrir, að þeir mæli fyrir þeim.

**Frsm. samvn. samgm. (Gísli Sveinsson):** Það er til þess að inna af hendi þegnskyldu, sem ég tek hér til máls, þó ekki séu margir þm. viðstaddir til að sannfæra. En svo er því varið með till. þessarar n., eins og till. annarrar n. hér í þinginu, að till. hennar þurfa ekki meðmæla með og teljast eins og till. hinnar n. nokkurn veginn tryggar.

Eins og öllum er kunnugt, hefur það fyrr og síðar verið verkefni samvinnun. samgm., sem er samgmn. beggja d. sameinaðra, að komast að niðurstöðu um rekstur flóabáta og ákveða þá leið, sem Alþingi eigi með till. sínum að fara í því efni. Ekki hefur verið kleift að fá frá þeim mörgu, sem hlut eiga að máli, fullnægjandi reikningsskil, því að þau eru ekki til fyrr en eftir á, og væru reikningarnir þýðingarlausir, ef eftirlitið með rekstrinum væri ekki, en það er í höndum þess manns, sem fer með það á milli þinga, forstjóra Skipaútgerðar ríkisins.

Eftir þeim gögnum, sem Skipaútgerð ríkisins hefur fyrir þessum framkvæmdum, lítur svo út, að áætlanirnar, sem gerðar voru fyrir árið 1943, hafi staðizt tiltölulega vel og vil ég segja betur en nokkur önnur áætlun í útgjöldum ríkisins, og má það einstakt teljast, þar sem um svo óvissa hluti er að ræða. En það var þannig, að n. hafði áætlað nokkuð ríflega þá styrki, sem renna skyldu til bátanna, ef kleift yrði að fá báta til þess að annast þessa flutninga, og var tekið tillit til vísitölu og annars, sem upplýsingar gátu talizt í þessu efni. Veigamikið atriði kom á herðar skipaútgerðarinnar að leysa, þar sem voru samgöngumálin við Austfirði, Akranes og Breiðafjörð, og hefur n. fallizt á þá tilhögun, að ekki verði ákveðið um þetta nema að nokkru leyti af hálfu Alþingis, en að skipaútgerðin annist sjálf um þessar ferðir enn um hríð á vegum hins opinbera.

Ég skal geta þess, að í till., sem komu frá n., er gert ráð fyrir breyt. á fjárframlögum um örlitla hækkun frá því, sem var á síðasta ári, og mun sú hækkun nákvæmlega tiltekin nema nálægt 60 þús. kr. Af einhverjum ástæðum hefur í fjárl.frv. hæstv. ríkisstj. þessi liður verið lækkaður óeðlilega mikið. Hann var áætlaður um 400 þús. kr. og var færður niður úr 500 þús. kr., sem var fjárveiting síðasta árs. Um þetta er út af fyrir sig ekkert að segja, en ég hef ekki minnstu hugmynd um, hvað þessu veldur, því að það er alveg á móti því, sem reynslan hefur sýnt, að það muni þurfa að veita minna nú til samgangna en áður, ef á að halda þeim uppi. Þetta kemur ekki að sök, því að Alþingi grípur í taumana, eins og vera ber, og hefur áætlað, að í staðinn fyrir kr. 400 þús. sé gert ráð fyrir, að flóabátastyrkurinn verði upp undir hálft sjötta hundrað þúsund, eða um 60 þús. kr. hærri en hann var síðastliðið ár.

Dálítið hefur það verið misjafnt, hvernig styrknum hefur verið úthlutað, og hefur þá verið tekið fullt tillit bæði til þarfanna og eins þeirra upplýsinga, sem fyrir liggja bæði með og móti. Sums staðar hefur reksturinn gengið vel, og þó að það hafi viljað til, að komið hafi kvart-

anir frá fólkinu, verður ekki um sakazt. Sums staðar hefur reksturinn ekki borið sig, og verður þá að hlaupa undir bagga, og er fyrst að segja í því sambandi, að n. taldi nauðsynlegt að ætla þær uppbætur, sem yrðu veittar, sem veitta styrki á næsta ári, og þar sem sömu aðilar eiga hér hlut að máli, kemur þetta í sama stað niður. Ég vil geta þess, að Breiðafjarðarbáturinn og Stykkishólmsbáturinn varð fyrir skakkafalli á árinu sem leið, sem leiddi af sér mikinn aukakostnað og halla á rekstrinum. Upp í þann halla kemur nú tillag frá ríkissjóði fyrir þetta ár og sömuleiðis tillag frá póstsjóði, sem er utan við þessa fjárveitingu, því að bátunum er gert að skyldu að flytja póst. Þegar tekið er tillit til þessa, sést, að styrkinn þarf að hækka. Brtt., sem samvn. samgm. hefur borið fram, er á þskj. 434 og er um það, að veittar verði á næsta ári kr. 549970 til flóabátaferðanna, í stað þess sem á síðasta ári voru veittar kr. 489320, og verður það sú upphæð, sem kemur til greina við þá atkvgr., sem verður um fjárl.

Ég tel þá, að ég hafi gert fullnægjandi grein fyrir þessu og vísa að öðru leyti til nál., og býst ég við, að þm. hafi kynnt sér nægilega það, sem hér er um að ræða.

Ég hef þá lokið þessari framsögu, en vil geta þess frá sjálfum mér, að brtt., sem ég flutti við 2. umr. og var tekin aftur þá, verður ekki tekin upp aftur, með því að fjvn. hefur gengið nokkuð til móts við þessa till. Hún var, eins og menn vita, miðuð við sérstakan stað, sem þarf að verja í mínu umdæmi fyrir sandfoki, og verður þetta látið nægja með það fyrir augum, að það, sem á vantar, verði látið á fjárl. næsta árs, og má þá, eins og nú er liðið á árið, sama standa um þetta.

Aðra brtt. á ég að vísu á þskj. 517, XIV. um, að brúaðar verði saman árnar Hörgsá og Stjórn á Síðu og styrkurinn samkvæmt þeirri upphæð, sem með þarf. Önnur áin er í fjárlfrv., og er rétt að taka hina með, svo að þær komi saman á næsta ári, enda hagar svo til, eins og ég hef getið um við 2. umr. þessa máls, að það er hagkvæmast, að þær séu brúaðar í einu lagi. Ég geri svo ekki ráð fyrir að þurfa að mæla frekar fyrir þessu máli, en býst við, að hv. þm. sjái, að hér er um sanngirnismál að ræða.

**Eysteinn Jónsson:** Við 2. umr. fjárl. flutti ég fyrir hv. þm. N.-Þ. (GG), sem liggur rúmfastur, till. um að hækka framlag til Raufarhafnarvegar. Ég færði fyrir því mjög ýtarleg rök við 2. umr., að upphæðin þyrfti að vera þetta há. Að vísu hlýddu mjög fáir á þau rök, en þar sem fáir þm. eru enn viðstaddir, sé ég mér tæplega fært að endurtaka þau nú, en ég hef leyft mér að flytja þessa till. aftur og aðra til vara. Ég vil aðeins geta þess, að þessi vegur má teljast ófær bifreiðum, en þó verður að treysta á hann til stórra vöruflutninga, eftir að síldarverksmiðjan var sett á stofn á Raufarhöfn, þar sem hann er notaður til flutninga á þungavöru og fólki til verksmiðjunnar og líka til flutninga frá verksmiðjunni til héraðanna í kring. Allt þetta er svo nauðsynlegt, að ég vænti, að hv. þm. fallist á að ljá a. m. k. varatill. atkv.

Ég hef leyft mér að flytja till. á sama þskj., 517, XXII, sem fer fram á 15 þús. kr. til þess að endurbyggja Svalbarðskirkju í Þistilfirði. Ég er einn af þeim mönnum, sem voru á móti því að leggja fé til þess að endurbyggja kirkjur, ef þær hafa ekki orðið fyrir sérstökum óhöppum, en þar sem Alþingi ákvað við 2. umr. að ganga inn á þessa braut, fannst mér rétt, að ég flytti þessa till. fyrir hv. þm. N.-Þ. Þannig er ástatt um þetta kirkjuhús, að það er um það bil 100 ára og er alveg komið að falli, og mun ekki vera kostur á að halda þar messugerð, eins og nú er komið málum. Ég vil því vænta þess, að þessi till. verði samþ. í samræmi við þær till., sem samþ. voru við 2. umr.

Þá hef ég flutt hér á sama þskj. brtt. við 22. gr., X-lið þeirrar gr. Í þessum lið fjárl. er það ákveðið að heimila ríkisstj. að verja sem svarar allt að hálfum læknislaunum til styrktar fólki í þeim læknishéruðum, sem ekki geta fengið neinn lækni til þess að þjóna héruðunum. Nú vil ég benda mönnum á, að ef ekki tekst að fá lækni til þess að þjóna læknishéraði, leiðir af því slíkar búsifjar fyrir þá, sem hlut eiga að máli, að ekki er frekt farið í sakirnar, þó að leyft sé að verja til þessa heilum læknislaunum, þ. e. að verja því, sem sparast, handa þessu fólki. Þess vegna fer ég fram á, að orðið „hálfur" sé fellt niður, en að varið sé til þessa heilum læknislaunum. Ég vona, að þm. finnist þetta sanngjarnt.

A lokum vil ég skýra frá því, að ég flyt ásamt hv. þm. A.-Sk. (PÞ) á þskj. 517,XXIX. litla till. um lesstofu sjómanna á Höfn í Hornafirði. Ég vil aðeins upplýsa það, sem ég held, að þm. viti, að á þessum stað safnast saman sjómenn nokkra vetrarmánuðina og búa í verbúðum. Það er ekki nokkur vafi á því, að mikil nauðsyn er á, að bókakostur væri til staðar, sem sjómenn gætu átt kost á að notfæra sér. Þetta er lítið fjárhagsatriði, en mætti koma að nokkru liði til þess að þoka þessu máli áfram ásamt framlögum annars staðar að, frá þeim, sem hafa áhuga fyrir málinu. Ég vænti, að hv. Alþingi taki þessu vel, enda hefur slíkum málaleitunum áður verið tekið vel af Alþingi.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Áður en ég sný að brtt. mínum á þskj. 517, vil ég að gefnu tilefni ræða nokkuð um þau mál, sem hv. frsm. (SkG) og einnig hv. þm. Ísaf. (FJ) ræddu um. Hv. frsm. beindi skeytum sínum að þeim meiri hl. Ed., sem orðið hefði til að fella verðlækkunarskattinn, án þess að koma um leið með neinar sérstakar till. um tekjuöflun vegna dýrtíðarmálanna. Af því að ég var einn í þessum meiri hl., var jafnan móti þessum l. og talaði móti þeim, vildi ég svara hv. frsm.

Það er öllum ljóst, að á fjárl. þurfa að nást miklu meiri tekjur en eru nú. Mér telst svo til, að þurfa muni upp undir 36 millj. kr. tekjuviðbót til að vega móti því, sem gert er ráð fyrir af nýjum útgjöldum, bæði samkv. brtt. við fjárl.

og samkv. þáltill. og frv., sem búið er eða búizt við að samþ. á þessu þingi eða ekki verður undan komizt af öðrum ástæðum. Samkv. brtt. fjvn. á þskj. 474, sem ætla má, að verði samþ., hækka fjárl. um tæpar 3 millj. kr., án þess að ég reikni þar með 11. lið í brtt. 53 á því þskj., um kostnað af að reisa íbúðarhús handa rektor menntaskólans, né 13. lið sömu brtt., um bygging á Kleppi, og ekki er reiknað með verðlagsuppbótum á 18. gr., þar sem að vísu er um smáupphæðir að ræða. Þá mun verða að ætla allt að 5 millj. kr. til alþjóðasamhjálpar. Til hafnarbótasjóðs þarf að leggja 2300 þús. kr. samkv. nýlega samþ. lögum. Að vísu hefur nokkur hluti fjvn. talið, að ekki þyrfti að leggja fram nema 300 þús., en a. m. k. flm. frv. töldu, að leggja yrði fram allt þetta fé, eða 2 millj. samkv. frv., af tekjum ársins 1944. Þá eru útgjöld ráðgerð til dýrtíðarráðstafana, sem næst 19 millj. kr. Loks má ekki gleyma þeim útgjöldum, sem olíufrv. fylgja, ef það verður samþ. á Alþingi. Nú upplýsir atvmrh., að styrkur til þess að byggja olíugeyma í verstöðvum muni ekki þurfa að verða meiri en 1 millj. kr. En ég hef sýnt og sett fram rök fyrir því, að ekki veiti af að tífalda þá upphæð. Þá hafa einstakir þm. borið fram allmiklar brtt., sem ég vil engu spá um. Ég vonast til, að eitthvað af brtt. mínum nái fram að ganga, og hins sama óska aðrir þm. um sínar till. Móti öllu þessu koma einar 8 millj. aukinna tekna af tóbaki og áfengi. Þess vegna þarf ekki einungis að afla tekna til dýrtíðarráðstafana, eins og hv. frsm. virðist halda, heldur tekna til að standast útgjöldin yfirleitt. Það mál verður að leysa allt í einu lagi. — Þegar verðhækkunarskatturinn var samþ., lágu þar að baki loforð um, að hann skyldi ekki standa nema þetta eina ár. Nauðsyn þótti að fá fjárfúlgu handa þáverandi og núv. ríkisstjórn til að mæta aðkallandi þörfum í dýrtíðarmálum, þar til búið væri að koma sér á ákveðinn grundvöll, hvernig þeim málum skyldi skipað. Við, sem vorum á móti skattinum, viljum að sjálfsögðu viðurkenna, að Alþ. eigi að standa við þær uppbótargreiðslur, sem það hefur samþ., en það má ekki heldur svíkja loforð, sem öðrum þegnum þjóðfélagsins hafa verið gefin. Framsfl. virðist ekki vilja meta þau neins, en heimtar þó fulla uppfyllingu loforða um uppbótargreiðslur, þó að þær hafi ekki verið samþ. nema með samkomulagi, eða ekki jafnótvírætt og verðlækkunarskatturinn á síðasta ári.

Það er ein enn dýpri ástæða fyrir því, að Sjálfstfl. vildi ekki samþ. þennan skatt. Það lá sem sé ekkert fyrir um, að sjálf ríkisstjórnin kærði sig um skattinn. Fjmrh. lét ekki í ljós vilja sinn um, að þessi l. væru samþ., og það hefur heyrzt frá ríkisstj., að hún hefði fulla heimild til að nota það fé, sem þarf til dýrtíðarl. Nú er það vitanlegt, að ríkisstj. kom inn í Alþ. til að ráða fram úr þessum málum, og hún fékk samþ. dýrtíðarl. á síðasta þ., að vísu ekki eins og hún hafði borið þau fram, en hún gerði sér þau þó að góðu. Ég lít svo á, að þau l. hafi reyrt dýrtíðarmálin í harðari hnút en þjóðinni er hollt, og það er þá verkefni ríkisstj. að leggja a. m. k. fyrir Alþ. ákveðin drög um, hvernig sá hnútur skuli leystur, og skýra það fyrir Alþ., hvernig eigi að verja fénu. Ekkert af þessu lá fyrir, þegar atkvgr. fór fram í Ed. um verðlækkunarskattinn, og ég benti á, hvort ekki væri rétt að fresta umr., þar til frekari upplýsingar fengjust, en hæstv. fjmrh. virtist ekki hafa áhuga fyrir því.

Eg vil að síðustu benda hv. þm. V.-Húnv. á, að sú samvinna, sem er í skattamálum á milli Framsfl. og annarra vinstri flokka, getur vitanlega ekki leitt til samkomulags eða lausnar. Það er borið fram frv. í Ed. um eignaraukaskatt, sem ætti að heita frv. um eignarán. En það mun koma í ljós, hvort hugur fylgir máli hjá Framsfl. að vilja lækka dýrtíðina. Það er vitanlegt, að Sjálfstfl. getur ekki tekið mikinn þátt í öflun tekna til að greiða niður dýrtíðina, á meðan Framsfl. notar öll tækifæri til arðráns, eftir að fengið er nóg fé til dýrtíðarráðstafana. Ég taldi rétt, að þetta kæmi fram, út af ummælum hv. þm. V.-Húnv. um okkur, sem áttum þátt í að drepa frv. um verðlækkunarskattinn, en það mundi ekki standa á þeim sömu mönnum að koma með skynsamlegar till. í málum, sem snerta þeirra eigin pyngju ekki síður en annarra, ef þeir væru vissir um, að ekki væri níðst á þeim á eftir.

Í sambandi við þetta leyfi ég mér að benda á, að hv. þm. Ísaf. flutti hjartnæmt erindi um að veita 9 millj. kr. til útvegsins og þótti það ekki nóg, að fjvn. vildi taka 5 millj. úr framkvæmdasjóði ríkisins, en hann gleymir því, að hv. 3. landsk. þm. berst með hnúum og hnefum fyrir því að taka 3½ millj. beint frá útveginum, þar af 2,7 millj. frá 2 útgerðarfél. sem arðrán til eyðslufjár. Hvernig standast þessar till. á? Enginn ábyrgur stjórnmálamaður getur ætlazt til, að hann sé tekinn alvarlega, þegar framkoman er svona.

Hv. þm. Ísaf. minntist líka með andúð á þær uppbætur, sem ættu að fara til bænda, og taldi þær óhamingju í afkomu þjóðarinnar, en hann kom um leið fram með hugmynd um uppbót til launamanna með því að verðjafna á milli skipa, sem smíðuð eru í útlöndum, og skipa, sem eru smíðuð hér. Þetta er ný hugmynd um verðbætur í iðnaðinum, sem ekki er hægt að framkvæma hér, af því að búið er að sprengja svo upp kröfur iðnaðarmanna. Þeir, sem eru á þessari línu, ættu að hafa hægt um sig í milligjafapólitíkinni, því að dýrtíðin verður ekki löguð með því að taka allt af einni stétt. Það þarf miklu meiri samvinnu en svo, að allir flokkar og allar stéttir þurfa að slaka til.

Ég benti á það á Alþ. 1942, þegar rætt var um að afnema gerðardómsl., sem af hv. þm. Ísaf. vöru kölluð þrælalög, að breyt. á þeim eða afnám þeirra mundi hafa í för með mjög miklar breyt. á skattal. þjóðarinnar, því að með þeim l. var stríðsgróðanum dreift á meðal þjóðarinnar með hærri launum. Ríkissjóður tapaði þá tekjum af tekjuskatti og hækkaðri dýrtíð í landinu, en þetta hlaut að koma fram í breyt. á skattal. Reynslan hefur líka sýnt þetta. Nú hafa bílstjórar upp í 90 þús., sem áður höfðu 5 og 6 þús., en sjómenn 60 þús. Þetta hlaut að raska

hlutföllum í öllu atvinnulífi og framkalla nýja skattastefnu. Ég sé ekki eftir stríðsgróðanum til þegna ríkisins, en þeir verða þá líka að taka þátt í að bera byrðar ríkisins.

Ég mun þá snúa mér að síðustu brtt. Ég hef sett hér merki við 7. lið á þskj. 474 og vil beina þeirri fyrirspurn til fjvn., hvort ekki muni tími til að fá betra yfirlit yfir það verk, sem búið er að veita fé til á undanförnum mörgum þ., brimbrjótinn í Bolungavík. Það hefur verið ausið í hann fé, sem vafasamt er, hvort rétt er að halda áfram með án frekari rannsóknar. Það ætti að taka málið upp frá byrjun og gera kröfu til viðkomandi manna um að fá samþ. hafnarl. fyrir staðinn.

Í 9. lið við 14. gr. er hækkun um 10 þús. kr. til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum. Ég bar fram till. við 2. umr. um 10 þús. kr. sérstaklega til Brjánslækjar. Ég veit ekki, hvort hækkunin er sett inn þess vegna, en í trausti þess, að hún sé ætluð til Brjánslækjar, tek ég mína till. til baka.

Í sambandi við 53. lið vil ég benda á, eins og hv. 2. þm. S.-M., að það mun þurfa að gera meira í því máli en talað er um í þessum lið. Það verður ekki bætt úr læknisleysinu á nokkurn hátt nema taka upp þá stefnu, að ríkið kosti að fullu læknisbústaði í afskekktustu héruðum. Það var ekki alveg rétt hjá hv. 2. þm. S.-M., að það þurfi að bæta læknum upp launin, af því að héruðin séu svo fámenn. Landlæknir hefur sagt mér, að mestu erfiðleikarnir stafi af því, að þetta sé ekki læknisstöður, heldur varðstöður. Ungum mönnum hrýs hugur við að forpokast. Þess vegna er óhjákvæmilegt, að héruðin eigi þarna snotra læknisbústaði, byggða af ríkinu, þar sem séu húsgögn, lyfjabúð og verkfæri, og menn geti verið þar stuttan tíma, meðan þeir bíða eftir embætti eða því um líkt.

Á þskj. 517, III er till., sem borin var fram við 2. umr. Hv. frsm. sagði við mig áðan, að hann skildi ekki, af hverju ég hefði ekki viljað draga til baka till. á þessu þskj. Form. fjvn. hefur einnig minnzt á þetta. Ég dró till. til baka til 3. umr., en fjvn. hefur ekki að neinu leyti rætt málið við mig á milli umræðna, svo að ég sé ekki ástæðu til að draga till. mínar til baka nú. Það er réttlætiskrafa, að nú, þegar það er hægt, sé hlúð meira að þeim héruðum, sem alltaf undanfarið hafa verið afskipt, eins og er um Barðastrandarsýslu, enda kemur nú miklu meira frá henni en áður í tekju- og eignarskatti og útflutningsverðmætum. Hún á þá líka að fá meira en meðalframlag.

Símalínan frá Bíldudal að Dufansdal er tekin í símal. 1935, og ég held jafnvel, að hún sé eina símalínan, sem sett var inn 1935, en ekki er farið að starfrækja enn. Síðan 1935 er búið að veita fé til og byggja símalínur á öðrum stöðum. Barðastrandarsýsla er ein sú sýsla, sem verður langverst úti hvað snertir síma. Þess vegna varð ég undrandi á því, að fjvn. skyldi ekki vilja taka þetta inn í sínar till.

Þá ber ég fram VIII. till. á sama þskj. um hækkun á vegafé, í fyrsta lagi, að í stað 15 þús. kr. til Reykhólavegar komi 30 þús. kr. Ég vænti, að n. taki það til athugunar fyrir atkvgr., að nú þegar er hafinn undirbúningur að því að gera Reykhóla að tilraunastöð, en það er ekki einu sinni hægt að koma þangað nauðsynlegum vélum eða efni vegna vegleysu. Það eru ekki gerðar kröfur um upphleyptan veg, heldur bara ruðningsveg, og er óhjákvæmilegt, að 30 þús. kr. verði lagðar í veginn á næsta ári, til þess að hægt verði að komast í samband við Reykhóla til að undirbúa starfrækslu tilraunastöðvarinnar.

Um Gufudalsveginn er öðru máli að gegna. Þar er um að ræða áframhald af því að reyna að koma þeirri sveit í samband við umheiminn, en hún ásamt Múlahreppi er alveg innilokuð.

Ég er viss um, að ef einhver slíkur hv. þm. hefði farið fram á það, þá hefði fjvn. strax gengið inn á það, svo að ég tali ekki um, ef það hefði átt að vera í Borgarfirði eða Árnes- eða Rangárvallasýslu. Ég er þeirrar skoðunar, að eins og framsóknarmenn áttu ekki að hafa tvöfaldan kosningarrétt á við aðra, þá eigi þeir ekki heldur að hafa fjór- til tífaldan rétt til vegagerðar á við aðra landsmenn, en það hefur verið mjög erfitt að fá fjvn. til þess að skilja þessa þó mjög svo auðskildu skoðun.

Um 3. till., sem ég ber fram, um að hækka framlag til Barðastrandarvegar úr 80 þús. kr. upp í 150 þús. kr., þá er það að segja, að þetta er vegur til þess að tengja Patreksfjörð við aðalframleiðslusvæði Vestfjarða, Barðaströndina, og hann á að vera aðalvegur fyrir alla hreppa í vesturhluta sýslunnar. Ef hv. fjvn. hefði kynnt sér þetta mál, þá hefði hún ekki skorið svo niður framlagið til þessa vegar. Till. mín um framlag til þessa vegar er í samræmi við þá till., sem send var frá íbúum þessara sveita til fjmrn. í sumar sem lágmarkskrafa um framlag til þessa vegar. Á meðan ríkið hefur ástæður til þess að veita 250 þús. kr. til vegagerðar í Krýsuvík, þá get ég ekki séð, að það sé með nokkurri sanngirni hægt að fella þessa till., sem er miklu nauðsynlegri. Þess vegna vil ég mælast til þess, að hv. fjvn. taki þetta upp í till. sínar, og ég vona, að Alþ. veiti till. samþykki sitt.

Þá er fjórða till. mín um það, að framlag til Tálknafjarðarvegar verði hækkað úr 20 þús. kr. upp í 30 þús. kr. Sveinseyri þarf að komast í vegasamband við Patreksfjörð, en það verður ekki gert á næsta sumri nema þetta framlag sé hækkað.

Ég hef ekki farið fram á framlag til Bíldudalsvegar, þótt þess væri full þörf, því að ég vildi sýna, að ég léti ekki persónuleg sjónarmið sitja í fyrirrúmi. Sveinseyri þarf að komast í akvegasamband, og ég hef náð samkomulagi við vegamálastjóra og hreppsnefnd Suðureyrarhrepps um það að láta Sveinseyringa ganga fyrir. Hinir vilja leggja það á sig að bíða um stund, til þess að það fé, sem lagt verður fram, geti þó komið einhverjum að gagni.

Þá hef ég lagt til, að veittar verði 10 þús. kr. til endurbóta á Rauðasandsvegi. Þessi vegur er í mjög slæmu ástandi og var illa gerður, m. a. er halli á honum 1:5 í stað 1:10, svo að það er ógerningur að fara um hann með bíl og illfært með hesta, þannig að það er nær ekkert gagn að

honum nema hann verði gerður upp. Vegamálastjóri hefur ekki talið sér fært að taka þetta upp sem viðhaldskostnað, en hann viðurkenndi, að vegurinn væri ónothæfur, og hann undraðist, að hann skyldi hafa verið lagður þannig, en hann fann ekkert annað því til afsökunar en það, að vegafé í Barðastrandarsýslu hefði alltaf verið svo lítið, að það hefði aldrei verið hægt að senda þangað mann, sem hefði vit á vegagerð, vegna þess að hann mundi þá hafa étið upp allt vegafé.

Þá á ég brtt. undir XVI. lið um brúargerðir. Það er framlag til fjögurra brúa, 35 þús. kr. til hverrar. Ég veit, að hv. fjvn. hefur ekki gert till. um þessar brýr vegna þess, að hún hefur ekki sett sig inn í það, hvernig þessu er í raun og veru háttað. En þetta er nú ekki einungis svo, að menn þurfi sjálfir að vaða þessar ár daglega, heldur geta þeir ekki rekið fé sitt til slátrunar nema með því að sundleggja því yfir þessar ár. Ég hefði gaman af að sjá, hvernig Borgfirðingar, Árnesingar og Rangæingar tækju því, ef þeir þyrftu að reka hverja einustu kind á sund, áður en þeir kæmu henni til slátrunar. Ætli það yrðu ekki haldnir nokkrir fundir og gerðar kröfur um endurbætur á því. Hér er ekki um stórkostlega fjárupphæð að ræða, en það er óhjákvæmilegt að sinna þessum málum. Ég vil benda á, að ein þessara brúa er þegar komin í fjárlög, en vegamálastjóri hefur lagt til, að þær yrðu allar smíðaðar í einu, þar sem það mundi spara kostnaðinn við að smíða a. m. k. eina slíka brú.

Þá á ég till. undir 41. lið, við 18. gr., um að frú Sigríði Snæbjörnsson verði greiddar 700 kr. í stað 500 kr. Hún er ekki eingöngu ekkja símstjóra, heldur hefur hún einnig sjálf starfað við símann um 40 ára skeið. Í veikindum manns síns hefur hún sparað ríkissjóði eftirlaunagreiðslur í a. m. k. 15 ár með því að rækja störf manns síns í hans stað, þannig að hann varð ekki að láta af embætti og fara á eftirlaun. Hún hefur því áreiðanlega unnið fyrir þessu fé.

Í sama lið hef ég lagt til, að Sumarliði Guðmundsson póstur fengi 200 kr. hækkun. Hann hefur rækt póstferðir fyrir ríkið yfir erfiðustu fjallvegi af stakri samvizkusemi í fjöldamörg ár og er nú orðinn áttræður. Það er því ekki mikið fé, þótt hækkað verði við hann um 200 kr. þessi ár, sem hann á eftir ólifað.

Að síðustu á ég á sama þskj. eina brtt. við 22. gr., um sölu á síldarverksmiðjunni í Neskaupstað. Mér hefði þótt eðlilegra, að till. hefði verið orðuð á þann hátt, að verksmiðjan skyldi seld, ef viðunandi verð og greiðsluskilmálar fengjust, en að ekki skyldi ákveðið, hver kaupandinn skyldi vera, því að þá er útilokað, að aðrir geti gert hærri boð í verksmiðjuna, ef þau verða ekki tekin til greina, og er þá um leið gefið, að engir möguleikar eru til þess, að verksmiðjan verði boðin upp. Það er að vísu ákveðið í síldarverksmiðjul., að ekki megi selja verksmiðjurnar nema ákveðnum aðilum, en ég skil ekki, að það þurfi að vera þessi sérstaki aðili. Það hljóta að vera til fleiri en sá eini aðili á Austurlandi, sem uppfyllir þessi ákveðnu skilyrði laganna. Ég vil aðeins benda á þetta og spyrja, hvort hún vilji ekki ganga inn á þessa orðabreyt.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Hv. þm. Barð. sagði, að ég hefði ekki haft áhuga á því að skýra hv. Ed. frá því, til hvers ætti að nota verðlækkunarskattinn, og þess vegna hefði hann verið felldur. Mér finnst það óþarfi fyrir hv. þm. að láta skína í það, að hann eða aðrir hv. þm. Ed. hafi ekki vitað, hvers vegna frv. var borið fram og til hvers ætti að nota skattinn, einkum þar sem báðir hv. flm. og þá sérstaklega hv. 1. flm. gerðu mjög ýtarlega grein fyrir málinu, hvers vegna það kæmi fram og til hvers ætti að nota fé. Hins vegar skýrði ég frá því við 1. umr. málsins, að hv. þm. yrðu að gera sér grein fyrir því, að ef gera ætti hvort tveggja, greiða bændum uppbætur og í öðru lagi að halda dýrtíðinni í skefjum, þá yrði að finna nýjar leiðir til tekjuöflunar. Hér var því bæði frá minni hendi og hv. flm. gerð svo skýr grein fyrir málinu, að um misskilning gat ekki verið að ræða. Hins vegar var strax í upphafi sýnt, að meiri hl. d. ætlaði sér ekki að láta frv. ganga fram, og þess vegna hefur ef til vill ekki þótt taka því að halda langar ræður í málinu.

**Jörundur Brynjólfsson:** Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að hafa mörg orð um fjárl. að þessu sinni. Það er aðeins vegna þess að ég flyt hér nokkrar brtt., að ég tek til máls. Reyndar kynni einhverjum að hafa orðið það á að minnast nokkuð á samanburð, sem hér hefur nokkur verið gerður á því, hve miklu væri varið til einstakra héraða. Það var hv. þm. Barð., sem hér fór nokkuð út á þá braut, þótt það væri hvorki sundurliðað né greinilegt, en það var látið skína í það, að viss héruð væru tekin fram yfir önnur, sem þá væru látin sitja á hakanum. Þegar hv. þm. fer út í þennan samanburð, þá tilnefnir hann ætíð Suðurland sem þann landshluta, sem hirði mest af því fé, sem varið sé til verklegra framkvæmda. Það hefur alltaf legið heldur fjarri mér að vera með slíkan samanburð, enda þótt ég þori vel að fara út í það, því að ef þetta væri gert, þá mundi það koma í ljós, að Suðurlandsundirlendið fær sum árin ekki meira, heldur miklu minna en sum önnur héruð landsins. Þótt ég drepi á þetta, þá er það samt ekki vegna þess, að ég öfundist yfir því, sem önnur héruð hafa fengið. Ég hef ætíð hér á Alþ. reynt að mæta helzt þeim óskum landsmanna, sem ég hef talið, að væri mest þörf á að uppfylla, og eftir því sem geta ríkissjóðs hefur verið á hverjum tíma. Ég vil einnig í fullri vinsemd benda hv. þm. Barð. á það í sambandi við það, að hann var að tala um framlag til Suðurlandsbrautarinnar um Krýsuvík, að þessi vegur er ekki eingöngu í þágu þeirra, sem búa í Árnes- og Rangárvallasýslum. Hann er einnig í þágu íbúa Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og þeirra, sem búa hér suður með sjó. Með öðrum orðum, þessi vegur er í þágu nærfellt helmings allrar þjóðarinnar. Þetta verður hv. þm. að taka með í reikninginn. Svo verður hann einnig að taka það með í reikninginn, að þær greiðslur, sem fara

til samgangna á sjó, koma mjög í þágu þeirra héraða, sem hann ber mest fyrir brjósti. Það er rétt, að fram til síðustu ára hefur nær ekkert verið veitt til samgöngubóta á Vestfjörðum, og samgöngur þar hafa því verið mjög ófullkomnar. En ég vil líka benda á það, að í tvö ár eða þrjú hefur engu fé verið varið til Suðurlandsbrautarinnar, sem er þó í þágu helmings þjóðarinnar.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en ég vil aðeins í fullri vinsemd benda hv. þm. Barð. á það, og mér gengur gott eitt til þess, bæði vegna hans og íbúa Barðastrandarsýslu, að hann ætti ekki að vera með svona eftirtölur í fjárveitingum til annarra héraða, því að það er hætt við, að með því æsi hann aðra upp á móti sínum till. Ég mun þó ekki láta íbúa Barðastrandarsýslu gjalda þess, en það er ekki víst, að allir séu eins innrættir. Nú væri freistandi að telja það saman, hvað mikið fé fer til Barðastrandarsýslu, en ég mun þó ekki fara út í það, heldur snúa mér að þeim till., sem fyrir liggja.

Það er þá fyrst till. á þskj. 517, XIII. liður, um framlag til þess að gera brú á Hvítá hjá Iðu í Biskupstungum. Eins og hv. þm. vita, þá skiptir Hvítá læknishéraði í tvennt, þannig að það eru þrír hreppar austan árinnar og aðrir þrír vestan hennar og voru áður fjórir, en Þingvallasveitin leitar nú alltaf læknis til Reykjavíkur, enda er það mikið styttra. Nú er það svo, að Hvítá er ekki brúuð nema á einum stað, en það er nærri uppi við Gullfoss eða uppi undir fjöllum. Sú leið er gersamlega ófær bílum að vetrarlagi og alltaf nema þegar allra þurrast er að sumrinu. Svo er engin önnur brú á þessu vatnsfalli nema niður hjá Selfossi. Þegar svo vitja þarf læknis austan yfir Hvítá, — en læknir héraðsins er fatlaður og á erfitt með að ferðast nema í bíl —, ef hans er vitjað úr Hreppum eða af Skeiðum, þá verður hann að fara 160 km. krók, af því að það er engin brú á Hvítá nær. Það má nærri geta, hvað það kostar að kaupa bíl alla þessa vegalengd, enda má heita, að það sé ókleift og ekki á færi annarra en vel efnaðra manna, og þá því aðeins, að þess þurfi ekki oft á ári. En það er þó ekki það versta, heldur er hitt verra, að oft ber svo við, að leiðin er ófær bílum, og þá er einnig svo ástatt, að ekki er heldur hægt að komast yfir Hvítá, hún er þá ófær og það líka bátum. Þá verður héraðið austan Hvítár alveg læknislaust, ef ekki heppnast að fá lækni frá Eyrarbakka, en hann hefur stórt hérað og er oft mjög önnum kafinn, og þá verða menn austan Hvítár að deyja drottni sínum. Því miður kostar þessi brú mikið fé, eða um 600 þús. kr. Hún hefði ekki kostað meira í fyrra, en það má vera, að hún kosti meira nú. Mig langar til þess að beina því til hv. frsm. fjvn., hvort hv. fjvn. hefur ekki haft eitthvað sérstakt í huga viðvíkjandi þessari brú, og ég vildi vita, hvort n., — ef hún ekki sér sér fært að gera till. um smíði hennar nú —, hvort hún þá teldi ekki, að ekki þyrfti að líða á löngu þar til framlag fengist til þessarar brúargerðar. Ég þykist vita, að fyrst fjvn. hefur ekki tekið till. um þessa brúarsmíði upp í sínar till., þá telji hún sér ekki fært að mæla með henni að svo stöddu, en ég vildi gjarnan fá að vita, hvort hv. fjvn. telur ekki, að hægt verði að veita fé til þessarar brúargerðar nú á næstunni.

Ég flyt hér ásamt nokkrum öðrum þm. brtt. á þskj. 517, XX, um byrjunarframlag til bændaskóla Suðurlands. Eins og kunnugt er, viljum við takast á hendur að koma upp nýjum bændaskóla sunnanlands, því að það lætur nærri, að ekki nema helmingur þeirra, sem um búnaðarmenntun sækja, komist á þá búnaðarskóla, sem fyrir eru. Ég vona því, að Alþ. sjái sér fært að fara að sinna þessum málum, því að ég álít, að menntun bændastéttar landsins sé það þýðingarmikið atriði, að Alþ. eigi ekki að láta undir höfuð leggjast að sinna því sem skyldi. Bændastéttin er það þýðingarmikil fyrir þjóðfélagið og störf hennar svo mikilvæg og vandasöm, að það er ekki viturlegt af hálfu hins opinbera að greiða ekki fyrir því, að þessi stétt geti orðið vel menntuð, svo að hún verði sínum miklu vandastörfum vel vaxin, og það því fremur, þar sem margt virðist benda til þess, að bændastéttin verði fáliðuð við störf sín í framtíðinni. Mun ég svo ekki fjölyrða um þetta atriði frekar, því að ég veit, að meðflm. mínir munu gera það nánar.

Þá er ég meðflm. að brtt. á sama þskj., sem fjallar um áhaldakaup og úrkomumælingar á hálendi Íslands og vatnsmælingar í fallvötnum. Ég veit einnig, að aðalflm. mun gera grein fyrir þessu og sýna fram á nauðsyn þessa máls, svo að ég ætla ekki að fara fleiri orðum um það.

Einnig er ég meðflm. að brtt. á sama þskj., sem fjallar um lítilfjörlegan styrk til handa Jóni Gestssyni, spunavélasmið í Villingaholti, í viðurkenningarskyni í eitt skipti fyrir öll. Mér þykir vel til fallið, að Alþ. sýni honum viðurkenningu, því að hann hefur mikið dagsverk að baki sér, og er starf hans þýðingarmikið í þágu þjóðarinnar.

Loks er á sama þskj. brtt. XLVIII, sem ég flyt ásamt tveim öðrum þm. Kveður hún á um, að greiða eigi eigendum gistihússins á Stokkseyri í eitt skipti fyrir öll 24 þús. kr. stofnkostnaðarstyrk. Eins og ég hef vikið að áður, hefur nú um nokkurt skeið verið haldið uppi fólksflutningum milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja, og tóku því nokkrir menn sig til á Stokkseyri og reistu þar myndarlegt gistihús, en kostnaður við þetta varð meiri en þeir gerðu ráð fyrir. Þarna er alveg nauðsynlegt, að sé gott gistihús, því að þarna ber menn að garði allan sólarhringinn, og koma þeir oft kaldir og hraktir, og er því þýðingarmikið, að þar séu góð húsakynni. Það er mikil óvissa um þessi ferðalög, bæði hvenær menn koma og hvenær menn komast þaðan, t. d. ef vont veður skellur á, svo að þetta veldur því, að rekstur gistihússins er nokkuð óviss og verður miklu kostnaðarsamari, og má benda á það, að lítið er upp að hafa á veturna. Einnig vildi ég geta þess, að tekjur þeirra manna, sem réðust í þetta, verða mun minni en þær þyrftu að vera, vegna þess að byggt var á svo dýrum tímum. Ég vænti því þess, að Alþ. sjái sér fært að veita þeim þennan lítilfjörlega styrk, því að það var

af mikilli nauðsyn gert, að þessum ferðalögum var komið á, og því þurfti að koma þarna upp gistihúsi. Menn þeir, sem í þetta réðust, gerðu það af miklum myndarskap, og mér finnst því, að það færi mjög vel á því, að Alþ. virði þessa viðleitni þeirra og aðorku og komi til móts við þá með því að veita þeim þennan styrk, svo að þeir geti haldið áfram starfi sínu.

Á þskj. 546, X hef ég gerzt meðflm. ásamt hv. 2. þm. Árn. og hv. þm. Vestm., sem er þar aðalflm. Fjallar þetta um heimild til að greiða fyrir fólksflutningaferðum milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja, þar sem stj. hefur heimild til þess að hjálpa til að útvega fararkost, ef á því stæði að fá góðan bát. Ég veit, að aðalflm. till. mun gera frekari grein fyrir þessu, svo að ég ætla ekki að fjölyrða um þetta. Eins og ég gat um áður, er óhjákvæmilegt að hafa þarna góðan bát í förum, en tekjur af slíkum ferðum eru ekki svo miklar, að hægt sé að búast við því, að menn geti staðið straum af kostnaðinum án þess að fá nokkur hlunnindi, og er því nauðsynlegt að hlaupa undir bagga með þeim mönnum, sem taka þetta að sér. Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta frekar, en vona, að Alþ. taki þessari till. vel og meti þá nauðsyn, sem er til þess, að hún er fram borin.

**Jóhann Jósefsson:** Herra forseti. Ég vil taka það fram, að ég er hv. 1. þm. Árn. mjög þakklátur fyrir það, sem hann hefur lagt til málanna hér við þessar umr., eins og reyndar oft fyrr. Hann mæltist til, að þeim, sem hlut eiga að máli, verði veittur stuðningur og fólksflutningar milli Vestmannaeyja og meginlandsins verði gerðir eins viðunandi og hægt er. En þessir fólksflutningar hafa lagzt í þann farveg á síðustu tímum, að Stokkseyri er nú endastöð sjóleiðarinnar milli Vestmannaeyja og lands. Þessi hv. þm. minntist á tvær till., sem þeir þm. Árn. og ég sem þm. Vestm. stöndum að, og má segja, að báðar bær till. séu fluttar í þágu allra landsmanna, þó að okkur beri mest skylda til að benda á nauðsyn þeirra. Það er sannast að segja, að gistimöguleikar á Stokkseyri voru komnir í hið mesta óefni fyrir fólk víðs vegar að, sem átti leið til Vestmannaeyja og varð að bíða á Stokkseyri, og eins fyrir það fólk, sem kom frá Eyjum og ætlaði lengra. Menn geta ímyndað sér, hversu gistimöguleikar hafa verið erfiðir á Stokkseyri, þegar stórkostlegir fólksflutningar leggjast allt í einu á þetta sjávarþorp, sem ekki var við slíku búið, því að á Stokkseyri var engin opin greiðasala. Hins vegar var þar margt gott fólk fyrir, eins og alltaf hefur orðið raun á, þegar ferðamenn hafa átt þar leið um, bæði frá Eyjum og annars staðar að, en þessi ferðamannastraumur varð samt ofurefli fyrir þorpsbúa, svo að um tíma áttu ferðalangar sér einskis annars úrkosta en að sitja og bíða milli bátsferða. Þá réðust nokkrir dugnaðarmenn í það að greiða fram úr þessum vanda, eins og hv. 1. þm. Árn. lýsti svo prýðilega, að ég þarf þar ekki miklu við að bæta. Þeir leystu þetta svo vel af hendi, að sá, sem kemur nú til Stokkseyrar, á þess kost að komast strax í notalegt og hlýtt gistihús, sem hefur herbergi til reiðu með góðu rúmi, ef þarf, og hefur á boðstólum allan venjulegan hversdagsmat, sem menn þurfa á að halda. Þessi breyting frá því, sem áður var, er svo stórkostleg, að maður þarf að hafa reynt hvort tveggja til þess að verða hennar var. Stórhugur þessara manna hefur verið svo með afbrigðum, að ég býst við, að þeir hafi kannske reist sér hurðarás um öxl, með því að kostnaður hefur orðið of mikill eins og hv. 1. þm. Árn. hefur lýst, og um vetrartímann, þegar ferðir falla niður með öllu, er afkoman auðvitað mjög rýr, þegar svo stórt gistihús á í hlut. Ég vona því, eins og þm. sá, er um þetta talaði, að till. okkar um að veita þessum mönnum lítils háttar byggingarstyrk í eitt skipti fyrir öll fái þyr hér á Alþ.

Hv. 1. þm. Árn. minntist einnig á brtt. þá, er við flytjum við 22. gr., þar sem um er að ræða heimild til þess, að stj. hafi einhver afskipti af því, að viðunandi skip fáist til að annast þessar fólksflutningaferðir. Hér er um brýna nauðsyn að ræða, og þar sem fordæmi eru fyrir því, að Alþ. hefur heimilað stj. að styðja þess háttar fyrirtæki, vona ég, að þessi heimild fáist veitt. Svo er mál með vexti, að það er ákaflega vandfundinn fararkostur í þessar ferðir, sem fullnægjandi er, því að hann verður að sigla 36 sjómílur í hvaða veðri sem er fullur af fólki, en má ekki vera dýpri en það, að hann fljóti alltaf inn á Stokkseyri á flóði, jafnvel þó að smástreymt sé. Eins og þm. öllum mun vera kunnugt um, er innsiglingin inn á Stokkseyri mjög vandfarin. Að undanförnu hefur verið notaður fiskibátur í þessar ferðir, sem að vísu er góður, en þó nokkuð lítill, en nú hefur honum verið ráðstafað annað, og er því nokkuð óvíst um, hvað við tekur. Nú er þó verið að leita fyrir sér um bát, og fer það fram í samráði við Skipaútgerð ríkisins, og eins hefur þessum ferðum alltaf nokkuð verið haldið uppi í samráði við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. Fáist þessi bátur, er nauðsynlegt að innrétta hann dálítið öðruvísi en bát, sem fer daglega í róður, til þess að hann fullnægi þeim skilyrðum, sem hér er þörf á. En þar sem kostnaður er mjög mikill á þessum tímum við að breyta skipum, þá er sennilegt, að þetta reynist erfitt í framkvæmdini, nema einhver styrkur verði til þess veittur samkvæmt mati forstjóra Skipaútgerðar ríkisins og þess ráðh., sem með þessi mál fer. Málið liggur því þannig við, að ef þess verður ekki kostur að fá slíkan bát keyptan eða leigðan, en hér í þessari till. er mest miðað við það, að fenginn verði bátur til kaups, þá getur vel farið svo, að þessar ferðir falli niður, því að þeim verður ekki haldið uppi nema á góðum og traustum bát. Þarf þessi bátur hvort tveggja í senn að vera nægilega stór til þess að flytja 60 manns og má ekki vera dýpri en svo, að Stokkseyrarinnsiglingin nægi honum í venjulegu hásævi. Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt, getur það leitt til hinna mestu vandræða, og það eru fullkomin vandræði, eins og stundum hefur komið fyrir, að skip hlaðið fólki, sem er búið að fara alla leið frá Vestmannaeyjum, verði að leggja frá Stokkseyri, eft-

ir að það er búið að bíða þar, einmitt vegna þess, hvernig innsiglingunni þar er háttað. Þetta er mikið volk, sérstaklega fyrir þá, sem sjóveikir eru, svo að ég nú ekki tali um kvenfólk og börn. Það er því von okkar flm., að Alþ. vilji stuðla að því að fá þessar ferðir í gott lag og að þær verði framkvæmdar á þann hátt, sem öruggast er undir þeim kringumstæðum, sem fyrir hendi eru. Auðvitað er aldrei hægt að sigla fyrir öll sker, en það eru viss skilyrði, sem verður að krefjast. Samvinna milli Stokkseyringa og Vestmannaeyinga í þessum efnum hefur verið með ágætum, og vil ég því við þetta tækifæri láta þess getið, að frá sjónarmiði okkar Vestmannaeyinga hefur framkoma Stokkseyringa í einu og öllu gagnvart þessum flutningum og því fólki, sem þarna fer um, verið hin prýðilegasta frá byrjun.

Ég vil svo víkja fáum orðum að öðrum till. hér, sem ég er meðflm. að og hv. 1. þm. Árn. hefur vikið að, en við eigum svo oft samleið um ýmis áhugamál. Hvað snertir till. um byrjunarframlag til bændaskóla sunnanlands, þá verð ég að viðurkenna, að ég kann svo illa um þau mál að kveða, en vil þó stuðla að því og leggja mitt liðsinni til þess, að sá skóli komist á. Því að mín skoðun er sú, að menntun bænda, eins og annarra stétta þjóðfélagsins, sé lífsskilyrði fyrir þjóð vora.

Á þskj. 517, XXX flyt ég till. ásamt nokkrum öðrum þm. viðvíkjandi Páli Ísólfssyni tónskáldi. Eins og kunnugt er, er honum ætluð dálítil fjárupphæð í fjárl., að ég held 2 þús. kr. grunnlaun, fyrir það að annast ýmis störf, þar á meðal að kenna prestum að tóna o. fl. Það eru margir, sem líta svo á, að slíkir hæfileikamenn eins og Páll Ísólfsson hefur sýnt að hann er, séu þjóðinni mjög mikils virði og meira virði en svo, að kröftum þeirra megi slíta út á hverju sem er, og sérstaklega á því, sem menn með minni hæfileika geta annazt. Páll Ísólfsson er ákaflega vel þekktur um land allt og vel kynntur, ekki sízt fyrir hin fögru tónverk sín og afskipti í söngmenntun þjóðarinnar gegnum útvarpið. Ég er þó sízt til þess hæfur að lýsa því með réttum orðum, hvaða þýðingu slíkur maður hefur raunverulega fyrir þessa þjóð, en hitt vildi ég mega láta uppi sem mitt álit, að ég tel hann mikils góðs maklegan og að það eigi því að sjá honum fyrir góðum launum án þess að binda hann við sérstök skyldustörf, sem hægt er að fela öðrum mönnum með minni hæfileika, eins og ég sagði áður. Ég veit að vísu, að það er nauðsynlegt að þroska tónhæfileika presta, en nú höfum við fengið sérstakan söngmálastjóra fyrir kirkjuna, og ég treysti honum vel til þess að sjá þeirri menntun borgið, þó að Páli Ísólfssyni sé hlíft við að þurfa að snúast í því og ýmsu öðru. Þarf ég svo ekki að fjölyrða frekar um þessa till. eða hina, sem er í sambandi við hana, en vil vekja athygli hv. þm. á því, að fyrri till. er um heldur lág grunnlaun til Páls Ísólfssonar með aukauppbót og verðlagsuppbót, en verði hún felld, þá er till. hér frá sömu mönnum um að láta þann lið, sem nú er í fjárl. til viðkomandi manns, algerlega falla niður, af því að hann óskar ekki eftir því að njóta góðs af þeim lið með þeim skilyrðum, sem honum fylgja.

Ég held, að ekki sé rétt af mér að reyna meira á þolinmæði hv. þm., þar sem nú er áliðið dags, og mun því láta máli mínu lokið að sinni.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 8. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 409, n. 433, 434, 474, 517, 546, 599, 604, 605).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 599 og 605. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

**Sigurður Bjarnason:** Herra forseti. Ég á hér aðeins fáar brtt. og skal því ekki verða langorður.

Sú till., er ég mæli fyrst fyrir, er á þskj. 599, og er ég flm. að henni ásamt öðrum þm. Vestfirðinga og hv. 7. þm. Reykv. Till. gengur út á það, að sú breyt. verði gerði á 13. gr., þar sem ræðir um fjárframlag til Þorskafjarðarheiðarvegar, að framlagið til vegarins skuli einnig ná til bryggjugerðar á Langadalsströnd, að lokinni fullnaðarrannsókn á bryggjustæði.

Nú ber til þess brýna nauðsyn, að lendingarbætur verði gerðar þarna við endastöð vegarins. Nú þegar eru orðnar töluverðar samgöngur um Þorskafjarðarheiði að Djúpi, og er farið með flóabátnum til Ísafjarðar eða annarra staða við Djúp. Það er m/s Fagranes, sem annast þessar ferðir, sem er 70 tonna bátur. Það er því alveg nauðsynlegt að gera lendingarbætur á endastöð bátsins. Þegar vegurinn yfir heiðina verður svo fullgerður, þá verður enn meiri þörf þessara lendingarbóta, og segja má þá með sanni, að bryggja verði þarna ekki síður í þágu umferðarinnar en hreppsins, því að yfir þessa heiði ferðast fólk milli fjarlægra landshluta, enda hefðu 20—30 búendur í hreppnum ekki bolmagn til að standa undir slíkri bryggjugerð.

Það er álit mitt, að ríkið eigi yfirleitt að kosta lendingarbætur við enda þjóðvega, ef þeirra þarf með. Um þessa bryggjugerð, sem hér um ræðir, hef ég átt tal við vegamálastjóra, og hv. fjvn. hefur átt þess kost að tala við hann. Hann lét í ljós við mig, að sér fyndist ekki óhyggileg regla, að ríkið kostaði slíkar lendingarbætur eingöngu, þar sem allt öðru máli væri að gegna í fámennum byggðarlögum en kaupstöðum, sem hefðu sérstök hafnarlög. Mér er því óhætt að segja, að hann er því fylgjandi, að ríkið byggi bryggju á Langadalsströnd sem hluta af þjóðveginum, svo að vegurinn komi að fullu gagni. Þess vegna flytjum við þessa till.

Það er að vísu svo, að enn hefur ekki verið framkvæmd endanleg rannsókn á því, hvar þessi bryggja skuli vera. Vitamálastjóri hefur látið fara fram nokkra rannsókn á bryggjustæði á Arngerðareyri. En frekari rannsókn þarf þó að fara fram.

Ég tek það aftur fram, að till. þessi er flutt með samþykki og fullri vitund vegamálastjóra og vitamálastjóra, og ég vænti þess, að hið háa Alþ. sjái þá brýnu nauðsyn, er hér ber til. Því fremur vænti ég samþykkis á þessari till., sem

hún fer ekki fram á aukna fjárveitingu. Fjárveitingin til Þorskafjarðarvegar er eftir sem áður 310 þús., einungis er bryggjugerðinni bætt við í þá fjárveitingu að lokinni fullnaðarrannsókn á bryggjustæði. Ég vænti þess því fastlega, að þessari brtt. verð vel tekið.

Þá vildi ég mæla örfá orð með brtt., sem ég á á þskj. 517. Það er fyrst styrkur til starfrækslu talstöðva á afskekktum stöðum. Ég hef flutt þetta mál áður, og náði það þá samþykki, en hæstv. fjmrh. hafði ekki tekið þennan lið upp í fjárlfrv. sitt, og einnig hafði hann fallið niður af vangá hjá hv. fjvn. Ég hef því leyft mér að flytja þessa brtt. ásamt hv. 8. landsk. og hv. 11. landsk., og þar sem ég hef fyrir satt, að samkomulag sé um þetta í fjvn., þá væntum við góðra undirtekta í þessu máli. Það eru nú starfræktar 13 slíkar talstöðvar, víða með verulegri fyrirhöfn og kostnaði, en litlu endurgjaldi. Þetta er því aðeins lítilfjörlegur styrkur til staða, sem enn hafa ekki komizt í símasamband.

Þá flyt ég brtt. um styrk til Bolvíkinga til að hafa lærða hjúkrunarkonu. Ég hafði tekið þessa brtt. mína aftur, en er fjvn. sá sér ekki fært að taka hana upp, þá leyfi ég mér að flytja hana aftur. Ég sé ekkert hættulegt við að taka þetta upp í fjárlög. Ég benti á það við 2. umr., hve oft er nauðsynlegt að hafa hjúkrunarkonu í sjávarþorpum, þar sem annríki er oft svo mikið, að erfitt er um að annast sjúkt og gamalt fólk. Allir, sem unnið geta, eru þá annaðhvort á sjó eða við vinnu í landi svo tímunum skiptir. Ég tel því ekki farið inn á hættulega braut með því að samþ. þessa litlu brtt.

Þá hef ég talað fyrir mínum brtt., og þykist ég hafa farið hófsamlega í sakirnar. En því fremur vænti ég líka árangurs af þeim fjárbeiðnum, sem koma frá mínu héraði.

En ég vildi aðeins minnast lítillega á það atriði úr ræðu hv. þm. Barð. í gær, er hann minntist á hina smávægilegu fjárveitingu til brimbrjótsins í Bolungavík. Í því sambandi talaði hann um, að verið væri að ausa út fé, að athuga þyrfti þetta mál allt frá rótum á ný o. s. frv. Ég verð að segja, að þessi ummæli hljóta að vera sprottin af misskilningi, af því að ég væni hv. þm. ekki um, að þau séu sprottin af verri hvötum.

Þannig er mál með vexti, að nú er farið fram á fjárveitingu til brimbrjótsins, af því að skemmdir hafa orðið á honum, brimið hefur rofið skarð í hann, og slitlagið ofan á honum hefur skemmzt á kafla. Til þess að gera við þetta og framkvæma nauðsynlega dýpkun innan við brimbrjótinn, þá var farið fram á þessa fjárveitingu, sem fjvn. hefur tekið upp. Það er því fjarri því, að þarna sé verið að ausa út fé án markmiðs. Þetta mannvirki er grundvöllurinn undir sjósókn þessa þorps, og á sjósókninni byggist öll atvinna þorpsbúa. Það er ekki nein tilviljun, að þetta er elzta hafnarmannvirki landsins, því að frá Bolungavík hefur löngum verið róið á ein beztu fiskimið landsins.

Ég flutti hér þáltill. í sumar, er var samþ., um að láta fara fram fullnaðarrannsókn til hafnargerðar þarna. Þessa rannsókn er nú verið að framkvæma, og að henni lokinni er ætlunin að leggja fram frv. til hafnarlaga fyrir þennan stað. Eru Bolvíkingar nú að hefjast handa um víðtækar ráðstafanir og undirbúning þar að lútandi.

Oft hefur verið til þess vitnað, hve mikið fé hafi verið varið til þessa mannvirkis. En sannleikurinn er sá, að staðurinn hefur lagt fram helminginn af öllu því fé, sem til þessa verks hefur gengið, en það er nú orðið aðeins rúmlega ½ milljón. Ríkið hefur því lagt til ¼ milljón, og er það þá sú upphæð, sem fjargviðrazt er út af. En ég verð að telja það mjög ómaklegt, þegar svigurmælum er beint til smástaða, sem hafa staðið eins vel í stykkinu og Bolungavík hefur gert í þessu efni. Og þegar hv. frsm. fjvn. gerir þá aths., að enn sé veitt fé til brimbrjótsins í Bolungavík, þá tel ég engan réttlætisgrundvöll fyrir slíkum athugasemdum.

Ég vildi aðeins rekja það, sem ég hef nú sagt, svo að þeir hv. þm., sem kynnu að hafa rangar eða litlar hugmyndir um þetta mál, mættu vita það sanna, er fram kemur frv. til hafnarlaga fyrir Bolungavík.

Ég lýk svo máli mínu með því að láta í ljós þá von, að mínum fáu og hófsamlegu brtt. verði vel tekið.

**Páll Þorsteinsson:** Herra forseti. Ég skal ekki þreyta hæstv. forseta eða aðra hv. þm. með langri ræðu, en vil þó ekki láta undir höfuð leggjast að skýra með örfáum orðum þær brtt., sem ég flyt.

Ég flyt fyrst á þskj. 517 brtt. við 15. gr. fjárl., sem er XXIX. brtt. á því þskj., um 1200 kr. styrk til sjómannalesstofu í Höfn í Hornafirði. Eins og kunnugt er, er Höfn í Hornafirði allmikil útgerðarstöð, og stunda þar fiskirí ekki aðeins Austur-Skaftfellingar, heldur einnig utanhéraðsbúar. En eins og gefur að skilja, er í litlu þorpi eins og Höfn í Hornafirði fátt til skemmtunar, þegar tíð fellur svo, að sjór verður ekki sóttur. Hins vegar er mjög vel til fallið og áríðandi, að sjómenn, sem þar dvelja langtímum saman, geti átt aðgang að bókasafni til þess að veita sér dægradvöl og þekkingu á þann hátt. Þessi till. er í samræmi við það, sem tíðkazt hefur að taka í fjárl. fyrir ýmsa aðra staði.

Þá er á sama þskj. till. frá mér, XXXIV. lið-ur, um að verja til fyrirhleðslu Virkisár í Öræfum, gegn ⅓ annars staðar að, 4000 kr. Þessu máli er þann veg farið, að í undanfarin tvö ár hefur verið veitt lítils háttar upphæð til þessa mannvirkis, sem er framkvæmt til varnar Svínafellsengjum, sem voru í bráðri hættu, þannig að það stefndi að því, að jörðin legðist í eyði, sem er gott býli og fornfrægt, eins og kunnugt er. Nú varð því ekki við komið vegna annríkis að vinna fyrir framlag það í fjárl., sem til þessa mannvirkis var veitt síðast, fyrr en í haust, og þess vegna gat ég ekki lagt fram fyrir hv. fjvn. skilríki um það, hvernig verkið stæði. En rétt eftir að hv. fjvn. hafði gengið frá till. sínum og raunverulega lokið störfum, barst mér skilagrein um það, hvernig þetta verk stendur, og einnig tilmæli um það að reyna að fá lítils háttar fjárveitingu í viðbót, sem þá væntanlega

yrði lokafjárveiting, svo hægt yrði að ljúka verkinu á næsta ári, ef brtt. um þetta yrði samþ. við fjárl. Vænti ég þess því, að hv. þm. líti með velvilja á þetta mál.

Þá hef ég í þriðja lagi flutt brtt. um eina brú til viðbótar því, sem komið er inn í fjárlagafrv. við 2. umr. Sú till. er á þskj. 605, og fer ég þar fram á, að veittar verði 40 þús. kr. til brúar á Holtakíl á Mýrum. Þessi brú er á þjóðvegi, sem er aðalflutningaleið Mýrahrepps, og hafa mér borizt tilmæli þaðan heiman að um að beita mér sérstaklega fyrir því, að brú geti komizt á þetta vatn á næsta ári.

Ég flyt svo ásamt öðrum hv. þm. brtt., sem ég sé ekki ástæðu til að mæla sérstaklega fyrir, þar sem það verður gert af 1. flm. brtt. á sínum tíma, og læt ég því máli mínu lokið.

**Steingrímur Aðalsteinsson:** Herra forseti. Við 2. umr. fjárl. flutti ég hér tvær brtt. um ofurlítið hækkað framlag til tveggja vegakafla, og voru þær brtt. undir IV. lið á þskj. 331. Og ég vil nú leyfa mér að taka nú þessar till. upp við 3. umr. og vænti þess, að hæstv. forseti taki það til greina, þegar til atkvgr. kemur.

Ég hef til viðbótar leyft mér að flytja hér aðeins tvær brtt. við þessa 3. umr. fjárl., og eru þær á þskj. 517. Í fyrsta lagi um, að framlag ríkisins til viðbyggingar sjúkrahússins á Akureyri verði hækkað úr 200 þús. kr., sem samþ. var við 2. umr., upp í 300 þús. kr. Ég þarf ekki að eyða neinum tíma til þess að ræða um nauðsyn þeirrar byggingar, sem þarna er um að ræða. Það var gert við 2. umr. fjárl. Og ég býst við, að hv. þm. sé svo kunnugt um þá nauðsyn, sem þar er fyrir hendi, að ekki sé sérstök þörf á að fjölyrða um það. En við 2. umr. fjárl. voru greidd atkv. hér um 500 þús. kr. framlag til þessarar byggingar. Sú till. var felld með tiltölulega litlum atkvæðamun. Og mér sýndist því ástæða til við 3. umr. að fara nokkra millileið milli þess, sem þá var samþ., og þess, sem ég hafði óskað, að lagt væri fram í þessu skyni, og ber ég því nú fram brtt. um 300 þús. kr. framlag til þessa. Ég vænti þess, að þeir hv. þm., sem greiddu atkv. með hærra framlaginu við 2. umr., muni nú greiða atkv. með þessari till., og ég vona, að nógu margir hv. þm. í viðbót fáist til þess að vera með þessari málamiðlun, þannig að þessi brtt. mín fáist samþ.

Þá hef ég enn fremur leyft mér að flytja á sama þskj., nr. 517, till. um það, að tekinn verði upp á heimildargrein fjárl., 22. gr., nýr liður um það „að greiða Eberharð Jónssyni, Laxagötu 3, Akureyri, dýrtíðaruppbót eftir vísitölu í maí 1943 á vangreidd vinnulaun hans úr ríkissjóði, kr. 886,20, samkvæmt dómi hæstaréttar, uppkveðnum 12. maí 1943.“ Eins og tekið er fram í till. hefur hann fengið kröfu um þetta viðurkennda með hæstaréttardómi. Þetta mál er þannig til komið, að Eberharð Jónsson var starfsmaður ríkisins sem bifreiðaeftirlitsmaður á Akureyri um nokkurt skeið, en lét af því starfi fyrir nokkrum árum. Það varð nokkurt ágreiningsmál milli hans og bæjarfógetans á Akureyri sem umboðsmanns ríkisvaldsins um lokalaunagreiðslu til hans fyrir þetta starf. Lenti svo í málaferlum út af því. Um áramótin 1936 og 1937 lét hann af þessu starfi sínu. En það var fyrst haustið 1940, þegar hann var orðinn vonlaus um að fá þetta greitt á annan veg, að hann fór í mál til þess að fá þessa kröfu viðurkennda. Þetta mál var rekið fyrir undirrétti 1940, en var þá vísað frá vegna þess, að talið var, að málið væri ekki rétt höfðað. Þeirri niðurstöðu bæjarþingsins var svo skotið til hæstaréttar. Hæstiréttur ómerkti svo þessa frávísun haustið 1941. Síðan er málið ítrekað flutt fyrir undirrétti á Akureyri á árinu 1942, og er þá krafa þessa manns um launagreiðsluna tekin að nokkru leyti til greina, en ekki að öllu leyti, þannig að hann áfrýjaði henni til hæstaréttar. Og með dómi hæstaréttar 12. maí s. l. er að fullu viðurkennd þessi krafa Eberharðs. Með því er því slegið föstu, að um öll þessi ár, sem eru liðin síðan þessi maður lét af störfum þessum, eða um 6 ára bil, þá hefur verið haldið ranglega fyrir þessum manni fé, sem hann átti að fá greitt úr ríkissjóði. Nú nær hæstaréttardómurinn aðeins til þess að viðurkenna aðeins þessa grunnkröfu mannsins um það, að hann fái þessar 886 kr. og 20 aura, sem hann átti vangreitt af vinnulaunum sínum hjá ríkinu. Og vegna alls þessa málarekstrar, sem hann hefur átt í út af þessu, er svo komið, þegar hann á kost á því að fá þessi vinnulaun greidd, að þá eru þau orðin mjög miklum mun verðminni heldur en þau hefðu verið á þeim tíma, sem hann átti að réttu lagi að fá þau. Hann fór þess vegna fram á það við fjármálaráðuneytið, að honum yrði greidd dýrtíðaruppbót á þessa dómkröfu sína. Ráðuneytið mun hafa svarað því, að það gæti ekki orðið við þessari beiðni hans vegna þess, að það skorti heimild til þess í fjárl. Þess vegna sneri Eberharð sér til fjvn., skrifaði henni bréf um málið og óskaði eftir því, að hún tæki í till. sínar við heimildagr. fjárl. till. um heimild til þess að greiða dýrtíðaruppbót á þessa dómkröfu hans. Meiri hl. hv. fjvn. hefur ekki séð sér fært að verða við þessari beiðni Eberharðs, og hefur þess vegna ekki gert till. um neina heimild til þessarar greiðslu á dýrtíðaruppbót. Þó virðist mér hér vera fyllsta réttlætismál á ferð, þannig að ástæða hefði verið fyrir fjvn. að leggja til, að þessi maður, þegar hann loksins fær viðurkennt, að hann hafi átt kröfu á þessu kaupi, þegar hann lét af störfum, fái greiðsluna nokkurn veginn í réttu hlutfalli við það, sem átti að vera, þegar hann lét af störfum og átti að fá laun sín greidd að fullu. Ég hef því leyft mér að leggja til, að tekin verði upp á 22. gr., heimildagr. fjárl., heimild til þess, að þessi dómkrafa verði greidd með dýrtíðaruppbót samkvæmt vísitölu í maí 1943, þegar dómurinn var kveðinn upp til staðfestingar á því, að krafan væri réttmæt. Mér finnst, sannast að segja, að þessi viðkomandi maður hafi orðið nægilega hart fyrir barðinu á ríkisvaldinu hvað þetta snertir, með því að þurfa að bíða allan þennan tíma eftir að fá greidda vinnulaunaupphæð sína, og að það sé, vægast sagt, mjög óviðeigandi, að ekki sé gert það, sem sanngjarnt megi teljast, til þess að bæta honum skaða

þann, sem hann hefur orðið fyrir af þessum sökum. Og mér finnst sanngjarnasta leiðin til þess vera sú, sem hann hefur farið fram á, og þessa till. mína hef ég þess vegna miðað við það. Sú upphæð, sem hér er um að ræða, er svo lítil, að hún munar ríkissjóð svo sem engu til eða frá. Hins vegar munar þennan fátæka mann nokkuð um þessa upphæð. Vona ég þess vegna, að hv. þm. fallist á að samþ. þessa litlu brtt.

**Eiríkur Einarsson:** Herra forseti. Það eru hér fáeinar brtt. við fjárl., sem ég er riðinn við, og eru þær flestar fluttar af mér ásamt öðrum hv. þm., þó að undanskilinni einni. Ég geri nú ráð fyrir um þær brtt., þar sem aðrir eru meðflm., þá hafi sumra þeirra brtt. a. m. k. verið minnzt af öðrum, sem hér hafa tekið til máls, og þar á meðal af hv. 1. þm. Árn. (JörB), og get ég verið fáorður um þær brtt.

Þá er fyrst að geta XIII. brtt. á þskj. 517, sem við þm. Árnessýslukjördæmis höfum flutt hér og lýtur að beiðni um 600 þús. kr. framlag til brúargerðar á Hvítá hjá Iðu í Biskupstungum. Þetta er gömul þörf og gamalt málefni, sem um er hér að ræða, en því miður er því skammt á veg komið, og svarar ekki framgangurinn á þessu til þeirrar nauðsynjar, sem þarna er fyrir hendi. Það þykir nú e. t. v. stórt spor, sem maður vill láta stíga, að fara hér fram á við 3. umr. fjárl. að fá 600 þús. kr. framlag til slíks. Og því er ekki að neita, að það er há upphæð. Og það, að upphæðin er þetta há, sem nefnd er til framkvæmda á þessu stórvirki, það kemur af því, að verkið er það mikilvægt og mikils varðandi, og nauðsynin er ekki hlutfallslega minni en fjárhæðin. Það eru nú háar fjárhæðir veittar í fjárl. til vegagerða og brúargerða einnig. En það er nú eins og hæstv. Alþ. falli í þann farveginn að sinna hinu marga smáa, gera sem flestum einhverja úrlausn samkvæmt meiri og minni þörf. En það verður þá hins vegar að taka tillit til þess, að þarna er höfuðþörf, sem kostar stórt átak, en hefur orðið út undan.

Það hefur áður verið rætt hér á hæstv. Alþ. um brúna á Hvítá hjá Iðu í Biskupstungum, og þingheimur veit, hver nauðsyn er á þessari brú. Hún er miðuð við almennar samgöngur og flutninga. Og þá er hún höfuðnauðsyn, því að hún mundi verða tengiliður milli fjölda búenda í meginhéraði. Ferja er erfið yfir ána, og stundum verður hún ekki hagnýtt, og tekur þá fyrir allar milliferðir þar. Þetta út af fyrir sig er nóg til þess að réttlæta það, að þessi brú á að koma og þarf að koma, og það liggur á henni. En þó er annað, sem er verra vegna vöntunar á brú þarna yfir ána, og það er, hversu erfitt er oft þess vegna að vitja læknis. Gerir það nauðsynina á brúargerð þarna því enn meir aðkallandi. Það eru þrír hreppar, Hrunamannahreppur, Gnúpverjahreppur og Skeiðahreppur, sem eiga læknishérað þarna saman og þurfa að vitja læknis að Laugarási, sem er á Vesturbakka Hvítár. Og ekki sjaldan hefur það komið fyrir, að ekki hefur verið hægt að vitja læknis vegna þeirrar torfæru, sem Hvítá er. Þetta gerir málið að alveg sérstöku alvörumáli. Og hvað sem því líður, að hv. fjvn. — sem ég veit, að hefur góðan hug til hvers eins af nytsömum málum, — hefur ekki treyststst til að mæla með þessu framlagi, þá veit ég þó, að bæði hv. fjvn-menn og aðrir hv. þm. gera greinarmun á því, sem er lífsnauðsyn, og því, sem er ekki lífsnauðsyn. Ég vona því, að hæstv. Alþ. sjái sér fært að samþ. þessa brtt. Á síðasta þingi lágu fyrir áskorunarskjöl til Alþ. frá um það bil öllum búendum í þessum þremur stóru sveitum, þar sem skorað er á Alþ. að verða við þessari beiðni. Og það mun vera á ferðinni ítrekun á því. Því að þetta er ekki duttlungamál þeirra, sem eiga hagsmuni sína undir þessu máli og stundum líf sitt og sinna. Þeir gleyma því ekki þessu máli, og það verður ekki látið staðar numið, fyrr en það vinnst að koma þessu máli fram, og því fyrr því betra.

Þá hef ég gerzt flm. að brtt. hér ásamt fleiri hv. þm., sem er XXVI. brtt. á þskj. 517. Sú till. gildir einnig háa fjárhæð og er um að veita 200 þús. kr. sem byrjunarframlag til fyrirhugaðs Bændaskóla Suðurlands. Þetta var flutt sem brtt. í sambandi við síðustu fjárl., að vísu með lægri upphæð, — ég man ekki, hvort það var 100 þús. kr., sem þá var miðað við —, en þá náði till. um þetta ekki fram að ganga. Þótti því sjálfsagt að endurnýja þessa beiðni nú. Bændaskóli Suðurlands var ákveðinn með sérstökum l. á Alþ. Og ég man ekki betur en þau l. væru samþ. og játuð þannig nauðsyn þessa skóla, með svo að kalla einróma atkv. allra alþm. Nú er málinu lengra komið að því leyti, að þeir hafa nú þegar verið að verki, sem falið var, samkv. l. um Bændaskóla Suðurlands, að gera till. um skólastaðinn. Og ég veit ekki betur en að þeir þrír menn, sem hafa um þetta fjallað, hafi nú skilað áliti sínu. Svo að það, sem a. n. l. var fundið að því að veita þetta framlag á síðasta þingi, það kemur nú ekki til greina, sem sé, að ekki væri búið að ákveða, hvar skólinn ætti að vera á skólasvæðinu, þar sem ég tel, að sú ákvörðun sé nú um það bil komin. Ég hygg því, að af hendi hæstv. ríkisstj. muni nú vera auðvelt að gera sér grein fyrir réttu og röngu í þeim efnum. Ég vona því, að brtt. þessi fái nú góðar undirtektir á Alþ., vegna þess að þetta mál horfir til ótvíræðrar menningar í framtíðinni.

Þá er hér smábrtt., sú XXXVI. á sama þskj., 517, sem ég hef flutt ásamt mörgum fleiri hv. þm., um smávægilega viðurkenningu, 1000 kr. í eitt skipti fyrir öll, til þjóðhagasmiðsins Jóns Geststsonar bónda í Villingaholti. Hann væri vel að þessu kominn. Hann er nú kominn yfir áttrætt og hefur staðið við sinn rennibekk til þessa. En kraftarnir fara nú að minnka. Hann hefur verið einstakur völundur við smíðar og gert mörgum gagn, en sérstaklega er hann þó þjóðkunnur fyrir spunavélar sínar. Hann er mikill iðnfrömuður og velgerðamaður þjóðarinnar með því að smíða þessar vélar, sem munu vera komnar í flest héruð landsins og meira að segja út fyrir landsteinana. Spunavélarnar frá honum munu nú vera komnar á annað hundrað. Og þar sem hann hættir smíði þeirra, taka synir hans við, því að þeir hafa erft það frá honum að vera smiðir, og hann hefur kennt þeim. —

Jón er einstakur heiðursmaður, **fátækur að fé,** en ríkur að nytsömu ævistarfi. Ég vona því að þessi litla brtt. fái góðar undirtektir á Alþ.

Þá er það enn þá einn liður hér á þessu sama þskj., sem er XLII. liður. Ég hef ásamt tveimur öðrum hv. þm. flutt þar brtt. um það, að styrktarfé til dr. Helga Péturss verði hækkað um 1000 kr. Það kunna kannske einhverjir að segja, að hann hafi notið og njóti sæmilegs styrks frá Alþ., þó að þessi hækkun eigi sér ekki stað. En þess er fyrst að geta, að hann hefur aldrei fjáður verið og aðstaða hans hefur verið **fremur** erfið. Og hann getur lítið veitt sér, þessi alkunni maður, af lífsins þægindum. Þar að auki er dr. Helgi Péturss mjög farinn að heilsu, og sjúkdómur hans er erfiður og hefur orðið þess valdandi nú, þegar sígur á seinni hluta ævinnar fyrir honum, að hann hefur miklu síður notið sín á borgaralegan hátt heldur en annars mundi verið hafa. Svo að frá sjónarmiði hvers góðs og greinds alþm. álít ég, að hann eigi ekki að gjalda þess, heldur njóta, að hann á ekki því láni að fagna að vera alls kostar heilbrigður. En um verðleika hans, hvað hann er, vil ég ekki fjölyrða. Hann var og er mjög viðurkenndur vísindamaður í sinni grein. Hann mun nú fyrir skömmu hafa verið gerður heiðursfélagi í náttúrufræðingafélaginu danska, og það er ekki ómerkilegt, því að það kemur ekki af því, að hann hafi haft tækifæri til að trana sér þar fram, heldur var rýnt eftir því, að hann var þess maklegur. Og það er viðurkennt meðal vísindamanna víðs vegar um heim, að hann hefur gert uppgötvanir, sem eiga að gera nafn hans svo, að það máist ekki, þó að aldir líði. — Þó ekki sé nefnt annað en þetta, þá virðist mér það eiga að verka til örvunar í fjárframlögum til hans. Þá er það enn, að ég veit, að ákaflega margir Íslendingar víða um land unna þessum manni, vegna þess að hvar sem hann stingur niður penna, þar kemur fram frábær fegurð í máli og stíl og djörf hugsun, hvað sem segja má um kenningar hans. En þeim er þannig háttað, að þar er ekki verið að umskrifa orð, sem er margbúið að segja áður og eru ekkert nema umskriftin; hann er frumlegur.

Ég skal svo láta þessu máli lokið, en ég treysti því, að hv. þm. líti með sanngirni og víðsýni einnig á þessa till.

Þá flyt ég till. um 24 þús. kr. framlag til gistihúss á Stokkseyri. Þetta sýnist kannske skjóta skökku við, að fara fram á svo mikla upphæð til að reisa gistihús. Það er þegar komið upp, en stendur í mikilli óbættri skuld. Það er stórt, rúmar um 30 gesti, en kostnaðurinn hefur orðið þung byrði þeim áhugamönnum, sem komu því upp. Það, sem sérstaklega mælir með þessu gistihúsi, er aðstaða Stokkseyrar sem landtökustaðar fyrir Vestmannaeyjar, sem er svo að segja eini landtökustaðurinn að undantekinni Reykjavík. Það hefur verið svo, að þegar báturinn hefur lent þar með fjölda fólks, þá hefur það hvergi haft höfði sínu að að halla og orðið að hrekjast úti svo og svo lengi. Nú er gistihúsið komið til að bæta úr þessari brýnu nauðsyn. Vona ég, að hv. þm. skilji, að þetta er sanngjarnt og gott mál. Það hefur verið sett á stofn af mikilli framtakssemi með tilliti til brýnnar nauðsynjar, en nú hvílir á því of mikill stofnkostnaður til þess, að það geti borið sig, og m. a. þess vegna er till. flutt.

Ég ætla að einskorða mál mitt við þær till., sem ég hef flutt, og læt því máli mínu lokið.

**Emil Jónsson:** Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið þessar umr., en aðeins minnast á eina till., sem ég flyt á þskj. 599 við 15. gr. fjárl. Það stafar af nokkrum misskilningi, að ég hef ekki flutt þessa till. áður. Hún fer fram á, að Leikfélagi Hafnarfjarðar verði veittar 300 kr. Er það hliðstæður styrkur við það, sem önnur leikfélög fá. Í Hafnarfirði hefur verið starfandi leikfélag í fimm undanfarin ár við léleg skilyrði, en hefur aldrei verið styrkt af opinberu fé, enda hafa aldrei komið fram tilmæli um það. Nú hagar svo til, að þetta félag, sem hefur sýnt allmörg leikrit, fær á næsta ári góða aðstöðu í nýju húsi, sem er byggt að nokkru leyti með þörf félagsins fyrir augum. Í samræmi við það er þessi beiðni fram komin, því að það þarf að sjálfsögðu nokkurt fé til að geta undirbúið þar starf sitt svo vel sem kostur er á. Þá þurfa búningar, tjöld og ýmislegt þess háttar einnig að vera í góðu lagi, og til þess á að nota þetta fé. Brtt. gerir einnig ráð fyrir, að bæjarsjóður leggi fram jafnmikið fé og gert er ráð fyrir í öðrum kaupstöðum, sem slíkan styrk fá í 15. gr. Þar er gert ráð fyrir styrk til sjö félaga í sama eða svipuðu skyni og með svipaðri upphæð og ég hef látið mér detta í hug, að til mála gæti komið, að Leikfélag Hafnarfjarðar fengi. Ég tel fullkomna sanngirni, að félaginu verði veittur styrkur eins og hér er farið fram á, til jafns við önnur félög, sérstaklega þar sem það er að reyna að koma undir sig fótunum í nýju umhverfi við bætt skilyrði, sem því hafa verið sköpuð af hendi bæjarins í nýju húsi.

Ég skal láta þetta nægja um þessa till. Um aðrar till., sem ég er meðflm. að, mun ég ekki ræða, því að fyrstu flm. munu skýra þær fyrir hv. þm.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Mér þykir gott að sjá, að tveir úr hv. fjvn. eru hér viðstaddir, því að við þá vildi ég tala, og vænti ég þess, að þeir skili því, sem ég hef fram að flytja, til annarra nm.

Ég flyt á þskj. 599 brtt. um styrk til menningarsjóðs Flateyrar, 5000 kr. og til vara 3500 kr. Þessi sjóður er stofnaður til að styrkja sjúklinga og til almennrar heilbrigðisstarfsemi í Flateyrarþorpi. Þessi sjóður er styrkhæfur á sama hátt og sams konar sjóðir, sem nú eru í fjárl. Hann hefur tvisvar áður notið nokkurs styrks, samtals 1600 kr., og er hann nú þó nokkuð hár, eða um 22 þús. kr.,en hefur nú vitanlega lækkað að verðgildi. Ég vænti því, að Alþingi sýni honum þá velvild að veita honum þá upphæð, sem ég fer fram á.

Þá flyt ég brtt. á þskj. 605 um að veita stj. heimild til að greiða Þingeyrarhrepppi allt að 150000 kr. aukastyrk til að efla útgerð í hreppnum, og hafi hreppsnefnd ráðstöfunarrétt fjárins í samráði við ríkisstj. Hér er átt við, að greidd-

ur sé aukastyrkur, þ. e. a. s. að útgerðin þar á staðnum missi þar fyrir ekki aðra tekjumöguleika samkv. sérstökum l. Það stendur sérstaklega á um þennan hrepp, og getur enginn hreppur jafnazt á við hann, sem betur fer, vegna þess hve mikil óhöpp hafa komið þar fyrir. Í upphafi stríðsins voru þar fjögur allsæmileg skip, þrír línuveiðarar og einn stór vélbátur. Snemma á stríðstímanum var einn línuveiðarinn seldur og sökk nokkru síðar. Annar línuveiðarinn fluttist að vísu burt úr hreppnum og varð fyrir árás sem kunnugt er, og féllu þar nokkrir af beztu sjómönnum Dýrafjarðar, og nokkru síðar sökk skipið, og mun því hvorugt koma framar til síns gamla staðar. Nokkru síðar fékk Þorpið nýjan bát, sem nokkrir menn í hreppnum höfðu tekið sig saman um að útvega með ærnu verði. Fór hann nokkrum sinnum á sjó, og úr síðasta róðrinum kom hann aldrei. Fannst aðeins nokkurt brak úr bátnum. Hafði hann sennilega orðið fyrir skothríð. Allir menn fórust. Þegar þannig fór, að skip það fórst, sem hafði kveikt vonir í brjóstum manna á þessum stað, og það var eign einu mannanna, sem gátu lagt fram fé í þessu skyni, þá er nú svo komið, að í þessu gamla fiskiþorpi, sem verður að sækja alla sína björg í sjó, er enginn maður, sem getur lagt fram fé til að kaupa ný skip, og aðeins tvö skip eru þar eftir. Sem betur fer hefur enginn annar hreppur á landinu slíka sögu að segja um skipatjón og mannfall. Nú er vitað, að hreppsbúar þurfa á einhvern hátt að bæta þetta skarð. Mér er ekki kunnugt um, að neinn stríðsgróði sé þar eftir. Hitt veit ég, að hreppsbúar munu reyna það ýtrasta, ekki sízt ef ríkið vill nú gera hvort tveggja í senn, sýna samúð sína og rétta hjálpandi hönd. Hreppsfélagið hefur áður af veikum mætti reynt að styðja að því, að bátar kæmust upp, en er nú þess ekki megnugt að neinu verulegu leyti, nema hjálp komi til, en hennar er ekki að vænta nema frá ríkissjóði.

Mönnum finnst kannske fram á mikið farið í þessari till., en ég vil benda á, að hún fer þó ekki fram á meira en andvirði eins vélbáts, og er þó ekki ætlazt til, að þessu fé verði varið til að kaupa eitt skip, heldur styðji að því að koma upp fleiri og stærri skipum.

Einhverjir segja kannske sem svo, að þetta sé nokkuð einstök till., en hún er það ekki, því að á síðasta þingi var samþ. 150000 kr. styrkur til þeirra manna, sem höfðu misst báta sína. Þessi upphæð skiptist vitanlega á marga báta, þar á meðal vitanlega nokkur upphæð, ekki stór, á einn bát, sem ég hef nú nefnt, Hólmstein frá Þingeyri. Þetta er ekki heldur óskylt því, þegar í fyrra var veitt fé til styrktar bændum norður á Snæfjallaströnd, sem höfðu misst fé sitt, eða þegar styrkur var veittur fólki á Dalvík vegna jarðskjálfta, eða þegar þeir voru styrktir, sem höfðu orðið fyrir barðinu á Kötlugosinu á sinni tíð. Þessi óhöpp á Þingeyri eru á allan hátt sambærileg við þau slys, þar sem ríkið hefur talið, að sér bæri að veita fjárhagslega aðstoð. Ég ber því hiklaust fram þessa till. viðvíkjandi þessum hreppi, sem er einstakur nú, sem betur fer, að þessu leyti, og einnig þar sem hliðstæður styrkur hefur áður verið veittur í fjárl.

**Sigurður Kristjánsson:** Herra forseti. Ég hef ekki komið með brtt. til hækkunar við þetta frv., svo að neinu nemi, en ég á einar þrjár till. um formsbreyt. á frv., og skal ég koma að þeim bráðlega.

Ég vil byrja á að minnast á brtt. fjvn. Það er 8. till. á þskj. 474, viðvíkjandi launum biskups. Í fjárlfrv. eru biskupi nú eins og áður ætlaðar til risnu 2000 kr. Ég held, að það sé flestra álit, að það sé eðlilegt, að hann fái nokkra fjárhæð til risnu, þar sem hann er yfirmaður kirkjumála í landinu, því að það er alkunnugt, að hann hefur raunverulega geysimikla risnu og miklu meiri en þessari fjárhæð nemur. Hv. fjvn. kom með till. um það við 2. umr. að fella risnufé niður. Var það ekki, svo að ég tæki eftir, rökstutt neitt, og féllst n. á að taka þessa till. aftur til 3. umr., en hefur hins vegar ekki viljað láta hana niður falla. Kemur hún því nú með þá till., að þetta skuli heita launaviðbót, en ekki risna. Það má í fljótu bragði líta svo á, að það komi í einum stað niður, hvort það heitir launaviðbót eða risnufé, en svo er þó ekki í raun og veru, því að ef laun manna komast þótt ekki sé nema lítið eitt upp, þá fer viðbótin að verulegu leyti í skatt, einkum ef ekki er persónufrádráttur, og þannig mun það vera um biskup nú, að hann hefur ekki persónufrádrátt nema fyrir sig og sína konu, því að þótt börn hans séu raunverulega á framfæri foreldra sinna, þá er ekki persónufrádráttur fyrir þau. Ég vil því mælast til þess við hv. þm., að þeir létu þetta litla risnufé biskups í friði, eins og til var ætlazt af hæstv. ríkisstj.

Þá hef ég ásamt hv. þm. V.-Ísf. og hv. þm. Siglf. flutt tvær brtt. á þskj. 546, en það er aðeins formsbreyt. á frv. Í frv. stj. stendur í 2. gr. 16: Útflutningsgjald 1500000 kr. Þetta eru ekki lengur tekjur ríkissjóðs, heldur rennur það samkvæmt sérstökum l. til Fiskveiðasjóðs Íslands. En að það stendur þarna, geri ég ráð fyrir, að sé vegna þess, að áður voru þetta tekjur ríkissjóðs og þess vegna tekið upp eftir fyrri fjárl. Þetta viljum við láta taka burt og einnig 8. lið á sama þskj., sem er sama upphæð til fiskveiðasjóðs. Þessar till. eiga saman, — ef önnur er tekin burt, á hin að fara líka. Þetta er aðeins formsbreyt., og er rétt að taka báða liðina burt. Að sönnu annast ríkissjóður innheimtu þessa gjalds, en það stendur eins á með fleiri gjöld, t. d. til fiskimálasjóðs, sem eru innheimt af embættismönnum ríkisins, þó að þau fari til sérstakra sjóða, en koma þó ekki í fjárl.

Ég skal þá nefna eina till., sem ég hef nú flutt, sem horfir til útgjalda. Ég flyt hana ásamt hv. 9. landsk., hv. 2. þm. Reykv., hv. 4. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Skagf. Hún er um það að veita Árna Thorsteinsson tónskáldi 3000 kr. viðurkenningu í 18. gr. fjárl. Þessi maður er fyrir löngu þjóðkunnur og er einn af þremur tónskáldum landsins, sem hér héldu uppi tónlistarmennt, hinir voru þeir Sveinbjörn Sveinbjörns-

son og Sigfús Einarsson. Nú er hann kominn nálægt áttræðu, og menntamálaráð hefur ekki getað tekið hann með í fjárveitingar hjá sér, svo að þessi aldraði listamaður hefur ekki fengið neina viðurkenningu frá ríkinu. Okkur þótti rétt að minna Alþingi á verðleika þessa manns og væntum þess, að allir þm. séu okkur sammála um, að hann sé verður þessarar viðurkenningar.

Loks skal ég koma að brtt., sem ég á við 22. gr., sem er brtt. í aðra átt en flestar aðrar till. við frv. Hún er um það að heimila stj. að lækka útgjöld ríkissjóðs, sem eru ekki bundin í öðrum l. en fjárl., um allt að 30%, ef stj. telur, að verulega skorti á, að tekjur hrökkvi fyrir útgjöldum. Þessi varnagli var sleginn 1941, og þótti þetta þá nauðsynleg varúðarregla. Nú, þegar vænta má, að fari að halla undan fæti og hinar miklu tekjur ríkissjóðs fari að rýrna af þeim ástæðum, að verðlag í heiminum kunni að fara að komast eitthvað nær því eðlilega, þá er alveg nauðsynlegt að hafa þessa heimild fyrir ríkisstjórnina. Og einkum hefur mér sýnzt réttmætt að koma með þessa till. vegna þess, að mér virðast margir hv. þm. telja, að fjárl. séu mjög ógætilega úr garði gerð frá hv. fjvn. Þegar fjárlagafrv. kom frá hæstv. ríkisstjórn, voru gjöldin áætluð, að mig minnir, 68 millj. kr., en nú eru þau við 2. umr. komin, að ég held, úr 68 millj. og í 88 millj. kr., m. ö. o. hafa hækkað um 20 millj kr. Og eftir þeim till., sem fjvn. er nú búin að gera, þá mundu þau við það eitt hækka í a. m. k. 100 millj. kr. eða heldur yfir það. Og þá eru eftir ótaldar allar hækkunartill. einstakra hv. þm., sem vænta má, að sumar verði samþ. Og enn telja menn, að ýmsar samþykktir þingsins, sem eru ekki í fjárl., muni krefjast kannske allt að 20 millj. kr. útgjalda. Og þá skilst mér, að hæstv. Alþ. sé búið næstum að tvöfalda útgjöldin frá því, sem hæstv. ríkisstjórn gerði ráð fyrir í sínu frv. Ég sé ekki, að þetta megi fara alveg aðgerðalaust. Meðan ekki er séð, að séð verði fyrir tekjum með öðru móti en að breyta tölum á fjárlagafrv., en ekki með tekjuaukal., þá sýnist mér með þessu stefnt út í fullkomið óefni, sem ég tel, að verði, ef ríkisstjórnin verður annaðhvort að hætta greiðslum eða setja ríkið í tugmilljóna skuldir. Og ég geri þessa till. með enn meira öryggi um, að hún sé rétt, þar sem ég hef heyrt því hreyft af nokkrum hv. þm., að hv. fjvn. hafi leiðzt út í ógætilega miklar hækkanir á fjárlagafrv.

**Forseti (GSv):** Þessi umr. fjárl., 3. umr., heldur nú áfram í dag, og þó getur það orðið slitrótt um of, ef hv. þm. standa ekki að fundum og einkanlega athuga ekki að kveðja sér hljóðs í tæka tíð. Það fer nú að verða svo, að þó að margir ætli sér að taka til máls, þá hafa þeir ekki hirt um það af ýmsum ástæðum að kveðja sér hljóðs, og ekki hefur heldur verið hert á eftir þeim með það. En þeir, sem vilja taka til máls nú í dag og einnig í kvöld, eru hvattir til að láta skrá sig á mælendaskrá, og er talið, að ekki muni veita af tímanum kannske til miðnættis til þess að ljúka umr. En hv. þm. geta átt á hættu að verða út undan með að tala fyrir sínum málum, ef þeir láta ekki skrá sig í tæka tíð. Þeir geta þá átt á hættu, að umr. verði lokið, og er þá það mál úti.

Þó að nægur tími hafi að vísu verið til að koma fram með brtt. við fjárl., þá eru þær nú að berast, og er það ekki góð hentisemi, því að ég fullyrði, að hv. þm. hafa haft nógan tíma til þess að koma með brtt. Nú hefur verið tekið við brtt. frá hv. þm., og er nokkur syrpa óprentuð af þeim, og þó að erfitt sé að prenta þær að degi til, þá er það þó erfiðara að nóttu. Það verður leitast við að prenta það af brtt., sem eftir er nú í skrifstofunni, en ekki heldur meira. Þær brtt. sem koma hér eftir, verða að vera sem skrifl. brtt.

Og sem sagt, þeir, sem ætla að taka til máls við þessa umr., er óskað að láti skrá sig. Ef þess verður ekki gætt, þá getur svo farið, að þessi umr. endi fyrr en varir, — og harma ég það ekki.

**Sigurður E. Hlíðar:** Herra forseti. Ég skal vera fáorður. Ég átti við 2. umr. aðeins tvær brtt. við fjárl., sem báðar voru felldar. En nú sé ég, að hv. fjvn. hefur tekið upp aðra till. í dálítið öðru formi, farið þó ríflar í sakir en ég fór fram á, þar sem hún leggur til, að tillag til póst- og símahúss Akureyrar verði hækkað úr 200 þús. kr. upp í 350 þús. kr. Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir að hafa litið þannig á þetta mál. Því að hv. fjvn. hefur sannfærzt um, að það ætti að hækka þessa upphæð.

Ég vildi leyfa mér að benda á tvær brtt., sem ég ber hér fram. Önnur er á þskj. 517, og stend ég einn að þeiri brtt. Það er XXI. brtt. á því þskj., við 14. gr., til Akureyrarkirkju 5 þús. kr. Þetta er í raun og veru ekki nýtt mál, því að ég hef borið fram slíkar brtt. hér á undanförnum þingum. En ég hef orðið var við það, að það gætir dálítils misskilnings hjá hv. þm. um það, að hér sé verið að sníkja styrk til Akureyrarkirkju. En það er misskilningur. Þetta er ekki annað en réttlát krafa um endurgreiðslu á fé til kirkjunnar, fé, sem ríkissjóður hefur fengið frá kirkjunni í upphafi. Akureyrarkirkja eða Hrafnagilskirkja var lénskirkja með töluverðum eignum, sem ríkið tók til sín. En þegar kirkjan var afhent söfnuðinum, var eignum hennar ekki skilað. Söfnuður Akureyrar fór þá fram á, að þessar eignir yrðu metnar til verðs og gerði kröfu um 50 þús. kr. úr ríkissjóði um leið og kirkjan væri afhent. Þáverandi kirkju- og kennslumálarh., Hermann Jónasson, lét lögfræðinga rannsaka þetta mál, og þeir komust að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki hægt að ganga fram hjá því, að Akureyrarkirkju bæri að fá endurgreitt eitthvert fé fyrir þessar jarðeignir. Og það varð svo niðurstaðan í kirkju- og kennslumálaráðuneytinu að leggja til, að greiddar yrðu 30 þús. kr. fyrir þessar eignir til kirkjunnar. Þetta gerði söfnuðurinn sig ekki ánægðan með. Ég sem þingmaður kjördæmisins tók við þessum 30 þús. kr., að vísu með ummælum um, að ég mundi gera kröfu um, að afgangurinn yrði einnig greiddur, þessar 20 þús. kr., svo að alls yrðu greiddar 50 þús. kr. Og í kreppunni á árun-

um 1938 og 1939 þá voru greiddar 10 þús. kr. alls í viðbót við þær 30 þús. kr., sem áður höfðu verið greiddar. Nú fer ég fram á, að greiddar verði til Akureyrarkirkju 5 þús. kr. í viðbót. Ef sanngjarnt hefur verið að greiða 50 þús. kr. fyrir stríð fyrir þessar eignir, þá er ekki óeðlilegt, að söfnuðurinn fái þessa upphæð nú, þar sem ekki er farið fram á neina hækkun úr 50 þús. kr. fullnaðargreiðslu þrátt fyrir verðhækkun, sem hefur átt sér stað. Ég er ekki að fara fram á neina slíka hækkun.

Þá á ég hér aðra brtt. ásamt ýmsum hv. þm. á þskj. 599, nr. XI. Það er brtt. við 17. gr. XXI, um það, að styrkur til Dýraverndunarfélags Íslands, sem hefur um langt skeið staðið á fjárl. og verið 1000 kr., verði hækkaður í 5 þús. kr. Við sjáum, að í þessum fjárl. er verið að hækka ýmsa styrki til einstakra manna og félaga. En það hefur alveg verið hlaupið yfir þetta félag, Dýraverndunarfélag Íslands, sem á ekki síður skilið en önnur félagsstarfsemi, að litið sé á það með velþóknun. Þetta félag er gömul og æruverð stofnun, sem ég álít, að beri að virða og styðja. Þetta er mannúðarstofnun, sem er ekki að vinna fyrir peninga. En það kostar nokkurt fé að halda starfsemi þessarar stofnunar áfram með alvöru. Blaðaútgáfa Dýraverndarans hefur verið tiltöluleg ódýr í resktri; þó hefur hún ekki alveg staðið undir sér sjálf. En nú síðasta árið hefur orðið veruleg hækkun á pappír og prentunarkostnaði, og hefur tekjuhalli á útgáfunni orðið 4700 kr. Ég geri ráð fyrir, að allir, sem dýraverndun unna hér í þessu landi, — og þeir eru margir hér á landi, sem hlynntir eru þessari starfsemi, — muni sakna þess sérstaklega, ef blaðaútgáfa þessa félagsskapar fellur niður. En það er ekki annað sýnna en úr þeirri blaðaútgáfu verði að draga, í stað þess að átt hefði fremur að auka hana og efla, svo sem með því að gefa út aukablað fyrir börn um það efni, sem Dýraverndarinn ræðir um. Þess vegna ætti að hækka þennan styrk. — Það var einn hv. þm., sem ég benti á þessa till., sem vísaði mér á bug með þeim rökum, að hefði félagið haldið Tungu, þá væri öðru máli að gegna. Hvort sem þetta er bara afsökun eða ekki, þá er það á misskilningi byggt, ef slíkt ætti að nota sem rök á móti þessari brtt. Því að hafi það verið réttmætt af félaginu að eiga Tungueignina, þá er bærinn búinn að kaupa þá eign og er búinn að leigja hesthúsið, og kemur það því í sama stað niður. En Dýraverndunarfélagið hafði ekki keypt þessa eign til þess að hafa hesthúsið til afnota fyrir eigendur lúksushesta bæjarins til þess að hafa hestana þar. Upphaflega var þetta gert til þess að hýsa utanbæjarhesta, sem oft sáust áður hálfa til heila daga hér í höfuðstaðnum í kafaldi og kulda undir beru lofti. En nú eru bílarnir komnir og fáir utanhéraðsmenn koma nú ríðandi hingað til bæjarins. Á Akureyri lét amerískur milljónaeigandi reisa byggingu með það fyrir augum að hafa þar gistihús og einnig griðastað fyrir hesta ferðamanna. Eftir því sem tímar liðu og samgöngur breyttust og menn fóru að ferðast í kaupstað á bílum og flytja vörur heim á bílum, hættu þeir að nota þetta hesthús. Hesthúsið stóð tómt, nema aðeins í aftökum, þegar bílferðir stöðvuðust og menn hafa orðið að fara með sleða, og þurfa menn þá að fá afdrep fyrir hesta sína. Þannig er þetta einnig hér í Reykjavík. Það er ekki lengur þörf á að reka Tungu eins og hún hefur verið rekin vegna ferðamannahesta. En þó kemur hún til nota fyrir hesta bæjarins. En tilgangur Dýraverndunarfélagsins var ekki að líkna þeim hestum, þar sem þeim var í öllu falli séð fyrir húsaskjóli.

Eg vil sérstaklega mæla með þessari brtt. Auk mín eru 8 þm. aðrir, sem að henni standa, og vona ég, að hún fái góðan hljómgrunn á hæstv. Alþ.

**Gunnar Thoroddsen:** Herra forseti. Við 2. umr. fjárl. flutti ég brtt. um vegabætur milli Ólafsvíkur og Hellissands og tók hana aftur. Ég vil þakka hv. fjvn., að hún hefur tekið hana upp og flytur hana sem heimildartill.

Ég á hér nokkrar brttt., sem ég vil gera stuttlega grein fyrir. Á þskj. 517 flyt ég till. um hækkun á framlagi til hafnargerðar í Stykkishólmi úr 25 þús. kr. í 50 þús. kr. Í fyrra var sótt um 80 þús. kr. fjárveitingu í þessu skyni. En hv. fjvn. féllst þá á að veita aðeins 40 þús. kr. til þessa í fjárl. fyrir yfirstandandi ár. Og ég skildi hv. fjvn. svo þá, að hún ætlaðist til þess, að þetta yrði veitt í tvennu lagi, 40 þús. kr. þá og 40 þús. kr. í næsta árs fjárl. En n. hefur ekki séð sér fært að veita nema 25 þús. kr. til þessa mannvirkis, og geri ég því þessa brtt. Bryggjan, sem staðið hefur þarna um langan aldur, er mjög fúin, og er viðbúið, að hún kunni að hrynja. Hún var byggð 1908 eða 1909, og sérstaklega er fremsti partur bryggjunnar úr sér genginn. Aðallega hefur trjámaðkur unnið á henni, og mun ekki veita af þessari fjárveitingu í þessu skyni.

Önnur brtt. mín er á sama þskj., 517, XXIV, um styrk til kirkjubygginga, 15 þús. kr. til Hellnakirkju á Snæfellsnesi og 5 þús. kr. til Ingjaldshólskirkju á Snæfellsnesi. Um Hellnakirkju er það að segja, að sú kirkja, sem þar hefur staðið undanfarin 60 ár, var orðin gersamlega ónóg, og þótti óhjákvæmilegt að ráðast í nýja kirkjubyggingu. Á þessu var svo byrjað á síðasta vori, og um miðjan júní var grind kirkjunnar fullreist. En þá stóð á efni til þess að gera hana fokhelda. Þá var hættulegast á þeim tíma árs að láta hana standa þannig. En aðfaranótt 26. júlí gerði aftaka norðanveður, er lagði að velli það, sem búið var að byggja af kirkjunni. Söfnuðurinn réðst í að byggja kirkjuna að nýju. En þetta er fátækur söfnuður, og er honum því ókleift að rísa undir kostnaðinum, sem af þessu leiðir. Þess vegna fer ég fram á, að veittar verði 15 þús. kr. til þessarar kirkju. Að því er snertir 5 þús. kr. framlagið til Ingjaldshólskirkju, sem ég hef gert till. um, þá er það viðgerðarstyrkur. Það var gert við þessa kirkju fyrir skömmu, og mun það hafa kostað um 20 þús. kr. Þessi kirkja stendur á hinum fegursta og glæsilegasta stað á Ingjaldshóli á Snæfellsnesi. Og auk þess að þjóna sínum höfuðtilgangi hefur hún það

líka til síns ágætis, að hún sést á haf út af öllum Breiðafirði og er hið ágætasta mið fyrir sjómenn.

Þá eru tvær brtt., sem ekki hefur verið útbýtt enn þá, en ég stend að. Önnur er um að veita „Vatnsveitufélagi Grafarness" í Grundarfirði ábyrgð fyrir 30 þús. kr. láni til vatnsveitu. Grafarnesi hefur verið veitt fé til endurbóta á hafnarskilyrðum í sumar. Hreppurinn hefur ráðizt í að leggja vatnsveitu fyrir staðinn, hefur fengið efni til hennar, svo sem pípur, hingað til landsins. En þá skortir fé til þess að leysa það út, og þurfa þeir þess vegna þessarar ábyrgðar við, sem hér er farið fram á. Ef hv. þm. telja fordæmalaust að veita ríkisábyrgðir til vatnsveitna, þá er því til að svara, að árið 1934 var vegna eins kauptúns veitt slík ábyrgðarheimild til vatnsveitu.

Loks er brtt., sem flutt er af níu hv. þm., sem sæti eiga í hv. Nd. og í menntmn. og heilbr.- og félmn. þeirrar d. (brtt. 609, XV). Á öndverðu þingi kom erindi frá Ágúst Sigurðssyni magister, þar sem hann sendi menntmn. ýtarlega rökst. till. um ráðstafanir til umbóta á skemmtanalífi og félagslífi landsmanna. Skemmtanalífi landsmanna er mjög ábótavant og fer fram mjög með öðrum hætti en æskilegt væri. Þetta er ekki sérmál kaupstaðanna, heldur á það einnig við um sveitir sumar. Ágúst hefur um tillögur sínar leitað umsagnar allmargra stofnana. Hefur fjvn. átt kost á að kynna sér till. þessar og umsagnir. Þessar stofnanir hafa eindregið mælt með þessum till. hans og hafa orðið sammála um, að hér væri brýn þörf umbóta. Þessar stofnanir eru Stórstúka Íslands, Íþróttasamband Íslands, Sambandsstjórn Ungmennafélaga Íslands, Prestafélag Íslands, námsstjórnin á Vesturlandi, biskupinn yfir Íslandi, íþróttafulltrúinn og fræðslumálastjórinn, sem mæla eindregið með þessu. Till. Ágústs Sigurðssonar voru í aðalatriðum þær, að sett yrði löggjöf um þetta efni og ráðinn sérstakur fulltrúi, sem starfaði í samráði við fræðslumálastjóra, sem næði svo sambandi við unga og efnilega menn í sem flestum hreppum, kauptúnum og kaupstöðum til þess að fá þá til þess að bindast samtökum um umbætur í skemmtanalífi landsmanna og koma á skemmtanirnar öðrum blæ en verið hefur. Menntmn. Nd. og heilbr.- og félmn. hafa nú haft þetta mál lengi til meðferðar og rætt það á fundum, m. a. á sameiginlegum fundum. Ýmsum hv. nefndarmönnum þótti ekki tímabært að svo stöddu að setja löggjöf um þetta efni, en hins vegar nauðsynlegt að gera eitthvað. Þess vegna varð það að ráði hjá þessum n. sameiginlega að flytja till. um að veita ríkisstjórninni í 22. gr. heimild til þess að verja fé í samráði við fræðslumálastjóra til þess að hefja þetta viðreisnarstarf. Og ætlun n. er, að þetta verði gert í tilraunaskyni um eitt ár, en ekki að þetta sé bundið til frambúðar. Ég geri ráð fyrir, að menntamrh. og fræðslumálastjóri mundu þá velja til þess starfs einhvern mann, sem starfaði í samráði við þá að þessu máli á næsta ári, til þess svo að sjá, hver árangur af því verður. Og þá mætti ákveða, hvort rétt þætti að setja l. um þetta efni eða ekki. — Það er ósk þeirra n., sem ég hef nefnt, sem standa að þessari brtt., að hún verði samþ. til tilrauna í þessu efni. Ég geri ekki ráð fyrir, að mikinn kostnað mundi leiða af þessu. Ég geri ráð fyrir, að það verði starfslaun eins manns, en þó ekki full starfslaun, því að ég geri ráð fyrir, að þessu starfi gæti maður gegnt, þótt hann hefði öðrum störfum að gegna, en það yrði á valdi fræðslumálastjóra og menntamrh. Þetta svífur nú ekki alveg í lausu lofti, því að Ágúst Sigurðsson hefur um nokkurra ára skeið stjórnað námsflokkum. Og þær samkomur, sem þeir hafa haldið, eru með sérstökum fyrirmyndarblæ. Og þegar maður ber þær samkomur saman við ýmsar aðrar samkomur, þá gefur það von um, að hægt sé með einhverjum ráðum að fá hér umbætur á.

Fleiri brtt. ætla ég ekki að gera að umtalsefni, a. m. k. ekki að sinni.

**Jón Sigurðsson:** Herra forseti. Ég á hér eina brtt., sem ég þarf að mæla fyrir nokkur orð. Hún er viðvíkjandi kynbótabúi því, sem stofnað hefur verið á Hólum. Til þessa fyrirtækis er þannig stofnað, að þátttakendur eru fyrst og fremst búnaðarskólinn á Hólum og Búnaðarfél. Íslands, sem veitt hefur nokkurn styrk til þessa fyrirtækis, og svo nokkrir einstakir menn. Í þessu skyni hafa þegar verið lagðar fram 20—30 þús. kr. til þessa fyrirtækis og sú upphæð algerlega afhent ríkinu að gjöf. En búnaðarskólinn annast rekstur búsins og stendur straum af því. Nú finnst þeim, sem að þessum málum standa, og okkur flm. ekki vansalaust, að ríkið skjóti sér undan því að veita búinu styrk, þar sem um er að ræða svo merkilegt fyrirtæki, — fyrsta hrossakynbótabú hér á landi, þar sem tiltækilegt er að safna saman úrvalshrossum af öllu landinu og bændum þar með veitt tækifæri að fá keypt úrvalshrossefni til undaneldis. Ég vil fullyrða, að þetta bú er sérstaklega vel sett að mörgu leyti að Hólum, en það, sem sérstaklega vanhagar um, er fé til að koma upp girðingu fyrir kynbótagripina og í öðru lagi nokkurt fé til kaupa á úrvalshrossum, sem ekki hefur verið hægt til þessa. Vænti ég því, að hv. Alþ. líti á þetta mál velvildaraugum og láti það ekki kafna héðan af, úr því það er komið á svona góðan rekspöl. Það verður að telja, að hóflega sé af stað farið með þessari till. um 20 þús. kr. framlag, því að sannleikurinn er sá, að við þyrftum 50—60 þús. kr. En fyrst í stað er hægt að komast af með þetta. Við hugsum okkur að þoka þessu áleiðis smám saman.

Ég sé ekki ástæðu til að gera grein fyrir afstöðu minni til annarra mála að þessu sinni, enda er ég ekki meðflm. að neinum öðrum málum.

**Sveinbjörn Högnason:** Herra forseti. Ég á ekki margar brtt. hér og sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þær, sem fyrir liggja. Í rauninni er hér aðeins ein brtt., sem ég flyt, á þskj. 517, XV, og vil fara nokkrum orðum um. Hún er um 75 þús. kr. framlag til að gera brú á Stjórn á Síðu. Hv. fjvn. hefur lagt til, að á

næsta ári verði gerð brú á Hörgsá, sem er skammt þaðan, og til þess, að torfærulaust sé mikið til austur á Síðu, þarf að brúa þessa á. Það er ekki mikið mannvirki að brúa hana, en það væri mikið hagkvæmi, að þessar tvær brýr yrðu gerðar samtímis, bæði vegna vinnuafls og flutnings á efni og öðru. Öll líkindi eru til, ef allt verður með felldu, að þessi brúarfjárveiting verði sett í fjárl. á næsta ári, verði það ekki gert nú, og gefur að skilja, að mikið fé mundi sparazt með því að gera báðar brýrnar samtímis.

Ég sé, að hv. 10. landsk. hefur flutt brtt., sem fer í sömu átt og mín, um að þessar tvær brýr verði undir sama lið. Mér finnst engu máli skipta, hvor till. verður samþ., því að þær stefna báðar að sama marki, og munurinn á þeim er aðeins orðalagsmunur. En ég vildi mega vona, að hv. þm. vildu líta á nauðsynina á því, að þessi torfæra verði brúuð sem fyrst og ríkið spari sér fé með því að láta gera báðar brýrnar samtímis.

Enn fremur er ég meðflm. að till. á sama þskj., XXVI., um framlag til Bændaskóla Suðurlands. Það er þegar búið að setja l. um þennan skóla, og nú í haust hefur verið unnið að því að velja honum stað. Er það þegar ákveðið eða um það bil og ekkert því til fyrirstöðu, að byrja mætti á verkinu á næsta vori, nema skortur á fé. Höfum við nokkrir þm. lagt til, að veittar verði 200 þús. kr. til þessara framkvæmda. Ég tel víst, að hv. þm. líti á þetta mál með sama skilningi og þegar l. voru sett. Það er leikur einn að setja l. um stofnanir, ef síðar á að neita um framlög til framkvæmdanna. Það er því eðlilegt framhald lagasamþykktarinnar, er hér er farið fram á fjárveitingu til að hefjast handa um að reisa skólann. Tel ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta.

Ég er ekki meðflm. að fleiri till. en þessum tveimur, og vænti ég, að hér sé svo hóflega í málin farið af minni hálfu, að þess megi vænta, að Alþ. líti með skilningi á þær.

**Stefán Jóh. Stefánsson:** Ég leyfi mér að gera stutta grein fyrir brtt. á þskj. 599, sem ég er 1. flm. að. Hún er um að veita 250 þús. kr. til hvíldarheimilis sjómanna. Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur verið hafizt handa um söfnun fjár í þessu skyni. Hefur sú söfnun gengið vel, og er álitleg upphæð komin, en eins og högum er háttað, þarf mikið fé til þessa, jafnvel þótt frestað verði að hefjast handa til betri tíma. Ég sé bæði þörf og ástæðu til að hugsa til þeirrar stéttar í landinu, sem á mestan og drýgstan þáttinn í því, hve þjóðarauðurinn hefur aukizt að undanförnu, en það er sjómannastéttin. Það er vitað mál, að aðbúnaður sjómanna er á þann veg, að þeir endast oft ekki lengi, og bíða þeirra þá stundum ömurleg elliár, er þeir þurfa að hírast hjá vandalausu fólki. Ég álít, að skylda ríkisins sé nú meiri en nokkru sinni fyrr að virða og viðurkenna ómetanlegt framtak, sem íslenzka sjómannastéttin hefur sýnt á þessum tímum, og þegar litið er á það, að þessi stétt hefur orðið harðar úti en nokkur önnur stétt í landinu, þykist ég mega vænta þess, að hið háa Alþ. líti með sanngirni á þær óskir, sem hér eru fram bornar.

Ég hef síðar veitt því athygli, að á þskj. 317 er brtt. frá hv. 8. þm. um 200 þús. kr. framlag í sama skyni, og getur þá sú till. orðið varatill. við till. okkar hv. 9. landsk., sem ég vildi þó mælast til, að yrði samþ.

Þá flyt ég litla brtt. á þskj. 605 ásamt fleiri þm. um hækkun á styrk til Soffíu Guðlaugsdóttur úr 1200 kr. upp í 2500 kr. Eins og þeir vita, sem kynnt hafa sér íslenzk leikhúsmál, hefur hún unnið að þeim málum af atorku og mikilli hæfni, en gengið illa að rækja listina eins og hugur stendur til, svo sem oft er um slíkt fólk. Okkur flm. er fullkunnugt, að hún hefur hlotið mikla viðurkenningu fyrir leikstarfsemi sína, og teljum við, að íslenzkri leiklist væri góður greiði gerður með því að samþ. þessa till.

Að öðrum brtt., sem ég er meðflm. að, mun ég ekki víkja, enda hefur þegar verið gerð grein fyrir sumum þeirra, og fyrir hinum munu aðrir hv. þm., sem eiga eftir að tala, eflaust gera grein síðar meir.

**Björn F. Björnsson:** Herra forseti. Ég flyt hér tvær brtt. við fjárlfrv., á þskj. 546, III. og V. Sú fyrri er um hækkun á framlagi til Miðeyjarvegs úr 25 þús. í 35 þús. kr. Um þennan veg skal ég sérstaklega taka fram, að hann er með lengstu þjóðvegum í Rangárvallasýslu, þeirra sem ekki liggja beint gegnum sýsluna. Af þessum vegi eiga 30—40 bændur að hafa gagn, en hann liggur nú undir skemmdum, vegna þess að ekki hefur verið borið ofan í hann á 5—7 km kafla. Hreppsn. hefur snúið sér til okkar þm. Rang. til að fá framlagið hækkað, eins og farið er fram á í þessari till. Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta, en þetta er sem sagt einn af þýðingarmestu vegunum hér, og vænti ég þess, að till. verði samþ.

Hin till. er varðandi veg í Rangárvallasýslu, að veita 4 þús. kr. til Innhlíðarvegar í Fljótshlíð. Þetta er ekki þjóðvegur, en á undanförnum árum hefur verið gerð tilraun að koma honum í þjóðvegatölu. Hann liggur frá Múlakoti inn að Bleiksá og er mikið notaður af ferðafólki á sumrin og svo Fljótshlíðarbændum sjálfum. Árið 1937 voru veittar aukalega til þessa sama sýsluvegar 2 þús. kr. En nú stendur sérstaklega á, því að þessi vegur varð fyrir skakkafalli af völdum skriðufalls, og er erfitt fyrir sýslubúa að standa undir lagfæringu vegarins. Ég vænti því, að hið háa Alþ. sjái sér fært að samþ. þessa 4 þús. kr. aukatill. Aðrar till. flyt ég ekki nema ásamt öðrum, sem munu gera grein fyrir þeim.

**Forseti (GSv):** Með tilliti til þess, að hv. fjvn. hugsar til að koma saman milli funda til athugunar á nýframkomnum till., mun ég fresta fundi til kl. 6. [Fundarhlé.]

**Sigurður Þórðarson:** Ég flyt ásamt tveimur öðrum hv. þm. lítils háttar brtt. við brtt. XVIII. á þskj. 599, og vildi ég með fáum orðum mæla með henni. Hún telst fremur til viðauka en breytingar, og er á þann hátt, að við brtt. á

þskj. 599 komi nýr málsliður, sem hljóðar þannig: „Enn fremur verði á sama hátt gert upp leiði Bólu-Hjálmars í Miklabæjarkirkjugarði í Akrahreppi."

Þessir menn voru báðir stórskáld, en Bjarni Thorarensen var viðurkenndur af alþjóð, á meðan hann lifði, hafinn „hefðar upp á jökultind" eins og hann sjálfur orðaði það. En Bólu-Hjálmar var alþýðumaður, sem bjó við þröng kjör og var „hjábarn veraldar" og af sinni samtíð troðinn ofan í skarnið.

Leiði Bjarna amtmanns hefur verið hirt vel, eftir því sem um er að gera, og er sjálfsagt að halda því við og endurbæta. Eins er sjálfsagt að gera að leiði Bólu-Hjálmars, og var það á seinni árum gleymt af flestum. Þó er nú vitað, hvar það er í Miklabæjarkirkjugarði, og í sumar var merkt við það, svo að það týndist ekki aftur. Það er aðallega fyrir atbeina eins manns, Stefáns Jónssonar fræðimanns á Höskuldsstöðum, að leiði Bólu-Hjálmars fannst. Hann aflaði sér óyggjandi vissu um legu þess. Það hafði ekki verið svo mikið sem hlaðið upp, — það er sem næst hola ofan í jörðina. Ég efast ekki um, að þeir, sem vilja láta halda við leiði Bjarna, vilja ekki láta leiði Bólu-Hjálmars glatast. Vitaskuld kostar þetta nokkurt fé, en ekki svo mikið, að nokkur geti séð eftir því að þannig verði varðveitt leiði þessara tveggja stórskálda.

Ég veit ég þarf ekki að hafa um þetta langt mál. Ég lýsi yfir fylgi mínu við aðaltill., en ég hygg, að enginn geti haft á móti því, að þessari till. sé bætt við.

Það varð nokkur árekstur milli þessara tveggja manna í lifanda lífi. „Klögumálin gengu á víxl," eins og það var orðað. Nú vona ég, að klögumálin gangi ekki á víxl, þegar um er að ræða að heiðra minningu þeirra beggja.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 609 og 610, sem væntanlegar voru úr prentun, leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

**Bjarni Ásgeirsson:** Ef á að gera brtt. við fjárlfrv. með syndum þm. — þ. e. a. s. brtt., sem eru of seint fram komnar, þá má segja, að þeir hafi nú fengið aflát fyrir syndir sínar, bæði drýgðar og ódrýgðar, — en mínar eru allar ódrýgðar, þ. e. allar óframkomnar.

Þá er fyrst brtt. við 11. gr. um hækkun á liðnum „millimat". Það eru áætlaðar 10 þús. kr. Þetta mun hvergi nærri hrökkva, samkv. fenginni reynslu. Það minnsta, sem hægt er að leggja upp með, er 50 þús. kr., eins og ég hef áætlað.

Þá leyfi ég mér að bera fram till. um 100 þús. kr. framlag til brúa á sýsluvegum gegn tilskildu framlagi annars staðar að og eftir ákvörðun ríkisstjórnar.

Þá flyt ég ásamt 3 öðrum hv. þm. brtt. við 14. gr. um að veita nokkra fjárhæð til Hallgríms Helgasonar tónskálds, til þess að vinna að endurbótum á söngkennslu í skólum í samráði við fræðslumálastjóra. Söngkennsla í skólum hér á landi er mjög ófullkomin, og það jafnvel þar, sem aðstaðan er bezt. Það má segja, að henni hafi hrakað mjög nú um langa hríð, eða síðan Jónas Helgason tónskáld var hér söngkennari í skólum Rvíkur. En við flm. álítum þennan þátt í kennslustarfi skólanna svo mikils virði, að það sé óviðunandi að hann sé ekki tekinn föstum tökum frá grunni, og þá fyrst í barnaskólum landsins. Því þó að ýmislegt sé gert af góðum mönnum til að halda uppi söngmennt í þessu landi, þá er það sá útlendi „jazz"söngur, sem virðist vera að leiða æskuna á villigötur og útrýma öðrum söng og skáldskap um leið, með því hnoði, sem tengt er við erlendan „jazz", og er tími til kominn að rísa á móti þessum ófögnuði. Spor í þessa átt er því það heillaríkasta spor, sem stigið verður um söngmennt landsins, því að börnunum verður að byrja að kenna og þá í sambandi við skóla landsins. Því óskum við, að hv. Alþ. vilji veita þessari till. brautargengi.

Þá flyt ég aðra brtt., og er hún einnig við 14. gr., þess efnis, að veitt verði lítils háttar fjárhæð til Skallagrímsgarðs í Borgarnesi. Þetta er skrautgarður, sem kvenfél. í Borgarnesi er að fegra og prýða, og er hann til fegurðarauka fyrir staðinn og til minningar um landnámsmann þann, er byggði Borgarnes. Nokkur undanfarin ár hefur Alþ. styrkt þessa starfsemi kvenfélagsins með 1000 kr. styrk í fjárl. Þessi styrkur er nú ekki tekinn upp í fjárl., en ég ber fram till. um, að hann verði tekinn upp eins og undanfarin ár. Ég vænti þess, að hv. þm. sjái sér fært að veita liðsinni sitt til þessa litla styrks.

Þá á ég brtt. um lítinn fjárstyrk til ljóslækninga í Borgarnesi. Það hefur verið haldið uppi ljóslækningastofu í Borgarnesi af nokkrum borgurum þar, og hefur hún notið stuðnings bæði borgaranna í Borgarnesi og annarra héraðsbúa í Borgarfirði. En þessi félagssamtök hafa litlum fjármunum úr að spila, og hefur Alþ. veitt lítils háttar stuðning til þessarar starfsemi, en hún féll þó niður s. l. ár, en ég legg nú til, að þessi starfsemi verði upptekin að nýju og Alþ. veiti til þess 1000 kr. styrk.

Þá ber ég fram brtt. við 18. gr. um eftirlaun til Þorleifs Erlendssonar kennara. Hann er einn af elztu kennurum landsins og hefur síðan um aldamót verið kennari og lagt mjög mikið á sig og unnið þarft verk og víða hlaupið í skörðin, þar sem illa hefur gengið að fá kennara. Nú er hann orðinn gamall maður og lasburða, eins og eðlilegt er um aldraða menn, en félítill, og legg ég því til, að honum verði veittur ofurlítill styrkur sem eftirlaun í 18. gr.

Þá eru að lokum tvær till., sem ég flyt ásamt hv. þm. V.-Húnv. Önnur er um 50 þús. kr. styrk til nýbýla, til þess að bæta úr brýnustu nauðsyninni til aðstoðar þeim mönnum, sem byggt hafa nýbýli á undanförnum árum, þegar dýrtíðin var sem mest, og lent hafa í fjárhagsörðugleikum vegna hins gífurlega kostnaðar, sem hlaðizt hefur á þessa menn vegna þessarar starfsemi þeirra á undanförnum árum. Styrkveitingar samkvæmt nýbýlalögunum og fjárl. eru mjög takmarkaðar, svo að ekki er hægt samkvæmt þeim að veita þessum mönnum þann stuðning, sem nauðsynlegur er til þess, að

þeir komist út úr þeim erfiðleikum, sem þeir hafa komizt í vegna dýrtíðarinnar við þessi brautryðjendastörf sín um nýbýlamyndun. Við leggjum til, að veittur verði 50 þús. kr. styrkur, sem nýbýlastjórn geti varið til þess að létta mestu erfiðleikunum af þeim mönnum, sem erfiðast eiga með að komast út úr þessum vanda.

Þá leggjum við til að heimila 100 þús. kr., eins og gert er í yfirstandandi fjárl., til uppbótar á þann byggingarstyrk, sem veittur er samkvæmt l. Það hefur sýnt sig á undanförnum árum, að það fé, sem veitt er til þeirra hluta, hrekkur hvergi nærri til vegna dýrtíðarinnar. Við höfum ekki séð, að unnt væri að greiða fyrir eða veita stuðning öllum þeim, sem hafa orðið að leggja út í kostnað í þessum efnum, og höfum því ekki séð annað fært en fara fram á, að þessi upphæð, 100 þús. kr., verði heimiluð til þessara uppbóta. — Ég skal svo ekki þreyta menn með langri ræðu, en vil vænta þess, að menn veiti þessum till. þann stuðning, sem er nauðsynlegur til þess, að þær nái fram að ganga.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Ég á hér nokkrar brtt., sem ég vildi mæla fyrir. Það er þá fyrst brtt. 517, 27 um handíðaskólann. Till. þessi, sem ég flyt ásamt þrem öðrum hv. þm., er um það, að handíðaskólanum verði á næsta ári greidd full verðlagsuppbót á grunnstyrk til skólans. Um þessa till. er það að segja, að það var samþ. við afgreiðslu síðustu fjárl., að grunnstyrkurinn til skólans skyldi vera 2600 kr., og ríkisstj. hefur framkvæmt þetta svo, að hún hefur greitt fulla verðlagsuppbót á þennan styrk, og skólanefnd skólans gengur út frá því, að hún fái jafnháan styrk á næsta ári og hefur miðað skólareksturinn við það. Það kæmi vitanlega skólanum illa, ef hann yrði sviptur meiri hl. af þeim styrk, sem hann hefur fengið, með því að fella niður verðlagsuppbótina á grunnstyrkinn. Það fór svo, að meiri hl. fjvn. vildi ekki taka þetta upp sem sína till., þrátt fyrir það, þó að það kæmi fram í n., að meiri hl. mundi geta fallizt á efni till. út af fyrir sig. Handíðaskólinn er ungur skóli, en vinnur þýðingarmikið verk. Nú eru í skólanum 330 nemendur, og styrkurinn, sem skólanum er ætlaður, er ekki svo hár, að ástæða sé til þess að fara að lækka hann, á sama tíma og styrkir til annarra skóla eru látnir halda sér, frá því, sem var í fyrra. Ég vil því vænta þess, að hv. alþm. sjái sér fært að verða með þessari till. og slái því föstu, að þessi skóli skuli fá samsvarandi fjárstyrk til rekstrar á næsta ári og hann hefur fengið á þessu ári.

Þá á ég brtt. á þskj. 546,4. Sú till. er um, að veittar verði til brúargerðar á Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum 250 þús. kr. Þessi brú mundi verða mikið mannvirki, og reiknað með núverandi verðlagi er áætlað, að hún mundi kosta um 1 millj. kr. En þessi brú mundi vera mjög þýðingarmikil, hún mundi stytta samgönguleiðina milli Austur- og Norðurlands um 90 km., og mundi því gerbreyta samgöngum til Austurlands við aðra landshluta. Það er gert ráð fyrir því, að þessi brú verði byggð fyrir fé það, sem safnazt hefur í brúarsjóð samkvæmt sérstökum l. En það gengur hægt að safna í þann sjóð; nú um áramótin munu verða í honum um 700 þús. kr., og vantar því enn þá um 300 þús. kr. til þess, að nægilegt fé sé fyrir hendi til þess að leggja í þessa brúarbyggingu. Ég álít, að hér sé um svo þýðingarmikið atriði að ræða, að það sé ekki nema rétt og sjálfsagt að leggja fram aukafé til viðbótar því, sem er í brúasjóði, til þess að hægt sé að hefjast handa um bygginga á þessari brú sem allra fyrst. Það er vitað, að aðrar stórbrýr bíða eftir því, að lagt sé fram fé til þeirra. Hér eru komnar fram till. um fjárframlög til þeirra brúa, en þeim yrði um leið þokað áfram með því að samþ. fjárframlag til þessarar brúar, vegna þess, að þá kæmu þær brýr fyrr til með að fá fjárframlög úr brúasjóði, í stað þess, að annars mundi Jökulsárbrúin halda áfram að ganga fyrir um það fé, sem annars rynni í brúasjóð. Ég vil vænta þess, að hv. þm. samþ. þessa till., þegar þeir athuga nánar, hvað hér er um mikilvæga framkvæmd að ræða.

Þá á ég brtt. á þskj. 599,4, sem er um það, að veittar verði 100 þús. kr. til brúargerðar á Hofsá í Álftafirði, en hún sker í sundur þann veg, sem tekizt hefur að leggja á milli Hornafjarðar og Djúpavogs. Brú á Hofsá yrði nokkuð dýr, um 200 þús. kr., en ég hef í minni till. lagt til, að til þessarar brúargerðar yrðu lagðar fram 100 þús. kr., og er það í samræmi við það, sem tekið er til annarra brúargerða, því að einhvern tíma verður að byrja á því að leggja fram fé til þess að brúa þær ár, sem beinlínis klippa í sundur samgönguæðar, eins og þessi. Ef þessi brú kæmist upp, væri bílfært frá Djúpavogi til Hornafjarðar.

Þá á ég brtt. á þskj. 605, 8, till., sem ég flyt ásamt hv. þm. Ísaf., um það að heimila ríkisstj. að selja varðskipið „Þór", en þó því aðeins, að annað hentugra skip til landhelgisgæzlu verði keypt í staðinn. Það er kunnugt, að varðskipið „Þór" er óhentugt í rekstri, og hefur verið mikið tap á rekstri skipsins. Það hefur komið til tals að selja skipið, og fjvn. hefur nokkrum sinnum rætt um það mál, en hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Við, sem stöndum að þessari till., álítum, að þó að „Þór" sé ófullkomið skip, þá sé ekki á nokkurn hátt verjandi að selja þetta skip, meðan ekki hefur fengizt annað hentugra í staðinn. Það er kunnugt, að ríkið verður nú að leigja, með óhagstæðum kjörum, skip til flutninga innanlands, og gæzlu jafnvel líka. Það er því alls ekki verjandi, að á sama tíma og ríkið verður að leigja skip með óhagstæðum kjörum, fari það að selja eitt af sínum skipum, þó að það sé ekki hagstætt í rekstri. Hins vegar er vert að athuga að selja skipið, ef hægt er að fá annað hentugra í staðinn.

Þá á ég einnig brtt. á þskj. 599, 6. Hún miðar að því að auka stórum fjárframlag til byggingar húsmæðraskóla í sveitum, og þá alveg sérstaklega með tilliti til Hallormsstaðarskólans og skóla Árnýjar Filippusdóttur í Hveragerði. Það hagar þannig til með Hallormsstaðarskólann, að

það er brýn þörf á því að koma upp viðbótarbyggingu við hann. Skólastjórinn hefur barizt fyrir því undanfarin ár að reyna að koma byggingu þessari af stað, en það hefur staðið á því að fá fjárframlag frá ríkinu til byggingarinnar. Skólann vantar alveg tilfinnanlega leikfimissal og aðstöðu til þess að geta kennt matreiðslu og hannyrðir, auk þess má benda á það, að á Hallormsstað er einhver vinsælasti sumardvalarstaður almennings, a. m. k. á Austurlandi, og þangað koma á hverju ári mjög margir menn, en húsakostur skólans er ófullnægjandi til þess að mæta þeim fólksstraum, sem þangað streymir nú, því að þátttaka manna í sumarferðalögum eykst sífellt, og af þeim ástæðum er einnig nauðsynlegt að geta aukið við húsnæðið. En til þess að skólinn geti hafizt handa um þá byggingu, sem gert hefur verið ráð fyrir, þarf að hækka mjög mikið frá því, sem gert hefur verið ráð fyrir, framlag ríkisins til byggingar *húsmæðraskóla í sveitum. Ég hef því lagt til*, að þessi fjárveiting yrði hækkuð um 120 þús. kr., og mundi hækkunin koma niður á alla þá skóla, sem til mála geta komið, en mest á Hallormsstaðarskóla.

Auk þessarar brtt., sem ég hef nú lýst, er ég meðflm. að þrem öðrum till., sem eru í prentun, en með leyfi hæstv. forseta vildi ég mega skýra nokkuð frá þeim. Ein þeirra till. er um það að bæta nýjum lið við 22. gr., þar sem ríkisstj. væri heimilað að verja allt að 10 þús. kr. til þess að styrkja útgáfu kennslubókar í raffræði. Ástæðan til þessarar till. er sú, að félag íslenzkra rafvirkja hefur snúið sér til ríkisstj. og óskað eftir framlagi frá ríkinu til þess að hægt væri að koma út þessari kennslubók. Stj. tók vel í málið, en hefur ekki heimild til þess að verja fé í þessu skyni, og var því erindi rafvirkjafélagsins sent til fjvn. Fjvn. aflaði sér *upplýsinga hjá rafmagnseftirliti ríkisins* um þörf slíkrar kennslubókar og kostnað við útgáfu á henni, og samkvæmt áliti rafmagnseftirlitsins er mikil þörf á að fá slíka kennslubók, en heildarkostnaður við útgáfuna mun nema 50 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir sæmilegri sölu á bókinni, en að áliti eftirlitsins mundi alltaf verða um 10 þús. kr. halli við útgáfu þessarar bókar. Það fékkst ekki meiri hl. fyrir því í fjvn. að taka upp neina fjárveitingu í þessu skyni, en ég er á þeirri skoðun, að hér sé um mikla nauðsyn að ræða, sem sjálfsagt sé að styðja, að nái fram að ganga. En í till. minni er heimild stj. bundin við það, að samning og útgáfa bókarinnar yrði *háð eftirliti og stjórn rafmagnseftirlits ríkisins*.

Þá er önnur af þeim brtt., sem ég er meðflm. að og er ekki komin úr prentun, en brtt. er við brtt., sem er á þskj. 604, 4, en það er till. meiri hl. fjvn. um dýrtíðarráðstafanir eða öllu heldur 10 millj. kr. framlag til verðuppbóta til bænda. Sú brtt., sem ég flyt, ásamt meðflm. mínum, er um það, að þessar uppbætur verði lækkaðar úr 10 millj. í 6 millj., og svo eru skilyrðin um greiðslu á þessu fé nokkuð önnur en í ákvæðinu, sem fylgir till. meiri hl. fjvn. Við leggjum til, að þessi verðuppbót verði greidd á útfluttar landbúnaðarafurðir, og þá fyrst og fremst til þeirra aðila, sem hafa framleiðslu undir því, sem meðalbú hafa, en að ekki verði farið inn á þá braut að greiða millj. kr. úr ríkissjóði í uppbætur til bænda, sem hafa tekjur yfir meðalbú. Auk þess gerum við ráð fyrir því, að sett verði sérstök l. um það, hvernig úthluta skuli þessum *verðuppbótum. Ef reglur þær, sem við höfum* sett í okkar till., yrðu viðhafðar við úthlutun þessa fjár, þá er það öllum ljóst, að upphæðin mundi lækka allverulega, því að það er ekki svo lítill hluti framleiðslunnar, sem kemur niður á þá bændur, sem hafa yfir meðalbúsframleiðslu, og það er af þeim ástæðum, að við höfum lækkað upphæðina úr 10 millj. niður í 6 millj. kr.

Þá er þriðja till., sem ég flyt ásamt samflokksmanni mínum og ekki er heldur komin úr prentun. Sú till. er um það að verja allt að 4 millj. kr. til launauppbótar handa smáútvegsmönnum og hlutarsjómönnum eftir nánari reglum, sem Alþ. setti um greiðslu þess fjár til þeirra smáútvegsmanna og hlutarsjómanna, sem sérstaklega hafa orðið illa úti og segja má, að standi mjög svipað á fyrir og þeim bændum, sem nauðsyn þykir að styrkja úr ríkissjóði. Samkvæmt þessum tveim till. leggjum við því til, að varið verði úr ríkissjóði sömu upphæð eins og meiri hl. fjvn. leggur til í sinni till., eða 10 millj. kr. En í staðinn fyrir það, að meiri hl. leggur til að verja um 4 millj. til handa bænda, sem hafa yfir meðalbú, leggjum við til, að þessar 4 millj. gangi til þeirra fiskimanna, sem hafa verið óeðlilega lágt launaðir, miðað við aðrar vinnandi stéttir og því fé verði úthlutað, eftir nánar settum reglum, af Alþ. Jafnframt þessari till. mun ég ásamt einum samflokksmanni mínum leggja fram þáltill. um, að skipuð verði þriggja manna n., sem athugaði nánar hag og afkomu smáútvegsmanna og hlutarráðinna fiskimanna og gerði till. um það, hvernig bezt yrði fyrir komið stuðningi ríkisins *við þá, og eins, hvernig megi tryggja þeim sanngjörn* lágmarkslaun til frambúðar. Það er vitanlegt, að hlutarsjómenn hafa þegar gert samninga um það að beita sér fyrir því að fá lágmarkstryggingu fyrir sinn hlut. Fyrir skömmu var haldin ráðstefna sjómanna í Reykjavík, og gerði hún samþykkt í þá átt. Allmikill hluti af útgerðinni í landinu getur af eigin rammleik staðið undir lágmarkskauptryggingu til sinna hlutarmanna, en hins vegar er það vitað, að nokkur hluti útgerðarinnar, sérstaklega smærri útgerð, er ófær um í ýmsum tilfellum að mæta þessari lágmarkskauptryggingu, sem þó er sanngjörn frá hlutarmanna hálfu. Við höfum hins vegar bent á þá möguleika, að komið yrði upp sérstakri tryggingarstofnun, þar sem reynt yrði að mæta þeim skakkaföllum, sem kæmu fram hjá þeim smáútvegsmönnum, sem þyrftu að grípa til þess að greiða aukalaun, til þess að fylla upp í lágmarkskauptrygginguna. Það væri því eðlilegt, að þessi tryggingarstarfsemi væri fyrst og fremst kostuð af útgerðinni og ríkinu. Það er nauðsynlegt og sjálfsagt að tryggja þeim, sem vinna við smábátaútgerðina, lágmarkslaun. En ég mun gera nánari grein fyrir þeirri till., er hún verður flutt sem þáltill. Ég vona, að hv. þingmenn sjái, að um leið og þeir greiða bænd-

um verðlagsuppbætur, sé og sanngjarnt að greiða hlutarsjómönnum, sem búa við enn lélegri kjör en bændur, nokkrar uppbætur, og vænti ég, að þm. sjái sér fært að samþykkja till. um þetta atriði.

**Sigfús Sigurhjartarson:** Herra forseti. Ef það er rétt, sem fram kom í ræðu hv. þm. Mýr., að brtt. við fjárlögin teljist synd, þá er mín synd lítil, því að það er aðeins ein lítil till., sem ég flyt, og er hana að finna á þskj. 517 og fjallar um hvíldarheimili fyrir sjómenn í Reykjavík. Ég hef leyft mér að leggja til, að varið yrði í þessu skyni 200 þús. kr. Ég sé, að síðar er fram komin till. um sama mál frá hv. 4. þm. Reykv. og hv. 6. landsk. Sá einn munur er á þessum tveimur till., að á þskj. 599 er lagt til, að upphæðin verði 250 þús. kr. Ég vil taka það fram, að ég skoða það ekki sem ofrausn og mun greiða atkv. með þeirri till. og skoða mína sem varatillögu við hana.

Rök þessa máls eru alkunn. Það er öllum kunnugt, hvern hlut sjómennirnir eiga í því að afla þjóðarbúinu tekna. Verðmæti sjávarfaurða nemur um 90% af tekjum ríkissjóðs. Sjómenn okkar leggja margir hverjir svo hart að sér, að þeir eru orðnir slitnir menn fyrir aldur fram, og er það algengt, að þeir séu orðnir lítt færir til erfiðisvinnu, þegar þeir eru komnir á fimmtugsaldur. Ég tel sjálfsagt, að ríkið stuðli að því að koma upp hvíldarheimili fyrir sjómenn, og þarf ekki að efa, að stór framlög koma annars staðar að. — Læt ég þetta nægja. Ég flyt ekki aðra brtt. við fjárlögin og vænti því þess, að þingmenn geti orðið sammála um að ljá henni fylgi sitt.

**Sigurður Thoroddsen:** Herra forseti. Ég er hér meðflm. að nokkrum brtt., og mun ég ekki ræða um þær, af því að aðalflm. gera það væntanlega. En ég er aðalflm. að tveimur brtt., og um þær ætla ég að fara nokkrum orðum.

Sú fyrri er á þskj. 517, XXXII, við 15. gr. B. IV. 6., að þar komi nýr liður um framlag til úrkomumælinga á hálendi Íslands og áhaldakaup í því skyni, 25 þús. kr. Og varatill. er þar um 15 þús. kr. framlag til þessa. Það hafa orðið mistök með orðalagið á þessari till. á þskj. 517, en það er leiðrétt á þskj. 605, V. Og enn fremur er á þskj. 517, XXXII brtt. við sömu gr. B. VII, um að þar komi nýr liður um framlag til vatnsmælinga á fallvötnum, 60 þús. kr., en til vara 30 þús. kr.

Þegar okkar verkfræðingum er falið að gera áætlanir um virkjanir, þá er það segin saga, að undirbúningurinn, sem þyrfti að geta í því efni, er sjaldnast nægur og einkum í því efni, að ekki er vitað um vatnsmagn fallvatnanna, sem virkja á. Þetta er ekki vansalaust fyrir okkur. Allar nágrannaþjóðir vorar hafa fyrir löngu tekið þann hátt upp að mæla fallvötn sín. T. d. í Noregi hafa reglulegar vatnsmælingar verið hafðar í flestum ám, sem til mála kemur að virkja, um 50 til 60 ára bil og í sumum um enn lengri tíma. Og svo er víðast annars staðar, jafnvel í Danmörku, þar sem lítið vatnsafl er, þar hafa þó þessar mælingar verið gerðar.

Því verður ekki neitað, að mikillar raforku er þörf hér eins og annars staðar, og háværar kröfur um virkjanir eru nú á döfinni. Það segir sig því sjálft, að það er okkur nauðsyn að taka upp þennan mjög svo nauðsynlega undirbúning undir virkjanir. Því að það er ekki lengi að borga sig, ef hægt er að segja um það fyrirfram, hve mikið er hægt að virkja í hverri á fyrir sig, en þurfa ekki, eins og nú er, að byggja það á tómum ágizkunum. Við höfum oftast ekki á öðru að byggja um þetta en úrkomumælingum herforingjaráðsins og svo ágizkunum út frá því um það vatnsmagn, sem í á hverri rennur til sjávar.

Ég hef hér í fyrri liðnum farið fram á, að teknar verði upp úrkomumælingar á hálendi Íslands, sem yrðu væntanlega gerðar undir umsjón forstjóra rafmagnseftirlits ríkisins í samráði við veðurstofuna.

Við 2. umr. hugkvæmdist mér að flytja þessa brtt. og fór þess á leit við meðflm. mína að brtt., sem eru meðnefndarmenn mínir í millþingan. í raforkumálum, að flytja þessa till., en þótti þá réttara að láta hana bíða til 3. umr. og láta athuga hana í fjvn. á milli umr. En það fórst fyrir, að fundur væri haldinn í fjvn. Kom því till. ekki þar til umr. Hún var því ekki rædd í hv. fjvn., en kemur nú hingað án þess. En ég átti tal við forstjóra rafmagnseftirlits ríkisins og forstjóra veðurstofunnar, og upphæðirnar eru ákveðnar í samráði við þá. Hv. meðflm. mínum þóttu þó þessar upphæðir of háar og þótti líklegra til framgangs brtt. að setja varatill., og féllst ég á það, til þess þó að fá eitthvað fram í þessu efni. — Ég skal geta þess, að liðinn 60 þús. kr. til vatnsmælinga í fallvötnum áætlaði ég í samráði við forstjóra rafmagnseftirlits ríkisins, sem gert er ráð fyrir, að sé kaup handa einum manni til þess að setja mælingaútbúnað í ár, sem eru á annað hundrað.

Ég vænti, að þetta nægi til þess að sýna hæstv. Alþ., að nauðsynlegt sé að samþ. þessar brtt.

Á þskj. 605 flyt ég ásamt hv. 3. þm. Reykv. og hv. þm. A.-Sk. brtt. undir lið nr. I, um framlag til rekstrar fávitahælis, 100 þús. kr. og til vara 70 þús. kr. Ég flutti á síðasta þingi till., sem fóru í sömu átt, en voru miklu hærri, því að þá þurfti að gera ráð fyrir, að byggja þyrfti þetta hæli. Nú er fram komið nokkuð annað viðhorf, með því að það mun ráðið, eftir því sem mér er tjáð, að Kleppjárnsreykjahúsið, sem hefur verið notað fyrir hæli fyrir ungmenni á glapstigum, — en það hæli hefur verið lagt niður, — muni eiga að taka fyrir fávitahæli. Þarf því ekki að leggja fram annað nú til fávitahælis en rekstrarkostnað. Lög um fávitahæli voru sett hér á Alþ. árið 1936 fyrir forgöngu Guðrúnar Lárusdóttur alþm. En þar er svo ákveðið, að þegar fé verði veitt til þess í fjárl., þá sjái ríkisstjórnin um, að þetta hæli fyrir fávita og vanvita verði sett á stofn. Þegar þessi l. eru sett, þá telur flm. frv. til þeirra l., að þá séu um 200 fávitar á landinu, en þá var hæli fyrir

25 þeirra, og þetta hæli var einkaeign. Nú er talið, eftir þessi ár, að fávitar utan Reykjavíkur séu hátt á annað hundrað, sem þarfnist hælisvistar, en í Reykjavík a. m. k. 100. En aðstæður eru enn óbreyttar um hælisvist handa þessu fólki, hæli er til fyrir 25 til 30 fávita, sem er rekið í einkaeign. Það ætti því sízt að vera þörf á að brýna það fyrir hv. alþm., hve þarft þetta mál er. En þó hefur þessi seinagangur verið hafður á þessu máli, að ekkert hefur verið gert í því. Enn eru fávitarnir svo hundruðum skiptir hælislausir, illa hirtir margir hverjir, sjálfum sér og öðrum til leiðinda, ættingjum sínum til armæðu og þjóðfélaginu til skammar. Ég vænti því, að þessi brtt. verði samþ.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég er meðflm. hér að nokkrum brtt. En ég er 1. flm. að brtt. á þskj. 546, VII, um að bæta á 13. gr. nýjum lið, til skipasmíðastöðvar í Reykjavík, gegn 3/5 úr hafnarsjóði Reykjavíkur, 1 millj. kr. Það er nú hér á leiðinni gegnum þingið lagafrv., sem vonandi kemst í gegn, sem nú er gengið í gegnum hv. Ed. og mun nú vera í sjútvn. hv. Nd., sem er frv. til l. um breyt. á hafnarl. fyrir Reykjavíkurkaupstað. Það frv. er fram borið samkv. till. milliþn., sem sett var til þess að athuga um byggingu skipasmíðastöðvar. Og í því lagafrv. er svo fyrir mælt, eins og það nú liggur fyrir, eftir að því var breytt í hv. Ed., með leyfi hæstv. forseta:

„Til hafnargerða, skipakvía, dráttarbrauta og annarra mannvirkja í sambandi við skipasmíðastöð við Elliðaárvog veitist úr ríkissjóði 2/5 kostnaðar eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 2 millj. króna, gegn 3/5 frá hafnarsjóði Reykjavíkur."

Hér er sem sé um það að ræða að hefjast handa um mannvirki, sem allir þingflokkar, ef ég man rétt, hafa verið sammála um, að væru meðal þeirra, sem brýnust nauðsyn væri að ráðast í hér á landi. Ég þarf þess vegna ekki að ræða neitt sérstaklega um nauðsyn þessa verks út af fyrir sig. Það er þá aðeins hitt, sem um er að ræða: Er það rétt fyrir okkur nú þegar að hefjast handa með þetta á næsta ári, eða væri skynsamlegra af okkur að láta þetta bíða hvað snertir sjálfa bygginguna á skipasmíða- og skipaviðgerðastöð. Ef gengið er út frá því, að lok styrjaldarinnar muni verða á næsta ári, a. m. k. í Evrópu, þá munu á því ári verða hvað mestir markaðsmöguleikar fyrir okkur Íslendinga, og þess vegna mun vera brýn nauðsyn fyrir okkur að eiga þá sem allra stærstan skipaflota. Og til þess þurfum við að geta byggt og gert við sem mest af skipum fyrir okkur sem hægt er. Það er því litlum efa bundið, að ef hægt er sem fljótast að ráðast í þetta, þá er það heppilegast.

En það er ekki aðeins sá hluti verksins, sem gera þarf að koma upp þessum stöðvum. Því að það mun vera hægt að koma með þau gagnrök, að ekki muni vera hægt á skömmum tíma að koma dráttarbraut svo vel upp, að notazt gæti á næstu síldarvertíð. En þá er þó hitt, sem okkur ber alveg sérstaklega að athuga, og um það munu allir flokkar vera sammála, að það séu horfur á því, að þegar fer að líða á næst komandi ár, þá muni fara að verða vart atvinnuleysis, ekki aðeins úti á landi, eins og verið hefur, heldur líka hér í Reykjavík. Og þá leggst undireins sú spurning fyrir okkur, hvort þá eigi að fara í gamla horfið um að ráðast í hinar og þessar aðgerðir, sem meira og minna eru ónauðsynlegar, eða a. m. k. óarðberandi til þess að ráða bót á atvinnuleysinu. Nú þykist ég vita, að flestir muni hugsa sem svo, að það gangi alls ekki, að það verði atvinnuleysi eftir stríðið, það verði að sjá fólkinu fyrir vinnu. Og ef ekki hafa verið gerðar neinar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja atvinnuleysi eftir stríðið, þá má búast við, að þotið verði í að láta vinna að vegagerðum og brúagerðum o. þ. h. á vetrum. En þá virðist mér, að rétt væri að undirbúa þannig skipasmíðastöðvarbyggingu, að farið væri að ryðja og laga til við Elliðaárvog. Það heppilegasta, sem hægt væri að gera til þess að sá vinnukraftur, sem fer að losna úr þeirri vinnu, sem menn hafa verið í undanfarið, yrði vel notaður, hygg ég, að væri þessi undirbúningur. Og þess vegna gæti verið sérstaklega heppilegt, þegar fjárl. fyrir næsta ár eru afgreidd, að ætluð væri upphæð í þessu skyni. Það eru nú ekki áætlaðar neinar verulegar fjárhæðir til þess, sem áður var kallað atvinnubætur. Og það væri að vissu leyti vel farið, ef því meira fé væri ætlað til verklegra framkvæmda. Þessi till., sem við höfum leyft okkur að bera hér fram, miðar að því, að nú þegar séu af hálfu þingsins gerðar ráðstafanir til þess að undirbúa og hrinda í framkvæmd þessu nauðsynjamáli, sem allir þingflokkar hafa verið sammála um, að sé eitt af því fyrsta og bezta, sem við getum ráðizt í að stríðslokum. Enn fremur hefur þetta framlag þann kost í för með sér, frá sjónarmiði atvinnumálanna og ríkisins, að hafnarsjóður Reykjavíkur á að leggja fram 50% hærri upphæð en það, sem ríkið leggur fram. Og hafnarsjóður er ekki of góður til þess að gera slíkt. Ef þetta væri samþ., mundi það þýða, að ef ríkið legði fram 1 millj. kr. á næsta ári til þessara framkvæmda, þá mundi hafnarsjóður Reykjavíkur leggja fram 1½ millj. kr. til þeirra á móti, svo að þar mundu koma 2½ millj. kr., sem mundi þýða það, að mjög mikið mundi þá þegar verða að þessu verki unnið. Er kannske of mikið að segja, að helmingur verksins kláraðist á næsta ári, en þetta framlag mundi a. m. k. nægja til þess, að hægt væri að koma upp á næsta ári þurrkví og dráttarbraut, sem væri hægt að nota til að byrja smíði skipa í og gera við skip af fullum krafti.

Ég býst nú ekki við, eftir þeim góðu undirtektum, sem frv. um þetta mál hefur fengið í þinginu, að það muni mæta neinni verulegri mótspyrnu, að þingið sýndi nú þegar hug á því að vilja nú ekki láta sitja aðeins við lögin tóm, heldur hrinda verkinu í framkvæmd.

Ég man nú ekki eftir í svipinn, að af þeim 19 millj. kr., sem veittar eru á 13. gr., sé ein einasta milljón ætluð til Reykjavíkurkaupstaðar. Ég held, að það sé svo sem ekki neitt, sem

veitt er þangað af framlögum til vegasamgangna, vita og annars slíks. Og þar sem Reykjavík leggur nú til um ⅔ hluta af tekjum ríkissjóðs, þá er það náttúrlega ekki til mikils mælzt, þó að þessi eina milljón væri nú lögð þar fram, gegn því, að hafnarsjóður Reykjavíkur legði á móti 1½ millj. kr., og með þessu væri ráðizt í fyrirtæki, sem mundi koma sjávarútvegi allra landsmanna að mjög góðu haldi og hjálpa verulega til þess að hindra það, að atvinnuleysi komi aftur yfir þjóðina, og það á þann skynsamlegasta og eðlilegasta hátt, sem ég býst við, að allir þingflokkar séu sammála um. — Ég vonast þess vegna til þess, að allir hv. þm. geti orðið sammála um þessa brtt. og samþ. hana.

**Garðar Þorsteinsson:** Herra forseti. Þetta eru aðeins örfá orð. Ég vildi fyrst og fremst þakka hv. fjvn. fyrir það, að hún hefur að langmestu leyti tekið upp till. þær, sem ég og hv. 1. þm. Eyf. höfðum lagt fyrir hana. Það eru þó hérna á þskj. 517 tvær till., þar sem við förum fram á hækkun.

Í fjárlfrv. eru ætlaðar 10 þús. kr. til Hrísavegar, en við förum fram á, að það verði 15 þús. kr. Þessi vegur hefur orðið út undan, þannig að hann er raunverulega ónothæfur, og ég hygg, að vegamálastjóri muni hyggja gott til þess, að lagt sé á fjárl. til þessa vegar það, sem hér er farið fram á, svo að ég vona, að þessi hækkunartill. verði samþykkt.

Þá höfum við, hv. 1. þm. Eyf. og ég, farið fram á 25000 kr. til bryggjugerðar í Rauðuvík við Eyjafjörð. Það hefur verið veitt, bæði í fyrra og nú í ár, fé til bryggjugerðar á Litla-Árskógssandi: í fyrra 15 þús. kr. og nú 25 þús. kr. og á öðrum stað 25 þús. kr. Það er að vísu svo, að það er fjölmennara á þessum stöðum en við Rauðuvík, en við Rauðuvík er ákaflega gott bryggjustæði, alveg í skjóli, og mundi bryggja þar auka útgerð ákaflega mikið, svo ég vænti að þingið geti fallist á þessa fjárveitingu.

Á þskj. 605, 5. till., er b-liðurinn til samræmis við það, sem farið hefur verið fram á, en aliðurinn er um að heimila allt að 10000 kr. til þess að athuga, hvernig hægt er að bæta úr vatnsskorti í Grímsey og til dælukaupa í þeim tilgangi. Það liggur fyrir hjá fjvn. álit Pálma Einarssonar um það, að það muni kosta a. m. k. 30—35 þús. kr. að koma þessari vatnsveitu á, setja upp dælurnar og leiða það niður í þorpið. Þarna hagar þannig, að þegar þurrkar ganga, geta Grímseyingar ekki fengið vatn, nema að sækja það sjóleiðina alllangan veg, 15 mínútna ferð á mótorbát eða fara 20 mín. gang. Síðan er farið upp í bergið tugi metra til þess að ná í vatnið, því að eftir því, sem upplýst er, er það aðeins á þessum eina stað, sem Grímseyingar geta fengið vatn, þegar þurrkar ganga. Aðrir staðir, sem vatnið er tekið úr, tjarnir, eru óhreinir og geta valdið smitun og sjúkdómum, og vitanlega er ekki um aðra leið að ræða fyrir Grímseyinga en að sækja vatnið niður í bjargið. Nú er það hins vegar, að þegar brim er, er ekki hægt að komast að vatninu, og verður því að síga niður. Ég vildi nú óska þess, að form. fjvn. vildi gefa loforð um það eða yfirlýsingu, að sama upphæð, sem hér er lagt til að verði veitt, verði veitt á næstu 2—3—4 árum, eftir því, sem þyrfti, því að væri slík yfirlýsing fyrir hendi, væri hægt að útvega Grímseyingum það lán, sem þeir þyrftu til þess að geta byrjað á þessu og komið vatnsveitunni á. Menn úr Grímsey hafa staðið í bréfaviðskiptum við mig um, hvort ég gæti útvegað fjármagn til þess að koma þessu á stað, og að sjálfsögðu geri ég það, ef þessi yfirlýsing kemur frá fjvn. Það má segja, að það sé einsdæmi, að fé sé veitt til vatnsveitu, en samt hefur verið veittur styrkur til þess að leita eftir vatni eins og í Vestmannaeyjum. Það er ekki fullreynt, hvort vatn er víðar í björgunum í Grímsey, sem hægt er að ná með góðu móti, en víst er, að þarna er drykkjarvatn, sem er svo og svo marga metra fyrir neðan bjargbrún og ekki er hægt að ná, nema að klífa eða síga.

Grímsey er svo afskekkt, að hún hefur engan lækni, enga yfirsetukonu og engan prest, og mætti ekki minna vera en að eyjarskeggjum væri hjálpað til þess að fá ferskt vatn til drykkjar, svo að þeir þyrftu síður á lækni að halda. Það hefur verið ætlazt til þess, að presturinn í Grímsey hefði nokkra læknisku nnáttu, og var eyjan veitt manni, sem hafði lært eitthvað til læknisstarfa, en hann hefur aldrei komið þangað. Í Grímsey er læknislaust, prestslaust og yfirsetukonulaust, og það er ekki langt síðan kona fórst þar úr barnsnauð, svo það er vitanlegt, að þegar svona stendur á, er það skylda Alþingis að veita þessa hjálp. Það vildi svo til fyrir skömmu, að það þurfti að sækja lækni, sem ekki fékkst frá Húsavík, svo það varð að sækja hann til Siglufjarðar, og tók það 7 tíma hvora leið í vonzkuveðri, þannig að ferðin tók 14 tíma þangað til komið var með lækninn, svo að það er ekki ástæðulaust, að Alþingi veiti þessum hreppi, sem telur 140 manns, það fé, sem hann þarf til þess að koma á hjá sér vatnsveitu. Það er annað, sem ég vildi benda á og ætti að vekja menn til umhugsunar um, hve Grímseyingar eru afskiptir. Útgerðarmenn landsins — og Grímseyingar lifa á útgerð að öllu leyti — hafa möguleika á að koma afurðum sínum í frystihús. Í Grímsey er það þannig, að þar er ekkert frystihús, og þeir geta ekki geymt beitu sína á vetrum, en verða að beita fugli. Þeir hafa hug á að koma upp frystihúsi, og er í undirbúningi að hjálpa þeim með það. Ég bendi bara á þetta, en það, sem ég fer sérstaklega fram á við form. fjvn., er það, hvort hann muni ekki treysta sér til að gefa yfirlýsingu um, að Alþingi muni hlaupa undir bagga næstu 2—3 árin, eftir því sem með þyrfti til þess að gera það mögulegt að koma vatnsveitunni á nú eða á næsta ári.

**Jónas Jónsson:** Ég ætla fyrst að minnast á till., sem flutt er hér af einum þm. Reykv. Það væri líklegt, að ég sem Þingvallanefndarmaður væri með því, að í staðinn fyrir brúargerð á Þingvöllum yrðu framkvæmdar stærri aðgerð-

ir, nefnilega tekinn vegurinn úr Almannagjá og hann lagður utan við Valhöll. Við í Þingvallan. höfum við hlið okkar tvo ráðunauta, vegamálastjóra og húsameistara ríkisins. Húsameistari hefur verið á móti þessari ráðabreytni, en hinn ráðunauturinn hefur verið með henni. Þetta hefur orðið til þess, að við höfum ekki treyst okkur til að fara fram á fjárframlag til þessa, en það er freisting fyrir okkur að vera með öllu, sem prýðir Þingvelli. En það er svo, að ef það dregst að gera við veginn, getur það orðið hættulegt, því að það hefur hvað eftir annað legið við borð, að stórkostleg slys yrðu við ána, einkum á vetrum, svo að við sáum okkur ekki annað fært en reyna að fyrirbyggja, að slys verði þarna. Það er ekkert um það að segja, þótt Alþingi kunni að snúa sér að því að leggja veginn; það er ekki svo mikill skaði skeður, þótt brúin sé þrátt fyrir það yfir ána, en það kann að verða hættulegt að hafa þetta svona um langan tíma.

Ég hef flutt hér tvær till. varðandi Björn Guðfinnsson lektor, en tek aðra aftur. Ég fór fyrst fram á ákveðna fjárhæð til þess að hann gæti leitað sér lækninga í Ameríku, en komst svo að þeirri niðurstöðu, að það væri of lítið fyrir fátækan mann, ef hann ætti að leggja í þetta á annað borð, og hef breytt þessu þannig, að háskólastjórnin hafi leyfi til að borga honum allt að fullum árslaunum háskólakennara til þessarar ferðar. Það gæti farið svo, að ferðin kostaði um 40 þús. kr., svo að ef það á að fara inn á að veita honum styrk, þarf hann að vera mikill eða þá ekki neitt. Ég vil taka það fram um veikindi þessa manns, að hann hefur verið skorinn upp 5 sinnum hér og erlendis, en þetta er þýðingarmikill maður, með því að hann virðist vera allra duglegasti og bezti íslenzkukennari, sem fram hefur komið hér, og þó að hann sé ungur, er farið að bera á áhrifum hans í Menntaskólanum og einnig í Háskólanum, þar sem hann hefur aðeins kennt stutta stund. Annars held ég, að þm. sé kunnugt um störf þessa manns, og ætla ekki að fjölyrða um það.

Þá hef ég flutt till. um n. til þess að skipta styrkjum milli skálda og listamanna, aðaltill. og varatill. Það er öllum kunnugt, að Alþingi hafði fyrst sjálft skipti á þessu fé, en fól það svo Menntamálaráði. Þar var það um stund, en svo urðu samtök milli margra af þessum mönnum um að hafa styrkveitingarnar ekki þar, og voru þær afhentar bandalagi þessara manna, en þá tók ekki betra við, því að það tókst ekki að fá styrkveitinguna framkvæmda fyrr en komið var langt fram á árið, og eins og menn vita, var mikil óánægja með þessi skipti, og jafnvel einn mesti maður þessa bandalags gekk úr því. Þar að auki voru þeir annmarkar á þessu, að sumir þeirra manna, sem mests trausts njóta hjá þjóðinni í þessu efni, lækka, og vil ég í því efni nefna menn eins og Ásgrím Jónsson, Jón Stefánsson, Jóhannes Kjarval, Ríkarð Jónsson og Sigurð Jónsson, skáld á Arnarvatni. Ég hef flutt till. um, að þessum mönnum verði bætt upp það tap, sem þeir urðu fyrir, borið saman við það, sem þeir hefðu annars haft. Ég býst ekki við, að Alþingi æski þess, að menn, sem hafa notið mesta trausts bæði hjá því og öðrum mönnum í landinu, lækki, til þess að aðrir óþekktari menn, sem þjóðin hefur minni mætur á, taki þeirra peninga. Ég flutti við 2. umr. fjárl. till. um, að Alþingi tæki aftur við útbýtingu fjárins til skálda og listamanna, en þingið vildi það ekki. Meðan svo stendur, að Alþingi hefur lýst yfir, að það vilji ekki hafa með þessi skipti að gera, bandalagið lýst yfir, að það vilji ekki hafa þau hjá Menntamálaráði og það kom í ljós árið sem leið, að aldrei hefur verið meira ranglæti en þá, er ekki sýnilegt annað en að þeir flokkar, sem telja sína menn afskipta, verði að fá sérstaka fjárveitingu, ef þetta á ekki að líta út sem flokkssjóður. Mér þótti þess vegna rétt, ef Alþingi vildi ekki láta þetta líta út sem flokkssjóð eins flokks, að setja n., og get ég búizt við, að ég taki aðaltill. til baka, því að á þessu stigi er líklegt, að Alþingi vilji heldur kjósa menninna en hafa þá stjórnskipaða. Það kemur í ljós á sínum tíma, en á hinn bóginn er ljóst, að einhverja breyt. þarf að gera, og að því miða till. mínar, sem nú liggja fyrir Sþ.

Þá hef ég flutt till. um það, að ríkisstj. fái heimild til að greiða allt að 75 þús. kr. á árinu 1944 til þess að létta undir með þeim sveitar- og bæjarfélögum, sem greiða vilja upp lán sín við kreppulánasjóð. Það munu vera um 70 sveitar- og bæjarfélög, sem eru að leitast við að borga þetta. Sum eru búin að fullu, en önnur eru eftir. Bankastjórnin hefur ekki séð sér fært að gera þetta, nema ríkissjóður legði fé fram. Það hefur verið tekin til lág fjárupphæð, sem nægir þó til þess, að allmörg sveitarfélög og kauptún mundu geta rutt af sér þessum skuldum og búið sig undir örugga framtíð. Ég vonast til, að þessi till. þyki sanngjörn.

Þá er ein till., sem ég stend að, varðandi íþróttaskólann í Haukadal. Eins og menn vita, stjórnar Sigurður Greipsson þeim skóla. Hann hefur á síðustu árum haft um 20 nemendur, en hefur haft lágan styrk og enga dýrtíðaruppbót fengið. Þetta mun vera fyrir eins konar gleymsku hjá þinginu, og legg ég til, að hann fái greidda dýrtíðaruppbót fyrir þetta ár og árið 1944, eins og aðrir skólar.

Að síðustu hef ég flutt till. ásamt hv. 1. þm. Eyf. viðvíkjandi leiðum tveggja skálda. Till. mín gengur út á það, að stj. hafi leyfi til að láta veita sama umbúnað leiði Bjarna Thorarensens á Möðruvöllum eins og veittur hefur verið leiði Einars Benediktssonar á Þingvöllum. Þ. e. a. s., að á leiði Bjarna Thorarensens verði sett málmtafla og nafn hans grafið á. Leiði hans er ekki alveg gleymt, en það er hálfgleymt í Möðruvallakirkjugarði, og hygg ég, að ef því væri veittur svona umbúnaður, mundi það vekja miklu meiri eftirtekt og minna menn á, hvar skáldið starfaði og dó, og er varla minna sæmandi minningu þessa fyrsta stórskálds 19. aldarinnar en þetta. Ég hygg, að þessari venju ætti að halda áfram. Á ríkisstjórasetrinu, Bessastöðum, er annað stórskáld, Grímur Thomsen, með fátæklegan umbúnað í gröfinni, og ég efa ekki, að menn vilji innan tíðar bæta um umbúnað

fleiri skálda og varðveita leiði þeirra frá því að falla í gleymsku.

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Við 2. umr. fjárl. voru nú samþykktar það miklar fjárveitingar til verklegra framkvæmda og ýmislegs annars, að ég og fleiri munu hafa gert ráð fyrir, að ekki mundi bætast mikið við það við 3. umr., en hér liggur fyrir sandur af till. til verklegra framkvæmda, og má segja, að það sé talsverð freisting fyrir þm. að þoka áfram umbótamálum í sínu héraði, sem alls staðar blasa við augum og þörf er á. En ef meiri hl. af þessum till. verða samþ., er auðsætt, að við, sem höfum staðizt þessa freistingu, verðum afskiptir, að því er snertir okkar héruð, borið saman við ýmsa aðra. Ég hef þess vegna leyft mér að flytja till. til samræmis við aðra í þessu efni og geri ráð fyrir, að menn sjái, að svo langt er komið í þessum hlutum, að ekki er gerandi að fara mikið lengra, en út í það skal ég ekki fara nánar, en vík að þessum tveim till., sem ég hef flutt ásamt hv. þm. Mýr. (BÁ), samstjórnarmanni mínum í nýbýlastjórn ríkisins. Þessar till. eru á þskj. 609, og er sú till., sem ég er aðalflm. að, um að láta standa áfram sams konar heimild og er í fjárl. þessa árs um 100 þús. kr. til verðlagsuppbótar á endurbyggingarstyrki til sveitabýla, ef framlagið í 16. gr. 9. b. hrekkur ekki til. Þessu er þannig háttað, að nýbýlastjórn hefur ekki heimild til að veita til neinna húsbygginga á einstökum jörðum hærri upphæð en 1500 kr., en vegna þess hvað byggingarkostnaður hefur aukizt stórkostlega, hefur komið í ljós, að nýbýlastjórn á mjög erfitt með að framkvæma l. með þeim fjárframlögum, sem hún hefur fengið, því að nú er svo komið með byggingarkostnað, að það, sem kostaði 1500 kr. fyrir stríð, kostar nálega 5000 kr. nú, þ. e. a. s., nýbýlastjórn hefur heimild til að auka styrk til hvers sveitabýlis úr 1500 kr. upp í 5000 kr. Af þessu er auðsætt, að ef samræmið átti að haldast, hefði þurft að vera margfalt meira fjárframlag til þessara hluta en það, sem er, og við, sem störfum í þessari n., höfum ekki farið fram á fjárframlög neitt svipuð því, sem annars hefði þurft, vegna þess að miklu minna er um byggingar í sveitum á þessu ári en áður hefur verið og heldur en hefði verið, ef hægara hefði verið að fá byggingarefni og koma upp húsum. En ég þykist vita, að þm. geti séð, að það er engin hætta fyrir þá að samþykkja þessa heimild, vegna þess að hún verður því aðeins notuð, að hæstv. stj. verði unnt að framkvæma l. án þess að fá viðbótarfjárveitingu við það, sem er á 16. gr. Ég vænti þess, að þm. verði nú sammála um það eins og á síðasta þingi að láta þessa heimild standa í fjárl. óbreytta frá því, sem hún er í ár.

Þá flyt ég hér aðra brtt. með hv. þm. Mýr. um að hækka framlag til nýbýla um 50 þús. Eins og lögin eru nú, er ekki leyfi til að veita hærri styrk en 6 þús. kr. á býli og 6 þús. kr. lán. Þótt þetta væri nokkurn veginn nóg fyrir stríð, hrekkur það skammt fyrir þá, sem hafa lent í því að reisa nýbýli þessi verðhækkunarár, þegar hús, sem kostaði áður 8 þús. kr., er nú komið upp í 30 þús. Þá er vitanlega ókleift fyrir fátæka menn að standa undir þeim kostnaði, og liggur við, að þeir verði að ganga slyppir frá öllu, af því að þeir geta ekki klárað byggingarnar né gert býlin ábúðarhæf á svo skömmum tíma, sem þeim er nauðsynlegt. Í sjálfu sér er þessi upphæð ákaflega lítil borin saman við þörfina, en með henni mundi þó hægt að greiða nokkuð fyrir þeim mönnum, sem lakast eru staddir. Í nýbýlastofnun ráðast ekki aðrir á slíkum tímum en þeir, sem hafa sterka sjálfstæðisþrá og löngun til að bjarga sér, menn, sem ætla ekki að verða upp á aðra komnir né bætast í þann atvinnuleysingjahóp í kaupstöðunum, sem áður en varir kann að verða fullstór. Það þarf að styðja þá menn, sem sá dugur er í, svo að þeir þurfi ekki að hrökklast öreigar þaðan, sem þeir hafa kosið að reisa byggð og bú. Þessar tillögur eru báðar þannig vaxnar, að þær eru landsmál, en hvorki mál einnar stéttar né kjördæmis.

**Garðar Þorsteinsson:** Ég hef farið fram á það við hv. frsm. fjvn., að hann leitaði þess við n., að loforð yrði gefið um hækkun eða framhald fjárveitingar til vatnsleitar í Grímsey. En hann treystist ekki til þess að lofa neinu, þótt hann játaði, að hann væri málinu hlynntur. Þess vegna vil ég leyfa mér að bera fram brtt. við brtt. fjvn. á þskj. 604, 5, a, þess efnis, að þær 10 þús. kr., sem veittar verði til að athuga, hvernig bæta megi úr vatnsskorti í Grímsey og til dælukaupa, verði fyrsta greiðsla af fjórum, — en það svarar til þess kostnaðar, sem Pálmi Einarsson ráðunautur telur, að af þessu hljóti að verða. Ef þetta loforð fæst, munum við þm. Eyf. sjá um, að fé fáist þegar til framkvæmdanna, þótt ríkissjóður greiði á 4 árum. Þetta er verk, sem má ekki dragast af heilbrigðisástæðum á læknislausum stað.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Ég vil þakka hv. 7. þm. Reykv. (SK) fyrir till., sem hann hefur borið fram á þskj. 599 í þá átt, að heimilað sé að lækka greiðslur ríkissjóðs um 30% að undanskildum þeim, sem lögboðnar eru annars staðar en á fjárl., ef sýnilegt sé, að ríkisstj. skorti fé til útgjalda. Ég er þakklátur fyrir þessa till., þótt hún væri felld á síðasta þingi, og vænti þess, að þm. sé nú að verða nauðsyn þessa nógu ljós og ljái till. atkv. Samt sem áður vil ég taka fram, að ég tel hverri ríkisstjórn bera skylda og réttur til að skera niður greiðslur, sem ekki eru lögboðnar utan fjárl., ef tekjur hrökkva ekki til greiðslna.

Sami hv. þm. hefur á fundi utan þings gert samanburð á kostnaði við verðlagseftirlit og kostnaði við stjórnarráðið og talið til hins fyrrnefnda kostnaðar yfir 1,3 millj. kr. samanborið við 1,1 millj. til stjórnarráðsins. En þessi 1,3 millj. kostnaður er sameiginlega við verðlagseftirlitið, viðskiptaráð, skömmtunarskrifstofu, innkaupaskrifstofu hér í Rvík og innkaupastofnun í New York. Talsverður hluti af kostnaðinum er fyrir innkaup og aðra fyrirgreiðslu fyrir vörum frá Ameríku og greiðist af innflytjend-

um. Það, sem þá er eftir, skiptist nokkurn veginn í jafna hluta milli viðskiptaráðs, verðlagseftirlits og skömmtunarskrifstofu. Þetta vildi ég, að kæmi fram, því að orð þm. um þetta hafa leitt til villandi og rangra ummæla hjá öðrum.

Ég hef borið fram á þskj. 517, 44 brtt. við 22. gr. fjárl., um að láta ráðherra þeim, er fer með utanríkismál, í té leigulausa íbúð eða ella 3 þús. kr. húsaleigu á árinu, svo sem í fjárl. hefur verið undanfarin ár. Liðurinn hefur fallið niður af vangá, og tel ég rétt og sjálfsagt að leiðrétta það, meðan ríkið launar svo ráðherrum sínum, að þeim er ekki fært að gegna embættinu nema komast í skuldir eða lifa af fyrri eignum, ef þeir eiga. Ætla ég, að þm. samþ. till.

Ég gat þess við 2. umr., að ég teldi áætlun fjvn. á verðtollinum of háa, hún áætlar 30 milljónir kr. Ég hélt því fram, að ekki væri hægt að leggja verðtoll 1942 til grundvallar né verðtoll þessa árs, sem n. áætlaði, að verða mundi 40 millj. Ég hygg, að nú sé það að koma í ljós, því að verðtollur þ. á. jan.—nóv. er 29078 þús. kr., og þó að desember ætti eftir að verða jafnhár hæsta mánuði ársins, verður tollurinn ekki meira en 32—33 millj. kr. Innflutningurinn hagar sér nú allt öðruvísi en áður. Ástæðan til þess, hve desember varð hár í fyrra, var, að þá lágu hér á hafnarbakkanum kynstrin öll af vörum, sem komu þá fyrst til tolls. Mikið af þeim kom frá Englandi og hár tollur af þeim. Þetta er gerbreytt. Verðtollsvörur fara minnkandi og munu fara hraðminnkandi næsta ár. Þess vegna verð ég að láta í ljós mjög ákveðið, að ég tel, að þessi næststærsti liður fjárl. hvíli nú á mjög veikum grundvelli. Ég skal engu ákveðnu spá um það, hver tollurinn reynist, en ég er hér um bil viss um, að hann verður langt undir 30 millj. kr. Ég tel, að fyrst og fremst af þessari ástæðu sé veikur grundvöllur undir fjárl., með þeirri afgreiðslu, sem nú eru horfur á. Tekjur umfram gjöld eru áætlaðar 2212 þús. kr. Nú hefur bætzt við tekjumegin 8,2 millj., áætlaðar auknar tekjur af tóbaki og áfengi. Það verða 10,4 millj. í áætlaðan tekjuafgang. En samkv. till. fjvn. á þskj. 474 hefur mér talizt til, auk brtt. við 18. gr., sem ég sleppi úr, að n. leggi til að auka útgjöld um 390 þús., enn fremur eru á 22. gr. um 3 millj. kr. viðbætur frá n. og á þskj. 604 brtt. um 10 millj. kr. verðuppbætur. Ef þessar brtt. verða samþ., og ástæða er til að búast við því, hækka till. fjvn. gjöldin um 13390 þús. eða 1,4 millj. kr. móti þeim 10,4 millj., sem áðan var getið. Það þýðir allt að 3 millj. kr. greiðsluhalla á fjárl. Þær 3 millj., sem á 22. gr. á að heimila, eru til framkvæmda, sem ætlazt er til, að ekki séu stöðvaðar, svo að þær verður að telja til gjalda eigi síður en annað. Þá eru brtt., sem nema 15 millj. hækkunum frá einstökum þm., og ef að vanda lætur, verður nokkuð af þeim samþ., þó að sérhver samþ. brtt. verði til að auka greiðsluhalla frv. Jafnvel án brtt. við 22. gr. skilur fjvn. við frv. með greiðsluhalla. Þá er ótalið framlag til hafnarbótasjóðs, en það verða 2,3 millj. á árinu. Til hjálpar- og viðreisnarstofnunarinnar verður að leggja nokkrar miljónir. Af því, sem þegar hefur verið samþ. á 22. gr. og kemur þegar til framkvæmda, mætti benda á nokkrar allstórar upphæðir. Afgreiðsla fjárl. sýnist því komin í fullkomið öngþveiti, nema þm. stingi við fótum og forði því, að fjárl. verði afgreidd með stórfelldum tekjuhalla.

Margt hefur verið um það rætt hér á þingi og annars staðar, hvernig farið hefur um dýrtíðarráðstafanir og uppbótargreiðsur, og lengra umtal væri að bera í bakkafullan lækinn. En brtt. fjvn. um 10 millj. til verðlagsuppbóta gefur mér tilefni til að minnast á þetta. Eins og þm. er kunnugt, hefur ríkisstj. leitazt við að halda dýrtíðinni í skefjum, að vísu með fjárframlögum. Hún þóttist hafa fundið leið til fjáröflunar í því skyni með verðhækkun á tóbaki og áfengi. Áætlanir hennar um það virðast munu standast. En þá kom fjvn. og óskaði að ráðstafa þessum tekjum á annan veg. Mér skilst nú líklegt, að þessi till. verði samþ. En þá er þinginu nokkur vandi á höndum að sjá fyrir fé til þess að standast þær greiðslur og til þess að halda dýrtíðinni í skefjum. Það væri napurt, ef tekjustofnum ríkisins yrði öllum ráðstafað án þess, að stjórnin fengi fé til brýnna dýrtíðarráðstafana. Ég get ekki búizt við, að stjórnin verði ginnkeypt fyrir að framkvæma fjárlögin, ef henni er ekki séð fyrir neinum möguleikum til þess að verjast verðbólgunni.

Ýmsir þm. hafa gert sér tíðrætt um það, að stjórnin hafi ekki leyst dýrtíðarmálin. Mér finnst sú ásökun koma úr hörðustu átt frá málsvörum og blöðum þeirra flokka, sem engu samkomulagi geta náð um lausn þeirra mála. Hvernig á ríkisstj. að geta þetta án fulltingis þingsins? Þingið hefur valdið, hún getur ekkert framkvæmt í trássi við það. Sumum þm. og síðast hv. þm. Barð. (GJ) virðist ekki óljúft að minnast á meðferð þingsins á dýrtíðarfrv. ríkisstj. s.l. vor, hvernig því hafi verið sundrað og umbylt, en stjórnin hafi sætt sig við það og stritazt við að sitja. Honum ætti að vera kunnugt um, hvers vegna hún sat, — ekki sat hún vegna sín né vegna þingsins, heldur til þess að þjóðinni yrði ekki bakað meira öngþveiti en orðið var. Ég geri ráð fyrir, að allir viðurkenni, að svo var. Aðra stjórn var ekki unnt að mynda, eins og á stóð.

Sundurlyndið er nóg á sviði stjórnmálanna, þótt það yrði ekki þess valdandi, að fjárl. yrðu þannig afgreidd, að stefnt væri beint í óefni. Það mundi koma harðar niður á þjóðinni en nokkuð annað, ef áfram á að haldast jafnmikið los og verið hefur á afgreiðslu fjárl. Það hlýtur að enda með greiðsluþroti ríkissjóðs og það áður en langt um líður. Þess vegna vil ég beina því til þm., að þessi fjárlög verði ekki afgreidd með tekjuhalla. Hjá því er enn hægt að sneiða og hjá þeim vansa að komast.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég ætta að segja fáein orð út af ummælum hæstv. fjmrh. um kostnaðinn við eftirlitið með verðlagi. Hann sagði, að í blaðaummælum hefði verið hermt eftir mér um kostnað við viðskiptaráð, en það, sem ég sagði, var orðrétt tekið upp úr fjárlfrv. eftir 2. umr.,

að kostnaður við eftirlitið væri áætlaður 1364284 kr., og til samanburðar sagði ég, að áætlaður kostnaður við stjórnarráðið væri 1,1 millj. kr., en tók sérstaklega fram, að þar fyrir utan væri ríkisfjárhirzlan og bókhaldið.

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Ég vil byrja á að minnast á brtt. fjvn., sem fyrir liggja, en ekki var búið að prenta, þegar ég áður gerði grein fyrir till. n. Á þskj. 604 eru 5 brtt. Sú fyrsta er um nýjan útgjaldalið á 14. gr., 50 kr. til Guðmundar Kristjánssonar. Þessi maður er úrsmiður hér í bænum, sem hefur ákveðið að láta Háskóla Íslands hafa allmerkilegt bókasafn, sem hann á, og telur n. rétt að veita honum þessa viðurkenningu.

Næsta till. er um að verja fé til dyravörzlu við menntaskólann á Akureyri, en þennan lið vantar í frv.

Þriðja brtt. er um atvinnud. háskólans. Það hafði fallið niður að telja til frádráttar gjöldum tekjur af happdrætti háskólans, sem eru áætlaðar 25 þús. kr., og er þessi till. til leiðréttingar.

Þá er till. flutt af meiri hl. fjvn., sem ágreiningur var um í n., um að setja nýjan lið í 16. gr., verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 1943, eftir því sem þörf krefur til þess að framleiðendur fái það verð fyrir þær, sem samkomulag varð um í landbúnaðarvísitölun. síðastl. sumar. Það er ekki hægt að segja með vissu, hve háa upphæð þarf, en n. áætlar 10 millj. kr. Er þetta áætlunarupphæð, og er til ætlazt af flm., að greiddar verði þær uppbætur, sem þörf er á, til þess að framleiðendur fái þetta verð.

Það hafa þegar orðið nokkrar umr. um þetta, og þarf ég ekki að vera margorður. Ég held tæplega, að hægt sé að mæla því í gegn, að þessar uppbætur séu hliðstæðar þeim verðlagsuppbótum, sem aðrar stéttir hafa fengið á þessum árum. Verði þær ekki greiddar, verður afleiðingin sú, að þeir, sem vinna að framleiðslu í landbúnaðinum, hafa lakari kjör en aðrar vinnandi stéttir. Verðið á landbúnaðarvörum á innlendum markaði var síðastl. haust ákveðið beint með tilliti til þess, að verðuppbætur yrðu greiddar á útflutningsvörurnar. Það verð, sem samkomulag varð um í 6 manna n., var miðað við alla framleiðsluna, og var farið eftir þessu samkomulagi við verðákvörðun á innlendum markaði.

Þá er fimmta till., í nokkrum liðum, um að bæta við nýrri heimild á 22. gr. Fyrst er heimild til ríkisstj. til að verja 10 þús. kr. vegna vatnsveitu í Grímsey og til dælukaupa. Hv. 2. þm. Eyf. gerði þetta mál að umtalsefni áðan og óskaði yfirlýsingar frá mér um, að fjvn. mundi mæla með því, að sama fjárhæð yrði veitt næstu 3—4 ár. Slíka yfirlýsingu get ég ekki gefið, og mér er óhætt að fullyrða, að það er ekki vilji fjvn., að lengra sé gengið en þetta. Það hefur ekki verið venja að styrkja einstaklinga né sveitarfélög til að koma upp vatnsveitum, og ef farið yrði út í slíkt, gæti það orðið ærið útgjaldasamt fyrir ríkið, en vegna þess að þarna í Grímsey eru að ýmsu leyti óvenjulegir erfiðleikar, vill fjvn. leggja til, að þessi heimild verði samþ., 10 þús. kr. Virðist mér, að Grímseyingar ættu að vera ánægðir með þetta, þar sem það nemur allt að ⅓ væntanlegs kostnaðar, og virðist það töluverður styrkur, þegar tekið er tillit til þess, að annars er ekki veitt fé til slíks.

Þá kemur ábyrgð fyrir Ólafsfjarðarhrepp á 215 þús. kr. láni til að kaupa 2 jarðir þar. Enn fremur till. um ½ laun til frk. Kristjönu Jónsdóttur skrifstofumanns hjá fræðslumálastjóra, á meðan hún er sjúklingur. Slíkar greiðslur hafa áður átt sér stað.

Loks er till. um að heimila ríkisstj. að selja varðskipið Þór, enda verði andvirðinu varið til skipakaupa. Till. er frá meiri hl. n., en minni hl. hefur þegar flutt brtt. um að orða till. á annan veg. Útgerð Þórs hefur reynzt mjög kostnaðarsöm, og telur raunar öll n., að það muni rétt að selja þetta skip og fá annað í staðinn.

Á þskj. 610 flytur fjvn. tvær till. til breyt. á 14. og 15. gr. Önnur er um framlag til ferðakennslu í íþróttum, 6000 kr., en slíkt framlag er í fjárl. yfirstandandi árs. Hin er um 10 þús. kr. til rannsókna á síldarlýsi, og er flutt eftir tilmælum rannsóknaráðs ríkisins.

Þá vil ég næst víkja að nokkrum till. einstakra þm. og því, sem fram hefur komið um þær. Hv. þm. Ísaf. talaði um, að stórum upphæðum væri varið í uppbótargreiðslur handa landbúnaðinum, án þess að nokkur trygging væri fyrir því, að þetta fé kæmi honum að notum í framtíðinni. Hann virtist hafa miklar áhyggjur af því, að þessu fé væri illa varið. Aftur á móti kom ekkert fram um, að hann hefði áhyggjur út af fjármunameðferð annarra stétta, ekki heldur þeirra, sem hafa grætt jafnvel milljónir síðustu árin. Hann telur e. t. v. enga hættu á, að neinu af þeim fjármunum sé illa varið. Ég vil halda því fram, að þó að bændur séu eins og aðrir menn, misjafnlega hagsýnir, muni ekki hætt við, að það fé, sem þeir fá, muni eyðast frekar til óþarfa en fé annarra manna. Og það er vitað, að þrátt fyrir uppbótargreiðslur hafa bændur ekki hærri tekjur en aðrar vinnandi stéttir.

Hv. 6. þm. Reykv. talaði um nokkrar till., sem hann hefur flutt. Sú fyrsta er till. um 200 þús. kr. framlag til vegagerðar á Þingvöllum. Fjvn. leggur ákveðið á móti henni. Þrátt fyrir það, að allmikið fé er nú ætlað í fjárlfrv. til vegagerða, er áreiðanlegt, að víða er stórum meiri þörf á auknu framlagi en á Þingvöllum. Ég held, að þetta geti að skaðlausu beðið.

Þá talaði sami hv. þm. um till., sem hann flytur ásamt fleiri þm., um 70 þús. kr. til barnavinafélagsins Sumargjafar hér í bæ. Þm. talaði um mikla erfiðleika húsmæðra hér, hversu erfitt væri að fá stúlkur og hve margar húsmæður væru í vinnu utan heimilis, og því væri brýn þörf á dagheimili fyrir börn. Han gat þess, að bæjarsjóður Rvíkur hefði styrkt þetta að undanförnu, og taldi rétt, að ríkið léti einnig nokkuð af mörkum. Það er langt frá því, að ég vilji gera lítið úr þýðingu þessa félagsskapar, en ég vil benda á, að það er nú þegar í frv. allstór fjárhæð til hliðstæðrar starfsemi einmitt í kaup-

stöðum. Í 17. gr. eru nú ætlaðar til kostnaðar við sumardvöl barna í sveit 150 þús. kr., og í sömu gr. til barnaheimila og barnaverndar 30 þús. kr. Þetta fé mun allt fara til kaupstaðanna og mest hingað til Rvíkur. Það er vitanlegt, að þó að margt sé um manninn hér, eru víðar börn að alast upp, og þó að ég dragi ekki í efa, að það sé erfitt fyrir húsmæður hér að fá aðstoðarstúlkur, er það ekki erfiðara en fyrir húsmæður víða annars staðar, t. d. í sveit. Ég get því ekki fallizt á, að það sé ástæða til að veita þessa fjárhæð til viðbótar.

Hv. þm. Barð. talaði bæði um till., sem hann flytur, og um fjárlfrv. yfirleitt. Einnig um skattamál og að það vanti tekjur til að mæta ýmsum gjöldum, sem fyrirsjáanleg séu. Þetta mun vera rétt, en ekki mundi batna útkoman, ef samþ. væru till. hans, því að þær eru ekki um tekjuöflun, heldur útgjaldatill., sem nema 280 þús. kr. Hv. þm. talaði um veltuskattinn, sál. og eignaraukaskattinn, og sé ég ekki ástæðu til að gera þann kafla ræðu hans að umtalsefni. Hann vakti raunar athygli á því, í sambandi við tal um fé til dýrtíðarráðstafana, að hann hefði flutt till. í Ed. um að verja eignaraukaskattinum til þeirra, en sagði jafnframt, að Sjálfstfl. gæti ekki tekið þátt í fjáröflun til dýrtíðarráðstafana, ef Framsfl. ætlaði að samþ. þennan eignaraukaskatt. Þm. kvaðst hafa dregið til baka till. um framlag til að gera við prestssetur shúsin á Brjánslæk í von um, að hækkunartill. fjvn. væri borin fram í því skyni, að féð gengi þangað. Ég vil endurtaka um þá till. fjvn., að fjvn. vill hafa það alveg í hendi ríkisstj., hvernig því fé verði varið, og gerir því engar till. um það.

Hv. þm. Barð. sagði, að fjvn. hefði ekki séð ástæðu til að ræða við sig um till., sem hann flutti við 2. umr., um framlög til Barðastrandarsýslu til viðbótar. Það kom fram við 2. umr., að hv. þm. hafði lýst yfir því við tvo flokksbræður sína í fjvn., að hann væri ánægður með till. fjvn. um framlög til verklegra framkvæmda í þessu kjördæmi. Ég efa ekki, að það sé rétt eftir haft, og vil benda á, að verði þessar hækkunartill. hans samþ., þá verða ýmis önnur héruð afskipt að þessu sinni í samanburði við hans kjördæmi. Ég vænti því, að hann standi við fyrri yfirlýsingu sína um, að hann sé ánægður, og taki till. aftur.

Um till. sína um framlög til símalínu í sýslunni sagði hann, að þetta væri sennilega eina símalínan, sem ekki væri búið að leggja af þeim, sem samþ. hefðu verið 1935. Ég er ekki kunnugur víða, en ég veit, að það er a. m. k. ein lína í mínu kjördæmi, sem sett var í l. 1935, en er ekki enn farið að veita fé til.

Hv. þm. talaði að síðustu um einn veg í Barðastrandarsýslu, sem heitir Rauðasandsvegur, og sagði, að hann væri ónothæfur, því að hann væri lagður í of mikinn bratta. Hv. þm. sagði, að á undanförnum árum hefði verið veitt svo lítið fé til vega þar í sýslunni, að það hefði ekki verið hægt að senda þangað verkfróðan mann til leiðbeininga, því að hann hefði þá étið upp allt vegaféð. Mér þykir þetta nokkuð þung ásökun í garð vegamálastjóra, og kveður hér nokkuð við annan tón í hans garð frá þessum hv. þm. en nú fyrir nokkrum dögum. Nú lætur hann skína í það, að vegagerð þarna sé í miklu ólagi og jafnvel sé hætta á því, að starfsmenn vegamálaskrifstofunnar éti upp fé, sem veitt er til veganna. Það er ekki að undra, ef þannig fer um framlagið, þótt vegagerðinni miði hægt áleiðis.

Hv. 1. þm. Árn. talaði hér fyrir nokkrum till., sem hann er við riðinn. Það var sérstaklega till. hans og hv. 2. þm. Árn. um framlag til brúargerðar á Hvítá hjá Iðu. Þeir ræddu báðir um þessa till., og hv. 1. þm. Árn. beindi þeirri fyrirspurn til mín, hvort fjvn. hefði ekki eitthvað sérstakt í huga viðvíkjandi þessari brúargerð og hvort n. teldi ekki líklegt, að hægt yrði að smíða þessa brú, áður en langt um liði. Viðvíkjandi þessu vil ég segja það, að fjvn. hefur engar sérstakar till. í sambandi við þessa brú, en ég held, að ég megi segja, að hún líti svo á, að það sé nauðsynlegt að koma þessari brú upp eins fljótt og hægt er, en jafnframt ber þess að gæta, að það er víðar þörf fyrir framkvæmdir og þessi brú kostar mikið fé, og fjvn. telur því ekki fært að samþ. þessa till., eins og nú er ástatt.

Sami hv. þm. gerði að umtalsefni till. um heimild til ríkisstj. til að greiða nokkra upphæð upp í stofnkostnað gistihúss á Stokkseyri. Fjvn. leggur á móti þessari till. Það er að vísu viðurkennt, að það sé mikil þörf fyrir gistihús á Stokkseyri, einkum í sambandi við ferðir milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar, en n. telur, að ef farið verði út á þá braut að styrkja gistihús á þennan hátt, þá verði ekki hjá því komizt að veita slíkan styrk til fleiri staða, og það gæti haft í för með sér ófyrirsjáanleg útgjöld. Ég skal ekki nefna marga slíka staði, en ég get t. d. tekið Grímsstaði á Fjöllum, þar sem, eins og öllum er kunnugt, er mjög mikil umferð þann tíma, sem Möðrudalsöræfi eru fær bílum.

Fleiri staði mætti nefna, sem líkt stendur á um, og fjvn. telur ekki fært að mæla með að byrja nú að borga þannig til stofnkostnaðar gistihúsa.

Hv. þm. Vestm. talaði um þessa till. og sömuleiðis um aðra till., sem þessir hv. þm. flytja um það að heimila ríkisstj. að gera ráðstafanir til styrktar fólksflutningum milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar með því að styrkja félag, sem annaðist ferðirnar, til þess að kaupa bát, á svipaðan hátt og gert var til styrktar ferðum um Ísafjarðardjúp. Fjvn. telur málið vert athugunar, en það þarf betri undirbúning, áður en samþ. verður till. um það. Ég vil benda á í þessu sambandi, að í till. samvn. samgm. er ætlazt til, að allmikill hluti af styrk til flóabáta, eða um 60 þús. kr., fari til þess að styrkja þessar ferðir. Mér þykir ekki ólíklegt, að n. geti fallizt á, að einhver styrkur verði veittur til þess að kaupa skip eða bát til þessara ferða, en eins og ég gat um áðan, þá telur hún, að málið þurfi betri undirbúning og helzt að eitthvað ákveðið

liggi fyrir um skip og stofnkostnað. Þannig mun það líka hafa verið, er veittur var styrkur til ferða um Ísafjarðardjúp.

Hv. þm. N.-Ísf. talaði hér í dag fyrir þeim brtt., er hann flytur. Hann er fyrsti flm. að till. á þskj. 599, sem fer fram á það, að hluti af fjárveitingu til Vestfjarðavegar um Þorskafjarðarheiði verði látinn ganga til bryggjugerðar á Langadalsströnd að lokinni rannsókn á bryggjustæði. Þetta virðist alveg nýtt, að ætlast til þess, að af fjárframlagi til þjóðvega, sem eru í vegalögunum, sé tekið til bryggjugerða, jafnvel þótt bryggjustæðið væri ákveðið.

Sami þm. flytur till. um styrk til starfrækslu talstöðva á afskekktum stöðum. N. getur fallizt á þetta. Þessi liður var í fjárlögum yfirstandandi árs, en hefur nú fallið niður úr frv. af vangá.

Öðru máli er að gegna með styrk til Bolvíkinga til að hafa lærða hjúkrunarkonu. N. er á móti þeirri till., enda þótt ekki sé um háa upphæð að ræða. Það virðist engin ástæða mæla með þessu, þar sem læknar eru búsettir. Öðru máli er að gegna t. d. á Flatey og Súgandafirði. Þar eru engir læknar. En ef farið væri inn á þá braut að greiða laun hjúkrunarkvenna úr ríkissjóði á stöðum, sem hafa lækna, þá mætti búast við kröfum úr öllum héruðum landsins í þessa átt, því að þörfin er ekkert meiri í Bolungavík en víða annars staðar. Þess vegna er n. á móti þessari till.

Hv. þm. Hafnf. flytur hér till. um nokkra fjárveitingu til Leikfélags Hafnafjarðar. Við hv. þm. Dal. flytjum brtt. við hana þess efnis, að þessi styrkur verði 1500 kr., og er það í samræmi við það, sem veitt er til leikstarfsemi í Vestmannaeyjum, Ísafirði og Siglufirði.

Hv. þm. V.-Ísaf. flytur till. um styrk til eflingar útgerð á Þingeyri við Dýrafjörð. Það mun vera rétt, er hann sagði, að tjón af skipatöpum muni hafa orðið þar óvenjulega mikið að undanförnu. Það hefur líka áður verið veitt fé í þessu skyni á yfirstandandi ári, og í fyrra var veitt heimild til að styrkja þá, er misst höfðu skip sín frá ófriðarbyrjun, og virðist ekki óeðlilegt, að nokkuð sé veitt nú til Þingeyrar vegna þess mikla tjóns, er þar hefur orðið. Ég tel það þó ekki hliðstætt við tjónið af jarðskjálftunum á Dalvík um árið, að því leyti, að menn höfðu ekki eignir sínar tryggðar gegn því tjóni, en skip eru venjulega í tryggingu og bætur koma fyrir þau. Hins vegar má gera ráð fyrir, að þær verði ekki nógu háar til að mæta núverandi byggingarkostnaði. Við hv. þm. Dal. flytjum brtt. um, að þessi upphæð verði ákveðin 100 þús. kr. og orðalagi till. verði breytt, m. a. er tekið fram, að þessi aukastyrkur fari aldrei yfir 25% af kostnaðarverði skipanna. Teljum við þetta eðlilegt.

Þá flytur hv. 7. þm. Reykv. ásamt fleirum till. um það að fella niður útflutningsgjaldið úr tekjubálkinum og framlagið til Fiskveiðasjóðs Íslands úr útgjaldahliðinni. N. getur ekki fallizt á þetta. Telur hún rétt, að þessar tölur standi og sjáist í fjárlögunum. Má þar benda á stríðsgróðaskattinn til samanburðar. Hann er allur talinn til tekna í fjárlögunum, eins sá hluti hans, sem gengur til bæja og sveita.

Þá flytur hv. 7. þm. Reykv. enn fremur till. um það á þskj. 599, að ríkisstj. sé heimilað að lækka útgjöld ríkissjóðs, sem ekki eru bundin í öðrum l. en fjárlögum, eftir jöfnum hlutföllum um allt að 30%, ef hún telur sýnilegt, að tekjur ríkisins muni annars ekki hrökkva fyrir gjöldum. N. getur ekki á þetta fallizt. Vil ég benda á það, að greiðslur þær, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., eru ólíkar, og má telja þær misjafnlega réttháar. Því væri e. t. v. frekar ástæða til að fella niður með öllu einstaka liði úr útgjaldahliðinni heldur en taka 30% af öðrum liðum, þótt þeir séu ekki ákveðnir í öðrum l. en fjárlögum. Slík heimild hefur að vísu verið veitt áður, en ekki komið til framkvæmda, og virðist það vafasöm aðferð að gefa fyrirheit um háar greiðslur til ýmissa framkvæmda og klípa svo af þeim á eftir. Eðlilegra væri að stilla útgjaldaliðunum í hóf í upphafi.

Hv. 7. þm. Reykv. hefur haldið því fram, að fjvn. hafi hækkað ógætilega gjaldahlið fjárlaganna. Má e. t. v. færa nokkur rök fyrir því, að n. hafi í sumum tilfellum gert till. um fullhá útgjöld. En það er eitthvað nýtt, ef hv. 7. þm. Reykv. verður til þess að prédika hér sérstaka varfærni í þessum sökum. Vil ég minna á, að við atkvgr. eftir 2. umr. fjárl. núna, þá greiddi þessi hv. þm. atkv. með till. um útgjöld, sem námu yfir 10 millj., en náðu þó ekki samþykki í þinginu, af því að aðrir þm. höfðu meiri ábyrgðartilfinningu en hann.

Hv. þm. Snæf. flytur hér m. a. till. um aukið framlag til hafnargerðar í Stykkishólmi. Auk þess flytur hann tvær aðrar till. um hækkun á framlagi til hafnargerða. N. er á móti þessum till. Hún hefur farið að ráði vitamálastjóra í till. sínum um greiðslur til slíkra framkvæmda, og lítur hún svo á, að hann sé öðrum færari til að gera till. um þessi efni, og verða þm. yfirleitt að sætta sig við það.

Sami hv. þm. vill láta styrkja tvær kirkjur. Segir hann aðra í smíðum, en flytur till. um styrk til viðgerðar á hinni. Það lítur út fyrir, að athuga þurfi sérstaklega þessi kirkjubyggingamál, því að annars er hætt við, að handahóf eitt ríki í þeim efnum. Ef meiri hluti þings er með því að styrkja kirkjubyggingar, þá þyrfti lög um þau efni, þar sem settar væru reglur um þessi mál og síðan veitt fé til þeirra eftir því. Um 5000 króna framlag til viðgerðar á Ingjaldshólskirkju er annars það að segja, að það virðist tæplega koma til greina, — jafnvel þótt hún sé gott mið fyrir sjómenn, eins og hv. flm. komst að orði.

Hv. 1. þm. Rang. flytur till. um sérstakt framlag til Inn-Hlíðarvegar í Fljótshlíð. Hér er ekki um þjóðveg að ræða, en flm. kveður hann mikið notaðan af skemmtiferðafólki, og liggi hann oft undir skriðuföllum. N. er á móti að leggja þannig fram fé til sýsluvegar. Sýslurnar fá sitt framlag úr ríkissjóði á móti framlagi úr sýsluvegasjóði.

Um till. hv. þm. Mýr. um hækkun á kostnaði við millimat (fasteignamat) get ég getið þess, að

þessi matskostnaður var settur í frv. eftir till. ráðuneytisins 10000 kr.

Sami hv. þm. flytur till. um eftirlaun til kennara nokkurs. En fræðslumálastjóri hefur gefið n. þær upplýsingar, að hann hafi heitið þessum kennara fé af styrk til barnakennara, sem hættir eru störfum. Hv. þm. getur því tekið þessa till. aftur.

Hv. 6. landsk. flytur till. um framlag til brúar á Jökulsá á Fjöllum. Öllum þm. er kunnugt um það, að þessi brú verður sú fyrsta, sem byggð verður fyrir fé úr brúasjóði, og fer að líða að því, að nóg fé verði fyrir hendi til þessa. N. sér sér því ekki fært að mæla með þessari till.

Sami hv. þm. gerði að umtalsefni till., er hann flytur ásamt tveimur öðrum þm. á þskj. 609, um uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Samkvæmt þeirri till. má aðeins greiða þessar uppbætur eftir fyrirmælum laga, er sett verði um það, að uppbæturnar takmarkist við vörumagn, er samsvari afrakstri af „meðalbúi" bænda, miðað við niðurstöður landbúnaðarvísitölunefndar. Ég hef áður rætt um þessa till. og sýnt fram á, hver áhrif það hefði, ef hún væri samþ. Ég þarf því ekki að fara um hana mörgum orðum til viðbótar, þar sem flestum mun og ljóst, hve fráleitt þetta er. Ég bendi á það til viðbótar, að samkvæmt þessu mundu bændur í sumum héruðum fá fullt verð fyrir alla sína kjötframleiðslu, án tillits til þess, hvort þeir hefðu stór eða lítil bú. Í öðrum héruðum mundi þetta aftur verða til lækkunar á kjötverðinu. Því er nefnilega þannig varið, að úr ýmsum héruðum er allt kjötið selt á innlendum markaði, svo að þeir bændur, sem þar búa, fá það verð fyrir alla vöru sína, sem samkomulag náðist um í 6 manna nefndinni. Önnur héruð flytja meira eða minna út. Afleiðingin verður sú, ef till. verður samþ., að bændur í útflutningshéruðunum fá minna fyrir afurðir sínar en bændur með jafnstór bú í þeim héruðum, sem framleiða eingöngu fyrir innlendan markað. Það mætti benda á margt fleira, sem sýnir, hve vitlaus þessi till. er.

Þegar dönsku selstöðuverzlanirnar voru hér í blóma, var það tízka að borga bændum mishátt verð fyrir afurðir sínar eftir því, hvort þeir höfðu mikið eða lítið að bjóða, en ekki eftir gæðum vörunnar. Það ranglæti, að skammta þeim, sem lítið innlegg hafði, lægra verð fyrir jafngóða eða betri vöru en hinum, sem hafði meiri viðskipti, er nú úr sögunni, samvinnufélögin hafa kveðið það niður. Nú vilja flm. till., hv. þm. Sósfl., vekja upp aftur ómenningu gömlu, útlendu verzlananna, aðeins snúa því við, svo að nú fái sá minna, sem meira vörumagn hefur. Vitanlega yrði hér ekki farið eftir efnahag, þannig að óréttur inn bitni eingöngu á þeim ríku, því að sá er ekki alltaf efnaðri, sem meira hefur í veltunni, er e. t. v. með stórbú í skuld. Það er margt, sem hefur áhrif á framleiðsluna. Dugnaður og atorkusemi manna er misjöfn, og ég get ekki séð nokkurt réttlæti í því að greiða þeim manni minna fyrir hvert kjötkíló, sem leggur sig allan fram við vinnuna, en hinum, sem er framtaksminni. Ef ætti að yfirfæra þessa reglu á verkamenn og skipta þeim í stórverkamenn og smáverkamenn eftir efnahag, þá ættu stórverkamennirnir að fá minni verðlagsuppbætur á laun sín en hinir, því að verðlagsuppbæturnar til launastéttanna eru sambærilegar verðuppbótum til bændanna. Og ef skipta ætti þingmönnum í stórþingmenn og smáþingmenn, þá yrðu þeir sósíalistar og sjálfstæðismenn, sem hafa svo miklar tekjur, að þeir borga stríðsgróðaskatt, í hópi stórþingmannanna, og ættu þeir því að fá minni verðlagsuppbót á þingfararkaup sitt. Ég er hræddur um, að það gangi í mörgum tilfellum illa með framkvæmdina á þessari reglu og markalínurnar yrðu vandfundnar sums staðar í þessu efni.

Hæstv. fjmrh. gerði m. a. að umræðuefni útkomuna á fjárlagafrv., eins og honum virtist hún verða eftir till. fjvn. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að ef allar brtt. fjvn. yrðu samþ., þá mun láta nærri, að innborganir og útborganir á sjóðsyfirliti standist á. Og eru þá ekki taldar með neinar heimildartill. á 22. gr.

Hæstv. fjmrh. minntist á þá framkvæmd ríkisstj. að hækka verð á áfengi og tóbaki og það, að ríkisstjórnin hefði ætlað þann tekjuauka, sem þar fengist, til dýrtíðarráðstafana, en þá hefði fjvn. komið til sögunnar og vildi hún nú taka að sér ráðstöfun fjárins. Fjvn. er það ljóst, eða a. m. k. meiri hluti hennar, að það er þörf tekjuöflunar til dýrtíðarráðstafana, og ég held, að óhætt sé að fullyrða það, að meiri hl. fjvn. hafi verið fylgjandi frv. um verðlækkunarskatt, sem nýlega var til meðferðar hér á þinginu, og því sé minni ástæða til að saka fjvn. í því efni heldur en e. t. v. ýmsa aðra hv. þm.

Fyrir hönd fjvn. vil ég mótmæla þeim brtt., sem fram eru bornar við 18. gr. frv. Hv. Barð. flytur þar brtt. um nokkra hækkun, og sömuleiðis hv. þm. Vestm. En eftir þeim upplýsingum, sem fjvn. hefur fengið, þá hefur sá maður, sem þar er um að ræða, það miklar tekjur og eignir, að ekki virðist ástæða til þess að hækka hans eftirlaun, samanborið við aðrar greiðslur á þeirri fjárlagagr. Sömuleiðis telur fjvn. enga ástæðu til að samþ. brtt. við 18. gr. frá hv. 7. landsk. þm. (KA), um eftirlaun til manns í Þingeyjarsýslu, sem um nokkur ár mun hafa verið póstur þar. Mér er tjáð, að laun hans fyrir það póststarf hafi verið eitthvað nálægt 200 kr. á ári. Og hv. 7. landsk. þm. vill nú veita þessum manni 200 kr. eftirlaun. En maður þessi er á bezta aldri, og virðist ekki ástæða til þess að taka upp eftirlaunagreiðslur til hans að svo komnu.

Loks er ein brtt., sem ég vil gera að umtalsefni, þó að sérstaklega hafi ekki verið um hana talað af hv. flm. Það er till. á þskj. 605, sem flutt er af 4 hv. þm., og eru þeir úr 4 flokkum. Þessi brtt. er um að hækka enn verulega framlagið til skálda, listamanna og fræðimanna, en þær styrkveitingar eru á 15. gr. frv. Það munu hafa verið þessir sömu hv. þm., sem fluttu brtt. við 2. umr. um hækkun á þessum framlögum og fengu þá till. samþ. Í fjárlagafrv., eins og það er nú, er gert ráð fyrir því, að skáld og listamenn fái í grunnstyrk 150 þús. kr. og fræði-

menn í grunnstyrk 30 þús. kr., eða samtals 180 þús. kr., og full verðlagsuppbót komi svo á þetta. Í fjárl. fyrir 1943 var þetta samtals 120 þús. kr., þannig að nú er komin 50% eða þriðjungshækkun á þennan grunnstyrk. En á fjárl. fyrir 1942 var þessi fjárveiting 90 þús. kr., þannig að ef miðað er við það ár, þá er hækkunin á grunnstyrknum orðinn 100%, eða grunnstyrkurinn til þeirra, sem nú er á fjárl., er helmingi hærri heldur en hann var 1942, og ætla ég, að þar sé komin meiri grunnlaunahækkun heldur en yfirleitt hefur átt sér stað. Virðist því síður en svo ástæða til, eins og þessir hv. þm. leggja til, að bæta hér enn ofan á aukauppbót og verðlagsuppbót þar ofan á. En samkv. till. fjórmenninganna mundi upphæðin í heild hækka um nokkuð yfir 100 þús. kr., og tel ég ekki rétt að bæta slíkri upphæð ofan á, svo sem horfir um útkomu á fjárlagafrv. Ég get varla búizt við, að hv. flm. þessarar brtt. hafi gert sér grein fyrir því, hve mikil hækkun er þegar orðin á þessum lið, þegar þeir báru fram sína brtt.

Eins og ég þegar hef vikið að, munu hér um bil standast á innborganir og útborganir á fjárl., ef allar brtt. fjvn. verða samþ. En nú hafa aðrir hv. þm. borið fram brtt., sem, ef samþ. yrðu, mundu hækka útgjöld fjárl. um h. u. b. 16 millj. króna. Ég hef reiknað þetta saman. Frá einstökum þm. er einnig till. um að hækka tvo áætlunarliði tekjumegin á frv., samtals um 1½ millj. kr., þannig að ef allar þessar till. einstakra þm. væru samþ. í viðbót við brtt. fjvn., þá mundi greiðsluhalli á frv. nema 14 til 15 millj. kr., eða um 14½ millj. kr., þó að ekki sé tekið tillit til þeirra upphæða, sem ríkisstj. er heimilað að greiða samkv. 22. gr. frv. Mér sýnist því full ástæða til þess fyrir hv. þm. að fara varlega við atkvgr., þegar að henni kemur, og ljá ekki fylgi of mörgum af þeim brtt., sem nú liggja fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 622, I., III. og IV.) leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Þótt ég sé ekki að öllu leyti samþykkur ummælum hæstv. fjmrh., eins og þau féllu hér í síðustu ræðu hans, m. a. ekki þeim að þakka hv. 7. þm. Reykv. fyrir till. hans um niðurskurð á fé til verklegra framkvæmda, þá sé ég samt sem áður ástæðu til að þakka hætsv. ráðh. fyrir sumt af því, sem hann mælti hér þá, og einkum ef það er gert í nafni allrar hæstv. ríkisstjórnarinnar. Það kann að bregða ofurlitlu ljósi yfir það ástand, sem afgreiðsla fjárl. er að komast í, og væri vert að taka það til íhugunar, og ekki síður af. hæstv. ríkisstjórn heldur en hv. þm. Hæstv. fjmrh. mælti svo um, að ríkisstjórnin mundi ekki verða neitt ginnkeypt til að taka við fjárl. til að framkvæma þau, ef þau yrðu framkvæmd á þann hátt, sem horfur eru nú á. Spurði hann, hvernig stjórnin ætti að laga dýrtíðina nema þingið gerði henni það mögulegt. En ríkisstjórnin leit svo á fyrir tæpu ári síðan, að þetta væri henni mögulegt. Það er bezt, að þetta komi fram, að hún finnur til þess, að það þarf fullt samkomulag og fulla samvinnu við Alþ. til þess að málin fari ekki í það ófremdarástand, sem þau nú eru komin í undir þessari stjórn og í þeim skorti á samvinnu við þingið, sem verið hefur. Hæstv. ráðh. sagði, að ríkisstjórnin sæti ekki sín vegna og ekki vegna þingmanna, heldur til þess að forða þjóðinni frá enn meira öngþveiti. Þessi siðaskipti, sem urðu við það, að ríkisstjórnin gerði innrás í Alþ. á þann hátt, sem gert var fyrir ári síðan, þau minna mig á önnur siðaskipti, sem urðu í landinu í mínu ungdæmi. Það þótti þá sjálfsagt að lesa sjóferðabæn, þegar róið var á haf út. En undireins og mótorbátarnir komu til skjalanna, þá þóttust þessir karlar nógu öruggir og lásu ekki bænina, eftir að vélin var komin í bátinn. — Sama hefur skeð hér. Það hefur hingað til þótt nauðsynlegt til öryggis, að sú stjórn, sem sæti að völdum, hefði meiri hl. Alþ. að baki sér. En þessi ríkisstjórn hefur ekki talið sig þurfa að lesa sjóferðabænina. Hún geti gert þetta allt upp á eigin spýtur. En mér virðist hæstv. fjmrh. nú vera að komast á aðra skoðun. Annaðhvort hefur mótorinn bilað eða það þarf að lesa sjóferðabænina nú, eins og áður hefur þurft á Alþ. Og ég óska, að það verði svo, að aldrei verði hægt að mynda neina ríkisstjórn hér á landi, sem ekki hafi meiri hluta Alþ. að baki sér, til þess að hægt sé að forða þjóðinni frá því öngþveiti, sem hún nú er komin í. Og þá gerði hæstv. ríkisstjórn afglöp, þegar hún kom fyrst í þingsalinn, að leita ekki strax trausts hjá þinginu. Hún hefði fengið það traust þann dag. Og ég er viss um, að það hefði styrkt ríkisstj. mikið, ef hún hefði aldrei tekið við völdum nema með því sjálfsagða skilyrði að krefjast trausts af þinginu. Hún notaði ekki annað tækifæri til þess að fá traust þingsins, nefnilega þegar hún lýsti því yfir fyrir nokkrum dögum, að hún mundi tvímælalaust framkvæma vilja Alþ. fyrir þjóðfélagið. Mér hefði þótt gaman að sjá þá menn, sem ekki hefðu viljað styðja þá stjórn, aðra en Alþflmenn. Og þá hefði margt farið öðruvísi um afgreiðslu fjárl., ef ríkisstj. hefði notað þetta tækifæri.

Ég er sammála því, að þessi fjárl. séu engan veginn heppileg, eins og þau eru nú. En helzta ástæðan til þess, að þau eru orðin eins og þau eru nú, er það, að ekki hefur verið nauðsynlegt samstarf á milli hæstv. ríkisstj. og Alþ. Og þetta verður aldrei lagað fyrr en það samstarf tekst. Ég mæli þetta ekki persónulega til neins þeirra hæstv. ráðh., sem í ríkisstjórn sitja. Það er annað atriði. En samvinna milli þessara tveggja stofnana er nauðsynleg til þess að ekki fari allt í það öngþveiti eins og þjóðmálin nú eru komin í.

Ég skal ekki deila við hæstv. ráðh. um það, fyrir hvað hæstv. ríkisstj. situr. En þegar hún kemst að þeirri niðurstöðu, að hún geti ekki af eigin rammleik komið málunum út úr öngþveitinu, þá er betra fyrir hana að vita, hvort ekki geta aðrir gert það, heldur en sitja í því botnlausa feni, sem hæstv. ráðh. lýsti hér, að væri mjög skammt fram undan, ef þessari stefnu væri haldið áfram.

Ég vil, út af þakklæti hæstv. fjmrh. til hv. 7. þm. Reykv., minna á það, að ég teldi það bein svik við þá aðila, sem lofað hefur verið hér fé til verklegra framkvæmda, ef aftan við þær till. væri bundinn sá baggi, að hæstv. ríkisstjórn, sem ekki hefur þingfylgi á bak við sig, hefði leyfi til að skera þær niður um 25 eða 30%. Og meðan ástæða þykir til þess að afla allt að 20 millj. kr. til þess að halda uppi verðlagsgreiðslum til einnar ákveðinnar stéttar í landinu, sem ég mæli ekki á móti, síður en svo, þá hefur engin ríkisstjórn siðferðilegan rétt til þess að skera niður verklegar framkvæmdir. Ég mótmæli þeirri skoðun hæstv. fjmrh., að hann telur, að hver ríkisstjórn hafi heimild til þess að gera þetta, þó að það sé ekki heimilað í fjárl. Með því væri alvarlega misboðið virðingu og valdi þingsins, ef nokkur ráðh. gerði slíkt. Ef hæstv. fjmrh. kemst ekki að samkomulagi við þingið um að fá þá peninga, sem honum er gert að borga út eftir fjárl., þá á hann fyrst og fremst að segja af sér. Og ég er ekki að meina það, að þessi hæstv. ríkisstjórn geri það. En það er bara venjuleg og sjálfsögð þingræðisregla. Og það hafa gert menn, sem hafa verið lengur ráðh. en þessi hæstv. ríkisstjórn hefur setið, ef þeir hafa ekki getað leyst hnútana í stjórnmálunum.

Þá vil ég lítils háttar mæla til hv. frsm. fjvn. Hann kom ekki mikið inn á mína ræðu, og tek ég það svo, að hann hafi ekki treyst sér til að færa fram mikil rök gegn því, sem ég hélt hér fram um framlögin til Barðastrandarsýslu. Hann talaði eins og ég hefði lýst því yfir, að það vantaði 30 millj. kr. til þess, að tekjur fjárl. vægju upp á móti útgjöldunum. En hann sleit allt úr samhengi, sem ég sagði, og er það ekki sæmilegt fyrir frsm. fjvn., til þess að inn í það komi allt önnur meining. Hann spurði, hvort þessi tekjuhalli mundi batna við það, þó að mínar brtt. yrðu samþ. En ég sagði, að sjálfstæðismenn í Ed. væru tilbúnir til að skaffa þessar tekjur til þess að afgreiða hallalaus fjárl., með sérstökum skilyrðum, sem ég þá tók fram. En því gekk hv. frsm. alveg fram hjá. Hitt er allt annað atriði, að fjárl. hækki um nokkuð mikið, ef mínar brtt. væru teknar til greina og samþ. En ætlast hv. frsm. fjvn. til þess, að ég taki þessar till. mínar til baka, meðan allar hinar brtt. einstakra hv. þm. leika lausum hala? Og aðeins ein brtt. t. d., sem hv. 1. þm. Árn. er með, er um tvöfalt hærra framlag en þær brtt. allar, sem ég er með. Og sannarlega vildi ég fylgja þessari brtt. hv. 1. þm. Árn. Og ef það væri ekki þannig, að hv. fjvn. sér sér ekki fært að taka þetta inn á fjárl. — ekki aðeins nú, heldur aldrei —, þá mundi ég fylgja henni. En ég skal draga allar mínar brtt. til baka, ef allar aðrar brtt. eru dregnar til baka einnig, þar með taldar brtt. frá hv. fjvn. En meðan aðrir hv. þm. þykjast hafa rétt til þess að setja fram hlutfallslega miklu hærri brtt. en mínar, þá sé ég ekki, með hvaða rétti hv. frsm. fjvn. leyfir sér að fara fram á, að ég taki mínar brtt. til baka fyrir það kjördæmi, sem ég er fyrir.

Hv. frsm. talaði um það, að það ætti ekki að veita neitt fé til vega í Barðastrandarsýslu, af því að ég hefði lýst þeirri sök á hendur vegamálastjóra, að hann hefði ekki látið leggja Rauðasandsveg rétt. Og ég gaf ástæðu fyrir því, hvers vegna það var. Þegar vegamálastjóri kom þarna vestur — og það var í fyrsta skiptið og eina skiptið, sem hann hefur komið í Barðastrandarsýslu alla hans tíð —, þá sá hann, að þar sem svo lítið fé var lagt fram til vega þar, — því að til Rauðasandsvegar voru árið 1938 lagðar fram aðeins 2700 kr. —, þá væri mjög erfitt að senda þangað dýran verkfræðing, sem mundi afkasta miklu meira verki á öðrum stað. Og það var alveg rétt athugað hjá vegamálastjóra. Þetta er ástæðan til þess, að hann hefur ekki látið undirbyggja vegina í Barðastrandarsýslu eins og í öðrum sýslum landsins, að aldrei hefur verið lagt neitt að ráði fram til vega þar vestra. Þetta vildi ég, að hv. frsm. fjvn. skildi, en væri ekki með útúrsnúninga um þetta mál.

Ég vil, í sambandi við aðeins eina brtt., sem hv. frsm. minntist hér á áðan og hv. fjvn. hefur á aukafundi samþ. að fella a. n. l., sem er till. um styrkveitingu til að byggja báta fyrir Dýrafjörð, spyrja, hvort þeir fjvn-menn hafi munað eftir breyt. á l. um fiskimálasjóð frá síðasta þingi? Þar er ákveðið, að lána megi með mjög vægum kjörum 60% kostnaðarverðs til þess að byggja báta fyrir, og þar að auki megi lána 25% af andvirði skipsins sem áhættufé til 10 ára, í 5 ár afborgunarlaust og í 10 ár alveg vaxtalaust. Það stóð um þetta mjög mikill styrr í fyrra, hvort yfirleitt ætti að veita þetta sem styrk eða sem lán. Og m. a. ég, einn af þeim fáu sjálfstæðismönnum, var samþykkur Framsfl. í því, að þetta ætti ekki að veita sem styrki, heldur sem lán. Og þá vildi ég vita, hvort í þessu efni, um að veita styrki til báta, hafi átt sér stað einhver stefnubreyt. hjá Framsfl. Ég mæli ekki á móti því, að þessi staður verði aðstoðaður til þess að eignast bát, en vildi vita, hvort hér er um stefnubreyt. að ræða. Því að þegar búið er að gefa fordæmi á Alþ. fyrir því að veita þessa aðstoð sem styrki, þá má búast við, að kröfur komi um það, að fleiri staðir njóti þess. En það varð annar hreppur fyrir mjög miklu slysi í fyrra, sem var Bíldudalur. Og þá létu sumir hv. þm. sér sæma að gera nokkuð þungar árásir á þá, sem voru töluvert riðnir við þau mál, og það áður en nokkuð af því var gróið, sem særi menn út af því slysi, m. a. með mjög illkvittnislegri opinberri rannsókn, sem haldið hefur verið áfram af ríkisstj. í nærri heilt ár, og hefur enn ekki verið birt niðurstaðan af til þess að binda enda á það, hver væri sökudólgurinn. Væri æskilegt, að hæstv. ráðh. léti það koma fram, hver á sök á Þormóðsslysinu eftir niðurstöðu þeirrar rannsóknar. Það er búið að hafa það mál gangandi utan þings og innan. Og ég vil persónulega óska þess, að því verði ekki haldið lengur í þeirri óvissu, sem það er og er búið að vera. — Ég er ekki á móti þessari brtt. undir neinum kringumstæðum, og getur verið, að ég greiði henni atkv. En ég vildi vita, hvort farið hefur verið inn á þetta af því, að hv. fjvn.-menn hafi ekki vitað

um l., sem ég gat um, eins og þeim var breytt í fyrra, eða hvort hér er farið inn á nýja stefnu, sem vænta má, að aðrir aðilar geti fengið styrk eftir síðar meir. Og ég vil leyfa mér að benda á, að ég tel breyt. hv. fjvn. á brtt. til mjög mikilla skemmda, og mundi ég eiga miklu erfiðara með að fylgja henni eins og hún er orðuð hjá hv. fjvn. heldur en eins og hún var upphaflega orðuð. Og það er ekki bent á í till., hvernig á að verja þessu fé, heldur á að láta það vera í höndum hæstv. ríkisstj., hvort hún vill veita það einstaklingum eða hreppnum eða á hvern annan hátt, sem henni sýnist. Það væri annað mál, ef eithvert ákvæði væri um þetta eins og t. d., að hreppurinn yrði aðnjótandi þessa fjár. (LJós: Það er ekki till. um þetta frá fjvn.). Hún er frá meiri hl. fjvn.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða við hv. 1. þm. Árn. um þetta. En ég vil benda honum á það, í sambandi við hans sterku rök um brúargerð á Iðu, að það er þó hægt að aka þessa 150 km., sem hann taldi, að þyrfti að fara til þess að ná í lækni, ef ekki væri hægt að komast yfir ána á ferju. Hann ætti að hugsa um þá sterku þörf, sem er á að leggja veginn yfir Kleifarheiði og brúa þær ár, sem eru á þeirri leið. Það hefur oft komið fyrir, að Barðstrendingar, sem hafa verið að sækja lækni yfir þessa heiði, hafa annaðhvort orðið að snúa við eða jafnvel að grafa sig í fönn, svo að ég vil segja, að það sé enn meiri þörf á að gera þessa samgöngubót heldur en hjá Iðu, en vil annars ekki fara í neinn samanburð á samgönguþörf í þessum tveim sýslum.

Ég vil segja, að það er mjög varhugaverð stefna, sem mörkuð er, ef samþ. á brtt. frá hv. þm. N.-Ísf. (SB) um að taka fé til bryggjugerðar af fjárveitingu, sem ætluð er til vega. Ég held, að þetta eigi ekki að setja inn í vegal. og að ekki sé rétt að smeygja þannig inn till. á allt öðrum grundvelli en henni er ætlað að vera. Ég vil aðeins benda á þetta og mun, ef till. verður samþ., ekki sjá mér annað fært en bera fram brtt. við vegal., þar sem aðrir staðir mundu njóta sömu kjarabóta.

**Forseti (GSv):** Ég skal taka það fram, í sambandi við það, sem ég hef áður um mælt, að þessari umr. verður að ljúka í kvöld. Það er ekki tilgangurinn að hindra menn í að mæla það, sem þeir vilja, en hins vegar eru það tilmæli mín til þeirra, sem eru að tala í annað og þriðja skipti í þessari umr., að þeir stytti mál sitt eftir því, sem unnt er, og láti leiðréttingar nægja, en forðist sem mest að fitja upp á nýju.

**Finnur Jónsson:** Það kann að vera, að það sé dálítið erfitt fyrir þann, sem ekki er vanur á stjórnmálasviðinu, að taka til máls eftir ræðu hv. þm. Barð. (GJ) með allri þeirri stjórnkænsku, sem hann lét í ljós. Ég vil þó leyfa mér að minnast á tvær till., sem hann gerði að umtalsefni. Önnur er till. hv. þm. N.-Ísf. um að taka af vegafé til bryggjugerðar á Arngerðareyri. Þetta mál var til umr. í fjvn., og var leitað um það álits vegamálastjóra, og er hann á sama máli og fjvn. um það, að á vissum stöðum á landinu yrði að gera brýr í sambandi við vegi á þeim stöðum, sem vegasambandið þarf að liggja yfir firði og ekki eru nein not fyrir bryggjurnar önnur en taka á móti flutningi og farþegum. Þessi till. hv. þm. N.-Ísf. er í samræmi við þá skoðun, en þó er það þannig, að fjvn. taldi, að ekki lægju nægilegar upplýsingar fyrir um, hvað þessi bryggja mundi kosta.

Annað atriði gerði hv. þm. Barð. sérstaklega að umtalsefni, og það var till. hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) um sérstakan styrk til Þingeyrarhrepps í tilefni af því, að Þingeyrarhreppur hefur orðið verr úti en nokkur annar hreppur á landinu bæði með mannskaða og skipatöp. Nokkrir þm. flytja brtt., og vil ég segja það, að ég felli mig betur við aðaltill. eins og hún er hjá þm. V.-Ísf. og mun greiða henni atkv. Ég held, að þingið eigi að sjá sóma sinn í því að veita þennan styrk á þann hátt, sem hv. þm. V.-Ísf. fer fram á.

Hv. þm. V.-Húnv. (SkG) gerði að umtalsefni till., sem hann hefur geymt annaðhvort í vasa sínum eða í maganum síðan í þingbyrjun og hann nú slengir út við síðustu umr. fjárl. og það mjög seint í þeirri umr. Fjvn. gekk frá þeim till., sem hún ætlaði að leggja fram, þann 19. nóv., eða fyrir 3 vikum, en þessi 10 millj. kr. till. er fyrst nefnd í fjvn. þann 7. des., eða rúmlega hálfum mánuði eftir að fjvn. hafði gengið frá aðaltill. sínum til 3. umr. Slík aðferð mun vera algerlega eins dæmi, að kasta inn svona stórri útgjaldatill. sem allra síðast við síðustu umr. fjárl., og þessi till. virðist muni verða til þess m. a., að Alþingi afgreiði fjárl. á þann hátt, að þau verði þinginu ekki til sóma. Það má vel vera, að af stj. hálfu hafi lítið verið talað við þingflokkana um afgreiðslu fjárl., en þó má engu síður segja, að milli flokkanna hafi verið enn minni umr. en milli flokkanna og stj. Það var öllum kunnugt, að í þingbyrjun fóru hér fram undirskriftir milli þm. um það, að þeir bindust samtökum um að afla bændum sama verðs fyrir útfluttar afurðir eins og yrði fyrir þær afurðir, sem seldust á innlenda markaðinum með því verði, sem hin svokallaða 6 manna n. ákvað. Ég ítreka það, að þessar undirskriftir fóru fram í þingbyrjun, en það hefur gleymzt að koma fram með till. um, að fjárveiting í þessu skyni væri sett inn í fjárl., þangað til síðast við síðustu umr. fjárl. Ég hefði talið, að þingflokkunum hefði verið nokkru nær að athuga um það í stórum dráttum, hvernig skipta skuli því fé, sem kemur í ríkissjóðinn og ríkissjóður þarf ekki til daglegra framkvæmda, — hvernig skipta skuli því milli einstakra stétta og einstakra atvinnuvega þjóðfélagsins. En það er ekki þessi aðferð, sem meiri hl. fjvn., fulltrúar Sjálfstfl. og Framsfl., hefur kosið að hafa. Allt útlit er fyrir, að í þessar uppbætur verði á 3 árum varið einhvers staðar milli 30—45 millj. kr. Þetta er miklu meira fé til einstakra atvinnuvega en við höfum nokkurn tíma átt að venjast áður, að reiknað væri með, og eins og ég hef bent á áður við þessa umr., er ekki verið með þessu fé að gera neinar ráðstafanir til þess að leggja framtíðargrundvöll undir heilbrigðan at-

vinnurekstur, hvorki landbúnaðarins né sjávarútvegsins. Hv. þm. V.-Húnv. var að kvarta undan því, að ég teldi, að því fé, sem veitt væri til bænda, væri illa varið. Ég hef aldrei látið í ljós, að ég teldi, að bændur notuðu þetta sem eyðslueyri, en ég segi, að frá ríkisins hálfu nái þetta betur tilgangi sínum, ef féð er notað til þess að leggja einhvern heilbrigðan grundvöll undir landbúnaðinn. Það er vitað, að margir menn, sem þetta fá, freistast til þess að hætta að búa og flytjast á mölina ofan á þá, sem fyrir eru. Það er engin trygging fyrir því, að féð sé lagt í ræktun eða á annan hátt notað svo sem þjóðinni *má verða fyrir beztu, og er að því leyti* ástæða til að hafa áhyggjur út af þessu fé. Hér er ekki heldur um neinar smáupphæðir að ræða. Hv. þm. V.-Húnv. segir það, að ekki sé trygging fyrir því, að því fé, sem er í höndum manna í öðrum stéttum þjóðfélagsins sé betur varið. Það má vel vera. En hv. þm. V.-Húnv. ruglar hér saman fé, sem komið er í ríkissjóðinn og fé einstakra manna. Meðan ekki er búið að taka alla peninga af öllum í landinu, þurfum við ekki að hafa neinar áhyggjur af því, sem menn hafa, en því, sem kemur í ríkissjóðinn, ber okkur skylda til að ráðstafa á sem beztan og réttlátastan hátt. Ég tel ekki, að þessar uppbætur, eins og fjárhag ríkissjóðs er komið, séu réttlætanlegar, og ég tel, að sá dráttur, sem hefur orðið á því að leggja fram þá till. í málinu, sem menn vissu að vísu, að einhvern tíma mundi koma, valdi því, að við sendum frá okkur fjárl., sem ekki eru þannig, að neinn okkar mundi vilja bera ábyrgð á þeim. Til þess að undirstrika það, hve sjávarútvegurinn er hafður útundan af Alþingi, höfum við Alþflm. lagt fram *till. um 9½ millj. til skipabygginga og skipa*kaupa. Ég hef áður gert grein fyrir þessari till. og lagt fram rök fyrir því, að hún sé á fullum rétti byggð og að það sé þinginu til mikils vansa að gera upp á milli sjávarútvegs og landbúnaðar, eins og hér virðist ætla að verða ofan á. Mér þykir líklegt, að það hefði mátt komast að samkomulagi um, að slegið hefði verið af af hendi beggja, en þegar meiri hl. Alþingis ætlast til, að ekkert sé hugsað um sjávarútveginn á sama tíma og verið er að leggja tugi millj. til einstakra manna, hljóta fulltrúar sjávarútvegsins að mótmæla. Það er enginn vafi á því, að það hallar undan fæti fyrir sjávarútveginum. Síðan fisksölusamningurinn var gerður, hafa útgerðarvörur hækkað um 45 af hundraði, án þess að fiskverðið hafi hækkað um einn einasta eyri. Verði ekki veruleg hækkun á fiskinum um áramót, hvernig fást þá þessir peningar? Hvernig getur sjávarútvegurinn staðið undir því að halda áfram að borga tugi millj. til landbúnaðarins? Af þessu, hve hallar undan fæti með sjávarútveginn, er auðséð, að hlýtur að leiða allmikið atvinnuleysi þegar á næsta ári. Það er auðséð, að hlutartekjur bátaútvegsmanna lækka mjög mikið. Það er auðséð, að þær tekjur, sem gert er ráð fyrir af 6 manna n., að þeir fái, fá þeir alls ekki á næsta ári. Og hvar er þá réttlætið, ef ætlunin er að tryggja einni stétt full hámarkslaun, en aðrar stéttir fái ekkert? Þó við Alþflmenn séum á móti þessum uppbótatill., mundum við, ef felld verður skipabyggingartill. okkar, gera tilraun til að koma með brtt. til réttlætingar á till. meiri hl. fjvn., sem ég skal, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lýsa, en hún hljóðar svo og er brtt. við brtt. fjvn. á þskj. 604: „Til uppbótargreiðslna til bænda, sjómanna og verkamanna, sem vegna verðlags á afurðum á erlendum mörkuðum, aflabrests eða atvinnuleysis ná ekki þeim tekjum á árinu, sem taldar eru meðaltekjur þessara stétta samkvæmt niðurstöðum landbúnaðarvísitölun., í áliti, dags. 18. ágúst 1943, kr. 10000.00. Upphæðin skiptist til þriðjunga milli þessara stétta, og fer um úthlut*un uppbótanna samkvæmt reglum*, er Alþingi setur."

Eins og ég tók fram, er þetta tilraun til þess að reyna að koma nokkru réttlæti á till., sem við Alþflmenn erum á móti. Við teljum miklu betra fyrir atvinnuvegina í landinu að verja þessu fé til styrktar þeim en til einstakra stétta, en hins vegar, ef Alþingi ætlar að taka upp þá reglu, sem meiri hl. fjvn. leggur til, teljum við, að tillit eigi að taka til fleiri en bændanna í landinu.

Ég hef hálfgert verið að gera ráð fyrir, að till. okkar Alþflmanna um fé til skipakaupa nái samþykki, því að ég geri ráð fyrir, að sósíalistar greiði henni atkv., og þá þarf Sjálfstfl. ekki að leggja til nema 9 þm. til þess að koma þessari sjálfsögðu till. í gegn, en Sjálfstfl. hefur meiri hluta sinna kjósenda í kaupstöðum, og er undarlegt, ef hann hefur engar skyldur við þessa kjósendur og engan ótta af þeim, en hræðslan við bændakjósendur þeirra sé svo mikil, að þeir vilji þeirra vegna ganga á rétt annarra stétta í landinu.

*Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta* fleiri orðum, en leyfi mér að afhenda hæstv. forseta brtt.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Ég er í talsverðum vafa um, hvort ég á að taka hv. þm. Barð. (GJ) sem málsvara Alþingis, þó að ég telji engan vafa á því, að hann telji sig sjálfur til þess kjörinn. Já, hér situr stj. og kúgar þingið og treður á rétti þess. Það er heldur óföguur lýsing, sem þm. Barð. gefur um ástandið hér á þinginu. Hann segir, að stj. hafi gert innrás í þingið. Það er engu líkara en stj. hafi gert vopnaða árás á þingið, eins og t. d. Cromwell ruddist inn í enska þingið. En þessi stj. hefur gleymt að taka sér í munn orð Cromwells og segja: „Þið hafið setið hér nógu lengi." Ef stj. hefði virkilega gert innrás á Alþingi, er ekki ólíklegt, að hv. þm. Barð. hefði fengið ástæðu til að lesa sjóferðabænina sína. Hann segir, að ég, eða stj., verði að hlíta sjálfsögðum þingræðisreglum: Ef okkur líki ekki eitthvað, ættum við að segja af okkur. Ég er honum algerlega *sammála. Það hljóta að vera til einhverjar reg*lur um það, að hv. Alþingi og ekki sízt málsvari þess, hv. þm. Barð., taki að sér að leysa þau vandræði, sem þá kynnu að skapast. Ég efast ekki um, að hv. málsvari þingsins mundi vera fljótur að kippa ýmsu í lag, sem bæði hann og aðrir teldu, að færi aflaga hjá stj. Hann sagði, að núverandi stj. vildi ekki hafa samvinnu við

þingið og af því stafaði allt það öngþveiti, sem þingið væri í. En hvað er Alþingi? Alþingi er flokkarnir. Í hverju er fólgin samvinna á Alþingi? Í samvinnu flokkanna. Þegar sú samvinna er til staðar, skal ekki skorta samvinnuvilja stj.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Herra forseti. Á þskj. 609, XII er till. frá utanríkisráðh. um nýjan lið, nr. 27 við 22. gr., svohljóðandi:

„Að greiða úr ríkissjóði til hjálpar- og endurreisnarstofnunar hinna sameinuðu þjóða þátttökugjald Íslands í rekstrar- og stjórnarkostnaði í samræmi við aðra þáttakendur."

Í sambandi við þessa till. vil ég leyfa mér að vísa til þeirrar skýrslu, sem ég gaf þm. fyrir nokkrum dögum um, að þá var fram komin á stjórnarfundi hjálparstofnunarinnar um að allir þátttakendur greiddu sem svarar 1% af þjóðartekjum sínum, miðað við seinna missiri ársins 1942 og fyrra missiri 1943, — greiddu 1% af þjóðartekjum hvers þátttakanda til reksturskostnaðar og stjórnarkostnaðar. Síðan ég gaf þm. þessa skýrslu, hefur stjórnarfundur samþ. þessa till., og verður því væntanlega innan skamms gengið eftir því að fá a. m. k. nokkurn hluta þessa fjár greiddan frá þátttakendum. Ég gerði grein fyrir því þá, að óhjákvæmilegt yrði að veita stj. í sambandi við þátttökuna í þessari hjálparstofnun heimild til þess að greiða það, sem farið væri fram á. Þessi till., sem ég ber hér fram, er gerð í samráði við forustu allra fjögurra stjórnmálaflokkanna hér í þinginu, og vænti ég þess, að fullur einhugur geti orðið um afgreiðslu hennar, en verði till. samþ., leggur stj. þann skilning í samþykkt hennar, að hún hafi heimild til að greiða, eins og ég hef lýst, þátttökugjald reiknað út eftir þjóðartekjum fyrir tiltekinn tíma, og verði þá um þann útreikning höfð sama regla og þær þjóðir hafa, sem þegar hafa gefið ákveðið upp um sín framlög. En eftir því hefur verið leitað, hvaða reglur þær hafa haft við sína útreikninga, og eru væntanleg svör um það nú innan skamms. Ég vona, að ekki þurfi hér á hinu háa Alþ. að verða neinar verulegar umr. um þetta atriði, með því að búið er að ræða málið svo ýtarlega hér áður.

En áður en ég sezt niður, tel ég ástæðu til þess, að gefnu tilefni í ræðu hv. þm. Barð., út af fyrirspurn hans eða aths. út af rannsókn á Þormóðsslysinu á síðast liðnum vetri, að geta þess hér, að þeirri rannsókn hefur verið haldið áfram og hraðað svo sem kostur var á, og að rannsókninni er nú lokið og, eins og venja er til, þá hefur atvinnumálaráðuneytið sent rannsóknina til dómsmálaráðuneytisins, til þess að það gæti athugað það, hvort ástæða sé til að höfða mál út af því, sem rannsóknin hefur leitt í ljós, og ef svo væri, þá gegn hverjum. Mér er kunnugt um, að þessi athugun dómsmálaráðuneytisins fer nú fram, og þykir mér líklegt, að ekki verði langt að bíða, þangað til hægt verður að gefa almenningi og Alþ. upplýsingar um málið. En ég hef litið svo á, að það væri æskilegast, að þetta færi ekki í pörtum út úr ráðuneytinu, heldur verði skýrt frá niðurstöðum í málinu á þann hátt, sem venjulegur er, þegar gengið er frá málum.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi út af brtt., sem hv. þm. Ísaf. hefur borið fram ásamt fleiri hv. þm. við þá brtt., sem hv. 6. landsk. þm. og tveir aðrir hv. þm. með honum hafa flutt á þskj. 609, leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. Ég vil gera þá aths. við þessa brtt. hv. þm. Ísaf. og þeirra, sem með honum flytja hana, að bæði sé hún mjög óákveðin og þar að auki ekki formleg, þar sem hún er borin fram við einn rómv. lið, en undir honum eru tveir liðir, 1. og 2., og liður 1. er brtt. við brtt., sem er komin fram áður, en liður 2. sjálfstæð brtt.

Ég skil, hvað fyrir hv. þm. Ísaf. og þeim, sem með honum flytja brtt., vakir, og álít þess vegna heppilegra, að það komi fram á þann hátt, að till. væri um, að bætt væri við þá liði, sem fyrir eru á brtt. 609, VIII, einum sérstökum lið, þar sem tillit væri tekið til verkamanna og þá á þann hátt, að þeim væru veittar till tryggingar gegn atvinnuleysi samkvæmt l., sem Alþ. setur, 4 millj. kr.

Brtt. á þskj. 609, VIII, 1 frá hv. 6. landsk. þm. (LJós) fer fram á, að breytt sé brtt. meiri hl. fjvn. á þann hátt, að í stað þeirrar brtt. hv. meiri hl. fjvn. komi ákvæði um, að 6 millj. kr. verði greiddar út samkv. l., sem Alþ. setur, til verðuppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir. Og í brtt. hv. 6. landsk. er til tekið, að þessar uppbætur takmarkist við það, að bændur, sem ekki hafa hærri árstekjur en sem svarar til meðalbúa, fái verð fyrir allar söluafurðir sínar samkv. niðurstöðu landbúnaðarvísitölunefndar. Þarna er því lagt til, að örugglegar sé frá þessu gengið en í till. hv. meiri hl. fjvn., þannig að ekki sé hrist af á einu einasta kvöldi, eftir svo að segja engar umr. í fjvn., 10 millj. kr. framlag til þessara uppbóta, án þess að það eigi einu sinni að taka kvittanir frá þeim, sem taka eiga á móti því fé, eins og praktiserað hefur verið, að slíkar kvittanir hafa ekki verið teknar.

Í brtt. 609, VIII, 2 er lagt til, að veittar verði til tryggingar á lágmarkslaunum fiskimanna, líka samkv. l., er Alþ. setur um það efni, 4 millj. kr. Og þá hef ég lagt til í brtt. á þskj. 623, að brtt. hv. þm. Ísaf. og þeirra, sem með honum flytja þá brtt. (á þskj. 622), skuli orða svo: „Við 16. gr. C. Nýr stafliður: Til tryggingar gegn atvinnuleysi, samkvæmt lögum, er Alþingi setur, 4000000 kr." Með þessu móti væri þegar skipt upp allríflegri upphæð á milli vinnandi stéttanna, og Alþ. mundi setja sérstök l. um hverja þessa greiðslu fyrir sig, þannig að það væri tryggt, að Alþ. meðhöndlaði þessi mál á þann hátt, sem virðingu þess er samboðið. — Vil ég mælast til þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir þessari brtt.

Hv. þm. V.-Húnv. talaði hér áðan, og honum virðist ganga erfiðlega að skilja fyrri brtt. á þskj. 609 undir rómv. VIII, og er það undarlegt með svo greindan mann. Þar í þeirri till. er það alveg sérstaklega tekið fram, að þessar uppbætur eigi að takmarkast við það, að bændur, sem hafa árstekjur sem svarar til meðalbús, fái verð fyrir allar söluafurðir sínar samkv. niðurstöðu

landbúnaðarvísitölunefndar. Þar er átt við tekjur handa bóndanum, sem hann hefur eftir, þegar búið er að borga öllum mönnum kaup, sem vinna við bú hans. Hv. þm. V.-Húnv. fór að tala um, að þetta mundi koma misjafnlega niður á sýslur og sveitir, þar sem ein sveit, sem seldi sitt kjöt innanlands, mundi verða betur úti en þær sveitir, þar sem svo væri háttað, að mikið af kjötframleiðslunni væri flutt út. En hefur þetta verið praktiserað þannig undanfarið? Ég veit ekki betur en kjötið sé verðjafnað þannig, að það sé borgað út ekki eftir því, hvaða kjöt það er, sem er selt á innlenda markaðinum, og hvaða kjöt það er, sem selt er úr landi. Ég held, að engum detti í hug að framkvæma þessar uppbætur og niðurborganir og annað slíkt á þann hátt, að bændum sé mismunað í verðinu eftir því, hvert kjötið er selt. Það næði ekki nokkurri átt, og ég held, að engum hafi dottið í hug að gera það.

Svo var hv. þm. V.-Húnv. allmikið að ræða um það, að þarna væri verið að mismuna mönnum eftir efnahag og aðstöðu. En tilgangurinn með þeim l., sem sett voru um uppbótargreiðslur á landbúnaðarafurðum, var að tryggja bændum sambærileg kjör við aðrar vinnandi stéttir. Og nú er vitanlegt, að þar, sem mikið er framleitt og framleitt er í stórum stíl, þar er framleiðsla hvers kjötkg ódýrari en þar, sem framleitt er í smáum stíl. Og þegar verið er að tala um að tryggja mönnum sambærileg kjör við aðrar vinnandi stéttir, þá væri réttlátt að hugsa sér að borga þeim manni, sem hefur tiltölulega minni framleiðslukostnað, heldur minna verð fyrir afurðir sínar, og þeim, sem hefur meiri framleiðslukostnað, heldur meira verð, þ. e. ef við hugsum okkur að tryggja mönnum jafnt andvirði fyrir sitt vinnuafl, sem hver maður leggur fram til starfa fyrir þjóðfélagið. Það er þetta, sem er eftir dýrtíðarl., enda þótt það sé öfugt við allt annað, sem markast eftir framboði og eftirspurn. Hv. þm. V.-Húnv. minntist á það, að dönsku selstöðuverzlanirnar hefðu hér áður borgað þeim ríku bændum, sem við þær skiptu, hærra verð fyrir þeirra innlegg heldur en þeim fátækari. Og þetta er einmitt reglan, sem hv. meiri hl. fjvn. vill hafa við úthlutun á verðuppbótum til bænda, því að eftir því, sem hv. meiri hl. fjvn. leggur til, þá á að borga mestar uppbætur til þeirra bænda, sem mestar hafa árstekjurnar, og þess vegna hlutfallslega hæst verð til þeirra, sem minnstan hafa framleiðslukostnaðinn á hvert kg af framleiðsluvörunni. En aftur á móti hinum, sem minna framleiða og því hafa meiri framleiðslukostnað á hvert kg framleiðsluvörunnar, vill hv. meiri hl. fjvn. borga minni uppbætur tiltölulega. Það á sem sé eftir till. meiri hl. fjvn. að bæta þeim tekjumestu í þessu sambandi mest tiltölulega, en þeim fátækustu, sem minnst framleiða, tiltölulega minnst. Hv. þm. V.-Húnv. talaði um, að það væri aldeilis rétt þokkaleg skipting á þessu fé, sem ætti að framkvæma, ef Alþ. dytti önnur eins ósköp í hug eins og það, að það ætti að borga þeim mönnum minnstar uppbætur, sem hefðu mjög háar tekjur, — það væri svo hróplegt óréttlæti, sem ekki hefði þekkzt, — og ef farið væri að gera greinarmun á stórverkamönnum og smáverkamönnum og stórþingmönnum og smáþingmönnum —, og því sagði hann ekki stórembættismönnum og smáembættismönnum? Það eru nefnilega til l., sem Alþ. hefur samþ., sem eru um verðlagsuppbót á laun embættismanna og starfsmanna ríkis og ríkisstofnana. Og eftir orðum hv. þm. V.-Húnv. gæti maður þá haldið, að Framsfl. geti ekki dottið í hug annað eins óréttlæti eins og það, að það ætti að veita einum embættismanni, sem hefur 15 þús. kr. laun, minni uppbætur á laun sín en þeim vesalingi í sömu stétt, sem hefði aðeins 4 þús. kr. í laun. En 3. gr. laga um það efni hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðlagsuppbótin skal nema fullri hækkun vísitölunnar, miðað við grundvöllinn janúar—marz 1939 (=100). Uppbót greiðist þó ekki af þeim hluta launa, sem er fram yfir 650 kr. á mánuði."

M. ö. o., stórembættismenn með yfir 650 kr. laun á mánuði, þeir eiga bara enga verðlagsuppbót að fá á þann hluta launa sinna, sem fram yfir er 650 kr. á mánuði. Hvers konar réttlæti er þetta, eftir þeirri kenningu, sem hv. þm. V.-Húnv. er með? Ég veit ekki betur en hæstv. Alþ., þegar það hefur úthlutað fé til manna, hafi alltaf viljað taka tillit til þarfa þeirra fyrir fjárgreiðslur til uppbótar á þeirra kjör, þegar Alþ. hefur talið nauðsynlegt fyrir þjóðfélagið að taka í sínar hendur að ráðstafa svo og svo miklu af því fé, sem er á gangi manna á milli. Og Alþ. og þjóðarheildin gerir þetta út frá því sjónarmiði, sem réttlætir þetta, og það er sem sé þörf manna. Þegar á að veita verðlagsuppbót af því að dýrtíð er í landi, þá segir Alþ.: Ef menn hafa haft 650 kr. í grunnlaun á mánuði eða meira, þá verða þeir að sætta sig við það, þó að þeirra laun og aðstaða fari hlutfallslega versnandi miðað við aðra, sem minna hafa borið en þeir úr býtum áður. Hæstv. Alþ. hefur ákvarðað þessa reglu. Og ég man ekki betur en að hver einasti af þm. Framsfl. væri með þessu, þegar þessi ákvæði voru sett í l. á Alþ., og samt var þó nokkur togstreita um það á Alþ., hvort ætti að setja þarna nokkurt réttlætisprinsíp inn í eða hvort ætti bara að bæta verðlagsuppbót við öll laun embættismanna, hvort sem það var mikið eða lítið, sem þeir menn höfðu áður í laun. Sú regla sigraði, að tekið skyldi nokkurt tillit til þarfa manna, þannig að þeir menn, sem hefðu haft minnstar tekjur áður, þyrftu að fá fulla verðlagsuppbót á sín laun samkv. vísitölu, en hinir, sem höfðu haft laun yfir ákveðnu marki, skyldu fá minni uppbót, — þar skyldi sagt stopp, því að það mundi duga þeim til sæmilegrar afkomu, þó að þeir fengju ekki uppbætur á laun yfir því marki. — Þetta hefur nú hæstv. Alþ. látið gilda um alla sína embættismenn og starfsmenn ríkis og ríkisstofnana. Og Framsfl. hefur staðið sig vel í þeirri baráttu að koma þessu í gegn. En nú er spursmálið, hvort menn, sem fá í árstekjur yfir 14500 kr., eiga að fá uppbætur á þær framleiðsluvörur sínar, sem eru fram yfir framleiðslu meðalbús, eða hvort á að gilda um þá sama reglan og um starfsmenn og embættismenn ríkisins. Spursmálið er, hvort

nú á að búa til nýja reglu á þessa leið: Sá, sem hefur mjög háar árstekjur, hann skal fá laun, sem gera miklu meira en að tryggja honum góða afkomu, þannig að það fari hlutfallslega batnandi hans afkoma móts við það, sem hann hefur áður haft. Það, sem við sósíalistar leggjum til í þessu sambandi, er, að Alþ. hafi sömu reglu, þegar það úthlutar milljónum króna til uppbótargreiðslna til bændanna í landinu, eins og það hefur, þegar það greiðir verðlagsuppbætur til sinna embættismanna, og taki þar tillit til þarfa manna í því sambandi, en ekki, að það fari bara í blindni eftir þeim hlutföllum á lífskjörum manna, sem fyrir voru, og segi: Sá, sem hefur haft litlar tekjur, skal fá litlar uppbætur, en sá, sem hefur fengið mikið, skal fá mjög mikið. Það er þetta, sem á að greiða atkv. um, hvort það eigi að gilda svipuð lög um þá menn í bændastétt, sem hafa yfir 14500 kr. í árstekjur, og um þá embættismenn og starfsmenn ríkisins, sem mest hafa úr býtum borið í þessu landi.

**Forseti (GSv):** Nú verður þess freistað að fá afbrigði fyrir fram komnum skrifl. brtt., sem lýst hefur verið, í því trausti, að nú megi ekki vænta fleiri slíkra brtt. Það er nú, eins og komið hefur fyrir allajafna, þegar um skrifl. brtt. hefur verið að ræða, að heimfærslan er nokkuð af fljótaskrift gjörð, þegar till. ganga ekki í gegnum hendur skrifstofumanna Alþ. En það mun verða reynt að heimfæra það á rétta staði, sem miður er heimfært en skyldi í þessum skrifl. brtt., þegar til þess kemur að ræða brtt. upp til atkvgr. — Afbrigða verður þá leitað fyrir tveimur brtt., sú fyrri er frá Finni Jónssyni og fleirum, og hin brtt. er við þá brtt., frá Einari Olgeirssyni. Verður nú leitað tvöfaldra afbrigða fyrir þessum brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 622, II og 623) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Herra forseti. Tveir hv. fjvn-menn hafa borið fram brtt. við brtt. mína á þskj. 605 um styrk til Þingeyrarhrepps. Ég get út af fyrir sig verið þakklátur þessum mönnum fyrir það, að þeir fallast á það, að hér sé tilefni til styrkveitingar. Og eins fyrir hitt, að þeir hika ekki við í sinni till. að nefna þann ákveðna hrepp til, án þess að gera till. almenna. En um fjárhæðina verð ég að segja það, að ef þetta tilefni er svo sérstakt, sem þarf til þess að bera fram slíka till., þá finnst mér varla vera hægt að telja eftir 50 þús. kr. í þessu sambandi. Annars verður þetta að ganga eftir atkvæðum, hvaða fjárhæð er samþ. í þessu efni. — Að öðru leyti er ég ekki ánægður með orðalag brtt. þessara hv. þm. Samkvæmt minni till. á þessi styrkur að ganga til Þingeyrarhrepps, það á að greiða Þingeyrarhreppi þennan styrk. En samkv. þeirra till. á þskj. 622, IV á „að verja úr ríkissjóði allt að 100 þús. kr. sem aukastyrk til eflingar útgerð í Þingeyrarhreppi, að fengnum tillögum hreppsnefndarinnar, þó ekki yfir 25% af kostnaðarverði skipa.“ Ég sé ekki annað en eftir þessari till. þeirra eigi styrkurinn að ganga til einstakra manna. Það var af ásettu ráði, að ég orðaði till. svo, að styrkurinn ætti að ganga til hreppsins og verða hans eign, því að með því móti finnst mér minnst mismunað mönnum. En með því móti að fara að veita þennan styrk sem aukastyrk ofan á aðra styrki til einstaklinga þá álít ég, að það mundi valda misrétti milli einstaklinga í landinu. Að þeir hugsa sér, að þessi styrkur verði veittur til einstaklinga, kemur líka fram í því, að þeir setja ákvæði í sína brtt. um það, að ekki megi veita meira en sem svarar 25% af kostnaðarverði skipa. Nú á ég ekki við það, að þessi styrkur verði helmingur af kostnaðarverði skips eða ⅔ eða þess háttar. En eftir minni till. á þessi styrkur að ganga til hreppsfélagsins, og þá er ekki eins mikil nauðsyn á að hafa slíkt ákvæði í till., sem þeir tveir hv. þm. hafa í sinni till. viðkomandi hlutfalli styrks við kostnaðarverð. Ég hafði hugsað mér, að ráðh. gæti veitt ⅓ hluta af kostnaðarverði báts. En við það er ráðh. vitanlega ekki bundinn í till., en honum er ætlað að dæma og úrskurða um það, hversu skynsamlegar ráðstafanir hreppsins eru í þessu sambandi, og leiðrétta, ef farið er út í einhverjar öfgar í því efni. — Þá skal ég geta þess, að samkv. till. þessara tveggja hv. fjvn-manna, þá er það ríkisstjórnin, sem á að hafa frumkvæðið um þetta mál, en hreppsnefndin hefur leyfi til að gera sínar till. Ég legg á hitt ríka áherzlu, að hreppsnefndin hafi frumkvæðið. Hún er sínum hnútum kunnugust. Og ef styrkurinn á að greiðast til hennar, eins og lagt er til í minni till., þá er það sjálfsagður hlutur, að hreppsnefndin hefur hér frumkvæðið, og þarf svo ekki annað en bera sínar till. eða það, sem hún hefur í hyggju í þessu efni, undir ríkisstj. til samþykktar. — Ég segi þetta ekki af vantrausti á hæstv. ríkisstjórn í þessu sambandi, heldur hygg ég, að hún muni varla fyrir sitt leyti óska þess að þurfa að bæta einni stofnuninni enn, útgerðarfélögum, ofan á öll sín störf. Hæstv. ríkisstjórn hefur fleiri hnöppum að hneppa, og það er nóg á hana lagt í þessu sambandi, þó að hún eigi ekki að gera meira en að ákveða í samráði við hreppinn um ráðstöfun á þessu fé, sem til Þingeyrarhrepps á að veita eftir minni till.

Annað hygg ég ekki, að þurfi að taka fram í þessu sambandi. En af þessu, sem ég hef tekið fram, sést, að það er allmikill munur á brtt. þeirra tveggja hv. fjvn-manna um þetta efni annars vegar og þeirrar till. hins vegar, sem ég ber fram.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég var ekki viðstaddur, þegar hv. frsm. fjvn. hóf mál sitt, hafði ekki búizt við, að sérstök ástæða væri til fyrir mig að hlusta á hann, en nú hefur mér verið sagt, að þessi hv. þm. hafi sem frsm. n. andmælt till. minni og hv. þm. V.-Ísf. um brottfellingu útflutningsgjaldsins og einnig brottfellingu framlagsins til fiskveiðasjóðs, sem er ekki annað en mistök hjá hæstv. ríkisstj. að hafa sett í fjárlagafrv. og er viðurkennt af skrifstofustjóra fjmrn., að tekið hafi verið í frv. af misgáningi, af því að það var á fjárl. árið áður. Við hv. þm. V.-Ísf. vildum láta taka þetta burt, af því að þetta eru l., sem samþ. voru á síðasta þ., þar sem þessar tekjur voru teknar af ríkissjóði og fengnar öðr-

um sjóði. Nú hefur hv. frsm. fjvn. rökstutt þetta með því einu, að eins væri farið með stríðsgróðaskattinn, hann væri talinn til ríkistekna, þó að 45% af honum rynni til sveitarfélaga. En þar er ekki líku saman að jafna. Yfirleitt er það ekki venja að taka slík gjöld eins og útflutningsgjaldið og framlagið til fiskveiðasjóðs í fjárlög. Hér voru eitt sinn sett l. um happdrætti fyrir ríkissjóð, en það var síðan tekið af og ánafnað háskólanum, og hefur hann það enn, og þetta hefur aldrei verið talið ríkissjóði til tekna, enda væri það ekki rétt. Það, sem hv. þm. heldur fram, er því helber hugsunarvilla og ekki annað en ein sleif af þeim vatnsgraut, sem hann hefur hellt yfir okkur hér.

Þá hefur hv. þm. mótmælt till. minni um heimild fyrir ríkisstj. á 22. gr. fjárl. til að fella niður 30% af gjöldum ríkissjóðs, sem ekki eru ákveðin í öðrum gr. fjárl., ef ríkisstj. þykir sýnt, að tekjur ríkissjóðs muni ekki hrökkva fyrir þeim útgjöldum, sem til er ætlazt. Hv. þm. hafði, — og ég tel, að hann geri það sem einstakur þingfulltrúi, en ekki frsm. n. —, rökstutt þetta með því, að ég hafi við 2. umr. fjárl. greitt atkv. með 10 millj. kr. útgjöldum. Þetta eru svipuð rök og í sambandi við fyrri till. mína. Það er vitað, að hv. fjvn. hefur tekið sér eins konar fjármálaeinræði hér, og það er hún, sem gerir fjárl. úr garði. Þegar svo ber undir, að nm. eru ekki sammála, þá greiðum við aðrir þm. atkv. til að sýna, hvaða prinsípi við viljum fylgja, og verð ég að segja, að þegar hugleitt er, að sjávarútvegurinn er undirstaða allra þessara tekna og eins hitt, að í 16. gr. fjárlagafrv. um framlag til atvinnumála eru ætlaðar rúmlega 7¼ millj. kr. til landbúnaðarmála, en ekki nema 540 þús. kr. til sjávarútvegsins, þá er sannarlega ekki vanþörf á því, að menn láti það í ljós með atkv. sínu, að þeir telji ekki skynsamlega að farið með því að ætla sjávarútveginum ekki meiri stuðning en þetta, enda kemur það í ljós, að hv. sjútvn. er á sama máli og ég um þetta, því að hún kemur með till. um það, að sjávarútvegurinn fái 5 millj. kr. úr framkvæmdasjóði ríkisins. Ég vil þess vegna segja, að það er seilzt um hurð til lokunnar, þegar hv. þm. áfellist mig fyrir að hafa greitt atkv. með þessari till., og kemur mér þetta raunar ekki á óvart, því að bersýnilegt er, að hér er á ferðum nýgræðingur í fjvn., sem er ekki um það fær að vera formælandi n., og þó að mér hafi sýnzt margt mistakast hjá n., held ég, að val frsm. hafa mistekizt einna mest.

**Sigurður Bjarnason:** Herra forseti. Ég get verið hv. frsm. fjvn. þakklátur fyrir undirtektir hans undir eina af þrem till., sem ég er flm. að, sem sé till. um styrk til talstöðva á afskekktum stöðum. En því miður er ekki hið sama að segja um hinar tvær till., þó að hann hafi raunar ekki talað fyrir hönd fjvn., að því er aðra þeirra snertir, till. um framlag til bryggju á Langadalsströnd. Nú er mér kunnugt, að hv. þm. Ísaf. gerði grein fyrir því, hvernig á því stæði, að þessi till. er flutt, og hverja afstöðu vegamála- og vitamálastjóri hafa til hennar tekið, og er því minni ástæða til þess fyrir mig að ræða þá till. frekar, en ég er þakklátur hv. þm. Ísaf. fyrir hans grg. Ég vil þó taka það fram, að því fer fjarri, að hér sé að ræða um hlut, sem ekki sé á vitund vegamálastjóra eða í samræmi við vilja hans. Það er þess vegna ekki réttmætt, sem ýmsir hv. þm. hafa farið fram á og talið nauðsyn á, að þetta sé tekið inn á vegal. Hér er að ræða um efni, sem ekki heyra þjóðvegunum til, og mér finnst fjarstæða að taka slíkar lendingarbætur inn á vegal. Ég skal ekki ræða þetta frekar, en lýsi yfir því, að ég vænti þess, að þetta muni ekki kosta ríkissjóð mikið fé, og enn fremur skírskota ég til þess, að bæði vitamálastjóri og vegamálastjóri hafa rætt þetta við hv. fjvn., og hafa báðir mælt með þessari till., sem hv. frsm. fjvn. mælir gegn.

Önnur sú till., sem hv. frsm. fjvn. hefur andmælt, er um styrk til að fá lærða hjúkrunarkonu til Bolungavíkur. Hann taldi, að með þessu mundi farið inn á hættulega braut, því að mörg önnur sjávarþorp mundu koma á eftir. Það kemur úr hörðustu átt, þegar hv. þm. V.-Húnv. talar um hættulega braut í þessu sambandi, því að ég man ekki betur en einmitt hann legði fyrir nokkru út á braut, sem ýmsum þótti hættuleg, og hefur það leitt til þess, að fram hafa komið á Alþ. allmargar brtt., sem munu kosta ríkissjóð mjög veruleg útgjöld, að ríkissjóður leggi fé til nýbyggingar kirkna. Ég verð að segja, þó að ég sé ekki að mæla gegn kirkjunni, að það sé ekki hættulegri braut að veita fé til þess að veita sjúkum hjúkrun en til að hressa upp á öldruð guðshús í landinu. Ég endurtek, að ég er ekki að mæla gegn því, að sómasamlega sé séð fyrir kirkjustarfseminni í landinu, en hv. þm. V.-Húnv. ferst sízt að vera með svigurmæli um, að verið sé að leggja inn á hættulegar brautir, þó að einstökum kauptúnum sé séð fyrir nauðsynlegri sjúkrahjálp.

Ég get ekki stillt mig um að segja það að lokum, að mér fannst lítið til um ýmsar hinna persónulegu athugasemda hv. frsm. fjvn., sem hann lét sér um munn fara, bæði til mín og annarra. Ég hef ekki oft hlýtt á frsm. fjvn., en ég hef ekki áður orðið var við jafnpersónulegar athugasemdir og sérstaka andstöðu og fram kom hjá þessum hv. frsm. n. Ég vil þó ekki leggja honum það til lasts, en hér var vissulega öllu lengra gengið en hugmyndir mínar stóðu til, að þörf væri á í þessu efni.

Ég vænti þess svo að lokum, að misskilningi hv. frsm. í sambandi við þessar tvær till. mínar sé að verulegu leyti eytt af þeim ummælum, sem við hv. þm. Ísaf. höfum látið falla um þetta mál.

**Haraldur Guðmundsson:** Hv. 2. þm. Reykv. taldi vafa leika á um það, hvort unnt væri að bera fram þá skrifl. brtt., sem lýst var hér á undan, sem brtt. við þá till., er hún var stíluð við. En ég tel ástæðulaust að vera í vafa um þetta og hygg, að það samræmist fullkomlega þingsköpum.

Hv. þm. viðurkenndi með ræðu sinni, að þörf væri að ætla einhverja upphæð til að tryggja verkamönnum þær meðaltekjur, sem sex manna n. gerði ráð fyrir, og hann fann úrræðið, að

bæta við nýjum milljónalið, og er það raunar í samræmi við annað, sem er að gerast hér á þ. þessa síðustu daga. Annars vil ég taka undir við hann um það, sem hann sagði um verðlagsuppbætur. Ég tók svo eftir, að þessar 10 millj. væru verðlagsuppbætur til bænda hliðstætt við verðlagsuppbætur til annarra stétta, og ætti þá að binda þær sömu takmörkunum og verðlagsuppbætur til annarra stétta. Ég vil aðeins vekja athygli á þessu.

Ég á enn eina brtt. á þskj. 517, IV, um að veittar séu til vinnuhælis berklasjúklinga 600 þús. kr., þó ekki yfir ⅔ kostnaðar. Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur S.Í.B. haft fjársöfnun undanfarin ár, og mun fjárhæðin, sem safnazt hefur, vera komin upp í 300 þús. kr. Sérstök n. hefur til athugunar allan undirbúning að stofnun slíks hælis. Er að því stefnt, að það taki 40—50 sjúklinga, og gert ráð fyrir, að þeir gætu unnið þar ýmislegt sér og öðrum til gagns. En telja má víst, að helmingur þessara manna mundi vera krónískir berklasjúklingar, sem mundu að öðrum kosti verða að dveljast á hælum ríkisins með greiðslu úr ríkissjóði. En um hinn helminginn má gera ráð fyrir því, að þar séu menn, sem þurfi að búa sig undir það að geta tekið upp almenn störf að nýju. Þessir ⅔ hlutar, sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður greiði, svara til 600 þús. kr. á móti þeim 300 þús., sem til eru í sjóðnum nú þegar.Ég skal geta þess, að fyrir Ed. liggur nú frv. um það, að gjafir til vinnuheimilisins frá einstökum mönnum skuli undanþegnar skatti. Ég vildi afstýra því, að þetta frv. næði fram að ganga, með því að fá þessa fjárveitingu samþ. Ég álít, að farið sé út á háskalega braut með því að veita slíkt skattfrelsi mönnum með háar tekjur, sem ráðstafa mundu á þennan hátt verulegum hluta af tekjum sínum, sem annars mundu renna til ríkis og bæja og ganga þannig til þess að greiða hæliskostnaðinn, yrði þessi till. mín samþ. En þörfin á að koma upp þessu hæli er brýn, eins og hv. þm. er kunnugt, þar sem lögð hafa verið niður tvö berklasjúklingahæli, en það eru hælin í Ölfusi og Kópavogi. Ástæða er til að minna á það í þessu sambandi, að sú lækkun á manndauðatölunni, að því er berklasjúklinga snertir, sem átti sér stað allt fram til ársins 1940, virðist nú stöðvuð, og ég tel, að það eitt ætti að vera mönnum umhugsunarefni, áður en þeir greiða atkv. í máli þessu.

Ég hef ekki lagt orð í belg í fjárlumr. fyrr en nú á síðustu stundu, þegar flestir hv. þm. eru farnir af fundi og hæstv. ríkisstj. vikin af hólmi. En ég get skki stillt mig um að fara nokkrum orðum um fjárlfrv. og þær till. í heild, sem hér liggja fyrir. Samkv. frv., eins og það kom frá 2. umr., er gert ráð fyrir, að útgjöldin nemi 86 millj. kr., og eru þar af 80 millj. kr. rekstrarútgjöld ríkissjóðs. Eftir að hv. fjvn. afgr. frv. til 3. umr. og eldhússumr. hafa farið fram, kemur meiri hl. n. og bætir við 10 millj. kr. auk annarra till. frá einstökum þm. og n. Mér virðist því bersýnilegt, að fjárl. verði afgr. þannig, að útgjöldin muni nema rúml. 100 millj. kr. og það þó að allar till., sem ég er með, verði kolfelldar. Auk þess er heimild í 22. gr. um rúml. 6 millj. kr. greiðslur, og enn fremur liggur fyrir till. frá hæstv. ríkisstj. um 10 millj. kr. tekjuöflun til að borga niður dýrtíðina. Það er fundið upp það snjallræði að lækka dýrtíðina með því að leggja á innflutningstoll. Það er því sýnilegt, að útgjöld þau, sem gert er ráð fyrir, verða ekki minni en 120 millj. kr., og ætlazt er til, að af þessu verði 20—25 millj kr. greiddar til uppbótar á landbúnaðarafurðum. Það hlýtur því að vera bert ölum þm. og líka þeim, sem að þessum till. standa, að því er ég geri ráð fyrir, að áframhald þessara hluta er gersamlega óhugsandi. Ég tel mig ekki svartsýnni en aðra menn, en þetta tel ég meiri bjartsýni en hægt er að réttlæta, að hægt sé að greiða 120 millj. kr. á næsta ári með hallalausum ríkisbúskap.

Ég held ég muni rétt, að allur ísfiskútflutningur okkar, fram í nóvember, muni losa um 100 millj. króna. Þetta er í raun og veru það, sem okkar búskapur byggist á, en útgjöld fjárlaganna verða bersýnilega hærri en þessi upphæð. Bændum eru tvímælalaust tryggðar kr. 6.80 fyrir hvert kg kjöts. Það, sem selt var út í fyrra, seldist fyrir kr. 5.20 kg. Ég veit ekki, hvaða verð fæst nú, en það mun vera líkt og í fyrra. Geri maður ráð fyrir, að hlutföllin verði 1:1, svarar það því, að meðalverðið verði kr. 6.00 hvert kíló. Árið fyrir stríð mun það hafa verið 90 aurar. Þetta 6 króna verð er því næstum sjöfalt á við það, sem bændur fengu 1939. En það er ekki nóg. Það á að verja 7 milljónum til að borga uppbætur ofan á allt saman.

Ég skal ekki mála fleiri myndir af ástandinu, en ég gat ekki látið hjá líða að benda á þessa mynd.

En ég vil skjóta því fram, hvort fjvn. teldi ekki ástæðu til að fresta þessari umr. og reyna að fá skaplegri afgreiðslu á fjárl. en hér er stefnt til, — en ég álít að samkomulag um afgreiðslu fjárl. sé ekki hægt að fá með því að taka svo geipilega úr ríkissjóði til landbúnaðarins, án þess að taka tillit til nauðsynja annarra stétta.

**Frsm. (Skúli Guðmundss.):** Ég skal ekki eyða löngum tíma að þessu sinni. Hv. þm. Barð. lýsti því yfir, að hann væri fús til að taka aftur allar brtt. sínar við fjárlfrv., ef allir aðrir gerðu slíkt hið sama. Nú hefur mér skilizt, að hann teldi nauðsyn að greiða uppbætur á landbúnaðarvörur, og þykir mér einkennilegt, ef hann vill láta niður falla þær brtt. fjvn., sem um það mál fjalla.

Hv. þm. Ísaf. talaði nokkuð um verðuppbætur á landbúnaðarafurðir og hneykslaðist á því, að till. um þær skyldi hafa verið lögð fram 7. des., þegar n. hafði gengið frá flestum öðrum till. sínum. Hv. þm. veit þó, að fyrir löngu var búið að skýra frá því í fjvn., að sú till. yrði lögð fram. (FJ: Ekki svona till.). Hann heldur áfram að tala um, að það sé engin trygging fyrir því, að fé verði lagt í ræktun og annað þess háttar. Það er ástæðulaust að endurtaka það, sem ég áður hef um þetta sagt. Ég held ekki, að því fé, sem fer til bænda, sé verr varið en því, sem fer til annarra stétta. Hv. þm. spyr, hvaða réttlæti sé í því að tryggja einni stétt manna full

laun, hvernig sem fer um aðrar. Nú veit hann, að till. 6 manna n. eru byggðar á þeim launum, sem aðrar stéttir hafa á þessu ári. Það er ekki vitað um neitt atvinnuleysi á þessu ári. Hér er ekki verið að tryggja bændum neitt fremur öðrum stéttum fyrir komandi ár.

Hv. þm. Ísaf. og flokksbræður hans hafa hér lagt fram brtt. við brtt. fjvn. Ég hef áður bent á, hve fáráðleg till. Sósfl. er, en ég tel ekki stefnt til betra, þó að þessi væri samþ. Það er ekki gott að átta sig á, hvor till. er vitlausari. Samkv. till. hv. þm. Ísaf. á að taka af bændum þessa upphæð, sem þeim ber, og skipta henni í þrennt, ⅓ til verkamanna, ⅓ til sjómanna og svo ⅓ til bænda. M. ö. o., eftir að búið er að finna út, hvað bændur þurfa að fá á þessu ári, svo að tekjur þeirra séu sambærilegar við tekjur annarra vinnandi stétta, þá á að taka af þeim allstóran hluta þeirra handa öðrum. Og þannig er gengið frá till., að þetta á að gera 1944, eða svo að þeir, sem minnst gera á því ári, geta átt von á mestu af þessum uppbótum. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð.

Hv. 2. þm. Reykv. heldur því fram, að við í meiri hl. fjvn. viljum taka upp reglu gömlu selstöðuverzlananna og borga mönnum misjafnlega hátt verð fyrir vöruna. En það er öfugt. Við viljum borga öllum jafnt fyrir hvert kíló af kjöti og ull, — ef varan er jöfn að gæðum. Það er það, sem hann má ekki heyra nefnt. Ég sýndi honum fram á, hvernig þetta mundi verða, ef það væri fært yfir á verkamenn. Ég minntist ekki á embættismenn vegna þess, að í dýrtíðarl. er ákveðið, að afurðaverð til bænda skuli miðast við það, að þeir hafi sambærilegar tekjur við aðrar „vinnandi" stéttir. Þar er alls ekki minnzt á embættismenn. Allt tal hv. þm. um þá er því út í hött. Hann átti þátt í að samþ. l. um, að bændur skyldu njóta sambærilegra kjara við aðrar **vinnandi stéttir.** Sex manna n. tók til samanburðar, eins og lögin mæla fyrir, tekjur verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna (ekki embættismanna). Annars veit ég ekki betur en að ýmsir embættismenn fái fulla uppbót á sín laun án tillits til árstekna þeirra í heild. Þannig er það einnig undantekningarlaust um sjómenn og verkamenn. Uppbótargreiðslur eru ekki miðaðar við það, að árstekjur þeirra fari ekki fram úr vissu hámarki. Það eru þessar stéttir, sem á að bera saman, þegar verið er að gera ráðstafanir til að framfylgja dýrtíðarl. Bændum eru ekki ætluð sömu laun og embættismönnum.

Þá er það annað, sem ber að taka tillit til, en það er, að bændur, sem hafa stór bú, verða að borga svo og svo mikið í vinnulaun, en aðrir hafa ekki tekjur nema af eigin vinnu, þótt hjá sumum verði þær e. t. v. hærri en það, sem miðað er við í till. 6 manna n.

Hv. 7. þm. Reykv. segir, að það sé öðru máli að gegna með útflutningsgjaldið en stríðsgróðaskatt, því að það sé ekki ákveðið að skipta því í tvennt. Þetta er vitanlega rökvilla, því að það er eins vel hægt að telja fram hálfan stríðsgróðask. eins og að færa inn alla upphæðina.

Hv. þm. N.-Ísf. taldi, að ég hefði átt frumkvæðið að því, að kirkjubyggingastyrkur var settur inn í fjárl. í fyrra. Eins og vitað er, voru sérstakar ástæður fyrir hendi þá. Kirkjan, sem þar var um að ræða, hafði fokið. En ef hann telur, að þar hafi verið farið inn á hættulega braut, þá er ástæða til að forðast að halda áfram að skapa fordæmi með því að samþ. ýmsa nýja fjárveitingaliði, t. d. launagreiðslur handa hjúkrunarkonum úti um land allt.

Hv. 3. landsk. var að tala um verðlagsuppbætur. Ég sé ekki, að ástæða sé til að segja meira um það en ég hef gert. Ég hef bent á það áður, að hér á ekki að bera saman laun bænda og embættismanna. Laun embættismanna eru yfirleitt miklu hærri en þær tekjur, sem ætlaðar eru bændum. En t. d. má nefna það, að verðlagsuppbót á þingmannakaup er ekki takmörkuð, þó að laun þeirra frá öðrum ríkisstofnunum séu hærri en 650 kr. grunnlaun. En þetta kemur málinu ekki við, vegna þess að samkv. l. frá í fyrra eiga tekjur bænda að vera sambærilegar við tekjur annarra vinnandi stétta, en ekki embættismanna.

Það er vitanlega rétt hjá hv. 3. landsk., að það er mikil þörf fyrir að reisa hæli fyrir berklasjúklinga sem fyrst, en eins og nú horfir með útkomu á fjárl., telur fjvn. ekki hægt að mæla með fjárveitingu til þess.

Það er villandi hjá hv. 3. landsk., að milli 20—25 millj. kr. verði greiddar í uppbætur á landbúnaðarvörur á næsta ári. Við vonum, að það verði ekki nálægt því svo mikið. Það kemur ekki því máli við, þó að varið verði fé til að borga niður dýrtíðina. Það er ekki eingöngu gert fyrir bændur. Síður en svo. Það er ráðstöfun, sem hægt er að segja, að komi ekki síður, heldur jafnvel fremur, öðrum til hagsbóta.

Út af því, sem hann segir, að afgreiðslu fjárl. sé frestað, þá er ég ekki með því. Eftir því, sem lengur er frestað að afgreiða þau, er hættara við, að bætt verði við útgjaldatill. Ég tel nóg komið, og ég heyrði ekki betur en hv. 3. landsk. væri á sama máli.

**Lárus Jóhannesson:** Ég ætla ekki að hafa þetta langt mál. — Ég á brtt., þar sem ég fer fram á, að tillagið til Fjarðarheiðarvegar verði hækkað upp í 250 þús. kr. Til þessa er hin mesta nauðsyn, eins og atvinnumöguleikum er nú háttað á Seyðisfirði. Þar sem ég hef átt tal um þetta mál við allflesta hv. þm. og fátt er nú orðið þm. á fundi, skal ég ekki fjölyrða um brtt. þessa, en vona, að hv. þm. greiði henni atkvæði.

En úr því að ég stóð upp, get ég ekki stillt mig um að minnast á, að fjárlögin og brtt. við þau sýna augljóslega, hversu forustu vantar nú hér á Alþingi. En hitt er þó verra, að ekki er ætlazt til, að fram komi í fjárlögum stórar upphæðir, sem vitað er, að gjalda þarf, og eru það uppbæturnar á landbúnaðarafurðir. Skilst mér, að á vanti um 20 milljónir króna til þess að jöfnuður náist á fjárlögum. Með slíkum niðurgreiðslum er farið út á mjög varhugaverða braut, og má með þeim að vísu fela dýrtíðina og draga lítils háttar úr henni í svip, en ráð til úrbótar eru þær ekki.

Ef rétt er, að 10—20 milljónir þurfi til að greiða með útfluttum afurðum landbúnaðarins, sýnir það, að framleiðsla á því sviði er of dýr

og of mikil og að hjá oss eru 1000—2000 bændur, sem betur væru komnir að annarri arðbærari vinnu fyrir þjóðfélagið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 13. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 517, I, 1 samþ. með 32:4 atkv.
— 517,I,2 felld með 26:18 atkv.
— 546,I samþ. með 27:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** SigfS, SB, SG, SK, STH, StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BBen, BrB, EOl, EmJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, HG, JJós, JPálm, KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh.

**nei:** SEH, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BÁ, EystJ, BFB, HermJ, IngJ, IngP, JS, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ.

EE, GÞ, JakM, GSv greiddu ekki atkv.
3 þm. (GG, PM, PO) fjarstaddir.

Brtt. 517,II samþ. með 36 shlj. atkv.
— 474,1 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 517,III tekin aftur.
— 474,2—3 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 546,II samþ. með 28:12 atkv.
— 609,I.1 felld með 30:6 atkv.
— 605,I. aðaltill. tekin aftur.
— 605,I. varatill. samþ. með 34:2 atkv.
— 517, IV felld með 28:11 atkv.
— 574,4 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 517,V felld með 26:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** SigfS, SG, SEH, STh, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BSt, BrB, EOl, EE, GÞ, HG, KA, LJóh, LJós, MJ.

**nei:** SK, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BÁ, BBen, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, BFB, HermJ, IngJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ.

SB, StJSt, BG, GTh, GSv greiddu ekki atkv.
3 þm. (GG, PM, PO) fjarstaddir.

Brtt. 609,I.2 felld með 24:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** KA, LJós, ÓTh, PHerm, PÞ, SigfS, SG, STh, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BÁ, BrB, EOl, EystJ, GÞ, GÍG, GTh, HG, HermJ.

**nei:** JPálm, JS, JJ, JörB, LJóh, MJ, PZ, SB, SEH, SK, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BBen, EmJ, FJ, GJ, BFB, IngJ, IngP, JakM, JJós.

StJSt, EE, GSv greiddu ekki atkv.
3 þm. (PM, PO, GG) fjarstaddir.

Brtt. 517,VI samþ. með 25:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** SigfS, SB, SG, SK, STh, StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, GÍG, GTh, HG, JJós, KA, LJóh, LJós, MJ, GSv.

**nei:** PÞ, SEH, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BÁ, EystJ, GÞ, GJ, BFB, HermJ, IngJ, IngP, JakM, JPálm, JS, JJ, JörB, ÓTh, PHerm, PZ.

FJ greiddi ekki atkv.
3 þm. (PM, PO, GG) fjarstaddir.

Brtt. 599,I tekin aftur.
— 474,5 samþ. með 27:2 atkv.
Brtt. 517,VII. aðaltill. felld með 29:15 atkv.
— 517,VII. varatill. felld með 26:17 atkv.
— 517, VIII.1—2 felld með 34:5 atkv.
— 517,VIII.3 felld með 27:7 atkv.
— 517,VIII.4.a felld með 34:5 atkv.
— 517,VIII.4.b samþ. með 28:2 atkv.
— 599,II samþ. með 27:5 atkv.
— 609,II.1 felld með 27:11 atkv.
— 517,IX felld með 28:10 atkv.
— 517,X.1 felld með 29:12 atkv.
— 609,II.2 felld með 27:12 atkv.
— 517,X.2 felld með 28:12 atkv.
— 599,III felld með 27:3 atkv.
— 517,XI. aðaltill. samþ. með 27:4 atkv.
— 517,XI. varatill. kom ekki til atkv.
— 517,XII samþ. með 29:4 atkv.
— 546,III samþ. með 31:3 atkv.
— 517,XIII tekin aftur.

**Jörundur Brynjólfsson:** Hv. frsm. fjvn. lét þess getið í umr. um fjárl. viðvíkjandi þessari brtt., að að áliti n. skuli mjög fljótlega koma að þessari brúarsmíði samkv. brúal. Auk þess treysti ég hæstv. Alþ. á sínum tíma að sjá nauðsyn þessa mannvirkis, og fyrir þær sakir munum við flm. þessarar brtt. taka hana aftur.

Brtt. 599,IV felld með 28:10 atkv.
— 605,II felld með 26:10 atkv.
— 517,XIV samþ. með 28:9 atkv.
— 517,XV tekin aftur.
— 517,XVI.1—2 felld með 31:5 atkv.
— 517,XVI.3—4 felld með 26:10 atkv.
— 546,IV felld með 29:11 atkv.
— 609,III.1 tekin aftur.
— 546,V felld með 26:16 atkv.
— 599,V tekin aftur.
— 434,a—c samþ. með 41 shlj. atkv.
— 474,6 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 517,XVII felld með 29:12 atkv.
— 517,XVIII samþ. með 24:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GTh, JakM, JJós, JPálm, KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, SigfS, SB, SG, SK, STh, SvbH, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BBen, BrB, EOl, GÞ, GSv.

**nei:** GJ, HG, BFB, HermJ, IngJ, IngP, JS, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SEH, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BÁ, EystJ, FJ.

GÍG, StJSt, EmJ greiddu ekki atkv.
4 þm. (PM, PO, EE, GG) fjarstaddir.

Brtt. 517,XIX felld með 26:7 atkv.
— 546,VI. aðaltill. samþ. með 25:7 atkv.
— 546,VI. varatill. kom ekki til atkv.
— 517,XX samþ. með 25:15 atkv.
— 474,7 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 546,VII felld með 27:14 atkv.
— 474,8.a—b felld með 24:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** PZ, SÞ, SkG, ÞÞ, BG, BSt, EE, FJ, GJ, GÍG, HG, IngJ, IngP, LJós.

**nei:** ÓTh, PÞ, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, SvbH, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BBen, EOl, GTh, BFB, JakM, JJós, JPálm, JörB, LJóh, MJ, GSv.

PHerm, StgrA, BÁ, BrB, EmJ, EystJ, GÞ, HermJ, JS, JJ, KA greiddu ekki atkv.
3 þm. (PM, PO, GG) fjarstaddir.

Brtt. 474,9 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 474,10 tekin aftur.
— 517,XXI felld með 27:10 atkv.
— 517,XXII felld með 23:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JS, JörB, LJóh, MJ, PHerm, StJSt, SvbH, ÁÁ, EystJ, GJ, GÍG, GTh, BFB, HermJ, IngJ, JJós, JPálm, GSv.
**nei:** JJ, KA, LJós, ÓTh, PZ, SigfS, SG, SK, STh, SÞ, StgrA, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, BG, BSt, BBen, BrB, EOl, EmJ, FJ, IngP, JakM.
PÞ, SB, SEH, SkG, BÁ, EE, GÞ, HG greiddu ekki atkv.
3 þm. (PM, PO, GG) fjarstaddir.
Brtt. 517,XXIII felld með 28:14 atkv.
— 517,XXIV.1 felld með 31:14 atkv.
— 517,XXIV. 2 felld með 32:10 atkv.
— 604,1 samþ. með 27:1 atkv.
— 474,11 samþ. með 33:1 atkv.
— 604,2.a—b samþ. með 33 shlj. atkv.
— 517,XXV samþ. með 28:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** PÞ, SB, SG, SEH, SÞ, SkG, ÁÁ, BSt, BÁ, BrB, EE, EystJ, GÞ, GJ, GTh, BFB, HermJ, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PHerm, PZ, GSv.
**nei:** SigfS, STh, StJSt, StgrA, SvbH, ÞG, ÞÞ, ÁkJ, EOl, EmJ, FJ, IngJ, IngP.
STh, BG, BBen, HG, MJ greiddu ekki atkv.
3 þm. (PM, PO, GG) fjarstaddir.
Brtt. 517,XXVI felld með 27:14 atkv.
— 474,12 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 610,1 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 609,III.2 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 517,XXVII.a—b samþ. með 28:12 atkv.
— 599,VI felld með 34:10 atkv.
— 474,13 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 609,IV.a—c samþ. með 27:8 atkv.
— 517,XXVIII.a—b felld með 26:15 atkv.
— 609,V samþ. með 26:15 atkv.
— 517,XXIX samþ. með 33 shlj. atkv.

**Jónas Jónsson:** Ég geri ráð fyrir að taka til baka fyrri till. mína á þskj. 599, VII, aðaltill., ef varatill. verður samþ. Óska ég, að varatill. verði borin upp fyrst, en verði hún felld, komi aðaltill. um orðun aths. til atkv.

Brtt. 599,VII. varatill. felld með 26:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JJ, LJóh, ÓTh, SEH, SK, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BBen, GÞ, GJ, BFB, IngJ, JakM, JJós, JPálm, JS, GSv.
**nei:** JörB, KA, LJós, MJ, PZ, PÞ, SigfS, SB, SG, STh, StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BÁ, BrB, EOl, EE, EmJ, EystJ, GÍG, GTh, HG, HermJ.
PHerm, FJ, IngP greiddu ekki atkv.
3 þm. (PM, PO, GG) fjarstaddir.
Brtt. 599,VII. aðaltill. felld með 27:12 atkv.
— 605,III.1—2 felld með 24:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** SigfS, SB, SG, STh, StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BÁ, BrB, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GÍG, GTh, HG, HermJ, KA, LJós, PHerm.
**nei:** SEH, SK, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BBen, EE, GÞ, GJ, BFB, IngJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ.
BSt, GSv greiddu ekki atkv.
3 þm. (GG, PM, PO) fjarstaddir.
6 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

**Sigurður Bjarnason:** Þar sem hér er um leiðréttingu að ræða og ríkisstj. hefur lýst yfir, að svo sé, segi ég já.

**Skúli Guðmundsson:** Þar sem það er nú komin 100% hækkun á grunnstyrk síðan 1942, þá sé ég ekki ástæðu til frekari aukauppbótar og segi því nei.

**Sveinbjörn Högnason:** Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, þá er þetta ekki leiðrétting, heldur blekking, og segi ég því nei.

**Brynjólfur Bjarnason:** Ég geri ekki ráð fyrir, að það hafi mikið að þýða, hvort þessi brtt. er samþ. eða felld, því að ríkisstj. mun greiða fulla uppbót hvort sem er, og segi ég því já.

**Eiríkur Einarsson:** Ég rétti upp hönd til samþykkis þessari till. af misgáningi áðan, af því ég hélt það væri till. um úrkomurannsóknir á hálendinu, en þar sem mér eru nú ljós mistök mín, segi ég nei.

**Gunnar Thoroddsen:** Þessi aukauppbót, sem hér um ræðir, hefur verið greidd undanfarið ár, en þessi till. er flutt af hálfu ríkisstj. sem leiðrétting, og segi ég því já.

Brtt. 605,IV.a—b samþ. með 26:4 atkv.
— 599, VIII samþ. með 25:15 atkv.
— 622,I kom ekki til atkv.
— 517,XXX.1.a—c samþ. með 30:2 atkv.
— 517,XXX.1, varatill. kom ekki til atkv.
— 517,XXX.2 samþ. með 27:4 atkv.
— 517,XXXI felld með 25:15 atkv.
— 610,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 604,3 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 474,14 samþ. með 23:1 atkv.
— 605,V felld með 26:16 atkv.
— 605,V. varatill. felld með 26:21 atkv.
— 517,XXXII.1 (aðaltill. og varatill.) kom ekki til atkv.
— 517,XXXII.2. aðaltill. tekin aftur.
— 517,XXXII.2. varatill. samþ. með 28:10 atkv.
— 609,VI.a—b samþ. með 26:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** StgrA, SvbH, ÁkJ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BrB, EOl, EE, EystJ, GTh, BFB, HermJ, IngJ, IngP, JPálm, JJ, JörB, KA, LJós, PHerm, PÞ, SigfS, SEH, StJSt.
**nei:** ÞÞ, BBen, EmJ, FJ, GÞ, GJ, GÍG, HG, JakM, JJós, JS, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, SB, SEH, SK, STh, SÞ, SkG.
ÞG, GSv greiddu ekki atkv.
3 þm. (GG, PM, PO) fjarstaddir.
Brtt. 517,ZXXIII felld með 25:22 atkv.
— 474,15 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 517,XXXIV felld með 29:15 atkv.
— 474,16 samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 609,VII.a—b felld með 25:10 atkv.
— 474,17 samþ. með 29:7 atkv.
— 546,VIII samþ. án atkvgr.
— 546,IX felld með 31:10 atkv.
— 517,XXXV felld með 32:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GÍG, HG, KA, LJós, SigfS, SG, STh, StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BrB, EOl, EmJ, FJ.

**nei:** GJ, GTh, BFB, HermJ, IngJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, LJóh, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, SB, SEH, SK, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BÁ, BBen, EE, EystJ, GÞ, GSv.

3 þm. (PM, PO, GG) fjarstaddir.

Brtt. 517,XXXVI samþ. með 30:1 atkv.
— 623 felld með 29:10 atkv.
— 622,II felld með 28:12 atkv.
— 609,VIII.1 felld með 32:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** SigfS, SG, STh, StgrA, ÞG, ÁkJ, BrB, EOl, FJ, HG, KA, LJós.

**nei:** SB, SEH, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BÁ, EE, EmJ, EystJ, GÞ, GJ, GÍG, GTh, BFB, HermJ, IngJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, LJóh, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, GSv.

SK, StJSt, ÁÁ, BG, BBen greiddu ekki atkv.

3 þm. (GG, PM,PO) fjarstaddir.

Brtt. 609,VIII.2 felld með 31:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** KA, LJós, SigfS, SG, STh, StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BrB, EOl, EmJ, FJ, GÍG, HG.

**nei:** HermJ, IngJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, LJóh, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, ÞÞ, SB, SEH, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt. BÁ, BBen, EE, EystJ, GÞ, GJ, GTh, BFB, GSv.

SK greiddi ekki atkv.

3 þm. (GG, PM, PO) fjarstaddir.

Brtt. 604,4 samþ. með 27:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JJ, JörB, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, SB, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BÁ, EE, EystJ, GÞ, GJ, GTh, BFB, HermJ, IngJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JS, GSv.

**nei:** KA, LJóh, LJós, SigfS, SG, SEH, SK, STh, StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BBen, BrB, EOl, EmJ, GÍG, HG.

MJ greiddi ekki atkv.

3 þm. (PM, PO, GG) fjarstaddir.

Brtt. 599,IX felld með 27:12 atkv.
— 599,IX varatill. felld með 25:17 atkv.
— 517,XXXVII samþ. með 32:2 atkv.
— 517,XXXVIII tekin aftur.
— 599,X felld með 27:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** SigfS, SG, STh, StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BrB, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GÍG, HG, KA, LJós.

**nei:** PÞ, SEH, SK, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BBen, EE, GÞ, GJ, BFB, HermJ, IngJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, GSv.

SB, BÁ, GTh, LJóh greiddu ekki atkv.

3 þm. (PM, PO, GG) fjarstaddir.

Brtt. 517,XXXIX.1 samþ. með 26:6 atkv.

Brtt. 517,XXXIX.2 felld með 27:17 atkv.
— 517,XL felld með 25:17 atkv.
— 599,XI samþ. með 39:1 atkv.
— 474,18—40 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 609,IX samþ. með 43 shlj. atkv.
— 609,X felld með 25:5 atkv.
— 474,41 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 599,XII felld með 25:11 atkv.
— 474,42 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 517,XLI.1—2 felld með 27:9 atkv.
— 474,43 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 517,XLII samþ. með 26:9 atkv.
— 605,VI felld með 25:20 atkv.
— 605,VI varatill. kom ekki til atkv.
— 605,VII samþ. með 26:10 atkv.
— 605,VII. varatill. kom ekki til atkv.
— 474,44 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 599,XIII felld með 25:15 atkv.
— 474,45—52 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 609,XI.1—2 tekin aftur.

**Steingrímur Aðalsteinsson:** Herra forseti. Eftir að ég lagði þessa brtt. fram, fékk ég upplýsingar um það, að sú sérstaka launabót, sem brtt. fjallar um hefði verið tekin með þegar grunnlaunabótin var út reiknuð. Þessi brtt. er því orðin óþörf, og tek ég hana því aftur.

Brtt. 517,XLIII samþ. með 29:2 atkv.
— 517,XLIV samþ. með 34:4 atkv.
— 599,XIV samþ. með 34 shlj. atkv.
— 517,XLV samþ. með 24:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JJós, KA, LJóh, LJós, SigfS, SB, SG, SK, STh, StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BSt, BrB, EOl, EE, EmJ, FJ, GÍG, HG, GSv.

**nei:** IngJ, IngP, JPálm, JS, JJ, JörB, MJ, ÓTh, PZ, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BÁ, BBen, EystJ, GÞ, GJ, BFB.

JakM, PHerm, PÞ, SEH, GTh, greiddu ekki atkv.

4 þm. (HermJ, PM, PO, GG) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

**Eysteinn Jónsson:** Þar sem upplýst er, að hæstiréttur hefur ekki tildæmt hlutaðeigandi þessa fjárhæð, þá kann ég ekki við, að þingið sé að skipta sér af því, og segi ég því nei.

Brtt. 517,XLVI samþ. með 27:8 atkv.
— 517,XLVII felld með 26:18 atkv.
— 474,53.I—III samþ. með 32:2 atkv.
— 517,XLIX samþ. með 25:20 atkv.
— 474,53.IV kom ekki til atkv.
— 474,53.V—VIII samþ. með 34 shlj. atkv.
— 517,L felld með 29:14 atkv.
— 474,53.IX—XV samþ. með 32 shlj. atkv.
— 517,XLVIII felld með 28:15 atkv.
— 546,X samþ. með 32:4 atkv.
— 599,XV felld með 30:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** SvbH, BÁ, HermJ, JJ, PHerm, PÞ, SÞ, SkG.

**nei:** StgrA, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, BG, BBen, BrB, EOl, EmJ, EystJ, GÞ, GJ, GTh, IngJ, JakM, JJós, JPálm, KA, LJós, MJ, ÓTh, PZ, SigfS, SB, SG, SEH, STh, StJSt.

BSt, EE, FJ, HG, BFB, JS, JörB, LJóh, SK, GSv greiddu ekki atkv.
3 þm. (GG, PM, PO) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

**Bjarni Benediktsson:** Það er ljóst, að ef þessi till. yrði samþ., yrði listamönnunum fengið alveg ótakmarkað fé til úthlutunar, því að þeir þyrftu ekki annað en veita einum alla fjárhæðina og Alþingi tæki á sig að láta alla hina fá það, sem þeir hefðu haft fram að þessu, svo að ég segi nei.

**Ólafur Thors:** Ég vísa til hins ágæta rökstuðnings hv. 6. þm. Reykv. og segi nei.

Brtt. 599,XVI felld með 32:8 atkv.
— 599,XVIII samþ. með 35:2 atkv.
— 599,XVIII samþ. með 35:2 atkv.
— 609,XVII samþ. með 35:2 atkv.
— 604,5.a samþ. með 32 shlj. atkv.
— 622,III felld með 25:16 atkv.
— 604,5.b—c samþ. með 39:1 atkv.
— 605,VIII samþ. með 38:1 atkv.
— 604,5.d, svo breytt, felld með 27:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PÞ, SkG, ÞÞ, ÁÁ, BSt, FJ, GÍG, HG, IngJ, JS, JJ, LJós, PHerm, PZ.
**nei:** SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, SÞ, StJSt, StgrA, ÁkJ, BBen, BrB, EOl, EE, GÞ, GJ, GTh, IngP, JakM, JJós, JPálm, JörB, KA, LJóh, MJ, GSv.
SvbH, BG, BÁ, EmJ, EystJ, BFB, HermJ, greiddu ekki atkv.
3 þm. (PM, PO, GG) fjarstaddir.
Brtt. 605,IX felld með 27:14 atkv.
— 605,X samþ. með 27:9 atkv.
— 622,IV kom ekki til atkv.
— 609,XII samþ. með 34 shlj. atkv.
— 609,XIII samþ. með 31:1 atkv.
— 609,XIV felld með 26:14 atkv.
— 609,XV felld með 25:16 atkv.
— 609,XVI samþ. með 27:11 atkv.
— 6,XVIII samþ. með 26:4 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 30:10 atkv. og afgr sem lög frá Alþingi (A. 697).

——o——

## 2. Tollalækkun á nokkrum vörum.

Á 3. fundi í Ed., 19. apríl, var útbýtt:
**Frv. til l. um heimild til að lækka aðflutningsgjald af nokkrum vörutegundum** (stjfrv. A. 2).

Á sama fundi leitaði forseti afbrigða um það, samkv. tilmælum frá ríkisstj., að taka frv. á dagskrá fundarins, þótt ekki væri það sett þar, er dagskrá var samin, og of skammt væri liðið frá útbýtingu þess. — Voru þau afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv. og málið síðan tekið til meðferðar.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Eins og hv. þdm. er kunnugt, hafa að undanförnu verið til umr. viðskiptasamningar við Bandaríki Norður-Ameríku. Samningar þessir fela í sér m. a. nokkrar breytingar á tollum, bæði að því er snertir útfluttar vörur og innfluttar, og eru þær taldar upp í frv., en sú upptalning er samhljóða þeirri, er í samningunum stendur. Samningana hefur utanrmn. samþ. í samráði við alla flokka þingsins, og þar sem hér getur ekki verið um neinar breyt. á vörulistanum að ræða og gengið hefur verið frá samningunum, virðist mér ekki ástæða til að frv. fari til n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 4. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Forsrh. (Björn Þórðarson):** Hæstv. fjmrh. mun við 1. umr. þessa máls hafa gert grein fyrir því, að nauðsyn væri á því, að frv. þetta fengi hraða afgreiðslu. Of þar sem öllum hv. þdm. mun vera ljóst innihald frv. og einnig sú nauðsyn, sem ber til að setja þessi l., sem frv. er um, vildi ég mælast til þess, að frv. fengi að ganga til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 5. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 4. fundi í Nd., 21. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Þetta frv. er flutt vegna viðskiptasamnings við Bandaríkin. Það er flutt í samráði við flokkana og utanrmn. En lagaheimild þarf til að staðfesta þessar tollaívilnanir, sem hér um ræðir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 5. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 6. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 18).

—o—

## 3. Einkasala á tóbaki.

Á 7. fundi í Nd., 6. sept., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki** (stjfrv., A. 36).

Á 8. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

**Forseti (JörB):** Ríkisstj. hefur óskað þess, að frv. þetta megi ganga hindrunarlaust gegnum þrjár umr. nú þegar. Of skammt er liðið frá útbýtingu þess, og verður því að veita afbrigði frá þingsköpum, svo að það megi taka til meðferðar á þessum fundi.

ATKVGR.
Afbrigði leyfð og samþ. með 19:1 atkv.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Ég tel ekki nauðsyn á að hafa langan formála fyrir frv. þessu, þar sem farið er fram á að gefa Tóbakseinkasölu ríkisins heimild til þess að hækka álagningu á tóbaki meira en verið hefur. Ríkisstj. telur ekki heppilegt að binda álagningu á tóbaki við 10—50% og telur rétt að heimila að leggja 10—150% á sumar tegundirnar, eftir því sem ástæða þykir til.
Ég leyfi mér að fara fram á, að mál þetta verði ekki sett í nefnd, heldur megi fá fullnaðarafgreiðslu í dag, þar sem það gæti valdið truflunum, ef afgreiðsla málsins tæki lengri tíma. — Að svo mæltu sé ég ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum.

**Sigfús Sigurhjartarson:** Herra forseti. Það virðist eiga að taka hér upp nokkuð ströng og ákveðin vinnubrögð, þegar stj. ætlast til þess, að þetta frv. gangi gegnum þrjár umr., án þess að það fari til n. og þá án þess að um það verði nokkrar umr., og ég held, að sumir hv. þm. hafi ekki átt þess kost að sjá þetta frv. enn þá, a. m. k. hefur það ekki komið á mitt borð, og ég hef ekki séð það.
Ég heyri, að það er um að ræða að hækka álagningu á tóbaki. Mig langar til að spyrja: Hvers vegna? Hver er tilgangurinn? Ég geri ekki ráð fyrir, að horfið verði að þessu ráði, nema tryggt sé nokkurn veginn, að nota eigi þennan tekjuauka í einhverjum ákveðnum tilgangi. Það væri líka gott að fá að heyra það hjá hæstv. ráðh., hvað hann áætlar, að þessar tekjur muni nema miklu fyrir ríkissjóð.
Ég verð sem sagt að lýsa yfir því, að meðan ekki liggja nánari upplýsingar fyrir, þá sé ég mér alls ekki fært að taka afstöðu til málsins. Hér er aðalatriðið, hver tilgangurinn er, til hvers á að verja þessu fé, sem ríkisstj. kann að áskotnast fyrir þessa hækkun.
Að svo stöddu vil ég ekki fjölyrða meira um þetta, — vona að fá fullnægjandi svör frá hæstv. ráðh.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég var að vonast eftir, að hæstv. ráðh. mundi svara þessari fyrirspurn, sem fram var borin á þessari stundu, því að sumt í henni er það sama, sem ég gjarnan vildi fá upplýst. Ég hef ekki heyrt getið um þetta mál, fyrr en hæstv. forseti tilkynnti um það áðan, og skilst mér það eiga að fara áfram með óvenjulegum hraða og nokkurri leynd, þar sem það má ekki komast út til almennings sem stendur. Þessa nýju tekjuöflun ber þannig að, að maður skyldi ætla, að verið væri að forða frá einhverjum aðsteðjandi voða. Nú hef ég ekki heyrt á það minnzt, að hagur ríkissj. sé neitt bágborinn, heldur hið gagnstæða. Og þess vegna finnst mér þetta bera mjög undarlega að. Maður sér ekki, hvað þetta muni verða mikil fjárhæð, og hæstv. ráðh. virðist ekki heldur vilja svara því. Ekki hefur neitt heyrzt um það, hvort búizt er við, að ríkissj. verði fyrir svo miklum skakkaföllum í náinni framtíð, að stofna þurfi til nýrrar tekjuöflunar fyrir hann. Og manni virðist, að álögurnar séu þó nokkurn veginn komnar í það horf, að telja verður það fyllsta, sem leggjandi er á þegnana. Allt ber þess vegna þannig að, að ég fæ ekki skilið. Hæstv. stj. virðist ekki vilja gefa í heyranda hljóði frekari skýringu á þessu máli, því að það er vitanlega engin skýring að segja, eins og í grg. frv., að stj. telji ekki heppilegt að binda álögurnar við þetta eða hitt. Fyrst svona ber að, þá finnst mér sjálfsagt, að málið fari til fjhn., og getur stj. þá gefið þeirri n. þær skýringar, sem nauðsynlegar þykja, ef hún vill síður láta neitt koma opinberlega fram.

**Ólafur Thors:** Ég tel rétt, að það komi fram, út af þeim orðum, sem fallið hafa, að hæstv. ríkisstj. tilkynnti formönnum flokkanna á laugardaginn var, að hún hefði í hyggju að flytja slíkt frv., sem hér liggur fyrir. Ég gerði tilraun til að ná saman fundi í þingflokki sjálfstæðismanna í morgun, og þann fund sóttu allmargir þm., en ekki allir, og þar á meðal ekki hv. 7. þm. Reykv.
Ég hef ekki umboð til þess að segja neitt sérstakt um þetta mál fyrir hönd Sjálfstfl. En eftir þeirri hugmynd, sem ég hef gert mér um málefnalega afstöðu á grundvelli þeirra upplýsinga, sem ég hef fyrir mér um málið, þá mun ég fyrir mitt leyti styðja það, að stj. fái þessa heimild. Og eðli málsins er nú þannig, að ef þingið á annað borð vill veita þessa heimild, er bezt, að það sé gert tafarlaust, því að ég tel, að meðan málið liggur fyrir þinginu, sé heppilegast, að hægt væri að halda Tóbakseinkasölu ríkisins — og jafnvel áfengisverzluninni — lokaðri, því að annars mundu menn gera tilraun til þess að birgja sig upp, áður en verðhækkun kæmi fram.
Ég endurtek, að ég mun persónulega fylgja málinu og að ég mun einnig greiða fyrir því,

að það fái fljótan framgang á Alþ., með þeim rökum, sem ég gat um.

**Stefán Jóh. Stefánsson:** Eins og mál þetta liggur einangrað og út af fyrir sig, þá finnst mér ekki óeðlilegt, að stj. hefði slíka heimild til þess að verðleggja tóbak. Þar af leiðandi er ég ekki á móti því, að þau ákvæði, sem frv. inniheldur, nái fram að ganga. En út af því, sem komið hefur fram í umr., skal ég geta þess, að það er Alþ. yfirleitt að ákveða, hvernig tekjum ríkisins skuli varið. Og það getur kannske komið til álita síðar á þessu þingi í sambandi við fjárl. og aðrar gerðir Alþ. að ákveða, hvert tekjuaukning af einkasölu þessari eins og aðrar tekjur, sem í ríkissjóð falla, skuli ganga. Ég mun fyrir mitt leyti greiða atkv. með þessu frv., því að mér finnst eðlilegt, að svona mál út af fyrir sig gangi dálítið fljótt gegnum þingið. Ef það færi með venjulegum hraða mála, gætu menn gert tilraunir til að hamstra tóbak.

**Sigfús Sigurhjartarson:** Mér eru það ákaflega mikil vonbrigði, ef hæstv. ráðh. sér sér ekki fært að gefa okkur nánari skýringu á málinu. Það ber hér að á undarlegan — svo að ég segi ekki dularfullan — hátt, og það er á engan hátt rökstutt. Ég get ekki gert mér annað í hugarlund en ríkisstj. hafi hugsað sér að mæta einhverri ákveðinni þörf, sem hún telur fyrir hendi, með því að afla ríkissj. þessara sérstöku tekna. Og afstaða mín til málsins — og ég geri ráð fyrir, mjög margra annarra þm. — fer algerlega eftir því, hver þessi þörf er. Mér skildist á ræðu hv. þm. G.-K., að hér mundi vera eitthvert talsvert víðtækara mál á ferð. Hann taldi það — eins og rétt er — eðlilegt og sjálfsagt að loka tóbakseinkasölunni, á meðan þetta mál væri til meðferðar. En í því sambandi nefndi hann, að líka væri rétt að loka áfengisútsölunni. Ég sé nú ekki, hvaða rökrænt samhengi er þarna á milli. Þetta gerir málið enn dularfyllra og sýnir, að það er verið að dylja menn einhverju í sambandi við málið. (**PO:** Ekki höfum við líklega á móti því, að áfengisverzluninni sé lokað!) (Hlátur.) Ne-hei, sannarlega hef ég og hv. þm. Borgf. ekki á móti því, heldur mundum við manna fyrstir greiða atkv. með því. Og það er ekki sérstaklega sennilegt, að við værum út af fyrir sig á móti því, að verðlag á tóbaki hækkaði dálítið, ef verja á þeim tekjum, sem þannig er aflað, til einhverra skynsamlegra og nauðsynlegra hluta.

Ég geri að till. minni, að þessu máli verði vísað til fjhn., svo að það geti fengið einhverja meðferð þar og kannske aflað þeirra upplýsinga, sem hæstv. stj. sýnist ekki vilja gefa þinginu.

**Ólafur Thors:** Mér þykir leiðinlegt, ef ég hef orðið til að spilla fyrir málinu með því að drepa á möguleika þess, að áfengisútsölunni yrði lokað einhverja stund, því að það kann að snerta illa fleiri en mig, ef það á að verða til langframa! En að ég talfærði það, stafar af eðlilegu orsakasambandi milli tóbaks og áfengis. Ég áleit ríkisstj. fara fram á þessa heimild af því að hún a. m. k. hugsaði sér að nota hana. Ef tóbakið hækkar, þá geri ég ráð fyrir, að ríkisstj. láti sér einnig detta í hug einhverja hækkun á áfengi. En eftir því sem ég bezt veit, hefur stj. heimild til að hækka áfengi án þess að spyrja Alþ. sérstaklega. Og ég get ekki fallizt á, að þetta mál fái einhvern alvarlegan blæ, þótt samfara tóbakshækkuninni yrði eitthvað hækkað brennivín, sem náttúrlega er góður og gagnlegur hlutur(!) eins og tóbak, en engu að síður hlutur, sem sumum okkar tekst að komast af án.

Hv. þm. kvaðst ekki vera á móti því, að tóbakið hækkaði, ef fénu yrði varið til skynsamlegra hluta. Þykist ég mega af þessu marka, að hv. þm. sé út af fyrir sig samþ. þeirri hugmynd, sem borin er fram af hæstv. stj. En varðandi hina hlið málsins, hvernig þessu fé er varið, er óhætt að taka undir það, sem hv. 4. þm. Reykv. lagði sérstaklega áherzlu á, að það er atriði út af fyrir sig og að Alþ. sjálft hefur rétt til þess að hafa um það endanlegt úrslitavald, hvernig bæði þessu fé og öðru, sem í ríkissj. berst, verði varið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21:3 atkv.

Till. um að vísa málinu til fjhn. felld með 17:7 atkv.

---

Á 9. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BÁ, EmJ, GÞ, GSv, HelgJ, IngJ, JakM, JS, ÓTh, PZ, ÞÞ, PO, SB, SEH, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÁÁ, JörB.

**nei:** EOl, LJóh, SigfS, SG, SK, STh, ÞG.

8 þm. (ÁkJ, BG, EystJ, FJ, GG, GTh, JJós, JPálm) fjarstaddir.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Ég vil ógjarnan láta líta svo út, að ég neiti að svara fyrirspurn hv. 7. þm. Reykv. En mér finnst málið liggja svo beint við, að það þarfnist í raun og veru engra skýringa. Ég get gjarnan skýrt frá því, að hér er aðeins um heimild að ræða fyrir einkasöluna. Ríkisstj. er ekki búin að taka ákvörðun um það, að hve miklu leyti þessi heimild verði notuð. Hitt vitum við, að það má alltaf búast við, að halla taki undan fæti í fjárhagnum, og það er margt, sem þarf að nota fé til. Þessi tekjustofn út af fyrir sig virðist vera tilvalinn, ef ríkið þarf á auknu fé að halda, tilvalinn, þótt ekki sé af öðru en því, að verð á tóbaki hefur að heita má ekkert hækkað, frá því að stríðið hófst. Það er líklega engin vara í landinu, sem hefur hækkað jafnlítið. Tóbakið hefur í raun og veru staðið í stað.

Þetta er sem sagt heimild, og mér finnst ástæðulaust að binda heimild einkasölunnar við það, að hún megi leggja 10—50% á. Það verður náttúrlega matsatriði á hverjum tíma hjá þeim, sem hafa framkvæmdir á hendi, hvernig þetta yrði notað. Og í samræmi við það, sem hv. þm. G.-K. tók fram, vil ég geta þess, að það er ekki eins og ríkisstj. geti hlaupið burt með það fé,

sem hún kynni að fá inn með þessu móti. Þingið hefur í hendi sér, hvernig þessum tekjustofni og öðrum er varið. Ég vænti þess vegna, að hv. d. taki þessu máli með skilningi og sjái sér fært að afgr. frv. eins og það liggur fyrir.

**Páll Zóphóníasson:** Mig langar til að gera eina litla brtt. við þetta frv. Eins og allir vita, hefur svo kallað blaðtóbak verið notað töluvert hér á landi sem lyf við ormaveiki í sauðfé með allgóðum árangri. En á síðari árum hefur ekki fengizt tóbak í þessu skyni nema undir sterku eftirliti og vottorðum frá hreppstjórum og sýslumönnum. Að vísu er það nú orðið svo, að flestir eða allir bændur nota tetraclorid-kolefni að haustinu til að hreinsa ormana úr fénu, og er því þörf tóbaksins orðin stórum minni en hún áður var. En þrátt fyrir það eru nú margir bændur, sem nota blaðtóbakið til inngjafar fé við ormum, þegar þeir síðla vetrar gera vart við sig í kind og kind. Þessir menn þurfa að geta fengið blaðtóbakið álagningarlaust.

Legg ég því til, að við 1. gr. bætist ákvæði um þetta. Það er nóg að þurfa að fara allar krókaleiðir með vottorð, þótt ekki sé lagt á 50%. Er till. mín, að 1. málsgr. 1. gr. orðist svo: „Tóbak til sauðfjárbaðana og inngjafar sauðfjár við ormaveiki skal selja álagningarlaust.“ Legg ég till. fram skrifl. og óska, að hún fái afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 37) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Sigurður Kristjánsson:** Það er út af ummælum hæstv. ráðh. um þörf á þeim tekjum, sem gert er ráð fyrir að afla ríkinu með frv. á þskj. 35, að ég vildi segja örfá orð. Bæði ég og hv. 8. þm. Reykv. spurðumst fyrir um það, hvað gert væri ráð fyrir, að aflast mundi mikið fé í ríkissj. samkv. þessu frv., ef heimildin yrði notuð, og hvaða sérstök ástæða væri fyrir því, að ríkið þyrfti nú að afla þessara tekna. Hæstv. ráðh. sagði, að þetta væri aðeins heimild, sem farið er fram á, og að það væri ekkert víst um það, hvort sú heimild yrði notuð. Það færi eftir mati þeirrar stj., sem með völdin færi, hvort þörfin væri fyrir því. Og ef svo færi, að ríkissj. þyrfti á þessu fé að halda, þá væri þetta heppileg leið til að afla tekna. Ég ræð af þessu, að það sé engin áætlun til um þetta, — fyrst og fremst, hverju tekjurnar muni nema, ella hefði ráðh. lagt fram einhverja áætlun. Í öðru lagi, að ekkert sé til um það, hvernig eigi að nota þessa heimild. Nú er það óneitanlegt, að venja hefur verið að afla tekna til ríkissj. vegna einhverra ákveðinna þarfa ríkissj., en ekki að leggja á landsfólkið til þess fyrst og fremst að taka af því fé, sem svo mætti nota, ef þörf skapaðist. Ég held það sé áreiðanlega víst, að það er orðið það dýrt að lifa í þessu landi, að ekki er þörf á að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að það megi verða enn þá dýrara, ef ekki eru aðrar ástæður. Og nú sé ég ekki betur en hjá hæstv. ráðh. skíni í það, að þessi þörf sé ekki fyrir hendi, — það er aðeins möguleiki fyrir því, að hún skapist. Af þessu ályktа ég, að þetta frv. eigi engan rétt á sér.

Það mundi vera allt annað mál, ef stjórnin kæmi fram fyrir þingið og sýndi fram á, að tekjustofnar ríkisins hrykkju ekki til nauðsynlegra útgjalda. Manni sýnist 10—50% heildsöluálagning að viðbættum tollinum ekki vera óviðunanlega lág. Ég sé á undirtektum og fleiri hlutum, að málið hefur eitthvað verið undirbúið. En ég er einn þeirra þm., sem ekkert hafa heyrt um málið, fyrr en það var lagt hér fram, og sýnist svo sem ekki hafi þótt máli skipta, hver yrði skoðun okkar á því. En meðan ekki er betri grein gerð fyrir málinu en þetta, sé ég ekki nauðsyn þess og mun greiða atkvæði gegn því.

**Sigfús Sigurhjartarson:** Hv. þm. G.-K. (ÓTh) lagði á það áherzlu, að saklaust væri að samþ. frv. eins og þetta, því að Alþ. hefði alltaf í sinni hendi, hvernig féð yrði notað. Hæstv. ráðh. hélt því sama fram. Það er rétt, að fjárveitingarvald er í höndum Alþ. nema að því leyti sem það kann að afsala sér því með sérstökum lögum. Mér er ekki grunlaust um, að ágreiningur sé meðal þm. um, hvort þingið sé ekki búið að gefa stj. frambúðarheimild til fjárveitinga í sambandi við lækkun á útsöluverði landbúnaðarvara, og stj. mun líta svo á, að hún hafi þá heimild. Ég tel, að hún hafi hana ekki. En þegar farið er fram á svo óvenjulega málsmeðferð sem hér er gert, hlýtur manni að detta í hug, að eitthvað óvanalegt sé bak við, og grunur að vakna, að hér sé ríkisstj. að safna fé í sérstöku augnamiði. Og sé það svo, á hún að skýra Alþ. frá því, annað hæfir ekki. Deildin má ekki taka afstöðu til þessa máls í óvissu um, hvað fyrir stj. vakir með þessari ráðstöfun. Það er borið fram, að hér sé stj. veitt heimild, sem óvíst sé, hvort hún noti. En til hvers er þá verið að loka í dag allri tóbakssölu? Ef ekki ætti að hækka, væri það ástæðulaust. Hitt hlýtur að vera afráðið af ríkisstj. að nota undir eins heimildina, ef hún verður samþ., þótt ráðh. láti sem það sé óráðið. Þá get ég ekki annað en minnzt á þau ummæli ráðh., að óeðlilegt sé að hækka nú ekki þessar vörur, þegar þær séu orðnar hinar einu, sem séu að heita megi með verði, er var fyrir stríð. Þessi hæstv. ráðh. á sérstaklega að berjast gegn verðhækkun og harmar það að rekast þarna á vöru, sem hafi hvergi nærri hækkað nóg!

Ég er ekki tóbaksmaður og vildi fyrir mitt leyti, að tóbak sæist aldrei. En 70—80% landsmanna eru mér ekki sammála um það, og tóbakskaup eru hjá þeim eins óumflýjanlegur útgjaldaliður og hver önnur nauðsynjakaup. Á þennan meiri hluta þjóðar er lagður þungur skattur, ef frv. gengur fram. Ég gæti raunar fallizt á að hækka tóbak þannig í verði, ef ríkisstj. sýndi fram á, til hvers hinar auknu tekjur þurfi að nota, og má þá ræða það mál. En meðan það er ekki upplýst betur, greiði ég atkvæði bæði gegn afbrigðum um málið og málinu í heild.

ATKVGR.
Brtt. 37 samþ. með 17:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19:6 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:6 atkv.

---

Á 10. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19:5 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:5 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 10. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:3 atkv.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Eins og dm. er kunnugt, hefur þetta frv. legið fyrir Nd. og verið afgreitt þar í dag í gegnum allar umr. með afbrigðum. Hér ræðir um heimild fyrir Tóbakseinkasölu ríkisins til að hækka álagningu þá, sem nú er á tóbaki, úr 10—50% í 10—150%. Það má ekki teljast heppilegt að ákveða álagningu tóbaksvarnings svo naumt sem verið hefur, og því hefur stj. talið rétt að leita heimildar til þess að leggja á sumar tegundir allt að 150%, eftir því sem ástæða þykir til í hvert sinn. Hér ræðir um heimild, sem lögð verður undir mat þeirra manna, sem með þetta eiga að fara, en ekki er víst um að svo stöddu, að hve miklu leyti heimildin verður notuð í raun og veru.

Ég vil fara fram á það við hv. d., að frv. verði ekki sett í n. og að það verði afgreitt til fulls í dag. Það er óheppilegt um mál eins og þetta, að það liggi lengi frammi, almenningi til sýnis, áður en það nær staðfestingu.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Það virðist vera tilætlunin með þessu frv. að afla ríkissjóði tekna umfram það, sem gert er ráð fyrir samkv. gildandi löggjöf. — Ég veitti því athygli, að hæstv. fjmrh. svaraði litt eða ekki fyrirspurn, sem fram kom í Nd., um það, vegna hvers ríkisstj. leitaði þessarar heimildar eða til hvers hún ætlaði að nota fé það, sem með henni fengist, en ég tel óefað, að ríkisstj. muni hafa sínar ástæður til að veita ekki slík svör að svo stöddu.

Ég vil þó spyrja hæstv. ráðh., hvort hann muni ekki vilja skýra þ. eða n. innan þingsins frá þessu, áður en tekin er ákvörðun um ráðstöfun þessa tekjuauka. Mér finnst eðlilegt, að svo verði gert. Ég óska því eftir svari frá hæstv. ráðh. við því, hvort hann vill tjá hv. d., á hvern hátt ríkisstj. hugsar sér að nota tekjuaukann, ef heimildin verður samþ.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. 3. landsk. þm. skal ég taka það fram, að þetta atriði hefur ekki verið rætt innan ríkisstj. Ég get því ekki gefið bindandi svar, en sé hins vegar ekkert því til fyrirstöðu, að gert verði það, sem hann hefur minnzt á, að stj. skýri n. innan þingsins frá því, áður en hún hefur framkvæmdir í þessu efni, til hvers féð skuli notað.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Ég ætla ekki að mótmæla þeirri till. fjmrh., að mál þetta fari gegnum d. án þess að fara til n. Þess er óskað af ríkisstj., að málið fái afgreiðslu í dag og verði að l., og þó að því yrði að nafninu til vísað til n., er það auðsætt, að ef hv. d. vildi gera frv. að l. í dag, yrði rannsókn í n. bara til málamynda.

Ég kvaddi mér hljóðs á undan hv. 3. landsk. þm., en eftir hans ræðu get ég að mestu leyti fallið frá orðinu, því að tilefnið til ræðu minnar var svipað og hjá honum. Jafnvel þótt vera kunni, að fulltrúar hinna ýmsu flokka á Alþ. hafi fengið nokkra vitneskju um þetta mál, hefði ég kunnað betur við, að frekari skýringar hefðu fylgt framsögu hæstv. ráðh. En ýmsar ástæður geta kannske valdið því, að ekki sé þægilegt að gefa þær nú þegar, og þá verður að sætta sig við það.

Það er viðurkennt, að tóbak er að sjálfsögðu munaðarvara og að hverjum manni er það í sjálfsvald sett í þyrjun, hvort hann venur sig á það eða ekki, en hitt er vitað og alkunnugt, að tóbak hefur nú einu sinni það eðli, að þegar menn eru búnir að venja sig á það, verður það þeim nauðsynjavara. Hér er því um talsvert mikla heimild að ræða, að hækka skatta og tolla á öllum almenningi, því að flestallir nota tóbak í einhverri mynd.

Ég veit ekki, hvað heimilt er að segja og vil engan trúnað brjóta, en grunur minn er sá, að þessu fylgi fleira en þetta frv. beinlínis gefur tilefni til að álíta. Út af fyrir sig hef ég ekkert við það að athuga, sem ég hef um þetta heyrt, en ég get ekki neitað því, að ef það er rétt, að fleiri breyt. um framkvæmd á einkasölu í landinu eru í aðsigi, kann ég hálfilla við, að ekki skuli gefinn nokkur kostur á að minnast á ýmis atriði í sambandi við þær fyrirætlanir, sem dm. kynni að leika hugur á að spyrja um.

Hæstv. ráðh. stakk upp á því, að málið færi ekki til n. Ég ætla ekki að hafa á móti því, en mér fyndist ekki úr vegi að gefa 10 mín. frest á milli 1. og 2. umr., til þess að fjhn., — þó að málinu sé ekki til hennar vísað, — geti þá komið saman til athugunar á því, hvort hún sem slík hefði eitthvað fram að færa, t. d. ósk um frestun málsins.

**Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti. Þetta mun ekki þykja neitt stórmál eins og það var reifað af hæstv. ráðh., og er það því furðulegra sem þetta er það dularfyllsta mál, sem fyrir þ. hefur komið um langan tíma. Það er farið fram á það af ríkisstj., að heimilað verði að hækka álagningu á tóbaki mjög verulega, svo að ef heimildin væri notuð til fulls, væri um gífurlega verðhækkun að ræða. Þegar svo spurt er um ástæðuna til þessa, fæst ráðh. ekki til að svara öðru en því, að ríkisstj. þyki réttara að

hafa þessa heimild. Ef ríkisstj. hefði ekkert annað eða meira í hyggju, hvað á þá þetta að þýða að ryðja þessu í gegn á einum degi? Það er alveg ótilhlýðilegt að ætlast til þess, að Alþ. samþ. heimild til mikillar hækkunar á tekjum ríkissjóðs og nýrra álaga á almenning, án þess að þm. fái að vita full skil á, hver nauðsyn ber til. Enda þótt ríkisstj. hefði stuðning meiri hl. Alþ., væri ekki hægt að ætlast til slíks af þm. þeirra flokka, sem stj. styddu, hvað þá heldur, þegar ríkisstj. hefur ekki stuðning neins flokks. Að veita þessa heimild blindandi er meiri traustsyfirlýsing en hægt er að fá í öðru formi.

Það liggur í hlutarins eðli, að Sósfl., sem er í andstöðu við ríkisstj., greiðir atkv. á móti þessu máli, þó að um mætti ræða, hvort rétt væri í ákveðnum tilgangi að hækka álag á tóbaki.

Það er nú svo, að þó að um sé að ræða munaðarvöru, þýðir mikil hækkun á tóbaki nokkra hækkun á vísitölunni, en hækkun á dýrtíðinni yrði meiri. Mér er ekki kunnugt um tilganginn með þessu frv., en ég hef heyrt flugufregnir, og ef þær eru réttar, er mér óskiljanlegt, hvers vegna öll þessi leynd þarf að vera. En ríkisstj. telur, að það sé að bregðast trúnaði að segja frá þessu.

Ef sú leið er farin að hækka álagningu á tóbaki til þess að gefa með öðrum vörum til að lækka vísitöluna, þýðir það ekki annað en almenna kauplækkun, því að dýrtíðin verður sú sama. Það er að vísu rétt, að menn geta verið án tóbaks, en fjöldi fólks lætur sig heldur vanta eitthvað annað.

Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að Alþ. veiti ríkisstj. þessa heimild, nema a. m. k. að ganga fyrst úr skugga um, hvort ríkisstj. telur sig hafa heimild til að nota þetta fé án samþ. Alþ. Var nokkuð um þetta rætt í Nd. Og hv þm. G.-K. og 4. þm. Reykv. héldu því fram, að það kæmi ekki til mála, að féð yrði notað nema með samþ. Alþ. Ég vil ganga úr skugga um, hvort sú staðhæfing er rétt, og beina því til hæstv. ráðh., hvort hann vill gefa þá yfirlýsingu í d., að ríkisstj. muni ekki nota féð, nema samþ. Alþ. komi til. Það er ekki nóg, að ríkisstj. ræði við einhverja þingm. Fyrirspurn hv. 3. landsk. þm. um þetta efni var ekki svarað af ráðh. Hann kvaðst ekki geta svarað henni f. h. ríkisstj.

Alþ. þarf að fá svar um það, hvort ríkisstj. álítur, að Alþ. eitt hafi ráðstöfunarrétt yfir þessu fé eða ekki, en mér fannst á hæstv. ráðh., að hann hefði allt annað í hyggju.

**Magnús Jónsson:** Ég get sagt eins og aðrir þm., sem talað hafa, að hér er ekki sagt mjög mikið eftir orðanna hljóðan. Úr framsöguræðu hæstv. ráðh. var einnig mjög lítið að fá af upplýsingum um málið. Ég hlustaði ekki á umr. um það í Nd., en mér skildist á þeim, sem þar hlýddu, að ekki hefði komið margt til skýringar hjá þeim, sem töluðu.

Þessi hækkun er náttúrlega ákaflega rífleg, frá 50 og upp í 150 af hundraði. Ég veit ekki, hvort heimildin fyrir 50% álagningu er notuð til fulls, hygg það sé ekki á öllum tegundum. En það er auðséð, að í þessu frv. er ákaflega víðtæk heimild, sem felur í sér stórfé í ríkissj., ef hún er notuð út í æsar. Það fyrsta óvissa er það, að hér er aðeins heimild, í öðru lagi hvað mikið fé er um að ræða, og í þriðja lagi, hver tilgangurinn er með fjáröfluninni. Er það fjárskortur? Eða ný verkefni? Og hver eru þá þessi verkefni? Því er ómögulegt að neita, að þetta er ákaflega mikið á huldu. Ég vil hins vegar sem einn í fjhn. segja út af orðum hv. 1. þm. Eyf., að það er hefndargjöf að vera að kasta málinu í n., sem hefur engan tíma til að rannsaka það. (**BSt:** Ég stakk ekki upp á því.) Ja, að n. ætti að segja, hvernig henni litist á það. En það er ómögulegt með mál, sem engar upplýsingar liggja fyrir um. Ég segi það sem mína skoðun almennt, að það er alveg eðlilegt, að ríkissj. sé aflað yfirleitt tekna með tollum og álagningu á munaðarvöru eins og þessari. Hversu mikil nauðsynjavara sem tóbakið kann að verða þeim, sem fara að nota það, er það þó áreiðanlega ein af þeim vörutegundum, sem menn geta nokkuð stillt í hóf kaupum á. Enda er alls staðar viðurkennt, að þessi vara er mjög svo til þess fallin að taka af tekjur í ríkissj. Og úr því að leggja á aukin gjöld á þessa vöru, þá er eðlilegt að því sé hraðað, af ástæðum, sem hver maður skilur. Tekjuþörf ríkisins er sjálfsagt mikil, og við vitum, að mörg eru verkefnin. En mér finnst megingalli á, að ekki hafa fengizt um það alveg skýlausar yfirlýsingar frá hæstv. ráðh., — ef þær hafa ekki komið fram í hinni d., — að það verði að sjálfsögðu á valdi þingsins að ráðstafa þessum tekjum. Það finnst mér vera meginatriðið. Ég sé ekkert athugavert við, að málið gangi þegar til 2. umr., en áskil mér rétt til að hafa hönd í bagga með afgreiðslu málsins, ef ekki fæst yfirlýsing alveg skýlaus. Þetta frv. er að vísu ekkert annað en tekjuöflunarfrv., en felur ekkert í sér um ráðstöfun teknanna. En ég vildi þó taka undir áskorun hv. 5. þm. Reykv. um það, að hæstv. ráðherra lýsti yfir, að það mundi koma til kasta Alþ. að ráðstafa fénu, sem aflast á þennan hátt. Það hefði kannske ekki verið ástæða til þessa, ef hv. 3. landsk. hefði ekki verið með nokkurn undanslátt, þar sem hann virtist álíta, að stj. gæti talað við einhverja n. í þinginu um það, hvernig eigi að ráðstafa þessu fé. Ég tek undir þær raddir, að það er Alþ. sjálft, sem hefur ráðstöfunarréttinn á þessu fé.

**Hermann Jónasson:** Það orðalag hefur verið viðhaft hér, að það væri óákveðið, hvort þessi heimild yrði notuð eða ekki. Slíkt orðalag er nú oftast þýðingarlaust, af því að hver skyni borinn maður sér, að það á yfirleitt að nota heimildir og að nota á þessa heimild. Eftir að þessi heimildarl. eru samþ., væri einkennilegt að hafa tóbaksverzlunina opna og nota ekki heimildina, því að almenningur mun líta svo á, að hækkun sé yfirvofandi á næstunni. Öll varfærni í orðum mundi ekki hafa nein áhrif á almenning í því efni. Enn fremur væri þýðingarlítið að samþ. svo háa heimild og nota hana aðeins að litlu leyti. Það gæti verkað á sama hátt, svo að ég geri ráð fyrir, að hver maður gangi

út frá því, að með þessu frv. sé ekki verið annað að gera en ná tekjum. Sennilega er hægt að taka þær þannig í svipinn, en ekki er hægt að ganga fram hjá að benda á, að það er takmarkað, hvað tekjum má lengi ná á þennan hátt. Það eru aðrir búnir að reka sig á með þessa vöru, því að það eykst að sjálfsögðu mjög tilhneiging manna til að kaupa vöruna á óleyfilegan hátt. Hagnaðarvonin verður sterkari eftir því, sem þessi vara er seld óeðlilega háu verði, en hægt er að ná í hana — bæði eins og nú stendur, og þó að það breytist — með miklu lægra verði. Og jafnframt verður verðhækkunin líka til að draga úr neyzlunni. Þó er von til þess, að nota megi þennan tekjulið eitthvað, meðan menn hafa fullar hendur fjár. En vart hygg ég, að honum sé treystandi, þegar úr því fer að draga.

Ég tek undir það og mundi hafa látið orð falla um það, þó að ekki hefði gefizt tilefni frá öðrum þm., að það er eðlilegt, að gerð sé grein fyrir svona frv. Fyrst og fremst ætti að liggja fyrir, hvað mikill tekjuafgangur er nú frá seinasta ári, eftir að búið verður að inna af höndum allar þær greiðslur, sem ríkissj. voru bundnar á bak. Og í annan stað: Hvernig er útlit um tekjurnar í ár? Þetta þyrfti vitanlega að liggja fyrir. Það þarf ekki að dylja þetta fyrir þm. eða neinum. Og það er ekki hægt að taka frv. öðruvísi en tekjur vanti í ríkissjóð, því að ekki er verið að leika sér að því að bera fram frv. eins og þetta. Enda held ég enginn taki frv. þetta á annan veg. Það, sem hæstv. ráðh. drap á í Nd., getur ekki verið næg ástæða, — að tóbak hafi verið í sérstaklega lágu verði.

Þar sem nú liggja ekki fyrir þær upplýsingar, sem undantekningarlaust liggja fyrir í svipuðum tilfellum, mætti það virðast mótsögn, að þeir menn, sem æskja upplýsinganna, greiddu þó atkv. með þessu frv. Vil ég þá gera grein fyrir mínu atkv. þannig, að þó að ég sé óánægður með, að þessar upplýsingar eru ekki fram bornar, þá greiði ég atkv. með þessu máli. Það er vegna þess, að ég veit, að með tilliti til þeirra ráðstafana, sem liggur fyrir að gera og þarf að gera, ef eitthvað á að halda dýrtíðinni niðri, sem virðist vilji þingsins að gera, þá verður bæði að ganga á þennan tekjustofn og marga aðra tekjustofna. Og það er kannske ekki óeðlilegt að byrja á þessu. Það er vitað mál, að með þeirri fjármálastefnu, sem fylgt hefur verið, að kaupa niður dýrtíðina með framlögum úr ríkissj., þá verðum við að ganga á tekjulindir og tæma þær smátt og smátt, — meðan ekki er önnur stefna tekin upp. Og það er kannske rétt að klandra í þetta einu sinni enn, meðan verið er að athuga hlutina. En það er vitað, að þetta, sem gert hefur verið hingað til til þess að kaupa niður dýrtíðina, hefur kostað stórfé. Það sá hver maður, eftir að samkomulag varð í n., sem skipuð var á síðasta þingi til þess að finna hlutfall milli kaupgjalds og verðlags, að ef vísitalan átti ekki að fara upp, þá kostaði stórfé að halda henni niðri. Mér er næst að halda, að það verði nær 20 milljónum. Og þess vegna greiði ég atkv. með frv., að ég þykist vita svo mikið um fjárhag ríkissj. og það, sem fram undan er, þó að viðkunnanlegra hefði verið, að ráðh. hefði gefið skýrslu um þetta, eins og venja er til.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. drap á, vildi ég mega benda á það, að ríkisstj. ráðstafar hvorki þessu fé né öðru án heimildar. Og eins og allar aðrar ríkisstj. er hún náttúrlega bundin við að fara ráðvandlega með fé ríkissj. og ráðstafa því með fullri ábyrgð. Mér dettur ekki í hug að halda, að hv. þingmenn væni stj. í þessu efni, en af því að orð féllu á þann veg, sem þau féllu, vil ég geta þessa.

Út af fyrirspurn hv. 5. þm. Reykv., hvort ég vilji skuldbinda mig til að bera undir þingið ráðstöfun á væntanlegum tekjum af þessu frv., vil ég segja, að ef þinginu þætti ríkisstj. misnota þann trúnað, sem henni er veittur með samþ. frv., þá hefur þingið vitanlega jafnan í hendi sér að kippa burt þeim heimildum, sem hér eru gefnar, ef notaðar eru á þann hátt, sem það teldi sig ekki geta við unað. Svo að þó að hér sé kannske farið að á nokkuð óvenjulegan hátt, sem ég alls ekki ber á móti — og get því vel skilið afstöðu sumra hv. þm. —, þá getur samt frá mínu sjónarmiði ekki verið stefnt í neina hættu. Alþingi hefur alltaf heimild til að afnema slíka heimild, ef það kærir sig um.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég tók eftir, þegar hæstv. fjmrh. svaraði fyrirspurninni, að hann taldi ekkert til fyrirstöðu, að ríkisstj. skýrði nefndum innan þingsins frá, áður en ákvörðun yrði tekin um ráðstöfun á þessum tekjuauka. Þetta er ekki fullnægjandi svar við fyrirspurn minni. Hann svaraði ekki því, hvort þetta yrði gert, en það var það, sem ég spurði um. Ástæðan til þess, að ég spyr þessa, er sú, að ég játa fullkomlega, að ef þörf er á tekjum í ríkissj., þá er að minni hyggju líklegra að fara þá leið, sem bent er á í frv., en ýmsar aðrar leiðir. Ég játa, að hækkun á tóbaki er ekki vel séð af þeim, sem nota það. Einmitt þess vegna vil ég fá glögg svör við fyrirspurn minni, áður en gengið er til atkv. Það er rétt, að nokkra hækkun á vísitölunni leiðir af hækkun á tóbaki, en ekki mikla. En það, sem mestu máli skiptir, er, hvort ríkisstj. hugsar sér að ráðstafa tekjuaukanum eftir geðþótta sínum, að sjálfsögðu ekki í bága við landslög og ekki til annars en þess, sem ríkisstj. telur sig hafa heimild til. Ég ber henni ekki á brýn, að hún hafi hugsað sér að gera neitt slíkt. En vitanlegt er, að ríkisstj. telur sig hafa víðtæka heimild í þessu efni, svo víðtæka að mér skilst, að ég held, að fyllsta ástæða sé til þess, að þinginu sé gefið færi á því að gera sínar ráðstafanir, ef það telur, að ekki sé vert að ganga svo langt í þessu efni sem ríkisstj. teldi sig hafa einhverja heimild til.

Hv. 1. þm. Reykv. kvaðst alls ekki geta fellt sig við þann undanslátt, sem var í ræðu minni, og var mjög vígalegur. En mér virtist hann alveg sömu skoðunar og ég. Hann vildi fá yfirlýsingu stj. fyrst. Og ég hygg það hafi verið hans skoðun, að þingið hefði á valdi sínu að taka málið upp og gera sínar ákvarðanir, ef

það féllist ekki á ráðstafanir þær, sem ríkisstj. hefði í huga. Ég veit, að nokkur ágreiningur kann að vera um það, hversu víðtæk heimild sú er, sem hæstv. ríkisstj. telur sig hafa til að veita fé úr ríkissj. Því fremur er ástæða til, að hún tilkynni þinginu, áður en þær ákvarðanir eru gerðar bindandi. Það væri óheppilegt allra hluta vegna að vera búinn að gera það, sem er ekki afturkallanlegt, ef þingið skyldi hafa aðra skoðun en ríkisstj.

Hv. þm. Str. veik að því, að þingið hefði — að mér skildist — tekið upp óheillastefnu í því að kaupa niður dýrtíðina. Og þess vegna mundi hann greiða frv. atkv. Þetta ætti að styðja óskina um vitneskju frá stj. um það, hvernig nota á þetta fé.

Að lokum vil ég endurtaka þá ósk, að hæstv. ráðh. vildi svara fyrirspurn minni glögglegar en orðið er, áður en málið kemur til endanlegrar afgreiðslu, því að það út af fyrir sig, að hann telur ekkert til fyrirstöðu, að fjhn. sé látin um það vita, áður en til framkvæmda kemur, tel ég ekki nægilegt.

**Brynjólfur Bjarnason:** Hæstv. ráðh. er nú ekki viðstaddur. En á meðan get ég minnzt á það, sem hv. þm. Str. sagði hér, að hann mundi greiða atkv. með þessu frv., enda þótt hann vissi ekki full skil á því, til hvers ætti að nota féð. Ég á ákaflega erfitt með að skilja þessa stefnu hv. þm. Ég get eki skilið hana öðruvísi en svo, að hann sé í grundvallaratriðum samþ. því, að verð á tóbaki sé sem allra hæst, og að hann fylgi frv. af því, að hann álíti það heillavænlegt fyrir landslýðinn, — því að frá öðru sjónarmiði getur maður ekki verið með frv. um að hækka tekjur ríkissj. með nýjum álögum á landslýðinn, þegar maður veit ekki, til hvers á að nota þær tekjur, og er ekki búinn að gera sér grein fyrir því, hvort ríkissj. er þörf á þessum fjárauka. Annars skildist mér hv. þm. gera ráð fyrir, að þetta fé yrði notað til þess að halda dýrtíðinni niðri, borga hana niður, og það er náttúrlega annað sjónarmið. Væri hann þá því fylgjandi að halda dýrtíðinni niðri með fjárgreiðslum úr ríkissj. Í öðru orðinu fannst mér hann telja þetta óheillastefnu, en fylgja vildi hann henni samt, af því að ekki væri annað að gera en halda út, úr því að byrjað væri. En ég vildi aðeins benda á það, að það er ekki verið að borga niður neina dýrtíð með því að hækka verð á tóbaki eða með því að hækka verð á neinum vörum. Það er í sjálfu sér ákaflega einkennileg aðferð til þess að lækka verðlag í landinu að hækka verð einhverra ákveðinna neyzluvara. Það er augljóst mál, að tilgangurinn er ekki sá, heldur hitt, að lækka vísitöluna, — ekki dýrtíðina, m. ö. o. að lækka kaupið. Það er bezt að segja þetta alveg hreint út, þannig að menn geri sér alveg fulla grein fyrir því, hvað er hér um að ræða.

Annars er ákaflega erfitt að fara út í umr. um þetta mál, meðan ekki er upplýst, hver tilgangurinn er hjá ríkisstj. með frv. Fyrirspurn mín til hæstv. ráðh. var á þá leið, hvort hann vildi gefa yfirlýsingu til þingsins um það, að ríkisstj. mundi ekki ráðstafa þessu fé, án þess að samþ. þingsins kæmi til. Hann svaraði á þá leið, að í fyrsta lagi mundi ríkisstj. ekki ráðstafa þessu fé né öðru án heimildar, í öðru lagi hefði Alþ. í hendi sér að kippa þessari heimild burt, ef Alþ. litist svo sem þetta fé væri notað á annan hátt en þingið óskaði eftir. — Ég hygg, að þetta sé rétt haft eftir, en ef svo er ekki, leiðréttir hæstv. ráðh. það. Ég veit ekki með vissu, hvað hæstv. ráðh. á við með hinu síðara, að þingið gæti kippt heimildinni burtu, ef það teldi hana ekki rétt notaða. Ég átti alls ekki við það, með hverjum hætti álagningin á tóbakið yrði framkvæmd, heldur átti ég við hitt, að ráðstöfunarrétturinn á fénu væri í höndum Alþingis.

Þetta er náttúrlega alveg ófært, og mér skilst, að það sé alveg ómögulegt fyrir Alþ. að samþykkja lög eins og þessi án þess að ganga úr skugga um, hvort litið er svo á, að ráðstöfunarrétturinn sé í höndum Alþ., og vegna þess þarf þ. að fá skýlaus svör. Hæstv. ráðh. sagði, að fénu yrði ekki ráðstafað án heimildar. Hvernig á að skilja þetta? Það kemur hér sem eins konar véfrétt. Hann vildi ekki svara, heldur aðeins með þessu: Stjórnin ráðstafar ekki án heimildar. Ég get ekki lagt annan skilning í þetta en þann, að stj. þykist hafa einhvers konar lagaheimild til þess að nota þetta fé án þess að þurfa að bera það undir þingið. Annars eru mér svör hæstv. ráðh. alveg óskiljanleg, og þar sem mér virðist, að frá öllu skynsamlegu sjónarmiði og eftir öllum venjulegum reglum hljóti úrslit þessa máls að velta á því, hvort stj. svarar skýrt og ákveðið, að hún muni ekki ráðstafa fénu án þess að leggja það fyrir þingið, hvernig því skuli varið, skilst mér, að þingið hljóti að krefjast þess að fá um þetta atriði skýr svör.

**Magnús Jónsson:** Það stafar meðfram af þeim mikla hraða, sem er á þessu máli, að mér sýnist, að ýmsir, sem tala, skilji hverjir aðra mismunandi vel, og virtist mér það sérstaklega koma fram í ræðu hv. 3. landsk. (HG) og rökum hæstv. ráðh. og ef til vill í minni ræðu líka, en ég hef ekki getað skilið hv. 3. landsk. (HG) öðruvísi en svo, að hann telji það fullnægjandi, ef stj. í samráði við n. eða nefndir í þinginu gerði ákvarðanir um það, hvernig ráðstafa skuli þessu fé, sem hér um ræðir. En nú skilst mér á ræðu hv. 3. landsk. (HG), að hann hafi átt við, að það verði að vera búið að ákveða, hvernig ráðstafa skuli þessu fé, áður en málið sé afgreitt. En mér skilst, að nú þegar sé búið að koma í veg fyrir, að þetta sé hægt. Það er vitanlegt um þetta mál, að það er ekki hægt að gera annað með það, úr því að það er komið hér fram, en hraða því svo sem unnt er. Það er eins og hv. þm. Str. (HermJ) sagði, að það er annaðhvort að loka viðkomandi stofnun eða afgreiða málið í skyndi. Hins vegar sný ég ekki aftur með það, að það er mikið atriði, hvernig þeim tekjum verður ráðstafað, sem hér er um að ræða. Og það er skilningur þm. Mér virtist hæstv. ráðh. skilja ummæli okkar hv. 5. þm. Reykv. (BrB) þannig, að við hefðum verið að tala um, að

hve miklu leyti ætti að nota heimildina, en það var ekki neitt atriði hjá okkur. Við vorum eingöngu að tala um það, hvernig því fé yrði varið á sínum tíma, sem inn kemur, ef heimildin verður notuð.

Ég sé ekki, að það komi til mála, að þingið gefi stj. fyrst heimild og fyrirskipi henni svo, hvernig hún eigi að nota þá heimild. Þingið má aldrei gefa neinni stj., sízt stj., sem starfar ekki á ábyrgð þingflokkanna, neina heimild, nema hún fái að nota hana, og þar að auki er það óþægilegt fyrir stj. að taka á móti heimild, sem hún má ekki nota. Ef þingið teldi órétt að gefa þessa 150% heimild, ætti það ekki að gefa hana. Ég átti eingöngu við hinn stórkostlega tekjuauka, og ráðh. svaraði því allt of óákveðið, sagði, að því yrði ekki ráðstafað án heimildar og að því yrði ráðstafað ráðvandlega og á fulla ábyrgð. Þessi tvenn síðari ummæli efast enginn um, að stj. stendur við: að féð muni verða ráðvandlega notað og á fulla ábyrgð. Það er náttúrlegt. Það leiðir einnig af sjálfu sér, að stj. gerir þetta ekki án heimildar. Nú veit ég ekki, ég skal játa það, hvaða heimildir stj. hefur í l., en það er áreiðanlegt, að hún hefur nú þegar stórkostlegar heimildir í l. Í dýrtíðarl. eru miklar heimildir til þess að borga það, sem brúsinn kostar. Þar hefur stj. heimild til þess að ráðstafa mörgum milljónum. Það, sem ég átti við, var að fá svar við því, hvort stj. vildi, um leið og málið er afgreitt í skyndi, — af því að það er eðli málsins, að það þarf fljóta afgreiðslu, — hvort stj. vildi lýsa yfir því, að hún mundi ekki ráðstafa þessu, nema bera það sérstaklega undir Alþingi og fá leyfi til þess að verja því með þeim sérstaka hætti. Mér finnst fyrir mitt leyti alveg nauðsynlegt, áður en málið er endanlega afgreitt, að fá skýr svör um þetta, og mér finnst ákaflega undarlegt, ef stj. getur ekki gefið svar um jafneðlilegan hlut og þetta er, því að mér finnst svo sjálfsagt, að stj. óski þessarar heimildar í alveg ákveðnum tilgangi.

Ég get tekið undir það með öðrum, að ríkissj. muni þurfa á tekjum að halda, en það er mikið undir því komið, hvaða ráðstafanir eru gerðar. Við getum verið sammála um það, hv. þm. Str. (HermJ) og ég, að það þurfi að gera ráðstafanir, en það getur verið, að hvorugur okkar vildi fallast á þær.

Ég skal ekki orðlengja þetta, en óska, að ráðh. gefi yfirlýsingu um, að þessum tekjuauka verði ekki ráðstafað, án þess að það sé borið undir Alþ. og að ráðstöfun hans verði á valdi þess.

**Bernharð Stefánsson:** Mér finnst nú ákaflega eðlilegt, að dm. spyrji um það, hvaða ástæða þyki til þess að bera þetta frv. fram. Svör hafa ekki fengizt skýr við þessu, og er það að vísu leitt, en við vitum það nú allir, að þm. hafa utan þingfunda verið gefnar nokkrar upplýsingar um þetta, að ég hygg öllum — eða í öllum þingflokkum. Það er ákaflega eðlilegt, að raddir hafi komið fram um það, að eðlilegast hefði verið, að stj. hefði gefið skýr og gild svör um það, hvers vegna hún telji sig þurfa þessar auknu tekjur í ríkissjóð. Hitt er aftur óeðlilegt, sem rætt hefur verið hér í seinni tíð, hvort stj. muni nota þetta fé án þess að spyrja Alþ. leyfis eða leita heimildar þess um það, og ég verð að segja það, að mér fannst furðulegt að heyra fyrrverandi forseta Sþ. vera einn af þeim, sem endilega vildu fá að vita um það, hvort stj. ætlaði að nota þetta án sérstakrar heimildar Alþingis. Ég veit ekki betur en Alþ. hafi ráðstöfunarrétt á öllu því fé, sem ríkissjóði áskotnast. Þó að ég hafi ekki stjskr. fyrir framan mig, hygg ég, að í henni standi, að ekki megi greiða neitt fé úr ríkissjóði, nema heimild sé veitt í fjárl., fjáraukal. eða öðrum l. Hv. 1. þm. Reykv. (MJ) minntist að vísu á það í ræðu sinni, að stj. hefði nú þegar allvíðtækar heimildir í l. til þess að ráðstafa fé vegna dýrtíðarinnar. Ég veit, að í dýrtíðarl. er heimild til að greiða niður verð á landbúnaðarvörum til að lækka dýrtíðina. Þá heimild hefur þingið þegar gefið, og hafi það ekki breytt skoðun, sé ég ekki, að neina nýja heimild þurfi. Hitt er svo annað mál, að Alþ. getur, hvenær sem er, breytt þessu ákvæði dýrtíðarl. og eins ákveðið í fjárl., hvað miklu fé skuli varið til dýrtíðarráðstafana. Mér finnst því ekki þurfa að ræða það svo mjög nú, til hvers eigi að nota fé það, sem inn kemur samkv. þessu frv., enda er það, eins og hv. 1. þm. Reykv. (MJ) tók fram í fyrri ræðu sinni, hreint fjáröflunarfrv. og ekkert ákveðið í því, hvernig því fé skuli varið, sem inn kemur. Ég fyrir mitt leyti óttast því ekki þetta atriði og mun áreiðanlega af þessari ástæðu greiða frv. atkv., þó að ég væri einna fyrstur til þess að láta það í ljós hér, að ég kynni hálfilla við það, að stj. nú á 1. stundu vildi ekki gefa neinar upplýsingar um það, hvaða ástæða liggur til þess, að hún óskar þessa óvenjulega tekjuauka í ríkissjóðinn, og það því fremur, sem ég hef fullan grun um, að meiningin sé fyrir ríkisstj. að fá enn meiri tekjuauka í ríkissjóðinn, á þann hátt þó, sem samþykki þingsins þarf ekki beinlínis að koma til. Ríkið hefur fleiri einkasölur með höndum en tóbakseinkasöluna, og það væri næstum óeðlilegt að hækka svo álagningu á tóbaki sem þetta frv. gefur heimild til, ef ekki væri jafnframt hækkuð álagning á áfengi. Ég hef ekkert við það að athuga, þótt álagning á áfengi yrði hækkuð frá því, sem verið hefur. Ég vil nú ekki fara langt út í þetta, vegna þess að mér finnst einhver leynd eigi að vera á því, sem vissulega stendur fyrir dyrum að gera, og það er ekki meira en svo, að ég búist við svörum, en ég ætla þó að leyfa mér að bera upp fyrirspurn til hæstv. fjmrh., sem hér er staddur, í sambandi við þetta. Ef það er svo, sem ég teldi ákaflega eðlilegt og sjálfsagt, ef álagning á tóbak, sem almenningur í landinu telur nauðsynjavöru, verður stórhækkuð, að þá verði einnig hækkuð álagning á áfengi, þá langar mig til að spyrja, — ef stj. sæi sér fært að gefa nokkrar upplýsingar um það, — hvort hún hugsar sér að hafa sama fyrirkomulag á þeirri verzlun og nú hefur verið um sinn. Það er að nokkru leyti verzlun og þó ekki verzlun. Það er lokað, en þó opið. Það er sem sagt í því

öngþveiti og það fyrirkomulag á þeirri verzlun, sem ég hugsa, að engin þjóð í heiminum hafi. Sennilega fást engin svör við þessu, en ákaflega er það einkennilegt, ef hæstv. ríkisstj. býst við stórkostlegum tekjuauka af að selja vöru, sem í öðru veifinu er talið, að ekki sé til sölu.

Ef hæstv. fjmrh. vill ekki fara út í þetta mál hér, — og það get ég vel skilið, enda heyrir þetta mál ekki undir hann nema að nokkru leyti, — vildi ég, að hann flytti það í hæstv. stj., að það eru ýmsir þm., sem gjarnan vildu, að eitthvað yrði gert í þessu máli, svo að það yrði ekki í því öngþveiti, sem það nú er. Ég vil að lokum segja það sem mína skoðun, að ef fyrirkomulag áfengisverzlunarinnar á að vera eins og verið hefur, hljóta menn að hugsa með andúð til þeirra milljóna, sem koma í ríkissj. fyrir áfengissölu. Ef Alþ. og þjóðin líta svo á, að áfengi sé svo skaðlegt, að það eigi að selja það aðeins í pukri og eins og verið sé að fremja glæp, þá á að horfast í augu við það. Ef það á að afla milljóna í ríkissj. með áfengissölu, þá á að fara öðruvísi að en nú er gert.

**Hermann Jónasson:** Hv. 1. þm. Eyf. (BSt) hefur eiginlega tekið fram það, sem ég ætlaði að svara. Hv. 5. þm. Reykv. (BrB) var að gera sér það til dægrastyttingar, meðan hann var að bíða eftir ráðh., að rangfæra það, sem ég hafði sagt. Það er vitanlega sitt hvort að greiða atkv. með því, sem fyrir liggur, vegna þess að vitað er, að ríkissj. hefur þörf fyrir peninga, eða gera kröfu til þess, að hæstv. ráðh. skýri frá því hér í d., að stj. hugsi sér ekki að nota peningana, án þess að sérstök heimild sé fyrir því, því að eins og hv. 1. þm. Eyf. (BSt) sagði, getur stj. vitanlega ekki notað þessa peninga nema eftir heimild, sem þingið er búið að veita áður. Ríkisstj. getur ekki borgað út neitt fé nema eftir heimild frá Alþingi.

Ég get sagt það viðvíkjandi fjármálastefnunni, sem forðazt er að minnast á, að það er atriði, sem ætti að tala um miklu meira en gert er. En það er tekin upp sú aðferð að minnast ekki á það. En það er vitað mál, að dýrtíðin er komin svo hátt í þessu landi, að það verður að borga hana niður, til þess að framleiðslan geti haldið áfram. Þessi baggi verður þyngri og þyngri með hverjum deginum og er nú þegar orðinn svo þungur, að ég sé ekki betur en nokkrar millj. þurfi til þess að borga framleiðsluvörurnar niður. Og það er næstum því vitað mál, að ef dýrtíðinni verður ekki haldið niðri með greiðslum úr ríkissj. og hún fengi að fara sínar götur, lítur út fyrir, að framleiðslan muni stöðvast.

Í sambandi við þau orð, sem féllu, vil ég segja það, að ég er ekki reiðubúinn til þess að láta dýrtíðina fara sínar götur og taka afleiðingunum af því, og ég er ekki reiðubúinn til þess á þessu stigi málsins að neita ríkisstj. um heimild til þess að hafa fé milli handa til þess að borga dýrtíðina niður, því það er augljóst mál, að það er hún, sem gleypir þetta. Það þarf að vera fé fyrir hendi, meðan þm. eru að átta sig á, hvaða fjármálastefna skuli upp tekin, því að það er bersýnilegt, að ekki er hægt að halda áfram til lengdar að borga dýrtíðina niður. Það var þess vegna engin yfirlýsing frá mér um það, að ég vildi halda áfram að borga dýrtíðina, heldur vildi ég um stund gefa tækifæri, meðan verið væri að átta sig á, hvaða stefnu skyldi taka upp, — og kannske verður engin stefna tekin upp, og það er stefna fyrir sig, — því að það hljóta allir að sjá, að eitthvað verður að gera og að þegar verið er að leggja þennan skatt á, þá er verið smátt og smátt að tæma þær fjáröflunarlindir, sem fyrir eru. Þegar þær svo eru búnar, hlýtur allt að stöðvast.

Ég endurtek það, að þó ég sé ekki búinn að játa fylgi mitt við það, að núgildandi dýrtíðarráðstöfunum skuli haldið áfram, vildi ég ekki neita um fylgi mitt, meðan verið er að ákveða, hvaða stefnu skuli taka.

**Lárus Jóhannesson:** Áður en ég tek afstöðu til atkvgr. um þetta frv., langar mig — eins og fleiri — að gera fyrirspurn til hæstv. fjmrh., en af því að svo margar fyrirspurnir hafa verið bornar fram, langar mig að hafa fyrirspurn mína svo ljósa sem unnt er.

Hinn 13. apríl s. l. voru samþ. hér í þinginu l. um dýrtíðarráðstafanir, og til þess að kaupa niður dýrtíðina var stj. fenginn ákveðinn tekjustofn, en í 3. lið 4. gr. segir svo, með leyfi forseta: „Nú verður nefndin sammála um vísitölu framleiðslukostnaðar landbúnaðarafurða og hlutfall milli verðlags á landbúnaðarafurðum og kaupgjalds stéttarfélaga, og skal þá verð á landbúnaðarvörum ákveðið í samræmi þar við, meðan núverandi ófriðarástand helzt. Þó er ríkisstjórninni heimilt að ákveða lægra verð á einstökum vörutegundum gegn framlagi úr ríkissjóði.“

Ég álít nú, að stj. hafi ekki heimild til þess að nota aðra tekjustofna ríkissjóðs til þess að greiða þetta niður heldur en þá, sem getið er í l. um dýrtíðarráðstafanir. Þess vegna spyr ég hæstv. fjmrh.: Álítur hann, að stj. hafi heimild til þess að nota þær tekjur, sem af frv. þessu kynnu að fást, ef það verður að lögum, til þess að borga niður dýrtíðina án þess að gera það í samráði við Alþ., og hafi stj. þá skoðun, er spurningin: Vill hæstv. ráðh. lýsa yfir því, að hann muni ekki nota þessa heimild án þess að gera það í samráði við Alþingi.

Ég veit, að þetta er svo ljóst, að það er hægt að fá skýr svör, en eftir svörunum fer mitt atkvæði.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Það eru aðeins nokkrir dagar síðan stj. lagði fram nýtt fjárlagafrv., þar sem gert er ráð fyrir, að tekjur af Tóbakseinkasölu ríkisins verði 2.500.000 krónur. Ég vildi mega beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvort sú breyt. á álagningu, sem kemur fram í frv., sem nú er rætt hér, stafar beint af því, að Tóbakseinkasala ríkisins þurfi á meiri tekjum að halda til þess að skila tekjum þeim, sem um getur í fjárlagafrv., eða hvort það, sem fæst með þessum nýja skatti, á um leið að vera tekjuauki fyrir ríkissjóð. Mér finnst það skipta nokkru máli, áður en gengið er til atkvæða, hvort um er að ræða að fá meiri hagnað eða

að fá tekjur, sem eru ekki reiknaðar með, þegar fjárlagafrv. var lagt fram.

Ég vildi líka gera fyrirspurn með tilvísun til dýrtíðarl. Samkvæmt 1. gr. þeirra l. er heimilt að leggja á tekjur ársins 1942 þann skatt, sem verðlækkunarskattur nefnist, og vildi ég þá spyrja, hvort ráðh. hugsar sér að fá þessa heimild framlengda til ársins 1944, ef þau l. verða samþykkt, sem nú er verið að ræða hér, og hvort þetta á að koma í staðinn fyrir dýrtíðarráðstafanir þær, sem gert er ráð fyrir í dýrtíðarl. Það er vitanlegt, að það er ekki heimilt að taka þennan verðlækkunarskatt nema þetta ár, og líka vitanlegt, að ef þjóðin hefði verið spurð um það, hvort hún vildi þennan 80% tekjuskattsauka, hefði orðið allt önnur afgreiðsla á málinu. En það er atriði fyrir sig.

Það er vitanlegt, að þessi tekjustofn gildir ekki nema þetta ár, svo að það verður að finna nýjar leiðir. Ég vil benda á það, að fyrir þessari hv. deild liggja tvö önnur frv. um stórkostlega tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Á ég þar við frv. um eignarskatt og tekjuskatt, og vildi ég gjarnan spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann telji ríkissj. þurfa á öllum þeim tekjum að halda, sem þar er gert ráð fyrir, einnig þótt þau l. verði samþykkt, er hér liggja fyrir.

Allar þessar upplýsingar munu hafa áhrif á mitt atkvæði í þessu máli.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Hv. þm. Barð. (GJ) spurði um það, hvort Tóbakseinkasala ríkisins þyrfti að fá þessa aukaálagningu til þess að skila þeim hagnaði, sem gert er ráð fyrir í fjárl., og get ég skýrt frá því, að svo er ekki. Það er ekki gert ráð fyrir, að til þess þurfi að taka. Ég er ekki viss um að hafa náð þeim fyrirspurnum öllum, sem þm. bar fram. Hann minntist á verðlækkunarskattinn og talaði um, að hann væri 80% af tekjuskattinum. Þetta er ekki rétt. Tekju- og eignarskatturinn er áætlaður 22 millj. kr. móti 6.2 millj., sem verðlækkunarskatturinn er. Ég vil geta þessa hér til þess að leiðrétta misskilning hjá hv. þm.

Hv. þm. Seyðf. (LJóh) spurði, hvort ég mundi telja mig hafa heimild til þess að nota þetta fé samkvæmt dýrtíðarl. Af því að það er þekktur lögfræðingur, sem spyr, er mér um og ó að svara án þess að leita upplýsinga hjá mönnum, sem mér eru færari, en að sjálfsögðu mun ég ekki greiða þetta fé, nema heimild sé til þess. Ég sé ekki, að ég geti svarað á annan hátt, eins og málið liggur fyrir. Ríkisstj. mun að sjálfsögðu skýra Alþ. frá því, hvernig hún ætlar að verja þessu fé, áður en það kemur til framkvæmda, og það er að sjálfsögðu á valdi Alþ. að stöðva eða breyta slíkum framkvæmdum, ef ástæða er til. Mér finnst því ekki mikil sanngirni í því né mikil ástæða til að krefja mig um sérstakar yfirlýsingar í þessu máli.

Annars geri ég ráð fyrir, eins og hv. 1. þm. Eyf. (BSt) gat um, að hv. þm. viti talsvert um þetta mál og um sumt, sem spurt er, viti menn meira en af er látið.

Út af orðum hv. 1. þm. Eyf. (BSt) í sambandi við áfengisverzlunina er það svo, eins og hann tók fram, að ég er ekki rétti aðilinn í því máli, en ég mun taka að mér að flytja þau orð, sem hann lét falla, til hins rétta aðila, sem er dómsmrh.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég hygg, að hæstv. ráðh. hafi í síðustu ræðu sinni svarað þeirri fyrirspurn, sem ég bar fram. Ég mun hér endurtaka orð hans, svo að ekkert beri á milli:

„Stj. mun að sjálfsögðu skýra þinginu frá því, hvernig hún ætlar að verja því fé, sem inn kemur, áður en það kemur til framkvæmda, svo að það gæti þá stöðvað eða breytt þeim ákvörðunum."

Ég tel þetta fullnægjandi svar við fyrirspurn minni, og að þessu loforði fengnu get ég greitt frv. atkv., því að ég tel, að Alþ. eigi skýlausan rétt á að ráðstafa þessu fé.

**Gísli Jónsson:** Ég vildi aðeins leyfa mér að leiðrétta það, sem hæstv. ráðh. fór með. Ég hélt því fram, að verðlækkunarskatturinn væri í mörgum tilfellum 80%, og við, sem greiðum skattana og berum þunga þeirra, vitum, að hann nemur oft þessari hlutfallstölu, enda ætti að vera auðvelt að reikna svo einfalt dæmi. Og ég fullyrði, að í mörgum tilfellum er verðlækkunarskatturinn 80%. Mér er ekki sama, hvort þessi leið er ný eða hún á að koma fyrir aðra tekjustofna, sem fyrir eru í l. Ég verð að segja það, að mér fannst þau svör, sem hæstv. ráðh. gaf, jafnloðin og þau voru illa undirbúin. En það er mikið atriði í þessu máli, hvort þessi nýi tekjustofn á að koma fyrir aðra tekjustofna, sem nú eru samkvæmt l., eða hvort hann á að koma ofan á allar þær byrðar, sem fyrir eru. Mér finnst þetta svo augljóst, að ráðh. ætti að geta gefið alveg ákveðin svör.

**Brynjólfur Bjarnason:** Það virðist nú hafa komið fram í þessu máli, að það séu þm., sem líti svo á, að stj. hafi heimild til þess í gildandi l. að nota fé til þess að borga niður dýrtíðina fram yfir það fé, sem henni er veitt til þessara hluta í l. um dýrtíðarráðstafanir.

Hv. þm. Str. (HermJ) taldi, að það mundi þurfa um 20 millj. kr. til þess að borga niður dýrtíðina, og vildi fyrir sitt leyti, að stj. hefði fé undir höndum til þess að borga hana niður. Hér er ekki um 20 millj., en um mjög mikið fé að ræða, ef áætlun stj. stenzt. Það hefur sérstaklega komið fram sú skoðun hjá ýmsum þm., að stj. hafi heimild til þess að verja þessum tekjuauka á þann hátt, sem henni þætti heppilegast, án þess að fá skýrari fyrirmæli um, hvernig þessu fé skuli ráðstafað. Ég tel það í meira lagi traust til stj. að vilja láta hana hafa umráð yfir slíkri fjárfúlgu til þess að vinna á móti dýrtíðinni á þann hátt, sem henni þykir heppilegast. Hvar skyldi þetta vald vera í l.? Þar með erum við komnir að kjarna málsins. Við erum komnir að kjarna málsins, eftir að fyrirspurn hv. þm. Seyðf. (LJóh) kom fram. Ég get ekki skilið, hvar þessi heimild eigi að vera annars staðar en í l. um dýrtíðarráðstafanir, 4. gr. — Hér virðist vera stórmál í uppsiglingu. — Spurningin er um það, hvort stj. hafi heim-

ild til þess að nota þetta fé, ekki aðeins þetta, heldur ótakmarkaðar fjárfúlgur úr ríkissj. til þess að borga niður dýrtíðina, og ráðh. hefur ekki fengizt til að gefa skýr svör við fyrirspurn hv. þm. Seyðf. (LJóh). En það er einmitt hún, sem svar þarf við og þeir þm., sem hér hafa talað, eiga vafalaust við. Um önnur l. getur ekki verið að ræða. Hæstv. ráðh. svaraði þessari fyrirspurn þannig, að hann gæti ekki svarað þessu, vegna þess að hann þyrfti áður að bera málið undir lögfræðing. Ég skil nú varla í, að ráðh. ætlist til, að við trúum því, að stj. hafi ekki borið þetta mál undir lögfræðing, að stj., sem á innan sinna vébanda tvo þekktustu lögfræðinga landsins, hafi ekki gert sér grein fyrir því, hvort það sé tryggt, að hún geti notað þetta fé til þess að borga niður dýrtíðina. Það þýðir ekki að koma til okkar með slíkt. Stj. hefur ákveðið fyrir fram, hvort hún ætlar að nota þessa heimild eða ekki.

Ég geri mig á engan hátt ánægðan með það, að stj. muni að sjálfsögðu skýra frá því, áður en hún noti þessa heimild, og ég tel það ekki nokkurs virði, þótt hæstv. ráðh. segi, að þingið geti stöðvað slíkar framkvæmdir. Það er hægt með því að breyta l. um dýrtíðarráðstafanir eða með því að afnema þau l., sem hér er verið að samþykkja. Hvers konar vinnubrögð eru það? Fyrst að samþykkja l. án þess að vita, hvað verið er að samþykkja. Síðan kemur í ljós, að mönnum falla ekki l. Þá á að taka til sinna ráða og afnema þau. Hæstv. ráðh. getur ekki ætlazt til þess, að þingið viðhafi slík vinnubrögð.

Það, sem þm. þurfa að vita, áður en þeir samþ. þetta frv., er einmitt þetta: Telur stj. sig hafa heimild til þess í l. að nota þetta fé, án þess að ákvarðanir þingsins komi til?

Mér skilst, að komið sé að kjarna málsins, þegar séð er, hvort stj. telur sig hafa þessa heimild eða ekki, og að fullnægjandi svar fáist við því, um leið og svar fæst við fyrirspurn hv. þm. Seyðf. (LJóh).

**Lárus Jóhannesson:** Herra forseti. Þar sem hæstv. ráðh. hefur lýst yfir því, að hann sé ekki alveg viss um, hvort stj. hafi heimild til að nota án frekara samþykkis þingsins þann tekjuauka, sem hér um ræðir, og sérstaklega þar sem hann vildi ekki gefa nein ákveðin loforð í þessu efni, leyfi ég mér að stinga upp á, að þetta frv. fái venjulega afgreiðslu og verði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12:3 atkv. og til fjhn. með 9:5 atkv.

**Forseti (StgrA):** Þar sem ríkisstj. hefur lagt áherzlu á, að málið yrði afgr. með þeim mesta hraða, sem kostur er á, vil ég biðja n. að halda fund þegar eftir mat. Ég get ekki fullyrt um, hvort n. getur lokið störfum á svo skömmum tíma, en vegna óska stj. mun ég freista að kalla saman fund kl. 9. Liggi álit n. þá ekki fyrir, verður ekki hægt að afgreiða málið, en það er ósk mín, að n. geri tilraun til þess að afgreiða málið á þessum tíma.

---

Á 11. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:3 atkv.

**Frsm. (Magnús Jónsson):** Eins og hv. þdm. munu geta skilið, hefur ekki unnizt tími til að prenta nál. Ég býst því við, að ég verði að lesa upp það álit, sem samið hefur verið. Það er eitt álit að vísu, en þó er n. klofin. Álit meiri hl. er þannig:

„Nefndin hefur átt tvo stutta fundi um frumvarp þetta og rætt það við fjármálaráðherra.

Meiri hl. telur ekki óeðlilegt, að rýmkuð sé álagningarheimild á tóbaki eða ákveðnum tegundum þess, og getur af þeim ástæðum mælt með því, að frv. verði samþ. En um ráðstöfun á því fé, sem aflað verður með frv., hefur fjmrh. skýrt frá yfirlýsingu, er hann muni gefa við 2. umr., og telur meiri hl. þá yfirlýsingu fullnægjandi til þess að tryggja vald þingsins til ráðstöfunar fjárins.

Samkv. framansögðu mælir meiri hl. með því, að frv. verði samþ.

Minni hl. (BrB) telur yfirlýsingu fjmrh. ekki fullnægjandi og leggur til, að frumv. verði fellt."

Ég hef að svo vöxnu máli enga ástæðu til að bæta neinu við þetta, en við 1. umr. málsins kom aðallega fram, að þeir, sem létu í ljós nokkurn ugg við að samþ. þetta frv., væntu yfirlýsingar frá stj., sem ber þetta frv. fram, að því fé, sem aflast með þessu frv., ef að l. verður, verði varið þannig, að tryggt sé, að það sé í samræmi við vilja meiri hl. Alþ. Við í meiri hl. teljum, að með þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. ráðh. hefur skýrt n. frá, sé þetta tryggt, og viljum því mæla með, að frv. verði samþ.

Ég vil svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þetta nál.

**Forseti (StgrA):** Vegna þess, hve tími hefur verið naumur, hefur ekki verið hægt að útbýta prentuðu nál., heldur kemur það nú fram skrifl. Tel ég rétt að leita afbrigða fyrir, að það verði tekið til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. nál. (sjá þskj. 40) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Út af þeim umr., sem hér hafa farið fram í kvöld, og eftir samtal, sem ég hef átt við fjhn., vil ég lýsa yfir því, að ríkisstj. mun skýra fjárhagsnefndum þingsins frá þeim ákvörðunum, sem gerðar verða um ráðstöfun þeirra tekna, sem hér um ræðir, og ráðstafanirnar munu því aðeins látnar koma til framkvæmda, að tryggt sé, að meiri hluti þm. sé þeim fylgjandi.

Þetta er sú yfirlýsing, sem rætt er um í nál.

**Brynjólfur Bjarnason:** Ég vil gera grein fyr-

ir afstöðu minni í n. Þarf ég í rauninni ekki að fara mörgum orðum um það, vegna þess að afstaða mín hefur komið fram í því, sem ég sagði um málið við 1. umr.

Í fyrsta lagi get ég með engu móti fallizt á að samþ. frv., sem hefur í för með sér verulega hækkun á tóbaki og þar með hækkun á dýrtíðinni í landinu, án þess að mér sé ljóst, hvort nokkur nauðsyn ber til fyrir ríkissjóð að fá þennan tekjuauka og án þess að hafa nokkra hugmynd um, til hvers fénu verður varið. Í öðru lagi tel ég, að yfirlýsing hæstv. ríkisstj., sem að vísu er mikill vinningur fyrir þingið að fá, sé ekki fullnægjandi að því leyti til, að það er sýnilega gert ráð fyrir í þessari yfirlýsingu, að þingið verði ekki spurt um álit sitt á ráðstöfun fjárins í frv.formi og yfirleitt ekki í því formi, að lagt verði fyrir þingið neitt plagg, frv. eða þáltill., heldur aðeins talað við þm. og á þann hátt gengið úr skugga um álit þeirra, en að öðru leyti telji hæstv. stj. sig hafa lagalega heimild til að nota þetta fé, ef hún aðeins lýsir yfir, að hún muni ráðgast við þm., áður en hún notar þessa lagalegu heimild, sem hún telur sig hafa. Ég álít, að stj. hafi enga slíka lagalega heimild, en mér er kunnugt um, að aðrir álíta, að hún hafi hana, og ég tel fullvíst, að hæstv. stj. sjálf með þeim lögfræðingum, sem í henni eru, telji þessa heimild fyrir hendi. Á þann skilning vil ég með engu móti fallast. Mér virðist, ef þingið lætur sér þetta nægja, að þá sé það yfirlýsing um, að það sætti sig við, að löggjöf, sem það lét frá sér fara í vor, sé túlkuð þannig, að þar sé ótakmörkuð heimild til að verja fé til að lækka vöruverð

**Bernharð Stefánsson:** Ég er þremur meðnm. mínum sammála um að leggja til, að þetta frv. verið samþ., en sökum þess, að ég er ekki algerlega sammála rökstuðningnum fyrir afstöðu þeirra, hef ég skrifað undir nál. með fyrirvara. Mér er ómögulegt að sjá, eftir því sem fram hefur komið enn, að á þessu frv. og öðrum slíkum frv., sem áður hafa legið fyrir Alþ. og farið hafa fram á tekjuauka fyrir ríkissjóð, sé nokkur meginmunur. En það hefur ekki verið venja hingað til að setja það í skattaukal. nema þá einstöku sinnum, hvernig verja skuli fénu. Nú er að vísu engin uppástunga um það í þetta sinn, að sett verði í frv., hvernig þessum tekjuauka verði varið, en meðnm. mínir geta ekki fallizt á að samþ. frv., nema yfirlýsing komi frá hæstv. stj. um það, hvernig það skuli gert. Það var kunnugt, áður en þetta frv. var lagt fyrir þingið opinberlega, að hæstv. stj. taldi sig þurfa að fá slíka heimild til að standast kostnað vegna þeirra dýrtíðarráðstafana, sem kynni að þurfa að gera, og ég fyrir mitt leyti læt mér það nægja. Ég er að vísu þakklátur fyrir þá yfirlýsingu, sem fram hefur komið frá hæstv. fjmrh. um það, að þessum tekjuauka verði ekki varið öðruvísi en í samráði við þingið, þó að ég telji ekki beinlínis þörf á því, því að það, sem ég vil undirstrika með þessum fyrirvara mínum, er það, að ég tel, að ekki geti verið nein hætta á því, að hæstv. stj., sem ber ábyrgð fyrir Alþ., verji fé, svo að neinu nemi, úr ríkissjóði til annars en þess, sem þingið samþ., þegar stj. óskar þess, eða hefur áður samþ. M. ö. o., ég tel, að ekki komi til mála, að hæstv. stj. án sérstakrar heimildar frá þinginu verji þessum tekjauauka til annars en þess, sem fjárl. ákveða eða þá önnur sérstök l. Mér finnst ekki skipta miklu máli, hvort þessir peningar, sem koma með hækkun á verði á tóbaki, verða teknir til einhverra ákveðinna framkvæmda eða einhverjir aðrir peningar úr ríkissjóði, sem ríkisstj. hefur fulla heimild til að greiða út.

Ég geri ráð fyrir, að margir setji þetta frv. í samband við 4. gr. l. um dýrtíðarráðstafanir, þar sem ekki er aðeins heimilt að greiða verðuppbætur á kjöt fram til 15. sept., heldur einnig heimilt, ef n. sú, sem sett var til að finna vísitölu fyrir framleiðslukostnaði landbúnaðarafurða, yrði sammála, að ákveða lægra verð á einstökum vörutegundum en n. ákveður með því að greiða mismuninn úr ríkissjóði.

En þó að það væri bundið af einhverjum loforðum hæstv. ríkisstj. nú í dag, að hún mætti ekki taka það fé, sem fæst samkvæmt þessum l., til þeirra nota, þá hefur hún eigi að síður skýlausa lagaheimild til að taka eitthvert annað fé úr ríkissjóði til þess. Því sé ég ekki, að fyrirvari meiri hl. n. um fylgi sitt við frv. og þessi yfirlýsing hæstv. ráðh. skipti miklu máli. Mín afstaða sem nm. er því sú, að ég get vel búizt við því vegna núverandi ástands í landinu, að ríkissjóður þurfi auknar tekjur til að standast þau útgjöld, sem þ. og stj. kynnu að vilja stofna til, og þótt ég viðurkenni, að þessi skattur leggst á vöru, sem er ekki þannig, að allir telji sig geta verið án hennar, þó að hún verði að vísu að teljast munaðarvara, mun ég greiða frv. atkv. mitt með tilliti til þeirra yfirlýsinga, sem fram hafa komið.

**Frsm. (Magnús Jónsson):** Ég ætlaði ekki að segja nema örfá orð út af því, sem hv. 5. þm. Reykv. eða minni hl. n. tók fram um skoðun sína á því, hvort ríkisstj. hefði þessa heimild samkvæmt dýrtíðarl. Ég skal geta þess, að í áliti n. og yfirlýsingu hæstv. ráðh. felst engin fullyrðing um þetta, og við nm. erum algerlega óbundnir um það, hverja skoðun hver um sig hefur á því. Hæstv. Alþ. dæmir að sjálfsögðu um það sjálft, hvenær telja beri, að fengnar séu þær tryggingar, sem um er að ræða. Og ég sé nú ekki, hvers vegna hv. 1. þm. Eyf. þurfti að hafa sérstöðu í þessu máli. Það er ekki nema eðlilegt, þegar borið er fram frv., sem felur í sér svona stórkostlega tekjuöflun, án þess að því fylgi nokkur yfirlýsing um tilganginn, að þá sé nokkuð sérstök aðferð viðhöfð. Um þá hugmynd að setja inn í frv. ákvæði um það, hvernig fénu skuli varið, vil ég segja það, að um slíkt er alls ekki að ræða á þessu stigi málsins, en fyrir n. vakti að tryggja það, að þegar til kæmi, yrði viðhöfð hin þinglega aðferð, að hæstv. Alþ. ákvæði þetta. Nú er hins vegar nauðsyn, að málið fái fljóta afgreiðslu, og skal ég þá ekki verða til þess að lengja umr., enda ekki ástæða til þess.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég skal aðeins taka það fram til viðbótar, að ég tel svör hæstv. ráðh. eða yfirlýsingar, sem fram hafa komið hér í hv. d., sérstaklega nauðsynleg atriði í sambandi við þetta mál, því að hvað sem annars líður heimildum ríkisstj. til að ráðstafa fé ríkissjóðs, tel ég rétt að slá því föstu, að ekki beri að veita henni, á meðan Alþ. situr, víðtækar heimildir í því efni, því að slíkt mundi skapa algeran glundroða, að því er snertir afstöðu Alþ. til ríkisstj. og starfsvið hvors um sig.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14:3 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:3 atkv.

---

Á 12. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14:3 atkv.

**Hermann Jónasson:** Ég vildi aðeins minnast á eitt atriði í sambandi við yfirlýsingu hæstv. fjmrh. Ég tel, að yfirlýsingin breyti í raun og veru engu, og eru ástæðurnar þær, sem ég tók fram við 1. umr. Hæstv. ráðh. þarf ekki að lýsa yfir því við okkur, að hann megi ekkert greiða nema með okkar samþ. Hins vegar hefur hv. frsm. fjhn. tekið það fram, að 4. gr. dýrtíðarl. frá síðasta þ. hafi ekki verið höfð í huga, þegar yfirlýsingin var fram borin. Þó var það aðallega þetta, sem var til umr. hér, áður en málið fór til n. Ég tel sem sagt, að þessi yfirlýsing breyti ekki neinu, sem máli skiptir, því að mín skoðun er sú, að stj. væri algerlega óheimilt, þótt engin yfirlýsing hefði komið fram, að greiða nokkuð samkv. 4. gr. nema með skýrri samþykkt Alþ. Þetta vildi ég taka fram og láta fylgja því atkv., sem ég greiði í málinu.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** HermJ, IngP, JJ, LJóh, MJ, PHerm, PM, ÞÞ, BSt, BBen, EE, GJ, GÍG, HG.
**nei:** KA, BrB, StgrA.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 41).

—o—

## 4. Skattaviðauki 1944.

Á 3. fundi í Sþ., 3. sept., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld 1944 með viðauka** (stjfrv., A. 25).

Á 7. fundi í Nd., 6. sept., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Heimildin, sem hér er leitað á þskj. 25, er ekki annað en framlenging fyrir árið 1944 á eldri l. Þetta frv. er shlj. l. nr. 104 frá 1942. Ég geri ráð fyrir, að frv. þessu verði vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

---

Á 29. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A 25, n. 129).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 31. fundi í Nd., 12. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 33. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 35. fundi í Ed., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 42. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 25, n. 274).

**Frsm. (Pétur Magnússon):** Þetta litla frv. er gamall kunningi hér á hv. Alþ. og hefur gengið 10 ár í röð, svo að það ætti að vera orðið hv. þdm. nokkuð kunnugt. Eins og það ber með sér, er þarna um að ræða 40% hækkun á tekjum samkvæmt aukatekjul. frá 1921 og stimpilgjaldsl.
Fjhn. þessarar d. hefur haft þetta mál til athugunar og mælir með því, að það nái fram að ganga. Nú þykir ekki fært að skerða tekjur ríkissj. að þessu leyti. Annars gæti það verið til athugunar fyrir hv. Alþ., hvort ekki væri réttara að breyta þessum skattaálögum, þ. e. að hækka þennan skatt, sem hér er um að ræða, samkv. aukatekjul. og stimpilgjaldsl., enda þótt stimpilgjaldið sé nokkuð hár skattur, en að vera þing eftir þing að framlengja þessa viðauka. En þetta mál hefur nú gengið í gegnum báðar d., og þykir ekki ástæða til að taka þetta frekar til athugunar. Ég vil svo fyrir hönd fjhn. leyfa mér að mæla með því, að frv. nái fram að ganga. En málið gæti verið til athugunar fyrir stj. til næsta þings.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 43. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 323).

——o——

## 5. Birting laga og stjórnvaldaerinda.

Á 21. fundi í Ed., 20. sept., var útbýtt:
**Frv. til l. um birtingu stjórnvaldaerinda** (stjfrv. A. 70).

Á 23. fundi í Ed., 22. sept., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Einar Arnórsson):** Ég þarf ekki að fylgja þessu frv. úr hlaði með löngu máli. Skal ég þó aðeins geta þess, að þetta frv. mundi koma, ef að l. verður, í staðinn fyrir aðallega tvenn l., frá 1877, nr. 11, og l. nr. 32 frá 1907. Í þessum l., þeim eldri, eru fyrirmæli um ritverk það, er Stjórnartíðindi nefnist, en í hinum síðari um Lögbirtingablaðið. Þessi tvö útgáfurit eru í raun og veru skyldari en menn skyldu ætla að órannsökuðu máli, því að stundum kann að vera nokkur vafi á um það, í hvoru þessara útgáfurita sumt eigi að birtast, hvort t. d. nægilegt er að birta sumt aðeins í Lögbirtingablaðinu, en ekki í Stjtíð., og út í það fer ég ekki nánar. En mér finnst hentugra að skipa þessum báðum ritum með einum samstæðum l. en gera það með tvennum eða jafnvel að nokkru leyti þrennum l., eins og nú er.
Það nýmæli er í frv., má segja, að l. og ýmis fyrirmæli, sem til l. jafnast, skuli verða gildandi ákveðnum tíma eftir, að þau eru birt, en áður var þetta ekki. Mér virðist rétt að taka tækifærið og skera úr um þetta með almennri reglu, þannig að borgurunum sé skylt að hlíta ákvæðum l., þegar þau hafa verið birt, en ekki skylt að gera það, áður en þau eru birt.
Ég tel sjálfsagt, að þetta frv., ef það lifir þessa umr., fari til n., og vil þá stinga upp á, að því verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 35. fundi í Ed., 18. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 70, n. 178).

**Frsm. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Allshn. hefur haft þetta mál til meðferðar og m. a. átt tal við hæstv. dómsmrh. um það, og mælir n. með því, að frv. verði samþ. með lítils háttar breyt.
Ég tel það mjög þakkarvert af hæstv. dómsmrh., að hann hefur tekið þá löggjöf, sem hér er um að ræða, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda yfirleitt, til endurskoðunar og gert úr heillegan lagabálk.
Það er vitað, að sumpart eru þau l., sem nú eru í gildi um þetta, orðin nokkuð gömul, og þar af leiðandi eiga þau ekki til fulls við, og sumpart hefur þetta, sem frv. er um, verið í tvennum l. og e. t. v. ekki fullt samræmi þar á milli. Hitt atriðið, sem hefur gert endurskoðun þessa nauðsynlega, er það, að í framkvæmdinni hefur orðið mjög mikill misbrestur á, að eftir hinum settu reglum væri í þessu efni farið, sem sennilega hefur komið af því, að stjórnarvöldin hafi talið, að eigi væri lengur þörf á að fara í öllu eftir settum reglum, þar sem þær væru orðnar allgamlar og ættu ekki til fulls við. Þetta hefur verið misskilningur og verið látið líðast miklu lengur en góðu hófi gegnir.
Nú eru þessi ákvæði tekin saman í heillegan lagabálk og að meginefni staðfestar þær reglur, sem áður hafa um þetta gilt. Og enn fremur er, sérstaklega í 7. gr., skorið úr atriði, sem hefur valdið nokkrum ágreiningi milli lögfræðinga, þar sem sumir hafa talið, að l. yrði stundum beitt gagnvart einstaklingum, þó að ekki væri búið að birta þau, en aðrir hafa talið, að ekki kæmi til mála að beita l. gagnvart slíkum aðilum, nema birting l. hefði átt sér stað. Þessi síðarnefnda skoðun, má segja, að ríkjandi hafi verið á síðari árum meðal fræðimanna, og hún er tekin upp í 7. gr. frv. og þar skýrt kveðið á um þetta atriði.
Það má alltaf deila um það, þegar svona l. eru samræmd og gömul l. felld saman í einn bálk, hvað á að taka með þar. En þó verður að gæta þess að svo miklu leyti sem upptalningin í l. á að vera tæmandi, að engu má úr sleppa, sem ætlað er, að hafi stöðugt gildi, og þess vegna er það, að við höfum bætt við nokkrum atriðum, sem við töldum nauðsyn að birta í B-deild Stjtíð., en eru ekki talin í 2. gr., eins og hún liggur fyrir í stjfrv. Við höfum talið nauðsyn, að það væri áfram birt í B-deildinni, eins og verið hefur, um úrslit alþingiskosninga. Enn fremur teljum við rétt, að þar sé birt skrá yfir félög, firmu og vörumerki, sem tilkynnt hafa verið á árinu, heiðursmerki, nafnbætur og heiðursverðlaun, sem ríkisstjórnin veitir. Þetta er í samræmi við gildandi l. og venju, sem verið hefur. Hitt getur verið reglugerðar- og framkvæmdaratriði, hvort í þessa skrá eigi að taka auglýsingar alveg eins nákvæmlega og ýtarlega eins og í Lögbirtingablaðinu. Það sýnist ekki vera nauðsynlegt. En þar á að minnsta kosti að birta svo glöggt efnisyfirlit yfir þetta, að auðvelt sé að átta sig á því.
Svo er það, sem minna máli skiptir, um heiðursmerki, nafnbætur og heiðursverðlaun. Það er venja að taka þetta upp í B-deildina og hefur verið frá fyrstu tíð, og sýnist eðlilegt að halda því við. Enda er æskilegast, úr því að slík heiðursmerki og nafnbætur eru við höfð, að hægt sé að ganga að því á öruggum stað til þess að finna, hverjir hafi orðið þess aðnjótandi.
Eins og menn sjá, er þarna um mjög smávægilegar breyt. að ræða, einungis til þess að gera frv. ýtarlegra en það er, en breyt., ef brtt. verða samþ., hagga að engu leyti meginstefnu þess.
Brtt. við 3. gr. frv. er aðeins um það, að orðin „sbr. lög nr. 25/1929, 37. gr." falli niður. Þetta er

ekki efnisbreyt., heldur er farið fram á, að þessi tilvitnun í l., sem þarna hefur átt sér stað, sé niður felld, vegna þess að það hefur þótt ástæðulaust að taka tilvitnunina upp í ein l. af ótal mörgum, sem þarna er að öðru leyti vitnað til.

Svo eru fleiri atriði, sem við ræddum um, hvort taka ætti fram um í l., en misbrestur hefur orðið á í nokkur undanfarin ár. T. d. hefur mjög kveðið að því, að sá dagur hefur ekki verið hinn raunverulegi útgáfudagur A-deildar Stjtíð., sem tiltekinn hefur verið í B-deildinni, að A-deildin hafi komið út á. En að hafa þetta svo er auðvitað algerlega rangt. Það er hinn raunverulegi útgáfudagur, sem hér hefur gildi. En þótt nokkur misbrestur hafi orðið í þessu efni undanfarið, en það er hins vegar komið inn í l. með samþ. þessa frv., að skrá skuli og miða við útkomudag, og við töldum, að hinn raunverulegi útkomudagur kæmi þar einn til greina og hefði þýðingu, þá var það, að við töldum óþarft að taka slíkt fram. Auk þess skal þess getið, að frv. gerir ráð fyrir því, þó að það sé ekki berum orðum sagt, og n. féllst á það, að það verði hætt að geta um það í B-deild Stjtíð., að A-deildin sé komin út, heldur verði á hverju hefti Stjtíð. eða blaði, þ. e. a. s. A-deildar, skráður sá raunverulegi útkomudagur og eftir honum verði farið. Þetta er eðli málsins samkvæmt, og við töldum ástæðulaust að taka það fram, úr því að við gerðum ráð fyrir, að eftir þessari reglu yrði farið.

Að öðru leyti get ég látið mér nægja að vísa til nál., og vil einungis endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að ég tel, að þessi löggjöf sé mjög tímabær og hæstv. dómsmrh. beri þakkir fyrir frumkvæði sitt í því efni.

Mér hefur verið bent á það af lögfræðingi, að það mundi sennilega fara betur á því í fyrirsögn frv. að kalla frv. frumvarp til laga um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, vegna þess að stjórnarvöld í lagamáli táknuðu e. t. v. öllu frekar framkvæmdarvaldið, ríkisstjórnina, en ekki eins glögglega löggjafann. Þetta er nú e. t. v. álitamál, en mér sýnist nú e. t. v. nokkuð í þeirri ath. Það er hægt að athuga þetta atriði til 3. umr. málsins. En ég vildi skjóta því undir álit hæstv. dómsmrh., sem hér er nú kominn í salinn, hvað honum sýnist í því efni. — Að öðru leyti legg ég til, að frv. verði samþ. með þeim litlu breyt., sem fram hafa verið bornar till. um.

**Dómsmrh. (Einar Arnórsson):** Herra forseti. Ég þakka hv. allshn. fyrir meðferð hennar á þessu frv. Og eins og í nál. segir, þá eru brtt. gerðar á frv. í samráði við mig og með mínu samþykki að öllu leyti.

Viðvíkjandi breyt. á fyrirsögn frv. skal ég segja, að ég hef ekkert á móti henni. Eins og ég sagði, þá eru lögin þarna innifalin í, og Alþ. hefur þarna stjórnarvald. En hvort menn vilja hafa fyrirsögnina eins og hún er eða breyta henni á þá leið, sem tekið hefur verið fram, stendur mér alveg á sama um.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 178,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 178,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
4.—8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 36. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 194, 204).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 204. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég gat um það við 2. umr., að verið gæti, að ég bæri fram brtt. þá, sem hér er um að ræða. Hæstv. dómsmrh. tjáði sig þá ekki vera á móti henni. Enda er eftir atvikum óviðfelldið að telja lög með stjórnvaldaerindum. Ég held, að það sé ekki samkvæmt almennu máli, svo að þessi breyt. sýnist vera sjálfsögð.

ATKVGR.
Brtt. 204 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd. með fyrirsögninni: **Frv. til l. um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.**

---

Á 35. fundi í Nd., 21. okt., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 212).

Á 36. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Dómsmrh. (Einar Arnórsson):** Þetta mál er fram komið í Ed. og farið þar með það að réttum hætti, og með því að fundartími er að verða liðinn, þá skal ég aðeins leggja til, að málinu verði vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 212, n. 270).

**Frsm. (Garðar Þorsteinsson):** Þetta frv. var lagt fram í hv. Ed. og rækilega athugað í n. þar, og var leitað álits hæstv. dómsmrh.

Allshn. þessarar d. fékk það svo til athugunar, og mælir hún með, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 41. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 329).

—o—

## 6. Fjáraukalög 1940.

Á 9. fundi í Sþ., 1. sept., var útbýtt:
**Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1940** (stjfrv., A. 21).

Á 10. fundi í Sþ., 3. sept., var frv. tekið til 1. umr.

**Forsrh. (Björn Þórðarson):** Herra forseti. Ég bjóst ekki við að taka til máls um þetta mál í þetta skipti, en hæstv. fjmrh. hefur af einhverjum ástæðum ekki getað sótt fund nú, og þess vegna stend ég upp.

Ég býst við, að um frv., eins og það liggur fyrir, sé fátt að segja, en í ástæðum fyrir því er vísað til ríkisreikninganna frá 1940 með aths. yfirskoðunarmanna og svörum við þeim, og get ég ekki annað á þessu stigi málsins en vísað til þess og óskað þess, að frv. verði veitt sú afgr., sem venjuleg er, að það fari til fjvn. til athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 30 shlj. atkv.

---

Á 25. fundi í Sþ., 2. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 298, 299).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Fjvn. hefur haft þetta frv. til athugunar og orðið þess vör, að í því eru nokkrar skekkjur, eins og það liggur fyrir á þskj. 21, og hefur hún því flutt brtt. á þskj. 299 til lagfæringar á þeim.

Ég skal geta þess í sambandi við 5. brtt. um framlög til þjóðvega, að þessar umframgreiðslur höfðu ekki verið settar í frv., og geri ég ráð fyrir, að það hafi stafað af því, að þessi útgjaldaliður er eitthvað lægri í ríkisreikningnum en í fjárl., og býst ég því við, að ríkisstjórninni hafi ekki þótt ástæða til þess að leita heimilda fyrir þessum aukagreiðslum. En það hefur verið venja að leita samþykktar á öllum umframgreiðslum til einstakra vega, þótt heildarupphæðin hafi ekki farið fram úr heimild fjárl., og þótti fjvn. því rétt að taka þetta upp í fjáraukal. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar, en legg til, að frv. verði vísað til 3. umr. með þeim breyt., sem fjvn. leggur til á þskj. 299.

ATKVGR.
Brtt. 299, 1. a—c samþ. með 28 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 299, 2. a—c samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 299, 3 samþ. með 28 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 299, 4. a—c samþ. með 31 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 299, 5. a—c samþ. með 28 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 299, 6. a—b samþ. með 30 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 299, 7. a—b samþ. með 31 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

---

Á 28. fundi í Sþ., 9. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 333).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 369).

—o—

## 7. Ríkisreikningurinn 1940.

Á 10. fundi í Sþ., 3. sept., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1940** (stjfrv. A. 24).

Á 7. fundi í Nd., 6. sept., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Með frv. þessu á þskj. 24 er leitað samþ. á ríkisreikningnum fyrir 1940. Hefur hann legið frammi, og hafa því hv. þm. haft tækifæri til að kynna sér hann. Ég tel ekki þarft að mæla frekar með þessu frv., en geri ráð fyrir, að því verði vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

---

Á 38. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 24, n. 216).

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Frsm. fjhn., hv. þm. V.-Ísf., er ekki við og hefur beðið mig að segja nokkur orð fyrir hönd n. Fjhn. hefur yfirfarið reikninginn og aths. yfirskoðunarmanna og leggur til, að hann verði samþ. án þess að Alþ. geri sérstakar till. út af aths. En að því er vikið af hálfu n. í sambandi við eina aths., nefnilega, hvað ríkisreikningurinn er seint tilbúinn, að hún telur mikla þörf á að fá breyt. á því, enda má það vera öllum ljóst, þar sem það er reikningurinn fyrir 1940, sem verið er að samþ. nú. Þetta atriði kemur til athugunar hér í d. í sambandi við annað stjfrv., um breyt. á fjárhagsári ríkisins.

Fyrir hönd n. þarf ég ekki að segja fleira, en fyrir mína eigin hönd sem yfirskoðunarmaður vil ég segja nokkur orð til skýringar á því, að ég get fallizt á að afgreiða málið án till. frá Alþ.

Vegna þess, hvað reikningurinn er gamall og ýmsar aths. af okkar hálfu halda áfram í næsta reikningi á eftir, er ekki bein þörf á, að Alþ. geri sérstakar ráðstafanir nú.

Um aðra aths. vil ég segja það, að hjá innheimtumönnum er innheimta ekki í svo góðu

lagi sem skyldi, en þetta er að færast í betra horf, og er ekki ástæða til að gera sérstakar ráðstafanir út af því nú.

Varðandi húseignir ríkisins þá hefur yfirskoðunarmönnum þótt undarlegt, að rekstrarhalli hefur verið á þeim undanfarið, og er það atriði, sem er til athugunar.

Um 10. aths., þ. e. skólabúið á Hvanneyri, að það skuli aldrei hafa skilað reikningum, sem hægt sé að samþ. óbreytta, vil ég segja það, að fjmrn. hefur ákveðið að láta fara fram rannsókn á því atriði.

8. aths. fjallar um það, að ekki eru komnir reikningar frá yfirfasteignamatinu. En þeir eru væntanlegir fljótlega, enda er það óviðunandi, að stofnun, sem hefur svo mikið fé með höndum, skili ekki af sér á réttum tíma.

11. aths. er um mæðiveikivarnirnar. Svo að árum skiptir hafa okkur ekki þótt reikningar frá þeirri stofnun vera í æskilegu lagi og svör þaðan ófullnægjandi, og hefur því verið vísað til aðgerða Alþ., en núverandi framkvæmdarstjóri hefur afsakað sig með misfellum í tíð fyrirrennara síns.

Varðandi aðrar aths. hér, sem ég geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi kynnt sér, skal ég taka það fram, að þau atriði eru þannig vaxin, að þau eru til athugunar framvegis og verða tekin til athugunar við endurskoðun næsta reiknings. Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða, nema tilefni verði gefið til, en fjhn. mælir með, að reikningurinn verði samþ., því að reikningslega er ekkert við hann að athuga.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Herra forseti. Ég hefði búizt við, að fjhn. hefði gert víðtækari till. en fram kemur í nál. Að vísu eru ekki nema tvær till., sem yfirskoðunarmenn leggja til, að séu til aðgerða Alþ. Hv. frsm. drap lauslega á aðra aths., en hin er sú 7., sem við 2 nm. lögðum til, að vísað væri til aðgerða Alþ. Ég hafði búizt við, að fjhn. hefði eitthvað gert frekara en fram kemur í nál., en 7. aths. er um hin margumtöluðu skotvopn lögreglunnar, og hefur því máli oft verið hreyft hér, m. a. á þessu þ., í umr. um annað mál. Við töldum rétt að gera okkar aths. um kaup á skotvopnum fyrir upphæð, sem nam rúmum 19 þús. kr. Ríkisstj. svaraði þessu með því að vísa til bréfs, sem lá fyrir endurskoðendum, en okkur tveim nm. fannst það ákaflega ófullkomið svar. Efni bréfsins er það, að hér sé ekki um að ræða annað eða meira en áður hafi tíðkazt, og er undirritað af lögreglustjóra. Það, sem fyrir okkur vakir, er, eins og sjá má í till. okkar, og ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa hér upp:

„Svarið upplýsir ekki til fulls það, sem aths. fjallar um, enda óljós lagaákvæði um það, hvernig lögreglan eigi að vera útbúin, og er málinu því vísað til aðgerða Alþ. Einn yfirskoðunarmanna (JörB) telur svarið ekki fullnægjandi, en telur, að eftir atvikum megi við svo búið standa."

Aðalástæðan fyrir því, að hv. þm. A.-Húnv. og ég höfum gert þessa aths., er spurningin um það, hvaða heimild ríkisstj. eða í þessu tilfelli dómsmrh. hefur haft til þess að verja fé í þessu skyni. Ég skal játa það, að við erum ekki löglærðir menn, en höfum reynt að spyrjast fyrir um, með hvaða heimild dómsmrh. gæti leyft sér upp á eigin spýtur að fyrirskipa, í þessu tilfelli lögreglustjóranum í Reykjavík, að gera kaup á vopnum. Ég vil því, áður en ég rek málið nánar, beina því til ríkisstj., að hún upplýsi, ef henni þykir svo við eiga, við 3. umr. málsins, hvar þá lagaheimild sé að finna, sem ráðh., er með dómsmál fer á hverjum tíma, geti stuðzt við til að gera slíkt upp á eindæmi. Nú skal ég taka fram, að á reikningum annarra bæja hefur hvergi komið í ljós, að lögreglustjórar hafi leyft sér að afla slíkra tækja, eins og lögreglustj. í Reykjav. virðist hafa gert. Ég skal geta þess nú þegar, að við höfum ekki séð þessi vopn og vitum því ekki með vissu, hvernig þau eru, en almannarómur segir, að hér sé um nýtízku vopn að ræða og jafnvel hríðskotabyssur. Nú get ég ekki látið hjá líða að minnast á þá nýjustu löggjöf um þetta efni, sem er frá 1939, um lögreglumenn, og er þá sérstaklega átt við lögreglumenn í Reykjavík. Eins og kunnugt er, átti ég þá sæti á Alþ. og fjallaði nokkuð um meðferð þessa máls á sínum tíma. Frv. um breyt. á l., en l. voru frá 1933, var borið fram af þáverandi dómsmrh. og fjallar um nokkuð annað en það, sem hér um ræðir. Í allshn., sem hafði málið til meðferðar og ég átti sæti í, kom það í raun og veru ekki til umr., að lögreglan skyldi vopnum búin. Ég minnist þess ekki, hvorki í ræðu frsm. fyrir málinu, að slík hugsun lægi á bak við það, og alls ekki var minnzt á það af hálfu ráðh. né annarra þeirra, er til máls tóku í d. Í Ed. datt heldur engum í hug, að í orðalaginu gæti falizt, að um fullkomna vopnun lögregluṇnar væri að ræða.

Reyndar er kunnugt, að heimild er að finna í l. frá þeim tíma um lögreglumenn, sem er á þessa lund, með leyfi forseta:

„Ráðh. er heimilt að efna til námskeiðs í Reykjavík fyrir lögreglumenn. Hann ákveður og, hver skuli vera einkenni og útbúnaður lögreglumanna."

Ég hygg, að það hafi ekki verið með vilja né vitund þm. þá, að í þessu ætti að felast vopnabúnaður, en reynslan hefur orðið önnur. Mér er ekki kunnugt um, hve stórri upphæð hefur verið varið í þessu skyni fyrir árið 1940, að minnsta kosti er ekki hægt að sjá það á landsreikningunum, en á því ári var farið að vopna lögregluna. Það, sem því fyrir okkur yfirskoðunarmönnum vakir, er að komast að raun um, hvaða heimild ráðherra hefur til þess að gera slíkt. Er sú heimild til í lögum? Við lítum svo á, að ef grípa eigi til slíkra athafna, verði Alþ. að gera sérstök l. um þessi efni, sem heimili ráðh., sem með völd fer á hverjum tíma, að afla þeirra vopna, er nauðsyn krefur. Þess vegna höfum við borið fram þessa fyrirspurn, því að við álítum, að Alþ. viti, hvað rétt er að gera í þessum efnum.

Eins og kunnugt er, hefur sá orðrómur gengið manna á meðal, að meiri innkaup hafi verið gerð árið 1941 í þessu skyni. Það liggur ekki fyrir, hve miklu hefur verið varið þetta ár í

þessu skyni, og virðist hafa verið gætt meiri varfærni í að láta það ekki koma fram en fyrir árið 1940. Ég hygg, að hér sé um mál að ræða, sem kann að hafa dýpri verkanir en margur hyggur. Ég er sjálfur þeirrar skoðunar, að það sé ekki tilefni til þess að hafa hér á landi vopnum búið lið, þar sem við höfum lýst yfir ævarandi hlutleysi. Ég álít enga nauðsyn á því að hafa hér vopnum búið lið gegn íslenzkum ríkisborgurum. Lögreglan í Reykjavík er svo mannsterk, að þegar hún er kölluð til þess að skakka leikinn, er vanalega um ölvun að ræða, og er í þeim tilfellum engin nauðsyn á að beita vopnum.

En hjá mér er nokkur uggur um það, að ef þetta fær að halda áfram óátalið, þá er það að mínu áliti hættulegt að gefa einum ráðh. vald til þess að fyrirskipa lögreglu með alvæpni að ganga til verks, þegar honum þykir henta. Og það er af þeirri ástæðu, sem ég hreyfi þessu máli, að ég álít, að Alþ. eigi að taka á þessu máli með festu og gera sér ljóst, að verið er að vopna lögregluna. Um þetta á ekki að vera neitt pukur, heldur á þjóðin að gera það upp við sjálfa sig, hvort hún vill leyfa þetta eða ekki. Ef til vill gefst tækifæri til, ef svar fæst af hálfu hinna opinberu manna í stjórninni, sem lögfróðir eru, að rökræða um hvort nokkur heimild sé til í l. um þetta og hvernig með slík mál eigi að fara.

Ég hef nú lýst skoðun okkar tveggja, sem höfum haft með höndum yfirskoðun landsreikningsins, og okkur fannst þetta vera atriði, sem full ástæða væri til að athuga, hvort ætti að láta viðgangast. Ég vænti því þess, að Alþ. geri sér ljóst af þessum aths. okkar, hvort þetta eigi að leyfa með lögum eða taka af með öllu.

**Jakob Möller:** Það er alveg rétt hjá hv. 4. þm. Reykv., að það væri ekkert eðlilegra en að um það væru ákvæði í l., hvernig lögreglan skuli útbúin. Hins vegar tel ég ekki vafa á því, að til þess að fara með þau mál eins og gert hefur verið, sé til heimild fyrir. Þm. vísaði til þess, að löggjöfin um þetta væri óljós, og las síðan upp úr l. um lögreglumenn, sem kveða á um, að lagt sé í vald dómsmrh., hvernig lögreglan skuli útbúin. Alþ. verður að gera sér grein fyrir, að með þessu eru dómsmrh. falin öll ráð yfir því, hvernig lögreglan skuli útbúin, en ef Alþ. finnst aftur á móti, að þessu hafi verið ráðið á annan veg en rétt sé, þá er ekki nema sjálfsagt að gera aðra skipun á þessum málum. Þess vegna finnst mér eðlilegt, að yfirskoðunarmenn landsreikningsins hafi gert um þetta aths. og vísað málinu til aðgerða Alþ. Alþ. ræður svo, hvað það gerir í þessum efnum, en á þessu stigi er ekki ástæða til að rökræða þetta atriði, því að hér er um að ræða afgreiðslu ríkisreikningsins frá árinu 1940, hvort samþykkja á hann eða ekki. Fjhn. hefur fallizt á, að ekkert sé athugavert við hann og að ekki sé ástæða til annars en samþ. hann. Ef menn svo vilja taka upp umræður út af útbúnaði lögreglunnar, á það ekki að vera í sambandi við landsreikninginn, heldur á að koma fram með sérstakar till. í lagaformi. Ég lít svo á, að fjhn. eigi ekki að taka þetta mál upp. Fjhn. á að fjalla um fjármál og í þessu sambandi um athugun á landsreikningnum, þannig að greiðslur úr ríkissjóði séu forsvaranlegar, og í þessu tilfelli hefur hún komizt að þeirri niðurstöðu, að svo er. Þess vegna finnst mér það ekki vera hlutverk fjhn. að gera till. um þetta. Í allshn. eiga hlutaðeigendur fulltrúa, sem geta tekið mál þeirra upp, og finnst mér ekki ástæða til, að yfirskoðunarmenn landsreikningsins hafi frumkvæðið að þessu. Þeir hafa lokið sinni skyldu.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Ræða hv. 3. þm. Reykv. (JakM) gefur ekki tilefni til mikilla andsvara, en ég er honum þó ekki sammála um það, að fjhn. geti ekki skotið vissum málum eða í þessu tilfelli aths. um landsreikninginn til aðgerða Alþ. og að hún geti ekki átt frumkvæðið að því að taka meðferð mála upp. Það, sem fyrir okkur vakir, sem aths. gerðum, er í rauninni þetta: Er heimild í l. til þess að veita fé í þessu skyni? Ég reyndi að leiða rök að því, að í l. um lögreglumenn frá 1939 er ekki hægt að skilja, að lögreglan hér í Reykjavík skuli vera vopnuð. Þess vegna hlýtur hér að vera um greiðslur að ræða, sem engin heimild er fyrir í l. Mér finnst því, að fjhn. eigi að taka upp þetta mál, ræða það hér á Alþ., og síðan má beina því til réttra hlutaðeigenda. Fjhn. veit, að þessum 19 þús. hefur verið varið án heimildar, og getur hún því hreyft þessu máli með fullum rétti. Ég er hv. 3. þm. Reykv. sammála um, að gera eigi breyt. á l., sem feli í sér heimild, annaðhvort jákvæð eða neikvæð ákvæði um það, hvort veita skuli fé til vopnakaupa fyrir lögregluna og að hvaða n., sem hefur áhuga á, að einhver skipan komist á þessi mál, taki þetta að sér.

**Jakob Möller:** Hv. 4. þm. Reykv. hefur ekki tekið eftir, að ég sló því föstu, að þessar greiðslur úr ríkissjóði væru greiddar samkvæmt heimild í l. um lögreglumenn, þar sem ríkisstj. er falið að sjá um útbúnað lögreglunnar. Þm. las þetta sjálfur upp, og hann veit, að það er ýmis kostnaður, sem greiddur er úr ríkissjóði, sem sérstök fjárlagaheimild er ekki fyrir, og ýmiss konar greiðslur í sambandi við starfrækslu ríkisins, sem sjálfsagt er að greiða, án þess að séu jafnvel eins skýr ákvæði um þær og eru um útbúnað lögreglunnar. Alþ. getur því engu um kennt nema sjálfu sér, ef það er óánægt með, hvernig þessu er háttað, og það er því á valdi þess að gera þessi ákvæði augljósari, og er síður en svo, að ég sé á móti því.

**Áki Jakobsson:** Herra forseti. Ég hef undirskrifað nál. fjhn. um frv. til l. um ríkisreikninginn með fyrirvara, og það er einmitt með tilliti til 7. liðar í aths. endurskoðenda við landsreikninginn, sem hv. dm. hafa rætt sérstaklega um. Liður þessi fjallar um kostnað við lögregluna í Reykjavík, kr. 19.058,77 fyrir skotvopn og skotfæri. Endurskoðendur spyrja: Hvers vegna voru þessi skotvopn keypt? Svar-

ið, sem þeir fá við þessu, er mjög ófullkomið, sérstaklega frá lögreglustjóranum í Reykjavík, en hann reyndi að smeygja fram hjá sér spurningu endurskoðenda og forðaðist að gefa nema sem minnstar upplýsingar. Yfirskoðunarmenn vildu ekki gera sér að góðu hin loðnu svör lögreglustjóra og vísuðu því málinu til aðgerða Alþ. Mér finnst þetta réttmætt og að Alþ. geti ekki gengið fram hjá þessu máli og verði að taka afstöðu til þess. Alþ. verður að láta skoðun sína uppi um það, hvort það sé ósk þess, að hér sé komið upp liði, sem hafi yfir að ráða alls konar nýtízku vopnum og sé æft í hvers konar meðferð þessara vopna. Það hefur líka verið upplýst af reikningum fyrir árið 1941, að um 60 þús. kr. hefur verið varið til vopnakaupa fyrir lið þetta og að stærsta vopnasendingin, sem inn var flutt, var gerð upptæk af hernaðaryfirvöldunum hér, vegna þess að þeim fannst þetta of stórfelld vopnakaup hjá þjóð, sem hefur lýst yfir, að hún væri vopnlaus og herlaus. Þeim kom mjög á óvart, að stjórnaryfirvöldin teldu sig hafa þörf á að verja sig fyrir þegnunum. Ég hef ekki ætlað mér að ræða málið ýtarlega nú, vegna þess að tilefni gefst til að ræða um mál þetta aftur. Um þetta hefur verið rætt í fjhn., og veit ég ekki, hvort samkomulag muni nást í henni um að flytja sérstaka till. um þetta mál. En þessi till. mun koma fram, hvort sem það verða fleiri eða færri úr n., sem bera hana fram, og mun þá gefast tækifæri til að ræða þetta nánar.

Þar sem ég er á annað borð staðinn upp, vil ég minnast á deilumálið milli hv. 3. þm. Reykv. (JakM) og hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ), sem er um það, hvort ríkisstj. hafi haft heimild til þessara vopnakaupa. Það er alveg rétt, að ákvæðin eru svo almenns eðlis, að það er hugsanlegt, að það megi teygja þau svo langt, að þau nái jafnvel til kaupa á vélbyssum og vopnum. Þegar þessi l. voru til umr., aðvaraði Sósfl. við að gefa svo almenna heimild viðvíkjandi útbúnaði lögreglunnar. En nú er svo komið, að ég tel nauðsyn á að flytja breyt. á l., þar sem sett séu skýr ákvæði varðandi útbúnað lögreglunnar í Reykjavík og þar sem tekinn verði af allur vafi um það, að hægt verði að skapa hér ríkisher, ef einhverjum dómsmrh. býður svo við að horfa, eins og nú hefur átt sér stað.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 42. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar (A. 24).

Á 43. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 45. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 24, n. 336).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Það er lítið um þetta mál að segja. Fjhn. hefur athugað frv. og falið undirnefnd að bera það saman við niðurstöðutölur landsreiknings, og ber frv. saman við hann. Það hefur því orðið að samkomulagi í n. að mæla með, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 47. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 48. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 412).

—o—

## 8. Byggingarsamþykktir.

Á 30. fundi í Ed., 7. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 20. okt. 1905, um byggingarsamþykktir** (stjfrv., A. 149).

Á 32. fundi í Ed., 11. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Forsrh. (Björn Þórðarson):** Herra forseti. Þetta er lítið frv., en þó er líklega nauðsynlegt að setja lög um þetta efni.

Það vill svo til, að í l. nr. 19 20. okt. 1905 er aðeins átt við löggilta verzlunarstaði. Þá þekktust þeir ekki hér á landi nema við sjó. Hins vegar hafa á síðari árum risið upp þorp inni í landi. Tiltölulega stór þorp eru risin upp í Hveragerði og á Selfossi og vaxandi þorp í Rangárvallasýslu og tilvonandi þorp á Fljótsdalshéraði. Virðist svo sem það þurfi að setja lög um byggingarsamþykktir fyrir þessi þorp engu síður en þorp, sem eru við sjóinn.

Hins vegar hafa lög þessi bætt nokkuð úr með því að setja reglur um, hvernig byggingum skuli fyrir komið og hvernig umhverfið skuli vera. En það er tvímælalaus nauðsyn að láta lögin ná til annarra þorpa en þeirra, sem við sjávarsíðuna eru, og verzlunarstaða. Þess vegna má telja heppilegt að rýmka lög þessi svo, að þau nái og til þorpa þeirra, sem eru og kunna að myndast annars staðar en gert er ráð fyrir í þeirri mynd, sem l. nú hafa.

Vil ég mælast til þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 38. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Ed., 25. okt., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 149, n. 214).

**Frsm. (Hermann Jónasson):** Herra forseti. Allshn. hefur rannsakað þetta mál og er alveg sammála um að leggja til, að það verði samþ. Breyt., sem gerðar eru frá núgildandi l., eru þær, að samkv. 1. gr. þessa frv. má setja byggingarsamþykkt fyrir löggilta verzlunarstaði hér á landi, eins og nú er í l., og svo til viðbótar, að byggingarsamþykkt megi einnig setja fyrir aðra staði, sem skipulagsskyldir eru samkvæmt l. um skipulag kauptúna og sjávarþorpa. Og samkv. 2. gr. þessa frv. má ákveða í byggingarsamþykkt, að í löggiltum verzlunarstöðum hér á landi og öðrum þeim stöðum, sem um getur í 1. gr. þessara l., skuli stofnuð byggingarnefnd. Samkv. 6. gr. l. nr. 64 frá 1938 verður rýmkunin þannig, að heimilt er að setja skipulagsuppdrátt fyrir þorp eins og greint er í 6. gr., en hún segir: „Heimilt er stjórnarráðinu að ákveða, að ákvæði l. þessara skuli taka til kauptúns eða sjávarþorps, þótt íbúar þess séu færri en 200, svo og til orkuvers eða sveitarþorps, ef hreppsnefnd óskar þess eða skipulagsn. gerir till. um það og stjórnarráðinu þykir sérstök ástæða til. Eftirrit af uppdráttum bæja og skipulagsuppdráttum ásamt lýsingum, er þeim fylgja, skal geyma í Þjóðskjalasafninu." — Það verður þá samkvæmt þessu ákveðið, að fyrir þá staði, sem tilgreindir eru í 6. gr., má setja byggingarsamþykkt, og í þessum byggingarsamþykktum skal ákveðið, að á þessum stöðum skuli stofnuð byggingarn. — Mér þótti rétt að lesa upp þetta ákvæði, til þess að þm. geti áttað sig á því, hvaða breyt. er verið að gera með þessu frv., sem hér liggur fyrir, því of lítil grein er fyrir því gerð í grg., í hverju þessar breytingar eru fólgnar.
Ég legg svo til, að málinu verði vísað áfram til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 41. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 39. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 42. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 149, n. 426).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

**Forseti (JörB):** Allshn. mælir einróma með samþykkt þessa frv., og ætla ég, að ekki þurfi frekari framsögu fyrir því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 480).

—o—

## 9. Veitingaskattur.

Á 33. fundi í Ed., 22. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt** (stjfrv., A. 231).

Á 39. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Þegar lög um veitingaskatt voru sett árið 1933, var verðlagið þannig, að hægt var að kaupa máltíð fyrir kr. 1.25, og var ákveðið, að máltíðir seldar því verði skyldu undanþegnar skatti. Þar er tekið fram, að veitingaskattur sé í eðli sínu skattur á eyðslu manna, og þótti því rétt að undanþiggja fæðissölu á þessu verði.
Þar eð nú fæst ekki nein máltíð fyrir svo lágt verð, að hún sé undanþegin skatti, þótti rétt að setja þau ákvæði, sem farið er fram á í frv. þessu, til þess að samræma anda laganna, að ódýrustu máltíðir skuli vera skattfrjálsar. Leyfi ég mér að vænta þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 41. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 231, n. 254).

**Pétur Magnússon:** Af því að hv. 1. þm. Eyf., sem átti að hafa framsögu í þessu máli fyrir hönd fjhn., er fjarverandi vegna lasleika, skal ég leyfa mér að segja örfá orð um þetta frv.

Í 2. gr. l. um veitingaskatt frá 1933 eru ákvæði þess efnis, að veitingasalar, sem selja fæði, mjólk og skyr, megi ekki selja fulla máltíð hærra verði en kr. 1.25. Það er tekið fram í þessari gr., að tilgangurinn með henni sé sá, að ódýrt fæði skuli ekki vera skattskylt samkvæmt l. um veitingaskatt, og þetta sýnist vera eðlilegt, enda er ekki tilgangurinn með þeirri löggjöf sá að leggja skatt á beinar neyzluvörur manna.

Eins og kunnugt er, hefur verðlag breytzt svo mjög, síðan þessi l. voru sett, að þetta ákvæði í 2. gr. er orðið ófullnægjandi. Það getur enginn veitingasali nú selt viðunanlega máltíð fyrir kr. 1.25, og lagaákvæðið hefur þannig misst marks vegna þeirrar breyt., sem hefur orðið á verðlagi í landinu. Þetta hefur orðið til þess, að ríkisstj. hefur borið fram þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Í 1. gr. þessa frv. er mælt svo fyrir, að ef almennt verðlag á fæði breytist frá því, sem var við gildistöku þessara l., þá geti fjmrh. ákveðið það hærra en kr. 1.25 fyrir hvera máltíð. — Þessu frv. hefur verið vísað til fjhn. þessarar hv. d., sem hefur tekið málið til athugunar, og mælir hún einróma með því, að frv. nái fram að ganga. — Það er vitanlega við það miðað, að ríkisstj. noti þessa heimild, þannig að ódýrt fæði verði áfram, eins og upphaflega var til ætlazt, undanþegið veitingaskatti.

Ég hef svo ekki meira um þetta mál að segja, en vil fyrir hönd fjhn. leyfa mér að óska þess, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 42. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 40. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 41. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

---

Á 50. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 231, n. 444).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Forseti (EmJ):** Frsm. er ekki viðstaddur, en ég get sagt það fyrir hönd n., að hún leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 484).

—o—

## 10. Tollskrá o. fl.

Á 27. fundi í Nd., 5. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.** (stjfrv., A. 125).

Á 28. fundi í Nd., 7. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Eins og kunnugt er, hefur verið gerður viðskiptasamningur við Bandaríkin, og er þar meðal annars ákveðið, að tollur af tveim teg. nýrra ávaxta skuli lækka úr 30% í 10% og tveim teg. þurrkaðra ávaxta skuli lækka úr 50% í 25%. Úr því að tollur á þessum teg. ávaxta hefur lækkað, virðist eðlilegt, að aðrar tegundir ávaxta komi í sama tollflokk. Hversu mikið ríkissjóður hefur tapað við þetta, er ekki unnt að segja með nokkurri vissu, en ég hef gert lauslegt yfirlit yfir verzlun síðustu fimm ára, en innflutningur þessara ára er svo misjafn að krónutali, að í rauninni er vart hægt að leggja það til grundvallar fyrir framtíðina. En eftir þessum gögnum hef ég ákveðið upphæðina kr. 203.000 — tvö hundruð og þrjú þúsund krónur —. Innflutningurinn á ávöxtum skiptist þannig niður á þessi fimm ár, 1938—1942, að meðaltalið verður sem hér segir: Nýir ávextir 423605, þurrkaðir ávextir 418998, hnetur 73005. Tollurinn af þessum vörum samtals nú 358481, meðaltal fimm síðustu ára samtals 154700, mismunur 203781.

Þessi mikli munur á fjárhæðum byggist ekki á vörumagni, heldur á hækkuðum flutningsgjöldum frá því 1939. Ég tel því, að þessi mismunur gefi ekki rétta hugmynd um tapið. Væri öllu réttara að taka meðaltal síðustu tíu ára. Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 39. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 125, n. 217 og 228).

**Frsm. meiri hl. (Jakob Möller):** Fjhn. hefur ekki orðið alls kostar sammála um afgr. málsins. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en einn nm. vill ganga lengra í lækkun tolla á þessari vöruteg.

Það er upplýst, að samkvæmt frv. hefði verðtollur af innfluttum ávöxtum orðið árin 1938—'42 um 200 þús. kr. minni, ef þessi breyt. hefði þá verið í gildi öll árin. Þessi ár var tollurinn 358 þús. kr., en hefði orðið 155 þús. kr., ef þessi breyting hefði gilt fyrir þessi ár. Ágreiningurinn um meðferðina á frv. er í sjálfu sér tiltölulega smávægilegur. Meiri hl. sá hins vegar ekki ástæðu til að svo stöddu að ganga lengra í tollalækkun á þessari vöruteg. und, með því að fjöldi neyzluvara er samkvæmt tollskrárl. tollaður þannig, að sá tollur, sem eftir yrði af þessari vöruteg. samkv. frv., ætti að vera a. m. k. ekki síður forsvaranlegur en þeir tollar, sem samkv. tollskárl. hvíla á ýmsum öðrum nauðsynjavörum.

En þó að ég hafi gefið þessar upplýsingar um tolla af þessari vöruteg. á þessu árabili, 1938—1942, þá er það að vísu ekki mikið. Það hefur verið mjög lítið leyft að flytja inn í landið á þessu tímabili af ávöxtum, en þó nokkuð meira af þeim árin 1941—1942 en áður á þessu tímabili og verðtollur þá orðið hærri en fyrr á þessu tímabili. En af reynslunni virðist mega gera ráð fyrir því, að ef stjórnarvöldunum þykir nauðsyn til bera að hefta innflutning á erlendum vörum, þá muni þessi vöruteg. mjög verða fyrir barðinu á slíkri ráðstöfun, og er þá ekki á því að byggja, þótt tollupphæðin sé nokkuð há þessi ár.

**Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson):** Ég gat ekki farið sömu leið og meiri hl. n. Þarna er þó um hreinustu smámuni að ræða, bæði lítið vörumagn og tiltölulega lága tolla miðað við aðrar nauðsynjavörur. Þess vegna hefðu allir nm. átt að geta orðið sammála um að fella tolla alveg niður af þessum vörum, sem eru mjög nauðsynlegar landsmönnum og þyrftu að fást við vægu verði. Ég flyt ekki till. um aðrar óskyldar breyt. á tollskránni, því að ekki er vert að blanda þeim við þetta mál, en margar nauðsynjar eru óforsvaranlega hátt tollaðar.

Lækkanir tolla á ávöxtum, sem um ræðir, voru tilskildar í samningum Íslands og Bandaríkjanna, og eflaust yrði vel þegið í Bandaríkjunum, að meiri ívilnun yrði gerð og tollarnir afnumdir hreint og beint. Þegar það fer saman við óskir íslenzkra neytenda, virðist mér Alþingi ætti að taka tillit til þess.

ATKVGR.
Brtt. 217 felld með 12:7 atkv.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 42. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 44. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 125, n. 421).

**Frsm. (Magnús Jónsson):** Eins og um getur í aths. við þetta frv., er það afleiðing af verzlunarsamningum, sem gerðir hafa verið við Bandaríkin, en í þessum verzlunarsamningum var samið um ýmsar gagnkvæmar ívilnanir, sem áttu að greiða fyrir innflutningi vara frá Íslandi til Bandaríkjanna og frá Bandaríkjunum til Íslands. Ég skal ekki fara út í það frekar, en þær ívilnanir, sem Ísland fékk við þessa samninga, voru svo verulegar, að af Íslands hálfu var fallizt á að lækka tolla af sumum vörum, sem fluttar væru inn frá Bandaríkjunum. Þarna var um að ræða ný epli og nýjar perur, rúsínur og sveskjur, þ. e. a. s. lækka verðtoll á nýjum ávöxtum í ⅓, en af þurrkuðum ávöxtum um helming.

Ríkisstj. þótti henta, úr því sem komið var, að lækka tolla á þessum liðum og gera þá ekki greinarmun á ávöxtunum, heldur taka viðkomandi kafla alveg undir þetta sama, og það er augljóst, að það er óheppilegt að taka ákveðnar tegundir ávaxta út úr, það mundi gera það að verkum, að þeir ávextir mundu eingöngu verða fluttir inn, sem hefðu lægri toll. Eins og nú er, þá er sama tollskráin yfir allar þessar vörur, en hér er gert ráð fyrir að lækka toll á þurrkuðum ávöxtum um helming, eins og það hlýtur að verða í framtíðinni, og um það er svo frv. ríkisstj., sem sé að lækka verðtollinn úr 30% niður í 10% af nýjum ávöxtum, en úr 50% niður í 25% af þurrkuðum ávöxtum. Það er þessi breyt., sem gerð er á móti ívilnunum frá Bandaríkjunum. Á hinn bóginn eru margir þeirrar skoðunar, að tollur á þessum vörum hafi verið mjög hár og það sé því neyðarúrræði, sem hér sé farið inn á. Þetta kemur í ljós í nál. og meðferð fjhn. Nd., því að þar klofnaði n. um málið, og vildi einn nm. ganga lengra í þessu efni og fella alveg niður toll af þessum ávöxtum. Í fjhn. þessarar d. var einnig svipaður ágreiningur, þó að n. klofnaði ekki, því að einn nm. hefur skrifað undir nál. með fyrirvara, og gerir hann sjálfsagt grein fyrir honum. En ég hygg, að ágreiningurinn hafi einmitt verið í þessa sömu átt og kom fram í Nd. Ég hef svo ekki fleira um þetta mál að segja fyrir hönd meiri hl. en að mæla með því, að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

**Brynjólfur Bjarnason:** Hv. frsm. minntist á það, að ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara. Það er eins og hann sagði, að ég er

samþ. þessu frv. svo langt sem það nær, en ég tel rétt, að þessir tollar séu afnumdir með öllu. Ég tel, að þarna sé um að ræða vöru, sem sé nauðsynjavara, og kannske ein af allra mestu nauðsynjavörum, sem við flytjum inn, og ég tel, að þær eigi að vera tollfrjálsar. Hins vegar hefur verið flutt um þetta till. í Nd., og það var sýnt við atkvgr. þar, að sú till. hafði ekki þingfylgi, og veit ég því ekki, hvort ég freista þess að bera aftur fram þá till. í þessari hv. d., en ég mun greiða frv. atkv. við þessa umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 53. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 485).

—o—

## 11. Eftirlaunagreiðslur ríkis og ríkisstofnana.

Á 10. fundi í Sþ., 3. sept., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina og ríkisstofnanir að greiða eftirlaun, er sérstaklega stendur á um** (stjfrv., A. 32).

Á 11. fundi í Nd., 7. sept., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Einar Arnórsson):** Herra forseti. Háttv. þingdeild. Fjármálaráðh., sem flytur þetta frv., er bundinn í Ed. vegna annars máls, svo að ég skal leyfa mér að mæla nokkur orð með þessu frv.

Í 23. gr. fjárl. hafa á síðustu árum verið teknar upp heimildir til þess að greiða eftirlaun eða styrktarfé. Fjármálaráðherra telur eðlilegt að taka þessar heimildir úr fjárl. og festa þær í eitt skipti fyrir öll í l. í stað þess, að þær hafa áður verið endurteknar frá ári til árs. Önnur breyt. skilst mér ekki vera frá núgildandi skipulagi í þessu frv. Mun ég ekki lengja mál mitt og vænti, að þetta frv. verði að lokinni þessari umr. sent til n., sem ætti þá líklega að vera fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 32, n. 237).

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Í 22. gr. fjárl. þessa árs er heimild til að greiða eftirlaun ekkjum manna, sem hafa starfað hjá bönkunum og Skipaútgerð ríkisins. Slík heimild hefur verið á fjárl. nokkur síðustu ár, en nú hefur hæstv. ríkisstj. lagt til með þessu frv., að sett verði sérstök l. um heimildir til að greiða þessi eftirlaun til þess að komast hjá því að taka þetta inn á fjárl. ár hvert.

Fjhn. hefur haft þetta til athugunar og mælir með því, að frv. verði samþ., en við athugun kom í ljós, að ekki er hægt að samþykkja það alveg óbreytt, eins og það kom fyrir, og hefur því n. lagt til, að því verði breytt að formi til, eins og lagt er til á þskj. 237. Um breyt. á efni er ekki að ræða.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég sé, að hv. fjhn. hefur lagt til, að þetta frv. verði samþ., og ég geri ráð fyrir, að svo muni verða, og stend ekki upp í þeirri von, að ég geti hindrað frv. En ég lýsi yfir því, að ég er algerlega á móti þessu frv. og álít það til stórra óþæginda að þurfa að samþ. sérstök l. í hvert skipti, sem þarf að veita starfsmanni eða ekkju eftirlaun við einhverja ríkisstofnun, því að það verður þyngra í vöfunum á þann hátt. Ég tel, að ríkisstofnanirnar séu svo nákomnar ríkissjóðnum, að ekkert sé athugavert við það, þótt þetta standi í fjárl. eins og eftirlaun ríkisins sjálfs, og mun því greiða atkv. á móti frv.

ATKVGR.
Brtt. 237,1 (ný 1. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 237,2 (2. gr. falli niður) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:2 atkv.

---

Á 41. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 308).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 44. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 308, n. 419).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Þetta frv. er komið frá Nd. og var borið þar fram af ríkisstj. Efni þess er það, að heimila ríkisstj. eða ríkisstofnunum að greiða nokkrum ekkjum og einum fyrrv. starfsmanni öðrum nokkur eftirlaun. Hér er ekki um nýja heimild að ræða, því að þessi heimild hefur verið á undanförnum árum á heimildagrein fjárl. og hefur verið samþ. þar ár frá ári. En ríkisstj. telur hentugra að fá þessa heimild setta inn í sérstök l., vegna þess að þetta kemur fjárl. í sjálfu sér ekkert við. Er svo til þess ætlazt, ef þurfa þykir, að síðar verði bætt við þessi lög nýjum liðum, eftir því sem ástæða þykir til á hverjum tíma.

Fólk það, sem hér um ræðir, eru þrjár ekkjur starfsmanna við Búnaðarbanka Íslands, tvær ekkjur starfsmanna við Skipaútgerð ríkisins og gamall starfsmaður, einnig við skipaútgerðina.

Fjhn. þessarar d. hefur athugað frv. og fellst á þær ástæður, sem færðar hafa verið fram því til stuðnings, og ræður hún til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 53. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 308, 460).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 460. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég á hér eina brtt. við þetta frv., sem ég vil aðeins skýra fyrir hv. dm. með fáeinum orðum, hvernig á henni stendur. Ég ætlaði að senda hana til hv. allshn., en varð of seinn. En þannig er með þessa ekkju, sem kemur undir d.-lið í seinni hluta frv., ef samþ. verður, að hún er ekkja féhirðis Áfengisverzlunar ríkisins. Hún hefur fengið greidd eftirlaun til bráðabirgða, en það þótti rétt að taka þau hér upp, en ekki í fjárlög. Því er till. þessi hér fram komin, að nafn þessarar konu hefur fallið niður af vangá.

En nú er svo mál með vexti, er ég fer að athuga þetta nánar, að aftan við d.-lið vantar, að ekkja þessi fái greidda sömu uppbót á eftirlaun sín og ríkissjóður greiðir á sams konar greiðslur á hverjum tíma. Ég mun því leyfa mér að bera fram skriflega brtt. þessa efnis nú í þessari hv. d.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira. Það hefur verið reynt að ákveða eftirlaunin svo sanngjörn sem hægt er, og vil ég leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þá skrifl. brtt., er ég hef nú lýst hér.

**Forseti (StgrA):** Mér hefur borizt hér skrifl. brtt. frá hv. þm. Dal., og þarf að veita fyrir henni tvöföld afbrigði, þar sem hún er bæði skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 487) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 487 samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 460, svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** ÞÞ, BrB, GJ, GÍG, KA, LJóh, MJ, PHerm, StgrA.
BSt, HermJ greiddu ekki atkv.
6 þm. (PM, BBen, EE, HG, IngP, JJ) fjarstaddir.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 52. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 488).

Á 53. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 514).

——o——

## 12. Reikningaskrifstofa sjávarútvegsins.

Á 38. fundi í Nd., 26. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins** (stjfrv. A. 256).

Á 40. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fram, er samið af mþn. í sjávarútvegsmálum, en borið fram af stj. og er ætlað að bæta úr verulegri vöntun á upplýsingum um annan aðalatvinnuveg landsmanna, sjávarútveginn. Það hefur sýnt sig hvað eftir annað, þegar þurft hefur á upplýsingum að halda í þessu efni, að þær hafa ekki verið til staðar, og hefur þurft í hvert skipti að eyða mikilli vinnu í að safna skýrslum um, hvað væri hvað. Þetta er ástæðan til þess, að stj. er samþykk mþn. um, að hér þurfi úr að bæta. Það er gert ráð fyrir að stofna sérstaka skrifstofu, sem haldi skýrslur um útgerðina, skýrslur, sem ekki er hægt að fá annars staðar, og er gert ráð fyrir, að þessi reikningaskrifstofa verði í sambandi við Fiskifélag Íslands og undir þess umsjá. Með því ætti að vinnast tvennt. Hún ætti að verða ódýrari í rekstri en ef hún er rekin sérstök, og í öðru lagi hefur Fiskifélagið af mörgum ástæðum betri skilyrði til þess að afla þeirra gagna, sem þarf, en aðrir.

Það er eitt atriði, sem ég vildi sérstaklega taka fram til athugunar fyrir þá n., sem þetta lagafrv. fer til eftir þessa 1. umr., og það er, hvort ekki sé æskilegt og nauðsynlegt, — þó það sé ekki í frv., — að útvegsmenn séu skyldir til þess að láta skrifstofunni í té þær upplýsingar, sem hún þarf með. Stj. hafði til athugunar að bæta þessu inn í frv., eins og það kom frá mþn., en við nánari athugun var tekin sú ákvörðun að láta það fara eins og það kom, en beina því í staðinn til athugunar og ákvörðunar þingsins, hvort þetta skuli gert.

Ég geri ráð fyrir, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17:1 atkv.

---

Á 42. fundi í Nd., 8. nóv. var frv. tekið til 2. umr. (A. 256, n. 311).

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Sjútvn. hefur athugað þetta frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt. Svo sem sagt er í frv., er ætlazt til, að sett verði á stofn sérstök skrifstofa, sem útvegi upplýsingar um afkomu sjávarútvegsins á þann hátt að fá upplýsingar frá ýmsum útgerðarfyrirtækjum í landinu. Vel má vera, að þetta komi ekki að fullu gagni nema því aðeins, að útgerðin verði skylduð til þess að gefa reikningslegar upplýsingar varðandi afkomu sína. En mþn. í sjávarútvegsmálum taldi rétt að fá þessar upplýsingar fyrst um sinn með frjálsum vilja, en komi það í ljós, að ekki sé hægt að fá þær nema með lagaboði, verður sjálfsagt að fara þá leið. — Ég skal

svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en vil óska þess, að frv. verði vísað til 3. umr.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Mig langar til að fá upplýsingar um visst atriði í sambandi við þetta mál, áður en það verður afgreitt.

Um nokkurt skeið hefur verið starfrækt stofnun af hálfu Búnaðarfélags Íslands, er nefnist Búreikningaskrifstofa ríkisins. Hér á þessu þingi hafa komið fram raddir um, að það væri ekki að treysta þeim tölum, sem frá þessari stofnun kæmu, nema því aðeins, að það væri í sambandi við hagstofuna. Nú er hér á ferðinni frv., sem er byggt upp á sama hátt fyrir sjávarútveginn sem frv. um Búreikningaskrifstofu ríkisins fyrir landbúnaðinn. Nú vil ég spyrja: Ef ekki er hægt að treysta tölum, sem koma frá búreikningaskrifstofunni, nema því aðeins, að hagstofan hafi umsjón þar með, hvernig er þá hægt að treysta tölum, sem koma frá Fiskifélaginu, ef þær eru ekki yfirfarnar af hagstofunni?

Ég er annars alveg sammála þessu frv., en finnst undarlega misjöfn sjónarmið hafa komið fram og vildi óska eftir nánari upplýsingum, þar sem frá flm. þessa frv. hafa heyrzt raddir um, að sameina yrði Búreikningaskrifstofu ríkisins og hagstofuna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 43. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 45. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 47. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 53. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 256, n. 455).

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Hv. 1. þm. S.-M. (IngP), sem kosinn hafði verið frsm. sjútvn. í þessu máli, er nú hér ekki viðstaddur. En sjútvn. hefur haft þetta mál til meðferðar. Og til þess að flýta afgreiðslu þessa máls, vil ég segja hér örfá orð, þar sem hinn kjörni frsm. er ekki við.

N. hefur athugað mál þetta mjög gaumgæfilega og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt. N. hefur séð nauðsyn þess, að málið næði sem fyrst fram að ganga, og væntir þess því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 55. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 516).

—o—

## 13. Dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimta o. fl. í Reykjavík.

Á 11. fundi í Sþ., 8. sept., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík** (stjfrv., A. 45).

Á 13. fundi í Nd., 10. sept., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Einar Arnórsson):** Frv. þetta er fram komið að ósk og tilhlutan þeirra manna, sem bezt þekkja og gegna störfum þeim, sem lögmannsembættinu í Reykjavík eru samfara. Meðan Reykjavík var að okkar mælikvarða lítill bær, þótti mega nægjast með einn embættismann til þess að leysa af hendi starf bæði fyrir bæinn og ríkið. Það var bæjarfógetinn í Reykjavík, sem fór með öll þessi störf fram til 1. jan. 1908. Þá var þessu gamla bæjarfógetaembætti í Reykjavík skipt þannig, að bæjarfógetinn fór með ríkisstörfin, og borgarstjórinn, sem þá fyrst var kosinn, fór með bæjarstörfin. Þá var það orðið svo, að það þótti ofætlun einum manni að fara með öll þessi störf og ekki heppilegt bæjarins vegna, því að starfsþrek hans og tíminn til þessara starfa mundi verða of lítill, þegar hann hefði jafnframt ríkisstörfin með höndum. Þessu skipulagi er haldið í tíu ár, að bæjarfógetinn og borgarstjórinn fara með þessi störf. En 1918 er bæjarfógetaembættinu skipt í bæjarfógeta- og lögreglustjóraembætti. Lögreglustjóri hefur lögreglustjórn og tollheimtu, en bæjarfógeti yfirleitt dómsvaldið. Þetta skipulag stendur svo næstu 11 árin, því að þá er gerð skipting með l. frá 1927, þannig að nú verða þessi embætti þrjú. Lögmaður hefur aðallega dómstarfið, lögreglustjóri fer með lögreglustjórn og dómstarf opinberra mála og svo tollstjórn. Þannig er þessu varið, að með ríkisstarfið hafa farið þrír embættismenn, og var svo til 1940. Þá er lögreglustjóraembættinu skipt í lögreglustjóraembætti og sakadómaraembætti. Lögreglustjóri fer með lögreglustörf, en sakadómari með opinber mál. Hér í bæ eru því sem stendur fjögur ríkisembætti í þessum málum, lögmannsembættið, lögreglustjóraembættið, sakadómaraembættið og tollstjóraembættið.

En eins og ég sagði í upphafi, þá telja þeir

menn, sem þessum málum eru kunnugastir, að lögmannsembættið sé svo margþætt og umsvifamikið, að ofætlun sé einum manni að hafa nægilega yfirsýn og eftirlit með rekstri þess embættis. Eins og kunnugt er, heyra öll dómstörf í einkamálum, skiptagerðir, fógetagerðir, uppboðsgerðir, þinglýsingar og ýmislegt fleira undir þetta embætti. Í frv. þessu er þess vegna stungið upp á, að þessu embætti sé skipt í tvö embætti. Heiti annað embættið borgardómaraembætti, og undir það heyri dómstarf í þrengri merkingu í einkamálum. Þau eru orðin afar mikil hér og hafa raunar lengi verið. Bæði er það, að viðskiptalíf er í Reykjavík umfangsmeira en á öllum öðrum stöðum á landinu, og svo er að því að gæta, að það er ekki svo lítill fjöldi mála, sem menn utan af landi beinlínis semja um, að skuli flutt og varin og dæmd hér í Reykjavík. Hitt embættið er lagt til, að heiti borgarfógetaembætti. Í því starfi séu fógetagerðir, skiptagerðir, uppboð, veðmálabókahald auk fleira. Það má náttúrlega deila um það, hvernig þessi skipting sé heppilegust. En mér hefur virzt, að skipta ætti þessu þannig í aðaldráttum.

Höfuðnýmælið í þessu frv. er vitanlega skipting þessa embættis. En ég vil þó rétt benda á tvö önnur. Annað er niðurfall lóðamerkjadóms. Er ætlazt til, að borgardómari sé formaður lóðamerkjadóms og nefni sér meðdómendur eftir því, sem l. standa til, og vísast til 3. kafla landamerkjalaga nr. 41 frá 1919, m. ö. o., að það gildi sömu reglur um fasteignamál hér í Reykjavík sem annars staðar á landinu.

Hitt nýmælið, sem ástæða er til að minnast á, er það, að stungið er upp á, að þinglýsingum svo kölluðum á fasteignum o. fl. verði hætt.

Þessar þinglýsingar eru orðnar ekkert annað en hreint form. Það er skráð í þingbækurnar litra og númer á þeim bréfum, sem á að þinglýsa. Efnið er vitanlega ekki lesið upp, því að það tæki svo langan tíma, að ekki yrði yfir komizt. Á þetta hlustar enginn maður, nema dómarinn og réttarvottarnir.

Ég hef þá vakið athygli á hinum þremur höfuðnýmælum, sem í frv. eru. Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv., en geri að till. minni, að málinu verði að lokinni umr. vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 29. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 45, n. 137, 151).

**Frsm. (Gunnar Thoroddsen):** Herra forseti. Allshn. hefur athugað þetta frv. og mælir með, að það verði samþ. Hún flytur engar brtt. við það, en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja og fylgja brtt.

Meginefni frv. er skipting lögmannsembættisins í Reykjavík í borgardómara- og borgarfógetaembætti. N. telur þetta eðlilega breyt., þar eð lögmannsembættið er orðið svo umfangsmikið. Það þarf ekki annað en nefna það, að fulltrúar lögmanns eru nú orðnir 10 og starfa víða í skrifstofum úti um bæinn. Í raun og veru verður lögmaður að hafa eftirlit með öllum dómum og úrskurðum í bænum, og má segja, að útilokað sé, að einn maður geti komizt yfir að sinna því eins og æskilegt væri.

Það þarf ekki að eyða mörgum orðum að nauðsyn þessarar skiptingar, hún er þegar viðurkennd. En þess má geta, að ekki er gert ráð fyrir, að kostnaður aukist við starfið.

Þetta frv. hefur nokkrar aðrar breytingar í för með sér, en ég mun ekki fara ýtarlega út í þær. Ein er sú að afnema aðferð við þinglýsingu eða aflýsingu, sem nú er viðhöfð, og er bent á það í grg. Það er þýðingarlaust formsatriði.

Önnur breyt. er um skipun merkjadóms. Hann er skipaður 3 mönnum, en með þessu frv. er gert ráð fyrir, að borgardómari sé formaður í þeim dómi eins og í öðrum fjölsetnum dómum, eins og t. d. sjórétti. Eftir þessu verður sú niðurstaða með fasteignamál í Reykjavík, að um þau gilda framvegis reglur í l. nr. 41 frá 1919, um landamerkjamál. Fleiri breyt. hefur frv. ekki í för með sér.

Þó er eitt þrætuepli í frv. Í núgildandi l. er ákveðið með konunglegri tilskipan, að undanþiggja megi, að lögfræðipróf sé sett að skilyrði fyrir veitingu lögreglustjóraembættisins. Í frv. er þessi undanþáguheimild felld burt, þótt ekki sé haggað við skipan núverandi lögreglustjóra. N. leggur þann skilning í frv.

Hins vegar flytur einn nm., hv. 1. þm. Árn., brtt. þess efnis, að lögreglustjóri þurfi ekki að fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti, þurfi ekki að hafa lögfræðipróf.

Ég bið hv. þm. velvirðingar á því, þótt ég geri þessa brtt. hér að umræðuefni, áður en hann hefur mælt fyrir henni sjálfur. En bæði er kunnugt frá síðasta þ. um þetta atriði og svo var aftur flutt hér frv. í byrjun þessa þ. um að afnema umrædda undanþáguheimild. Eins er komið inn á þetta í grg.

Í frv. um þetta efni, eins og það hefur verið flutt áður, var gert ráð fyrir, að núverandi lögreglustjóri viki úr embætti að brottfallinni undanþáguheimildinni, en þó skyldi honum gefinn kostur á öðru starfi með eigi lakari kjörum. Þetta frv. gerir aftur á móti ekki ráð fyrir, að afnám undanþáguheimildarinnar hafi nein áhrif á skipan núverandi lögreglustjóra. Það, sem 4 nm. gegn 1 greinir því á um, er það, hvort setja skuli lögfræðipróf að skilyrði fyrir veitingu embættisins í framtíðinni eða ekki. Hv. 1. þm. Árn. telur ekki ástæðu til þess.

Þó að lögreglustjóra séu að vísu ekki falin dómstörf, þá teljum við, að mjög mörg mál heyri undir hann, sem krefjist lögfræðiþekkingar. Að nauðsynlegt skuli þykja að láta hann hafa löglærðan fulltrúa sér við hlið, sýnir það, að lögfræðiþekkingar sé þörf við lausn verkefna í störfum hans. Við þekkjum einnig, að það er talið óeðlilegt, að yfirmenn leiti til undirmanna sinna sökum vankunnáttu í starfi sínu. Réttara þykir að krefjast þekkingarinnar af þeim sjálfum.

Lögreglustjóri ásamt lögreglunni á að sjá um að halda uppi almennri reglu. Í þessu felst m.

a., að hann þarf að setja lögreglunni reglur gagnvart borgurunum, t. d. um handtökur, hvernig þær eiga að fara fram, hvert þarf að vera skilyrði fyrir þeim o. s. frv. Þetta er erfitt og viðkvæmt mál, og sú hefur — því miður — raunin á orðið stundum, að lögreglumenn hafa farið að ólögum í þessum efnum og verið ýmist sóttir og dæmdir til refsingar eða ríkissjóður verið dæmdur til fjárútláta þeirra vegna. Nú má ekki skilja orð mín svo, að ég sé að sneiða að núverandi lögreglustjóra. En ég bendi aðeins á, að þetta eru svo viðkvæm mál, að þau krefjast eðlilega og nauðsynlega lögfræðiþekkingar.

Annar flokkur, sem heyrir undir lögreglustjóra, eru strandmál. Í þeim málum koma oft fyrir hin erfiðustu lögfræðiatriði.

Sama máli gegnir um heilbrigðismál. Lögreglustjórar eru sjálfkjörnir formenn heilbrigðisnefnda. Niðurstaðan hefur orðið sú, að hvergi á landinu er starfandi heilbrigðisnefnd í bæjum, sem enginn lögfræðingur á sæti í, að höfuðstaðnum undanskildum, því að hér er enginn lögfræðingur í þeirri n.

Enn fremur má nefna útlendingaeftirlitið og útgáfu vegabréfa, sem heyrir undir lögreglustjóra. Í öllum þessum efnum er lögfræðiþekking nauðsynleg.

Ég vil minna á, að á síðasta þ. var frv. um þetta efni sent lagadeild háskólans til umsagnar, og mælti hún einróma með því, að það yrði samþ.

Ég skal svo ekki fara frekar út í þetta mál.

Ég er andvígur brtt. hv. 1. þm. Árn., og sama gegnir um hina nm. Það var eina ágreiningsefnið í n., en n. í heild leggur til, að frv. verði samþ.

**Jörundur Brynjólfsson:** Eins og hv. frsm. allshn. hefur nú tekið fram, er n. sammála um öll aðalatriði málsins. Ágreiningur er aðeins um þetta eina atriði.

Ég þarf í sjálfu sér ekki mörg orð um brtt. mína. Ég get skírskotað þar um til nál. míns frá síðasta þingi. Að vísu lá þá málið fyrir í nokkuð annarri mynd í heild sinni, en þetta efni þess er þó hið sama þá og nú.

Ekki dreg ég það í efa, að þægilegt kunni að vera undir mörgum kringumstæðum fyrir lögreglustjóra að hafa lagaþekkingu — og hana þá góða, því að prófstimpillinn einn er náttúrlega hvergi nærri nógur, og það sýnir reynslan oft. Ef hann einn væri nægilegur, þá mundi lögfræðinga ekki greina eins oft á um lögfræðiatriði og raun ber vitni — og það jafnvel um augljósan lagastaf í augum almennings.

En það stendur einhvers staðar, að svo eru lög, sem hafa vill fólk. Og í framkvæmdinni kemur til þess, og byggist hún oft og tillögur um slíkt á því, sem menn vilja leggja í lagastafinn. Þess vegna verður svo oft ágreiningur. Því virðist lögfræðipróf ekki svo mikil trygging. Eigi að síður neita ég því ekki, að það ætti að vera trygging í því, að menn með reynslu og þekkingu fjalli um málin. En þetta er ekki nema einn þáttur í störfum lögreglustjóra, hvar sem er, og ekki sízt hér. Því meira fjölmenni sem stjórna þarf, því meira reynir á margt annað en lögfræðiþekkingu. Er stjórna þarf fjölmennu lögregluliði í fjölmennum bæ, reynir einnig og meira á aðra þekkingu. Okkar skamma reynsla stefnir í þá átt.

Sem betur fer, hefur sjaldan reynt á framkvæmd þess að hafa stjórn á lögregluliði. En þegar útlit hefur verið fyrir, að til þeirra kasta kynni að koma, hafa menn með allt aðra þekkingu en lögfræðiþekkingu verið fengnir til að annast framkvæmdir, þótt þeir hafi ekki haft lögfræðipróf og þrátt fyrir reynslu og þekkingu lögreglustjóra. Þeir hafa ekki haft neitt lögfræðipróf, heldur sérstaka þekkingu á þeim viðfangsefnum, sem lutu að því, ef beita þarf fjölmennu lögregluliði gegn miklum hópi manna. Þar hefur lögfræðingum alls ekki verið falin forusta þess máls. Ég held ekki, að mönnum detti í hug, að undir þeim kringumstæðum eigi sá löglærði lögreglustjóri að vera sá, sem gefi lögregluliðinu fyrirmæli um, hvað gert skuli og hvað ógert látið, því að ef svo hefði verið hér, að til þess væri ætlazt, hvers vegna hefur það þá hér í Reykjavík verið talið fremur á annarra manna færi, sem fengnir hafa verið til þess að annast slíkar framkvæmdir, þ. e. að stjórna lögregluliðinu í slíkum tilfellum, ef á þyrfti að halda? Og a. m. k. einu sinni hefur komið til slíkra framkvæmda.

Ég get fúslega viðurkennt það, að að öðru jöfnu, ef ég ætti að skipa í slíkt embætti sem þetta, mundi ég fremur taka lögfræðing en ólöglærðan mann, því að það er ætíð vinningur að hafa meiri þekkingu á öllum þeim greinum, sem starfið snerta, og það hefur líka sitt að segja í starfinu gagnvart almenningi. En lögfræðiþekking er bara hvergi nærri nógur hæfileiki fyrir lögreglustjórann í mikilvægum atriðum starfs hans. Þar kemur allt annað til greina. Og það hygg ég, að hv. frsm. allshn. verði að viðurkenna, að undir vissum kringumstæðum geti það farið svo um lögfræðing í lögreglustjórastöðu, ef hann hefur enga aðra kunnugleika á þessu starfi en sína lögfræðiþekkingu, að einmitt þegar mest reynir á, skorti þann lögfræðing það í höfuðatriðum, sem hann helzt þyrfti að hafa hæfileika til og miklu fremur en nokkurn tíma lögfræðipróf. Og ég hygg líka, að það sé svo, hvar sem er erlendis, þar sem reynsla er fengin í þessu efni, að þá sé lögfræðipróf eitt alls ekki látið nægja sem skilyrði fyrir því, að mönnum séu veitt lögreglustjórastörf, heldur þurfi menn til þess sérstakan undirbúning fyrir starfið og jafnvel þjálfun í starfinu. En það fer ekkert fyrir því hjá hv. meiri hl. allshn. í meðferð hans á þessu máli hér, að hann leggi hið minnsta upp úr þessu, því að ef svo væri, þá mætti ætla, að af hálfu meiri hl. allshn. væri borin fram brtt., sem tryggði einmitt, að lögreglustjórar hefðu fengið slíkan nauðsynlegan undirbúning undir starf sitt. En það virðist svo sem hv. meiri hl. allshn. telji, að lögfræðiprófið eitt sé nóg sem undirbúningur þessara embættismanna undir starf sitt. Þó vita þeir alveg eins vel og ég, hvað á hefur skort um framkvæmd þessa verks, og hefur þó því nær ekkert til slíks þurft að taka, sem betur fer, í okkar þjóðfélagi, að þurft hafi að beita lögregluliði gegn hópi

manna. Þetta vil ég meina, að sé fullmikil nægjusemi af hálfu þeirra manna, sem vilja haga þessum málum á þann veg, sem verða mundi eftir þessu frv. óbreyttu.

Hv. frsm. allshn. veik að því, að úr því að lögfræðingur væri á skrifstofu lögreglustjórans, þá bæri það vott um það, að menn teldu, að lögfræðiþekking væri nauðsynleg í starfinu. Það hefur heldur enginn borið á móti því, að svo sé. Í minni brtt., sem hv. frsm. vitnaði til, er þvert á móti viðurkennt, að próf í lögum sé æskilegt. En þó verð ég að segja það, og þar getur maður skírskotað til þess, sem við þekkjum í okkar þjóðfélagi, að lögfræðipróf út af fyrir sig þarf ekki að vera sönnun þess, að sá maður, sem það hefur, hafi meiri lögfræðiþekkingu en annar, þó að hann hafi ekki tekið slíkt próf, því að til er það, að menn hafi á námsárum sínum lagt stund á lögvísindi, en ekki lokið prófi, og ætla ég, að finna megi dæmi um það, að þeir, sem slíkt lögfræðinám hafa stundað, hafi haft meiri þekkingu í þeim efnum en jafnvel þeir, sem lögfræðipróf hafa tekið.

Við öll meiri háttar störf, hver sem þau eru, þá er það svo, að það er einkar þægilegt fyrir þann mann, sem veitir einhverju slíku starfi forstöðu, að hafa lögfræðilega þekkingu. Mörg fyrirtæki, sem hafa mikið umleikis, ráða í þjónustu sína lögfræðing til þess að eiga sérstakan mann vísan til ráðuneytis um lögfræðileg atriði, sem fyrir kunna alltaf að koma. Dettur þó engum í hug að segja, að nauðsynlegt sé, að forstjóri þeirra fyrirtækja sé endilega lögfræðingur. Það er t. d. ekki nærri alltaf, að bankastjórar séu lögfræðingar, og hefur engum dottið í hug að gera lögfræðipróf að skilyrði fyrir veitingu bankastjóraembættis, því að höfuðskilyrði þess, að menn geti verið góðir bankastjórar, er ekki fyrst og fremst lögfræðiþekking, heldur annars konar hæfileikar. — Ég tek þetta fram af því, að hv. frsm. allshn. gerði svo mikið úr því, að þar sem starfsmaður lögreglustjóra væri lögfræðingur, þyrfti lögreglustjóri líka að hafa lögfræðipróf.

Hv. frsm. veik að því, að það gæti borið við, að vandasamt væri ýmislegt í þessu starfi, og nefndi hann í því sambandi handtökur manna og drap á, að það hefði borið við, að af handtöku hefði leitt skaðabótamál og ríkið hefði orðið að svara til sakar og greiða bætur vegna handtöku, sem hv. frsm. talaði um. Ég þekki það dæmi, sem hv. þm. átti við. Vildi þó hv. þm. ekki beinlínis kenna lögreglustjóra um þetta, og ég tek það ekki heldur svo, að hann hafi meint það. En ef svo er, að lögreglustjórinn á ekki sök á því, en lögregluþjónarnir hafa farið í því tilfelli út fyrir þær reglur, sem þeim eru fyrir fram settar um slíkar framkvæmdir, hver er þá tryggingin fyrir því, að betur tækist til, þó að lögreglustjórinn hefði lögfræðipróf? Meinar hv. frsm. þá, að lögreglustjóri mundi bara fyrir það, að hann væri lögfræðingur, ef hann væri það, hafa kennt lögregluþjónunum betur og búið þá betur undir starf sitt, svo að slík mistök kæmu síður fyrir? Og, svo að ég haldi mig við þetta dæmi, ef lögreglustjóranum núverandi hefur láðst að segja lögregluþjónunum nógu skýrt fyrir um handtökur, þá vil ég meina, að hann eigi sök á þessu, svo að hann væri þá ekki hreinn af þessu máli. En mér skildist, að hv. frsm. vildi meina, að lögreglustjórinn ætti ekki sök á þessum mistökum, og ég held, að það sé rétt, hvorki að honum hafi láðst að gefa lögregluþjónunum réttar reglur um það, hvernig handtökur ætti að framkvæma, né að hann eigi aðra sök í þessu máli. Ég held því, að þetta sérstaka atriði, sem vitnað hefur verið til hér, sé einskis vert til að styðja skoðun hv. frsm. í þessu efni né skoðun meiri hl. n. En kannske er einmitt þetta dæmi ljós bending um það, hver vandi er á höndum þessa manns að undirbúa lögregluliðið, — ekki með neinni lögspeki, heldur með langri þjálfun. Það hygg ég það sanna í málinu. Enda má fara nærri um það, hvernig aðrar þjóðir haga sínu mannvali til þessa starfs. Ég treysti mér að vísu ekki til að dæma um þessi mál meðal annarra þjóða, en vel má vera, að lögfræðipróf sé ein af þeim kröfum, sem gerðar eru þar til lögreglustjóra. En þann kunnugleika hef ég víða að, að hlutaðeigandi menn í öðrum löndum gera miklu meiri kröfur til lögreglustjóranna en lögfræðiprófið eitt, og enginn annar en sá, sem getur uppfyllt þær kröfur, fær veitingu fyrir slíku embætti.

Um hin atriðin, sem hv. frsm. drap á, svo sem heilbrigðismál og eftirlit með útlendingum og útgáfu vegabréfa o. þ. h., er það að segja, að sumt af þessu er skrifstofuvinna, sem þarf ekki sérstaka þekkingu til að inna af hendi, og ekki meira en mörg störf, sem tíðkast í öðrum stofnunum. Held ég, að það þurfi alls ekki að koma í bág við þau störf, þó að lögreglustjóri sé ekki lögfræðingur.

Ég ætla ekki að fjölyrða meira um þetta. Ég hef skrifað ýtarlegt nál., þar sem vikið er nánar að ýmsum atriðum, og get ég vísað til þess að öðru leyti. Mér má í sjálfu sér í léttu rúmi liggja út af fyrir sig, hvort brtt. mín verður samþ. eða ekki. Ég þykist hafa gert skyldu mína, bæði með flutningi hennar og með því að benda á, að það muni vera hyggilegra að gæta fleiri atriða en aðeins lögfræðiprófs við veitingu lögreglustjóraembætta. En hitt kann ég þó ekki við, að þingið, eftir því sem það hefur aðstöðu til við skipun l., hvort sem um þetta efni er að ræða eða annað, reyni ekki að vanda lagasetningu sem bezt, til þess að l. verði framkvæmd sem bezt fyrir þegna þjóðfélagsins. En það er þeirra mál, sem að því kunna að standa, ef þetta mál verður afgreitt með þeim einfaldleik og ófullkomleik, sem málið hefur nú, ef það tekur ekki neinum breyt.

**Dómsmrh. (Einar Arnórsson):** Herra forseti. Ég skal leyfa mér að þakka hv. n. fyrir meðferð á þessu frv. og þær brtt., sem hún hefur komið fram með við það.

Það er einn ágreiningur milli meiri hl. og minni hl. n., sem ég tel ofurlitla ástæðu til að fara nokkrum orðum um, og það er niðurfelling undanþágu í gildandi l., sem sé undanþágu frá því, að lögreglustjórinn í Reykjavík þurfi að hafa lögfræðipróf. Ég held, að það sé höfuðregla, að lögreglustjórinn í Reykjavík sé löglærður maður.

En það þýðir ekki sama sem það, að það eitt sé nóg, að hann hafi aðeins lögfræðipróf, heldur hafi þá lífsreynslu, sem héraðsdómari hefur minnsta. En ég játa, að hv. frsm. minni hl. n. hefur rétt fyrir sér í því, að það er æskilegt og jafnvel sjálfsagt að gera þá kröfu til þess manns, sem á að vera lögreglustjóri hér í Reykjavík, að hann hafi fyrst og fremst raunhæfa þekkingu á þeim málum, sem sérstaklega varða lögreglustjórastarfið. Ég er alveg á sama máli og hann um það. Og það kann að vera, að það sé í raun og veru gáleysi af mér, að ég hef ekki sett í frv. kröfu um það atriði. Ég hafði sem sé hugsað mér, að það væri veitingarvaldsins í hverju sinni að gera þær kröfur. En ég sé ekki betur en það megi mjög vel samrýma sjónarmið beggja nefndarhlutanna um þetta atriði. Ég teldi vel fallið hér, eins og ég veit, að er almennt siður á Norðurlöndum, að gera þær kröfur í praksís, að lögreglustjórar hafi praktiska þekkingu, ekki aðeins lögfræðiþekkingu, heldur á stjórn og skipulagi lögregluliðs og lögreglumála. Nú sýnist mér, að þessu mætti vel fullnægja hér, t. d. með því, að lögreglustjórnin, hver sem hún er, sæi sér út sérstaklega hæfa menn meðal lagastúdenta og síðar meðal kandidata til þess að gegna störfum í lögregluliði og kynna sér störf þessi erlendis og skipulagningu þessara mála. Í Kaupmannahöfn, þar sem ég þekki sérstaklega til, eru lögregluefirlitsmenn, sem eru ævinlega júristar, — a. m. k. var það svo í gamla daga. — Það voru menn, sem voru þjálfaðir lögreglumenn og áttu að vera vel heima í starfi og háttum lögreglunnar. Þessi tilhögun sýnist mér, að ætti að vera hér í Reykjavík, þar sem Reykjavík er orðinn svo fjölmennur bær.

Ég vil skjóta því til hv. n., hvort hún vilji ekki á milli umr. taka þetta til athugunar og koma með till. varðandi lögreglustjórn í Reykjavík í þessa átt, sem ég nefndi.

Annars sé ég ekki ástæðu til þess að fara út í þær deilur eða þann meiningamun, sem komið hefur fram milli hv. frsm. um einstök atriði málsins.

**Gísli Sveinsson:** Herra forseti. Það má að vísu segja, að ef ekki hefði komið neitt nýtt fram í málinu, þá hefðu menn vel getað sætzt á það, að hv. allshn. fengi um þetta frv. ráðið, eins og nál. á þskj. 137 bendir til. Þar er að vísu getið um, að einstakir nm. áskilji sér rétt til brtt. og því um líks, og er það í skjóli þess, — þó að af nál. á þskj. 137 sé ekki annað að sjá en n. sé óklofin, — að hv. 1. þm. Árn. (JörB) kemur hér með brtt. á þskj. 151, sem er að vísu að efni til gamall kunningi. En ég hélt, að sá gamli kunningi væri úr sögunni með þeirri millileið, sem hér er farin milli nokkurra öfga á báðar hliðar. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er stjfrv., sem hæstv. dómsmrh. hefur staðið að. Og hæstv. ráðh. hefur gert grein fyrir því, að með samþ. þessa frv. sé úr sögunni sú undanþáguheimild, sem gerð var í l. nr. 66 frá 1939, um, að lögreglustjórinn í Reykjavík þyrfti ekki að hafa lögfræðipróf undir þeim kringumstæðum, sem var getið, en hinu slegið föstu í frv., að sá lögreglustjóri, sem skipaður var samkvæmt þessari undanþágu, haldi að sjálfsögðu, að því er l. snertir, sínu embætti. M. ö. o., lögin ætlast ekki til — og ekki nema sérstök ákvæði væru sett um það —, að hann færi úr embætti sínu, þó að þetta verði lögleitt. Það þarf alveg sérstakt til þess að hægt sé að setja menn úr embætti, þó að önnur skipan sé gerð almennt á l. um opinber störf en gerð mundi með þessu frv.

Bæði hv. 1. þm. Árn. og ég munum sjálfsagt glöggt, hvernig þessi undanþáguheimild var til komin. Um þetta ákvæði var nokkur reipdráttur í upphafi, eðlilega. En í allshn. var þetta í raun og veru gert fyrir þáverandi dómsmrh. að leyfa, að þessi undanþága, — sem var undantekning, — væri gerð svo sem til tilraunar. Ég tel, að vel megi við það hlíta, að þessi tilraun verði gerð og henni verði haldið áfram, samkvæmt því, sem hér er lagður grundvöllur að í þessu frv. hæstv. ríkisstj., þannig að ekki einungis sú reynsla, sem fengin er með þeim manni í starfinu, verði látin skera úr, heldur verði þessari reynslu haldið áfram með honum í starfinu. Tel ég, að við það megi vel una. Og hv. 1. þm. Árn., sem hefur beitt sér fyrir þessu máli í hv. þd. og samdi á fyrra stigi þess ýtarlegt nál. um þetta, tel ég, að megi vel una því, að frv. er nokkuð komið í annan farveg en það hafði í fyrstu, því að það var ætlazt til þess þá, að þessi núverandi lögreglustjóri viki, með gætilegum hætti, úr embætti sínu. En hér er ekki um neitt slíkt að tala. Ég tel það gott, að þær sættir haldi áfram óbeinlínis, — eins konar sáttargerð má telja það, — að maðurinn heldur áfram starfi sínu, en starfið fær sinn eðlilega lagalega grundvöll, sem er, að lögreglustjórinn í Reykjavík eins og aðrir lögreglustjórar verði að leysa af hendi lögfræðipróf. Hitt þarf ekki að tala um, sem hv. 1. þm. Árn. eyddi of miklu máli í, að lögfræðiprófið gerir ekki allt til þess að gera lögreglustjórann hæfan í sínu starfi. Svo sjálfsagðan hlut ætti ekki að þurfa að halda langa ræðu um hér á hæstv. Alþ., nema það sé gert í þeim tilgangi, að gera eigi lítið úr því, að menn taki próf í þeirri grein, sem er undirstaða undir svo mörgu í þjóðfélaginu. Að vísu sagði sá hv. þm. oft, að hann vildi ekki gera lítið úr lögfræðiprófi. En öll meginræða hans hné að því samt, að lögfræðiprófið eitt væri ófullnægjandi.

Hitt má segja, að nokkuð hafi verið ábótavant nefndarstörfunum að þessu máli, því að n. tók ekki til meðferðar, hvaða hæfileika þessi lögreglustjóri þyrfti að hafa auk lögfræðiprófs. En nú getur orðið samvinna um það hjá hæstv. ríkisstj. og n. að koma þessu í það horf, sem að gefnu tilefni þarf ýtarlega að taka fram í l., að menn þurfi til þess embættis meiri hæfileika en lögfræðipróf, svo sem þjálfun. En vitanlega er ekki rétt, að einn eða annar fái að fara beint frá prófborðinu inn í þetta starf, því að til þess að verða héraðsdómari þarf reynslutíma í starfinu, svo að það er engin hætta á því. Hvergi nokkurs staðar á byggðu bóli er sá undirbúningur látinn nægja til lögreglustjórastarfs, að maðurinn sé nýsloppinn frá prófborði

liðsforingjaprófs, sem þeir taka unnvörpum í nágrannalöndum, þótt við höfum lítið af því að segja. Þetta mun 1. þm. Árn. raunar vita. Þá mundi hann ekki undir öðrum kringumstæðum færa það fram sem nein rök, að lögfræðinga greini stundum á um lagaskilning, sem almenningur telji ótvíræðan. Það kemur ekki þessu máli við, en verður raunar ekki reiknað lögfræðingum til greindarleysis, þótt þeir sjái fleiri hliðar en almenningur. Margt er það einnig, sem engin lög ná yfir, svo að ótvírætt sé, og kemur það ekki sízt fyrir í bæ, sem er óðum að vaxa á líkan hátt og Rvík, sem má eigi — að henni raunar ólastaðri — kallast nema hálfsiðuð enn. Æfður lögfræðingur ætti því miklu og vandasömu hlutverki að gegna í lögreglustjóraembættinu. Ég hef átt ýmis skipti við núv. lögreglustjóra og reynt hann að góðu, hann er mesta lipurmenni. Ég var ekki fylgjandi því frv., sem fyrir síðasta þ. lá og varðaði embætti hans, en hér er annan veg að farið til að ná réttu marki. — Ég mun greiða atkv. móti brtt. hv. 1. þm. Árn., en þykir líklegt, að í allshn. geti tekizt samkomulag um brtt. í þá átt, að nánar sé ákveðið í l. um skilyrði manna til skipunar í embætti.

**Frsm. (Gunnar Thoroddsen):** Hæstv. dómsmrh. og hv. 10. landsk. hafa tekið fram margt af því, sem ég hefði annars þurft að svara hv. 1. þm. Árn. Það var meginefni í ræðu hans að stagast á því, að ekki væri nóg, að lögreglustj. væri löglærður maður, — og þurfti enginn að taka fram svo sjálfsagðan hlut. Frv. ákveður meira, það, að hann þurfi að fullnægja almennum dómaraskilyrðum, en þau skilyrði eru í 1. talin upp í 7 liðum alls, og er lögfræðipróf aðeins eitt þeirra. Auk þess verður lögreglustj. að fullnægja fleiri skilyrðum, sem n. áleit, að ætti að vera á valdi ráðherra að mæta á hverjum tíma. Öll orð hv. 1. þm. Árn. um þetta voru því tilgangslítil, ef hann hefði haft nokkuð annað fram að bera til stuðnings brtt. sinni. Tilraunir hans til að gera veg lögfræðinga í öllu sem minnstan voru á sama hátt gerðar út í loftið, og af langri forsetareynslu ætti hann a. m. k. að vita, að ekki er tiltökumál, þótt löglærða menn greini á um lagaskilning og hversu lögum skuli beita. Hann veit, að oft greinir lækna á um sjúkdóma manna, og ég held, að hina merkustu búfræðinga geti greint á um búskaparhætti. Hann segir, að þegar mest hafi reynt á lögreglustjórn í Rvík, hafi verið leitað stjórnenda, sem höfðu ekki lögfræðipróf, heldur liðsforingjamenntun, og á við hlutdeild landhelgisvarðskipa í lögregluframkvæmdum út af rússneska drengnum fyrir meir en tveim áratugum. En fyrir 11 árum kom til miklu alvarlegri óeirða, ekki fjarri þinghúsinu, og þá var ekki gripið til þess ráðs að skipta um lögreglustjóra, þótt hann væri þá löglærður og yrði síðar forsrh. Hefði hv. þm. talið æskilegra að gera það? Þm. segir, að hvergi erlendis nægi lögreglustj. að hafa lögfræðipróf. Má það vel vera rétt. En þetta stendur í sambandi við þann misskilning hans, að frv. banni ráðherra að velja lögreglustj., sem hefur eitthvað til brunns að bera umfram það, sem 1. gr. heimtar. Þegar hann talar um, að það nægi lögreglustj. að hafa löglærðan mann í þjónustu sinni, eins og ýmis atvinnufyrirtæki hafi, er þar svo ólíku saman að jafna, að þetta eru ekki rök. Þá talaði hann um handtökur og hve viðkvæmt mál þær gætu verið. Það var ekki ætlun mín, er ég nefndi þær, að rifja upp neitt sérstakt mál, eins og ég tók fram. Hann hélt, að það væri einfalt mál að handtaka 1 eða 2 menn. Það hefur þó komið fyrir, að það hefur reynzt sá vandi, að það hefur kostað lögreglumenn refsiábyrgð og ríkissjóð háar skaðabætur. Svo einfalt sem þm. þykir slíkt, hefur hæstiréttur álitið það allt annað en einfalt mál.

Mér þykir rétt að spyrja hv. 10. landsk. að því, hvað hann meinti með því að tala um öfgar á báða bóga í þessu máli, hvort hann átti þar annars vegar við frv. mitt og fleiri þm. frá síðasta þingi. Ef svo hefur ekki verið, — og ég mótmæli, að þar hafi verið nokkrar öfgar, — óska ég, að hann taki fram, hvar öfgarnar voru.

Ég geri ráð fyrir, að allshn., væntanlega öll, geti komið sér saman um brtt. fyrir 3. umr. í þá átt, sem hv. 10. landsk. nefndi. Enginn þarf að halda, að við, sem vorum meiri hl. n., séum því andvígir, að nánari reglur séu um þetta settar, þótt okkur þætti nægja, að það væri áfram á valdi ráðherra.

**Jörundur Brynjólfsson:** Ég þarf ekki mörgu að svara nema þá helzt hv. frsm. (GTh). Hæstv. dómsmrh. (EA) viðurkenndi nauðsyn þess, að lögreglustj. í Rvík uppfyllti ýmis önnur skilyrði en vera löglærður, og í sama streng tók hv. 10. landsk. (GSv). Þetta var meginatriði ræðu minnar, og er ég þakklátur fyrir þá viðurkenning og treysti því, að sú viðaukagrein fáist sett inn í frv., sem tryggir, að á fleira verði litið en lögfræðimenntina eina. Ef brtt. mín næði samþ., stæði ráðherra vitanlega opið að velja lögfræðing í embættið, — gagnstætt því sem hv. frsm. virðist skilja hana, — og að öðru jöfnu mundi ráðherra sjálfsagt velja hinn löglærða. Mér fannst hv. 10. landsk. og hv. frsm. vera óþarflega hörundsárir við orð mín um lögfræðinga, því að ég held ég hafi viðurkennt að fullu kosti þeirra á sínu sviði. Báðir játuðu, að æskilegt væri, að lögreglustj. uppfylltu ýmis önnur skilyrði, en hvar stendur það í l.? Ekki í þessu frv. Og það á að standa í þessu frv. Þar fara mjög saman skoðanir okkar hæstv. dómsmrh. Og þótt það væri áðan á dálitlum misskilningi byggt hjá hv. 10. landsk., að á síðasta þingi hafi það eitt vakað fyrir mér að hindra, að núv. lögreglustj. færi úr embættinu, og hyggi þetta frv., sem ýtir ekkert við þeim manni, miklu aðgengilegra fyrir mig, er honum nú væntanlega ljóst, að svo var ekki fyrir mér og er ekki, heldur er meginatriðið sama hjá mér og honum: að tryggja, að lögreglustj. hafi margt annað til brunns að bera en lögfræðiprófið. Ég er honum vissulega sammála um, að lífið er margbrotnara en svo, að nokkur sérfræðigrein sé einhlít þeim manni, sem vera skal lögreglustjóri í Reykjavík, og þess vegna þurfi frv. umbótar í þessu atriði.

Milli okkar 10. landsk. er því lítill skoðanamunur, ef hann er nokkur.

Það er engin deila milli okkar hv. frsm. En mér finnst hann leggja sig óþarflega í framkróka að sýna, að orð mín séu aðeins byggð á misskilningi og sögð út í loftið, samtímis því sem hann fellst nú á þörf þess, sem óþarft þótti í n., áður en brtt. mín kom hér fram. Í því er ósamræmi hjá honum, og hann ætti að gæta að, hvort hann er ekki óvart að komast á mína skoðun, sem honum þóknast að tala um sem tóman misskilning.

Hann hafði það eftir mér, að það væri einfalt mál að handtaka 1 eða 2 menn. Hvenær sagði ég það? Sleppir hann ekki einhverju aftan af setningunni? Ég sagði á þá leið, að það væri einfalt mál að handtaka 1 eða 2 menn í samanburði við ýmislegt annað, sem reynir þolrif lögreglustjórans. Hitt er annað mál, að hvenær sem maður er handtekinn, verður það að vera á góðum ástæðum byggt. Ég ætla, að það hafi sloppið fram hjá þm., sem ég sagði um þetta efni.

Þar sem ég hef fengið svo góðar undirtektir hjá hæstv. ráðh. og öðrum um lagfæring á frv. í svipaða átt og fyrir mér vakir, mun ég taka brtt. mína aftur til 3. umr.

**Sigurður Bjarnason:** Herra forseti. — Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um efnishlið frv. eftir umræður þær, sem orðnar eru, einkum ræðu hv. frsm. Eins og hann tók fram, var á síðasta þingi flutt frv. af okkur og hv. 2. þm. Eyf. (GÞ) um að fella niður undanþágu lögreglustj. í Rvík frá því að fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í dómaraembætti. Í þessu frv. hefur ríkisstj. alveg gengið inn á sama princip. Þar er því sem sagt slegið föstu, að lögreglustjórinn í Reykjavík þurfi að vera lögfræðingur. Hins vegar greinir frv. ríkisstj. og frv. okkar eða öllu heldur grg. frv. á um það, hvort núverandi lögreglustj. skuli sitja áfram eða ekki, því að í grg. þessa frv. er gert ráð fyrir því, að hann sitji áfram, en í okkar frv. er gert ráð fyrir því, að lögreglustjóraembættið verði auglýst laust til umsóknar, þó með þeim fyrirvara, að lögin öðlist ekki gildi, fyrr en núverandi lögreglustj. hefur verið séð fyrir öðru embætti samkvæmt 16. gr. stjskr.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um þennan embættismann, en vil aðeins benda á það, að sú embættisveiting, sem framkvæmd var með skipun hans, var svo sérstæð, að þegar því „principi“ hefur verið slegið föstu, að í þessu embætti þurfi að vera lögfræðingur, þá kemur varla annað til mála en embættinu verði þegar slegið upp. Ég vil benda á það, að þegar embættið var veitt síðast, þá var því ekki slegið upp og engum lögfræðingi gefinn kostur á því og þá ekki heldur neinum lögfræðingi gefinn kostur á því að búa sig undir þennan starfa. Það er því engu líkara en því hafi verið slegið föstu af veitingarvaldinu, að enginn lögfræðingur væri fær um að gegna þessu embætti. Í embættið var svo settur maður með flugmannsmenntun og það réttlætt með því, að honum yrði fenginn lögfræðilega menntaður fulltrúi! Ég get ekki tekið undir með hv. 10. landsk., en hann vildi gefa þá skýringu á þessu, að þetta hefði verið gert fyrir dómsmrh. sem tilraun, og hann vildi hlíta því, að þessari tilraun yrði haldið áfram. Ég fyrir mitt leyti vil ekki hlíta því og það því fremur sem nú situr dómsmrh., sem hefur ekki óskað, að þessari tilraun yrði haldið áfram.

Það er ekki gert ráð fyrir því í frv. hæstv. ríkisstj., að núverandi lögreglustj. verði að víkja úr embættinu fyrir löglærðum manni, en það verður þó ekki séð, að hæstv. dómsmrh. sé þægð í því, að núverandi lögreglustj. sitji áfram.

Það er eitt atriði í frv., sem ég sé ástæðu til að taka til athugunar fyrir 3. umr. og er svipað því sem fram kom í grg. frv. okkar hv. þm. Snæf. Það var það, sem hæstv. dómsmrh. drap á, að rétt væri að gera sérstakar kröfur um „praktiska“ þekkingu lögreglustj. í Reykjavík. Ég er þar alveg á sama máli. Það er nærri sanni, að þegar lögfræðingum hefur verið gefinn kostur á að sækja um embættið, þá sé þeim einnig gefinn kostur á að búa sig sérstaklega undir að fara með jafnvandasamt embætti og lögreglustjóraembættið í höfuðborg landsins. Ég er því alveg samþykkur því, að inn í frv. ríkisstj. verði sett viðbótarákvæði um einhverja „praktiska“ þekkingu hjá þeim manni, sem settur yrði í embættið. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta.

Ég fagna því, að hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp í frv. sitt það atriði, sem fyrir okkur vakti á síðasta þ. og kemur nú einnig fram í frv. okkar hv. þm. Snæf.

ATKVGR.
Brtt. 151 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 31. fundi í Nd., 12. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A 45, 151, 169).

**Frsm. (Gunnar Thoroddsen):** Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls kom upp, eins og hv. þdm. mun reka minni til, ágreiningur um það, hvort almennt ætti að setja það skilyrði, að lögreglustjórinn í Reykjavík ætti að fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti. Hv. 1. þm. Árn. (JörB) bar fram till. þess efnis, að það þyrfti ekki að vera. Meiri hl. n. leit þó svo á, að þetta væri réttara að hafa eins og ráð er fyrir gert í frv., og kom það þá fram hjá hv. 1. þm. Árn. (JörB) og fleirum, að rétt væri að setja frekari skilyrði en skilyrði til héraðsdómaraembættis, sem sé, að umsækjandi hefði þekkingu á háttum lögreglumála. Till. 1. þm. Árn. var þá tekin aftur, og nú hefur allshn. komið sér saman um að leggja til, að auk þess að fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti, skuli þurfa raunhæfa þekkingu á háttum og stjórn lögreglumanna og skipulagi lögreglumála.

Fyrir hönd allshn. vil ég mælast til, að till. þessi verði samþykkt. Ég skal taka það fram, að ég lít svo á, að þetta sé að nokkru leyti staðfesting á því, sem verið hefur, því að það er kunnugt um síðustu lögreglustjóra fyrir 1939, að þeir fóru utan til þess að kynna sér þessi mál og öðlast þannig nauðsynlega þekkingu. Sá ráðh., sem um þetta fjallar á sínum tíma, leggur svo mat á það, hvort þessi þekking er fullnægjandi. Það er ekkert á móti því að orða þetta svona, en ráðh. þarf að hafa frjálsar hendur í þessu efni. Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta, en vildi mæla með þessari till. fyrir n. hönd.

Hins vegar er hér á leiðinni till. frá hv. þm. N.-Ísf. (SB) á þá lund, sem till. sú var, sem við stóðum að á síðasta þ. og allshn. kom sér saman um. En hún er um það, að lögreglustjóraembættið skuli auglýst til umsóknar, enda hafi núverandi lögreglustjóra verið séð fyrir embætti með ekki verri launum. Ég skal ekki fara út í þetta, en vil taka það fram fyrir mína hönd, en ekki í umboði allshn., að ég mun fylgja þessari brtt., enda er hún í samræmi við afstöðu mína á tveim undanförnum þingum.

**Sigurður Bjarnason:** Herra forseti. Eins og frsm. allshn., hv. þm. Snæf. (GTh), drap á og ég minntist lauslega á, þegar þetta mál var síðast til umr. hér í d., hafði ég hugsað mér að flytja brtt. við þetta frv. ríkisstj., sem gengi í sömu átt og frv. það, sem ég flutti á þessu þ. ásamt hv. þm. Snæf. (GTh) og á fyrra þ. ásamt honum og 2. þm. Eyf. (GÞ). Eins og ég gat um við fyrri umr. þessa máls, er með frv. ríkisstj. fallizt á það meginprincip okkar frv., að lögreglustjórinn í Reykjavík skuli fullnægja hinum almennu dómaraskilyrðum, þ. e. a. s., skuli þurfa lögfræðilega menntun. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að ekki verði gerð breyt. á skipun embættisins frá því, sem nú er, á meðan sá maður er í því, sem tók við, er gerð var breyt. á l. 1939. Nú er það svo, að meiri hl. allshn., sem hafði þetta mál með höndum, gerði ráð fyrir því að fallast að öllu leyti á þá stefnu, sem kom fram á síðasta þ. í frv. okkar hv. þm. Snæf. (GTh) og 2. þm. Eyf. (GÞ), ekki aðeins um það, að í embættinu sæti lögfræðingur, heldur einnig, að embættinu væri þegar slegið upp með hæfilegum umsóknarfresti, enda hefði núverandi lögreglustjóra verið séð fyrir starfi, sbr. 3. málsgr. 16. gr. stjskr. Ég vil ekki fara nánar út í þetta, en skírskota til nál. 4 allshnm. á síðasta þ., þar sem lagt er til, að breyt. verði samþykkt.

Ég vil leyfa mér að lesa upp brtt. þá, sem ég hef flutt við frv.: „Aftan við 11. gr. bætist ný gr.: Þegar lög þessi öðlast gildi, skal auglýsa lögreglustjóraembættið í Reykjavík laust til umsóknar með hæfilegum fyrirvara, enda hafi þá núverandi lögreglustjóra verið veittur kostur á öðru starfi samkvæmt 3. málsgr. 16. gr. stjskr. Greinatalan breytist samkvæmt þessu."

Ég vil að lokum segja það, að þegar greitt er atkv. um þessa till., er greitt atkv. um principmál. Það er verið að greiða atkv. um það, hvort haldast skuli ranglát embættaveiting, sem er — mér liggur við að segja — velsæmisbrot, og hvort Alþ. ætlar sér að sætta sig við þessa skipun í embætti í framtíðinni. Ég hygg, að ef Alþ. samþykkir það í þessu máli, að í þessu embætti skuli sitja lögfræðingur, þá sé ekki stætt á þessu, því að þá á í þessari stöðu að vera lögfræðingur, en ekki flugmaður.

Ég þarf svo ekki að fjölyrða um þetta, en vil leyfa mér að óska þess, að hv. d. fallist á þessa skrifl. brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 170) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Jörundur Brynjólfsson:** Það eru aðeins örfá orð. Eins og sjá má á brtt., sem fyrir liggur á þskj. 169, hefur orðið samkomulag í allshn. um að mæla með þessari till. sem breyt. við 1. gr. frv. Ég hafði þá á orði innan n., þegar málið var til meðferðar, að ég gæti fallizt á þessa breyt. til samkomulags, ef af hálfu n. yrðu ekki fluttar aðrar till. eða gerð önnur breyt. á málinu. Það var að vísu ekki á valdi n., að ekki kæmu breyt. annars staðar frá, svo að þetta snertir ekki brtt. hv. þm. N.-Ísf. (SB). Hv. þm. Snæf. (GTh) mun hafa látið í ljós, að hann ætti erfitt með að greiða atkv. á móti slíkri brtt., ef fram kæmi, og hefur mér nú skilizt á honum, að hann muni ljá henni atkv. sitt.

Í sjálfu sér finnst mér ekki viðfelldið af þingsins hálfu að ætla að gera nýja skipun á embætti, nema af breyt. leiði, að það sé óhjákvæmilegt eða embættismaður hafi ekki staðið vel í stöðu sinni. Eftir þeim kynnum, sem ég hafði af þessu á síðasta þ., og eftir viðtali við þá menn, sem gleggst deili vissu á þessu, er greinilegt, að þessi maður hefur staðið vel í stöðu sinni, og ég get enn fremur skírskotað til orða dómsmrh. hér á síðasta þ., sem vitaskuld veit bezt, hvernig þessi störf eru unnin, þar sem hann er yfirmaður þeirra mála og hlýtur að hafa gleggst kynni af því, hvernig með þau er farið, og eins og það var orðað við 2. umr. málsins, hefur þessi embættismaður hið bezta orð.

Mér finnst það breyta nokkru, ef þessi brtt. er afgreidd núna, þótt auk þeirra skilyrða, sem áður voru sett fyrir veitingu þessa embættis, sé lögfræðipróf gert að skilyrði, því að hér er vissulega farið fram á meira en lögfræðipróf eitt og þá vitaskuld þau kynni af störfunum, sem gert er ráð fyrir samkvæmt till.

Hv. þm. N.-Ísf. (SB) veik að því, hvernig þessi embættisveiting hefði orðið til, og út í það ætla ég ekki að fara að neinu ráði. Hitt ætla ég, að ég muni rétt, að það hafi ekki verið óhjákvæmilegt skilyrði, að lögreglustjórinn í Reykjavík væri lögfræðingur, svo að að því leyti ætla ég, að ekki hafi verið breytt neinum lagastaf fyrir þessa veitingu, og eftir því, sem fram hefur komið af hálfu þeirra manna, sem gleggst mega vita, með hverjum hætti þessi embættisveiting var, að það mun hafa verið fullt samkomulag innan alls ráðuneytisins um þessa embættisveitingu. Og ég hygg það líka hafa komið ótvírætt fram, að

þessi maður var sá eini sjálfsagði. Þess vegna held ég, að í þessum ummælum hjá hv. þm. N.-Ísf. (SB) sé fullfreklega að orði komizt, eftir því sem málavextir eru, og þó að hann líti nú þannig á, að öðruvísi hefði átt að fara að á þeirri tíð og að annar hefði verið æskilegri, finnst mér, að till. hans í þessu efni sé ekki heldur viðfelldin og nú stefni hann að því að koma af stað verknaði, sem er óviðfelldinn, svo að ég viðhafi ekki sterkari orð, svo framarlega sem ekki liggja til þess nægilegar ástæður. Og það er ekki komið fram af hálfu hv. þm. N.-Ísf. enn. Ástæðan, sem hann færir fram, er sú, að veiting hafi farið fram með óviðurkvæmilegum hætti að hans áliti, en ég held, að ég geti alveg fullyrt, að fyrir veitingunni hafi verið full stoð í l. Ég er búinn að upplýsa, að allt ráðuneytið stóð að þessari veitingu, og jafnframt hef ég líka skírskotað til þeirra manna, sem bezta þekkingu hafa á störfum þess manns, sem fyrir valinu varð, og nú síðast vitnisburðar dómsmálaráðh. Allt þetta sýnist mér benda til, að hv. þm. N.-Ísf. (SB) hefði getað látið sér þá lagabreyt. nægja, sem allshn. varð ásátt um. Ég vona, að d. geti fallizt á þetta samkomulag n. um afgreiðslu málsins og afgreitt það þannig til Ed. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið. En hafa skyldu menn það í huga, að það er ekki beinlínis hvöt fyrir menn að taka að sér embætti, ef þeir mega eiga von á að verða vikið frá embættinu með lagabreyt. hvenær sem vera skal, án nokkurra saka. Það eru engar sárabætur, þótt embættismanni sé lofað einhverju öðru starfi, sem engin vissa er fyrir, að henti honum og hann geti sætt sig við. Þá mætti ekki minna vera en embættismaðurinn réði einhverju um það sjálfur, hvaða starf hann tæki.

Hv. þm. N.-Ísf. hlýtur að vieta það ofurvel, að sá maður, sem nú gegnir embættinu, á enga sök á því sjálfur, að hann var valinn til þess. Þó að ég þekki hann ekki nema af afspurn og þeirri kynningu þessa máls, sem þm. hlýtur að fá, virðist mér hann hafa staðið þannig í stöðunni, að þá hljóti aðrir embættismenn að ugga um sig, ef hann telst réttrækur.

Ég tók till. mína aftur í trausti til samkomulagsins í n., en veit ekki, hvort ég hefði gert það, ef ég hefði átt von á samþykkt slíkrar till., sem hv. þm. N.-Ísf. ber fram. Ég hélt, að nm. mundu að fengnu samkomulagi hvorki flytja né styðja slíka till.

**Frsm. (Gunnar Thoroddsen):** Hv. 1. þm. Árn. telur, að allshn. hafi orðið ásátt um málið og í því hafi falizt, að hún mundi mótfallin brtt., sem fram kynnu að koma frá einstökum þm. Þetta er misskilningur. N. varð ásátt um það meginatriði, hver skilyrði lögreglustjóri þyrfti að uppfylla. En um önnur atriði höfðu nm. óbundnar hendur að fylgja brtt., ef fram yrðu bornar. Ég tók skýrt fram í n., að ég mundi fylgja brtt. í þessa átt.

Þegar hv. 1. þm. Árn. talar um, að samþ. þessarar brtt. yrði ekki hvöt fyrir menn til að taka að sér embætti, kemur úr hörðustu átt að hafa þau ummæli í sambandi við núv. lögreglustj., sem hefur gengið öðrum mönnum óvægilegar að því að koma mönnum úr starfi, og nú hefur einn þeirra manna fengið í hæstarétti dæmdar skaðabætur fyrir það, að brottvikning hans var eigi byggð á rökum.

**Þóroddur Guðmundsson:** Það hefur borið á góma, hvernig afgreiðslu málið hafi fengið í allshn. og hver sé afstaða n. gagnvart skrifl. brtt. frá þm. N.-Ísf. Ég tel mig hafa óbundnar hendur að fylgja henni, og því var lýst yfir í n., að nm. væru óbundnir. Ég fylgi till. af því, að sú nauðsyn, sem n. taldi vera á því, að lögreglustjóri sé löglærður, er þegar fyrir hendi og brtt. er aðeins rökrétt afleiðing af því áliti n. Það væri ósamræmi að samþ. brtt. n., en fella skrifl. brtt., því verður ekki neitað. Þeir þm., sem halda því fram, að lögreglustjóri þurfi ekki að vera löglærður, hafa farið svo halloka í umr., að ekki er þörf, að ég bæti þar við. En þessir þm. leggja því meiri áherzlu á, að lögreglustjórinn þurfi að hafa þekking á háttum og störfum lögreglunnar og, — eins og hv. 1. þm. Árn. orðaði það, — kunni að beita lögreglunni gegn hópi manna", það sé nauðsyn, að lögreglstjóri hafi hernaðarlega menntun. Þetta er í samræmi við það, að lögreglan er daglega látin æfa sig að skjóta úr skammbyssum, og talið er, að nú eigi að fara að æfa hana við að skjóta með rifflum o. fl. skotvopnum, vélbyssur og táragas hafi verið fengið handa henni og e. t. v. enn fleiri vopn. Aldrei hefur fjárveiting verið fengin til kaupa á slíku, og væri fróðlegt að vita, hvaðan fé til þess hefur komið, en það fæst ekki upplýst af einhverjum ástæðum. Ég álít það enga nauðsyn að vopna lögregluna þannig, því að almenningur er hér löghlýðinn, og þess vegna þurfi lögreglustjórinn ekki hernaðarlega menntun. Þá menntun heimta þeir aftur af honum, sem vilja, að lögreglan sé vopnuð, og er samkvæmni í þeim hugsunarhætti. Eina hættan á því, að lögreglan verði látin berjast við mannfjölda, er sú, ef stjórnarvöld eða atvinnurekendur landsins ætla að beita verkamenn svo miklu ofbeldi og hörku í vinnudeilum, að þá þyki þurfa að hafa vopnaðan her og beita honum. En þá er eftir að vita, hvort sú aðferð yrði þeim til þeirrar blessunar, sem ætlast er til.

Í samræmi við meginskoðun mína á hlutverki lögreglunnar greiði ég atkv. með hinni skrifl. brtt.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Herra forseti. — Ég sé, að nm. allshn. hafa að undanteknum einum vitnað um þetta mál. Það mun hafa verið nokkuð rætt innan n., áður en ég tók þar sæti, og fyrirrennari minn (StJSt) heitið því fylgi sínu, og nokkurs konar samkomulag mun síðan hafa verið orðið um þá breyt., sem n. leggur til að gera. Það er öllum kunnugt, að hv. 1. þm. Árn. gerði sínar aths. í n. og hún hefur að nokkru leyti tekið undir skoðun hans með flutningi brtt., en hann tekið aftur af þeirri ástæðu brtt., er hann flutti áður um málið. Ég er alveg sammála brtt. n. og tel hana nægja, eins og málið horfir nú við. Ég vil ekki blanda mér í umr.

um vopnun lögreglunnar, því að ég er ekki viss um, að þær eigi heima í sambandi við þetta mál. Mér er ekki kunnugt um, að það sé nein sök núv. lögreglustjóra, að til þess ráðs hefur verið gripið að kaupa vopn. — Að fengnu samkomulagi í n. tel ég mér ekki rétt að greiða atkv. með brtt. hv. þm. N.-Ísf. að þessu sinni, þótt eðlilegt sé, að leitazt verði við, að sem fyrst sé fenginn til starfsins maður, er fullnægi kröfum þeim, sem n. vill, að gerðar séu.

**Sigurður Bjarnason:** Herra forseti. Ég hef ekki mörgu að svara. Það voru fáein atriði hjá hv. 1. þm. Árn. (JörB). Hann lagði á það mikla áherzlu, að samkv. l. frá 1939 hefði það ekki verið óviðurkvæmilegt að veita ólöglærðum manni embættið. Ég hef alltaf tekið fram, að skipunin var lögleg, undanþága var komin í l. En það haggar ekki því, að skipun þessa manns í embættið var óviðurkvæmileg. Það er upplýst, að stjórnin hafi boðið fleiri mönnum embættið og þeir hafnað. En allt var það í laumi gert. Embættinu var ekki slegið upp. Það er ekki aðeins ómerkileg venja að slá upp embættum, heldur einn af grundvallarháttum lýðræðisskipulagsins. Með því er verið að tryggja hagsmuni þjóðfélagsins. Ef dómsmrh. hefur sniðgengið þessa venju og boðið hinum *og þessum mönnum* embættið bak við tjöldin, er óhætt að segja, að það eitt gerði embættisveitinguna óviðurkvæmilega, þótt eigi komi fleira til.

Þá er það undanþágan í l. Frv. 1939 var stjfrv., samið af hæstarétti, og fyrir lá umsögn lagadeildar háskólans. Í frv. var krafizt, að lögreglustjórinn fullnægði almennum dómaraskilyrðum. Þannig var það samþ. í Ed. Það var fyrst í allshn. Nd., sem undanþágan var sett inn. Þegar fyrir liggur álit hæstaréttar, lagad. háskólans og 4 lögfræðinga allshn. á fyrra þingi um nauðsyn þess, að lögreglustjórinn sé löglærður, *hygg ég* það vega þyngra en skoðun hv. 1. þm. Árn. á því atriði.

Þá ber hann það fram, að fullt samkomulag hafi verið um veitinguna í ríkisstj. 1939. Ég vil minna á, að ríkisstj. flutti frv. á þingi 1939 án þess að gera ráð fyrir öðru en lögreglustjórinn yrði að vera löglærður, svo að fullyrðing þm. um fullt samkomulag um hið gagnstæða lætur undarlega í eyrum. Ég verð að játa, að mig brestur trú á yfirlýsingar framsóknarmanna um það, hvað samkomulag hafi verið um í ráðuneytinu 1939, — þó að hv. 1. þm. Árn., sem er hinn greindasti og gegnasti maður, muni þar *síður* sekur um óheilindi en margir flokksbræður hans, sem hafa undanfarið ár haldið uppi látlausum, rætnum rógi um 2 ráðherra, er í ráðuneytinu voru, út af kjördæmamálinu og kallað þá eiðrofa. Það má hver lá mér það, sem vill, þó að mér falli ekki allur ketill í eld, þegar hv. 1. þm. Árn. lýsir yfir því, að samkomulag hafi verið um þetta innan ríkisstj., þar sem ég hef bent á, að þegar ríkisstj. flutti frv. upphaflega, var þetta ákvæði ekki í frv.

Ég get verið stuttorður úr þessu. Ég get ekki fallizt á það, sem hv. 1. þm. Árn. segir, að till. mín sé óviðfelldin og stefni að óviðfelldnum verknaði. Ég held, að með samþykkt þessarar till. minnar sé einungis stefnt að því, að Alþ. sé sjálfu sér samkvæmt. Ef Alþ. afgreiðir l. svo, að það segir, að til þess að fara með þetta embætti þurfi lögfræðimenntun, en að samt skuli maður, sem hefur ekki slíka menntun, sitja í embættinu áfram, er það ekki sjálfu sér samkvæmt.

Ég vil að lokum víkja að því, sem hv. 1. þm. Árn. sagði, að till. mín tryggði ekki fráfarandi lögreglustjóra, og þyrfti að gefa honum kost á, hvaða stöðu hann vildi. Mér finnst hv. þm. nokkuð viðkvæmur. Till. mín fylgir ákvæði stjskr., þar sem honum er gefinn kostur á að fá þá stöðu, sem hann sé jafnvel sæmdur af fjárhagslega, en það verður að vera undir mati komið, hvað langt á að ganga í því að fara eftir, hvað slíkum embættismönnum geðjast að. Aðalatriðið er, að vel sé séð fyrir honum, og það tel ég gert með till. minni, enda er það mjög fjarri mér að vilja í nokkru níðast á þeim unga manni, sem var sérstaklega dugandi maður, meðan hann vann að því starfi, sem hann hafði menntun til, meðan hann var flugmaður. *Ég tel vitanlega alveg sjálfsagt, að hann* fái embætti við sitt hæfi.

Það er von mín, að hv. Nd. samþ. þessa till., og atkvgr. um hana tel ég prófstein á það, hverjir það eru innan þ., sem vilja viðhalda ranglátum og hættulegum embættaveitingum, aðeins af því að þær hafa verið framdar.

**Jörundur Brynjólfsson:** Það mætti ætla eftir umr., að hér færi fram eldhúsdagur, því að ég þykist ekki með mínum ummælum hafa gefið tilefni til slíks. Það ætti að vera betra að velja sér annað tækifæri en þetta til eldhúsdagsumr. og þá um þau atriði, sem helzt hafa fram komið í pólitískum deilum í landinu. Ég mun að mestu leiða slíkt hjá mér, því að bæði er, að við dm. mundum verða jafnnær, þegar hætt væri slíkum leik, og í öðru lagi efast ég um, að þetta mál græði nokkuð á því. Mér fannst því mikill hluti ræðu hv. þm. N.-Ísf. eiga lítið erindi í þessar umr. og hvorki vera upplýsandi fyrir málið né veita því nokkurt gildi. Hann lítur öðrum augum á og verður efalaust fyrir vonbrigðum út af því að geta ekki teygt mig inn á þann vettvang, sem hann er búinn að hasla mér völl á. Ég mun síðar koma að hans ræðu, en vík nú að öðrum ræðumönnum.

Ég þóttist ekki hafa gefið tilefni til, að afstaða allshn. væri misskilin. Mér láðist að vísu að geta um, — sem ég sé nú að réttara hefði verið, — að hv. 2. landsk. þm. lýsti yfir því í n., að hann mundi greiða atkv. með till. eins og till. hv. þm. N.-Ísf. Um afstöðuna til till. hv. þm. Snæf. tók ég beint fram, og ætla ég, þegar á þetta er litið, að rétt hafi verið hermt hjá mér.

Mér fannst á hv. þm. Snæf., að hann eiginlega vilja réttlæta afstöðu sína með þessari brtt., af því að lögreglustjóri mundi hafa látið einhverja menn hætta störfum, án þess að ástæða væri til, og því væri rétt að hafa þessa aðferð, sem er mjög óvenjuleg á þ. Út í þau atriði, sem hann veik að, skal ég ekki fara nánar. Ég hef ekki

kunnugleika á þeim, en vil skírskota til dómsmrh. um starf mannsins. Það álít ég öruggast og vissast.

Hv. 2. landsk. þm. veik að því, að sér þætti meira en lítið óviðfelldið, að lögreglunni væri kennt að fara með vopn. Þegar lögreglan fór að hafa yfir vopnum að ráða, vakti það fyrir mönnum, að það gæti verið óhjákvæmilegt, ekki vegna lögreglunnar, heldur vegna öryggis þegnanna í landinu gagnvart ofbeldi og uppivöðslusemi. Það má segja með sanni, að hingað til hafa Íslendingar verið löghlýðnir í þessum efnum, enda eiga hér fleiri hlut að máli en landsins eigin börn. Er þess skemmst að minnast, þegar lögreglan varð að fara með vopnavaldi til að halda útlendingum í skefjum. Áhöfn á útlendu skipi hafði neitað að hlýða lögum landsins. Þess konar atburðir geta ætíð gerzt, og er ekki ólíklegt, að þeir kunni hér eftir frekar að geta gerzt en hingað til. Þá hefur og eitthvað af þessu tagi komið fyrir á meðal okkar sjálfra, en þeir menn, sem að hafa staðið, eru fullkomin undantekning frá hinum almennu borgurum landsins. Það getur því verið nauðsynlegt að grípa til vopna undir vissum og óvenjulegum kringumstæðum, og þá segir sig sjálft, að þeir, sem með þau fara, þurfa að kunna að nota þau, svo að ekki leiði til skaða og ógæfu. Ég held því, að þó að mönnum þyki óviðfelldið að tala um vopnaburð, sé langsamlega bezt, ef til slíkra óyndisúrræða þarf að grípa, að lögreglan kunni með vopnin að fara.

Hv. þm. N.-Ísf. veik að því, hvernig embættið var veitt. Ég gat um það áður, með hverju móti sú veiting hefði farið fram, og þarf ekki að endurtaka það. Hann viðurkenndi, að veitingin hefði farið fram l. samkvæmt, en það, sem hann leggur mest upp úr, er, að embættinu var ekki slegið upp. Ég veit, að hv. þm. N.-Ísf. er mér sammála um, að það er ekki endilega víst, þó að embætti sé slegið upp, að það sé sá, sem sjálfsagður er til starfsins, er það hlýtur. Leiti hann í huga sér, sér hann, að slíkt hefur komið fyrir, svo að þarna er engin trygging út af fyrir sig.

Hv. þm. segir, að Alþ. sé ekki sjálfu sér samkvæmt, ef það setur þetta ákvæði í frv. nú og lætur ekki núverandi lögreglustjóra fara frá. Þetta er fjarri öllu lagi. Áður var það ákvæði í l., að þessi embættismaður þyrfti að hafa lögfræðimenntun. Því er breytt. Síðan fær veitingu maður, sem hefur ekki lögfræðipróf, en hefur svo mikilvæga þekkingu á öðrum sviðum, sem til starfsins þarf, að talið er rétt að veita honum það, með samkomulagi innan ríkisstj., eins og komið hefur fram opinberlega. Þó að Alþ. breyti síðan l. svo, að þessi embættismaður þurfi að hafa lögfræðimenntun, auk margra nýrra skilyrða, sem áður hafa ekki í l. verið, er þá nokkur ósamkvæmni í því, þó að þessi embættismaður, sem á löglegan hátt var skipaður í embættið og reynzt hefur dugandi maður, verði ekki samstundis látinn fara úr embættinu? Rökum hv. þm. mætti eins snúa við. Ef Alþ. samþ. brtt. hans og lætur embættismanninn fara frá, sýnir Alþ. ósamkvæmni. Það er áður búið að veita heimild til þess, að með þessum hætti megi veita embættið, en ætlar að láta þann embættismann fara frá, þegar ný skilyrði koma inn í l. Þetta væri ósamkvæmni, og það sér hv. þm. N.-Ísf., þegar hann hugsar sig betur um. Hann vildi skýra brtt. sína svo, að hún væri nokkurs konar mótmæli gegn ranglátum og hættulegum embættaveitingum. Hún hefur þá annað í sér fólgið líka, nefnilega lykil að óheppilegri meðferð Alþ. gagnvart embættismönnum landsins.

Eins og ég sagði í byrjun máls míns, ætla ég að leiða hjá mér að fara út í pólitískar deilur milli flokka og blaðaskammir, því að hvorugur okkar þm. N.-Ísf. græðir á því, né heldur eykst vegur þ., þó að við förum að tíunda ýmislegt fram á báða bóga sem dæmi upp á það, hve flokkum og blaðamennsku er áfátt. Hitt væri æskilegra og honum vonandi líka hugþekkara, ef hugsa mætti til þess, að blaðaviðureign yrði með fullum drengskap og svo, að upp úr henni mætti leggja.

**Eysteinn Jónsson:** Ég hafði gert ráð fyrir, að það mundi verða samkomulag um afgreiðslu þessa máls eftir till. allshn. með brtt. hennar, sem sé, að framvegis verði reynt að keppa að því, að í lögreglustjóraembætti sitji maður, sem bæði hefði lögfræðilegan undirbúning undir starfið og hefði sérstaklega kynnt sér önnur atriði, sem einkum þarf að kunna skil á til þess að geta gegnt slíku starfi sem bezt, en að hitt mundi þykja sjálfsagt, að maður, sem löglega hefur þetta embætti á hendi og reynzt hefur vel, héldi því áfram, meðan hann sæi sér fært að gegna því.

En nú vill svo einkennilega til, að hv. þm. N.-Ísf. virðist ekki geta sætt sig við þessa lausn. Hann virðist ekki geta sætt sig við annað en núverandi lögreglustj. láti af störfum og annar komi í hans stað. Hv. þm. N.-Ísf. hefur ásamt fleirum flutt hér áður frv., sem fór í þessa sömu átt, en það fékk litlar undirtektir. Það mun hafa stafað af því, að mönnum fannst það vera flutt meira til þess að skeyta skapi sínu á ákveðnum einstaklingi en til þess að lagfæra galla. Það leit út fyrir það þar til nú fyrir fáum dögum, að samkomulag gæti náðst um lausn á þessu máli, en nú gerir þessi hv. þm. sig ekki ánægðan með annað en smeygja þessum fleyg inn í frv. í stað þess að sætta sig við, að samkomulag yrði um, að lögreglustj. skyldi framvegis jafnan vera lögfræðingur. Nú liggur það ljóst fyrir, og það veit þessi hv. þm., að núverandi lögreglustjóri er skipaður samkvæmt ótvíræðri lagaheimild, og það er upplýst af hæstv. dómsmrh., að hann telur embættinu vel gegnt af þessum manni. Þrátt fyrir þetta á nú Alþ. samkvæmt till. hv. þm. N.-Ísf. að taka sig saman um að reka þennan mann frá starfi. Einu rökin, sem hv. þm. N.-Ísf. getur svo komið með fyrir máli sínu, eru þau, að lögreglustj. ætti að vera löglærður maður. Það eru alls einu rökin. Hitt lætur hann sig svo engu skipta, þótt löglega skipaður embættismaður, sem hefur gegnt starfi sínu vel, sé rekinn frá embætti. Nú er það svo, að það getur verið gott fyrir lögreglustjóra að vita fleira en það, sem lögfræðingar eiga að

kunna. Það getur líka verið gott fyrir hann að kunna vel að stjórna mönnum til verka og hafa góða þekkingu á því öðru, sem lýtur að útistörfum lögreglunnar. Þetta hefur líka verið skoðun Alþ. á þeim tíma, sem það gaf heimildina um að ráða mann til þessa starfa, þótt hann hefði ekki lagapróf. Alþ. gaf þessa heimild með því skilyrði, að ef maðurinn væri ekki löglærður, þá skyldi hann kunna sérstaklega góð skil á öðrum atriðum í starfinu. Nú mun það vera svo, að núverandi lögreglustj. sé einn með reglusömustu embættismönnum, sem við höfum. Það væri því meira en lítið harðleikið, ef Alþ. færi nú að samþ. að víkja þessum manni frá störfum, enda geri ég tæpast ráð fyrir því, að það komi til mála, að Alþ. samþ. slíkt. Hitt er annað mál, hvort menn vilja setja markið það hátt, að í framtíðinni skulum við eiga völ á mönnum, sem bæði eru lögfræðingar og kunna góð skil á öðrum störfum lögreglustjóra. Það er allt annað mál að keppa að því í framtíðinni eða hitt að víkja þessum manni nú úr embætti. Þessu tvennu má alls ekki blanda saman. Það er misskilningur af hálfu þessa hv. þm., ef hann heldur, að þeir, sem hafa ákveðið að fallast á þá samkomulagslausn á málinu, sem hér er í undirbúningi, hafi ástæður til þess að fallast á þessa till. hans. Hér við bætist, að eins og hv. 1. þm. Árn. hefur upplýst, þá var fullt samkomulag um það í ríkisstj. þeirri, sem þá sat, að núverandi lögreglustj. yrði ráðinn til starfans, og áður en hann tók við embættinu, kynnti hann sér sérstaklega skoðun hv. þm. G.-K., formanns Sjálfstfl. og þáverandi atvmrh., á þessu máli og hvort hann væri þessari ráðningu fylgjandi, og fékk þar þau svör, að hann væri því samþykkur. Þetta hefur líka komið fram hér áður og það meira að segja í þskj., og því hefur ekki verið mótmælt. Ég var satt að segja alveg hissa á þeim æsingi, sem greip hv. þm. N.-Ísf., þegar rætt var um samkomulag það, sem fyrrverandi ríkisstj. gerði um skipun lögreglustjórans. Hann æsti sig upp, þar til hann hrópaði yfir þingsalinn, að hann gæti látið sér það í léttu rúmi liggja, hvað fyrrverandi ráðh. Framsfl. segðu um þetta mál, því að þeir væru lygarar, sem hefðu logið versta óhróðri upp á samstarfsmenn sína í ríkisstj., og væri því ekkert að marka, hvað þeir segðu. Ég verð að segja það, að ég varð meira en lítið undrandi á þessu hjá hv. þm., og ég hefði gaman af að vita, hvað hann hefur fyrir sér í þessum staðhæfingum og hvað kemur til þess, að hann skuli leyfa sér að viðhafa slík ummæli hér á Alþ. Hann minntist í þessu sambandi á ummæli þau, sem ég og hv. þm. Str. höfðum viðhaft í sambandi við kjördæmamálið og afgreiðslu þess, og átti það að vera sönnun þess, að við værum lygarar. Ég vil nú segja þessum hv. þm., að hann veit eða ætti að vita það af því, sem komið hefur fram í sambandi við það mál, að allt það, sem við höfum sagt um það, er satt, og öll þjóðin veit, að það er satt, og því hefur ekki verið mótmælt, sem er ekki heldur von.

Ég ætla mér ekki að fara að munnhöggvast hér við þennan framhleypna hv. þm., en vil aðeins láta mér nægja að láta bókfæra þessi ummæli eftir mér í Alþ.tíðindin. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara frekar út í þetta, en vil eiga minn hlut að því, að það samkomulag, sem allshn. hefur lagt til, að gert verði um þetta mál, komist á, og ég tel það illa farið, ef till. hv. þm. N.-Ísf. gæti orðið til þess að spilla því samkomulagi.

**Dómsmrh. (Einar Arnórsson):** Herra forseti. Ég skal vera fáorður um þetta mál, enda hafa ekki komið fram aths. við það, sem ég hef sagt. Ég vil þakka hv. allshn. fyrir þá till. til samkomulags, sem hún hefur lagt hér fram á þskj. 169, því að hún gengur í þá átt, sem ég hefði viljað, að þetta mál stefndi.

Ég vona því, að hv. d. fari ekki að fleyga þetta mál með því að samþ. brtt. hv. þm. N.-Ísf., enda sé ég ekki ástæðu til þess, þar sem ég sé ekki betur en kröfum þeirra, sem vilja hafa lögreglustj. með lagaprófi, og hinna, sem vilja taka tillit til annarra hæfileika mannsins, sé báðum fullnægt með till. allshn. Ég sé ekki betur en í brtt. hv. þm. N.-Ísf. gæti nokkurrar ósamkvæmni, þar sem í frv. segir, að lögin skuli öðlast gildi 1. jan. 1944, en í brtt. segir, að þá skuli núverandi lögreglustjóra hafa verið gefinn kostur á öðru starfi samkvæmt 3. mgr. 16. gr. stjskr. Ég býst við, að það verði erfitt að fullnægja báðum þessum skilyrðum. Ég þekki ekkert laust embætti fyrir núverandi lögreglustjóra, sem væri honum jafnvirðulegt og vel launað, og sé ég því ekki, að þetta sé framkvæmanlegt, nema ef hv. þm. N.-Ísf. vildi í snatri búa til eitthvert slíkt embætti. Ég veit heldur ekki til þess, að við höfum neinn lögfræðing, sem hefur aflað sér raunhæfrar þekkingar á stjórn lögreglumála, nema þá hv. þm. Str., sem áður hefur verið lögreglustj. og fór áður til útlanda til þess að búa sig undir embættið. En ég er ekkert viss um, að hann vilji nú taka við því aftur.

Það hafa að vísu tveir menn aðrir gegnt þessu embætti um stundarsakir, en ég veit ekki, hvort þeir kæra sig nokkuð um það heldur. Ég sé því ekki betur en till. hv. þm. N.-Ísf. sé óframkvæmanleg í bili. Ég lít einnig svo á eins og hv. 1. þm. Árn. og hv. 2. þm. S.-M., að ekki komi til mála að leysa þennan mann frá starfi, nema því aðeins, að hann vildi af frjálsum vilja fara í annað embætti, sem honum hæfði, en það væri ekki að hrekja hann úr embætti. Hann hefur fengið þetta embætti að réttum lögum og að mínu áliti gegnt því mjög sómasamlega, og því sé ég ekki ástæðu til, að þess sé nú krafizt, að hann víki úr því.

Ég þekki líka mörg dæmi þess, að það hefur verið bætt inn nýjum skilyrðum fyrir hæfileikum manna til embætta, en þau hafa aldrei verið látin ná til þeirra manna, sem hafa setið í embættinu fyrir. Það má t. d. taka læknana. Í gamla daga voru þeir útskrifaðir með einhverju prófi frá landlækni, en síðar hafa kröfurnar um þekkingu og starfshæfni þeirra margsinnis verið auknar, en þó hafa gömlu læknarnir aldrei verið látnir víkja úr embættum, þótt þeir fullnægðu ekki nýjustu kröfum.

Ég vil því eindregið vænta þess, að hv. deild geti fallizt á að samþ. till. allshn.

**Garðar Þorsteinsson:** Herra forseti. Ég tel rétt að gera nokkra grein fyrir atkv. mínu viðvíkjandi brtt. hv. þm. N.-Ísf.

Þegar lögin, sem hér á að fella úr gildi, voru til umr. hér árið 1939, þá átti ég sæti í allshn. Nd., og það er rétt, að þegar frv. kom frá Ed., þá hafði það ekki það ákvæði, að það mætti með konunglegri tilskipun veita undanþágu frá því skilyrði, að lögreglustj. skyldi vera lögfræðingur. Ég hef nokkra hugmynd um það, hvers vegna þetta ákvæði var þá ekki í frv., þótt ég skýri ekki frá því hér. En hitt veit ég líka, að það var þáverandi hæstv. dómsmrh., sem kom til allshn. Nd. með tilmæli um, að þessu ákvæði yrði bætt inn. Mér var líka kunnugt um það, að ríkisstj. hafði rætt þetta og orðið sammála um að fá þessu bætt inn í frv. Mér er þetta allt vel kunnugt vegna þess, að ég var eini maðurinn í allshn., sem var á móti þessu, því að ég hef alltaf viljað, að lögreglustj. væri lögfræðingur, og eins og þskj. 576 frá 1939 ber með sér, þá skrifaði ég undir nál. með fyrirvara, en það gerðu hinir ekki, og sýnir það, að þeir voru sammála um þetta. Eins og sjá má í nál. þessu, þá kemur þetta undantekningaratriði um lögreglustjóra fram í Nd., og vil ég nú lesa það upp, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir svo: „Þó telur nefndin, að svo geti staðið á, að réttlætanlegt megi teljast að víkja í einhverju frá skilyrðum greindrar lagagreinar, að því er snertir lögreglustjóra".

Svo vil ég benda á, að það var fyrir mitt tilstilli, að bætt var inn í þetta nál. ákvæði, sem ég skal nú lesa, með leyfi hæstv. forseta. Það hljóðar þannig: „En auðvitað ætlast nefndin til, að heimild þessi sé því aðeins notuð, að í stað lögfræðimenntunar og annarra sérstakra dómaraskilyrða sé í tilskipuninni krafizt sérstakrar þekkingar eða menntunar, sem telja má svo mikils virði fyrir forustumenn lögreglunnar, að það jafngildi hinum sérstöku dómaraskilyrðum."

Þessa skoðun hef ég alltaf haft og aldrei frá henni vikið. Þótt þetta hins vegar væri þá samþ. af Nd. og Alþ., þá var það af sérstökum ástæðum, sem öll ríkisstj. hafði komið sér saman um þetta, því að það er rétt, að ríkisstj. var sammála um þetta, og þótt ég vilji síður en svo vitna með hv. 2. þm. S.-M. í öðru því, sem hann sagði hér áðan, þá er þetta rétt hjá honum. Það mætti segja, að það væri óeðlilegt, ef ég kynni að greiða atkv. á móti brtt. hv. þm. N.-Ísf., þar sem ég hef áður verið meðflm. hans að frv., sem fer í sömu átt. En þegar þetta kom nú til umr. í allshn., þá þótti það nokkuð harkalegt að fara að svipta mann nær því fyrirvaralaust því embætti, sem Alþ. hefur áður komið honum í með lagasetningu.

Þá var það og í öðru lagi, að ég, með fullu samþykki a. m. k. annars meðflm. míns að áðurnefndu frv., fór til hæstv. dómsmrh. og fór fram á það, að hann hlutaðist til um það, að núverandi lögreglustj. tæki að sér annað embætti í sambandi við flugmál, og ég veit, að hæstv. dómsmrh. mun kannast við þetta. Í frv. ríkisstj. er sett það skilyrði, að lögreglustj. skuli vera lögfræðingur, en hins vegar er það tekið fram, að núverandi lögreglustj. skuli þó ekki missa embætti sitt, og ég hef fellt mig við það. Í upphafi klofnaði allshn. raunverulega um þetta mál, þótt ekki kæmu fram tvö nál. Hv. 1. þm. Árn. vildi ekki, að það yrði gert að skilyrði, að lögreglustj. skyldi vera lögfræðingur, en ég var honum mótfallinn í því. Hann kom svo fram með sína brtt. um þetta atriði. Í framhaldi af þessu er það svo, að hæstv. dómsmrh. orðar aðra brtt., sem hann síðan lagði fyrir nefndarfund í morgun. Ég lýsti þá þegar yfir því, að ég felldi mig við þetta sem miðlunartill., ef hv. 1. þm. Árn. tæki aftur sína brtt., og féllst hann á það. Þegar ég gaf þessa yfirlýsingu, vissi ég ekkert um þessa brtt. hv. þm. N.-Ísf., en ég lýsti yfir þessu, og ég geng ekki frá því, sem ég lýsi yfir á nefndarfundi.

Það má deila um það, hvað sé fyrsta skilyrði þess, að maður sé hæfur lögreglustjóri. Ég held því eindregið fram, að hann þurfi að vera lögfræðingur, því að það koma næstum daglega fyrir atvik, sem lögfræðileg þekking er nauðsynleg til úrskurðar á, en hitt er líka, að það getur oft komið fyrir, að nauðsyn sé á því, að lögreglan hafi duglegan stjórnanda. Þegar svo eru jafnframt sett skilyrði um það í l., að lögreglustj. skuli vera lögfræðingur og að hann skuli hafa raunhæfa þekkingu á stjórn lögreglumála, þá munu þeir lögfræðingar hér frá háskólanum, sem hafa hug á þessu embætti, fara utan til þess að kynna sér lögreglustörf og stjórn þeirra mála.

En eins og málum er nú háttað, dettur engum manni í hug að fara utan til þess að mennta sig í þessu skyni, ef opin leið er til að skipa aðra menn án sömu menntunar. Eins og mönnum er kunnugt, útskrifar háskólinn árlega fjölda lögfræðinga með hæfileika til þess að stjórna öðrum. Þeir mundu því taka það sem sína sérgrein að stunda þetta nám, eins og aðrir hafa gert. Mætti í því sambandi benda á Jónatan Hallvarðsson og Hermann Jónasson, sem báðir fóru utan til þess að kynna sér þessi mál. Mér finnst því eina lausnin, sem viðunandi sé fyrir alla aðila, vera sú, að í framtíðinni sé tryggt, að þessir menn séu bæði lögfræðingar og hafi þessa sérþekkingu.

**Sigurður Bjarnason:** Herra forseti. Ég verð að biðja forseta að afsaka það, þó að ég kunni að syndga upp á náðina, og vænti, að hann kunni að virða mér það til vorkunnar, þótt mál mitt lengist nokkuð.

Mig furðar á þeim ummælum, sem hæstv. dómsmrh. lét hér falla, og sérstaklega þegar ég lít á þá meginskoðun, sem jafnan hefur komið fram hjá honum, fyrst sem hæstaréttardómara og síðar sem dómsmrh. Hann taldi, að þessa till., sem ég flytti hér, gæti verið nokkuð erfitt að framkvæma. Meginatriðið, sem hann taldi því til fyrirstöðu, var það, að ekki væri hægt að fá neinn mann með raunhæfa þekkingu til þess að taka að sér þetta starf innan svo skamms tíma sem till. gerir ráð fyrir. Mig furðar því mjög á að heyra slík ummæli frá hæstv. dómsmrh., þegar vitað er, að sá maður, sem bætir upp þekkingarskort núverandi lögreglustjóra og hefur verið fulltrúi hans, hlýtur að vera maður með raunhæfa þekkingu á þessum málum. Mér finnst

slík ummæli hæstv. dómsmrh. vera lítt rökstudd, og er því vafasamt, að ég taki önnur ummæli hans um þessa till. eins alvarlega, úr því að þetta er aðalröksemd hans gegn þessari till.

Ég ætla því næst að drepa nokkrum orðum á það atriði, sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh. út af því, að þessi till. væri lítt framkvæmanleg vegna hinna stuttu tímatakmarka, sem hún gerir ráð fyrir. Þetta fæ ég ekki fallizt á og mun skýra mál mitt með því, sem í till. segir:

„Þegar lög þessi öðlast gildi, skal auglýsa lögreglustjóraembættið í Reykjavík laust til umsóknar með hæfilegum fyrirvara, enda hafi þá núverandi lögreglustjóra verið veittur kostur á öðru starfi samkv. 3. mgr. 16. gr. stjórnarskrárinnar."

Maður hlýtur því að skilja þessa till. þannig, að ef ekki verður búið að útvega lögreglustjóra, áður en l. öðlast gildi eða fyrir 1. jan. 1944, þá skuli embættið auglýst engu að síður. Ég ætla ekki að fara út í neinar deilur við hæstv. dómsmrh., sem er okkar fróðasti maður í ísl. lögum, en mér finnst ekki þurfa miklar skýringar á þessari till. til þess að leggja þennan skilning í hana. Hér er sem sagt um ákveðin tímatakmörk að ræða í till., og langlíklegast er, að hægt sé að ganga frá þessu fyrir áramót. Hæstv. dómsmrh. sagðist ekki koma auga á neitt embætti, sem samboðið væri núverandi lögreglustjóra. Ég ætla ekki að fara út í langa ræðu um það. Við, sem upphaflega stóðum að því að flytja þetta frv., svipuðumst um eftir starfa handa honum, og við höfum í huga ákveðið embætti, sem nauðsynlegt er, að maður með sérþekkingu sé í. Ég fer svo ekki nánar út í það.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um ræðu hv. 1. þm. Árn., því að í henni kom ekkert nýtt fram. Hann sagði, að ég vildi hefja hér eldhúsdagsumræður. Það má vel vera, að framsóknarmenn hugsi svo í hvert sinn, ef minnzt er á gömul afglöp þeirra. Ég tel það skyldu mína hér á þessum stað, Alþ., að benda ekki aðeins á það, sem aflaga fer í dag, heldur einnig það, sem framkvæmt hefur verið í fortíðinni, ef ég tel það þjóðinni til skaða. Þótt mér þyki vænt um framsóknarmenn, þá þykir mér ekki nógu vænt um þá til þess að láta þá hrekja mig af þeirri skoðun minni, að þetta sé þingleg skylda mín.

Þá kem ég að ummælum hv. 2. þm. S.-M. Hann kom hér fram undir yfirskini guðhræðslunnar, en afneitaði hennar krafti. Annars voru meginatriði ræðu hans endurtekningar á því, sem blað Framsfl. hefur verið að tönnlast á síðastl. ár, að tveir forustumenn Sjálfstfl. séu eiðrofar, sem gangi með þrjá fingur sviðna. Þegar þessi maður þykist koma fram af hógværð um leið og hann flytur þennan boðskap Tímans, þá má hver lá mér það, sem vill, þó að ég finni ekki til sektar minnar gagnvart slíkum málflutningi. Hann hóf ræðu sína á því, að sig furðaði á því, að einn maður gæti ekki sætt sig við samkomulag allshn. Við hvaða einn þm. á þessi þm.? Ég veit ekki betur en að minnsta kosti þrír þm. hafi lýst yfir því, að þeir fylgdu minni till. Svo fór ekki betur fyrir hv. þm. S.-M., þegar hann kemur að því, að frv. það, er hv. 2. þm. Eyf. (GÞ), hv. þm. Snæf. (GTh) og ég fluttum hér á síðasta þingi, hafi fengið litlar undirtektir. Ég verð að skýra hv. dm. frá því, hvaða undirtektir það fékk. Leitað var álits lagadeildar háskólans, og mælti hún eindregið með því, að frv. yrði samþ. En hvað gerðist svo hér á Alþ.? Snerist n. gegn því? Allshn. skilaði málinu þannig frá sér, að 4 af 5 nm. allshn. lögðu til, að frv. yrði samþ. Nú er svo komið, að allshn. hefur tekið upp meginprincip frv. okkar, og meira að segja flytur nú ríkisstj. frv. um sama efni. Ég þykist nú hafa fært rök fyrir því, að ástæðulaust er að tala um litlar undirtektir undir frv. okkar, og þarf svo ekki að fara frekari orðum um þetta munnfleipur hv. 2. þm. S.-M.

Ég tók það fram í ræðu minni hér á undan, að því færi fjarri, að ég vilji koma þeim manni, sem nú er lögreglustjóri, á kaldan klaka. Við höfum einmitt haft í huga annað embætti fyrir hann, sem er við hans hæfi. Síðan kemur sú efnishlið málsins, þegar þm. segir, að við höfum engin rök flutt fyrir nauðsyn þess, að lögreglustjóri hafi lögfræðimenntun. Ég get vitnað þar til minnar fyrri ræðu og ræðu hv. þm. Snæf., er hann flutti í gær við 2. umr., þar sem við töldum fram þau atriði, sem við töldum vera nægilegar röksemdir í þessum efnum, og ætti ekki að vera þörf á að endurtaka nú. Það hefur margoft verið á það bent, að embætti lögreglustjóra krefst lögfræðiþekkingar vegna ýmsra mála, er undir hann heyra, t. d. handtökur, strandmál, heilbrigðismál, útlendingaeftirlit o. fl., sem útheimtir lögfræðimenntun, og ef einhver segir, að ekki hafi verið fundið að embættisfærslu þessa manns, sem undanfarið hefur farið með þetta embætti, þá er það alkunna, að embættisframkvæmdir þessa manns hafa alls ekki kostað ríkissjóð svo lítið fé, einmitt vegna vanþekkingar hans á starfi sínu. Einnig er það alkunna, að þessi maður hefur komizt í kast við undirmenn sína og yfirsjónir hans hafa komið fyrir dómstólana.

Ég þykist nú hafa gert grein fyrir flutningi þessarar till., sem hér liggur fyrir, og fært nægileg rök fyrir því, að leiðrétting þessara mála sé nauðsynleg. Mig furðar ekkert á, þó að framsóknarmenn rísi upp með þjósti og brigzli mönnum um ofstopa, þegar að því er komið að leiðrétta þeirra gömlu glöp, og þess vegna skil ég það, að hv. 2. þm. S.-M. tekur þetta sárt. Ég veit líka, að Framsfl. er vanur því að fá að fara sínu fram og að hann er vanur að fá að skipa óhæfa menn í embætti, en hins vegar tel ég það alls ekki skyldu mína eða köllun að semja mig að háttum framsóknarmanna, eins og þeir hafa hagað sér undanfarin ár, háttum, sem þeir hafa verið að reyna að innleiða hér og ekki hvað sízt, þegar um embættisveitingar er að ræða. Ég veit, að hv. 2. þm. S.-M. mun standa hér upp eins og lamb og bera mér á brýn ofstopa og að forustumenn Sjálfstfl. séu með sviðna 3 fingur, en að hann sjálfur sé að bæta velsæmið hér á Alþ. Mér þykir leitt að þurfa að fara út fyrir efni málsins, en þegar tilefni er gefið til þess á jafnögrandi og dólgslegan hátt og kom hér fram hjá hv. 2. þm.

S.-M., þá mun ég hvorki nú né síðar ganga fram hjá því að taka framsóknarmenn til bæna.

**Dómsmrh. (Einar Arnórsson):** Herra forseti. Ég ætla að gera hér örstutta aths. út af ræðu hv. þm. N.-Ísf., og er hún sú, að hann virtist fetta fingur út í það, að ég hafi ekki komið auga á lögfræðing, sem hafi kynnt sér sérstaklega störf, er lögregluna varða. Í því sambandi benti hann á fulltrúa, sem starfað hefur hjá lögreglustjóra og er lögfræðingur að menntun. Ég get ekki sagt annað en allt hið bezta um þennan mann, en hins vegar er mér ekki kunnugt um, að hann hafi neitt sérstaklega kynnt sér þau störf, er hér um ræðir. Ég veit ekki betur en hann hafi aðallega verið hjá lögreglustjóra sem lögfræðileg aðstoð, en mér er ekki kunnugt um, að hann hafi stjórnað lögreglunni, hvorki úti né inni, heldur er hann á öðru verksviði. Til þess að koma í veg fyrir nokkurn misskilning, tek ég það fram, að ég tel þennan mann ágætis lögfræðing. Þó að hann hafi unnið inni hjá lögreglustjóra, er ekki nauðsynlegt, að hann hafi kynnt sér útistörf lögreglunnar. Ég ætlast til þess, að lögreglustjóri hafi það starf með höndum.

Annað vil ég líka taka fram út af ummælum hv. þm. N.-Ísf. Mér skilst, að hann vilji kenna lögreglustjóra um, af því að hann sé ekki löglærður maður, að ríkissjóður hafi í tvö skipti verið dæmdur til þess að greiða stórar bætur vegna lögreglunnar; í annað skiptið vegna þess, að tveim lögregluþjónum var vikið frá starfi, og í hitt skiptið, er lögregluþjónum urðu mistök á í sambandi við handtöku borgara nokkurs hér í bæ, með þeim afleiðingum, að ríkissjóður var dæmdur til þess að greiða bætur fyrir. Ég geri ráð fyrir því, að mistök lögreglumannanna hefðu alveg eins getað komið fyrir, hvort sem lögreglustjóri hefði verið löglærður maður eða ekki, því að vitanlegt er, að lögreglustjóri getur ekki verið með augun alls staðar.

Hvað snertir fyrra tilfellið, þegar tilteknum lögregluþjónum var sagt upp stöðu sinni, af því að lögreglustjóri taldi sig hafa nægilega ástæðu til þess, en að hann hafi aftur á móti ekki sannað þessar ástæður fyrir dómstólunum, og hefur mér verið sagt, að lögreglustjóri hafi ekki viljað geta um þær. Oft getur verið mikið vafamál á því, hvort einn maður hafi hagað sér þannig í starfi sínu, að réttmætt sé að segja honum upp eða ekki. Þetta er álitamál, sem lögfróða menn hlýtur oft að greina á um. Ég get því ekki sakfellt lögreglustjóra fyrir það, þó að hann hafi ekki fært fram þær ástæður, sem dómstólarnir teldu gildar í þessum efnum. Um önnur atriði úr ræðu hv. þm. N.-Ísf. viðvíkjandi þessari till. nenni ég ekki að eyða tíma í að ræða. Ég vil þó aðeins minnnast á það, að hann taldi, að lögreglustjóra væri ekki gert lægra undir höfði með till. hans en hverjum öðrum embættismanni samkv. 3. mgr. 16. gr. stjskr. Þessi röksemd lítur nógu vel út á pappírnum, en ég veit ekki til, að þessari 3. mgr. 16. gr. stjskr. hafi verið beitt gagnvart embættismönnum. Ég held, að ef embættismaður yrði fluttur þannig úr einu embætti í annað samkvæmt þessari gr. stjskr., þá yrði litið á þetta sem vantraustsyfirlýsingu og að maðurinn væri ekki hæfur til þess að gegna stöðu sinni.

**Eysteinn Jónsson:** Ég hygg, að þeir, sem hafa heyrt síðari ræðu hv. þm. N.-Ísf. og ekkert hafa heyrt annað, sem farið hefur hér fram í dag, mættu halda, að ég hafi risið hér upp með árás á þm. að tilefnislausu og honum hafi því verið nauðugur einn kostur að bægja slíkri árás frá með þeim hætti, sem hann gerði hér tilraun til. Þessi maður hefur upp úr þurru og að tilefnislausu leyft sér að viðhafa þau orð í þingræðu, að hv. þm. Str. og ég værum þannig, að ekkert mark væri takandi á því, sem við hefðum sagt í tilteknu máli um fyrrverandi samstarfsmenn okkar í ríkisstj. Þegar ég fór svo að leiðrétta það, þá talaði þm. þannig eins og ég hefði hafið þessar umræður að fyrrabragði og að ástæðulausu. Ég ætla ekki að fara út í langa ræðu, en ætla að taka það fram aftur, að það, sem hv. þm. Str. og ég höfum upplýst um þetta, eru staðreyndir, sem aldrei verða hraktar og öll þjóð veit, nema ef til vill hv. þm. N.-Ísf. Og þótt hann sé sjálfráður um sitt álit, þá mundi honum hollast að hreyfa þessu ekki hér á þingi. Hann sagði, að ég hefði talað hér með kennimannlegri ró. Ég held, að hann hefði gott af að tileinka sér eitthvað af þessari ró í stað þess að verða stöðugt ósvífnari, eftir því sem hann situr lengur á þingi.

Ég þarf annars ekki að fara fremur út í einstök málsatriði, þar eð dómsmrh. og 2. þm. Reykv. hafa skýrt, hversu till. háttv. þm. er ótilhlýðileg og fráleit. Hann gerði mikið úr því, að ég hefði rangt fyrir mér, er ég hélt fram, að frv. hans hefði beðið hrakfarir. En má ég spyrja: Hvað varð af frv.? Það náði ekki fram að ganga. Ætli ekki geti verið, að nægilegt þingfylgi hafi skort? Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri.

**Frsm. (Gunnar Thoroddsen):** Ég vil fara fram á við hæstv. forseta, að umr. verði frestað, þar eð komið er fram yfir venjulegan fundartíma.

**Forseti (EmJ):** Ég hugði, að umr. væri nærri lokið og vildi ljúka henni, en atkvgr. mætti fara fram síðar.

**Frsm. (Gunnar Thoroddsen):** Ég vil taka fram, að hér hafa verið bornar fram ærumeiðandi sakir, sem viðkomandi þm. mun vilja svara á þingfundi, en hann er nú ekki viðstaddur.

**Forseti (EmJ):** Ég mun þá verða við þessari áskorun hv. þm. og fresta umr.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Nd., 14. okt., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 20. okt., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 45, 151, 169, 170, 198).

**Ólafur Thors:** Út af ummælum, er fallið hafa

hér í deildinni í sambandi við umr. um mál það, sem hér er á dagskrá og varðar einkaviðræður, er fram fóru á síðastliðnu ári milli Eysteins Jónssonar, Hermanns Jónassonar, Jakobs Möller og mín, meðal annars um kjördæmamálið, vil ég taka þetta fram:

Okkur Jakob Möller hefur verið kunnugt um það, að blað Framsfl., Tíminn, hefur um alllangt skeið lagt sig mjög fram um að ausa okkur auri fyrir þá sök, að við höfum svikið „drengskaparheit", sem við eigum að hafa gefið þeim Hermanni Jónassyni og Eysteini Jónssyni um það að koma í veg fyrir, að nokkrar breyt. á kjördæmaskipuninni næðu fram að ganga á Alþ. áður en kosningar þær, sem fyrirhugaðar hefðu verið á árinu 1942, færu fram. En jafnvel þótt allar líkur bentu til þess, að þessi söguburður blaðsins hlyti að vera runninn undan rifjum þessara tveggja nefndu manna, töldum við ekki ástæðu til annars en láta hann sem vind um eyrun þjóta, að minnsta kosti þar til þeir legðu nöfn sín við hann opinberlega, annar hvor eða báðir.

Nú hafa þau tíðindi gerzt, að því er við höfum fregnað, að Eysteinn Jónsson hefur hér í d. gert þennan söguburð blaðsins að sínum að meira eða minna leyti, og teljum við því rétt að lýsa yfir því, að söguburður þessi er allur mjög fjarri sanni.

Í rauninni gæti ég látið þetta nægja, en skal þó til frekari áréttingar fara nokkrum fleiri orðum um málið.

Því er haldið fram, að í því skyni að fá þá Hermann Jónasson og Eystein Jónsson til að fresta bæjarstjórnarkosningunum í Reykjavík, er fram áttu að fara í janúar 1942, meðan prentaraverkfallið stóð og engin blöð nema Alþýðublaðið fengust prentuð í Reykjavík, höfum við Jakob Möller tekizt á hendur ábyrgð á því og jafnvel unnið eið að því, að enda þótt kosið yrði til Alþ. sumarið 1942, skyldu engar breyt. á kjördæmaskipuninni ná fram að ganga, áður en þær kosningar færu fram, alveg án hliðsjónar af, hvaða breyt. yrðu bornar fram og hverjir það gerðu.

Í þessu sambandi er rétt að minna á, að í útvarpsræðu, er Hermann Jónasson flutti, eftir að ríkisstj. hans hafði gefið út bráðabirgðalög til að fresta þessum umræddu bæjarstjórnarkosningum í Reykjavík, staðhæfði hann, að sú lagasetning væri reist á augljósu og óyggjandi réttlæti. Jafnmikil fjarstæða væri að láta kjósa, meðan stöðvuð væri útgáfa blaða allra flokka nema eins, sem það, að dómari kvæði upp dóm í máli, ef aðeins öðrum aðilanum hefði verið gefinn kostur á að setja fram sitt sjónarmið.

Ég vil nú spyrja: Þykir mönnum líklegt, að maður, sem í 7 ár hefur verið dómsmrh. Íslands, hafi verið með öllu ófáanlegur til að verða við eindregnum tilmælum tveggja ráðh., sem í 3 ár höfðu setið í stj. með honum, um jafnaugljóst réttlæti sem hér var um að ræða, án þess að fá sérstaka borgun fyrir.

Og hvað er það svo, sem Hermann Jónasson á að hafa selt réttlætið fyrir? Ekkert minna en það, að við Jakob Möller tækjum á okkur ábyrgð á því, að sjálfstæðismenn á Alþ. felldu eitt elzta og stærsta áhugamál flokksins, hversu réttlát lausn á því sem í boði hefði verið, en gengju síðan til kosninga til þess þannig að leggja málið og flokkinn í eina gröf.

Er þetta líklegt? Er það sennilegt, að það hafi verið þetta, sem Hermann Jónasson heimtaði sem endurgjald fyrir að fullnægja réttlætinu? Og tekur nokkur maður það trúanlegt, að við Jakob Möller hefðum gert slíkan samning?

Þetta er of mikil fjarstæða, til þess að því verði trúað. Við það bætist svo, að Hermann Jónasson og Eysteinn Jónsson, sem sjálfir eru í flokki, sem sett hefur sér þau lög, að allir þingmenn flokksins séu skyldugir að beygja sig undir samþykkt meiri hluta miðstjórnar flokksins og greiða atkvæði á þ. samkv. þeim vilja án hliðsjónar af persónulegum skoðunum, þessir tveir fyrrverandi ráðherrar, sem ekki einu sinni geta gefið fyrir fram skuldbindingar um sitt eigið atkvæði á þ., hlutu að vita, að Jakob Möller og ég gátum með engu móti skuldbundið Sjálfstfl. í þessu mikilvæga máli, án þess svo mikið sem að tala við einn einasta þm. flokksins.

Það hefði því verið fráleitt af Jakob Möller og mér að gefa slíkt loforð, eins og það hefði verið fávíst af Hermanni Jónassyni og Eysteini Jónssyni að krefjast þess eða að taka það gilt, þótt gefið hefði verið.

Ég endurtek því, að þessi söguburður er fjarri öllum sanni.

Hið sanna í málinu er, að eftir að Stefán Jóh. Stefánsson gekk úr ríkisstj. í janúar 1942 og við fjórir, sem eftir urðum, vorum að semja um áframhald samstarfsins, sögðum við Jakob Möller að gefnu tilefni þeim Hermanni Jónassyni og Eysteini Jónssyni, að við teldum víst, að Sjálfstfl. mundi ekki á næsta þ. taka upp þetta gamla deilumál, enda hélt þá Sjálfstfl. enn fast við fyrri ákvörðun um kosningafrestun, en að sjálfsögðu kom ekki til með kjördæmamálið, ef sú stefna varð ofan á á Alþ. Enn fremur fullvissuðum við þá Hermann Jónasson og Eystein Jónsson um, að Sjálfstfl. mundi aldrei slást í förina með Alþfl. og aðhyllast þá stefnu, sem hann frá öndverðu hafði sett fram og aldrei hvikað frá, að gera landið allt að einu kjördæmi.

En eins og hver einasti vitiborinn maður getur sagt sér sjálfur, gat hér ekki verið um neitt að ræða af okkar hendi annað en dóm okkar um horfurnar í þessu máli, og til þess að véfengja eða staðfesta þann dóm stóðu Hermann Jónasson og Eysteinn Jónsson alveg jafnt að vígi og við.

Hvorki þeim né okkur kom svo mikið sem til hugar það, sem síðar skeði, er Alþfl. féll frá fyrri stefnu sinni í málinu og bar það fram einmitt í því formi, sem Sjálfstfl. í mörg ár hafði barizt fyrir, en Alþfl. ekki fengizt til að fallast á.

Eftir það gat auðvitað engum dottið í hug, að við Jakob Möller gætum né vildum svæfa málið, ef kosningar á annað borð áttu fram að fara.

**Eysteinn Jónsson:** Herra forseti. Ég hef nú talað tvisvar örstutt í þessu máli, sem er nú

talið vera hér á dagskrá. En umræðurnar hafa nú tekið sérstaka stefnu, og vil ég því vænta þess, að hæstv. forseti verði þolinmóður, þó að ég hljóti að gera meira en örstutta aths. En ég skal reyna að tala svo stutt sem unnt er eftir atvikum.

Mér þykir nú leiðinlegt, að hv. þm. G.-K. (ÓTh) hefur látið hafa sig til þess að bæta gráu ofan á svart. Ég hafði að vísu hálft um hálft búizt við því, að hann yrði svo króaður í horn af ofstopamönnum í flokki sínum, að svona mundi fara. En eigi að síður þykir mér þetta leitt.

Það er náttúrlega þýðingarlaust, að menn standi hér og segi: „Klippt var það. Skorið var það“ — í þessu máli. En af því að hv. þm. G.-K. hafði þá aðferð að gera grein fyrir líkum í sambandi við skýrslu sína, ætla ég að hafa svipaða aðferð í því, sem ég segi út af viðskiptum okkar.

Upphaf þeirra umræðna, sem hér hafa farið fram um drengskaparloforð fyrrv. ráðh. Sjálfstfl., er það, að hv. þm. N.-Ísf. (SB) bar mig og hv. þm. Str. þeim brigzlum í ræðu, að við værum ósannindamenn að framburði um viðskipti okkar og fyrrv. ráðherra Sjálfstfl. og þess vegna væri ekki mark takandi á því, sem við héldum fram um önnur efni. Út af þessu tilefni svaraði ég því, að það, sem við hv. þm. Str. (HermJ) hefðum sagt og látið hafa eftir okkur opinberlega um drengskaparloforð ráðherra Sjálfstfl., væri rétt og satt, og ég endurtek það hér, að það er rétt. En það, sem við höfðum látið hafa eftir okkur í málinu, er það, sem hér fer á eftir. Hefur það komið í Tímanum og er tekið upp úr skýrslum, sem við gáfum trúnaðarmönnum í flokki okkar skriflega, nú á þessu ári. Með leyfi hæstv. forseta eru ummæli okkar þannig:

„Eftir að gerðardómslögin höfðu verið sett, var samið við Sjálfstæðisflokkinn um kosningafrestun í Reykjavík og um skattamálin, og jafnframt lofuðu þeir Ólafur Thors og Jakob Möller því og lögðu við drengskap sinn, að þeir skyldu sjá um, að breytingar á kjördæmaskipuninni yrðu ekki samþykktar fyrir kosningar um vorið 1942, sem þá voru ráðnar.“

Þetta er það rétta í þessu máli. Þetta loforð var gefið kl. 12.25 17. janúar 1942.

Aðdragandi þessara atburða er sá, að Sjálfstfl. og Framsfl. stóðu saman að gerðardómslöggjöfinni. Þessi löggjöf mætti talsvert verulegri mótspyrnu, eins og kunnugt er, og flokkarnir sáu, að ef unnt átti að verða að framkvæma löggjöfina, þá yrðu þeir að gera með sér víðtækara samstarf, sem gæti orðið svo varanlegt, að það gæti náð fram yfir þann tíma, sem þurfti til þess að gera l. gildandi í framkvæmd og stöðva dýrtíðina.

Sjálfstfl. taldi sér mikla nauðsyn á því að fá frestað bæjarstjórnarkosningum í Reykjavík, því að þá stóð yfir prentaraverkfall. Það voru skiptar skoðanir um það innan Framsfl., hvort það ætti að gera þetta. Sumum fannst eðlilegt að gera það, en öðrum fannst það ekki eðlilegt. Sumum fannst, að bæjarstjórnarkosningar gætu farið fram þrátt fyrir verkfallið. Sú skoðun varð þó ofan á að lokum, að eðlilegt væri, eins og þá stóð, að fresta þessum bæjarstjórnarkosningum, ef samkomulag yrði milli flokkanna um önnur mál. Mönnum var það ljóst, að baráttan mundi enn harðna. Þess vegna var gerður málefnasamningur um afgreiðslu skattamálsins, sem var eins konar viðbót við það samkomulag, sem orðið hafði um gerðardómslögin og þann þátt dýrtíðarmálanna.

Raddir komu fram innan Framsfl. um það, að mjög væri farið að bóla á því í herbúðum Alþýðuflokksmanna, að þeir ætluðu að taka kjördæmamálið upp og gera Sjálfstfl. þannig erfitt fyrir í sambúðinni við Framsfl.

Jafnframt fylgdi það orðasveim þessum, að það mundi vera ætlun Alþfl. að taka þetta mál upp á þann hátt, sem örðugast væri fyrir Sjálfstfl. að neita því, en ekki á þann hátt, sem Alþfl. teldi réttast að leysa málið. Nú voru til menn innan Framsfl., sem litu svo á, að það væri í sjálfu sér ekki ástæða til þess að draga svo mjög þetta atriði inn í samningana, vegna þess að það mundi aldrei geta komið til mála, að Sjálfstfl. hugsaði sér aðrar eins aðferðir og þær, að gera fyrst samninga um afgreiðslu á erfiðustu fjárhagsmálum, en ganga svo í berhögg við Framsfl. rétt á eftir með því að afgreiða kjördæmamálið, sem allir vissu, að var deilumál milli Framsfl. og Sjálfstfl. En hinir voru miklu fleiri innan Framsfl., sem töldu það alveg nauðsynlegt, að því samkomulagi, sem gert væri um fjárhagsmálin og frestun bæjarstjórnarkosninga, fylgdi einnig trygging af hálfu Sjálfsfl. fyrir því, að hann ryfi ekki samkomulagið og snerist með kjördæmabreyt., þegar stutt væri á leið komið, eyðilegði þannig málin, sem unnið væri að, og þannig hryndi til grunna allt, sem reynt hafði verið að byggja upp. Framsfl. krafðist þess vegna í þeim viðtölum, sem fram fóru, að ráðherrar Sjálfstfl. gerðu samninga um það fyrir flokksins hönd, að kjördæmamálið yrði ekki afgreitt af Sjálfstfl. með andstöðuflokkum ríkisstj. fyrir þær kosningar, sem fyrir dyrum stóðu. Ráðherrar Sjálfstfl. hugsuðu sig um, en það kom þó mjög greinilega fram af þeirra hálfu, að þeir töldu sjálfir, að það væri ósvinna að taka kjördæmamálið upp, eins og þá stóð, — og þarf ekki neinn vitnisburð um það efni, því að fyrir liggja um það vitnisburðir margra manna. En þeir sögðu, að það væri örðugt fyrir þá að gera um þetta skriflegan samning, eins og á stóð, þótt þeir væri þessarar skoðunar. Við skýrðum þeim hins vegar frá því, að ekki væri unnt fyrir okkur framsóknarmenn að halda áfram samstarfi og fallast á kosningafrestunina, nema hitt lægi skýlaust fyrir frá þeirra hálfu. Um miðjan janúar voru málin komin í hnút út af þessu, og 16. janúar var fullkomlega tvísýnt, hvort samkomulag gæti náðst.

Ég veit ekki, hvað gerzt hefur í herbúðum Sjálfstfl. 16. og 17. janúar, en eftir að þeir höfðu fengið frest þann 16. og mælt sér mót við okkur í Stjórnarráðinu þann 17., var gengið frá þessum málum kl. 25 mínútur yfir 12 á þá lund, sem ég hef hér sagt frá, og það eitt er satt í þessu máli, hverju sem haldið verður fram.

Það má vel vera og virtist raunar liggja í orð-

um hv. þm. G.-K., að óverjandi hafi verið af okkur að taka gilt slíkt drengskaparloforð, sem lá ekki skriflegt fyrir. En hvað annað gátum við gert? Það hefði óneitanlega verið freklega móðgandi í þeirra garð, hefðum við neitað að taka mark á drengskaparloforði þeirra.

Hv. þm. G.-K. taldi fram nokkur atriði til sönnunar því, að mönnum væri óhætt að trúa því, sem hann segði um þetta. Hann segir t. d., að undarlegt hafi verið að heimta borgun fyrir frestun bæjarstjórnarkosninganna. En ég vil spyrja: Var það nokkur krafa um borgun, þó að óskað væri eftir tryggingu fyrir því, að samstarfsflokkurinn hlypi ekki að baki Framsfl. til þess að leysa málið á þann hátt, sem allir vissu, að Framsfl. var gersamlega mótfallinn? Var þetta annað en sjálfsagður hlutur, þegar verið var að gera samninga um samstarf flokkanna? Hv. þm. sagði, að það væri óviðeigandi, svo að fram úr hófi gengi, að menn skyldu leyfa sér að gefa í skyn, að þeir hefðu getað samið um að fresta framkvæmd kjördæmabreyt., ef upp á væri boðið á þá lund, sem Alþfl. gerði. En hvernig kemur þetta heim við það, sem fyrir liggur í málinu að öðru leyti? Það vita allir, sem kunnugir er í herbúðum Sjálfstfl., að hv. þm. G.-K. var persónulega mótfallinn því frá upphafi, að kjördæmamálið yrði afgreitt, enda þótt boðið væri upp á lausn Alþfl.

Ég vil með öðru fleira í sambandi við þetta mál minna á vitnisburð um þetta frá manni, sem var um þær mundir í innstu herbúðum Sjálfstfl. og hefur gefið skýrslu um það, sem þar fór fram 16. og 17. janúar 1942. Árni Jónsson frá Múla, fyrrv. alþm., hefur skýrt nokkuð frá þessu í grein, sem hann kallar Sögu um svik. Þar segir, að nóttina milli 16. og 17. janúar hafi hann ásamt fleirum verið kallaður heim til formanns Sjálfstfl. til að ráða fram úr þeim vanda, sem þá var á höndum. Hann segir, að hv. þm. G.-K. hefði þá sagt, að tilefni þessa næturfundar væri það, að Framsfl. krefðist þess, að Sjálfstfl. stæði ekki að afgreiðslu kjördæmamálsins á þ., og vildi formaðurinn heyra undirtektir manna. Árni kvaðst hafa orðið svo reiður, að hann hafi yfirgefið fundinn og því ekki vitað, hvað þar fór síðan fram. En daginn eftir, 17. janúar, er haldinn fundur aftur í flokknum, og þá er komið á samkomulag um framhaldandi samstarf Sjálfstfl. og Framsfl., en þar var þó ekkert sagt frá því loforði, sem gefið hafði verið um kjördæmamálið, enda ekki á slíku von, þar sem það átti að fara leynt. Árni Jónsson segir, að á þeim fundi hafi hann óskað þess, að sett yrði sérstök n. til undirbúnings kjördæmamálinu. En hvernig tók hv. þm. G.-K. því? Eftir því sem honum fórust orð áðan, að ómögulegt hefði verið að fresta þessu réttlætismáli, skyldu menn ætla, að hann hefði tekið þessari till. mjög vel. En Árni Jónsson segir, að hann hafi tekið henni meir en fálega. Síðan segir Árni, að formaðurinn hafi gert sér ferð á eftir sér út á ganginn til að biðja sig að gera ekki þann óvinafagnað að hreyfa við kjördæmamálinu og lagt fast að honum að hætta við fund í Varðarfélaginu, sem boðaður hafði verið um kjördæmamálið. Okkur, sem þennan sama dag höfðum fengið þetta loforð hjá hv. þm. G.-K., kemur þetta ekki undarlega fyrir sjónir, og það bendir til þess, að hann hefur þó ætlað einhverja stund að standa við loforð sitt. Síðan segir þessi fyrrv. þm. Sjálfstfl. frá enn eindregnari tilraunum hv. þm. G.-K. til þess að koma í veg fyrir, að fundur yrði haldinn um kjördæmamálið, og enn segir hann, að rétt fyrir bæjarstjórnarkosningar í kaupstöðum landsins hafi Alþýðublaðið birt þá fregn, að Sjálfstfl. hafi keypt sér frest á kosningum gegn því að afgreiða ekki kjördæmamálið. Einhverjir aðrir í flokknum ætluðu að fá þetta borið til baka, en það fékkst ekki. Hvers vegna ekki? Auðvitað vegna loforðs ráðherrans um að afgreiða ekki málið.

Síðan tekur Alþfl. upp kjördæmamálið á þeim grundvelli, að hlutfallskosning verði tekin upp í tvímenningskjördæmum. Þá tekur fyrrv. fjmrh., Jakob Möller, til máls við 1. umr. Menn skyldu nú ætla eftir orðum hv. þm. G.-K. áðan um þessa lausn, að þessi fyrrv. ráðh. hefði lýst yfir því, að óhugsandi væri, að Sjálfstfl. gæti frestað slíkri lausn. En hvað gerist? Þessi fyrrv. ráðh. tekur málinu meir en fálega. Hann varar við því að afgreiða málið, eins og þá standi sakir, og leggur áherzlu á, að menn geri sér grein fyrir því, hvað af slíku geti stafað, og leggst eindregið gegn afgreiðslu málsins. Hér virðist vera tilraun til þess að standa við loforð, sem gefið hafði verið, en kemur ónotalega við yfirlýsingu hv. þm. G.-K. nú. Ég vil biðja hv. þm. að taka þetta sérstaklega til athugunar og meta svo, hve mikið muni vera að marka framburð hv. þm. G.-K.

Þá vil ég næst minna á útvarpsumr., sem fram fóru í maí 1942. Þá var þung gremja í mönnum út af því, sem gerzt hafði, og mönnum skilst nú væntanlega, að það var vorkunnarmál. Þá segir hv. þm. Str. í umr., að við höfum haft rökstudda ástæðu til að líta svo á og treysta því, að kjördæmamálið yrði ekki leyst af Sjálfstfl. fyrir kosningarnar, og hv. þm. G.-K., sem nú telur það ganga býsnum næst að láta sér detta í hug, að slík frestun hafi getað komið til greina, viðurkennir í umræðum, að við hv. þm. Str. höfum haft rökstudda ástæðu til að líta svo á, að kjördæmamálið yrði ekki afgreitt. Ég býst við, að hv. þm. hafi þótt það fullmikið að halda því fram, að ekkert hafi verið minnzt á kjördæmamálið í viðræðunum, og virði ég honum það til vorkunnar. Hefur hann tekið þann kost að halda því fram, að loforð sjálfstæðisráðherranna hafi verið um það að taka málið ekki upp né fylgja því, að landið yrði gert að einu kjördæmi. Um einstakar leiðir í kjördæmamálinu var ekkert rætt, og allt þetta tal um einstakar leiðir er í ósamræmi við sannleikann.

Að endingu vil ég minnast á eitt atriði enn. Hv. þm. G.-K. sagði, að blað Framsfl., Tíminn, væri lengi búið að ata hann auri í sambandi við þetta mál, en sagðist ekkert hafa viljað aðhafast í málinu, fyrr en hv. þm. Str. og ég gerðum framburð Tímans að okkar framburði. Hann hefur nú fengið tækifærið við frumhlaup hv. þm. N.-Ísf. og þess vegna hafizt handa um að mótmæla þessu. Út af þessu er rétt að geta

þess, að liðnar eru vikur, ef ekki mánuðir, síðan Tíminn birti þau ummæli okkar hv. þm. Str., sem ég las upp áðan, svo að hv. þm. G.-K. hefði ekki þurft að bíða eftir þessu frumhlaupi hv. þm. N.-Ísf. En hvers vegna hikaði hann? Væntanlega af því, að hann veigraði sér við að bera á móti því, sem satt var í málinu. Ég tel honum það til ámælis að hafa nú látið undan pressunni og bætt gráu ofan á svart með því að mótmæla.

Ég hef tekið fram helztu atriðin í þessu máli og mun ekki segja fleira, nema tilefni gefist.

**Ólafur Thors:** Ég get tekið undir með hv. 2. þm. S.-M. um það, að ekki sé nóg að standa hér og segja: Klippt er það, — skorið er það — og slá fram staðhæfingu gegn staðhæfingu. Ég hefði fyrir löngu gefið skýrslu um þetta, en áleit það engum til framdráttar, hvorki þessum hv. þm. né þ. í heild, að tilgreina allt, sem fram hefur farið milli fyrrv. samstarfsmanna. Ég tel, að í þjónustu almenningsheillar beri mönnum að sýna hver öðrum fullan trúnað, þó að það geti orðið til þess, að menn standi ekki alltaf jafnvel að vígi gagnvart flokksbræðrum sínum, ef skýra ætti frá öllum einkastörfum eftir á, en ég ætla ekki að láta hafa mig út á þá braut að nauðsynjalausu. Ég efast líka um, að þeir hv. þm. Str. og hv. þm. S.-M. yxu nokkuð af þeim skýrslum. En um leið og ég mótmæli þeim blæ, sem hv. þm. S.-M. hefur reynt að varpa á þessi viðskipti okkar, vil ég taka það fram, að ég hef enga ástæðu til að rengja það, sem hann segir, að fram hafi farið í hans herbúðum. Hv. þm. segir það hafa verið álit Framsfl., að nauðsynlegt væri að hafa samstarf við Sjálfstfl., og hefur auk þess lýst yfir því, að það hafi verið skoðun meiri hl. Framsfl., að kosningafrestunin væri fullkomið réttlætismál, á meðan ekki gæti komið út í Reykjavík nema eitt blað ákveðins flokks. (**PZ:** Nei!) Ég tel hv. 2. þm. S.-M. gildara vitni í þessu efni en hv. þm. N.-M. En þrátt fyrir það, að meiri hl. Framsfl. taldi, að hér væri annars vegar um fullkomna nauðsyn að ræða og hins vegar um algert réttlætismál, skilst mér, að þetta hefði alls ekki fengizt nema með afarkostum. Ég skal í þessu sambandi geta þess, að því er snertir það, sem gerðist í sambandi við skattamálin, að ég stakk sjálfur upp á þeirri lausn, sem varð að samkomulagi. En að það sé líklegt, að heimtað hafi verið af okkur og við unnið eið að því, að við mundum undir engum kringumstæðum fallast á, að kjördæmamálið yrði samþ. á Alþ., hvernig sem það yrði fram borið, held ég, að þessum hv. þm., þótt rökfimur sé, takist ekki að telja neinum trú um. Raunar sagði hv. þm., að við hefðum heitið að taka ekki upp kjördæmamálið með andstöðuflokkunum að þessu sinni. En það, sem við höfðum raunar sagt, Jakob Möller og ég, í bréfi til samstarfsmanna okkar í stjórninni, þeirra Hermanns Jónassonar og Eysteins Jónssonar, var, að við teldum víst, að Sjálfstfl. mundi ekki taka kjördæmamálið upp á næsta þingi. Þessum hv. þm. mun reynast örðugt að telja þingheimi trú um, að við höfum þurft að sæta þeim afarkostum að láta af þriggja ára samstarfi til að koma því réttláta máli fram, að bæjarstjórnarkosningunum yrði frestað. Honum verður erfitt að telja mönnum trú um, að fyrir þetta, sem Framsfl.ráðh. töldu réttlátt mál, höfum við selt okkur dýru verði. Eða er það nokkur borgun, þó að tveir þm. Sjálfstfl. bindi sig til að hreyfa ekki kjördæmamálinu, — en þetta var sú eina borgun, sem gefin var. Hitt, að Sjálfstfl. byndi sig til að vera undir öllum kringumstæðum á móti allri lausn, sem kynni að verða lögð fyrir þingið um kjördm., var nokkuð, sem var ekki á okkar valdi að lofa.

Öll rök þessa hv. þm. hníga þess vegna að því, að við Jakob Möller höfum ekki ætlað okkur á þeirri stjórnartíð, sem yfir stóð, að taka upp kjördæmamálið, og það er alveg það sama og ég hef sagt. Hann má lesa eins og hann vill úr gömlum blöðum til að reyna að sanna, að ég og aðrir samstjórnarmenn mínir höfum verið því andvígir að fresta kosningunum 1941. Ég get sannað, að Sjálfstfl. hélt fast við kosningafrestun. Ég óska hv. 2. þm. S.-M. til hamingju með það vitni, sem hann hefur fengið. Ég ætla ekki að gera veg míns gamla samherja minni með því að rísa gegn honum, en ég óska hv. þm. til hamingju með þessa sterku stoð, sem hann hefur fundið, þar sem Árni frá Múla er. Hann ætlaði að taka af mér æruna með því að vitna í hann, en honum tókst það ekki, því að Árni frá Múla hefur ekkert sagt, sem hann gæti byggt slíkar tilraunir á.

Þá þóttist hv. þm. hafa náð í góð rök, þar sem voru mín eigin ummæli við útvarpsumr., þar sem ég sagði, að hann hefði haft rökstudda ástæðu til að ætla, að kjördæmamálið næði ekki fram að ganga. Það er í fullu samræmi við það, sem ég hef sagt, að við byggjumst við, að Sjálfstfl. mundi ekki taka málið upp fyrir kosningar og við mundum ekki slást í för með Alþfl. í málinu. Hitt er ekki rétt hjá honum, að við höfum aldrei minnzt á neinar lausnir á því máli.

Ég skal svo aðeins að lokum segja það, að þótt ég lesi ekki Tímann spjaldanna á milli, þá var mér sagt frá ummælum eftir minn fyrri starfsbróður um þetta mál, og las ég þau. Ég svara engu því, sem ritstjóri Tímans segir um mig í þessu eða öðrum málum. Kjósendur í mínu kjördæmi segja: „Við þekkjum þig“, — en þeir segja líka: „Við þekkjum ritstjóra Tímans“. Mitt mannorð verður ekki skert með hans orði. Okkur er það ljóst, og ég veit, að hv. fyrri samstarfsmönnum mínum í stjórn er það ljóst, að það er ekki til framdráttar samvinnu milli flokkanna, ef ráðh., sem fyrr hafa verið saman í stjórn, fara að reyna að hafa æruna hver af öðrum. Það er ekki til þess að auka þá samheldni í þjóðfélaginu, sem við öll viðurkennum, að þörf sé fyrir.

**Finnur Jónsson:** Mér þykir rétt að láta það koma fram fyrir hönd Alþfl. út af ummælum hv. 2. þm. S.-M. og þm. G.-K., að þótt Alþfl. legði ekki fram till. um að gera landið að einu kjördæmi, þá hvikaði hann í engu frá þeirri stefnu, að að því bæri að miða. Sú breyt., sem gerð var á kjördæmaskipuninni, miðaði að því að tryggja, að réttur kjósenda yrði jafnari en áður. Alþfl. telur, að ekki hafi náðst fullkomið réttlæti, eins

og þó ber að stefna að, en mikið hefur orðið ágegnt.

Annars ætla ég mér ekki að blanda mér inn í þessar umr., en annars benda á, að sú ásökun Alþfl. til Sjálfstfl. og Framsfl., að verzlað hafi verið með frestun bæjarstjórnarkosninganna og kjördæmamálið, er fullsönnuð af þeim ummælum, sem hér hafa komið fram. Hvort sem lagður er trúnaður á það, sem hv. þm. G.-K. segir, að tveir ráðherrar hafi lofað að gera allt, sem þeir gætu til að koma í veg fyrir, að kjördæmamálið næði fram að ganga eða hvort drengskaparorð hefur fylgt loforðinu, þá stendur sú staðreynd óhögguð. Í útvarpsumr., þar sem Jón Blöndal talaði fyrir hönd Alþfl., gerði hann sér far um að fá Hermann Jónasson og Ólaf Thors til að svara, hvort satt væri, að verzlað hefði verið með þessi mál, en hvorugur treysti sér til að svara. (**ÓTh:** Var ég í þeim útvarpsumr.?). Auk þess gátu þeir látið svara í blöðum sínum, en þeir gerðu það ekki heldur. Þessi verzlun, sem þarna hefur farið fram, hefur sannarlega verið misbeiting valdsins, — frestun bæjarstjórnarkosninga til þess að koma í veg fyrir, að annað mál yrði tekið upp. En Alþfl. tókst að sprengja þessa samvinnu, annars er erfitt að segja, hvar lent hefði. Frestun bæjarstjórnarkosninganna, gerðardómslögin og þetta, eru þrjú stærstu hneykslin, sem hér hafa verið framin. Það er ómögulegt að segja, hver endirinn hefði orðið, ef Alþfl. hefði ekki tekizt að sprengja þessa samvinnu.

Þá má benda á, að þjóðin er ekki orðin spilltari en svo, að þingið hefur allt fengið ámæli fyrir þessa verzlun. Þingið allt hefur hlotið þau, jafnvel þó að fyrir henni stæðu aðeins fjórir verzlunarstjórar, sem eftir stóðu í stjórninni, þegar StJSt hafði sagt af sér (**ÓTh:** Er hann verzlunarstjóri Alþfl.?). Því var lýst yfir, að gert væri ráð fyrir, að Alþfl. legði sínar gömlu till. fram í kjördæmamálinu, og ef Sjálfstfl. hefði komið með sínar till. og svo hvor hinna flokkanna með sínar, þá hefði ekki verið neinnar lausnar að vænta. En Alþfl. fór þá leið að reyna að koma á nokkru réttlæti, og sem betur fór, virðist sem þm. Sjálfstfl. hafi þá tekið völdin af leiðtogum sínum í þessu efni.

**Eysteinn Jónsson:** Ég get ekki áttað mig á því, hvaða erindi hv. þm. Ísaf. þykist eiga inn í þessar umr. Hann er fullur vandlætingar og segir í háðungarskyni við Framsfl. og Sjálfstfl. og vítir sterklega, að það hafi verið verzlað með frestun bæjarstjórnarkosninganna og frestun kjördæmamálsins. Það er eins og gerzt hafi eitthvað sérstaklega óvenjulegt, að tveir flokkar skuli hafa getað komið sér saman um að fresta ágreiningsmálum, af því að þeir sáu nauðsyn þess að vinna að öðrum málum sameiginlega. Þessi málflutningur er í hæsta máta óviðkunnanlegur, þegar þess er gætt, að flokkur þessa hv. þm. studdi Framsfl. 1928—31 á þeim grundvelli, að kjördæmamálið yrði ekki tekið upp. Samvinna Framsfl. og Alþfl. 1934—1937 var byggð á sömu forsendum, — að þetta mál yrði lagt til hliðar. Svo kemur þessi hv. þm. og fer að gera sig að vandlætara yfir því, að samkomulag varð um að fresta afgreiðslu þessa máls, af því að menn töldu meira um vert að hafa samkomulag um annað.

Hv. þm. G.-K. er nú orðið það mikið áhugamál að beina hugum manna að því, að það sé aðeins blæmunur á því, sem við hv. þm. Str. höfum upplýst, og því, sem hann segir, að farið hafi okkar á milli. En hann er of klókur til að líta fram hjá því, að of margir vitnisburðir liggja fyrir um það mál, til þess að reynandi sé að halda fram, að ekkert hafi verið um það talað. Þá tekur hann þann kostinn að segja: „Já, það var að vísu um það talað, en ekki eins miklu lofað og hv. þm. hafa sagt". Hér er ekki um neinn blæmun að ræða. Það rétt er, að þessir tveir fyrrv. ráðh. tóku á sig loforð um, að kjördæmamálið skyldi alls ekki afgr. fyrir kosningar. Þetta höfum við sagt og ekkert annað, og þetta var alveg skýlaust, svo að ekkert var um að villast. Hv. þm. gerði enn mikið úr því, að það væri með ólíkindum, að hann hefði þurft að sætta sig við aðra eins afarkosti og þá að láta kjördæmamálið liggja. En voru það afarkostir? Nú vitna ég í það, sem hann sagði sjálfur. Hann segir sjálfur, að þeir hafi lofað því að taka ekki upp kjördæmamálið. (**ÓTh:** Ég sagði, að Sjálfstfl. hefði ekki hug á því). Nú vil ég spyrja: Eru það afarkostir að heita því, að fylgja ekki því máli, sem menn hafa lýst yfir, að þeir ætli ekki að taka upp, þar sem þeir telji það ekki tímabært? Jafnáhugasamur maður og hv. þm. G.-K. mundi efalaust telja skylt að taka upp mál, ef hann teldi það tímabært. Hitt væri fullkomið ósjálfstæði að ætla sér ekki að taka upp mál, en telja sér skylt að vera með í afgreiðslu þess, ef aðrir taka það upp, enda þótt menn telji það ekki tímabært. Allt ber að sama brunni. Það voru engir afarkostir fyrir ráðh. Sjálfstfl. að lofa því, að kjördæmamálið yrði ekki afgreitt, enda var það loforð gefið.

Ég skal nú ekki gerast mikið fjölorðari, en segja enn einu sinni, að það er raunar þýðingarlaust hér að telja frekari líkur fram. Mér er nóg, að það er rétt, sem við hv. þm. Str. höfum upplýst.

Ég ætla ekki að fara að svara vitnisburði hv. þm. G.-K. um ritstjóra Tímans, því að ég legg ekkert upp úr því, sem hv. þm. segir um hann, — fremur en öðru því, sem þessi hv. þm. segir, og vona ég að hann skilji það.

Hv. þm. G.-K. sagði, að sér væri ekki til neinnar ánægju að halda uppi viðræðum á þingi út af þessu. Mér þykir þetta nú ekkert undarlegt. Það, sem hér hefur gerzt, er hættulegt fyrir stjórnmálalífið í landinu og stjórnmálastarfið, en hv. þm. G.-K. getur ekki kvartað yfir því, að hann hafi ekki verið aðvaraður. Við margaðvöruðum hann og bentum honum á, hvaða afleiðingar það mundi hafa fyrir stjórnmálalíf landsins og sambúðina á þingi, ef þeir ryfu loforð sín. En allt kom fyrir ekki.

**Þóroddur Guðmundsson:** Það, sem ég ætlaði aðallega að tala um að þessu sinni, er brtt. 198, sem er um það, að lögreglustjóraembættið í Reykjavík skuli aðeins veitt að fengnu samþ. bæjarstjórnar Reykjavíkur. Mér finnst margt mæla með því, að þessi till. verði samþ. Í fyrsta

lagi er þetta embættismaður, sem starfar í Reykjavík og hefur mikið saman við bæjarstjórnina að sælda varðandi ýmsar framkvæmdir og reglugerðir, sem bæjarstjórnin setur, og virðist mér því eðlilegt, að bæjarstjórn Reykjavíkur geti nokkru um það ráðið, hverjum sé veitt lögreglustjóraembættið. Í öðru lagi virðist mér óeðlilegt, að lögreglustjóri, sem bæjarstjórn ber ábyrgð á, sé þannig ráðinn, að bæjarstjórn ráði þar engu um, því að það er vitanlegt, að bæjarstj. ber ábyrgð á gerðum lögreglustjóra og rekstri þess embættis og það er auðvelt að gera bæjarstj. ábyrga fjárhagslega fyrir axarsköftum, sem lögreglustjóri kann að valda. Það er ekki hægt að mæla á móti því að það er ósanngirni, að bæjarstjórnin geti engu um það ráðið, hver situr í þessu embætti, en eigi samt sem áður að bera ábyrgð á því, hvernig embættið er rekið. Ég vona, að þetta sé svo augljóst sanngirnismál, að enginn hv. þm. verði á móti því, að þessi brtt. verði samþ. Að öðru leyti vil ég segja það í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram, að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum, þegar hæstv. dómsmrh. tók til máls, því að áður en hann tók til máls, var búið að ræða það, hvort nauðsynlegt væri, að lögreglustjóri hefði einhverja hernaðarlega menntun eða ekki, og nokkrir þm. lögðu allmikið upp úr því, að hann væri nokkurs konar herforingi, sem væri notaður til þess að stjórna lögreglunni, ef þyrfti að beita henni gegn stórum hópi manna. Það er bersýnilegt af þessum umr., að hér var ekki aðeins um það að ræða að halda uppi almennri reglu, heldur var einnig um það að ræða, hvort beita ætti lögreglunni í vinnudeilum.

Það er búið að fá nokkra reynslu um það, hvernig vinnudeilur hafa farið fram hér á landi. Reynslan hefur sýnt, að hafi lögreglan haft einhver afskipti af vinnudeilum, þá hefur það orðið til hins verra, en vinnudeilur hafa oftast verið leystar með samningum milli atvinnurekenda og verkamanna. Stundum hefur að vísu komið til verkfalla, en það hefur langoftast tekizt að leysa slík deilumál með samkomulagi á milli hlutaðeigandi aðila, nema þegar lögreglan hefur blandað sér í málið. Þessi reynsla ætti að vera sá skóli, að menn æsktu ekki eftir hana að útbúa lögregluna til þess að grípa inn í vinnudeilur. Ég átti von á því, að hæstv. dómsmrh. mundi koma inn á þetta mál, því að margir mundu gera mikið með hans orð og taka mikið tillit til þess, hvaða skoðun hann hefur á málinu. Í öðru lagi var í sambandi við þessa hlið málsins upplýst, að lögreglan hefði verið æfð í meðferð skotvopna, ekki aðeins með byssur, heldur einnig með vélbyssur og eiturgassprengjur. Það er bersýnilegt, að þessi vopnabúnaður lögreglunnar getur ekki verið til þess eins að halda uppi reglu, heldur hlýtur hann að vera ætlaður til þess, að hægt sé að beita lögreglunni í vinnudeilum. En það hefur ekki enn fengizt upplýst, með hvaða heimildum þessi vopnakaup hafa verið gerð, og það væri ekki óeðlilegt, að það kæmi fram á Alþ., hver ber ábyrgð á þessum vopnakaupum og hver hefur haft heimild til að taka fé úr ríkissj. til þessara vopnakaupa.

Ég geri ráð fyrir, að hæstv. dómsmrh. viti, hvernig í þessu liggur, og það hefði því verið fróðlegt, að hann hefði sagt þm. frá því, hvað hæft væri í þessu, og gefið nánari skýringar á því.

Nú vill svo til, að hér á landi er verið að agitera fyrir því að stofna hálffasistiskan flokk að finnskri fyrirmynd, nokkurs konar einræðisflokk, og það er sýnilegt, að verði slíkur flokkur stofnaður, þá gæti það verið hættulegt, ef slíkur flokkur hefði mann í lögreglustjóraembætti. Það embætti gæti orðið hættulegt í höndum slíkra manna.

Ég hygg, að það hafi fleiri en ég orðið fyrir vonbrigðum við það að heyra ekkert frá hæstv. dómsmrh. um þetta mál. Að öðru leyti hef ég ekki fleira við þetta að bæta, en vil endurtaka það, að ég er fylgjandi till. hv. þm. N.-Ísf., og ég held, að umr. hafi staðfest, að sú till. á mikinn rétt á sér. Ég ætla ekki að deila á þann mann, sem nú situr í lögreglustjóraembættinu í Reykjavík. Það hafa verið bornar á hann þungar sakir, að hann hafi að ástæðulausu sparkað mönnum úr embættum, og ég verð að segja, að ef þær ásakanir eru á rökum reistar, þá er það allt annað en glæsilegt, en þó verður að telja enn þá hættulegri þann vopnaburð, sem nú á sér stað hjá lögreglunni.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Brtt. á þskj. 198, sem hv. flm. var að lýsa, hefur ekki legið fyrir allshn., og mér er því ókunnugt um, hvernig einstakir nm. standa að henni. En ég vildi lýsa minni afstöðu og hvernig ég vil greiða þessari till. atkv. Hér er um algert nýmæli að ræða, embætti, sem ráðh. veitir og ríkið launar. Ég held, að það sé varla hægt að finna nokkurt fordæmi um það, að það skuli leita samþ. annarrar stofnunar, að slíkt embætti skuli veitt hinum eða öðrum.

Það eru mörg lögreglustjóraembætti í landinu, sem ríkið skipar embættismenn í, þar sem eins er ástatt og í Reykjavík, og bærinn greiðir þeim laun að svo miklu leyti sem þeir starfa í bæjarins þjónustu, en lögreglustjórinn í Reykjavík er embættismaður ríkisins, sem er launaður af ríkinu, og ber því dómsmrh. einum að segja til um, hverjum skuli veitt það embætti á hverjum tíma. Mér finnst því, að þessi brtt. geti tæplega staðizt, og mun því greiða atkv. á móti henni. Ég vildi gjarnan mælast til þess, að hæstv. dómsmrh., sem er lögfróður maður, vildi skýra nánar, hvort mín ætlun er rétt, að þetta geti tæplega staðizt í samræmi við önnur l., þar sem veitingarvaldið er eingöngu í höndum dómsmrh.

Till. sem þessar þyrfti að ræða innan n., þar sem um er að ræða verulegar breyt. frá því, sem áður var, en þar sem þetta er 3. umr. mundi þetta þýða frestun umr. og innan skamms, og verður því hver einstakur þdm. að gera það upp við sig, hvort hann álítur það rétta leið, sem hér er stungið upp á.

**Dómsmrh. (Einar Arnórsson):** Hér er enn komin fram ný brtt. frá hv. 2. landsk. þm., og hefur hv. síðasti ræðumaður vikið að þeirri till. Það er að vísu svo, að lögreglustjóri hefur mikið saman að sælda við bæjarstjórn Reykjavíkur

og er það rétt, sem hv. flm. brtt. sagði um það, en það er dálítil vandhæfni á því að framkvæma þessa till., ef hún verður samþ., vegna þess, að það virðist vera eftir henni, að það séu tveir jafnréttháir aðilar, sem eigi að veita þetta embætti. Eftir till. getur ráðh. ekki veitt embættið, nema bæjarstjórn samþ. það, en hins vegar, ef ráðh. vill veita þetta embætti sérstökum manni, en bæjarstjórn vill veita það öðrum, þá verður ekki hægt að veita embættið. Annars er það, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að það er eins ástatt hér í Reykjavík og í öðrum kaupstöðum. Ríkið skipar lögreglustjórann í Rvík, og ríkið launar hann og borgar skrifstofukostnað. Þess vegna væri dálítið ósamræmi í því, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefði fullan ákvörðunarrétt um skipun þessa embættis, en bæjarstjórnirnar í hinum kaupstöðunum hefðu engan slíkan ákvörðunarrétt. Eðlilegast mundi vera, að ríkið kostaði alla lögreglu, hvar sem er á landinu, því að það er ríkisins að halda uppi lögum og rétti. Nú er þessu einu sinni þannig fyrir komið, að ríkið kostar þetta að nokkru leyti, en bæjarstjórnirnar að nokkru leyti. Ég held, að hv. flm. brtt. hefði átt að hafa till. dálítið vægari, það hefði t. d. ekkert verið á móti því að mæla svo fyrir, að veitingarvaldið skyldi leita tillagna bæjarstjórna um veitingu lögreglustjóraembætta í landinu. Viðvíkjandi hinu atriðinu, sem flm. veik að, skal ég taka þetta fram:

Fyrir mér vakti ekki, eins og ég tók fram við 2. umr., að lögreglustjóri væri herfræðingur, og mér kom ekki í hug, þegar ég talaði um þetta, að lögreglan hefði afskipti af vinnudeilum á nokkurn hátt að öðru leyti en lög standa til. Það, sem ég átti við, var það, að lögreglan væri þannig undir stjórn hvers lögreglustjóra, að hann gæi ráðið við einstök óróamenni á skemmtunum og götuupphlaup, en ekki það, að lögreglan ætti að blanda sér í vinnudeilur framar en l. standa til. Það er eins og við vitum, að það geta stundum orðið róstur á götum og skemmtunum, t. d. dansskemmtunum, og það var þetta, sem ég hafði í huga, þegar ég talaði um það, að það væri eðlilegt, að lögreglustjóri kynnti sér á raunhæfan hátt lögreglu og lögregluvopn. Það getur verið, að ég hefði átt að tala nákvæmar en ég gerði, en þá kem ég með þessa viðbótarskýringu á því, sem ég átti við. Flm. veik að þessum vopnakaupum. Eins og stendur er ég ekki svo kunnugur þeim málum, að ég geti gefið neina skýringu á því, það hefur svo lítið borið á góma í minni ráðherratíð, að ég get varla talað um það hér. En hitt er það, að þegar fram kemur fyrirspurn um það þá, ætti að vera auðvelt að svara henni, eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja í dómsmrn. og eftir skýrslu lögreglustjóra sjálfs, þegar maður hefur fengið tækifæri til þess að búa sig undir það. En ég er ekki nú viðbúinn að skýra hv. þd. frá því, hvernig þessu er háttað.

**Sigfús Sigurhjartarson:** Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af brtt. 198. Hv. 4. þm. Reykv. virtist líta svo á, að þessi till. væri ekki frambærileg vegna þess fyrst og fremst, að eftir henni ættu tveir aðilar að fara með þetta veitingarvald, og taldi hann það vera í ósamræmi við önnur l. og reglur og aðeins einn aðili ætti um það að fjalla, eftir því, hvor veitingarvaldið fengi. En þetta er hinn mesti misskilningur. Það er fjöldi embætta í landinu þannig veittur, að það eru fleiri en einn aðili, sem fjalla um málið. Ég vil benda á stétt eins og t. d. prestastéttina. Um þau mál fjallar söfnuðurinn og biskupinn, en hið eiginlega veitingarvald er í höndum ríkisstj. Það má benda á kennarastéttina. Þar fjalla þrír aðilar um málið, í fyrsta lagi formaður skólanefndar, fræðslumálastjóri og loks ríkisstj., svo að það er tiltölulega algengt, að fleiri en einn aðili fjalli um það, þegar um veitingu opinberra embætta er að ræða. Ég get svo aðeins drepið á það, sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh. Hann leit svo á, að það væri ekki rétt að setja slík sérákvæði um lögreglustjórann í Reykjavík. Það væri eðlilegt, að það sama gilti í öllum lögreglustjóraembættum landsins, og gæti hann því ekki fallizt á þetta. Það er kunnugt, að lögreglustjóraembættið í Reykjavík er með allt öðrum hætti en slík embætti utan Reykjavíkur. Þar fara lögreglustjórarnir með dómsvaldið, en það gerir lögreglustjórinn í Reykjavík ekki. Hans eina starf er að stjórna lögreglunni í Reykjavík. Ég skal svo fara nokkrum almennum orðum um þau rök, sem liggja að þessari till. Þá er þess fyrst að minnast, að það fjölmenna lögreglulið, sem lögreglustjóri stjórnar, 80 manns, er að mestu leyti kostað af Reykjavíkurbæ eða að 5/6 hlutum. Þetta lögreglulið er þannig valið, að lögreglustjóri gerir till. um það, hverjir skuli í liðinu vera, en bæjarstj. hefur synjunarvald, sem er í rauninni ekkert annað en það, að veitingarvaldið er formlega hjá bæjarstj., en í framkvæmdinni hefur bæjarstj. ekkert annað vald en synjunarvald gagnvart þeim till., sem lögreglustjóri leggur fram. Þá vil ég benda á það, að samkvæmt fleiri en einum uppkveðnum dómi ber bæjarsjóður fjárhagslega ábyrgð á axarsköftum lögreglustjóra, og hann hefur verið dæmdur í allstórar fésektir, vegna þess að lögreglustjóri hefur vikið lögreglumönnum úr embætti. Bæjarsjóður hefur líka verið dæmdur til að greiða skaðabætur, vegna þess að hlotizt hafa meiðsl á borgurum í bænum í viðskiptum við lögregluna. Allt þetta sýnir, hversu mikið bæjarstjórn á undir því, að hæfur og góður maður skipi lögreglustjóraembættið. Og það er sízt ófyrirsynju, að það sé í l. sett, að enginn sá maður verði í þetta starf kjörinn, sem bæjarstj. fellst ekki á. Sambandið á milli bæjarstj. og ríkisstj. yrði þá að þessu leyti það sama og nú er á milli lögreglustjóra og bæjarstj. um lögregluþjónavalið, og þetta er að vissu leyti mjög eðlilegt. Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta. Ég vænti þess, að hv. þm. fallist á það, að bæjarstj. fái þetta vald, og fallist á það, að þetta sé ekki í neinu ósamræmi við það, sem gerist um aðra embættaveitingu, og sjái, að þetta er í fullu samræmi við það, sem viðgengst um val lögreglustjóra í Reykjavík. Hitt get ég svo fallizt á með hæstv. dómsmrh., að spursmálið um lögregluna í heild mætti koma til endurskoðunar, og hver eigi að bera ábyrgð á henni, hver eigi að bera kostnaðinn af henni, ríkið eða

bæjarfélögin. Eins og fyrirkomulagið er, er það hvorki fugl né fiskur, það er í rauninni mesta vandræðafyrirkomulag. En meðan það er svo, er það eðlilegt, að enginn verði í lögreglustjóraembættið settur nema sá, sem bæjarstj. getur fallizt á, að þar sé.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Hv. 8. þm. Reykv. vildi leggja að jöfnu reglur, sem gilda um ýmsar stéttir í landinu, svo sem presta og kennara, og veitingu slíkra embætta og reglur um veitingu lögreglustjóraembætta. Eins og allir vita, eru til sérstök l., sem gilda um kosningu presta og það vald, sem þar á sér stað um það, hver hreppi það og það embætti í hverju tilfelli. Svo er sá settur í embættið, sem flest atkv. hlýtur, þó að hann hafi ekki náð löglegri kosningu. Þar er um kosningu að ræða. Um kennarana er það svo, að fræðslun. hefur tillögurétt um val í kennarastöður, en úrslitavaldið er í höndum fræðslumálastjóra. En þegar litið er á lögregluna hér í Reykjavík og stjórn hennar, þá er það ekki nema eðlilegt, að bærinn hafi nokkurn íhlutunarrétt um val lögreglustjóra. En ef mig minnir rétt, þá er úrslitavaldið hjá lögreglustjóra, og ég tel því, að bærinn ætti að hafa meira vald en hann hefur nú um val manna í lögreglustjóraembættið. Ég held, að hæstv. dómsmrh. hafi bent á það, að eins og till. er orðuð, er hvergi neitt úrslitavald til um það, hver eigi að veita þetta embætti. Það gæti því orðið togstreita um það, eins og till. er orðuð, hver eigi að kveða upp úrskurð um það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Nd., 21. okt., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 151 tekin aftur.

— 169 samþ. með 23:3 atkv.

— 198 felld með 24:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** LJós, SigfS, SB, SG, SK, STh, ÞG, ÁkJ, EOl, GTh.

**nei:** ÁÁ, BG, BÁ, BFB, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GSv, IngJ, JakM, JJós, JPálm, JS, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SEH, SÞ, SÁÓ, SkG, SvbH, JörB.

1 þm. (GG) fjarstaddur.

Brtt. 170 felld með 21:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GTh, JakM, JPálm, LJós, SigfS, SB, SG, SK, STh, ÞG, ÁkJ, EOl .

**nei:** IngJ, JJós, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SEH, SÞ, SÁÓ, SkG, SvbH, ÁÁ, BG, BÁ, BFB, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GSv, JörB.

1 þm. (GG) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 23:6 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 38. fundi í Ed., 22. okt., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 224).

Á 39. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 51. og 52. fundi í Ed., 18. og 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 224, n. 413, 431).

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Mál þetta, sem hér liggur fyrir, er komið frá hv. Nd., og það var upprunalega lagt fyrir þá hv. d. af hæstv. dómsmrh. Frv. þetta fer fram á þrenns konar breyt. frá gildandi l. Í fyrsta lagi er í 3. gr. frv. lagt til, að gerð verði breyt. á þinglýsingarreglum þeim, sem nú gilda. Þær eru orðnar gamlar mjög og úreltar, sérstaklega að því er snertir Reykjavík. Og hér er lagt til, að það komi venjuleg skrásetning um öll innrituð og aflýst skjöl í staðinn fyrir skrásetningu að viðbættri eftirfarandi þinglýsingu, sem er hreint formsatriði, þ. e. a. s. þinglýsingin.

Annað og veigamesta atriði frv. er það, að farið er fram á, að lögmannsembættinu sé skipt. Það embætti er orðið svo viðamikið, að það er varla tiltækilegt, að nokkur einn maður geti borið ábyrgð á því. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, munu vera hjá lögmanni nú 12 fulltrúar, þannig að það er meira en nægilegt starf fyrir einn mann að annast eftirlit með því. Ég get ekki annað séð en skiptingin, eins og hún er ráðgerð í frv. á þessu embætti, sé mjög hagsýnisleg, enda hafa hinir færustu menn um þetta fjallað.

Þriðja lagabreyt., sem farið er fram á með þessu frv., sem þarf kannske ekki að kallast nýmæli, er það, að lögreglustjórinn í Reykjavík skuli uppfylla þau almenn skilyrði, sem dómarar þurfa að uppfylla samkv. 32. gr. l. nr. 85 frá 1936 og nú gilda. En með l. nr. 67 31. des. 1939 var beinlínis tekið fram, að undanþágu mætti veita frá þessum ákvæðum, að því er lögreglustjóra í Reykjavík snertir. Þar er tekið fram í 1. gr. þeirra l., að „í Reykjavík skuli vera lögmannsembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. Konungur veitir þessi embætti, og skulu embættismennirnir fullnægja dómaraskilyrðum samkvæmt 32. gr. laga nr. 85 23. júní 1936. Undanþágu má þó veita frá framangreindum skilyrðum, að því er lögreglustjóra snertir, enda séu þá sett sérstök skilyrði fyrir veitingu þess embættis með konunglegri tilskipun."

Án þess að nokkuð væri leitað fyrir sér um það, hverjir vildu sækja um lögreglustjóraembættið, þá var gefin út tilskipun 31. des. 1939, nr. 68, þar sem vikið er allmjög frá þessum almennu dómaraskilyrðum um veitingu lögreglustjóraembættisins. Þá var t. d. álitið nægilegt, að lögreglustjórinn sé 24 ára að aldri. Auðvitað er þeim skilyrðum fylgt, sem um dómara gilda, að hann sé lögráður og hafi forræði fjár síns og hafi óflekkað mannorð. En þá var því bætt við sem skilyrði, að hann „hafi aflað sér sérþekkingar um meðferð lögreglumála og hafi hæfileika til lögreglustjórnar."

Mér skilst, að í Nd. og eins í allshn. þessarar hv. d. hafi menn verið algerlega sammála um, að rétt væri að breyta þeim reglum, sem um þinglýsingar hafa gilt til þessa, og eins, að rétt væri að skipta lögmannsembættinu, eins og í frv. er farið fram á. En það var talsverður ágreiningur um það, hvaða skilyrði þyrfti að setja í l. til þess að skipa mann í lögreglustjóraembætti. Það varð þó niðurstaðan í hv. Nd., að samþ. var, að sú skipan skyldi vera á, að lögreglustjóri skyldi fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti. Og í hv. Nd. var ekki látið sér það nægja, heldur bætti sú hv. d. inn í frv. þessum orðum: „Til veitingar lögreglustjóraembættisins er það enn fremur skilyrði, að aðili hafi raunhæfa þekkingu á háttum og stjórn lögreglumanna og skipulagi lögreglumála.“ Það eru m. ö. o. gerð enn þá strangari skilyrði til þess, að maður verði skipaður í þetta embætti, en um önnur embætti gilda. Og þetta er — að mínu áliti með réttu —, vegna þess að þetta embætti er vafalaust eitt af allra vandasömustu lagaembættum hér á landi.

Það hafa nú verið haldnir margir fundir um þetta atriði í allshn. þessarar hv. d., og sitt hefur sýnzt hverjum. En að lokum hefur n. orðið sammála, þ. e. a. s. 4 nefndarmanna, um það að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. En einn nefndarmaður, hv. 6. þm. Reykv. (BBen), telur ekki alveg nauðsynlegt, að lögreglustjórinn sé lögfræðingur, og hefur sá hv. þm. borið fram sértill. í því efni. En 4 nefndarmenn eru sammála um, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það kom frá hv. Nd., og þá leiðir af því með lógiskri nauðsyn, að flytja verður núverandi lögreglustjóra í annað embætti. Það leiðir af því, að menn eru sammála um, að embætti þetta sé það mikilsvert, að það sé skipað af lögfræðingi ásamt öðrum skilyrðum, sem sett eru. Og úr því að hæstv. Alþ. er sammála um þetta, þá leiðir af sjálfu sér, að það á að skipta um mann í embættinu, — ef svo er álitið, að þetta sem önnur embætti sé fyrir alþjóð, en ekki einhvern tiltekinn mann eða menn, sem í embætti eru. Og þetta á því fremur við, þar sem við erum að setja l. fyrir framtíðina, en sá embættismaður, sem í þessu embætti er nú, mætti sitja í því að öðrum kosti, ef ekki ætti að gera þessi l. gildandi, fyrr en hann léti af starfi, í 37 ár enn. Hins vegar langar engan til þess að gera þessum manni neitt til miska, og þess vegna er tekið fram í nál., að er hann verði fluttur í annað embætti, skuli honum allur sómi sýndur í því sambandi. Ég minntist á það atriði við hæstv. dómsmrh. (EA). Ég hygg ég hafi ekki skilið það ranglega, að verði frv. samþ. óbreytt, leiði af því flutning þessa embættismanns í annað embætti og sú skoðun ríkisstj. Annað atriði, sem n. lagði mesta áherzlu á, er, að meðan þannig stendur, að mestur hluti af löggæzlukostnaði er greiddur af bæjarsjóðum, er eðlilegt að bæirnir hafi íhlutunarvald um það, hvernig í lögreglustjóraembætti er skipað.

Það hefur ekki fengizt einróma álit um frv. Hv. 1. þm. Eyf. (BSt) telur, að sama eigi að gilda um kostnað af löggæzlu, hvar sem er á landinu. Í hugsun hans er margt rétt, og þótt hluti landsins sé tekinn fyrst af vissum ástæðum, en ekki unnt að taka nú þegar fyrir breyt. á öllu landinu, er það engin röksemd gegn réttmæti breytingarinnar. Um sýslumenn og bæjarfógeta gegnir líka öðru máli en um lögreglustjóra, því að þeir fara með dómsvald o. fl., sem er óskylt lögreglustjóra. Ef frv. verður samþ. óbreytt, hef ég ástæðu til að ætla, að hæstv. dómsmrh. taki þessar óskir til greina, og af þeim ástæðum leggur n. ekki til breytinga. Verði frv. samt sem áður breytt, hafa einstakir nm. frjálsar hendur. Sé ég ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, nema tilefni gefist.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Í tilefni af orðum hv. frsm. vildi ég spyrja, hvort allshn. liti svo á, ef frv. verður samþ., að núv. lögreglustjóri hafi rétt til fullra launa til 65 ára aldursmarks. Það hefur áhrif á mitt atkv., hvort svo er, því að það er nokkurt fjárhagsatriði fyrir ríkissjóð á að gizka næstu 30 árin. Eða er þessi embættismaður skyldur að taka við öðru embætti með jafnháum launum? (**LJóh:** Það leiðir af stjórnarskránni). Þó að svo sé, gæti kannske orðið úr því hæstaréttarmál, hvort honum væri sýndur nægur sómi í því sambandi, eins og n. vill leggja kapp á. Það er upplýst, að hann hefur ekki, er hann var skipaður, fullnægt neinu þeirra skilyrða, sem hér er tilskilið, að lögreglustjóri verði að fullnægja. Þegar þessi lög eiga að bæta úr því glappaskoti, er talað um, að sýna þurfi sérstakan sóma.

**Bernharð Stefánsson:** Sérstaða mín í n. var í fyrsta lagi sú, að ég vildi ekki taka neina afstöðu til þess, hvernig fara skyldi með núv. lögreglustjóra, ef frv. yrði samþ. Ég efast um, að það hafi mikið gildi, sem n. segir í nál. um þetta. Ég tel mig ekki bæran að segja ríkisstj. fyrir um framkvæmd lagagr., nema þingviljinn komi beint fram í gr. sjálfum. Það er dómsmrh. að ráða þar fram úr á sínum tíma.

Þó að ég ráði til að samþ. frv. óbreytt, er ég að því leyti sammála hv. 6. þm. Reykv. (BBen), að ég tel ekki nauðsynlegt, að lögreglustjóri hafi lögfræðimenntun, eins og nú er komið, og mundi hafa greitt brtt. hans atkv. og jafnvel flutt hana með honum, ef hann hefði ekki tekið þar meira með. En ekki sakar, að þessi embættismaður sé lögfræðingur auk annars, sem hann þarf að uppfylla. Búast má þó við, að erfitt verði í bili að fá mann, sem fullnægi öllum skilyrðum. Ég ætla ekki að fara að ræða persónu þess manns, sem nú er í embættinu, eins og sumir hafa gert. En þegar hann var skipaður, mun ráðh. hafa talið hann hafa þá menntun, sem þarna gæti komið að mestu liði, við stjórn lögreglunnar, liðsforingjamenntun, og hafði ráðh. áður leitað til annars manns með liðsforingjamenntun, þótt sá maður færðist undan starfinu. Þrátt fyrir þessa skoðun mína get ég fylgt frv. óbreyttu, þar sem lögfræðimenntun mun sízt saka.

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Ég vildi svara fyrirspurn hv. þm. Barð. (GJ) því, að núv. lögreglustj. er skyldur að taka við öðru embætti,

ef hann missir þar einskis í fjárhagslega. Setning nál., að sýna skyldi honum í þessu allan sóma, var sett að minni ósk, til þess að ljóst yrði, að áherzla mín á, að skipt yrði um mann vegna samþykktar þessa frv., stafaði sízt af neinum hefndarhug frá mér. Hv. 1. þm. Eyf. minnti réttilega á það, að fyrrv. dómsmrh., Hermann Jónasson, sneri sér fyrst til manns með fullkomna liðsforingjamenntun, Péturs Sigurðssonar, og óskaði eftir, að hann tæki að sér embættið. Sá maður er sjóliðsforingi og hefur einnig landliðsforingjapróf. En hann hafnaði boðinu, því að hann áleit sig skorta lögfræðimenntun til þess. Þar sést, hvað þeim mönnum finnst til þurfa, sem hafa sérþekking á starfinu að nokkrum hluta, en öðrum, sem færra kunna, finnst færra til þurfa. Annars þarf ekki nema líta á verkefnin, sem lögreglustjóra eru ætluð, til að sjá, hver þörf honum er á lögfræðimenntuninni. Og sum þau verkefni gerast enn vandasamari með ákvæðum, sem verið er að setja í lög, þegar t. d. er leyfð húsrannsókn og leit á mönnum án dómsúrskurðar, en áður þurfti ætíð dómsúrskurð til slíks. — Handtökur eru einnig mikið vandamál, þar sem þær eru eitthvert hið viðkvæmasta mál, sem fyrir nokkurn getur komið persónulega. Það er ákaflega mikið undir því komið, að maður í þessu embætti hafi bæði til að bera stillingu og þroska. Venjulega stafar ekki mörgum mönnum lífshætta né lima af tiltektum óbreyttra borgara, en af ákvörðunum manns, sem hefur slíkt vald sem lögreglustjóri og ræður m. a. yfir skotvopnum, getur almenningi stafað mikil hætta. Fyrirskipun, sem hann gefur, getur leitt til tjóns, sem enginn getur bætt.

**Bjarni Benediktsson:** Ég tel, að þetta frv. hafi að vissu leyti verið ranglega úr garði gert hjá stjórninni. Ég tel misráðið að blanda gamla deilumálinu um það, hver skilyrði lögreglustjóri þurfi að uppfylla, saman við annað meginatriði frv., en það er skipting lögmannsembættisins í Rvík. Það atriðið skilst mér ríkisstj. hafa lagt áherzlu á, og vitað er, að hún hefur góð skilyrði til að dæma þar um. Því máli hefði verið bezt borgið einu sér.

Einnig tel ég, að úr því að ríkisstj. taldi ástæðu til að gera frekari þekkingarkröfur en nú til manns, er gegni lögreglustjórastarfinu, sé það gert út í hött, ef samþ. frv. hreyfði ekkert við þeim manni, sem gegnir embættinu sem stendur. Það er vitað um núv. lögreglustjóra, að líkur eru til, að hann muni eiga eftir að sitja í embættinu ein 40 ár, ef engin sérstök atvik yrðu til að breyta því. Þó að ég dragi ekki í efa framsýni þm. og sérstaklega ríkisstj. í þessu máli, er það vægast sagt út í hött að fara hér að setja lög, sem gera verður ráð fyrir, að ekki sé unnt að framkvæma fyrr en eftir 40 ár.

Þegar þetta er athugað, virðist mér ljóst, að ekki hefði átt að draga þetta deilumál inn í frv. um skipting lögmannsembættisins. Sé ákveðið það skilyrði til embættisgengis lögreglustjóra, að hann skuli vera lögfræðingur, er eðlilegt, að núv. lögreglustjóri verði látinn víkja úr embætti, og það er óskiljanlegt, að ríkisstj. hefði gert frv. þannig úr garði, nema þetta væri tilgangur hennar. En þá væri réttast að taka það beint fram í frv., og það, að ég fellst með nokkrum meðnm. mínum á að samþ. frv. óbreytt, stafar aðeins af, að mér virðist þrátt fyrir þennan óskýrleik vera einsætt, hvað af samþ. frv. leiðir og liggur í hlutarins eðli. Ríkisstj. hlyti að nota sér ákvæði 16. gr. stjórnarskrárinnar og flytja þennan embættismann til.

Um það, hver nauðsyn sé, að lögreglustjórinn sé lögfræðingur, verð ég að segja eins og hv. 1. þm. Eyf., að það ætti aldrei að saka, að hann sé það. En ég hef ekki með bezta vilja getað sannfærzt um, að nauðsyn sé á, að hann sé það. Vitanlega þarf hann lögfræðiþekking á ýmsum sviðum, og í ýmsum málum þarf hann fullkominnar lagaþekkingar og æfingar, en í þeim málum getur hann stuðzt við lögfróðan ráðunaut, færan mann, svo sem nú er til hagað. Það er algengt, að embættismenn bresti þekking á sérsviðum og að þeir gætu ekki gegnt þeim án sérfræðiaðstoðar. Jafnvel ráðherrar þurfa ekki að vera sérfræðingar, dómsmrh. hafa oftar en einu sinni verið ólöglærðir menn, og til að vera fjármálaráðherra eða atvinnumálaráðherra þurfa menn ekkert sérstakt próf. Til að vera borgarstjóri í Rvík þarf ekki verkfræðing, þó að í því embætti þurfi mjög á verkfræðiþekkingu að halda. Ef lögreglustjóri þyrfti fyrst og fremst að vera lögfræðingur, væri það meiningarlaust í frv. að láta sem hugsanlegt sé að komast af án lögfróðs lögreglustjóra næstu 40 ár.

Ég ætla mér alls ekki að fara að tala hér um núv. lögreglustjóra Reykjavíkur. Ég tel sjálfsagt, að margt megi að honum finna eins og öðrum mönnum, og hann var ungur, þegar hann var skipaður í þetta vandasama embætti. En ég hef ekki getað sannfærzt um, að þeir gallar, sem kunna að hafa verið á embættisrekstri hans, stafi af skorti hans á lögfræðilegri þekkingu. Og það mun yfirleitt ekki tíðkast úti um heim, að lögreglustjórar séu lögfræðingar, heldur mun annarrar þekkingar krafizt öllu frekar. Það kann að vera, að lögfræðilegrar þekkingar sé krafizt af lögreglustjórum í Danmörku, enda hefur það lengst verið okkar fyrirmynd, en það er fullvíst, að í stærri löndum Evrópu er það ekki almenn krafa. Og eftir að búið er að margskipta gamla bæjarfógetaembættinu og takmarka lögreglustjórastarfið nær eingöngu við að hafa stjórn á lögregluliði bæjarins, þá verð ég að segja, að ég, sem hef lært í lögfræðideildinni og starfað þar sem kennari í mörg ár, get ekki komið auga á, að þar séu iðkuð þau fræði, sem geri menn sérstaklega hæfa til að standa fyrir lögregluliði. Og þó að einhverjir séu óánægðir með lögreglustjóra og vilji, að honum verði vikið frá, þá mega þeir ekki blanda því saman við þetta mál og fara að setja óeðlilegar kröfur fyrir þessari embættisveitingu. Þá væri betra að ganga í gegnum þau störf, sem lögreglustjóra eru ætluð, velja úr þau, sem krefjast lögfræðilegrar þekkingar, ef einhver eru, og leggja þau undir lögfræðing bæjarins, en halda lögreglustjórninni út af fyrir sig. Má minna á það, að þegar á reyndi í hinu svo nefnda Ólafs Friðriksonar uppþoti haustið 1921, þá var það ráð tekið að skipa sérstakan lögreglustjóra, sem var

ekki lögfræðingur, því að þegar til harðræða kom, sannaðist, að lögfræðingur var ekki allra manna færastur að standa í þeim stórræðum, sem menn bjuggust við, að kynnu að bera að höndum.

Ef þetta frv. verður samþ. óbreytt, tel ég ómögulegt annað en flytja núverandi lögreglustjóra til. Honum yrði ókleift að standa í stöðu þess, sem á að halda uppi lögum og reglu. Hann stæði þar of illa að vígi gagnvart lögbrjótum. Það væri ekki mikill vandi fyrir þá að segja sem svo: „Þú skalt ekki segja mikið, góði minn, sem fullnægir ekki einu sinni þeim löglegu kröfum, sem gerðar eru til embættisins.“ Þessa aðstöðu gæti enginn maður staðizt í 40 ár. Enda veit ég, að hæstv. ríkisstj. hefur hlotið að hafa í huga að færa manninn til, hvað svo sem látið er í veðri vaka.

Fyrir mitt leyti vil ég ekki, að þetta sé lögleitt, að lögreglustjóri skuli vera lögfræðingur. Ég hygg það sé annað, sem starfið þarfnast meir. Ég hef því leyft mér að bera fram brtt. í þá átt, og aftan við hana hef ég hnýtt nokkurs konar bráðabirgðaatriði. Það fjallar um það, eð ef embættið er fyllt á ný, á meðan Rvík greiðir mestan kostnaðinn við lögreglustarfið, þá sé samþykkis hennar leitað um skipun manns í embættið. Það er sjálfsagt, þar sem þessi maður fer með bæjarins fé, — eins og nú standa sakir nemur þetta um hálfri annarri milljón kr. árlega, — en bæjarstjórn hefur nú ekkert að segja um það, hvernig því er varið. Og þó að skipunarvaldið sé hjá ríkisstjóra, þá á ekki að skipa menn í starfið nema með samþykki bæjarstjórnar. Ég tek það fram, að það er aðeins gert ráð fyrir, að þetta standi, á meðan kostnaðurinn við lögregluhaldið er greiddur úr bæjarsjóði, en það á hann ekki að vera, heldur af ríkinu, eins og lagt hefur verið til í frv., sem bráðlega mun koma fyrir hv. deild.

**Dómsmrh. (Einar Arnórsson):** Herra forseti. Viðvíkjandi aðalatriði frv., skiptingu embætta, finnst mér engin ágreiningsatriði og sjálfsagt, að sú skipting fari fram. Enda er ekki deilt um það. Það er aðeins um lögreglustjóra Rvíkur, sem ágreiningur stendur. Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að það væri rangt að blanda inn í þetta mál lögfræðilegri þekkingu lögreglustjóra. Það hefði vitaskuld verið hægt að ganga fram hjá því, en ef þetta frv. hefði gert það, þá voru aðrir menn í Nd., sem hefðu ekki látið það afskiptalaust, svo að málsmeðferðin hefði orðið svipuð og reynd hefur orðið á.

Um það er deilt, hvort lögreglustjóri þurfi að vera lögfræðingur. Ég hef þá skoðun, að hann eigi að vera það. Ég geri ráð fyrir, að hv. 6. þm. Reykv. sé mér sammála um, að þau fræði veiti alhliða andlega þjálfun. Það er hún, sem ég tel, að komi sér vel fyrir lögreglustjóra að hafa. Þar með er ég ekki að segja, að gáfaðir menn hafi ekki nokkuð af þessari þjálfun, þó að þeir séu ekki lögfróðir menn, menntun veitir það einnig, en þó dálítið öðruvísi.

Hv. 6. þm. Reykv. virðist hneykslast á, að skipun núverandi lögreglustjóra eigi að standa eftir sem áður. Hann veit, að oft er bætt við embættisskilyrðum, án þess að menn, sem í embættunum sitja, séu látnir fara frá, þótt þeir fullnægi þeim ekki, t. d. læknar. Það er rétt hjá hv. þm., að það má gera ráð fyrir, að núv. lögreglustjóri geti setið lengi, en „principsins“ vegna vildi ég, að þetta væri í frv.

Um það, sem hann segir, að það sé bábilja að breyta þessu, en láta hann sitja áfram, þá get ég ekki annað sagt en það, að þó að ég sé ekki svo framsýnn, að ég viti, hvað fram undan er, þykist ég vita, að það hljóti að koma sú tíð og það kannske fyrr en síðar, að það verði brýn nauðsyn að fá hann í annað starf, sem hann er allra manna færastur til að rækja, og ég get trúað því, að honum væri það starf ekki síður ljúft en það, sem hann hefur nú. Hann hefur látið þau orð falla við mig. En vitaskuld yrði það með þeim skilyrðum, að hann byði ekki við það fjárhagslegan hnekki.

En hvað sem því líður, þá lít ég svo á, að lögreglustjóri þurfi að hafa talsvert „autoritet“ og þurfi helzt að vera í því embætti þjálfaður maður, bæði andlega og líkamlega, og mér liggur við að segja ráðinn og roskinn. Ég er ekki að segja, að núverandi lögreglustjóri hafi ekki rækt starf sitt vel. Það má að öllu finna. Ég tel sjálfsagt, að hv. 6. þm. Reykv., sem sjálfur situr hátt og ekki í neinum friðarstóli, geti skilið það.

Ég tel óheppilegt, ef þessi deila yrði til þess, að málið félli eða að það sofnaði á þessu þingi, því að ég tel nauðsynlegt að skipta dómsmálastarfinu. Ég tel varla mögulegt, að einn og sami maður hafi yfirlit um allt starfið.

Viðvíkjandi niðurlagi brtt. hv. 6. þm. Reykv. vil ég segja, að ég er þeirrar skoðunar, að lögreglukostnaður ætti allur að vera á landsins reikning, en að á meðan svo er ekki, ætti bæjarstjórn að hafa um val lögreglustjóra að segja, þó að bærinn greiði að vísu ekki kaup hans. En ég held þó, að þetta kunni að binda hnút, ef til vill óleysanlegan, t. d., ef bæjarstjórn óskar eftir sérstökum manni, en ríkisstjóri teldi sig ekki geta fallizt á hann. Þetta gæti komið fyrir. Það hefur komið fyrir svipuð deila milli lögreglustjórans og bæjarins út af skipun lögregluþjóna. Samkv. till. hv. þm. er enginn skipaður, nema báðir séu sammála. Mætti ríkisstjóri þá setja mann í embættið til bráðabirgða? Þyrfti hann samþykki bæjarstjórnar til þess? Og ef til þess kæmi að víkja lögreglustjóra frá, þyrfti þá líka samþykki bæjarstjórnar til þess? Hv. flm. hefur sjálfsagt hugsað þessi atriði.

Sem sagt, þó að mér finnist sanngjarnt, að bæjarstjórn hafi hönd í bagga með skipun lögreglustjóra, þá sé ég, að komið gæti til árekstra þarna. En ef hv. flm. getur leyst þessar gátur, þá gerir hann sjálfsagt grein fyrir því. Ég er ekki svo gáfaður, að ég geti í augnablikinu séð, hvernig verði úr þeim leyst.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Í nál. á þskj. 413 er tekið fram, að 3 nm. telji sjálfsagt, að lögreglustjóraembættið í Reykjavík sé ekki veitt öðrum en þeim, sem bæjarstjórn samþykkir, meðan bærinn greiðir mestan hluta kostnaðarins við lögreglustörfin. En ég tel, að sama eigi þá að gilda um önnur lögsagnarumdæmi. Ég tel,

að það nái ekki nokkurri átt að setja þetta sem l. fyrir Rvík eina. Enda lítur svo út, að tveir nm. leggi ekki mikla áherzlu á þetta atriði, því að aðeins einn, hv. 6. þm. Reykv., hefur komið með það á þskj., en hinir eru með því að frv. verði samþ. óbreytt.

Ég er hv. 6. þm. Reykv. á margan hátt sammála um það, sem hann sagði í fyrri hluta ræðu sinnar viðvíkjandi því, að lögreglustj. þyrfti ekki að vera lögfræðingur. En ég tel þó, að það geti engu spillt, þótt hann sé lögfróður maður, enda hafi hann aðra þá þekkingu á lögreglumálum, sem áskilin er í frv.

En þegar hann kom að síðari hluta ræðu sinnar og hélt því fram, að ekki ætti að veita lögreglustjóraembættið öðrum en þeim, sem bæjarstj. samþ., þá varð ég honum ósammála. Mér finnst það oft koma fram hjá honum, að hann lítur á Rvík sem sérstakan aðila gagnvart landi og þjóð. Þess vegna finnst honum óhæfa, að bæjarstj. eða kannske öllu heldur borgarstjórnin skuli ekki ráða, hver sé yfirmaður lögreglunnar. En þótt Rvík sé stór og voldug, þá er hún hluti af íslenzka ríkinu og þeir, sem í henni búa, ísl. þegnar eins og aðrir í landinu, og ég skil ekki í öðru en stjórnin beri hagsmuni þeirra fyrir brjósti engu síður en annarra. Þess vegna sé ég ekki, hvers vegna sami háttur mætti ekki vera á, hér eftir sem hingað til hvað það snertir. Samt skal ég ekki segja, að ekki mætti breyta til batnaðar, en þá á það bara að ganga yfir allt landið eða a. m. k. aðra bæi. Og ef það á að liggja undir samþ. Rvíkur, hver sé lögreglustj. þar, hví á þá ekki að liggja undir samþ. annarra bæja, hverjir séu bæjarfógetar? Hv. 6. þm. Reykv. telur kannske réttast, að Rvík yrði sérstakt ríki? Eða ef ekki það, þá svipað og Róm í gamla daga: að ríkið sé Rvík? Það er sjálfsagt bara röggsemi hans sem borgarstjóra, sem lýsir sér á þennan hátt.

Ég undrast, að dómsmrh. skyldi taka undir þetta og álíta, að kostnað af lögreglu eigi að greiða af ríkinu, enda þótt vitað sé, að lögreglu er einungis þörf í bæjum og hliðstæða við hana er engin í sveitum. Með þessu væru því lögð fullkomlega óréttmæt gjöld á íbúa utan bæjanna.

Það var lítið, sem hv. frsm. veik að mér í ræðu sinni. Hann gat þess, að hæfan mann þyrfti til þess að vera lögreglustjóri. Ég játa það fullkomlega, að lögreglustjórastarfið er ábyrgðarstaða, og til að gegna því þarf mann góðum kostum búinn, en ég álít, að til slíks sé lögfræðimenntun ein ekki næg trygging. Ég hef séð lögreglustjóra framkvæma verk sitt þannig, að hann sýndi þar ekki stillingu, hvað sem þroska líður, og var hann þó lögfræðingur.

Ég tel það enn fremur enga sönnun fyrir því, að núv. lögreglustjóri sé ekki vaxinn sínu starfi, þótt Pétur Sigurðsson vildi ekki takast það á hendur. Og þótt hann teldi þörf lögfræðimenntunar til starfsins, þá sannar það ekkert í þessu máli, og enginn er kominn til að segja, að hans skilningur á því atriði sé réttari en þess, er tók við starfinu. Annars finnst mér óviðeigandi að blanda nafni lögreglustjóra inn í þessar umr., og vildi mælast til, að það yrði forðazt. Fleira vildi ég ekki taka fram að svo komnu.

**Dómsmrh. (Einar Arnórsson):** Það er síður en svo, að ég álíti hættulegt, þótt dómsmrh. veiti þetta embætti einn. En ég taldi réttlátt, að bæjarstj. hefði þar íhlutun, ef unnt væri.

Háttv. 1. þm. Eyf. fer villur vegar, þegar hann ber þetta embætti saman við bæjarfógetaembætti í öðrum bæjum, en þar er allólíku saman að jafna. T. d. fer bæjarfógetinn á Akureyri með dómsmál, tolla- og skattheimtu auk lögreglustjórnar, þar sem lögreglustjóraembættið í Rvík er nær eingöngu bundið við stjórn lögreglunnar. Þá undrast hv. þm., að ég skuli vera sammála hv. 6. þm. Reykv. um, að ríkið annist alla löggæzlu í landinu. En þótt löggæzlan verði dýrari í bæjum, þá rennur einnig meira frá þeim í ríkissjóð, svo að í þessu þarf ekki að vera um neitt misrétti að ræða.

**Bjarni Benediktsson:** Okkur dómsmrh. greinir ekki á um það, að lögfræðimenntun sé góð og þroskandi. Hins vegar greinir okkur á um það, hvort hún sé nauðsynleg fyrir lögreglustjóra. Ég tel sem sagt, að hér sé búið að greina frá þau störf, sem til þarf lögfræðimenntun og áður heyrðu undir bæjarfógeta, og eftir séu störf, sem gera aðrar kröfur. Lögfræðimenntun spillir ekki, en hún er ekki nauðsynleg, sé öðrum betri kostum til að dreifa varðandi þetta starf.

Út af ummælum hv. þm. Barð. um núv. lögreglustjóra, þá álít ég, að hann hafi haft nokkra þekkingu og reynslu til þessa starfs.

Ég skal ekki dæma um störf hans, en yfirleitt get ég borið honum gott orð, þótt eðlilega verði einatt smágreinir með mönnum í slíkum stöðum.

Þá vil ég taka til athugunar annmarka þá, er dómsmrh. taldi á því að bæjarstjórn hefði hlutdeild um skipun lögreglustjóra. Hér er um að ræða sömu aðferð og nú á sér stað um skipun lögregluþjóna og hefur tíðkazt síðan 1872. Síðan ég tók við borgarstjórastarfinu, hefur ekki komið til ágreinings um ráðningu manna til þessa starfs, og ég tel ótrúlegt og óþarft að gera ráð fyrir svo ótækum dómsmrh. og þrjózkri bæjarstjórn, að samkomulag næðist ekki um skipun í þetta embætti.

Enn fremur má finna mörg dæmi um það, að fleiri en einn aðili koma sér saman um veitingu embætta. Ég geri því ráð fyrir, að dómsmrh. sjái við íhugun, að annmarkar þeir, er hann taldi, eru ekki svo stórvægilegir sem hann lét.

Varðandi það, sem 1. þm. Eyf. sagði, þarf ég ekki að vera margorður. Hann vildi svo vera láta, að ég vildi láta Reykjavík vera alls ráðandi í ríkinu. Þessi þm. hefur látið hafa eftir sér, að Reykvíkingar væru í sjálfu sér ekki verri en annað fólk. Þess gætir þó einatt hjá honum og skoðanabræðrum hans, að þeir vilja ekki unna Reykvíkingum jafnréttis, og það er það, sem ég vil ekki una við. Háttv. þm. telur, að ef bæjarstj. hefur áhrif á skipun manns í lögreglustjóraembættið, þá eigi hið sama að gilda, hvar sem er á landinu. En eins og dómsmrh. benti réttilega á, þá fer lögreglustjórinn í hinum ýmsu bæjum einnig með dómsvald, þar sem hér í Rvík fer hann einungis með lögreglustjórn. Það er og eðlilegt, að lögreglan öll sé

kostuð af ríkinu. En það ,sem 1. þm. Eyf. vill, er að halda við ranglætinu. Bærinn á einungis að fá að borga kostnaðinn, 1½ millj. kr., en svo á hann engin áhrif að hafa á val þess manns, sem fer með þetta fé. Svona er nú sanngirnin og réttlætisástin hjá þeim framsóknarmönnum.

**Gísli Jónsson:** Þótt fyrirspurn mín til háttv. frsm. gæfi ekki tilefni til þess, sem hér hefur verið mest rætt, þá hafa þessar umr. leitt ýmislegt í ljós, sem gott var, að kom fram.

Í fyrsta lagi hafa þær sýnt, að ekkert samræmi er í ályktun Nd. og viðhorfi ríkisstj. til þessa máls, svo sem fram kom í ræðu dómsmrh.

Viðvíkjandi lögfræðimenntun lögreglustjóra, þá er ég sammála dómsmrh. um það, að eðlilegt sé að heimta lögfræðimenntun til þessa starfs, og má í því sambandi benda á, að gert er ráð fyrir, að hann þurfi að hafa löglærðan mann í skrifstofu sinni. Þetta atriði eitt virðist mér nægja til að sanna, að eðlilegra sé, að lögreglustjórinn hafi þessa menntun. Ég vil því beina því til allshn., að hún taki þetta ákvæði aftur upp í frv.

Þá þykir mér ekki nægilega upplýst kostnaðarhlið þessa máls, og væri vert, að nefnd sú, er hefur þetta mál til athugunar, gefi gaum að því. Og að því er við kemur skiptingu lögmannsembættisins hér í Reykjavík, þá hefur það sýnt sig, að skipting embætta hefur ætíð í för með sér mikinn kostnað.

Ég mun ekki treysta mér til, eftir að ég hef fengið þessar upplýsingar, að greiða atkv. með frv., eins og það liggur fyrir. Annars vegar liggja engar upplýsingar fyrir um, hver kostnaðurinn er, hins vegar eru takmarkaðar upplýsingar um, hver þörfin er. Þar að auki er hér annað frv. um skiptingu á öðru embætti, tollstjóraembættinu, og í þriðja lagi eru engar upplýsingar um, hvort sá maður, sem nú á að víkja úr embætti samkvæmt ósk meiri hl. n., verður settur á 40 ára eftirlaun eða í svo og svo mikið hærra launaða stöðu, sem hægt væri að fá menn fyrir minni laun til að gegna og kannske eins vel eða betur hæfa í. Ég mun því greiða atkv. móti frv. í heild, þar til betri upplýsingar liggja fyrir um það frá hæstv. ríkisstj.

**Dómsmrh. (Einar Arnórsson):** Hv. þm. Barð. hefur nú látið ljós sitt skína í þessu máli á ýmsa lund. Hann dró í efa, að þörf væri á að skipta þessu embætti. (**GJ:** Ég sagði, að það vantaði upplýsingar um það). Átti að gera það með því að leggja fram skýrslu um lögtök, uppboð, dómsmál, allar þinglýsingar o. s. frv., sem fara fram í þessu embætti? Öllum, sem til þekkja og ég hef talað við, ber saman um, að brýna nauðsyn beri til að gera þessar ráðstafanir.

Hv. þm. tók svo djúpt í árinni, að hann sagði, að það væri óþinglegt, að embættinu væri skipt, án þess að fyrir lægi grg. um þann kostnað, sem af því leiddi. Bæjarfógetaembættinu í Rvík var fyrst skipt árið 1907. Þá var ekki lögð fram nein grg. um þetta. Þá var því skipt 1918 og 1928, og loks var sakadómaraembættinu skipt árið 1939, og ég veit ekki til, að í neitt skiptið hafi legið fyrir slík grg., enda er ekki auðvelt að láta gera hana. Í öll þessi skipti var málið borið fram á jafnóþinglegan hátt og nú. Það var mikið mein, að þessi hv. þm. skyldi ekki vera kominn þá á þing til að gefa þinginu ráðleggingar um þetta.

Það er eins með þá hugsanlegu nýju stöðu, sem lögreglustjóri eða einhver annar verður skipaður í. Það er ekki gott að gefa nákvæmar upplýsingar um, hvað það muni kosta. Hins vegar geri ég ráð fyrir, að rás viðburðanna greini slíkt sjálf mjög bráðlega eftir stríðið og kannske fyrr, sem verður að gera þær ráðstafanir. Við þurfum ekki að nefna það mál. Ég veit, að öll um þingheimi er kunnugt um það.

Annars held ég, að mér sé óhætt að segja, að ekki sé útlit fyrir, að mikill kostnaðarauki verði af skiptingu lögreglustjóraembættisins. Ég hef a. m. k. heyrt þá, sem því eru kunnugastir, halda fram, að húsakynni geti verið þau sömu og nú, það er aðeins verkaskiptingin, að tveir menn verða hvor yfir sínu starfi í staðinn fyrir einn nú. Annars get ég ekki um það sagt í einstökum atriðum, en ég get hugsað, að höfuðbreyt. verði sú, að þarna verða tveir æðstu menn í staðinn fyrir einn nú. Ég vænti þess, að þeir skipti fulltrúunum á milli sín, og auðvitað falla fleiri fulltrúar undir bæjarfógetann, því að undir hann heyra lögtök, fjárnám og fógetagerðir.

Umr. frestað.

Á 54. fundi í Ed., 23. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

**Bernharð Stefánsson:** Ég hef ekki rétt til þess að gera nema stutta athugasemd, enda skal ég vera fáorður.

Hv. 6. þm. Reykv. beindi þessu máli í gær inn á aðrar brautir en beinlínis komu málinu við. Út af því, sem hann og hæstv. dómsmrh. minntust á kostnað lögregluhalds og hver skyldi greiða hann, vil ég benda á, að ríkið greiðir ⅛ kostnaðar. Ég álít sanngjarnt, að ríkið greiði eitthvað, m. ö. o. sem svarar því, sem hægt er að segja, að lögreglan vinni í þarfir ríkisins og þjóðfélagsins í heild. Hvort það er hæfilega metið að ⅛ eða hvort það ætti að vera meira, skal ég ekki segja um. En hitt tel ég rangt, að ríkið greiði allt, eins og t. d. að stjórna umferð á götum bæjanna, fylgja heim krökkum, sem hafa villzt, tína saman hluti, sem fólk hefur týnt o. s. frv. Ég sé ekki, að ríkinu komi þetta beint við, en ég hygg, að talsvert af starfi lögreglunnar sé beint í þágu borgaranna í bæjunum, en ekki í þjónustu ríkisins. En ég skal ekki ræða mikið um það nú. Það verður sjálfsagt tækifæri til þess seinna, þegar borgarstjórinn kemur með frv., sem hann var að boða í gær.

Þá tók hann sér í munn þann róg, að við framsóknarmenn værum sérstaklega óvinveittir Rvík. Ég leyfi mér að mótmæla þeim orðum, sem hann hafði um þetta.

Hér var áðan afgr. frv. um, að ríkið greiddi fyrir því að setja á fót hér í Rvík eitt stærsta atvinnufyrirtækið, sem sett hefur verið á fót hér á landi, og veit ég ekki betur en framsókn-

armenn eigi sinn hlut í framgangi þess máls. Það var ekki einn maður á móti því, og mætti benda á fleiri dæmi, þar sem við framsóknarmenn höfum stutt sanngjörn mál Rvíkur eins og aðrir.

Hv. 6. þm. Reykv. er fæddur og alinn upp í þessari borg og hefur vanizt þessum rógi frá blautu barnsbeini og trúir ef til vill þessu sjálfur. A. m. k. hefur það vakið sérstaka athygli hans, að ég hef sagt í blaðaviðtali, að Reykvíkingar væru ekki verri menn en aðrir, — eins og hann væri hissa á því, að ég, framsóknarmaðurinn, skyldi segja það. Og hann veik að því, að ég mundi vera að batna, úr því að ég hefði komið auga á þetta.

Ég hef aldrei talið, að sá ⅓ þjóðarinnar, sem hér býr, væri verri en aðrir landsmenn. En það er annað: Ég álít, að Reykvíkingar hafi að mörgu leyti verri forustu en aðrir, bæði andlega og líkamlega, ef svo má að orði kveða. Ég skal taka það fram, að þegar ég tala um andlega forustu, á ég ekki við prestana. Þeir eru flestir, ef ekki allir, mætir menn og áhugasamir í sínu starfi. Ég á við dagblöðin. Það er sú andlega forusta, sem hefur meira að segja en orð prestanna, því miður. Það eru dagblöðin hér í Reykjavík, sem eru hér með þennan sífellda róg um okkur framsóknarmenn, sem hv. 6. þm. Reykv. tók sér í munn sér til vansæmdar. Við höfum ekki dagblað til að hnekkja þeim rógi og ekki svo mikið fylgi hér í Rvík, að við megnum að vinna á móti honum. En þessi rógstarfsemi blaðanna hefur haft þau áhrif, að óvandaðir menn þykjast hafa rétt til að vaða upp á okkur með svívirðingum á opinberum stöðum. Ég a. m. k. hef orðið fyrir því. Það er búið að ala Reykvíkinga svo upp, að þeir virðast líta á okkur framsóknarmenn eins og nazistar líta á Gyðinga.

Þessi hv. þm. var áðan að kvarta um, að Rvík hefði orðið fyrir misrétti í löggjöf og setið við verri kost en aðrir landshlutar. Ég lít öðruvísi á það mál. Hér er og hefur ávallt verið allur þorri embættismanna landsins. Hér er mikil verzlun og atvinnurekstur. Það er ekki lítið fé, sem Rvík fær frá þessum aðilum. En hvað um það. Hafi Rvík einhvern tíma orðið fyrir misrétti, þá er það liðið, því að síðan síðasta kjördæmabreyt. var gerð, ræður Rvík öllu — bókstaflega öllu. Reykvíkingar eru einráðir um landsmál, svo að það jafnar líklega metin. Og við heyrum það, við, sem erum utan af landi, að við eigum ekki að vera að blanda okkur inn í mál hér. Ég man ekki betur en hv. þm. Barð. væri nýlega kallaður „útkjálkaþingmaður" og gefið í skyn, að hann ætti ekki að láta mál fjölmennisins hér til sín taka.

Þau orð, sem borgarstjóri mælti hér á þingi í gær, voru honum til minnkunar og annað ekki, og er furða, að hann — í svo virðulegri stöðu sem hann — skuli taka sér slík orð í munn á þessum stað.

**Gísli Jónsson:** Út af orðum hæstv. dómsmrh. hér í gær, að skipting dómsmálaembætta hér í bæ hefði verið ráðgerð, án þess að gerði væri kostnaðaráætlun í því sambandi, — og að það væri slæmt, að þm. Barð. hefði ekki verið kominn á þing fyrr til að koma í veg fyrir slíkar skyssur —, þá vil ég upplýsa, að ég hef fengið þær upplýsingar, að kostnaðurinn við þessar breyt. muni verða um hálfa millj. króna. En hitt vil ég segja, að frv. hefði ekki hlaupið gegnum þingið, ef tölur hefðu verið fyrir því, og þá hefði ekki þessi leiðinlega deila um lögreglustj. átt sér stað.

Ég hélt annars, að sú ríkisstj., sem sett var til að ráðast á dýrtíðina, hefði öðrum hnöppum að hneppa en auka útgjöld ríkissjóðs. En auðvitað, þegar hún gefst upp við viðfangsefnið, þá er ekki að furða, þó að hún föndri við annað, á meðan hún situr hér í krafti ósamkomulags þingflokkanna.

Viðvíkjandi hafnarl., þá vil ég benda á, að þau eru ekki sett eingöngu fyrir Rvík, heldur fyrir allt landið, og ég vil líka benda á, að Rvík hefur ekki fengið nærri því eins mikið fé úr ríkissjóði til hafnargerðar að sínu leyti eins og aðrir staðir. Hún hefur aðeins fengið 400 þús. kr., þótt hafnargerð hér sé búin að kosta margar milljónir, en fyrir eyfirzkar hafnir og t. d. Húsavík hefur verið varið úr ríkissjóði margfalt meiru fé hlutfallslega. En þetta mannvirki hér er búið að verða til þess að veita ógrynni fjár út um allar sveitir landsins.

Um það, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði, að mér hefði verið sagt að vera ekki að reisa mig hér á Alþ., — man hann, hver það var, sem sagði það? Það var hv. 2. þm. Árn., sem sagði, að ég skyldi ekki vera að reisa mig, vegna þess að ég væri útkjálkaþm. Og í hvaða sambandi? Af því að ég var að mótmæla þeim misrétti, sem þessum útkjálka var sýndur í vegamálum, meðan kjördæmið var í höndum framsóknarmanna.

**Bjarni Benediktsson:** Það er rangt, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði, að ég hefði byrjað hér á þessum skætingi. Það var hann, sem byrjaði þessa orðasennu með ósæmilegum orðum í minn garð. Og það er ekki von, að hann muni orð flokksmanna sinna frá fyrri tíma, ef hann man ekki orð sín frá degi til dags.

Annars verð ég að biðjast afsökunar á því, að ég sagði í gær, að hann væri búinn að sitja 25 ár á þ. Þau eru bara 20. Það er sjálfsagt að láta þá leiðréttingu koma fram, og skil ég ekki í, að maður skuli ekki muna slíkt, því að vanalega finnst manni það leiða hafa verið sem lengst, en þingseta þessa hv. þm. getur ekki hafa verið á þann hátt. Þess vegna verð ég að biðjast afsökunar á misminni mínu.

Varðandi þau orð, sem ég minntist á úr viðtali hans í Tímanum, þá virtist mér þau alls ekki bera vott um, að hann væri horfinn frá sinni fyrri skoðun á Reykvíkingum. Hann sagði þar, að þeir væru ekki „í sjálfu sér" verri en aðrir landsmenn, og í því virtist liggja það, að hann væri þeirrar skoðunar, að hvernig sem innræti þeirra kynni að vera, þá yrðu þeir verri af að vera í Rvík.

Ég veit ekki, hvernig því væri tekið af honum eða sveitafólki almennt, ef Reykvíkingar kæmu með hátíðlegar yfirlýsingar um, að sveitafólkið væri „ekki verra en annað fólk". Ætli það þætti

ekki lýsa sjálfsánægju og sjálfsdirfsku að vera með slíkar fullyrðingar um ⅓ landsmanna? Eins verð ég að segja, að það lýsir flokkslegri sjálfsánægju og að „litlu verður Vöggur feginn", að Framsfl. skyldi ekki standa upp á þ. og leggja til, að skipasmíðastöðin skyldi verða byggð í Mývatnssveit eða Bárðardal. A. m. k. virðist hann vilja láta þakka sér og sínum flokksmönnum, að þeir skyldu fylgja því, að skipasmíðastöðin yrði reist hér.

En annars, eins og hv. þm. Barð. gat hér um, þá fer því fjarri, að Rvík sé sýnd einhver sérstök tillátssemi með samþykkt hafnarlagafrv. fyrir þá borg, sem hér er nú á dagskrá. Ég kann vel að meta það og er þakklátur fyrir það, þótt í því felist raunar ekki annað en það, sem öðrum stöðum hefur þegar verið veitt. Enda hefur enginn hv. þm. staðið upp í þessari hv. d. til að þakka sér fyrir að sýna Rvík sérstaka velvild með því að greiða þessu frv. atkv., sem þýðir ekki annað en Rvík fái að njóta jafnréttis á við aðra bæi, nema hv. 1. þm. Eyf. Ég skal þó að vísu játa það, að það væri þakklætisvert af hendi Framsfl., ef hann breytti framkomu sinni gagnvart þessari borg í þá átt, að hann færi að unna henni hins sjálfsagðasta réttlætis. Þótt hv. þm. talaði um það í nokkra daga, þá væri það afsökunarvert, svo mikil tímamót sem það væru í sögu flokksins, og mundi það afla honum meira fylgis en hann hefur notið hér undanfarið.

Varðandi ummæli hv. þm. um dagblöðin hér og að Framsfl. ætti ekki þess kost á við hina flokkana að afla sér fylgis hér, af því að hann héldi ekki úti neinu dagblaði, þá vil ég minna á, að sú var tíðin, að þessi flokkur gaf hér út dagblað. En það hefur sennilega verið af því að Reykvíkingar voru lakari en annar landslýður, að þeim geðjaðist ekki þetta blað.

Hitt er svo annað mál, þegar sá hv. þm., sem viðtalið birtist við í Tímanum um daginn, er hér með helgislepju og fagurgala að tala um þá velvild, er hann sýni Reykvíkingum með því að greiða atkv. með því, að þeir njóti jafnréttis á við aðra landsmenn.

**Dómsmrh. (Einar Arnórsson):** Hv. þm. Barð. talaði hér um þann kostnað, er skipting lögmannsembættisins mundi hafa í för með sér, og benti á það samtímis, að skipting lögreglustjóraembættisins hefði kostað um ½ millj. kr. Þessi kostnaður, sem hann nefndi, mun nú að mestu stafa af því, að lögregluþjónum var samtímis fjölgað, og er þessu því ekki saman jafnandi. Ég gæti hugsað mér, að í þessu tilfelli þyrfti enga mannafjölgun, en laun annars fulltrúans kæmu upp í laun annars dómarans. Ekki þarf að auka við húsnæði, eftir því sem mér er sagt. Það mun nægja báðum. Nú, þá mundu verða sameiginlegar skrifstofustúlkur og gjaldkeri. Ég vona því, að þetta þyrfti ekki að hafa tilfinnanleg útgjöld í för með sér.

Ég skoða það sem gamanyrði hjá hv. þm. Barð., að ríkisstj. sú, er nú er í landinu í óþökk allra hv. þm., hafi komið fram með þetta frv. til að auka dýrtíðina, því að sambandið hér á milli er alls ekki til. Verkanir þessarar ráðstöfunar á dýrtíðina eru engar, eru = 0. En náttúrlega er það gaman fyrir þennan hv. þm. og ýmsa aðra að öðlast fullnægju við að segja þetta um ríkisstj. En það gæti verið, að landslýðurinn áliti, að sá 51 þm., sem er hér á þingi, ætti líka einhvern þátt í, að ekki hefur tekizt betur að vinna á dýrtíðinni en raun ber vitni.

**Bernharð Stefánsson:** Ég mun nú vera búinn að tala eins oft við þessar umr. og þingsköp leyfa, enda stend ég ekki upp af því, að mér finnist síðasta ræða hv. 6. þm. Reykv. svaraverð. En hann bar þar sakir á mig og um leið á hv. forseta þessarar d., því að hann tví- eða þrítók fram, að ég hefði viðhaft hér illyrði í gær. Hví ætli hæstv. forseti hefði þá ekki hastað á mig? Það gerði hann ekki. Ég skýt því til hæstv. forseta, hvort ég hafi farið hér með nokkur illyrði, og ég skora á hv. 6. þm. Reykv. að segja, hver þau voru.

Út af því, sem hv. þm. hefur orðið svo tíðrætt um úr viðtali við mig í Tímanum hér á dögunum, þá er þar sérstaklega átt við þm. búsetta í Rvík, en ekki Reykvíkinga yfirleitt. Ég sagði greinilega, að þingið lamaðist í störfum sínum af því, hve margir Reykvíkinganna, sem þar eiga sæti, væru önnum kafnir utan þings. Ég mælti þetta ekki til hv. 6. þm. Reykv., ég skal taka það fram, að hann er með mér í n., og hef ég ekkert nema gott eitt um störf hans þar að segja. En ég er í annarri n., sem skipuð er eintómum Reykvíkingum fyrir utan mig, og eru nm. svo tímabundnir, að n. getur ekki haft fundi sína nema í kaffitímanum.

Hv. þm. varði löngum tíma í að afsaka, að sig skyldi hafa misminnt, að þingsetutími minn væri 5 árum lengri en hann er raunverulega. Varð það ljóst af orðum hans, að afsökun hans var sú, að ég væri svo leiður, að tíminn virtist lengi að líða í návist minni. Mér liggur nú í léttu rúmi, hvað þessum hv. þm. þykir í þessum efnum. Og varla getur misminni hans stafað af þessu, við erum nú ekki búnir að vera hér svo lengi samtíða. En ég ráðlegg hv. þm. að spyrja föður sinn um, hve leiður ég hafi verið hér. Við höfum verið lengur hér saman en ég og hv. 6. þm. Reykv., og skal ég rólegur hlíta úrskurði föður hans í þessu tilliti.

Það er misskilningur, að ég hafi hrósað mér af því að hafa greitt atkv. með hafnarlögum fyrir Reykjavíkurbæ. Ég benti aðeins á, að ef við framsóknarmenn værum jafnfjandsamlegir bænum og blöð hans reyna að telja fólki trú um, þá hefðum við ekki greitt atkv. með þessu máli. Það er e. t. v. ekkert hrósvert að gera þetta, en það er þó ekki fjandsamlegt. Að fyrrgreint frv. sé til hagsbóta fyrir landið í heild, þá er því til að svara, að því fylgja mörg hlunnindi fyrir Reykjavíkurbæ einan, t. d. aukin atvinna o. fl.

Ummæli hv. þm. Barð. út af „útkjálkaþingmanns"-titlinum skildi ég ekki. Hv. 2. þm. Rang. (IngJ), sem ummælin hafði, er flokksbróðir hv. þm. Barð. og því ekki ástæða til að skeyta skapi sínu á framsóknarmönnum út af því.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Ed., 24. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Umr. um þetta frv. hafa farið út fyrir málið sjálft, og skal ég ekki taka þátt í þeim deilum. Það eina, sem ég þarf að svara af því, sem fram hefur komið, er ræða hv. 6. þm. Reykv., þar sem hann var að reyna að færa rök að því, að ekki væri nauðsynlegt, að lögreglustjóri væri lögfræðingur. Rök hans voru ákaflega veigalítil í samanburði við þau rök, sem hann er vanur að færa fram máli sínu til stuðnings, og áttu helzt við um mann, sem gegndi lögregluþjónsstarfi og starfaði á götunni, en ekki þann heila, sem verður að vera á bak við störfin og stýra þeim. Ég álít, að lögfræðimenntunin sé svo mikilvægt atriði í þeim þekkingarskilyrðum, sem lögreglustjóri verður að uppfylla, að hún verði ekki vegin upp með því, að lögreglustjóri hafi lögfræðimenntaðan fulltrúa. Þá gæti ég eins orðið skipstjóri og haft fulltrúa, sem kynni sjómannafræði, eða læknir og haft fulltrúa, með læknismenntun. Þekking og ábyrgð verða að fara saman, og því hærri kröfur sem gerðar eru til yfirmanna, því hærri kröfur er hægt að gera til þeirra starfsmanna, sem undir stjórn þeirra vinna. Það skiptir engu máli, þó að hægt sé að benda á, að eitt sinn, meðan lögreglustjóri var löglærður maður, hafi það komið fyrir, að annan mann þurfti til að framkvæma ákveðna ákvörðun, því að aðalatriðið er að taka ákvörðun um framkvæmd þeirra ráðstafana, sem gera þarf.

Ég skal ekki lengja mál mitt. En út af því, sem hv. þm. Barð. sagði, að skipting embættisins áður fyrr hafi aukið útgjöldin um ½ millj. kr., verð ég að segja, að það getur ekki náð neinni átt, nema hvað embættin hafa auðvitað orðið dýrari í rekstri eftir því sem bærinn stækkaði.

Ég legg áherzlu á þessi tvö atriði, sem n. tekur fram í áliti sínu, að ef frv. verður samþ. óbreytt, hlýtur að leiða af því, að flytja verður lögreglustjóra í annað embætti, og að lögreglustjóraembættið sé ekki veitt öðrum manni en bæjarstjórn Rvíkur samþ., meðan bæjarsjóður ber að miklu leyti kostnað af löggæzlunni.

Ég hef reynt að forðast að blanda nokkrum persónulegum deilum inn í mál mitt og læt hér staðar numið.

**Hermann Jónasson:** Ég býst ekki við, að það, sem ég segi, þurfi að lengja umr. mikið, enda þótt ég frétti, þegar ég var fjarverandi af brýnni nauðsyn, að þau orð hefðu fallið hér, að mönnum þætti einkennilegt, að ég væri ekki við. En mér þykir ekki ástæða til að hefja langar umr. Aðeins vil ég segja það, að mér finnst skrítið, hvernig komið geta fyrir þau vinnubrögð hér á Alþ., að fyrir fáum árum er það samþ. svo að kalla einróma af öllum flokkum, nema ef vera skyldi sósíalistum, að skipta um stefnu í þessum lögreglumálum, skipta embætti lögreglustjórans í Rvík, sem hafði haft lögfræðistörf með höndum ásamt götugæzlunni, og setja í götugæzluna mann með sérþekkingu, sem sá lögreglustjóri hefur, sem skipaður var. Með talsverðri nákvæmni voru svo tínd út úr lögreglustjóraembættinu flest þau störf, sem lögfræðiþekkingu þarf til.

Flest þau störf, sem krefjast lögfræðiþekkingar, eru því lögð undir sakadómarann í Rvík. Um þetta er ekki einu sinni neinn ágreiningur hér á Alþ., heldur er það beinlínis talin réttarbót í íslenzku réttarfari. Í þessu sambandi má geta þess, að allshn. Nd., sem hafði með málið að gera á sínum tíma, var sammála um málið þannig, að undanteknum einum manni, sem nú er fylgjandi þeirri stefnu, sem nú er rætt um. Á þetta var bent við umr. í Nd., og einnig var það upplýst, að í þessari n. voru lögfræðingar, t. d. Thor Thors, núv. sendiherra Íslands í Washington, en þáv. þm. Snæf. Hann mælti eindregið með því, að þessi breyt. yrði gerð og þessi nýja skipan upp tekin. Eins og kunnugt er, var ekki verið að sækjast eftir neinum sérstökum manni, því að fyrst var leitað til annars manns, sem hafði svipaða menntun og núv. lögreglustjóri hefur, og hann beðinn að taka að sér þetta starf. Eftir að sá maður hafði neitað að taka starfið að sér, en þessi maður var Pétur Sigurðsson sjóliðsforingi, þá fyrst féllst núv. lögreglustjóri á að taka að sér þetta embætti, og sagði lausu starfi því, sem hann hafði gegnt. (**LJóh:** Af hvaða ástæðu neitaði Pétur Sigurðsson að taka þetta starf að sér?). Vegna þess, að hann taldi sig hafa búið sig undir annað starf. (**LJóh:** Mín skoðun er sú, að hann hefur álitið, að það starf, er hér um ræðir, útheimti lögfræðiþekkingu). Þá vildi ég geta þess, að áður en þessi breyt. var gerð og áður en núv. lögreglustjóri tók að sér þetta starf, kom hann til viðtals við mig í skrifstofu mína og lét í ljós við mig, að hann vildi ekki taka við þessu embætti, nema vissa lægi fyrir um það, að ekki væri nein óánægja um þessa skipun meðal flokkanna, og sagðist hann ætla að hafa tal af formanni Sjálfstfl. um þetta mál, sem hann gerði, og var það upplýst af einum þm. Sjálfstfl. í Nd. Var honum skýrt frá því, að honum væri óhætt að taka þetta starf að sér, vegna þess að um þetta mál væri fullkomin eining. Síðan bregður svo einkennilega við hér á Alþ., að tekin er upp alveg öfug stefna, og nú þykir mestu máli skipta, að maður með þessa menntun sé ekki hæfur í þetta embætti, eftir að búið er að veita það með þeim hætti, sem ég hef nú frá skýrt, og hafa raddir komið upp um það hér á Alþ., að núv. lögreglustjóri eigi að víkja úr embætti, þó að enn hafi ekki verið gengið frá því.

Ég vil í þessu sambandi geta þess, að mér er ekki kunnugt um, hvort t. d. vegamálastjóri hafi sérþekkingu í vegamálum eða verkfræði, eða hvort vitamálastjóri hefur hafnarmál eða vitamál sem sérgrein, og eins væri hægt að segja, að það væri ekki nema eðlilegt, að borgarstjóri ætti að vera verkfræðingur fyrst og fremst, þar sem hann þarf að hafa svo miklar framkvæmdir með höndum. En hins vegar verð ég að segja, að mér finnst mjög óeðlilegt, eftir að búið er að skipa mann þann, er hér um ræðir, í embætti með samþ. allra stjórnmálaflokka og Alþ. um skipunina, að setja þá lagaákvæði, sem kveða á um það, að þessi sami maður þurfi að uppfylla alveg ný skilyrði, svo að hann verði að víkja úr embættinu. Við skyldum t. d. segja, að maður sá, er tæki að sér vitamálastjóraembættið, þyrfti að

hafa hafnarmál sem sérgrein, því að hafnarmál eru sérgrein innan verkfræðingastéttarinnar. Ég vil taka það fram, að ég er ekki að nefna vegamálastjóra og vitamálastjóra af því, að ég telji þá ekki eins hæfa og hverja aðra embættismenn, heldur aðeins sem dæmi, og ástæða væri til að athuga ýmislegt fleira í sambandi við þetta, ef taka á upp þessa reglu varðandi lögreglustjóra. En núv. lögreglustjóri hafði tryggingu fyrir embætti sínu, þegar hann tók við því, vegna þess að hann gekk til formanns Sjálfstfl., eins og ég gat um áður, og spurðist fyrir um, hvort nokkur ágreiningur væri um þetta mál, og sá, að Alþ. var búið að samþykkja þessa skipun einróma, þegar hann tók við embættinu. Þetta eru því vinnubrögð, sem geta dregið dilk á eftir sér, og getur ekki hjá því farið, að þau veki nokkra eftirtekt. Að vísu er þetta frv. borið fram af hæstv. dómsmrh. með þeim forsendum, að núv. lögreglustjóri haldi embætti sínu, þó að frv. verði samþ., þó að breyting sé gerð fyrir framtíðina á þeim skilyrðum, sem sá maður þarf að uppfylla, sem fær veitingu fyrir embættinu, og með þessum forsendum er það samþ. í hv. Nd., eins og ljóslega kom fram í því, að það var fellt með yfirgnæfandi meiri hluta að ganga þannig frá þessu frv., að núv. lögreglustjóri eigi að víkja úr embætti eða að hægt væri að flytja hann til. Það er og vitað, að yfirgnæfandi meiri hluti Alþ. er þeirrar skoðunar, eins og sjá mátti í hv. Nd., að þó að samþykkt sé, að framvegis þurfi lögreglustjóri að uppfylla þær skyldur að vera lögfræðingur, þá ber ekki að láta þann mann, sem nú situr í embættinu, víkja úr því eða flytja hann til, og er því vafasamt, hvort ríkisstj. hafi heimild til að flytja hann til, samkvæmt ákvæðum stjskr., þar sem þingvilji liggur fyrir um þetta embætti, að það megi ekki. Það var fyrst fallizt á það af Alþ., og samkomulag varð um það í Nd. að gera framvegis þær kröfur til lögreglustjóra, að hann sé lögfræðingur, enda uppfylli hann jafnframt önnur skilyrði, sem Alþ. á sínum tíma lagði megináherzlu á og urðu til þess, að núv. lögreglustjóra var veitt þetta embætti. Annars er ekki nema gott eitt um það að segja, að lögfræðiþekkingu sé bætt við þetta embætti, ef á annað borð verður hægt að fá mann í þetta embætti, sem hefur hvort tveggja þessa menntun til að bera.

Þetta, sem ég hef nú sagt um málið, er því aðeins saga, sem að vísu er óþarfi að rekja, vegna þess að hún liggur fyrir í skjölum Alþ., þannig að allt, sem ég hef um sögu málsins sagt, hefur verið rætt í hv. Nd. Hins vegar hafði ég ekki tækifæri til þess að taka þátt í þeim og hlustaði ekki á þær, en álít, að rétt sé, eins og hv. þm. Seyðf. einnig lét í ljós, að halda sem mest utan við þessar umræður deilum um þann embættismann, sem hér á hlut að máli, en skal ekkert um það segja, hvað kann að blandast inn í þetta mál eða hvaða breyt. um það kunna að koma. Ég vil taka það fram, að það, sem ég hef hlustað á við þessar umr., hefur ekki gefið mér tilefni til að svara neinu sérstöku, en vil þó geta þess, eins og ég hef áður bent á, að þetta er eitt af þeim fáu embættum, sem valið hefur verið þannig í, að fyrir þessari embættisveitingu var samþ. þáverandi ráðh. og hlutaðeigandi flokks, og man ég ekki eftir slíkri tryggingu við nokkra aðra embættisveitingu. Með þessu vil ég benda á þau sinnaskipti, sem átt hafa sér stað hér á Alþ., og gæti ég verið fús til að bera ábyrgðina á veitingu þessa embættis, sem hér er verið að ræða um, án þess að fara nánar inn á, hvernig um það hefur verið rætt, en mun ekki gera það, nema sérstök ástæða til þess gefist. Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta nánar að sinni.

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Ég vil leyfa mér að gera hér örstutta aths. út af ræðu hv. þm. Str. Hann ætti að geta sagt sögu þessa máls betur en ég, því að árið 1939, þegar l. voru sett, var hann sá ráðh., sem með dómsvaldið fór. En þegar hann talar um stefnubreyt. í þessu máli, held ég, að hún sé ekki eins veruleg og hann vill vera láta. Ég hef ekki annað fyrir mér en ákvæði laganna sjálfra, sem ég, með leyfi forseta, ætla að lesa upp, og er það 1. gr. l. nr. 67 31. ágúst 1939:

„Í Reykjavík skulu vera lögmannsembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. Konungur veitir þessi embætti, og skulu embættismennirnir fullnægja dómaraskilyrðum samkvæmt 32. gr. l. nr. 85 23. júní 1936."

Þetta er fyrsta málsgr., en svo kemur innskot, sem mun hafa verið sett inn í l. fyrir forgöngu hv. þm. Str.:

„Undanþágu má þó veita frá framangreindum skilyrðum, að því er lögreglustjóra snertir, enda séu þá sett sérstök skilyrði fyrir veitingu þess embættis með konunglegri tilskipun."

Þetta sýnir með öðrum orðum, að það er aðeins leyfð undantekning frá aðalreglunni með veitingu lögreglustjóra. Af hvaða ástæðum þetta er gert, hvorki get ég eða vil tala um. Það má vera, að formaður Sjálfstfl. hafi samþ. þetta, en að honum hafi ekki fundizt þetta falla undir valdssvið sitt, heldur dómsmrh. Þetta skiptir ekki svo miklu máli, því að aðalatriðið er nú, að samþ. hefur verið í Nd., ekki aðeins að fella niður undanþáguheimildina, heldur að gera enn þá frekari kröfur til þessa embættismanns. Og þá leiðir það af sér með rökréttri hugsun, svo sannarlega sem þessi embættismaður er fyrir borgara landsins, en ekki fyrir hann einan, að sá maður, sem uppfyllir ekki nema nokkuð af þeim settu skilyrðum, verður að víkja úr embættinu. Þegar maður svo athugar, að þessi maður er ekki nema 27 eða 28 ára, og óska menn honum sjálfsagt langra lífdaga, þá mundu l., sem nú er verið að setja, ekki koma til framkvæmda fyrr en eftir 40 ár, ef draga ætti framkvæmd þessa ákvæðis, þar til hann lætur af embætti. Ég sé ekki, að manni sé gert neitt rangt til, þó að hann yrði fluttur til, og óska ég, að honum verði allur sómi sýndur með því. Sé ég svo ekki ástæðu til að hafa orð mín fleiri.

**Bjarni Benediktsson:** Herra forseti. Ég skal ekki fara að svara hér ummælum hv. 1. þm. Eyf., því að þeim var svarað fyrir fram, og skal

ekki fara að rekja þær óréttmætu deilur, sem hann átti upptök að.

Það voru ummæli hv. þm. Str., sem gáfu mér ástæðu til nokkurra aths. Á honum var að heyra, að hjá Alþ. hefðu átt sér stað ósæmileg sinnaskipti, og virtist í orðum hans felast, að hann teldi, að af hálfu þeirra flokka, sem stóðu að veitingu þessa embættis, hefði illa verið fylgt fram þeim loforðum, sem manni þeim, er við embættinu tók, voru veitt. Ég veit ekki, við hvað hv. þm. á með þessu, og ekki kom það heldur fram í ræðu hans, hver afstaða hans er til þessa frv., er hér liggur fyrir. Það kom ekki fram, hvort hann er með frv., eins og það liggur nú óbreytt fyrir. En ef hann er því fylgjandi í þeirri mynd, sem það nú er í, þá virðist mér hann ekki geta borið öðrum á brýn, að þeir hafi skipt um skoðun. Það er því aðeins, að hann verði með brtt. þeirri, er ég hef borið fram við frv., að mér finnst hv. þm. hafi ástæðu til þess að kvarta undan sinnaskiptum hjá öðrum. Auk þess vil ég taka það skýrt fram, þó að ég óski ekki eftir að fara að leiða umræður hér inn á þær brautir að ræða um embættisferil núv. lögreglustjóra, þá markar það afstöðu mína til málsins, að mér finnst ómögulegt að skilja frv. og þær breyt., sem gerðar hafa verið á skilyrðum til lögreglustjóra, á annan veg en þann, að reynslan hafi leitt í ljós, að meiri hluti þm. álitu, að mjög óheppilegt hafi verið að skipa ólöglærðan mann í þetta embætti, og fram hjá þessari staðreynd verður ekki komizt. Það virðist einnig hafa komið áður í ljós við þessar umr., að verði frv. samþ. hér óbreytt, gerir meiri hluti þm. það í fullu trausti þess, að núv. lögreglustjóri verði fluttur milli embætta. Hæstv. dómsmrh. hefur fengið fulla vitneskju um það, að samþ. þm. sé því skilyrði bundið, að núverandi lögreglustjóri verði ekki í embætti venjulegan starfstíma. Mér virðist því um slík óheilindi að ræða, að varhugavert sé að láta frv. ganga fram á þessum grundvelli, og því á d. að ganga til atkvæða um þetta. Og í vitund þess, að það skilyrði verði látið haldast fyrir embættisgengi lögreglustjóra, að hann hafi lögfræðiþekkingu, þá merkir það það, að núv. lögreglustjóri verður að víkja úr stöðu sinni. Meiri hluti allshn. mælti með frv. á þessum grundvelli, og hæstv. dómsmrh. lét þau orð falla, sem við dm. skildum á þann veg, að hið sama vekti fyrir honum einnig. Þess vegna kemst hv. þm. Str. ekki hjá því, ef hann ætlar sér að sjá til þess, að ekki verði skipt um embættismann í þessu starfi, að vera með minni brtt., sem kveður á um, að fella niður skilyrðið um, að lögfræðimenntun sé nauðsynleg í þetta embætti. Mín afstaða er sú, þrátt fyrir það að störf lögreglustjóra eru umdeilanleg, en það eru sjálfsagt störf margra annarra manna, þá finnst mér ekki komin fram næg ástæða á þeim reynslutíma, sem síðan er fenginn, til þess að setja þessi skilyrði, sem óhjákvæmilega hljóta að gera núv. lögreglustjóra ómögulegt að gegna starfi sínu áfram. Sinnaskiptin, sem hv. þm. Str. talar um í sinni óljósu ræðu, hljóta því að byggjast á því, að meiri hluti alþm. þykist geta dæmt það af reynslunni, að þetta skilyrði væri heppilegt og nauðsynlegt, að lögreglustjóri sé lögfræðingur. Ég hef á þessu máli aðra skoðun, og þeir, sem hafa þá skoðun eða svipaða og hv. þm. Str. hafði hér 1939, þeir verða nú að segja til um það með atkvæði sínu, hvort þeir vilja setja þetta skilyrði inn í l. að nýju eða fallast á mína till. Fram hjá þessu verður ekki komizt.

**Brynjólfur Bjarnason:** Ég er samþykkur hv. 6. þm. Reykv. um, að ekki sé ástæða til þess, að lögfræðingur skipi lögreglustjóraembættið, vegna þess að ég álít, að aðrir hæfileikar séu einnig nauðsynlegir fyrir hann, — enn nauðsynlegri en lögfræðiþekkingin. Ég er því þeirrar skoðunar, að ekki sé heppilegt að einskorða lögreglustjóraembættið við það, að sá maður, sem skipar það, sé lögfræðingur. En þegar breyt. var gerð á þessum l., var hún ekki gerð út frá þessum forsendum. Ég þori að fullyrða, að sumir hv. þm., sem þá greiddu atkvæði, álitu það nauðsynlegt, að lögreglustjóri hefði lögfræðilega þekkingu. En ástæðan var sú, að þáv. dómsmrh. hafði augastað á ákveðnum manni til starfsins. Út frá þessu sjónarmiði var l. breytt. Það þurfti ekki að fara í neinar grafgötur um það, hvaða maður kom þar til greina, þ. e. núv. lögreglustjóri.

Höfuðatriðið er það, að í Reykjavík sé ekki lögreglustjóri, sem Reykvíkingar geti ekki sætt sig við. Það er höfuðskilyrði þess, að hægt sé að rækja embættið, svo að viðunandi sé, að fullt samkomulag sé milli lögreglustjórans og bæjarstjórnarvaldanna. Hv. þm. Str. sagði, að þegar núv. lögreglustjóri var skipaður, hafi verið leitað til flokkanna um samþykki og spurt um afstöðu þeirra til málsins. Þeir hefðu lýst sig samþykka því. En hann gat þess víst, að ekki hefði verið leitað til Sósíalistaflokksins, þess þurfti ekki á þeim dögum, enda býst ég við, að hann hefði ekki gefið sitt samþykki.

Ef flokkarnir hafa gefið sitt samþykki, þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það, hvers vegna það var gert. Það var eitt af samkomulagsatriðum þjóðstjórnarinnar. Þeir, sem að þeim samningum stóðu, gerðu ýmis hæpin samkomulagsatriði, sem hafa orðið til tjóns og nú er verið að leiðrétta. Þetta frv. er borið fram af því, að þetta þótti ekki heppileg ráðstöfun.

Forsendurnar, sem fara verður eftir hér í hv. deild, eru í fyrsta lagi þær, að núv. lögreglustjóri verði fluttur yfir í annað embætti og verði lögfróður maður skipaður í embætti lögreglustjóra, og í öðru lagi, að ekki verði skipaður í það embætti annar maður en sá, sem bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir.

Út frá þessum forsendum sé ég mér ekki fært annað en fylgja frv., enda þótt ég sé ósammála því að löggilda að einskorða veitingu lögreglustjóraembættisins við þau skilyrði, sem gert er þar. Með þessu frv. er í raun og veru verið að leiðrétta stjórnarathöfn, sem var í alla staði óheppileg og var gerð til þess að koma ákveðnum manni í embættið. Það er ekki hægt að fá þingmeirihluta til að leiðrétta málið á þann hátt, sem æskilegastur hefði verið, það er að segja að samþykkja það, að til þess að skipa lögreglustjóra þurfi samþykki bæjarstj., en það hefði verið hreinasta afgreiðsla málsins. En með þess-

um forsendum mun ég greiða atkvæði með frv. Viðvíkjandi brtt. hv. 6. þm. Reykv. vil ég taka fram, að ég er henni samþykkur í ýmsum atriðum, t. d. því, sem tekið er fram í síðasta málslið um þörf þess, að bæjarstjórn samþykki lögreglustjóra. En ef brtt. yrði samþ. eins og hún liggur fyrir, mundi núv. lögreglustjóri verða áfram í embætti.

**Hermann Jónasson:** Ég er nú að vísu ekki búinn að sitja mjög lengi á þ., en held þó, að þau vinnubrögð, sem hér á að viðhafa, séu alveg ný. Það er að vísu svo, að sú grg., sem fylgir frv., sem síðar verða að l., skipta miklu máli um það, hversu túlka beri þau lög. Þær yfirlýsingar eða skilyrði, sem þm. láta fylgja, ná aðeins að tilteknu marki. Þótt nokkrir þm. lýsi yfir, að þeir samþ. frv. með vissri forsendu, þá er ekki hægt að taka það til greina við framkvæmd þeirra laga, nema fyrir liggi, að það sé vilji Alþ., að l. séu túlkuð þannig. Hv. 6. þm. Reykv. benti á, að í því felist ósamræmi, að sá maður, sem situr í embætti lögreglustjóra, eigi að vera lögfræðingur, en sá, sem nú situr í því embætti, eigi að sitja áfram, þótt hann hafi ekki þessa menntun. Í þessu er ekkert ósamræmi. Því var yfirlýst hér, að veita mætti embætti lögreglustjóra ólöglærðum manni, og í sambandi við þá stefnubreyt. var vitað, hverjum veita átti embættið. Alþ. veitti raunverulega embættið samkvæmt þessum l., því að samþykki þess lá í raun og veru á bak við. Þegar Alþ. fékk málið til athugunar í Nd., kom fram þessi sami vilji. Nd. var sömu skoðunar og þegar l. voru samþ., og neitaði, að þessi maður yrði fluttur til.

Með þessu segir Nd.: „Við berum það traust til þessa manns, að við álítum, að hann eigi að sitja kyrr. En jafnframt erum við þeirrar skoðunar, að framvegis sé hyggilegt, að sá maður, sem situr í embætti lögreglustjóra, hafi lögfræðilega þekkingu."

Ef Nd. hefði talið þörf á, að þessi maður færi, hefði legið fyrir till. um, að hann yrði fluttur til. Framsfl. fellst á að samþ. þetta frv. ríkisstj. og að uppfyllt séu þau skilyrði, að jafnframt lögfræðiþekkingu hafi lögreglustjórinn sérþekkingu á lögreglumálum. Það er gott og blessað að bæta lögfræðiþekkingunni við, ef hægt er að koma því svo fyrir, að lögfræðingurinn sé jafnframt sérfræðingur í lögreglumálum. Á þessum forsendum er ég og að ég hygg allur Framsfl. fús til að fallast á að samþ. frv. Báðar þessar kröfur um lögfræðiþekkingu og lögreglumálaþekkingu eru nauðsynlegar. Nd. álítur, að núv. lögreglustjóri eigi að sitja kyrr. Ef úr því á að fást skorið, hver sé vilji þessarar hv. d., úr því, hver sé vilji hvers einstaks þm. hennar, þarf nafnakall. Eftir þann úrskurð lægi það skýrt fyrir, hve margir vildu flytja núv. lögreglustjóra til. En til þess þarf að koma fram till. frá þeim, sem vilja flytja hann. Ég sé ekki betur en að eftir þann úrskurð væri núv. lögreglustjóri eini embættismaðurinn, sem Alþ. vildi ekki flytja til.

Ég mun ekki skorast undan að ræða störf núv. lögreglustjóra, ef tilefni gefst, en það hefur ekki enn þá gefizt. Það er rétt hjá hv. 6. þm. Reykv., að hægt er að finna að störfum allra. T. d. mun fjöldi manna hér í bænum finna að störfum borgarstjórans í Reykjavík, en inn á þetta vil ég ekki fara án tilefnis. Þetta er það, sem ég vil segja. Og fyrirvarar, sem verið er með í málum, eru því þýðingarlausir, eins og ég hef bent á.

**Brynjólfur Bjarnason:** Ræða hv. þm. Str. sannar það, sem ég sagði áðan, að þegar breyt. var síðast gerð á þessum l., var hún gerð í þeim tilgangi að veita vissum manni embætti lögreglustjóra, því að nú hefur Framsfl. skipt um skoðun í því „principiella" í málinu. Hann vill nú binda veitingu lögreglustjóraembættisins því skilyrði, að í það verði skipaður löglærður maður. Hv. þm. vildi halda því fram, að þær forsendur, sem fram komu í nál. allshn., hefðu ekki neitt gildi og ekki bindandi, nema síður sé, fyrir ráðherra, og vildi hann færa til stuðnings sínu máli, að Nd. hefði lýst yfir, að hún vildi hafa núv. lögreglustjóra áfram. Sú till. liggur ekki fyrir frá Nd., aðeins felldi hún tillögu um að taka skyldi það inn í l., að núv. lögreglustjóri skyldi víkja úr embætti. Það geta verið ýmsar ástæður til þess, að þetta var ekki tekið upp í lögin. Vilji Nd. hefur ekki komið fram, en hann á eftir að koma fram. Hér má gera ráð fyrir, að frv. verði samþ. á þeim forsendum, sem fram komu í nál. Ef þær forsendur væru ekki fyrir hendi og ef ég vissi ekki, að hæstv. dómsmrh. mundi fara eftir þeim, mundi ég greiða atkvæði móti frv. Ég geri ráð fyrir, að það verði fellt, ef það verður ekki samþ. á þessum forsendum og engum öðrum.

Í Nd. verður skorið úr því með atkvgr., hvort hún vill samþ. það eða ekki.

Frv. verður ekki að l., nema það verði samþ. í þessari d. og skilyrði þau, sem tekin eru fram í þessum forsendum.

Hv. þm. Str. sagði, að meiri hl. Alþ. hefði veitt lögreglustjóraembættið. Það er að vísu margt rétt í því. Það var samningsatriði þjóðstjórnarinnar. Tel ég fara vel á því, að Alþ. taki þessa samþykkt til baka. Þetta samkomulagsatriði þjóðstjórnarinnar sælu er sem betur fer ekki lengur í gildi.

ATKVGR.

Brtt. 431 felld með 10:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BBen.

**nei:** GJ, GÍG, HG, HermJ, KA, LJóh, PHerm, ÞÞ, BSt, StgrA.

BrB, EE greiddu ekki atkv.

4 þm. (IngP, JJ, MJ, PM) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

**Brynjólfur Bjarnason:** Ég er samþykkur ýmsu í þessari till. En ég get ekki fallizt á hana, vegna þess hvernig hún er fram borin og vegna þeirra afleiðinga, sem hún hefði, ef samþ. væri, og greiði því ekki atkv.

1. gr. samþ. með 9:1 atkv.

2.—13. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þær umr., sem fram hafa farið um þetta mál. En aðeins út af því, að ég las í Alþýðublaðinu í dag frásögn um samþ. þessa frv. við 2. umr., þar sem gengið er út frá því sem gefnu, að núverandi lögreglustjóri héldi áfram embættinu þrátt fyrir samþ. þessara l., þó að frv. væri samþ., þá vil ég endurtaka þá forsendu sem var frá n. hálfu, að vegna þess að þessi auknu skilyrði eru hér sett til þess, að maður geti orðið skipaður í lögreglustjóraembætti í Reykjavík, þá leiddi það af sjálfu sér, að skipta verði um mann í þessu embætti, ef frv. verður samþ. Og með þeirri forsendu var frv. samþ. við 2. umr. í þessari hv. d.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 522).

—o—

## 14. Kjötmat o. fl.

Á fundi í Sþ., 8. sept., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 39, 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.** (stjfrv. A. 46).

Á 13. fundi í Nd., 10. sept., var frv. tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. um kjötmat o. fl. fer fram á þá einu breyt., að kjöt, sem selt er til neyzlu innanlands, skuli metið á sama hátt og það, sem til útflutnings er ætlað. Samkv. gildandi l. var eigi skylt að meta af því nema saltkjötið. Af tveim ástæðum virðist sjálfsagt að meta kjötið allt. Ekki er vitað, hvað geti orðið flutt út og hvað selt á innlendum markaði. Og það er réttlætiskrafa innlendra neytenda, að þeim sé veitt jöfn trygging um kjötgæði og erlendum kaupendum.

Í s. l. ágústmánuði var að tilhlutun atvmrh. haldinn fundur í Rvík um kjötsölumálin. Sóttu hann yfirkjötmatsmennirnir, umboðsmenn fyrir stærsta kjötútflytjandann og menn úr kjötverðlagsnefnd. Fundurinn ræddi um kjötmat, og ein af niðurstöðum hans var að leggja til, að þessi lagabreyt. yrði gerð.

Ég vildi mæla eindregið með því, að málinu yrði hraðað gegnum d., svo að það gæti verið orðið að l., þegar haustslátrun hefst í þessum mánuði. Ég legg til, að frv. verði vísað til landbn. að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 17. fundi í Nd., 16. sept. var frv. tekið til 2. umr. (A. 46, n. 54, 55).

**Frsm. (Jón Sigurðsson):** Herra forseti. Það hefur áður verið gerð grein fyrir þessu frv. Aðalbreyt., sem það felur í sér, er sú, að l. er ætlað að ná til alls kjöts, bæði þess, sem flutt er út úr landinu, og þess, sem neytt er innanlands, en hingað til hefur það verið svo, að matið gilti um kjöt, sem selt var innanlands, aðeins um saltkjöt.

N. hefur borið frv. saman við gildandi l. og leggur með því, að frv. verði samþ. Eftir fund n. kom fram brtt., flutt af hv. 2. þm. N.-M. N. hefur ekki haft tækifæri til að bera sig saman um hana og óskar eftir, að atkvgr. um hana sé frestað.

ATKVGR.

Brtt. 55 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 19. fundi í Nd., 20. sept., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 21. sept., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 46, 55).

**Frsm. (Jón Sigurðsson):** Ég hef áður gert grein fyrir þessu máli og þarf ekki að endurtaka það. En út af brtt. þeirri, sem hér liggur fyrir frá hv. 2. þm. N.-M. (PZ), vil ég geta þess, að n. hefur tekið hana til athugunar, og varð sú niðurstaða í n., að nm. hafa óbundnar hendur um hana. En ég efast um, að nokkur hv. nm. geti á hana fallizt.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Þessi brtt., sem ég ber hér fram á þskj. nr. 55, fer fram á tvennt, — í fyrsta lagi, að bætt sé inn í l. ákvæði um það, að sá greinarmunur, sem fram kemur í flokkun við sölu á kjöti t. d. í Englandi, verði látinn koma fram í verði kjötsins til bænda. Þessi till. er gerð af mér, af því að mér er kunnugt um, að þetta hefur verið framkvæmt töluvert misjafnt eftir því, hvar er á landinu. Okkur, sem höfum átt að hafa það verk með höndum að reyna að stuðla að því, að bændur legðu sig fram um að eiga gott fé, sem gæfi gott kjöt og seldist vel á erlendum markaði, hefur verið það til tafar í að ná árangri af starfi okkar, að sá greinarmunur, sem fram hefur komið í verði á kindakjöti okkar á erlendum markaði eftir gæðamati, hefur ekki verið látinn koma nægilega fram í verðinu til bænda. Sums staðar hefur þessi greinarmunur verið látinn koma fram alveg, sums staðar að nokkru leyti og sums staðar alls ekki neitt í verðinu til bænda. Þessi till. er flutt af mér til þess að bóndinn, sem leggur inn tiltölulega mest af þeim skrokkum, sem í hæstum verðflokkum teljast, fái tilsvarandi hæst verð fyrir sitt kjöt, en ekki, að nokkur hlutinn af raunverulegu verði fyrir kjöt hans verði tekinn af honum og lagður við það, sem aðrir fá fyrir sitt kjöt, sem þó er lakari vara og í öðrum lægri verðflokkum.

Í öðru lagi finnst mér eðlilegt, — og það er annar tilgangur minn með þessari brtt., að það

náist, — að sá munur, sem þarna er á verðinu í Englandi, komi tilsvarandi fram í mismun á verði kjöts til neytenda innanlands. Mér er ljóst, að það er erfitt að framkvæma þetta til fulls gagnvart neytendum. En það hefur verið reynt í öðrum löndum annaðhvort með því, að sumar búðir hafa aðeins selt 1. flokks kjöt og aðrar búðir aðeins annað kjöt en 1. flokks. Hætt er við því, að yrði þessi leið farin hér, yrði umsetning í báðum búðunum of lítil, og þyrfti því að leggja meira á kjötið en nú er gert. Þá hefur verið reynt að láta stimpla á sex stöðum á hvern skrokk, í hvaða gæðaflokki hann er. Finnst mér það vel framkvæmanlegt hér, og væri þá stimplað á bóg, miðja síðu og læri. Þetta mundi koma að fullu gagni í heildsölunni og þegar menn keyptu heila skrokka af smásölum og jafnvel þó að þeir væru nokkuð hlutaðir í sundur í smásölunni. Ég veit að vísu, að menn, sem vilja brjóta lög og vilja græða á því að brjóta lög, geta náð í nokkra bita víðs vegar af skrokkunum, sem þeir geta selt með öðru verði en slíkir stimplar, sem ég hef nefnt, segja til um. En ég held, að þessa stimplunaraðferð yrði að taka upp, ef þessi flokkun á kjötinu til neytenda yrði upp tekin. Ég hef ekki komið fram með brtt. við þessa brtt. mína á þskj. 55, af því að mér skildist á einum nm., að n. mundi yfirleitt vera með brtt., en væri hálfhrædd við að færa þennan mismun á verð kjötsins til neytendanna. Þess vegna hef ég ekki slegið þann varnagla eins og t. d. að setja framan við brtt. mína: „Eftir því, sem við verður komið“ — því að ég átti von á því frá nefndinni.

Það er svipað um þetta mál að segja og það, að ekki fæst gerður mismunur á verði til bænda fyrir mjólk, þó að sumir bændur framleiði mjólk, sem hefur 3,2% fitumagn, en aðrir mjólk með 5% fitumagni. Þess vegna er eins og maður tali fyrir daufum eyrum, er maður talar um, að langmest sé áríðandi að framleiða góða mjólk. Það er ekki enn komið í kring, að mönnum sé mismunað um verð fyrir mjólkina eftir gæðum hennar alls staðar á landinu. Og hinir, sem slátra úti um land, hafa það eins með kjötið; þeir gera ekki mismun á verði þess til framleiðendanna eftir gæðum þess, og verður það til þess að draga úr viðleitni manna til að ná þeim vörugæðum um kjötið, sem á að ná. En til þess að reyna að ráða bót á þessu hef ég flutt brtt. mína.

**Ingólfur Jónsson:** Brtt. á þskj. 55 frá hv. 2. þm. N.-M. (PZ) er þannig vaxin, að ef hún verður samþ., þá hunu flestir neyðast til þess að brjóta l. Og ég held, að það sé ekki vert að samþ. till., sem þannig eru vaxnar, að það er helzt ekki hægt að framkvæma þær. Um það, sem þessi hv. þm. talaði um hér áðan, að nauðsyn væri á því að gera eðlilegan mun á kjöti, þannig að þeir, sem framleiða góða vöru, fái meira en þeir, sem framleiða hana lélegri, er það að segja, að það er verið að stuðla að því með því að flokka kjötið og m. a. með því að koma á gæðamati á öllu kjöti. Og við slíka flokkun kemur það fram, að þeir, sem framleiða góða kjötið, fá hærra verð fyrir það en hinir fá fyrir sitt kjöt, sem hafa það lakara. Hv. þm. N.-M. sagði, að í Englandi væri ströng kjötflokkun. En þeir, sem þar hafa verið, segja, að þegar komið sé í kjötbúðirnar yfirleitt og beðið um 1. flokks kjöt, þá segi kaupmaðurinn, að allt kjötið sé 1. flokks kjöt, hvort sem það nú er 1., 2. eða 3. flokks kjöt. Mundu þá neytendur hér fremur en neytendurnir í Englandi njóta góðs af kjötflokkuninni? Ég efast um það. Ég held, að ef frv., eins og það er, nær fram að ganga, en brtt. hv. 2. þm. N.-M. felld, þá nái l. tilgangi sínum með því, að þeir, sem framleiða góða vöru, fái tiltölulega hærra verð en hinir, sem lakari vöru framleiða, og að neytendur séu tryggðir eins og unnt er með þeirri flokkun, sem á kjötinu er, ef þetta frv. nær fram að ganga. Ég legg því eindregið til, að brtt. hv. 2. þm. N.-M. (PZ) verði felld. Og ég get viðurkennt það, sem sá hv. þm. sagði hér áðan, að erfitt yrði að framkvæma ákvæði þau, sem í brtt. felast. Þetta er hv. flm. brtt. vel ljóst, því að hann var að tala um það í sinni ræðu, að það mætti kannske víkja frá þessu, og hafa þess vegna ákvæði til vara í sambandi við ákvæði þessarar brtt. á þá leið, að framan við brtt. hans kæmi: „Eftir því, sem við verður komið“ o. s. frv. Þarna yrði, ef þessu væri bætt við, opnaðar dyr, sem yrðu til þess að brtt. yrði gagnslaus. Legg ég því sem sagt til, að frv. verði samþ. óbreytt, en brtt. felld.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Síðasti ræðumaður, hv. 2. þm. Rang., sagði, að til þess væri nú verið að koma á gæðamati á kjöti, að menn fengju mismunandi verð fyrir kjötið eftir gæðum þess. En það er bara þetta sem er ekki gert. Gæðamat hefur þegar verið viðhaft um mikinn hluta landsins á útflutningskjöti, og verðmunurinn hefur ekki verið látinn koma fram í verðinu til bænda. Sums staðar hefur þessi verðmunur verið látinn koma þannig fram, sums staðar að nokkru leyti og sums staðar alls ekki. En það er vandalaust að láta hann koma fram í verðinu til bænda. Og nú er mér sagt, að á sumum svæðum séu þeir menn, sem um það hafa að segja, staðráðnir í því að láta ekki neinn slíkan verðmismun til framleiðenda koma fram eftir gæðamati. Á sama tíma á svo að segja við bændur: Leggið þið ykkur nú sem allra bezt fram til þess að eiga fé, sem gefur laggóða skrokka, sem beztur markaður er fyrir á heimsmarkaðinum, en þó að þið gerið það, fáið þið ekki meira fyrir hvert kg en aðrir, sem eiga kjöt, sem verra er talið.

Slíkt ósamræmi er slæmt, — að láta þá, sem raunverulega hafa beztu skrokkana, ekki fá tiltölulega mest fyrir þá. Það þarf að láta menn hafa þá hvöt með verðflokkun á kjötinu til framleiðenda, að þeir þess vegna reyni að framleiða þá vöru, sem selst vel. Ef menn geta séð það á reikningum sínum frá verzlunum, að þeir hafa fengið t. d. 5 aurum hærra verð fyrir bezta kjötið, sem þeir lögðu inn í fyrra, heldur en það næst bezta o. s. frv., þá verður þetta framleiðendum sú hvöt til þess að reyna að framleiða góða vöru í þessu efni, að með slíkri verðflokkun til framleiðenda mundi það nást á 10 árum í auknum gæðum kjötsins, miðað við sölumögu-

leika á því t. d. í Englandi, sem annars þyrfti sjálfsagt 30—40 ár til að ná.

Ég viðurkenni, að það er erfiðara að ákveða verðmun á kjötinu til neytendanna, og jafnvel eru á því miklar hömlur á vissum stöðum, sérstaklega í smáþorpum, þar sem lítið er um sölu á kjöti. Samt hygg ég, að víða sé hægt að yfirstíga þá erfiðleika. Þess vegna ætla ég að bera fram skrifl. brtt. við mína eigin brtt. og leggja til, að brtt. með þeirri breyt. byrji svona: „Eftir því, sem við verður komið, skal gera" o. s. frv. Og með þeirri breyt. er því þannig fyrir komið, að ekki er sagt, að það þurfi að gera verðmismun á kjötinu til neytenda með eins miklum stigbreyt. eða eins nákvæmlega og til framleiðenda, og ekki þyrfti þá endilega að gera þann mismun á þeim stöðum, þar sem sala er svo lítil, að það kjöt, sem til sölustaðar kemur, selst að kalla strax. Ég legg því þessa skrifl. brtt. fram og bið hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

**Forseti (EmJ):** Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. N.-M., sem hv. þm. hafa heyrt. Fyrir henni þarf tvöföld afbrigði, sem ég vil leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði skrifl. brtt. (sjá þskj. 87) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Pétur Ottesen:** Mér skilst, að það séu ákaflega miklar líkur fyrir því, að þessi brtt., sem fram er komin við frv., með þeirri viðbót, sem nú hefur komið fram, beri ekki hinn minnsta árangur, — því að þegar búið er að orða þetta svona: „Eftir því, sem við verður komið", — þá virðist mér, að þar sé svo rúmt um framkvæmdir eftir brtt., að enginn sé að neinu bættari, þó að ákvæði brtt. séu sett inn í l. Nú vitum við það, að ákvörðun á útborgunarverði fyrir kjöt er nálega eingöngu í höndum samvinnufélaganna í landinu, og er S.Í.S. þar stærsti aðilinn og svo Sláturfélag Suðurlands. Aðrir aðilar, sem þarna koma til greina, eru svo litlir í þessu sambandi, að þeirra gætir nálega ekki. Nú er það svo, eins og hv. 2. þm. N.-M., flm. þessarar brtt., tók fram, að á sumum stöðum, eins og t. d. er hjá Sláturfélagi Suðurlands, er gerður ákveðinn munur í þessu efni á verðinu til framleiðendanna eftir gæðum kjötsins. Hingað til hefur þetta verið miðað við kroppþungann. En nú fer þessi flokkun fram eftir öðrum reglum, því að nú á ekki einungis að taka tillit til kroppþungans, heldur einnig kjötgæðanna, eftir útliti, samkvæmt mati kjötmatsmanna. Ég held því, að frá þessu sjónarmiði felist í þessu ákaflega lítið öryggi til handa þeim mönnum, sem eftir tilgangi flm. þessarar brtt. eiga að njóta sérstaklega góðs af þessum ákvæðum, þar sem þeir njóta ekki nú þegar þeirra hlunninda, sem flokkun kjöts veitir.

Hins vegar skilst mér viðvíkjandi hinu atriðinu að láta þennan verðmismun vera á kjötinu til neytenda, að þá geti það beinlínis orðið bjarnargreiði við neytendur, orðið þeim beinlínis til ógagns. Því að ef þetta á ekki að vera fyrir fram steindauður bókstafur, þá fylgir þessu svo mikill kostnaður á útsölunni, að verðið til neytenda á kjötinu hlýtur að hækka vegna þessa fyrirkomulags á sölunni. Hv. 2. þm. N.-M. hefur bent á sem möguleika í þessu sambandi að setja upp sérstakar búðir, sem seldu aðeins 1. flokks kjöt, og aðrar, sem seldu aðeins annað kjöt, en það er vitað, að með slíku fyrirkomulagi mundi rekstrarkostnaður búðanna margfaldast. Ef hins vegar þessi kostnaður félli ekki á neytendur, nema þá kannske að nokkru leyti, þá kæmi hann niður á framleiðendunum að nokkru eða öllu leyti. Hjá því verður ekki komizt. Skilst mér þá, að jafnvel báðir aðilar og alltaf a. m. k. annar, seljandi eða neytandi, mundi líða við þetta skipulag. Enn fremur er þess að geta, að neytandinn hefur það á sínu valdi, hvort hann kaupir feitara eða rýrara kjötið, ef hvort tveggja er á boðstólum, því að hann getur valið um kjötið í verzluninni.

Með tilliti til þessara tveggja atriða held ég því, að ekki sé hægt að gera sér von um neinn árangur af ákvæðum brtt., eins og hún er orðin með viðbótinni, eins og flm. hefur orðað hana. En ég get viðurkennt, að þeir, sem hafa betra kjöt til að selja, eigi að njóta nokkurs í, vegna þess og það sé þjóðhagslega rétt. En þetta er þegar víða eða víðast gert, að mismuna framleiðendum í verði eftir gæðum kjötsins, til þess að stuðla að bættri kjötframleiðslu.

**Frsm. (Jón Sigurðsson):** Hv. flm. þessarar brtt., sem rætt hefur verið um, hefur gert grein fyrir henni. Og ég er hans ástæðum fyrir brtt. fyllilega sammála. En ég hef ekki trú á því, eins og till. hans er orðuð og í raun og veru ekki heldur eftir henni eins og hann hefur endurbætt hana með skrifl. brtt., að ákvæði brtt. bæti verulega úr. Það, sem gerði það að verkum, að n. sá sér ekki fært að fylgja þessari brtt. óskipt, var fyrst og fremst það, hvernig flokkuninni er háttað. Mér skilst, að eftir frv. gildi þetta mat á kjöti jafnt um það kjöt, sem ætlað er til útflutnings, og um hitt, sem selt er innanlands. En eftir þeim reglum, sem fylgt hefur verið í flokkun kjötsins og ég býst við, að fylgt verði hér eftir, þá minnir mig, að 1. og 2. flokkur séu í sex undirflokkum hvor og 3. flokkur, hygg ég, að sé í a. m. k. tveim undirflokkum, og svo er 4. flokkur, úrgangskjötið, sem ég veit ekki, í hve mörgum undirflokkum er. Með slíkum flokkafjölda virtist okkur í n. það ekki koma til mála, að það væri greinilegur munur gerður á þessu öllu í kjötbúðunum, því að úr þessu yrði sú vitleysa, að enginn maður gæti farið eftir þessu. Ég hygg, að hyggilegast hefði verið að breyta brtt. á þann veg, að gera skyldi þennan greinarmun á kjötinu, hvað verðið snertir, eftir gæðum eftir aðalflokkum þess, en gengið væri í útsölunni fram hjá undirflokkuninni. Þannig væri þetta frekast framkvæmanlegt og mestar líkur til þess, að það gæti komið að gagni, a. m. k. fyrir neytendur.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég skal ekki bæta miklu við það, sem ég hef sagt um þetta mál. En ef einhver vildi hafa fyrir því að fara í gegnum sýningarskýrslur hrúta síðast liðin 20

ár, þá mundi hann komast að raun um, að á þeim svæðum landsins, þar sem starfað hafa kaupfélög, er gert hafa verðmismun á kjötinu til bænda eftir gæðamati, er meðaltal hrúta með tilliti til gæða kjötsins mun hærra en annars staðar. Og hann getur líka sannfært sig um, að á þeim svæðum, þar sem gerður hefur verið verðmunur á kjöti til bændanna eftir gæðum þess, þar hefur farið vaxandi prósentvís það kjöt, sem hefur farið í hæsta verðflokk, meðan þetta stendur í stað á hinum stöðunum, þar sem þessi verðmunur hefur ekki verið gerður. Og þar, sem ekkert gæðamat er á kjöti, mun sá hinn sami finna það, að gæði kjötsins hafa ekki breytzt nokkurn hlut, eins og hér á svæði Sláturfélags Suðurlands, þar sem í þessu efni er kyrrstaða.

ATKVGR.
Brtt. 87 samþ. með 11:7 atkv.
— 55, svo breytt, felld með 11:8 atkv.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 22. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 24. fundi í Ed., 24. sept., var frv. tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Herra forseti. — Þetta frv., sem hér liggur fyrir, felur í sér eina breyt., sem máli skiptir, á kjötmatsl., sem nú gilda. Eftir gildistöku þessarar breyt. verður tekið að meta kjöt til innanlandsneyzlu, hvort það er frosið eða nýtt, en í eldri l. er ekki heimild til þess að framkvæma slíkt mat. Það liggur í augum uppi, að það sé rétt og æskilegt, að slíkt mat sé tekið upp, en til þess liggja tvennar ástæður. Önnur er sú, að ætíð sé afgreitt frá sláturhúsunum til frystihúsanna kjöt, sem sé jafnhæft, hvort heldur er til útflutnings eða til innanlandsneyzlu. Í öðru lagi er sú ástæða, að neytendur innanlands eigi rétt á því að fá tryggingu fyrir því, að kjötið sé vel meðhöndlað, þegar þeir kaupa það til neyzlu. Af þessum tveim ástæðum er það, að þessi breyt. á kjötmatsl. er borin fram.

Til frekari upplýsinga vil ég geta þess, að fyrir atbeina atvmrn. var kallaður saman fundur í ágúst í sumar, þar sem saman voru komnir allir yfirkjötmatsmenn landsins ásamt kjötverðlagsn. o. fl. Þar var meðal annars mikið rætt um kjötútflutninginn og hversu æskilegt væri að tryggja sem bezta meðferð kjötsins. Þessi fundur féllst á það meðal annars, að farið yrði fram á þessa lagabreyt., sem hér er komin fram.

Með því að sláturtíð er nú að byrja, þá er það mjög æskilegt, að hv. þd. geti séð sér fært að láta þetta frv. ganga gegnum þessa hv. d. svo hratt sem kostur er á. Málið hefur hins vegar fengið afgr. í hv. Nd., og afgr. hún það eins og það kom þangað. Ég vænti þess, að sú meðferð þar geti orðið til þess að flýta fyrir því, að frv. gangi fljótt gegnum þessa hv. d. Ég ætla ekki að gera neina till. um, að málið gangi til n., en ef hv. d. telur þess þörf, þá vænti ég þess, að því verði vísað til hv. landbn.

Alþt. 1943. B. (62. löggjafarþing).

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 9:2 atkv.

---

Á 26. fundi í Ed., 29. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 46, n. 97).

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Herra forseti. Þegar þetta frv. var hér í d. til 1. umr., upplýsti atvmrh., í hverju þær breyt. á l. um kjötmat væru fólgnar, sem nú eru í frv. Landbn. hefur á fundi sínum athugað þetta mál. Að vísu voru tveir af nm., sem samtals eru fimm, fjarverandi sökum lasleika, en n. kom sér þó saman um að mæla með því, að frv. þetta yrði samþ. óbreytt. N. lætur í ljós, að hún sé fylgjandi þeim reglum, sem setja á um kjöt, sem selt er á innlendum markaði, og álítur þær eðlilegar og að það sé líka eðlilegt að vanda sem bezt til þessarar vöru á innlendum markaði.

N. leggur því til, að þetta frv. verði samþ.

**Bjarni Benediktsson:** Herra forseti. Út af fyrir sig mundi ekkert vera við það að athuga, þótt jafnstrangar reglur séu látnar gilda um meðferð á kjöti, sem selt er á innlendum markaði og útlendum markaði. En eftir því, sem málið liggur hér fyrir, og samkv. meðferð á því í Nd., þá sýnist mér, að hér muni tilætlunin alls ekki vera sú að bæta hag neytenda frá því, sem verið hefur, heldur hljóti hún að vera einhver önnur.

Það er vitað mál, að þegar kjöt er flokkað til útlanda, þá miðast verð þess og möguleikar til sölu við það, í hvaða flokk kjötið lendir.

Við meðferð þessa máls í Nd. lagði form. landbn. það til, að bæta skuli við þessa gr. því, að gera skuli eðlilegan mismun á verði á kjöti, bæði til framleiðenda og neytenda. Eftir því, sem mér hefur skilizt, hefur þessi till. verið felld af Nd., enda kemur það heim við upplýsingar, sem ég hef aflað mér annars staðar frá, að ekki er farið að hreyfa við þessu kjötmati, sem hér átti að fara fram, og að þetta hefur ekki haft nokkur áhrif á verð eða flokkun kjöts til neytenda. Ég verð því að spyrja: Til hvers er verið að lögleiða þetta? Getur Alþ. verið þekkt fyrir að samþ. flokkun á kjöti, en fella jafnframt, að verðmismunur eigi að koma fram á betra og lakara kjöti? Hvað vakir fyrir Alþ. með setningu þessara laga; og hvað vakir fyrir atvmrh., sem lagði til, að málið færi gegnum d. og taldi nauðsyn á, að þetta næði fram að ganga, áður en sláturtíð byrjaði, úr því að ætlunin er sú, að þetta á ekki að hafa nein áhrif né koma að gagni fyrir neytendur? Hitt er annað mál, að lög um þetta efni breyta hér litlu og munu skv. áliti hv. Nd. ekki hafa áhrif á verð það, sem bændur fá fyrir kjötið.

En það er gengið fram hjá ýmsu, sem miður fer um meðferð kjötsins, og má vera, að erfitt sé að leiðrétta það.

Í núgildandi kjötmatslögum segir, að læknisskoðun skuli fram fara á kjötinu, ef það er ætlað til útflutnings. Er það verjandi að strangari heilbrigðisreglur gildi um meðferð þeirrar vöru, sem út er flutt, en hinnar, sem seld er á inn-

lendum markaði? Og er það verjandi, eftir að farið er að halda verðlagi útflutts kjöts uppi með verðuppbótum? Ég get ekki séð, að það sé verjandi, og ef gera á neytendur rólega, þá er það fyrsta ráðið að láta þá fá betri vöru, bæta mat kjötsins, svo að þeir geti valið um til dæmis 1. eða 2. flokk, eins og hv. 1. þm. N.-M. lagði til. En sú till. var felld. Yrði þá að láta fram fara raunverulega skoðun á því kjöti, sem fara á til sölu innanlands.

Mér hafa sem borgarstjóra borizt málaleitanir um eftirlit með meðferð kjöts og að komið yrði á strangri skoðun á því.

Í 9. gr. kjötmatslaga frá 19. júní 1933 er gert ráð fyrir, að bæjarstjórnir hafi sérstakan stað, sem ætlaður sé til skoðunar á því kjöti, sem að er flutt ómerkt. Þessu ákvæði hefur ekki verið framfylgt, og eru það þó ekki mikil útlát að hafa slíkan stað. En ef honum á annað borð er komið upp, verður hann að koma að gagni, því að það er ekkert aukaatriði, að ekki skuli vera séð fyrir tryggri skoðun á því kjöti, sem neytt er innanlands, eins og hinu, sem selt er á erlendum markaði.

Með leyfi hv. forseta ætla ég að lesa hér kafla úr bréfi, sem mér hefur borizt frá Félagi kjötverzlana í Reykjavík:

„Okkur er iðulega boðin til sölu vara, sem ekki mundi vera álitinn mannamatur á erlendum markaði, enda getur hver sagt sér sjálfur, þótt aldrei hafi nálægt kjötsölu komið, hvernig t. d. frosið kjöt, sem er flutt utan af landi í kælilausu skipi, muni líta út hingað komið, ef það þarf svo að bíða hér svo og svo lengi uppskipunar — stundum af hernaðarástæðum, — og þar af leiðandi orðið frostlaust, — þá finnst okkur það ekki lengur boðleg vara við fyllsta verði.

Einnig er það algengt, að kjöt sé blettað, sem orsakast af því, að frostið er ekki nógu mikið á geymslustað, svo og einnig, að kjötið er blóðugt og óhreint frá slátrun.“

Þetta segir nú í bréfi frá Félagi kjötverzlana, og má af því vera ljóst, að eigi er lögð næg áherzla á góða meðferð kjötsins, en sú hlið málsins kemur ekki fram í frv. Þetta er atriði, sem heyrir undir matvælaeftirlit ríkisins skv. l. frá 1936. Ríkisstj. á skv. þeim að hafa eftirlit kjötsins með höndum að þessu leyti. Nú segi ég ekki, að ríkisstj. hafi ekki viljað allt gott gera í þessu efni, en aðgerðir hennar hafa verið ófullnægjandi.

Það er nauðsynlegt, að settar verði framkvæmanlegar reglur um meðferð kjötsins, þar sem ekki verður fram hjá því gengið, að henni er stórlega ábótavant.

Ég vildi óska eftir nánari skýringum frá n., sem mælir með framgangi frv., um það, hvað fyrir flm. þess vaki, þegar neytendurnir eiga ekki að fá að kaupa kjötið á mismunandi verði eftir gæðum þess. Það geta verið einhverjar huldar ástæður, sem liggja á bak við og ekki eru komnar fram.

Mér hefði fundizt eðlilegt, að málið yrði tekið til nánari athugunar, áður en lengra er farið. Ég vil þó ekki gera það að tillögu minni, fyrr en ég hef heyrt hinar duldu ástæður, sem búast má við, að liggi á bak við.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Ed., 30. sept., var fram haldið 2. umr. um frv.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Hv. 6. þm. Reykv. (BBen) ræddi þetta mál við fyrri hluta þessarar umr., bæði almennt og nokkur einstök atriði. Út af ummælum hans um málið almennt vildi ég geta þess, að n. taldi eigi annað en það liggja fyrir, hvort mæla skyldi með þessu frv. eða ekki, en hitt er annað mál, hvort þörf kunni að vera á allsherjarendurskoðun kjötlaganna. Þó að landbn. mæli með þessari smábreyt. og allir séu raunar sammála um réttmæti hennar, skyldar það nefndina engan veginn til að leggja nú þegar til að gera umfangsmeiri breyt., sem þyrftu nokkra rannsókn til undirbúnings. Þær breyt. kunna að vera æskilegar, og er hverjum þm. auðvelt að koma þar með tillögur, en n. má ekki ráðast í það án frekari undirbúnings að beita sér fyrir stórbreytingum. Hv. 6. þm. Reykv. þótti þetta frv. heldur lítilfjörlegt, og ber n. ekki ábyrgð á, þótt svo mætti kalla. En þegar hann talar um, að duldar orsakir muni liggja að frv., virðist mér það tilefnislaust. Tilgangur þess, að sama mat skuli gera á kjöti til innlendrar sem erlendrar sölu, liggur opinn fyrir og virðist alveg eðlilegur, — annarra skýringa þarf ekki til að skilja frv., eins og tekið hefur verið fram. Ég þarf ekki fleiri orð um þetta af hálfu n., en get drepið enn á tvö atriði í ræðu hv. 6. þm. Reykv.

Hann virtist ekki álíta flokkun kjöts ákaflega þýðingarmikla, nema um leið væru lögfest ákvæði um verðmun flokkanna. Hann benti á, að samþingsmaður minn hefði flutt tillögu um þetta í Nd., og virtist vera henni samþykkur, þótt hún næði þar ekki samþykki. Ég álít alveg sjálfsagt, að verðmunur sé, bæði þegar framleiðendur selja og neytendur kaupa. Þeir, sem framleiða góða vöru, eiga að fá meira fyrir hana en þeir, sem framleiða lakari, og eins á neytandinn heimtingu á verðmun. En ég er ekki viss um, að ákvæði um það þurfi að standa í l. Það er þeim í sjálfsvald sett, sem verzla með kjöt, að ákveða verðmuninn hæfilegan í hverju tilfelli. Ég býst við, að það geti verið ýmsum takmörkunum háð, hve langt sé rétt að ganga í því. Gagnvart framleiðendum er það auðvelt og eins í heildsölu, en í smásölu er ekki gott að sjá um hvern bitann, sem seldur er, hvaða verðflokki hann átti í fyrstu að tilheyra. Þar nær flokkunin síður tilgangi, og mér þykir vafamál, hvort hún á þar heima.

Þá vék þm. að þeirri hlið málsins, sem snýr að hreinlæti og hollustueftirliti með kjöti og allri meðferð þess og flutningum. Ég skal sízt bera móti, að um það þyrfti ákveðnari fyrirmæli en eru. Yfirleitt höfum við Íslendingar litla trygging fyrir því, að vörur, sem við neytum, hafi ekki hlotið óheilnæmari meðferð en skyldi, t. d. mjölmatur og ávextir. En með þessu frv. eru sömu ákvæði látin gilda um kjöt til neyzlu innanlands sem til útflutnings, og það er spor í rétta átt í þessu efni. Eina undantekningin er sú, að til fjár, sem slátra skal fyrir innlendan markað, nær ekki ákvæði 4. gr. kjötlag-

anna frá 1933, að læknisskoðun skuli fara fram á öllu sláturfé eigi meir en 12 klst. áður en því er slátrað. En ég álít læknisskoðun á kjöti eftir slátrun og eftirlit með geymslu kjötsins og flutningi vera miklu þýðingarmeiri en þessa skoðun á fénu fyrir slátrun. En ef þm. vilja, geta þeir einnig látið þá reglu gilda við slátrun fyrir innlendan markað.

**Bjarni Benediktsson:** Þegar lög eru tekin til endurskoðunar, tel ég varhugavert að gera einungis málamyndabreytingar og láta heita svo sem réttlætinu sé þar með fullnægt. Sérstaklega á þetta við hér, þegar þeir hafa unnið að frv., sem færastir áttu að vera til þess, og ríkisstj. hefur gert málið að sínu máli, borið það fram sem stjfrv., án þess að tekin hafi verið til endurskoðunar atriði, sem verulega þýðingu hafa, né ráðin bót á vanköntum laganna í framkvæmdinni.

Nú hefur verið felld till. í Nd. um það, að flokkunin skuli ráða verði til neytenda, og eftir öðrum upplýsingum virðist einnig allvel ljóst, að það verð muni ekki látið fara eftir flokkuninni. Þá virðist mér alveg vera skýringa vant á því, hvað vakti fyrir ríkisstj. með frv. eða fyrir kjötmatsmönnunum, sem sömdu það. Ég hreyfði aths. í gær til að reyna að fá vitneskju um þetta, en gögn um það hafa engin borizt enn. Það liggur að vísu fyrir, að meðferð kjöts til sölu á innlendum markaði sé mjög á annan veg veg en vera skyldi og skuli gæðamunur kjötsins nú staðfestur með mati. En þar sem það mat á engu að breyta um verð til venjulegra neytenda, sé ég ekki af þessu markmið frv. Þess vegna leyfði ég mér að hafa orð á, að duldar ástæður hlytu að liggja að baki. Af hinni skýru og hóflegu ræðu hv. frsm. (PHerm) varð ljóst, að n. ber ekki að ásaka, en hitt varð engu ljósara en áður, hvað vakti fyrir aðstandendum frv. Eftir gildandi l. um uppbætur á kjöt bænda og samkomulagi sex manna n. um það efni er nokkuð vafasamt, hvort þeir, sem með kjötið verzla, hafa leyfi til að setja á það mismunandi verð eftir flokkum. Sex manna n. setti engin ákvæði um það atriði. Þess vegna virtist mér þurfa að gera það í þessu frv. Ég hef allan fyrirvara á því, en einhver sagði mér, að þessi breyt. mundi ekki koma til góða neytendum, heldur verða til þess, að sláturhús og aðrir slíkir aðilar fengju einhverja peninga í sinn hlut til ráðstöfunar. Ég hjó eftir því, að ummæli hv. frsm. gátu gefið tilefni til að álíta þetta rétt, þegar hann sagði, að gagnvart framleiðendum væri auðvelt og rétt að hafa mismunandi verðflokka, en gagnvart neytendum síður, — það væri ýmsum takmörkunum háð. Mér finnst málið þá ekki eins brýnt, ef tilgangur þess er ekki annar en sá, að þeir, sem hafa á hendi heildsölu á kjöti, geti grætt eitthvað meira en ella.

Ég bíð andsvara, og meðan gögn skortir um tilgang frv., verð ég að telja það gagnslaust og jafnvel að ýmsu leyti skaðsamlegt, eins og ég tók fram í byrjun ræðu.

Ég get nú stytt mál mitt. Um eftirlit og meðferð kjötsins skiptir það vitanlega miklu máli, að slátrun til sölu innan lands þarf ekki að fara fram á löggiltum sláturhúsum né mat læknis á kjötinu að fara fram fyrr en alllöngu eftir slátrun, en kjöt til útflutnings er skoðað strax. Að minnsta kosti í Reykjavík, sem hefur stórt og fullkomið sláturhús, ætti öll slátrun til innanlandssölu að fara fram í löggiltu sláturhúsi. Þá er það önnur vöntun gildandi l., að alls ófullnægjandi er, að skoðun fari fram á kjötinu úti á landi, ef það sætir síðan misjafnri meðferð, áður en það er komið á sölustað og selt. Þetta er eins og segir um mjólkurmatið í góðri grein í Mbl. í morgun, að ónóg er að meta mjólkina t. d. austur í Vík í Mýrdal og selja hana samkvæmt því mati, eftir að svo er búið að flytja hana til Reykjavíkur. Mat verður að framkvæma á sölustaðnum.

Ég vil nú bíða 3. umr., ef upplýsingar fengjust þá um tilgang frv. En ef þá verður ljóst, að þetta sé hreint hégómamál eða tilgangur vafasamur, finnst mér það eitt liggja fyrir að vísa því frá með rökstuddri dagskrá þess efnis, að d. taki fyrir næsta mál á dagskrá í trausti þess, að ríkisstj. láti undirbúa fyrir næsta Alþ. frv. um gagngerðar endurbætur á kjötlögunum, á reglum um meðferð kjöts og verðflokkun, sérstaklega að því er snertir innlendan markað.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Mér finnst álitamál, hvort ekki sé rétt að fresta þessari umr., þangað til atvmrh. (VÞ) getur verið viðstaddur til andsvara því, er hv. 6. þm. Reykv. hefur borið fram, og beini ég því til forseta, hvort hann vilji ekki taka málið af dagskrá. Þó vil ég drepa á örfá atriði í ræðu þm. Ég er honum alveg sammála um, að vanda beri til endurskoðunar á l. sem kjötlögunum, en einmitt þess vegna er ekki unnt að ráðast í þá endurskoðun, áður en þingið sker úr um afdrif þessa smámáls, og sé mál þetta meinlaust og að einhverju leyti gagnlegt, eins og n. telur, á að samþ. það, því að það spillir sízt fyrir frekari umbótum, heldur getur flýtt þeim. — Ég skyldi ekki hafa á móti því, að frv. væri svo orðað, að flokkunin skyldi hafa áhrif á verð, en ég endurtek, að ekki er nauðsyn að hafa slíkt í l. Þm. hafði orð eftir mér um þetta og virtist eigi hafa tekið eftir, að ég minntist á verðmun eftir flokkum, þegar selt er í heildsölu, heilum kroppum, og það getur skipt neytendur miklu. Það hefur áhrif á mig í þessu atriði, að búið er að fella till. hv. samþingism. míns í Nd. og örðugt mun að ná samkomulagi um breyting frv.

Að sjálfsögðu hafa verið uppi raddir um það, að misbrestur vilji verða á sæmilegri meðferð þessarar vöru. Sumt kann að vera orðum aukið, en ekki ástæðulaust. Á ýmsum slátrunarstöðum hefur návist þetuliðs og húsaþrengsli af því orðið hindrun þess, að við yrði komið jafngóðri meðferð og annars, og fleiri tímabundnar ástæður mætti telja, er vandkvæði þessi hljótast af.

Umr. frestað.

Á 28. fundi í Ed., 1. okt., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Ég óskaði nú eftir því við hv. forseta í gær, að umr. um þetta mál

yrði þá frestað, þar eð hæstv. atvmrh. var þá ekki viðstaddur, en sú skoðun hafði komið fram hjá hv. 6. þm. Reykv. hér í d., að sú breyt., sem hér er fyrirhuguð, mætti e. t. v. skoðast ófullkomin umbót á l. Ég hefði gjarnan óskað eftir því sjálfur að heyra álit hæstv. ráðh. um þetta, þar eð hann hefur látið undirbúa þessa lagabreyt. og mun því vera málinu kunnugastur.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Herra forseti. Mér er skýrt svo frá, er mál þetta var hér til umr. í d., eftir að það kom úr n., þá hafi hv. 6. þm. Reykv. gert athugasemd eða fyrirspurn, m.a. í tilefni af því, hvers vegna ekki væru sett ákvæði inn í l. um verðmun á kjöti eftir flokkum, bæði til seljenda og neytenda. Að mínu áliti er ekki nauðsyn á þeim ákvæðum í l. Mér finnst það liggja svo í augum uppi, að gerður verði greinarmunur í verði á góðri vöru og lakari, eftir að flokkunin hefur verið fyrirskipuð. Enda er það svo, að nú þegar er farið að gera greinarmun á bezta og lakasta kjöti í útsölu. Bændur fá einnig mishátt verð fyrir kjöt eftir gæðaflokkum, eða svo veit ég að er a. m. k. á Norðurlandi, þar sem ég er kunnugastur. Það er því engin nauðsyn að setja ákvæði um þetta inn í l., það er svo sjálfsagt.

Mér hefur einnig verið skýrt svo frá, að hv. þm. hafi borið fram þá fyrirspurn, hvort ekki giltu sömu ákvæði um eftirlit með heilbrigði fjár á undan slátrun, hvort sem kjötið ætti að fara á erlendan markað eða innlendan. Ég get upplýst, að dýralæknir skoðar féð, áður en slátrað er, ef flytja á kjötið út, en jafnframt skal þess getið, að ákvæði um það efni eru komin inn í l. vegna þess, að Bretar gera það að skilyrði, en þeir eru okkar aðalkaupendur. Þetta ákvæði er því meira formsatriði til samræmis við lög þeirra en veruleg þörf sé á þessari athugun. Mér er kunnugt um það frá núv. yfirdýralækni, sem mun hafa haft meira eftirlit með fé en nokkur annar, að hann telur skoðun á kjötinu nægilega, en eftirlit með fénu á undan slátrun þýðingarlausa og veiti hún neytendum enga tryggingu. En ákvæði um þetta eru í l. eins og áður er sagt, af því að Bretar setja þau skilyrði.

Ég læt þetta svo nægja að sinni, þar eð mér er ekki kunnugt um fleira, sem upplýsa þarf.

**Bjarni Benediktsson:** Hæstv. atvmrh. taldi sjálfsagt, að gerður yrði verðmunur á kjöti eftir mati. Þá vaknar sú spurning, hví hv. Nd. felldi ákvæði um þetta efni, ef það er sjálfsagt, eða gat það þá skaðað í l.? Það er auðvitað gott að fá yfirlýsingu hæstv. atvmrh. um þetta, en betra væri að fá gerða grein fyrir þessu, og ég tel það skorta við undirbúning málsins. Ég vil mega vænta þess, að greinargerð verði lögð fram fyrir 3. umr. um það, hvaða áhrif þessi flokkun eigi að hafa á andvirði kjöts til bænda og verðið til neytenda. Hv. Nd. hefur þegar fellt, að flokkunin eigi að koma fram í verði. Það þarf því að taka hér af öll tvímæli. Ef ætlunin er, að flokkunin hafi áhrif á verðið, þá þarf greinargerð að koma fram um það. Þar þarf að taka fram, hvort eitthvað af kjötinu á að vera útilokað og hvert verðhlutfall eigi að gilda milli hinna tegundanna til bænda og neytenda. Ef hugsun er í frv., en ekki fálm, sem ég hef enga ástæðu til að ætla, þá hljóta upplýsingar um þetta að liggja fyrir. Ég tel þær því nauðsynlegri sem enginn veit almennilega, hvernig á að samræma þetta og álit sex manna nefndarinnar, en menn þurfa að gera sér glögga grein fyrir, hvernig á að koma þessu fyrir.

Það varð ljóst af ræðu hæstv. atvmrh., að hann hafði ekki hlýtt á mál mitt, því að hann kom aðeins að útskækli málsins, en ekkert að því, sem var aðalatriðið í ræðu minni, að séð væri um að tryggja gæði kjötsins á innlenda markaðinum. Nú lýsti hæstv. atvmrh. yfir því, að yfirdýralæknir teldi tryggilega frá heilbrigðisreglum gengið. Þetta kemur ekki vel heim við bréf þessa embættismanns til mín, dags. 12. 9. '43. Þar segir: „Í íshúskjöti frá f. á. hef ég séð galla og skemmdir, er stafa af bilunum í kælirúmum."

Það er engin trygging fyrir því, að kjöt, sem er ekki flutt af landi burt, sé skoðað af læknum. Yfirdýralæknirinn mælir eindregið með þeirri skoðun, en samkvæmt gildandi reglum er ekki hægt að láta hana fara fram. Þetta bendir ekki til, að núverandi ákvæði séu trygg. Yfirdýralæknirinn telur og, að hægt sé að láta fara fram skoðun fyrir innlenda markaðinn, en til þess þurfi lagabreyt. Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta. Frv. getur staðið til bóta, en það vantar öll gögn með því. Hins vegar er gengið fram hjá svo mörgu öðru, sem ábótavant er, og því varhugavert að gera þessa lagabreyt.

En þar eð hæstv. atvmrh. taldi sjálfsagt að gera verðmun á kjöti eftir gæðum, þá má vænta greinargerðar um það fyrir 3. umr., ef málið hefur verið hugsað og undirbúið. Að öðrum kosti sé ég ekki annað en fella verði frv. eða vísa því frá með rökst. dagskrá, því að þá er ekki gerð grein fyrir, hvers vegna það er fram komið. En ég efast ekki um, að sú greinargerð verði fyrir hendi.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Ég vil fyrst taka það fram, að ég hafði eftir dýralækni, að hann áliti skoðun á fé á undan slátrun óþarfa, þar eð nægilegt væri að skoða kjötið á eftir slátrun. Annað hafði ég ekki eftir honum. Sú tilvitnun í bréf frá honum, sem hér hefur verið lesin upp, kemur þessu því ekkert við.

Viðvíkjandi þessu frv. vil ég benda á það, að það er frv. til l. um breyt. á l. um kjötmat. Það eru l. um mat og flokkun, en ekki l. um sölu og verðmun milli flokka. Þessi l. eru sambærileg við l. um fiskimat og l. um kartöflumat, en þau l. fjalla ekkert um verðmun milli flokka. Það er gert ráð fyrir, að það sé framkvæmdaratriði. Um það atriði, að ákvæði vanti inn í frv. um skoðun og geymslu og rétt til eftirlits, áður en kjötið er selt, þá ætla ég að réttur til eftirlits sé til í l. um eftirlit með matvælaverzlun landsins.

Ég vil svo endurtaka, að þetta eru matslög, en ekki l. um sölu og verðlagningu.

**Bjarni Benediktsson:** Það er rétt, að þetta eru l. um kjötmat, en í fyrirsögninni stendur, að þau séu um kjötmat o. fl. Og í 9. gr. er vikið að því

atriði, sem ég drap hér á og dýralæknirinn vekur athygli á í bréfi sínu, að hér sé selt skemmt kjöt og skorti heimild til skoðunar. En hitt er rétt, að heimild til afskipta er í l. um matvælaeftirlit, en þau l. eru ekki nægilega afmörkuð gagnvart þessum.

Hvaða áhrif á matið að hafa? Kjötmatsmenn hljóta að geta gert grein fyrir því, af hvaða ástæðum þetta frv. er borið fram.

Hitt er ekki rétt, að þessi l. séu um kjötmat einungis. Þau eru um kjötmat o. fl.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 29. fundi í Ed., 5. okt., var frv. tekið til 3. umr.

**Bjarni Benediktsson:** Við 2. umr. mæltist ég til þess við hæstv. atvmrh., sem mætti hér við lok umr., að hann við 3. umr. léti uppi við d., hvaða áhrif hann teldi, að þessi lagabreyt. hefði til hagsbóta fyrir neytendur. Við þessa umr. hefur komið í ljós, að árangurinn af þessari lagasetningu mundi vægast sagt verða harla lítill, og því ástæðulaust að samþ. hana, nema grein væri gerð fyrir því, hvernig hún verkar í framkvæmdinni. Hæstv. atvmrh. hefur ekki talið ástæðu til að verða við þessari áskorun að að mæta hér og skýra þetta mál, og vil ég þess vegna leyfa mér án þess að fara um það fleiri orðum að bera fram svo hljóðandi rökst. dagskr.:

**„Þar sem gögn hafa eigi fengist fyrir því, að breyting sú, sem í frv. felst, muni bæta úr ágöllum þeim, sem eru á meðferð þess kjöts, sem selja á innanlands, né á annan hátt verða neytendum til hagsbóta, þá telur deildin ekki ástæðu til að samþykkja frv., en skorar á ríkisstjórn að endurskoða lagaákvæði um meðferð kjöts, þannig að til raunverulegra bóta verði fyrir neytendur, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."**

**Forseti (StgrA):** Mér hefur borizt rökst. dagskrá frá hv. 6. þm. Reykv., sem hann hefur nú lýst. Þessi dagskrá liggur þá einnig fyrir til umr.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég hef ekki til þessa blandað mér inn í þær umr., sem orðið hafa um þetta mál. Þær hafa verið talsverðar, en á síðasta fundi, sem frv. var til umr., var ég ekki viðstaddur og heyrði ekki ummæli hæstv. ráðh. Ég leit þannig á í n., þegar þetta mál var til umr. þar, að frv. væri frekar til bóta og sérstaklega væri mikið undir því komið, hvernig reglur n. setti samkv. þessari lagabreyt. Ef þær væru rækilegar og nákvæmar, hélt ég, að fást mundi flest af því, sem hv. 6. þm. Reykv. minntist á hér. Ég álít satt að segja, að að sumu leyti væri illa farið með þetta frv., ef það, sem er þó áreiðanlega að ýmsu leyti til bóta, er látið fara allt torleiðið hér á þingi, en á endamörkum vísað frá með rökst. dagskrá. Ég held, að miklu réttara væri að samþ. það, þó að því kynni að vera að einhverju leyti áfátt, og nota það, eftir því sem það mætti að gagni verða, en ef það reyndist, að rn. setti ekki nógu nákvæmar reglur, þá að taka málið upp aftur og endurbæta það eftir þörfum, og til þess yrði ég tilbúinn á næstu þingum, ef þess reyndist þörf. Þess vegna finnst mér ástæðulaust að vísa málinu nú frá með rökst. dagskrá, því að það er þó til bóta, og má alltaf endurbæta það síðar, ef það reyndist ekki fullnægjandi, eins og það er nú.

**Bjarni Benediktsson:** Ég get í sjálfu sér þakkað hv. þm. Dal., að hann skuli vera mér sammála, að málið eins og það er sé því nær þýðingarlaust. (**ÞÞ:** Það sagði ég ekki). Hæstv. ríkisstj. hefur ekki gert grein fyrir, hvernig málið mundi verða í framkvæmdinni, og því hef ég borið fram þessa rökst. dagskrá, en vil leyfa mér að bera fram varatill. Ég mun bera fram skrifl. brtt. þá, sem hv. 2. þm. N.-M. bar fram í Nd. og var felld þar, svo hljóðandi: „Gera skal eðlilegan mismun á verði kjötsins, bæði til framleiðenda og neytenda".

**Forseti (StgrA):** Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 6. þm. Reykv., sem hann hefur nú lýst. Þessi till. er of seint fram komin og skrifl. Þarf tvöföld afbrigði til þess, að hún megi komast hér að.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 132) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég hafði, áður en hv. 6. þm. Reykv. bar hér fram sína skrifl. brtt., samið brtt., sem ég vil lesa upp, með leyfi hæstv. forseta. Hún hljóðar svo: „Aftan við 1. gr. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: svo og um ráðstafanir til tryggingar því, að eðlilegur verðmunur sé gerður á tegundum og gæðaflokkum á kjöti í útsölu". — Efnislega er till. mín sú sama og hjá hv. 6. þm. Reykv., en aðeins örlítill formsmunur á þeim. Ef till. mín yrði samþ., yrði síðasti málsliður á þessa leið: „Flokkun kjötsins skal vera nákvæm, og setur ráðuneytið að fengnum tillögum yfirkjötmatsmanna og nokkurra af helztu útflytjendum reglur um mat, frystingu, söltun og merkingu kjötsins og meðferð, svo og um ráðstafanir til tryggingar því, að eðlilegur verðmunur sé gerður á tegundum og gæðaflokkum kjötsins í útsölu".

Þá yrði þetta atriði eitt af þeim, sem ráðh. bæri að tryggja. Ég álít órétt, að mismunandi flokkar kjöts séu seldir sama verði, en merking kjöts er nú þannig, að ómögulegt er fyrir kaupendur að sjá, þegar um smásölu er að ræða, í hvaða flokki það kjöt er, sem þeir kaupa.

**Forseti (StgrA):** Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 3. landsk. þm., sem hann hefur nú lýst. Brtt. er of seint fram komin og er þar að auki skrifl. Þarf tvöföld afbrigði til þess, að hún megi komast hér að.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 133) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Bjarni Benediktsson:** Ég vil eingöngu lýsa yfir, að ég get að þessari till. fram kominni tekið mína skrifl. brtt. aftur. Ég get fallizt á, að hún sé fullt eins heppileg, þar sem till. samhljóða minni féll í Nd. Hins vegar held ég fast við rökst. dagskrána sem aðaltill.

ATKVGR.
Brtt. 132 tekin atfur.
Rökst. dagskráin frá 6. þm. Reykv. felld með 8:3 atkv.
Brtt. 133 samþ. með 7 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** LJóh, PHerm, PM, BBen, GJ, HG, StgrA.
ÞÞ, BSt, HermJ, IngP greiddu ekki atkv.
6 þm. (MJ, BrB, EE, GÍG, JJ, KA) fjarstaddir.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 17. fundi í Sþ., 6. okt., var frv. útbýtt frá Nd., eftir 3. umr. í Ed. (A. 134).
Á 28. og 39. fundi í Nd., 7. og 28. okt., var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 24. nóv., utan dagskrár, mælti

**Páll Zóphóníasson:** Það er eitt mál, sem mig langar að spyrja um, sem kemur mér ekki beint við og er flutt af ríkisstjórninni. Það er um kjötmat. Það er búið að ganga gegnum þessa deild og Ed. og komið þaðan, en hefur ekki komið fram hér, þótt líðnar séu upp undir það þrjár vikur síðan það kom frá Ed.
Er það vilji ríkisstj., að málið sé látið kafna, eða af hvaða ástæðum er það ekki tekið á dagskrá hér í deildinni?

**Forseti (JörB):** Málið hefur komið að minnsta kosti tvisvar á dagskrá, og það er ekki meiningin, að það komi ekki til umræðu. Það verður sennilega flutt brtt. við málið, en hún er ekki komin, og þannig stendur á því, að það hefur ekki verið tekið fyrir.

Á 54. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 134, 152, 510).

**Bjarni Ásgeirsson:** Herra forseti. Hv. 2. þm. Skagf. er frsm., en hann er ekki viðstaddur, og vil ég því segja um málið nokkur orð.
Eins og kunnugt er, var þetta mál lagt fyrir á öndverðu þingi, og fór það gegnum þessa d. og til Ed. Voru þar gerðar á því nokkrar breyt., sem meiri hl. landbn. gat ekki fallizt á, með því að hann sá ekki, hvernig unnt væri að framkvæma þá meðferð þessa máls, sem ákveðin var með þeirri breyt., sem gerð var í Ed., að eðlilegur verðmunur væri gerður á gæðaflokkum kjöts í útsölu. Meiri hl. sá engin tök á að framkvæma þetta og taldi, að með þessari viðbót væri málinu stórspillt. Síðan hefur málið legið hjá n. óafgreitt, þar til hæstv. atvmrh. fyrir skömmu óskaði eftir, að frv. fengi afgr. á þinginu Þá tók n. málið fyrir, og meiri hl. bar fram brtt. við málið, sem kemur því í svipað horf og það hafði, þegar það fór frá n. upphaflega, að niðurlag 1. gr., tvær síðustu línurnar, falli niður. Hins vegar hefur hv. 2. þm. N.-M. borið fram brtt. við 1. gr., eins og hún liggur fyrir. Meiri hl. n. getur ekki mælt með þeirri brtt. af þeirri ástæðu, sem ég nú hef greint.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Við meðferð þessa máls hér í d. á sínum tíma voru felldar fyrir mér brtt. um það, að verðmunur skyldi gerður á kjöti til þeirra manna, sem framleiddu það og keyptu, eftir því, hve gott það væri. Ed. átti nógu marga menn, sem vildu gera slíkan mun til neytenda. Hins vegar voru þar ekki nógu margir menn, sem vildu gera á kjötinu verðmismun til framleiðenda, eftir gæðum. Ég vænti þess, að hér muni vera það margir menn, sem vilja gera sama mismun til framleiðenda og neytenda ,að það nægi til að samþ. þá brtt., sem ég ber fram um þetta á þskj. 152. Hún fer ekki fram á annað en í staðinn fyrir „útsölu" komi „til neytenda og framleiðenda". Ég vona, að allir sjái, að ekki kemur til mála að láta menn, sem framleiða góða vöru, ekki fá meira fyrir hana en þá, sem framleiða vonda vöru, þegar á að selja hana mishátt til neytenda, sem ég tel sjálfsagt. Ég vona því, að þessi brtt. verði samþ., og ég skil satt að segja ekki það sjónarmið meiri hl. að vilja ekki láta þetta standa í l. Ég viðurkenni fúslega það sjónarmið, að erfitt sé að framkvæma þetta, en það er langt frá, að það sé óframkvæmanlegt, og það er meira að segja framkvæmanlegt á fleiri en einn veg, og alveg sjálfsagt fyrst og fremst út frá því sjónarmiði, að það er sú mesta hvöt, sem hægt er að fá, fyrir framleiðendur til að vanda vöru sína, að þeir hafi hag af því að hafa hana góða. Þá leggja þeir í kostnað og fyrirhöfn til að vanda hana, en það gera menn ekki, ef það bezta og það skítlegasta er borgað jafnt.

**Skúli Guðmundsson:** Ég er sammála hv. 2. þm. N.-M. um það, að rétt sé að gera eðlilegan verðmun á kjöti til framleiðenda og neytenda eftir gæðum þess, en ég tel samt, að ákvæði um þetta eigi ekki heima í l. um kjötmat, og er hissa á því, að menn, sem vilja koma þessu á, skuli vilja þrengja því inn í kjötmatsl. Ákvæði um verðlag á kjöti eiga að koma inn í þau l., sem kjötverðlagsn. starfar eftir. Þar eiga þau heima, en ekki í þessum l. Þó að ég sé honum sammála um það, að slíkan verðmun eigi að gera, þá get ég ekki fallizt á að vera með að samþ. hans till. eða aðra í sömu átt, en tel rétt að samþ. brtt. á þskj. 510 frá meiri hl. n.

ATKVGR.
Brtt. 510 samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 152 kom ekki til atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 37. fundi í Sþ., 26. okt., var frv. útbýtt frá Ed., eftir eina umr. í Nd. (A. 523).
Á 57. og 58. fundi í Ed., 29. og 30. nóv., var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Ed., 2. des, var frv. enn tekið til einnar umr.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Herra forseti. Þetta frv., er hér liggur fyrir, hefur tekið dálitlum breyt. í hv. Nd., sem sé, að fellt hefur verið aftan af frv. viðbót, sem áður var á því í þessari hv. deild. og — að mig minnir — var gerð eftir skrifl. till. frá hv. 3. landsk. Ég hygg, að það sé auðvelt fyrir hv. dm. að átta sig á þessari breyt., því að það er aðeins hálf önnur lína, sem er felld burtu, en hún fjallar um, að fella skuli niður í þessu frv., að gera skuli verðmismun á kjöti í útsölu eftir vörugæðum. Frv. er þess vegna eins og það var, þegar það kom frá hv. Nd. til þessarar hv. d. Ég vil því aðeins upplýsa það, að ég ætla, að það hafi komið fram við meðferð málsins í hv. Nd., að þetta ákvæði hafi verið talið eðlilegt eins og hægt er að framkvæma það, en hins vegar hafi það ekki verið talið eiga heima í þessu frv., heldur ætti slíkt ákvæði að vera í l. um verzlun með sauðfjárafurðir á innlendum markaði. Ég vildi aðeins upplýsa þetta, ef ske kynni, að einhver hv. dm. hafi ekki gefið því gaum, í hverju breyt. er fólgin.

**Bjarni Benediktsson:** Herra forseti. Mér sýnist eins og við fyrri umr. þessa máls í hv. d., að nauðsynlegt sé að taka þetta mat inn í frv., því að ella sé það þýðingarlaust. Ég ætla mér ekki að rekja það, sem um mál þetta hefur hér verið rætt, en vil leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. um það, að aftan við 1. gr. bætist: svo og um ráðstafanir til tryggingar því, að eðlilegur verðmunur sé gerður á tegundum og gæðaflokkum kjötsins í útsölu.

Þetta er sama till., sem var samþ. hér á fyrra stigi málsins, og finnst mér því ekki ástæða til að falla frá þessu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 556) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Herra forseti. Ég verð nú að hafa þá skoðun, að þetta muni vera nokkuð vafasamt að hrekja þetta frv. milli d. fyrir þessa breyt. Ég hef óefað tekið það fram hér við umr. í d. um þetta mál, að ég teldi eðlilegt og sjálfsagt, að verðmismunur yrði gerður á kjöti eftir flokkum, bæði til þeirra, sem framleiða það, og líka í sölu til þeirra, sem kaupa kjötið. Ég gat þess hins vegar, að enda þótt það sé auðvelt að hafa mismunandi verð á kjöti til framleiðenda, þá er ekki auðvelt að hafa mismunandi verð á kjöti til þeirra, sem selja kjötið í smásölu. Ef því þessi ákvæði ættu að koma inn í þetta frv., finnst mér þau ættu að ná yfir bæði tilfellin, þannig að taka ætti inn í frv., að verðmismun skuli gera til seljenda og einnig til framleiðenda. Annars finnst mér það hljóti að verða svo í framkvæmdinni, að þetta verði gert, vegna þess að ég get ekki skilið, að kjöt verði flokkað eftir gæðum öðruvísi en að þessi verðmismunur komi fram. Ég mun ekki flytja brtt. til viðbótar brtt. frá hv. 6. þm. (BBen) um verðmismun á kjöti til seljenda þess, vegna þess að ég held, að þetta verði þannig í reyndinni, og mun ég því greiða atkv. móti þessari brtt.

ATKVGR.

Brtt. 556 samþ. með 5:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** EE, GJ, HG, MJ, BBen.

**nei:** IngP, PHerm, ÞÞ.

StgrA greiddi ekki atkv.

8 þm. (GÍG, HermJ, JJ, KA, LJóh, PM, BSt, BrB) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

---

Á deildafundum 3. des. var frv. útbýtt frá Sþ. eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 557).

Á 39. fundi í Sþ., 7. des., var frv. tekið til einnar umr.

**Frsm. Nd.-nefndar (Jón Sigurðsson):** Þetta frv. hefur hrakizt milli deilda, en ekki náðst samkomulag um það. Ed. hefur enn sett þá brtt. fram, að í þessum l. skuli ákveðið svo, að gera skuli ráðstafanir til að tryggja það, sem hún nefnir „eðlilegan verðmun" á tegundum og gæðaflokkum kjötsins í útsölu.

Landbn. Nd. hefur litið svo á, að ákvæði um verðlag eigi ekki heima í þessu frv. Þess vegna teljum við réttara, að þetta sé ekki þar, en eðlilegra, að flutt verði brtt. við l. um verðlag á kjöti. Við leggjum því til, að niðurlagsgr. falli burt, og leggjum fram skrifl. brtt. um það.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 602) leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

**Bjarni Benediktsson:** Ég hygg það geti ekki orkað tvímælis, að sú breyt., sem hér er um að ræða, snerti aukaatriði málsins. Það mat, sem hér á að fara fram, getur samkv. eðli málsins ekki haft mikla þýðingu. Hins vegar er gengið fram hjá aðalatriðinu, sem sé, að kjöt sé metið og grandgæfilega skoðað, rétt áður en sala fer fram, — því að þótt kjöt sé flokkað á sláturstöðum úti á landi, — ef ekki fer fram rækileg skoðun á því, rétt áður en sala á sér stað, — þá er ljóst, að það mat, sem gert var úti á landi, hefur tiltölulega litla þýðingu, því að kjöt getur verið orðið skemmt, þegar til sölu kemur. Þess vegna taldi ég og sumir aðrir í Ed., að fyrst verið væri að breyta l., þá væri bezt að snúa sér að þeirri hlið málsins, þar sem ágallar hafa komið í ljós, þar sem bæði heilbrigðisfulltrúar og aðrir hafa borið um það, að það, sem upphaflega var góð vara, hefur stundum verið orðin slæm vara, þegar til sölu hefur komið. Ég benti á þetta í Ed. og beindi því til hæstv. ríkisstj., hvort ekki gæti komið til greina að láta gera breyt. á kjötmatsl. samkvæmt þessu. Henni þótti það ekki fært, en taldi eðlilegast, að slíkt væri gert að till. kjötmatsmanna.

Hér er þó ekki um svo stórt atriði að ræða, að þurfi að standa á móti, þótt það snerti ekki það, sem mestu varðar. En úr því að þessi

breyt. er samkv. till. kjötmatsmanna, þá mátti krefjast þess, að hún hefði einhverja raunverulega þýðingu, en ekki eins og mjólkurmatið, sem kemur ekki fram í verðbreyt., hvorki til neytenda né framleiðenda. Og fyrst mat er á kjöti á innlendum markaði, þá ber að varast þau víti, sem vart hefur orðið í sambandi við mjólkina. Þess vegna er það, að sá hv. þm., sem er einna bezt að sér í mjólkurmálum, — flytur um þau mörg erindi o. s. frv., — hv. 2. þm. N.-M., bar fram í Nd. till. um, að ákvæði tilsvarandi þessu væru sett inn í frv., og það er ljóst, að þegar jafnfróður maður og bændum jafn-óumdeilanlega velviljaður ber fram slíkar till., þá er ekki hægt að gruna hann um ofsóknir eða ósanngirni í þeirra garð eins og e. t. v. okkur.

En hvað um það. Meiri hl. Ed. leizt svo sem brýna nauðsyn bæri til að fallazt á till. hv. 2. þm. N.-M., annars væri hér um þýðingarlausa löggjöf að ræða. Við viljum sem sagt fallast á, að þetta mat verði tekið upp, en því aðeins, að það verði að gagni og komi fram í verðlagi vörunnar.

Á meðan kjötmatið var miðað við útlendan markað, þá gátu Íslendingar engu ráðið um verðlagið, en þegar fara á að lögbjóða mat fyrir innlendan markað og innlendar stofnanir ákveða verðið, þá er óhjákvæmilegt, að tekið sé fram í l., að þetta skuli hafa áhrif á verðlagið.

Það væri villandi og sýndi það, að Alþ. vildi ekki, að tekið væri tillit til þess, ef brtt. á þennan hátt væru hvað eftir annað felldar. Þá væri því líkast, að hér væri verið að blekkja menn til þess að láta þá halda, að nú væri betur tryggð meðferð kjöts en áður hefur verið. Þess vegna vona ég, að meiri hl. manna í sameinuðu þingi verði ásáttir um það að láta ákvæðið halda sér. Hv. 2. þm. Skagf. vill halda því fram, að þetta eigi ekki heima í þessum l., en það er á misskilningi byggt vegna þess, að þó að það ætti ekki heima í þessum l., á meðan einungis var um útlendan markað að ræða, þá á það heima í þessum l. nú. En aðalatriðið er það, að komin eru ný l. og aðrar kringumstæður, og það er óeðlilegt að standa á móti því, að þetta ákvæði komist í l.

**Frsm. Nd.-nefndar (Jón Sigurðsson):** Ég vil aðeins taka það fram út af ummælum hv. 6. þm. Reykv., að mér þykir dálítið undarlegt, hvernig hann tók til orða. Hann sagðist geta fallizt á, að þetta mál væri tekið upp, og það er þó viðurkennt af öllum, að það er stór breyt., því að í rauninni er það þannig, að ekkert mat hefur farið fram. Nú er ekkert mat á kjöti, sem selt er á innlendum markaði, en með þessari löggjöf er ákveðið, að það skuli fara fram mat á þessu kjöti, eins og kjötið hefði verið flutt til útlanda. Ég skil ekki, hverjum væri hagur að slíku mati, ef ekki neytendum. Þess vegna er það skrítið að segja það, að menn geti rétt fallizt á það. Það er a. m. k. svo fyrir mér, að hér sé um mikið hagsmunamál að ræða, þegar matið er komið á, eins og það er ákveðið gagnvart okkur, sem framleiðum til útflutnings. Og það ætti ekki síður að hafa mikla þýðingu fyrir allan neytendahópinn í landinu og alveg jafnt fyrir því, þó að þessi ákvæði verði ekki sett inn sem nánari ákvæði. Sami hv. þm. var að tala um till. hv. 2. þm. N.-M., en hann er að sjálfsögðu fær um að gera grein fyrir sinni till. En ég vil benda hv. 6. þm. Reykv. á það, að í till. hv. 2. þm. N.-M. felist allt annað, því að hann barðist fyrir því, að það væri gerður verðmunur til framleiðenda eftir því, í hvaða vöruflokk kjötið færi, þegar það væri lagt inn. Það er nú svo með okkur, sem búum í fjarlægð frá aðal-neytendamarkaðnum, að við þykjumst ekki þurfa að gera slíkar ráðstafanir, vegna þess að það hefur verið gert hjá okkur, við fáum útborgað eftir vöruflokkum, eftir því, hvað við framleiðum gott kjöt eða lélegt kjöt, og það skiptir okkur miklu máli að við fáum kjötið vel borgað. Reynslan er sú hjá okkur, að það hefur ekki þurft að setja um þetta sérstakar reglur, því að þetta hefur komið af sjálfu sér. Ég er líka sannfærður um, að þegar matið er komið á, þá muni það koma af sjálfu sér, að gerður verði eðlilegur greinarmunur á því, hvort menn fá gott eða lélegt kjöt, þegar þeir kaupa það. Þess vegna er þýðingarlaust að vera að setja þetta inn í l., og ég held fast við það, að þetta eigi þar alls ekki heima.

**Bjarni Benediktsson:** Hv. 2. þm. Skagf. þótti það kynlegt, að ég hefði fallizt á, að mat færi fram. En ég vil halda því fram að mín skoðun sé eðlileg, vegna þess að mat á þessu stigi er að vissu leyti blekkjandi gagnvart neytendum. Ef það á að tryggja, að neytendur fái góða vöru, verður að tryggja það, að fram færi rækileg skoðun eða mat á kjötinu, áður en sala á sér stað, og það er alveg blekkjandi gagnvart neytendum, ef það á að halda því fram, að skoðun á kjötinu, sem hefur farið fram löngu áður, sé trygging fyrir því, að þeir fái góða vöru. Ég skal játa, að þetta mál er ekki einfalt til úrlausnar, og þess vegna hefði verið eðlilegt, eins og lagt var til í Ed., að þetta mál væri heldur athugað af ríkisstj., áður en það var lagt fram. En mín afstaða markast af því, að sú skoðun, sem hér fer fram á kjötinu, er ófullnægjandi til þess að tryggja það, að neytendur fái sæmilega vöru. En hins vegar játa ég, að það er nokkuð til í því, að það sé nauðsynlegt að skoða kjötið, um leið og það kemur frá framleiðendum. Því orðaði ég það svo, að ég gæti fallizt á þetta. En þetta er ekki fullnægjandi og beinlínis blekkjandi og til þess að halda frá vöruvöndun, ef ekki á jafnframt að tryggja það, að þetta komi fram í verði kjötsins. Ef það hefur ekki vakað annað fyrir hv. þm. N.-M. en það, sem hv. 2. þm. Skagf. sagði, þá er því einnig náð með okkar till., vegna þess, að ef gerður er verðmunur til neytenda, hlýtur einnig að koma fram verðmunur til framleiðenda. Ég skal ekki fjölyrða um þetta frekar. Mér skilst, að skriflega hafi ekki annað komið fram en það, að þetta færi betur í öðrum l., og tel ég það svo veigalitla mótbáru, að ég vil skora á hv. alþm. að skeyta ekki um þá mótbáru.

ATKVGR.

Brtt. 602 samþ. með 20:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BFB, IngJ, IngP, JPálm, JS, JörB, PZ, PÞ, SEH, SÞ, SkG, SvbH, GÞ, ÁkJ, ÁÁ, BSt, BÁ, EystJ, GSv.
nei: GJ, GÍG, HG, JakM, LJóh, LJós, MJ, SigfS, SG, SK, STh, StJSt, StgrA, BBen, BrB, EOl, EmJ, FJ.
GTh, SB, BG, EE greiddu ekki atkv.
10 þm. (GG, HermJ, JJós, JJ, KA, ÓTh, PHerm, PM, PO, ÞG) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 25:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JPálm, JS, JörB, PZ, PÞ, SEH, SÞ, SkG, StJSt, StgrA, SvbH, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, EystJ, GÞ, GÍG, GTh, BFB, IngJ, IngP, JakM, GSv.
nei: LJóh, MJ, BBen, EOl, GJ.
LJós, SigfS, SK, STh, ÁkJ, BrB, EE, EmJ, FJ, HG greiddu ekki atkv.
12 þm. (JJ, KA, ÓTh, PHerm, PM, PO, SB, SG, ÞG, GG, HermJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 603).

——o——

## 15. Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna.

Á 30. fundi í Ed., 7. okt, var útbýtt:
**Frv. til l. um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna** (stjfrv., A. 148).
Á 32. fundi í Ed., 11. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Forsrh. (Björn Þórðarson):** Herra forseti. Þetta frv. hefur Tryggingastofnun ríkisins samið að tilhlutun landlæknis.

Þessi stétt kvenna er nokkuð ný, en vaxandi og í þjónustu hins opinbera. — Fyrir nokkru var settur á stofn lífeyrissjóður ljósmæðra. Hefur Tryggingastofnun ríkisins látið í ljós, að nauðsynlegt sé, að þessi sjóður verði byggður á nokkuð öðrum fjárhagsgrundvelli en lífeyrissjóður annarra starfsmanna ríkisins.

Þeim, sem eru kunnugastir þessum málum, er mikið áhugamál, að frv. þetta ná fram að ganga nú á þessu þingi. — Stjórn hjúkrunarkvennafélagsins hefur fallizt á frv.

Ef hjúkrunarkonur hafa ekki að neinu sérstöku að hverfa, þegar þær fara að missa starfsþrótt sökum aldurs, er líklegt, að þær reyni að standa í starfinu, meðan nokkur kostur er. Þess vegna er mikil ástæða til, að konum, sem eru í þessari mikilsverðu stétt, verði gert kleift að hætta störfum, þegar líklegt þykir, að þær geti ekki staðið örugglega í starfi sínu og að þær hafi þá tryggingu fyrir því, að þeim sé borgið eftir það.

Óska ég, að frv. verði að umr. lokinni vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 50. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 148, n. 420).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til athugunar á mörgum fundum og fallizt á þau rök, er þar koma fram, að heppilegra sé að hjúkrunarkonur hafi sérstakan lífeyrissjóð. — Ástæður fyrir sérstöðu þessari eru einkum þær, að í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er gert ráð fyrir, að mikið af framlagi sjóðsins renni til eftirlifandi maka. Þessi liður verður lítill hjá hjúkrunarkonum, þar eð flestar láta af störfum, þegar þær giftast.

Þá er gert ráð fyrir, að örorkuhætta sé meiri meðal hjúkrunarkvenna en annarra starfsmanna ríkisins, t. d. vegna smitunar. Enn fremur virðist ekki gerlegt að setja aldurstakmark hjúkrunarkvenna hærra en 60 ár, þar sem aldurstakmark annarra starfsmanna er miðað við 65 ára aldur.

Með tilliti til þessara atriða hefur fjhn. fallizt á, að stofnaður sé sérstakur sjóður fyrir hjúkrunarkonur. Réttur til lífeyris úr sjóðnum er bundinn því, að greitt hafi verið til hans í tíu ár. N. ber fram tvær brtt. við 10. gr. frv. Hin fyrri er um, að í stað „50%“ í 2. málsl. greinarinnar komi: 25%. — Er þetta um lífeyri eftirlifandi barna, og er þessi breyting gerð til samræmis við lífeyrissjóð barnakennara og hinn almenna lífeyrissjóð. Hin síðari er um, að gildistökuákvæði frv. sé breytt, þannig að lögin öðlist gildi hinn 1. júlí í stað 1. jan., eins og lagt er til í frv. Fleiri athugasemdir vildi ég ekki bera fram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 420, samþ. með 10 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
11.—18. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 420,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 53. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 449).

**Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti. Fjhn. hafði hugsað sér að taka fyrir eitt atriði í þessu frv. við 3. umr., sem borið hafði á góma í n. Það var um það, hvort námstími hjúkrunarkvenna skyldi teljast með starfstímanum, þannig að eftir 10 ára starf að námstímanum meðtöldum yrði þeim greiddur lífeyrir svo sem sagt er í 8. gr. En nú stendur svo á, að formaður n. er veikur, og hefur þess vegna ekki verið hægt að ná n. saman. Ég hef þess vegna, ásamt hv. 1. þm. Eyf. (BSt) borið fram till. um þessar breyt., sem borið hefur á góma í n. og ég gat um, sem er á þá leið, að aftan við fyrri málsgr. 7. gr. frv. bætist: „Námstíminn telst með starfstímanum, en meðalárslaun miðast þó aðeins við starfstíma hjúkrunarkonu, eftir að hún hefur lokið námi.“ Vildi ég, að þessi skrifl. brtt. okkar kæmi nú til atkv. Ég held, að ekki sé mikill ágreiningur um þetta í n., og tel líklegt, að n. hefði orðið sammála um brtt. eitthvað á þessa leið, ef hún hefði haft tækifæri til þess að koma saman. N. virtist þetta vera mjög eðlilegt, að

námstíminn sé þarna reiknaður með. Réttur til lífeyris fæst ekki fyrr en eftir 10 ára starfstíma og þá ekki heldur fyrr en nokkuð löngu eftir, að hjúkrunarkonan byrjar á starfinu, ef námstíminn er ekki talinn þar með. Og hjúkrunarkonur standa að þessu leyti verr að vígi en annað starfsfólk hjá ríkinu, en er það svo, að starf hjúkrunarnemans er alveg sams konar og starf hjúkrunarkonunnar eftir að hún hefur lokið námi, og virðist því ekki bein ástæða vera til þess, að námstíminn sé ekki talinn með í þessu efni. — Hins vegar leiðir það af sjálfu sér, að ekki er hægt að reikna meðalárslaun hjúkrunarkvenna á þann hátt að taka námstímann með í þann útreikning, heldur aðeins þann tíma, sem þær starfa, eftir að þær hafa lokið námi, því að meðan hjúkrunarkona er við nám, er ekki hægt að telja, að hún fái kaup.

Ég leyfi mér svo að leggja fram þessa skrifl. brtt. með tilmælum um, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir henni.

**Forseti (StgrA):** Mér hefur borizt hér skrifl. brtt. frá hv. 5. þm. Reykv. (BrB) og hv. 1. þm. Eyf. (BSt), við 7. gr. frv. um, að aftan við fyrrri málsgr þeirrar gr. komi: „Námstíminn telst með starfstímanum, en meðalárslaun miðast þó aðeins við starfstíma hjúkrunarkonu, eftir að hún hefur lokið námi".

Fyrir þessari brtt. þarf tvenns konar afbrigði. Hún er skrifl. og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 489) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 489 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 52. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 490).

Á 53. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 61. fundi í Nd., 10. des, var frv. tekið til 2. umr. (A. 490, n. 611).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Herra forseti. Fjhn. hefur orðið sammála um að mæla með samþ. þessa frv. Málið hefur nú gengið gegnum hv. Ed. og fengið þar einróma fylgi. Við í fjhn. gerum á því tvær smávegis brtt., og fjallar sú fyrri eingöngu um að skýra það, að lífeyrisstyrkur komi ekki til greina við launalækkun, nema hún stafi af örorku, en síðari brtt. er aðeins leiðrétting á máli. Annars held ég, að ekki þurfi að gera öllu ýtarlegri grein fyrir þessu frv., vegna þess að það er gert í nánu samræmi við gildandi lög um lífeyrissjóð ljósmæðra. Eini mismunurinn er sá, að fétt til lífeyris hefur sérhver hjúkrunarkona, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur samkv. þessu frv., en samkv. l. um lífeyrissjóð ljósmæðra er miðað við 5 ár. Fjhn. taldi rétt að setja þessar reglur í þetta frv. í samræmi við það, sem upp er tekið í öðrum tveim frv., sem sé um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og lífeyrissjóð barnakennara. Þá var það og upplýst, að n. sú, er starfar nú stjórnskipuð til þess að endurskoða alla löggjöfina um tryggingar ríkisins, mun taka þetta mál til athugunar eins og önnur, og hygg ég, að hún muni síðar gera till. varðandi lífeyrissjóð ljósmæðra, að hann fari yfir á 10 ára regluna.

Eins og áður er sagt, álít ég, að ekki sé þörf á að gera frekari grein fyrir þessu máli, þar sem þetta er gert í samræmi við áðurgreind l. um lífeyrissjóð ljósmæðra, og er frv. samið af einum aðal_tryggingasérfræðingi landsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—8. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 611,1 samþ. með 19 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 19. shlj. atkv.

10.—14. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 611,2 samþ. án atkvgr.

15. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

16.—19. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

---

Á 62. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 628).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 64. fundi í Ed., 11. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 65. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 15. des., var frv. aftur tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 663).

—o—

## 16. Lántaka fyrir ríkissjóð.

Á 36. fundi í Nd., 22. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um heimild til lántöku fyrir ríkissjóð** (stjfrv., A. 232).

Á 37. og 38. fundi í Nd., 25. og 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 28. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Ríkisstj. telur sjálfsagt, að skuldir ríkisins erlendis verði greiddar svo fljótt sem kostur er á. Það eru samtals 25 milljónir króna, sem ríkissjóður á sjálfur að bera, en þar fyrir utan eru skuldir, sem hann stendur óbeinlínis undir. Af þessu eru 12 milljónir í Englandi og 9½ í Danmörku. Tvö af þessum lánum, samtals 8 milljónir, er hægt að greiða að fullu á næstu árum. Annað lánið, 3,3 milljónir, má greiða upp á næsta ári, en hitt 1945, að upphæð 8,3 milljónir. Þessi lán má því greiða á tveim næstu árum. Önnur lán eru sum óuppsegjanleg, og flyt ég ekki till. um þau að svo stöddu. Í 2. grein. frv. er farið fram á heimild, sem ríkisstj. telur nauðsynlegt að hafa, ef á þarf að halda. Vænti ég þess, að málinu verði flýtt sem auðið er og vísað til 2. umr. og fjhn.

**Einar Olgeirsson:** Ég álít, að ýmislegt þurfi að athuga í sambandi við þetta mál.

Í fyrsta lagi er það spursmál, hvort hentugt er fyrir þjóðina að greiða upp þær skuldir, sem hún á nú rétt til að greiða. Út frá venjulegu sjónarmiði virðist þetta sjálfsagt, og eðlilega vill þjóðin vera skuldlaus, en um það er gott eitt að segja. En það, sem ég tel rétt að athuga, er hvað verður um innstæður okkar erlendis. Er trygging fyrir því, að við fáum þær greiddar? Eða í öðru lagi, getum við ekki búist við verðgildisbreytingum á þeirri mynt, sem við eigum mest fé í? Hugsum okkur t. d., að Bretar lækkuðu pundið, sem geti verið heppileg ráðstöfun til að grynna á stríðsskuldum. Annað eins hefur skeð undir svipuðum kringumstæðum. Ef þetta ætti sér stað, þá væri það beint tap fyrir okkur að lúka þessar skuldir nú. Hins vegar er mjög ósennilegt, að pundið hækki. Þess vegna tel ég óráðlegt að keppast við að greiða þessar skuldir nú, meðan við eigum 400 milljónir inni í erlendum bönkum. Ég skil afstöðu ríkisstj. í þessu máli. Hún hugsar fyrst og fremst um að létta skuldum af ríkissjóði. En hitt er annað mál, hvort Alþingi fellst á, að þessi leið verði farin.

Þá er hitt atriðið, að heimila ríkisstj. 10 milljón króna lántöku. — Við verðum að gera okkur ljóst, að lántökum innan lands hljóti að vera takmörk sett, og jafnframt ber að líta á það, hvernig sú fjármálapólitík muni reynast að tefja nauðsynlegar framkvæmdir til þess að greiða þessar skuldir. Ég álít, að okkur bæri fyrst og fremst að nota lánstraust og fjármagn til þess að auka framleiðslutæki þjóðarinnar, og væri vel, ef ríkisstj. verði því til að endurbyggja og bæta fiskiflotann, fremur en greiða gamlar skuldir. Ég tel mjög varhugavert að fara inn á þessa braut. Ég tel þetta lán vafasamt að öllu leyti, meðal annars eru þeir vextir, sem hér er gert ráð fyrir, mikils til of háir. Ég vildi drepa á þetta nú strax við 1. umr. án þess þó að tefja fyrir frv., og vona ég, að n. athugi þetta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn með. með 20 shlj. atkv.

---

Á 52. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 232, n. 475).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

**Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar nokkuð lengi og að lokum orðið sammála um að mæla með þeirri breyt., að 2. gr. falli niður, en hún er þess efnis, að ríkisstj. skuli heimilt að gera ríkisskuldabréfin skattfrjáls, ef vextir af þeim eru lægri en 3%. N. er sammála um, að þessi undantekning mundi skapa öngþveiti, og sér ekki ástæðu til að beita slíkum aðferðum. Þessi breyt. er gerð í samráði við hæstv. fjmrh.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 475 (2. gr. falli niður) samþ. með 21 shlj. atkv.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 53. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 55. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar (A. 498).

Á 57. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Ég kann ekki við annað en fylgja þessu frv. úr hlaði hér í hv. d. með nokkrum orðum. Annars býst ég við, að hv. þdm. sé kunnugt um efni frv. og hver rök liggja til grundvallar fyrir flutningi þess. Það er flutt í því skyni, að hægt verði að greiða nokkur erlend lán, sem falla í gjalddaga á næstu tveimur árum. Ríkisstj. telur rétt að færa þessi lán inn í landið, ef þess er nokkur kostur, og ég hygg, að eins og nú horfir við um fjárráð hér á landi, þá ættu ekki að vera erfiðleikar á öflun nægilegs lánsfjár hérlendis.

Frv. þetta var til athugunar í fjhn. Nd. og hlaut þar einróma meðmæli um, að það mætti ná fram að ganga, og vænti ég, að svo verði einnig hér í þessari hv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 66. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 498, n. 653).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm.** (**Bernharð Stefánsson**): Þetta frv. er komið frá Nd., og er efni þess að heimila ríkisstj. að taka innanlandslán, allt að 10 millj. kr., til greiðslu á erlendum skuldum ríkissjóðs. Fjhn. þessarar d. hefur athugað frv. og mælir einróma með, að það verði samþ., enda mætti það undarlegt heita, ef ísl. ríkið reyndi ekki að nota sér ástandið, sem nú er, til að breyta erlendum lánum í innlend eða a. m. k. greiða upp þau erlendu lán, sem eru með það háum vöxtum, að hægt er að fá innlend lán ódýrari. Í gærkvöld var getið hér um innistæður í bönkum og sparisjóðum í landinu, og samkv. því, sem þá kom fram, virðist vera nægilega mikið fé fyrir hendi innan lands til lána fyrir ríkissjóð og meira en það, jafnvel þó að sum bæjarfél. séu líka að bjóða út lán. Ég held, að það væri hæglega hægt að selja öll þau skuldabréf, sem til kæmi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 67. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 674).

—o—

## 17. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins.

Á 10. fundi í Sþ., 3. sept., var útbýtt frá Ed.:
**Frv. til l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins** (stjfrv., A. 30).
Á 9. fundi í Ed., 6. sept., var frv. tekið til 1. umr.

**Forsrh.** (**Björn Þórðarson**): Herra forseti. Ég stend hér upp vegna þess, að hæstv. fjmrh. er bundinn við umr. í Nd. Frv. þetta var lagt fyrir síðasta þ. að því áliðnu og var vísað til hv. fjhn., en n. vannst ekki tími til að skila áliti. Í frv., eins og það liggur nú fyrir, er vísað til athugasemdar, sem fylgdi frv., eins og það var, er það var lagt fram á síðasta þ., og vil ég nú stytta mál mitt með því að vísa til hennar.

Ríkisstj. þótti einsætt að taka frv. upp aftur og leggja það fyrir þetta þ. Frv. er fjárhagsmál allmikið, og er að sjálfsögðu bezt að skoða það í sambandi við væntanlegt launafrv., þegar að því kemur.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta mál fleiri orð, en leyfi mér að óska þess, að því verði að umr. lokinni vísað til hv. fjhn. eins og áður.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 39. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 30, n. 225).

**Frsm.** (**Haraldur Guðmundsson**): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er samið skv. þál., sem samþ. var í sameinuðu Alþingi 1942. Að því unnu þeir Guðmundur Kr. Guðmundsson tryggingafræðingur og Ólafur Lárusson prófessor. Það segir sig sjálft, að lög, sem orðin eru um 20 ára gömul, muni þurfa umbóta við. Þau eru ekki vonum fyrr endurskoðuð, þegar þess er gætt, hve fjárhagsaðstaðan í landinu hefur breytzt á þessum tíma, og eru þau því að vonum mjög langt frá því að ná því marki, sem þeim er ætlað.

Eftirlaun og líftryggingar hafa breytzt verulega, síðan lögin voru sett, og ýmsar stofnanir hafa komið á fót lífeyrissjóðum. Mun ég nú víkja að einstökum breytingum.

Gert er ráð fyrir, að starfsvið sjóðsins víkki svo, að það nái til allra starfsmanna ríkisins, hvort sem þeir taka laun eftir launal. eða eru ráðnir á annan hátt. Með því á að tryggja, að þeir, sem eru ekki ráðnir skv. launal., fái sama rétt. Afkoma þeirra er óvissari, og er því eðlilegt að setja þetta ákvæði í lögin. Auk þess er gert ráð fyrir, að starfsmenn bæjar- og sveitarfélaga og opinberra stofnana og aðrir, sem vinna í almennings þágu, öðlist rétt til að gerast sjóðfélagar. Um þessa menn er svipað að segja og aðra, sem fá laun beint úr ríkissjóði, og þykir því rétt, að þeir sæti sömu kjörum og aðrir starfsmenn ríkisins. Hér má nefna stofnanir eins og t. d. héraðsskólana, sem þó eru að mestu leyti bornir uppi af ríkissjóði.

Þriðja brtt. skiptir einna mestu máli, en hún gerir ráð fyrir, að iðgjaldagreiðslan skiptist, komi einnig frá ríkissjóði og bæjar- eða sveitarfélagi. Til þessa hafa launþegar greitt þau öll, nú á að skipta þeim þannig.

Ég gat þess í upphafi máls míns, að nokkur einkafyrirtæki hefðu komið upp lífeyrissjóðum fyrir starfsmenn sína. Þar er iðgjaldagreiðslan borin uppi að hálfu af hvorum aðila. Reykjavíkurbær fylgir nokkuð öðrum reglum í þessu efni, því að bæjarsjóður greiðir iðgjöldin. En Reykjavíkurbær er einn um þessa aðferð, að því er ég bezt veit. Skv. útreikningi þeirra, sem sömdu frv. þetta, er talið hæfilegt að greiða 8 af hundraði í iðgjöld. Gert er ráð fyrir, að launþegi og launagreiðandi greiði sinn helminginn hvor, og greiði laungreiðandinn ekki 4, heldur 6 af hundraði til sjóðsins.

Ef rannsókn á hag sjóðsins þykir leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur hans sé eigi tryggur, skal tryggingasérfræðingur sá, er rannsóknina framkvæmir, gera tillögur um viðreisn hans. Hins vegar mætti lækka iðgjöldin, er fram líða stundir, ef hagur sjóðsins teldist geta staðizt það. En sjóðsstjórnin má ekki lækka iðgjöldin meira en nemur því, sem tryggingafræðingur hefur talið fært og lagt til.

En nú gæti svo farið, að talið yrði, að lífeyrissjóður ætti ekki fyrir skuldum:

Stofnféð minna en þyrfti til að mæta skuldum.

Greiðslur úr sjóðnum. Það er hagnaður hans, ef maður hættir að vera sjóðfélagi án þess að

fá greiðslu úr honum. Má gera ráð fyrir, að ákvæði þar að lútandi verði ekki fellt burt.

Það er mjög mikilsvert, að launagreiðslan er miðuð við alla upphæð launanna, en ekki grunnlaun. Þó ber ekki að greiða af lægri launum en kr. 5000.00. Það er óhjákvæmilegt að miða við launaupphæðina alla, eins og launin hafa verið nú um tíma, en ekki grunnlaun.

Réttur til lífeyris úr sjóðnum er miðaður við, að sjóðfélagi hafi greitt iðgjöld í 10 ár eða lengur og sé annaðhvort fullra 65 ára eða samanlagður aldur hans og þjónustutími sé 95 ár. Það er eðlilegt að miða upphæð þá, sem hlutaðeigandi sjóðfélagi fær greidda, við meðallaun hans síðustu 10 starfsár hans, áður en hann lætur af starfi. Sé gert ráð fyrir, að með því að miða við heildarlaun síðustu 10 ára, komist launþegi í hæsta launaflokk, vegur það upp á móti þeirri hundraðshlutalækkun, sem ráð er fyrir gert.

Í gildandi lögum eru ákvæði um rétt til lífeyris. Það er hér gert ráð fyrir, að hver sjóðfélagi, sem vegna örorku verður ófær til að gegna starfi sínu eða missir hluta af launum sínum vegna hennar, fái örorkulífeyri. Hér er átt við heilsubilun eða slík tilfelli, þegar maður af eðlilegum ástæðum vegna hrörnunar verður ófær til starfs. Ef hægt er að rekja orsök örorkunnar til starfs þess, sem öryrkinn hefur haft með höndum, fær hann fullan lífeyri, eins og hann mundi hafa fengið, ef hann hefði getað gegnt starfi til 65 ára aldurs. Ef þrítugur maður t. d. læknir, verður öryrki, fær hann þegar þennan rétt, enda sé litið svo á, að örorkan hafi hlotizt af eða sé bein afleiðing af starfi mannsins.

Lífeyrir ekkju og barns (eða barna) látins sjóðfélaga miðast við starfstíma hins látna og meðallaun síðustu 10 starfsár hans. Að því er snertir lífeyri barns, er gert ráð fyrir, að miðað sé við framfærslukostnað í Reykjavík að viðbættum 25%. Framfærslukostnaðurinn er kr. 1600.00 og kr. 1700.00, og yrði hann þá um kr. 2000.00. Niðurstaða n., sem hafði frv. þetta til athugunar, var sú um þetta atriði, að í stað „50%“ í 2. málsgr. 15. gr. komi: 25%. Yrði þá lífeyrir barns innan 16 ára aldurs kr. 2100.00. Sé um algerlega munaðarlaust barn að ræða, þykir framfærslukostnaður þess hæfilega ákveðinn kr. 3400.00, og hygg ég, að óþarfi sé fyrir deildarmenn að láta þetta vaxa sér í augum. Með þessu er aðeins sómasamlega séð fyrir barninu, og er þó ekki gert ráð fyrir eignum ekkjunnar.

Meir hlutinn af greiðslum úr sjóðnum er til manna, sem láta af embætti fyrir aldurs sakir, og má gera ráð fyrir, að uppbót á ellitryggingunа nemi miklu.

Lagt er til í frv., að sérstök stjórn verði sett yfir sjóðinn og hefur fjhn. talið rétt að mæla með því.

Enn fremur er gert ráð fyrir, að rétt sé, að l. komi til framkvæmda strax eftir gildistöku þeirra.

Nefndin telur frv. vel samið og þurfi ekki breytinga, og skal ég víkja að þessu, þegar ég hef gert grein fyrir fjárhagshlið málsins.

Samkv. áætlun þeirri, sem frv. fylgir, er gert ráð fyrir því, að framlag ríkissjóðs og annarra launagreiðenda til sjóðsins muni nema á ári, miðað við vísitöluna 250, eitthvað nálægt 924 þús. kr. Mestan hluta þessa fjár mundi ríkissjóður greiða og þær stofnanir, sem þetta fólk vinnur hjá, sem eru ríkisstofnanirnar. Þó mundu að óbreyttum l. að öðru leyti bæjar- og sveitarfélög greiða verulegan hluta, þ. e. a. s. þann hluta, sem miðast við það, sem þau greiða nú af starfslaunum þessa fólks t. d. kennara. Þegar hins vegar búið er að jafna þann halla, sem sjóðurinn fær af því að taka nú þegar á sig skuldbindingar til þess að greiða núverandi sjóðfélögum samkv. ákvæðum þessa frv., ef að l. verður, þá má gera ráð fyrir, að hluti ríkissjóðs til þessara greiðslna muni geta lækkað niður í það sama og launþegum er ætlað að greiða, þ. e. 4%. Að öðru óbreyttu ætti þessi hluti að geta lækkað þannig um h. u. b. þriðjung.

Ég get látið mér detta í hug, að sumum þyki þessi upphæð nokkuð há. En ég skal í því sambandi benda á til athugunar, að meginhlutinn af greiðslum 18. gr. er ætlazt til, að geti fallið niður, þegar starfsmenn ríkisins njóta þeirra eftirlaunakjara, sem frv. gerir ráð fyrir.

Vegna þess, hve ófullnægjandi l. um lífeyrissjóð barnakennara og l. um lífeyrissjóð embættismanna nú eru, hefur það reynzt nauðsynlegt að ákveða, að ríkissjóður skyldi greiða uppbætur á lífeyri úr þessum sjóðum, sem nema 30% af lífeyrisupphæðinni, og síðan verðlagsuppbót, eins og á laun. Þessar uppbætur nema nú eitthvað nálægt 200 þús. kr. á ári, miðað við þá, sem nú taka lífeyri úr lífeyrissjóðum barnakennara og embættismanna. Með því að samþ. frv. þetta, eins og það liggur hér fyrir, má gera ráð fyrir, að til slíkrar viðbótar við lífeyrinn eigi ekki að þurfa að koma. Þessar 924 þús. kr. eru ekki aðeins lífeyrisgreiðslur vegna þessa frv. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, heldur og vegna frv. um lífeyrissjóð barnakennara.

Ég skal þá víkja örfáum orðum að brtt. n. 1. tölul. er um, að bætt verði aftan við 8. gr. nýrri málsgr. um, að ráðh. geti kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð og þar á meðal um lánveitingar til íbúðarhúsabyggingu fyrir meðlimi sjóðsins. Um allmörg ár hefur lífeyrissjóður barnakennara lánað fé með sérstökum kjörum til bygginga íbúðarhúsa barnakennara. Ég hef einnig orðið var við, að óskir hafa komið fram um það, að lífeyrissjóður embættismanna greiddi fyrir byggingu íbúðarhúsa fyrir sjóðfélagana. N. álítur rétt að bæta þessu ákvæði við 8. gr. frv. Enn fremur mætti setja í reglugerð ákvæði um það, hve langur lánstíminn mætti vera.

Þá leggur n. til, að aftan við 14. gr. frv. bætist nýr málsl., eins og þar hermir. En 14. gr. frv. gerir ráð fyrir, að þegar ekkja, sem nýtur lífeyris, giftist öðru sinni, falli niður réttur hennar til lífeyris, en ef hún svo missir mann sinn eða því hjónabandi er slitið, skuli hún aftur öðlast rétt til lífeyrisins. En hins vegar getur konan gifzt enn á ný og sá maður hennar sé þá sjóðfélagi í lífeyrissjóðnum. Þess vegna er lagt til með þessum 2. tölul. brtt. n., að aftan við 8. gr. frv. bætist: „enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum.“

Þá leggur n. til, að 15. gr. frv. verði breytt þannig, að í stað 50%, sem ætlazt er til, að greitt verði ofan á upphæð meðalmeðgjafar í Reykjavík, ef foreldri eða kjörforeldri barns er á lífi, komi 25%. Er þetta til samræmis við slíkar greiðslur almennt. Hins vegar er gert ráð fyrir, að ákvæði 15. gr. frv. verði óbreytt viðkomandi álaginu, sem greiða skal ofan á meðalmeðlag, ef barn er munaðarlaust.

Þá telur n. einnig rétt, að við síðustu gr. frv. bætist ákvæði um, að eldri lög um þetta efni falli niður.

Skal ég svo láta útrætt um frv. að sinni. N. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem hér er lagt til, að gerðar verði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14. shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 225,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 14. shlj. atkv.
9.—13. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 225,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 225,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
15.gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
16.—20. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 225,4 samþ. með 14 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 42. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 248).

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Mér hefur verið bent á, að orðalag í síðustu málsgr. 14. gr. frv. geti ef til vill orkað tvímælis í framkvæmd, en þar segir svo: „Réttur til lífeyris samkvæmt þessari gr. fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum". Ég hygg, að það sé skoðun n. allrar, að ekkjan eigi þess völ að kjósa um, hvort hún vill heldur njóta lífeyris samkv. fyrra eða síðara hjónabandinu, en hún geti hins vegar aldrei notið hvors tveggja í einu.

**Bjarni Benediktsson:** Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir þá velvild, sem hann sýndi með því að fresta þessu máli, þegar það var tekið til 3. umr., eins og ég bað hann um, vegna þess að fram þurfti að fara athugun á frv. í því skyni að ganga úr skugga um, hvort lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurbæjar gæti runnið inn í sjóðinn. Nú hefur mér skilizt, að ef starfsmenn Reykjavíkurbæjar eigi ekki að missa töluverðs í, þurfi að gera verulega breyt. á þessu frv. Það má segja, að þetta mundi verða óhagstæðara að sumu leyti en núverandi skipun þessara mála, en að sumu leyti aftur hagstæðara. Það hefur nú ekki verið talið fært að umbylta grundvelli frv. með því að bera fram brtt. En það er ljóst, að ef úr því á að verða, að starfsmenn bæjarfélagsins gangi inn í sjóðinn, þarf allvíðtæka samninga við sjóðsstj. og starfsmennina sjálfa. Heppilegast mun væntanlega vera að bíða, þangað til frv. sjálft er komið í gildi, og væri þá hægt síðar að bera fram sérbrtt. heldur en breyta frv., eins og nú háttar til. Ég hef því horfið frá því ráði að bera fram brtt. að þessu sinni, en vænti þess, að síðar megi takast samkomulag um þessa sameiningu sjóðanna.

Ég vil benda á það, að fyrirsögn frv. er villandi, þar sem talað er um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en það skiptir raunar ekki neinu máli í þessu sambandi. Hins vegar ætla ég að leyfa mér að bera fram tvær brtt. við þessi tvö frv., sem hér liggja fyrir. Sú fyrri er við frv. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, að við 8. gr. bætist, á eftir orðinu „ríkisábyrgð", orðin „skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga". Síðari brtt. er við frv. um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra, að sams konar breyt. verði gerð á 6. gr. þess frv. Í till. felst, að fé þessara sjóða skuli einnig mega varðveita í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, jafnvel þó að þau hafi ekki ríkisábyrgð. Þetta ætti ekki að saka, því að sjóðsstjórnin hefur í hendi sér, hvort hún lánar út fé gegn slíkum skuldabréfum, ef hún telur þau ekki nægilega trygg. Nú er það svo, að bæjar- og sveitarfélög leggja fé til þessara sjóða, til dæmis fara þangað verulegar upphæðir frá Reykjavík, og sýnist þá ekki nema sanngjarnt, að sjóðirnir megi ávaxtast á þeirra skuldabréfum.

Ég vil biðja hæstv. forseta að taka við þessum skrifl. brtt. mínum og mælast til þess við hv. d., að hún samþ. þær.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 301) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 301 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 25. fundi í Sþ., 2. nóv., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 302).

Á 42. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 302, n. 596 og 620).

**Frsm. meiri hl. (Jakob Möller):** Herra forseti. Fjhn. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls, en ágreiningurinn er þannig vaxinn, að hann snertir ekki efni málsins. Um það er enginn ágreiningur. N. er sammála um, að rétt sé að lögfesta frv. og næsta frv. á dagskránni, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra. Ég þarf því ekki að hafa langa framsögu, enda er málið kunnugt þm., þar sem það hefur legið fyrir tveimur þingum. Því fylgdi upphaflega ýtarleg grg. frá mþn., sem undirbjó það, og frv. með þeirri grg. lá fyrir á síðasta reglulega þ.

Breyt. sú, sem felst í frv. á gildandi l., er allverulег. Í stað þess að lífeyrissjóður var áður aðeins fyrir starfsmenn ríkisins í þrengri merkingu, þ. e. þá, sem laun taka eftir launal., er nú svo til ætlazt, að aðgang að lífeyrissjóði geti átt allir starfsmenn í þjónustu ríkisins. Starfsvið sjóðsins er þar með víkkað mjög mikið og gert ráð fyrir, að aðgang að honum geti átt starfsmenn bæjar- og sveitarfél. og sjálfseignarstofnana í þágu almennings, héraðsskólakennarar o. fl., og svo er gert ráð fyrir þeirri breyt., að ríkissjóður greiði fyrst um sinn nokkru meira en til var tekið í fyrra frv., helming iðgjalda, því að nokkuð brestur á, að stofnsjóðirnir nægi til að öruggt sé, að sjóðurinn standi undir öllum skuldbindingum sínum. Í stað þess að iðgjöld séu greidd af grunnlaunaupphæð og ekki hærri en 5000 kr., gerir þetta frv. ráð fyrir, að borguð séu iðgjöld af grunnlaunaupphæð á hverjum tíma að viðlagðri verðlagsuppbót. Hámark lífeyris er 60% af meðallagslaunum síðustu 10 starfsára með uppbót, en var áður 75% af hámarksgrunnlaunum án uppbótar. Gert er ráð fyrir örorku og að lífeyrir ekkna og barna geti farið hækkandi.

Í grg., sem frv. fylgdi frá n., var því nokkuð lýst, hvaða kostnað mundi leiða af þessu fyrir ríkissjóð, og var gert ráð fyrir, að í ríkissjóðs hlut kæmi að greiða 6% af 6 millj. eða 369 þús. kr. á ári að grunnlaunum til, en miðað við vísitölu 250 tæpa 1 millj. Mér skilst, að minni hl. geri ráð fyrir allmiklu hærri upphæð, eða allt að 2 millj., með það fyrir augum, að með séu taldar þær stofnanir, sem veittur er aðgangur að sjóðnum, auk fastra embættismanna. En ég hygg ekki, að iðgjaldagreiðslur ríkisstofnana, þó að allt sé með talið, yrðu svo miklar. Í undirbúningi hefur verið samning nýrra launal. og í því sambandi er talið, að núverandi grunnlaun allra starfsmanna ríkisstofnana nemi ekki 10 millj. eða með vísitölu 250 tæpum 25 millj., og er þá greitt af hálfu ríkissjóðs og stofnananna 1½ millj.

Þess ber að gæta, að samkv. núverandi fyrirkomulagi greiðir ríkissjóður töluvert til þessara hluta, því að eins og er, mun ríkissjóður greiða verðlagsuppbót á allan lífeyri, sem greiddur er, auk þess sem ríkissjóður greiðir eftirlaun ýmsum starfsmönnum við stofnanir á vegum ríkisins, sem hafa ekki haft aðgang að lífeyrissjóði, svo að það er fjarri því, að hér sé um ný útgjöld að ræða. Auk þess er það svo, að ef það kemur í ljós, að iðgjaldagreiðslur eru meiri en nauðsyn krefur til að tryggja sjóðinn, skulu iðgjöld, sem ríkisstofnanir greiða, lækkuð á undan greiðslum starfsmanna.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa lengri framsögn. Þm. þekkja málið, ágreiningur er raunverulega enginn í n., og Ed. afgreiddi málið ágreiningslaust. En þegar hv. minni hl. hefur gert grein fyrir till. sínum, mun ég víkja að þeim.

**Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Ásamt hv. þm. A.-Húnv. hef ég skilað sérstöku áliti á þskj. 620. Það er rétt hjá hv. frsm. meiri hl., að það er ekki ágreiningur um það í fjhn., að rétt sé að gera lífeyristryggingar opinberra starfsmanna fullkomnari en þær eru nú, en að því er stefnt með þessu frv. N. er sammála um þörfina á því. Það hefur komið í ljós undanfarin ár, að lífeyrir, sem starfsmenn fengu eftir l. frá 1921, hefur verið í mörgum tilfellum ófullnægjandi, og Alþ. hefur orðið að ákveða þessum starfsmönnum viðbótarlífeyri, til þess að þeir gætu komizt sómasamlega af.

Fjhn. er á einu máli um, að það sé eðlilegt, að allir starfsmenn ríkis og ríkisstofnana séu tryggðir hjá þessum sjóði. Ágreiningurinn í n. var um það, hver ætti að vera afstaða þessara manna, sem fá slíka sértryggingu, til Lífeyrissjóðs Íslands, sem er stofnaður með alþýðutryggingal. Í þeim l., frá 1937, er ákveðið, að þeir, sem tryggðir eru hjá lífeyrissjóði embættismanna og lífeyrissjóði barnakennara, skuli vera undanþegnir tryggingaskyldu hjá Lífeyrissjóði Íslands. Þetta ákvæði er enn í l. En eftir að alþýðutryggingal. voru sett, hafa þessi undanþáguákvæði verið gerð víðtækari. Ári síðar en l. voru sett voru gerðar þær breyt., að starfsmenn tveggja banka, Landsbankans og Útvegsbankans, skyldu líka vera lausir við tryggingarskyldu hjá Lífeyrissjóði Íslands. Þessir tveir bankar hafa stofnað sérstakan eftirlaunasjóð fyrir sína starfsmenn, og greiða bankarnir nokkurn hluta iðgjaldanna, eins og hér er ætlazt til, að ríkið geri. Nú eru fleiri stofnanir, sem eins og bankarnir hafa stofnað eftirlaunasjóði fyrir sitt starfsfólk, t. d. Eimskipafél. Ísl., Samband ísl. samvinnufél., Kaupfélag Eyfirðinga á Akureyri, og ég geri ráð fyrir, að það séu fleiri fyrirtæki en þessi, sem nú hafa stofnað sérstaka eftirlaunasjóði fyrir sitt starfsfólk. En starfsfólkið við þessar stofnanir býr ekki við sömu kjör og starfsmenn bankanna, hvað snertir iðgjaldagreiðslur, að hafa undanþágu frá iðgjaldagreiðslum til Lífeyrissjóðs Íslands. Starfsmenn þessara stofnana verða að greiða full iðgjöld til Lífeyirissjóðs Íslands, þó að þeir séu í þessum sérstöku lífeyrissjóðum jafnframt. Það stendur alveg eins á um þessa menn og starfsmenn bankanna, en þeir eiga við önnur kjör að búa, að því er snertir viðskiptin við Lífeyrissjóð Íslands. Þarna er um að ræða misrétti, sem óhjákvæmilegt er að lagfæra. Það er vitanlega ekki hægt fyrir Alþ. að láta það vera svo áfram, að starfsmenn við eina stofnun, sem mynda sérstakan lífeyrissjóð, séu með öllu undanþegnir skyldum við hinn almenna lífeyrissjóð, en starfsmenn við aðrar stofnanir séu tryggingarskyldir hjá honum.

Nú er það að vísu svo, að starfsmenn, sem hafa sértryggingasjóði, eiga samkvæmt alþýðutryggingal. að fá endurgreiðslu á iðgjöldum frá Lífeyrissjóði Íslands, ef þessir sjóðir eru viðurkenndir, en þeir fá aðeins endurgreitt sem svarar meðaliðgjöldum lífeyrissjóðsins, en það mun venjulega minna en það, sem þessir sömu menn hafa orðið að greiða í iðgjöld til almenna sjóðsins, þannig að margir starfsmenn þessara stofnana verða að greiða allverulega upphæð til hins almenna lífeyrissjóðs auk þess, sem þeir greiða iðgjöld til sértryggingasjóðsins.

Það ætti öllum að vera ljóst, að hér er ekki

nema um tvær leiðir að ræða. Annaðhvort verður að undanþiggja alla þá, sem tryggðir eru hjá sérstökum lífeyrissjóðum, greiðslum til hins almenna lífeyrissjóðs eða þá, að allir meðlimir í sértryggingasjóðum verða að greiða iðgjöld til almenna sjóðsins eftir nákvæmlega sömu reglum. Það er ekki nema þetta tvennt til. Hitt getur alls ekki staðizt, að sumir þeir starfsmenn einstakra stofnana, sem hafa sértryggingasjóði, verði að greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs Íslands, en aðrir, sem eins stendur á um, séu að fullu lausir við það.

Er þá næst að athuga það, hvora leiðina muni heppilegra að fara. Ef sú leiðin verður valin, að veita öllum þeim, sem hafa tryggingu hjá sérstökum lífeyrissjóðum, undanþágu frá tryggingaskyldu og iðgjaldagreiðslum til hins almenna lífeyrissjóðs, þá má búast við því, að svo fari, áður en langt líður, að tekjur almenna lífeyrissjóðsins lækki mjög verulega, þar sem búast má við því, að sérsjóðum þeim, sem einstakar stofnanir eða félög setja upp, fari fjölgandi á næstu árum. Það má enn fremur búast við því, að það verði yfirleitt þeir menn í þjóðfélaginu, sem betur eru staddir fjárhagslega og hafa öruggari tekjur, sem mynda þessa sérstöku lífeyrissjóði. Og ef allir þeir menn, sem mynda slíka sérsjóði, verða framvegis lausir við gjaldskyldu til almenna lífeyrissjóðsins, þá er hætt við því, eins og áður segir, að svo fari, áður en langt líður, að tekjur almenna lífeyrissjóðsins lækki verulega, og gæti þá svo farið, að í hinum almenna lífeyrissjóði væru eingöngu fátækari hluti þjóðarinnar, þeir, sem minnst geta lagt af mörkum til ellitryggingarinnar, en hafa jafnframt mesta þörf fyrir lífeyri á gamals aldri. Ég tel því þessa leið mjög varhugaverða, því að sú aðferð, sem nú er viðhöfð, að gera rétt manna misjafnan með því að láta suma, sem tryggðir eru hjá sérsjóðum, greiða iðgjöld til almenna sjóðsins, en aðra ekki, það er auðvitað ófær leið.

Ég skal nefna fleiri dæmi til að sýna, hvað fráleitt þetta er, þegar gerður er samanburður á aðstöðu starfsmanna bankanna og annarra stofnana. Ég skal taka t. d. ljósmæður og hjúkrunarkonur.

Samkvæmt l. frá 1938, um lífeyrissjóð ljósmæðra, eiga ljósmæður nú að greiða iðgjöld til almenna lífeyrissjóðsins og sama máli gegnir um hjúkrunarkonur, ef það frv. verður að l., sem nú var verið að samþ. hér við 3. umr., (frv. til l. um lífeyrissjóð ljósmæðra). Hvorug þessara stétta verður laus við tryggingar- og gjaldskyldu hjá hinum almenna lífeyrissjóði. Ég vænti þess, að allir sjái, að það er ekkert vit í því, að ljósmæður, sem eru ríkisstarfsmenn og launaðar af ríkinu, séu gjaldskyldar til hins almenna lífeyrissjóðs, þó að þær hafi sérstakan lífeyrissjóð, en aðrir starfsmenn ríkisins, svo sem barnakennarar, sem einnig er ætlazt til, að hafi sértryggingarsjóð, séu með öllu lausir við greiðslur til almenna lífeyrissjóðsins.

Við í minni hl., ég og hv. þm. A.-Húnv., leggjum til, að sú leiðin verði farin að gera öllum landsmönnum skylt að greiða iðgjöld til almenna lífeyrissjóðsins eftir sömu reglum, eins þeim, sem hafa tryggingu hjá sérstökum lífeyrissjóðum. Við viljum samþ. þetta frv. Við viljum láta ríkisstarfsmenn hafa þá tryggingu, sem þarna er gert ráð fyrir, en viljum, að þeir verði þrátt fyrir það látnir greiða iðgjöld til hins almenna lífeyrissjóðs. Það er stórt hagsmunamál fyrir alla þjóðina, að hinn almenni lífeyrissjóður verði sem fyrst svo öflugur, að það sé hægt að veita ölum gamalmennum í landinu viðunandi lífeyri. Og að þessu ber að stefna. Ef mikill fjöldi landsmanna er með öllu undanþeginn tryggingaskyldu og gjaldskyldu til hins almenna lífeyrissjóðs, má búast við því, að það verði langt þangað til, að hinn almenni lífeyrissjóður geti innt af höndum það hlutverk, sem honum er ætlað í alþýðutryggingal. Ef þeirri reglu verður fylgt, sem meiri hl. n. virðist hallast að, að allir þeir, sem hafa trygingu hjá sérstökum lífeyrissjóðum, verði undanþegnir greiðslum til hins almenna lífeyrissjóðs, má búast við því, að sá hópur, sem hefði undanþágur, færi stækkandi á næstu árum, og þá væri að verulegu leyti kippt stoðunum undan hinum almenna lífeyrissjóði. Það er ekki hægt að koma þessu máli, lífeyristryggingunum, í viðunandi horf, nema allir landsmenn sameinist um það, og það verður ekki hægt að ná æskilegu takmarki í þessum efnum á næstu árum ef mjög mikill hluti af þjóðinni leggur ekkert af mörkum til hins almenna lífeyrissjóðs. Ég sé ekki annað en það sé réttlátt, að þeir landsmenn, sem fá aukatryggingu hjá sérstökum sjóðum, taki þátt í því með öðrum að efla almenna lífeyrissjóðinn, svo að hann geti sem fyrst innt það hlutverk af höndum, sem honum er ætlað. En það er aðeins hægt með sameiginlegu átaki allrar þjóðarinnar að ná þessu takmarki innan skamms. Hv. frsm. meiri hl. gerði nokkrar aths. við það, sem stendur í nál. okkar minni hl., um það, hvað útgjöld ríkisins samkv. þessu frv. mundi verða mikil, ef það verður samþ., og hann var að tala um 1½ millj. kr. Við höfum sagt í nál., að við teldum ekki fjarri sanni, að árleg útgjöld ríkisins samkvæmt frv. mundu verða um 2 millj. með núverandi launagreiðslum. Ég held, að samkvæmt fjárlfrv., sem nú liggur fyrir og sennilega verður afgr. næstu daga frá þinginu, séu launagreiðslur, sem gert er ráð fyrir á næsta ári hjá ríkinu og ríkisstofnunum, röskar 30 millj., og skakkar þá ekki miklu frá því, sem við áætlum árleg útgjöld ríkisins vegna lífeyristrygginganna.

Það má að sjálfsögðu gera ráð fyrir því, að þeir starfsmenn, sem taldir eru í 4. gr. frv., þ. e. a. s. starfsmenn við ríkisstofnanir, sem sérstakan fjárhag hafa, starfsmenn bæjar-, sýslu- eða sveitarfélaga og starfsmenn við sjálfseignarstofnanir, er starfa í almennings þarfir, muni verða þátttakendur í þessum lífeyrissjóði, eftir að frv. er orðið að l., og eru það þannig margfalt fleiri, sem verða þátttakendur í þessum sjóði, en áður voru í lífeyrissjóði embættismanna, en um leið verður þeim mun meira dregið úr vaxtarmöguleikum almenna lífeyrissjóðsins, ef allir þessir starfsmenn verða undanþegnir gjaldskyldu til hans.

Ég vil vekja athygli á því, að aftast í nál.

okkar er prentvilla í lausa skjalinu, sem væntanlega verður leiðrétt í skjalaparti. Þar stendur: „Við hefðum talið eðlilegt, að þetta mál hefði verið afgr. samhljóða nýjum launal.", en á að vera: „samhliða" o. s. frv.

Við hefðum talið eðlilegast, að þetta frv. hefði orðið samferða frv. til nýrra launal. gegnum þingið, vegna þess að hér er í rauninni um að ræða nokkra launauppbót til opinberra starfsmanna frá því, sem áður hefur verið, því að ríkið leggur engin iðgjöld fram til lífeyrissjóðs embættismanna eða barnakennara, heldur eru þau iðgjöld eingöngu greidd af þessum starfsmönnum sjálfum. Hér er gert ráð fyrir, að ríkið leggi fram til að byrja með meiri hlutann af iðgjöldunum og í framtíðinni helminginn. Við höfum samt ekki, minni hl., gert þetta atriði að ágreiningsmáli. Við teljum það ekki skipta svo miklu. Við viljum mæla með samþ. frv. nú, ef um leið verða numin úr alþýðutryggingal. öll ákvæði um að undanþiggja þá, sem tryggingu fá hjá þessum lífeyrissjóði, gjaldskyldu til almenna lífeyrissjóðsins í framtíðinni.

Ég býst við því, að meiri hl. n. haldi því fram, að það sé ekki sanngjarnt að láta þessa ríkisstarfsmenn og aðra, sem hafa tryggingu í sérsjóðum, greiða iðgjöld til almenna sjóðsins vegna þess, að það sé hæpið, að þeir njóti nokkru sinni lífeyris frá almenna lífeyrissjóðnum. Nú getur það komið fyrir, að þeir njóti góðs af hinum almenna lífeyrissjóði, en jafnvel þótt svo væri ekki, vil ég benda á það, að nú greiða margir landsmenn iðgjöld til almenna lífeyrissjóðsins, án þess að það sé nokkur trygging fyrir því, að þeir njóti lífeyris úr honum síðar meir. Í 55. gr. alþýðutryggingal. frá 1937 stendur:

„Réttur til þess að fá útborgaðan fullan árlegan elli- eða örorkulífeyri er bundinn því skilyrði, að aðrar árlegar tekjur þess, sem í hlut á, reiknaðar samkv. reglum í 3. málsgrein, fari eigi fram úr ⅓ af árlegri lífeyrisgreiðslu. Ef tekjurnar eru meiri, skal draga frá lífeyrinum 60% af þeirri upphæð, sem árstekjurnar eru umfram þriðjung fullrar lífeyrisupphæðar."

Það getur verið, að í framtíðinni verði 55. gr. breytt og sett önnur ákvæði um lífeyrissjóðinn en þar eru nú, en það er sýnt, að fjöldi landsmanna, sem greiðir stórar fjárhæðir í almenna lífeyrissjóðinn, mun ekki fá lífeyri úr sjóðnum. Ég fæ þá ekki séð, að það sé ranglátt, þó að aðrir landsmenn, sem hafa tryggingar í sérstökum sjóðum, verði einnig að greiða iðgjöld til almenna lífeyrissjóðsins, jafnvel þó að það væri vafi á því, að þeir myndu njóta nokkurs úr honum síðar meir. Menn munu ef til vill vitna til þess í þessu máli, að nú sé starfandi mþn. til að endurskoða alþýðutryggingal. Þessi n. hefur ekki enn skilað áliti um þann hluta alþýðutryggingal., sem er um lífeyristryggingar. Nú kann einhver að segja sem svo, að rétt væri að láta þetta atriði bíða, þar til er mþn. hefði lokið störfum. En ég sé ekki ástæðu til þess. Ég vil fá því slegið föstu, um leið og þetta frv. verður samþ., að undanþágurnar verði numdar úr l. Það er engin ástæða til að bíða með það, þá væri eins hægt að segja, að rétt væri að láta þetta frv. bíða eftir því, að alþýðutryggingal. verði endurskoðuð, þar sem þetta grípur svo hvað inn í annað, eins og ég hef gert grein fyrir. Þess vegna viljum við í minni hl. gera þetta mál upp í einu lagi. Um leið og þetta frv. er samþ., viljum við fá úr því skorið, hvort til þess er ætlazt af meiri hl. Alþ., að allir þeir, sem fá tryggingu hjá sérsjóðum, verði framvegis undanþegnir greiðslum til hins almenna lífeyrissjóðs, því að vitanlega væri ómögulegt annað en sú undanþága gilti fyrir alla, sem hafa tryggingu hjá sérstökum sjóðum.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þessa brtt., sem við flytjum á þskj. 620, en eins og fram er tekið í nál., fer fylgi okkar við frv. eftir því, hverja afgr. sú brtt. okkar fær.

Þá vil ég minnast nokkuð á eitt atriði í frv., sem ég tel, að fjhn. þyrfti að taka til nánari athugunar, og vil ég geyma mér rétt til að bera fram brtt. um það við 3. umr. Ég hafði einnig ráðið það af orðum hv. 3. þm. Reykv. á nefndarfundum, að hann teldi, að þetta atriði þyrfti athugunar, en það er 12. gr. frv. Þar segir í 2. málsgr., með leyfi hæstv. forseta: „Upphæð ellilífeyrisins er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár ævi hans, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:" Síðan er ákveðið, að hundraðshlutinn fari hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri. Þegar starfstíminn er 10 ár, fá þeir 12½% af meðalárslaunum, síðan er þetta hækkað eftir lengd starfstímans, þannig að þeir, sem starfað hafa 30 ár eða lengur, fá 60% af meðaltalslaunum síðustu 10 ára. Nú lifum við á miklum verðbreytingatímum, og nú sem stendur fá starfsmenn ríkisins og annarra þeirra stofnana, sem hér eiga hlut að máli, í viðbót við sín grunnlaun 160% í ofanálag samkvæmt vísitölu. Samkvæmt þessu frv. eiga iðgjöldin til lífeyrissjóðsins að miðast við öll launin, grunnlaun með öllum uppbótum. Nú skulum við hugsa okkur, að þessi dýrtíð, sem hefur verið mismunandi mikil í nokkur undanfarin ár, verði eftir 2—3 ár komin nokkuð niður aftur, t. d. úr 160% niður í 50%. Liggur þá í augum uppi, að dýrtíðaruppbótin hlýtur að vega mjög mikið, þegar farið verður að reikna út ellilífeyri handa þeim mönnum, sem starfað hafa þetta verðbólgutímabil, en láta af störfum í lok þess.

Ég sé ekki betur en svo gæti farið samkvæmt frv. óbreyttu, að þeir starfsmenn, sem hætta störfum á næstu árum, en síðustu starfsár þeirra eru verðbólguár, fái miklu hærri ellilífeyri en þeir, sem hætta í byrjun stríðs. Það gæti jafnvel farið svo, að ellilífeyrir þeirra yrði hærri en laun starfandi manna á sama tíma. Ég tel því óhjákvæmilegt að gera breytingu á 12. gr. Mér kemur í hug, að við þessu mætti gera með því að setja í gr. ákvæði um, að ellilífeyrir skuli aldrei nema meira en t. d. 60% af starfslaunum í viðkomandi launaflokki. Hins vegar gæti komið til mála, að þörf yrði á að bæta þetta eitthvað upp til samræmis við laun á hverjum tíma. En um þetta atriði ætti að mega ræða á milli umræðna, svo að ekki þyrfti að fresta 2. umr. þess vegna.

Verði brtt. okkar minni hl. á þskj. 620 samþ., leggjum við til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt. á 19. gr., að í stað „1. júlí 1944“ komi: 1. jan. 1945.

Við teljum eðlilegt og heppilegt, að gildistaka laganna sé bundin við áramót. En við teljum þó, að ekki sé gerlegt að miða við næstu áramót, þar eð frv. felur í sér breyt., sem þurfa nokkurn undirbúning.

**Frsm. meiri hl. (Jakob Möller):** Ég þarf ekki að svara þessu miklu. Ég skal taka það fram, að ég er þm. V.-Húnv. sammála um þau atriði, er hann dró fram úr 12. gr. viðvíkjandi meðallaunum síðustu 10 ára. Ég hef síðan talað við tryggingafræðing um þetta. Hann sagði, að vegna ýmissa örðugleika hefði hann ekki talið aðra leið færa. En ég er reiðubúinn að athuga þetta og færa í lag, ef auðið er.

En út af aðaldeiluefninu, sem orsakaði klofningu n., þá er það ekki vegna ákvæða þessara l., heldur alþýðutrygginganna. Það var því ekki af því að meiri hl. væri á móti þessum atriðum, að hann tók sína afstöðu, heldur af því, að þetta viðkemur alþýðutryggingunum. Annars er ég brtt. ekki fullkomlega fylgjandi í ýmsum atriðum, en ég tel, að það komi þessu máli ekki við, og legg því þessa till. fram, ekki eingöngu af því að ég sé á móti efni brtt., heldur af því að hún á ekki við það atriði, sem hér um ræðir.

**Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson):** Hv. 3. þm. Reykv. segir, að ágreiningurinn í n. sé ekki um þetta frv. Má vera, að þetta sé rétt. En þetta frv. er svo nálægt lagaákvæðunum um Lífeyrissj. Íslands, að erfitt mun að greina þar á milli. Og þegar þetta er afgreitt, þá tel ég nauðsynlegt, að hvort tveggja sé tekið til athugunar í einu, og það verður bezt gert með því að samþykkja brtt. minni hl. eða fresta málinu, þangað til að unnt verður að taka alþýðutryggingarnar fyrir. En við þm. A.-Húnv. vildum ekki tefja frv., ef þessi atriði yrðu færð í lag.

Það má vera, að hér sé um auknar byrðar að ræða, en það eru einnig aukin hlunnindi. Menn verða að borga meira, en þeir njóta líka meiri friðinda. Annars skilst mér, að meiri hl. hafi ekki tekið neina endanlega afstöðu til sértryggingasjóðanna í framtíðinni. Ef gjaldendur í sértryggingasjóðunum eru undanþegnir tryggingarskyldu hjá almenna sjóðnum, má búast við, að gjaldendum til almennra sjóða fækki óðum. Hitt er eðlilegra, að þeir, sem betur mega, styðji þá, sem lakar eru settir. Að öðrum kosti mundi þeim, sem mesta þörfina hafa, reynast erfitt að standa undir tryggingunum.

Mér þótti vænt um það, sem 3. þm. Reykv. sagði um 12. gr. frv., og ég vænti, að auðið verði að komast að samkomulagi um nauðsynl. breyt. á henni.

**Frsm. meiri hl. (Jakob Möller):** Ég vildi aðeins vekja athygli á því, að það er misskilningur hjá þm. V.-Húnv., að þeir fátæku verði einungis eftir í hinum almenna lífeyrissjóði. Allar líkur benda til, að hinir ríkustu verði einnig eftir, svo að hæpið er, að nokkurt tap yrði að þessu fyrirkomulagi fyrir þá fátæku.

**Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson):** Ég get ekki fallizt á þetta. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að einstaklingar þeir, er betur mega, slái sér saman og stofni sérstaka lífeyrissjóði til þess að komast hjá greiðslum til almenna sjóðsins, ef slík undanþága verður veitt þeim, er hafa sértryggingu.

**Frsm. meiri hl. (Jakob Möller):** Löggjöfin getur alltaf séð við slíku misræmi. Allir þeir, sem eru í sértryggingasjóðunum, eru einnig skattskyldir þegnar, og því hægt að ná til þeirra á þann hátt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 13. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—20. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 620 felld með 18:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BFB, JJós, JPálm, JS, PZ, PÞ, SÞ, SkG, BÁ, JörB.

**nei:** FJ, GÞ, IngJ, JakM, LJós, ÓTh, SigfS, SG, SEH, SK, STh, StJSt, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, EOl, EmJ.

GSv, SvbH, EystJ greiddu ekki atkv.

21. gr. samþ. með 21:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 16. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.

**Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls gat ég þess, að ég teldi óhjákvæmilegt að gera nokkra breyt. á frv. þessu auk þeirrar breyt., sem minni hl. fjhn. þá flutti till. um, en hv. d. gat ekki fallizt á. Í 12. gr. frv. er ákveðið, hvernig reikna skuli út upphæðir ellilífeyris þeirra, sem eiga að fá hann, og eiga þær að miðast við hundraðshluta af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og á hann að vera hækkandi eftir því, sem starfstíminn hefur verið lengri. Hámark ellilífeyris er miðað hér við 60% af meðallaunum viðkomandi aðila síðustu 10 starfsár hans.

Ég benti á það við 2. umr., að vel gæti svo farið vegna þeirrar röskunar, sem orðið hefur á verðgildi peninga, og þeirrar röskunar, sem búast má við, að verði í því efni í framtíðinni og ef þessi ákvæði verða samþ., að einhverju sinni verði ellilífeyrir til fráfarandi starfsmanns jafnhár eða jafnvel hærri en launagreiðslurnar fyrir hliðstæð störf á sama tíma. Ætti öllum að vera ljóst, að það er mjög fráleitt að afgreiða ákvæði, sem geta orðið þannig í framkvæmd.

Það var nokkuð um þetta rætt á fundi í fjhn.,

eftir að 2. umr. málsins lauk. Virtust mér í raun og veru allir hv. nm. vera á því, að það þyrfti að gera breyt. á frv., þannig að þetta gæti ekki komið fyrir. En þrátt fyrir það varð niðurstaðan sú, að það er aðeins minni hl. fjhn., þ. e. við hv. þm. A.-Húnv., sem stöndum að skrifl. brtt., sem hér verður lögð fram um þetta efni, því að meðnm. okkar vildu ekki taka þátt í flutningi þessarar brtt., þótt ekki hafi komið nein andmæli fram gegn því, sem haldið hefur verið fram um það, að nauðsynlegt væri að gera þessa breyt. á frv.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, þar sem ég nú hef gert grein fyrir þeirri skrifl. brtt., sem minni hl. fjhn. leggur fram við frv., og mun ég afhenda hæstv. forseta þessa brtt. En till. okkar er þannig:

„Við 12. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Lífeyrir skal þó aldrei vera hærri en 75% af þeim launum, sem greidd eru á hverjum tíma fyrir sama eða sambærilegt starf sem viðkomandi gegndi síðasta starfsárið.“

**Forseti (JörB):** Hv. þm. V.-Húnv. hefur lagt fram af hálfu minni hl. fjhn. skrifl. brtt. Brtt. er auk þess of seint fram komin og þarf tvenns konar afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 678) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Jakob Möller):** Það er alveg rétt, sem frsm. minni hl. fjhn. segir, að afstaða meiri hl. n. til þessarar till. stafar ekki svo mjög af því, að nm. séu ósamþykkir efni hennar, heldur meira vegna þess, að þeir telja, að þar sem orðið er svo áliðið þings og gert er ráð fyrir, að þingslit fari sennilega fram á morgun, getur samþykkt till. orðið til þess, að málið verði ekki afgreitt. Hins vegar er ákaflega auðvelt að koma á þessari breyt. á l. á næsta þingi. Þessi l. eiga ekki að fá gildi fyrr en 1. júlí 1944, og innan þess tíma er hægt að gera hvaða breyt., sem er, á l., svo að engin hætta ætti að vera að fresta þessu. Hins vegar tel ég, a. m. k. fyrir mitt leyti, rétt að athuga, hvort gera eigi þessa breyt. og hvernig. T. d. finnst mér orka nokkuð tvímælis, hvort lögfesta eigi, að lífeyrir úr lífeyrissjóði geti hjá einum orðið ¼ hærri en hjá öðrum, sem alveg sama máli gegnir um, hvað snertir starfsaldur og stöðu. Það er gert ráð fyrir, að mismunurinn geti orðið 15—25%. Þetta er vafasamt, að sé rétt, og þetta og fleira finnst mér rétt að athuga betur og leggja ekki í að gera breyt., nema athugað hafi verið, að rétt sé að gera hana.

**Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson):** Út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði um þetta, vil ég benda á, að það ætti að vera hægðarleikur, jafnvel þótt þessi d. gerði við þessa síðustu umr. þessa breyt. á frv., að koma því gegnum þingið. Það mun verða fundur eða jafnvel fundir í Ed. í dag, og það ætti að vera hægt að ljúka málinu, þó að löguð væru augljós vansmíði, sem á því eru. Þm. sagði, að hægt væri að gera lagfæringar á því á næsta þingi, en það er ekki vitað, á hvern hátt þinghald verður á fyrri hl. næsta árs. Það er talað um, að þing komi saman í næsta mánuði, en það er allt í óvissu um, hve lengi það stendur, og það kostar alveg eins mikla fyrirhöfn að koma fram breyt. á þessum l. og nýju frv. Breyt. þarf alveg eins að fara gegnum 6 umr. Mér finnst það ekki skynsamleg vinnuaðferð að afgr. frv. þannig, að það sé með augljósum smíðagalla, svo að það þurfi að fara að koma með breyt við það þegar á næsta þingi. Viðvíkjandi því, sem þm. sagði, að það gæti komið til mála að hafa þetta 60%, eins og er í frv. að öðru leyti, en þá er þess að gæta, að þeir, sem þetta ákvæði snertir, kunna í mörgum tilfellum að hafa greitt iðgjald af hærri launagreiðslum en aðrir, og því er sanngjarnt, að hámarkið hjá þeim sé lítið eitt hærra.

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Það stóð nú svo á, að ég var staddur á flokksfundi, þegar þetta mál var hér til umr. í hv. deild, og hafði því ekki ástæður til að gera grein fyrir áliti mínu á því þá, en það er á þá leið, að ég tel ekki, að nauðsyn beri til að knýja þetta mál fram á þessu þingi.

Það eru 3 atriði í þessu frv., sem ég tel, að athuga þurfi betur, áður en það nær lögfestingu.

1. Með þessu frv. verða stórum aukin útgjöld á ríkissjóði, opinberum stofnunum og bæjarfélögum, sem þetta frv. tekur til, og mundi það nema, svo að milljónum króna skiptir, og það eru útgjöld, sem ég tel, að ekki muni verða svo auðvelt að breyta til um aftur. Þess vegna álít ég, að út frá þessu sjónarmiði einu sé æskilegt, að þetta frv. sé ekki samþ. nema í sambandi við launal.

2. Það er mál, sem þarf að taka til athugunar, sem minni hl. fjhn. flutti við 2. umr., hvort það á að verða regla, að allar þær stéttir eða félagsheildir, sem mynda með sér samtök um að stofna lífeyrissjóði, eigi að vera undanþegnar þeirri skyldu að greiða í Lífeyrissjóð Íslands, hinn sameiginlega sjóð allra landsmanna. Við fluttum um þetta brtt., en hún var felld.

3. Það, sem liggur fyrir í þeirri skrifl. brtt., sem við hv. þm. V.-Húnv. flytjum hér, er það, að lífeyrisgreiðsla úr sjóði opinberra starfsmanna geti ekki orðið hærri en laun starfandi manns í sömu grein eru, en það geta þau raunverulega orðið, eins og l. nú eru.

Varðandi það, sem frsm. meiri hl., 3. þm. Reykv. (JakM), var að tala um, að auðvelt væri að breyta þessu á næsta þingi, höfum við enga vissu fyrir að geta það, og þegar um svona milljónal. er að ræða eins og þessi, sem fela í sér margra millj. kr. útgjöld fyrir hið opinbera, tel ég það lágmarkskröfu, að gengið sé svo frá þeim, að ekki sé yfirlýst af fylgismönnum þeirra, að það þurfi nauðsynlega að breyta þeim á næstkomandi þingi.

Eg vil því segja það, að ef þessi till. frá okkur verður felld, mun ég ekki sjá mér fært að greiða frv. atkv. Það kann að hafa meirihl.fylgi hér í hv. d. fyrir því, og verður það þá að ráðast.

ATKVGR.
Brtt. 678 felld með 19:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BÁ, IngJ, JPálm, JS, PZ, PÞ, SÞ, SkG.
nei: SvbH, ÞG ÁkJ, ÁÁ, BG, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GTh, JakM, LJós, SigfS, SB, SG, SEH, SK, StJSt.
GSv, JJós, JörB greiddu ekki atkv.
5 þm. (GG, BFB, ÓTh, PO, STh) fjarstaddir.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

**Ásgeir Ásgeirsson:** Það er hvort tveggja, að þetta ákvæði, sem hér er komin fram till. um, hefur ekki getað fengið næga athugun í n. og ekki verið leitað til tryggingafræðings um það, sem aths. hefur komið fram um, og eins hitt, að hverju máli, sem flækt er á milli d. nú á þessum síðustu starfsdögum þingsins, er hætta búin, og segi ég af þessum ástæðum nei.

**Eysteinn Jónsson:** Með tilvísun til grg. hv. þm. V.-Ísf. segi ég nei.

**Páll Zóphóníasson:** Þar sem það er upplýst, að ekki hefur verið tími til að athuga þau ákvæði, sem hér um ræðir, og þar sem enn fremur liggja fyrir upplýsingar um, að ekkert liggi á að samþykkja þessi l. núna og að það megi gera á þeim hvaða breyt., sem er, á næsta þingi, því að þau komi ekki til framkvæmda fyrr en á miðju ári 1944, vil ég láta athuga þau nánar og segi já.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (682).

—o—

## 18. Lífeyrissjóður barnakennara.

Á 10. fundi í Sþ., 3. sept., var útbýtt frá Ed.:
**Frv. til l. um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra** (stjfrv., A. 31).
Á 9. fundi í Ed., 6. sept., var frv. tekið til 1. umr.

**Forsrh. (Björn Þórðarson):** Herra forseti. Ég vil algerlega vísa til þeirra orða, sem ég lét fylgja frv. því, sem var til umr. næst á undan (frv. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkissjóðs), því að hér stendur alveg eins á. Ég vil því líka leyfa mér að óska þess um þetta frv., að því verði vísað til hv. fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

---

Á 39. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 31, n. 226).

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Ég get að langmestu leyti látið mér nægja að vísa til þess, sem ég sagði áðan um það frv., sem hér var afgreitt næst áður nú á fundinum í þessari hv. d., um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þó þykir mér rétt að taka það fram, að hér er ekki um það að ræða að víkka starfsvið sjóðsins frá því, sem nú er. Annað atriði, sem ég vil benda á í sambandi við þetta mál, er það, að þau tiltölulega fátæklegu ákvæði, sem eru í l. um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra, varðandi lífeyri til ekkna og barna, eru þó enn þá ófullkomnari í l. um lífeyrissjóð barnakennara en í l. um lífeyrissjóð embættismanna.

Fjhn. leggur til, að þetta frv. verði samþ. með sömu breyt. og gerðar voru á frv. til l. um lífeyrissjóð embættismanna, og eru brtt. n. á þskj. 226. N. telur, að ef þessi frv. tvö verði samþ., þá sé því marki nokkurn veginn náð, sem hún telur, að eigi að vera hlutverk þessara sjóða, þ. e. a. s., að starfsmönnum ríkisins sé tryggður sæmilegur lífeyrir og nánustu vandamönnum þeirra, sem þeim ber að framfæra, þegar þeir verða að láta af störfum. Með þetta fyrir augum leggur n. til, að þetta frv. verði samþ. með þeim breyt., sem greint hefur verið frá.

**Bjarni Benediktsson:** Það eru fyrirspurnir, sem ég vildi bera fram til hv. flm., og eiga þær við bæði frv. um lífeyrissjóðina. Fyrsta fyrirspurnin er: Hvaða ástæður hafa valdið því, að ekki er hægt að hafa um þessi mál einn lagabálk í stað tveggja, úr því að ákvæðin um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eiga að vera um svo margs konar starfsmenn? Þar er gert ráð fyrir, að starfsmenn bæjar- og sveitarfélaga komi einnig undir. Það hefði verið eðlilegast, að mér virðist, að þessu hefði verið steypt saman í einn sjóð og sams konar reglur svo um þetta látnar gilda. En þetta er aðeins formsatriði.

En svo er fyrirspurn varðandi 6. gr. þessa frv. Þar segir, að ávaxta skuli sjóðinn „í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum, tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum allt að 60% af fasteignamati þeirra, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.“ Þarna virðist nú að vísu vera nokkuð rúm heimild, og ég mundi skilja þetta svo, að skuldabréf t. d. bæjar- og sveitarsjóða mundu koma þarna undir, þó að orðalagið sé á þennan veg, vegna þess að þau yrðu talin ámóta trygg bréf og þau, sem þarna eru talin. En þó kynni að mega líta þannig á, að á þessu væri nokkur vafi, þar sem þau einu bréf, sem þarna eru talin, en eru ekki tryggð með veði, eru bréf með ríkisábyrgð. Ég mundi nú bera fram brtt. um þetta efni fyrir 3. umr., ef hv. flm. telur á þessu nokkurn vafa. Því að eftir að gera má ráð fyrir, að töluverður hluti sjóðfélaga sem fyrra frv. tekur til (um lífeyrissjóð embættismanna), og einnig þeirra sjóðfélaga, sem þetta frv., sem hér liggur fyrir, tekur til, — töluverður hluti þessara manna tekur laun sín að verulegu leyti úr bæjar- og sveitarsjóðum, og bæjar- og sveitarsjóðir greiða þeim verulegan hluta iðgjaldanna, þá sýnist mér eðlilegt, að það megi ávaxta þeirra lífeyrissjóði í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga að svo miklu leyti sem sjóðstjórnin telur þau jafntrygg og þau bréf, sem þarna eru talin í frv. Ég vildi

þess vegna mega spyrja um álit hv. flm. á þessum atriðum.

Þá er fyrirspurn út af samanburði á 14. og 15. gr. frv., um það, hvort hv. frsm. mundi telja, að þeir, sem látið hafa af störfum og goldið hafa í lífeyrissjóð embættismanna eða barnakennara samkvæmt gömlu ákvæðunum og hafa ekki fengið það greitt úr lífeyrissjóði aftur með sérstökum fjárlagaákvæðum eins og margir hafa fengið, mundu nú eiga beinan rétt á að fá þetta greitt, ef þeir hafa borgað inn í sjóðinn, eftir að l. þessi ganga í gildi, ef frv. verður samþ. Hitt er ljóst, að þeir eiga rétt á því, ef þeir láta af störfum, eftir að l. þessi ganga í gildi. En viðkomandi þeim, sem látið hafa af störfum fyrir t. d. 10 árum, er mín fyrirspurn. Það virðist langeðlilegast, að sama regla gildi um þá eins og hina, sem láta af störfum, eftir að l. þessi öðlast gildi., ef frv. verður samþ. Og í langflestum tilfellum hafa þessar greiðslur verið ákveðnar með fjárlagaákvæðum. En spurningin er, hvort ekki er rétt að láta ákvæði l. vera þannig, að þetta sé greitt, án þess að um það þurfi að sækja í hvert skipti til Alþ.

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Það er von, að hv. 6. þm. Reykv. spyrji, hvaða ástæða sé til þess, að sjóðirnir séu tveir, en ekki í einu lagi. Ég get ekki svarað öðru en því, að ég hygg, að það sé í samræmi við óskir hlutaðeigandi starfsmanna og þær hafi valdið mestu um það, að svo sé gert. Og það hafa tjáð okkur þeir tveir menn, sem frv. sömdu. Ég skal geta þess í þessu sambandi, að ég hygg, að í þessu sé enginn kostnaðarauki og lítil aukavinna. Og ég geri ráð fyrir, að það þætti eðlilegt að halda aðgreindum reikningum þessara sjóða, jafnvel þó að þeir væru sameinaðir. En meginástæðan til þessarar skiptingar er sú, að óskir viðkomandi starfsmanna hafa verið í þessa átt. Það kann um þetta að hafa valdið nokkru um, að ekki voru ákvæði í l. um lífeyrissjóði embættismanna viðvíkjandi byggingu íbúða.

Ég hygg, að það sé rétt hjá hv. 6. þm. Reykv., að verði 6. gr. samþ., þá sé ekki gert ráð fyrir, að sjóðurinn ávaxti fé sitt í bæjarskuldabréfum, nema þau séu þá tryggð að auki, annaðhvort með fasteign eða ríkisábyrgð. En sé um að ræða bæjarskuldabréf, sem hvorki eru tryggð með ríkisábyrgð né fasteignaveði, þá hygg ég það vafasamt, að heimilt sé að ávaxta sjóðinn í slíkum bréfum, þannig að ef það á að vera ótvírætt, að svo megi vera, þá hygg ég, að rétt væri að bera fram um það brtt. En þó að brtt. um heimild til þessa yrði samþ., þá mundi það ekki vera skuldbindandi fyrir sjóðinn, því að stjórn sjóðsins ákveður um þetta á hverjum tíma.

**BBen:** Já, vitanlega.)

Viðkomandi endurgreiðslu iðgjalda þeirra sjóðfélaga, sem látið hafa af störfum, áður en l. þessi eru sett, ef frv. verður samþ., spurði hv. 6. þm. Reykv., hvort þau mundu verða hér eftir endurgreidd án sérstakrar fjárlagaheimildar. Ég held, að mér sé óhætt að segja það, að þessi iðgjöld mundu verða endurgreidd eftir sömu heimildum og verið hefur hingað til. Ég held, að aldrei hafi verið synjað um það. En þessi l. segja ekkert um þetta atriði, hvorki þetta frv. né hitt, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þannig að ef þetta ætti að vera skýlaust í þeim fáu tilfellum, sem um gæti verið að ræða, væri sennilega vissara að setja ákvæði um þetta inn í frv., áður en það verður afgreitt, ef ekki þætti eins tiltækilegt að fara þá leið að ákveða um þetta í fjárl. á hverju ári, sem að sjálfsögðu væri tekið gilt af sjóðstjórninni, það vil ég ekki draga í efa.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 226, samþ. með 13 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
7.—11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 226, samþ. með 13 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 226,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
14.—18. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 226,4 samþ. með 13 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 42. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A 250).

**Forseti (StgrA):** Hv. 6. þm. Reykv. hefur afhent mér skrifl. brtt., svo hljóðandi: [sjá þskj. 303].

Það þarf að veita tvenn afbrigði frá þingsköpum til þess, að brtt. þessa megi taka til meðferðar, *og mun ég nú leita þeirra.*

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Forseti (StgrA):** Það hefur enginn kvatt sér hljóðs, og er þá umr. lokið. Verður nú gengið til atkv.

ATKVGR.
Brtt. 303 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 25. fundi í Sþ., 2. nóv., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 304).

Á 42. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 304, n. 597 og 621).

**Frsm. meiri hl. (Jakob Möller):** Herra forseti. Um þetta er svipað að segja og síðasta frv. (frv. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins), og held ég, að framsaga geti farið fram í einu lagi.

**Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson):** Ég vil einungis vísa til álits okkar þm. A.-Húnv. á þskj. 620 svo og ræðu minnar um frv. til l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 13. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—18. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 621 tekin aftur.
19. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 16. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.

**Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson):** Við höfðum nú að vísu ætlað okkur að bera fram brtt. við þetta frv., samhljóða þeim, er við fluttum við frv. um lífeyrissj. starfsmanna ríkisins, því að það er alveg sami smíðagallinn á því, en ég sé, að það hefur enga þýðingu, þar sem meiri hl. felldi brtt. okkar. Það er í frægri bók eftir Benedikt Gröndal, sem söguhetja segir: „Kauptu eitthvað." Á sama hátt virðist mér meiri hl. hv. deildar segja: „Við skulum smíða eitthvað." Það er sama, hvernig hluturinn lítur út, að dómi þessara hv. þm.

Ég sé ekki ástæðu til að bera brtt. fram. Hún mundi fá sömu meðferðina og hin fyrri.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 683).

—o—

## 19. Olíugeymar o. fl.

Á 43. fundi í Nd., 10. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um olíugeyma o. fl.** (stjfrv., A. 373).

Á 44. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Herra forseti. Olíuverzlun landsins hefur verið með þeim hætti fyrirfarandi ár, að hvergi nærri er ákjósanlegt. Kostnaður félaganna, sem annazt hafa dreifingu á brennsluolíum, hefur verið geypimikill. Hagnaður félaganna hefur verið mjög stór. Af þessu hvoru tveggja hefur leitt, að olíuverð í landi hér hefur verið mjög hátt.

Núverandi ríkisstj. var strax ljóst, að á þessu sviði var mikil þörf úrbóta. Ríkisstj. tók við olíumálum landsins þannig 16. des. s.l., er stórkostleg hækkun á heildsöluverðinu var skollin á. Samkv. upplýsingum olíufélaganna nam hækkun þessi a. m. k. 7 millj. kr. á ársnotkun landsmanna. Fyrir góðan skilning Bandaríkjastjórnar fékkst í marzmánuði s. l. þessi hækkun felld úr gildi og það þannig, að lækkunin verkaði aftur fyrir sig.

Núverandi ríkisstj. samdi síðan við flotastjórn Bandaríkjanna um, að Íslendingum yrði tryggður nægur olíuforði yfirstandandi ár af birgðum flotans, og enn fremur var um það samið, að brennsluolíur þær, sem landsmenn fengju, yrðu ekki aðeins afhentar þá starfandi olíufélögum til sölu, heldur einnig til annarra þeirra félaga eða fyrirtækja, sem ríkisstj. tilnefndi.

Þegar þessu var náð, tók stjórn síldarverksmiðja ríkisins fyrir beiðni ríkisstj. nokkrar birgðir af hráolíu til sölu, sem flotastjórnin góðfúslega flutti norður. Olía þessi var seld á 38 aura, en verð olíufélaganna var þá 51 eyrir. Lækkun á útsöluverði olíunnar gat verið allmiklu meiri, en af ýmsum ástæðum þótti ekki ástæða til að fara lengra niður að sinni. — Nokkrir staðir á landinu höfðu fyrir stríð sýnt virðingarverðan áhuga á að brjóta af sér fjötra olíufélaganna. T. d. höfðu útgerðarmenn við Eyjafjörð haft samtök um olíukaup beint frá útlöndum með allgóðum árangri, en alveg sérstaklega er ástæða til að benda á framsýni og dugnað útgerðarmanna í Vestmannaeyjum, sem urðu brautryðjendur í því að taka saman höndum og með samvinnu leystu það þrekvirki, óstuddir af öðrum, að smíða olíugeyma og hefja árangursríka samkeppni við olíufélögin. Útgerðarmenn í Keflavík gerðu síðar slíkt hið sama.

Samkv. upplýsingum frá stjórnendum olíusamlagsins í Vestmannaeyjum mundi rekstrarkostnaður þeirra nú ekki vera meiri en svo, að hráolíuverð þar á staðnum, miðað við núverandi heildsöluverð og farmgjald, gæti verið um 32 aurar, en verð olíufélaganna, áður en fyrirskipuð verðlækkun viðskiptaráðs var gerð fyrir skemmstu, var 51 eyrir. Ætla ég, að aðstaða olíusamlagsins í Keflavík mundi ekki vera lakari. Af þessu má ljóst vera, hversu miklu það skiptir að geta notað þá aðstöðu, sem ríkisstj. fékk með samningum við flotastjórnina á s. l. sumri.

Bæði þessi olíusamlög leituðu eftir því við ríkisstj. að fá olíu til sölu, og var hægt að láta þeim þetta í té, en úr þeim framkvæmdum olíusamlaganna varð þó ekki, vegna þess að olíugeymar þeirra eru bundnir olíufélögunum með leigusamningum, sem olíufélögin hafa sennilega ekki kært sig um að gefa eftir.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, af skýrslu ríkisstj. til Alþ. fyrir nokkru, var útlit fyrir, að í byrjun þessa mánaðar mundi verða breyting á um olíuviðskiptin, sem valda mundi verulegri verðhækkun. Ríkisstj. skýrði þá jafnframt frá, að hún hefði málið til samningsmeðferðar. Án þess á þessu stigi að geta greint nokkuð frekar frá þessum samningum, er mér þó ljúft að geta upplýst hv. þd. um, að enn hefur engin breyting verið gerð á olíuviðskiptunum og engin hækkun átt sér stað.

Félag útgerðarmanna á Norðfirði, sem fyrir stuttu bað um hráolíu á geymi, sem félagið hefur fengið leigðan á staðnum, hefur af ríkisstj. verið viðurkennt sem réttur aðili til þess að fá

olíu af birgðum flotans. Hef ég fengið loforð fyrir, að séð verði um flutning á hæfilegum forða handa þeirri verstöð innan skamms. Mun því Norðfjörður bráðlega geta byrjað að selja hráolíu með stórlækkuðu verði frá því, sem nú er.

Frv. það til l., sem ríkisstj. ber hér fram, er í beinu framhaldi af öðrum aðgerðum hennar í olíumálunum. Það er ekki nóg að hafa útvegað ódýra olíu í heildsölu, það þarf líka að sjá fyrir því, að olían komist á sem ódýrastan hátt til þeirra, sem þurfa að nota hana. Til þess gætu verið m. a. tvær leiðir. Önnur er sú að lögleiða einkasölu á allri olíuverzlun í landinu, hin að gera ráðstafanir til, að notendurnir sjálfir geti annazt dreifingu olíunnar. Ríkisstj. telur ekki æskilegt, að einkasala sé lögboðin, a. m. k. ekki fyrr en aðrar leiðir hafa verið reyndar. Og af ýmsum ástæðum teldi ég það beinlínis mjög óhagstætt, eins og olíumál okkar eru í augnablikinu, að þetta yrði gert nú. Seinni leiðin hefur verið valin, sú leið að leggja til, að olíunotendum verði veitt nauðsynleg aðstoð, til þss að þeir sjálfir í samstarfi geti annazt dreifingu olíunnar. Er það sannfæring mín, enda sýnt af reynslunni, að þannig má reka verzlun með þessa vöru sem aðrar ódýrast og hagkvæmast fyrir þá, sem vöruna nota.

Frv. gerir ráð fyrir þrennu. Í fyrsta lagi er ríkisstj. veitt heimild til að koma upp eða eignast hæfilega stóra aðalbirgða- og geymslustöð, einnig að eignast eða hafa til afnota hæfilegt skip til flutnings á olíunni með fram ströndum landsins. Að vísu er ekki nauðsynlegt að gera þetta nú í augnablikinu, á meðan við höfum samninga við flotastjórnina, en heimildin verður nauðsynleg, þegar að því kæmi, að þessir samningar féllu úr gildi. Í öðru lagi gerir frv. ráð fyrir því, að olíunotendum úti um land verði veitt aðstoð til að koma upp olíugeymum, en það er vitað, að dreifing olíunnar beint til bátanna í stað þess að flytja hana í tunnum, eins og nú gerist almennt, er miklu hagkvæmari og olíunotendum ódýrari.

Gert er ráð fyrir, að þessi aðstoð verði veitt á tvennan hátt, í fyrsta lagi sem beinn styrkur til notendanna, til byggingar eða kaupa á olíustöðvum, og skal styrkurinn nema hæst 1/6 af byggingarkostnaði eða kaupverði slíkra stöðva; í öðru lagi, að fiskveiðasjóði sé lögð sú skylda á herðar að veita allt að 50% lán til kaupa eða byggingar þeirra. L. gera ráð fyrir, að þau skilyrði séu sett fyrir þessum framkvæmdum, að útgerðarmenn og aðrir, sem vilja verða þessara hlunninda aðnjótandi, stofni með sér félög, er hafi þau þrjú aðaleinkenni, 1) að hver aðili hafi eitt atkvæði, 2) að arði af rekstri olíusölunnar sé skipt milli félagsmanna eftir því olíumagni, sem hver hefur keypt, 3) að félagið sé opið öllum útgerðarmönnum, útgerðarfélögum eða öðrum, sem eru verulegir olíunotendur.

Viðkomandi kvöðinni á fiskveiðasjóði vil ég upplýsa, að sjóðurinn á ónotaða stóra lántökuheimild, og virðist því ekki á þessu stigi málsins þurfa að leita honum meiri heimilda. Það er gert ráð fyrir, að vextir af lánum, sem fiskveiðasjóður veitir, verði 4%, og er búizt við, að þau verði ekki það mörg, að það skipti þeim kostnaði, að þörf verði á að sjá honum fyrir sérstökum tekjum þess vegna.

Eins og ég hef sagt áður, gerir ríkisstj. ráð fyrir, ef útgerðarmenn geta notað sér þær heimildir, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu, að þá sé stórt spor stigið í þá átt að gera olíuna ódýrari en hún nú er og mundi annars verða.

I þriðja lagi er ríkisstj. veitt heimild til eignarnáms. Er það tvenns konar. Í fyrsta lagi er eignarnám á lóðum og lendum til að reisa á olíustöðvar. Þetta er sams konar heimild og tíðkast í hafnarl. og fleiri lögum. Í öðru lagi er heimilað eignar- eða leigunám á olíustöðvum, sem til eru í landinu, ef með því fæst hagkvæmari og ódýrari dreifing olíu og má endurleigja þá eða selja þeim, sem starfa samkv. þessum l.

Það virðist réttmætt að heimila eignarnám undir slíkum kringumstæðum.

Ég vil mæla hið bezta með þessu frv. við hv. Alþ. og verði það að l., mun ríkisstj. gera sitt ýtrasta til, að aðstoð sú, sem frv. gerir ráð fyrir, komi að gagni þeim verstöðvum, sem um það biðja. Einnig mun ríkisstj. leggja áherzlu á að útvega efni og annað til framkvæmda svo fljótt og vel sem kostur verður á.

Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til sjútvn. að þessari umr. lokinni og um leið óska þess, að sjútvn. beggja d. hafi það meðferðis samtímis, til þess að hægt sé að hraða göngu þess sem mest. Þá vil ég geta þess, að það er prentvilla í 4. gr. frv. Þar á að standa „félaga“, ekki „félags“, í síðustu línu fyrri mgr., og að í niðurlagi 6. gr. á að standa „olíum“ en ekki „olíu“.

**Eysteinn Jónsson:** Herra forseti. Ég ætla aðeins að standa upp til að láta í ljós ánægju mína yfir því, að þetta frv. skuli vera komið fram í þeim búningi, sem það er, og láta þess getið, að ég er samþykkur þeirri stefnu, sem kemur fram í frv. Mér finnst, að langánægjulegasta lausnin á olíumálunum sé einmitt sú, að samvinnufélög útgerðarmanna gætu komið sér þannig fyrir, að þau gætu tekið að sér verzlun með þessa nauðsynjavöru, er fram að þessu hefur verið í vörzlum olíuhringanna. En nú hafa gerzt þau tíðindi, að fáum mun blandast hugur um, að nauðsyn sé á því að breyta til um fyrirkomulag á olíusölunni.

Það má að vísu gera ráð fyrir, að nokkrir byrjunarörðugleikar komi í ljós, þar sem koma þarf upp dýrum tækjum á hverjum stað, svo að olíusalan geti farið fram með sem hagkvæmustu móti.

Í þessu frv. er ekki fjallað um það, hversu fara skuli með heildverzlun olíu, en allt bendir til, að það geti myndazt smátt og smátt samtök þeirra félaga, sem þurfa að nota olíu á hverjum stað. Hins vegar gæti rekið að því, að reynslan leiddi í ljós, að slík samtök mynduðust ekki nægilega ótt. Þá yrði þing og stjórn að gera ráðstafanir til að skipa heildsöluinnkaupum á olíu eins og bezt hentaði.

Ég vildi sem sagt ekki láta þetta stórmál fara frá 1. umr. svo, að ég kæmi ekki þessari yfirlýsingu á framfæri, sem ég veit, að túlkar líka skoðun Framsfl.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 50. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 373, 447, n. 448).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Sjútvn. hefur athugað þetta mál á nokkrum fundum og auk þess haldið fjóra fundi um það sameiginlega með sjútvn. Ed. Á tveim þessara funda mætti atvmrh. og á einum mætti skrifstofustjóri fiskveiðasjóðs Íslands.

N. hefur lagt fram brtt. við frv. á þskj. 448, og skal ég nú leyfa mér að gera stutta grein fyrir þeim.

Fyrsta brtt. hnígur í þá átt, að aftan við 1. gr. bætist ný málsgr., en með henni er ríkisstj. heimilað að taka lán í þessu skyni f. h. ríkissjóðs til að kaupa eða láta reisa hæfilega stóra olíugeymslustöð og enn fremur að kaupa eða láta smíða tankskip af hæfilegri stærð til flutnings á brennsluolíum með fram ströndum landsins, en að þessu séu sett þau takmörk, að til þessara framkvæmda megi verja úr ríkissjóði allt að 5 millj. kr. N. setti þetta hámark, eftir að atvmrh. hafði upplýst, að hann byggist ekki við, að fyrst um sinn mundi þurfa á þessari heimild að halda. N. taldi hins vegar rétt, að þessu væri einhver takmörk sett í l., þó þannig, að hendur ríkisstj. yrðu ekki bundnar. Ef það væri álit ríkisstj., að þetta takmark væri sett of lágt, væri n. mjög fús til að breyta því.

Það hafa fjórir nm. lagt til, að 2. gr. breyttist þannig, að sérstaða samvinnufélaga yrði felld niður úr gr. Meiri hl. n. leit þannig á, að það væri í lófa lagið fyrir þá, sem taka þátt í samvinnufélögum, að vera annaðhvort meðlimir í olíusamlögunum í heild eða hver maður út af fyrir sig. Þess vegna álítum við ekki ástæðu til þess, að samvinnufélögin hafi neina sérstöðu um þetta, og ekki sízt, þar sem gert er ráð fyrir í l., að olíusamlögin verði rekin á samvinnufélagsgrundvelli. Einn nm. (EystJ) hefur sérstöðu í þessu máli, og gerir eflaust grein fyrir sinni sérstöðu.

Þriðja brtt. er gerð við 3. gr. og er þess efnis, að í staðinn fyrir, að hámark styrks skuli vera 1/6 af byggingarkostnaði eða kaupverði, skuli það verða ⅕. N. leit svo á, að þar sem þessi mannvirki yrðu reist á dýrustu tímum, mundi það verða nokkur trygging fyrir fiskveiðasjóð, að styrkveiting úr ríkissjóði yrði hækkuð, og einnig yrði þetta til þess að örva menn til þess að leggja út í þessi fyrirtæki, sem gæti fundizt það nokkuð áhættusamt, af því að þetta er á dýrustu tímum. Hins vegar er mjög nauðsynlegt, að þessi l. geti komizt í gegn, svo að hægt verði að koma á olíusamlögum í öllum helztu verstöðvum landsins. Ég skal taka það fram, að hæstv. atvmrh. lýsti yfir því á fundi n., að hann teldi sér skylt að gangast fyrir stofnun olíusamlags, jafnskjótt og l. yrðu samþ.

Brtt. meiri hl. n. á þskj. 448 við 6. gr. leiðir af brtt. við 2. gr., og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um hana. Tveir nm., þeir Sigurður Kristjánsson og Jóhann Þ. Jósefsson, áskilja sér rétt til að greiða atkv. gegn 6. gr. eða bera fram brtt. við hana, og munu þeir eflaust gera grein fyrir sérstöðu sinni. Frá meiri hl. n. vildi ég segja það, að við teljum, að þessu frv. yrði stórlega spillt, ef 6. gr. verður felld niður. Mjög mikið yrði dregið úr þeirri þýðingu, sem þessi löggjöf annars gæti haft, ef gr. verður ekki samþ. eins og hún er í frv. stj. Atvmrh. gaf á fundi n. upplýsingar um, að hann hefði látið fara fram athugun viðvíkjandi kostnaði þessara framkvæmda, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, virðist hér ekki um eins mikinn kostnað að ræða og margir hafa haldið í fyrstu.

Viðvíkjandi láni úr fiskveiðasjóði Íslands skal ég taka það fram, að samkvæmt samtali við skrifstofustjóra fiskveiðasjóðs mun fiskveiðasjóður geta lánað fé, sem til þessara framkvæmda þyrfti, en gegn því að nota þá heimild, sem sjóðsstjórnin hefur í l. til þess að gefa út skuldabréf. En til þess að ekki þyrfti að draga saman lánveitingu sjóðsins til fiskiskipasmíða, mun n. þurfa að hækka heimildina í l., og mun sjútvn. vera reiðubúin til þess að flytja till. um það, þegar sjóðsstjórnin óskar þess.

Viðvíkjandi afstöðu til þessa frv. að öðru leyti get ég sagt fyrir mitt leyti, að ég hefði talið, að náðst hefði betri árangur með því með einkasölufyrirkomulagi. Hins vegar verð ég að líta svo á, að þetta frv. sé tilraun til samkomulags milli allra flokka til þess að ráða bót á því ófremdarástandi, sem nú ríkir í olíuverzluninni. Með þetta fyrir augum vil ég leggja til, að þetta frv. verði afgr. með þeim breyt., sem sjútvn. hefur hér lagt til, og að það verði afgr. sem allra fyrst.

**Eysteinn Jónsson:** Ég hef sérstöðu um eina brtt., sem kemur fram frá fjórum nm. Brtt. þessi fjallar um það að fella niður úr frv. heimild til þess að styðja samvinnufélögin, sem mun í þessu tilfelli þýða sama sem kaupfélögin, til þess að koma sér upp olíugeymum. Eins og frv. var byggt upp af hendi atvmrh. var heimild til að veita stuðning öllum þeim félögum, sem uppfylltu skilyrði samvinnufélaga, til þess að koma upp olíugeymum. Atvmrh. fannst þetta eðlilegt, en fjórir nm. vilja nú gera þá brtt. að útiloka kaupfélögin frá því að fá slíkan styrk, en vilja binda heimildina við félög útgerðarmanna og olíusamlögin. Ég get engan veginn fallizt á þær röksemdir, sem meðnm. mínir hafa lagt fram fyrir þessari breyt., og tel, að það sé rangt að útiloka kaupfélögin á þessa lund. Ég vil sérstaklega benda á, að svo er víða ástatt í landinu og verður sjálfsagt víða svo ástatt, er stundir líða, að útvegsmenn eru með öðrum mönnum í verzlunarsamtökum. Þar, sem þannig háttar til, er vitanlega eðlilegt, að þau félög, sem þannig eru byggð upp, vilji sjálf koma sér upp tækjum til þess að verzla með þessa einu nauðsynjavöru útvegsins, og ég sé því ekki annað en það sé fullkomlega eðlilegt, að þeim sé veitt heimild til slíks stuðnings. Kaupfélögin eru byggð þannig upp, að þau fullnægja þeim ákvæðum, sem hér eru sett í frv. um olíusöluna,

þannig að þau skipta arðinum af rekstri sölunnar milli félagsmanna í hlutfalli við viðskiptin Kaupfélögin eiga því jafnfullkominn rétt til að verða aðnjótandi þeirra réttinda, sem l. heimila, sem félög útgerðarmanna. Sú ástæða var færð fram í n. fyrir því, að þessi breyt. var gerð, að svo gæti farið, ef frv. yrði óbreytt, að einhver ráðh. tæki sig til og veitti stuðning til *þess að koma upp aðstöðu til olíusölu kaupfélaga.* En samt eru kaupfélagi á staðnum veitt sérstök réttindi samkvæmt þessum lögum. Ég benti á, að ég teldi hægt að koma í veg fyrir slík misnot með því að setja þau ákvæði inn í frv., að ef fleiri en eitt félag í hverri verstöð sækir um stuðning samkvæmt lögum þessum, þá skal það félag sitja fyrir, er flesta útgerðarmenn hefur innan sinna vébanda. Þar með gætu útvegsmenn valið á milli, hvort þeir vildu heldur hafa þessi viðskipti við kaupfélögin eða hafa sérstakan félagsskap. Þetta vildu meðnm. mínir ekki fallast á, svo að ég hef nú leyft mér að flytja brtt. á þskj. 447, og er það viðauki við 2. gr. Fjallar hún um, að ekki skuli veita nema einu félagi í hverri verstöð þennan stuðning. Enn fremur legg ég til, að bætt verði við eftirf.:

„Nú sækja fleiri en eitt félag í hverri verstöð um stuðning samkvæmt lögum þessum, og skal þá það félag sitja fyrir, er flesta hefur útgerðarmenn innan sinna vébanda."

Ég álít, að þetta ákvæði verði til tryggingar því, að ríkisstj. á hverjum tíma veiti því félagi stuðning, sem flestir útvegsmenn standa saman í. Ég get ekki séð nokkra ástæðu til þess, að Alþ. sé að setja ákvæði í l., sem beinlínis koma í veg fyrir það, að fleiri útvegsmenn geti tekið þátt í almennum verzlunarsamtökum landsmanna, sem heimili þessi viðskipti. Mér finnst því alveg stefnt í ranga átt hjá fjórum meðnm. mínum, sem leggja til, að það þurfi að *hafa sérstök samtök um þessa einu vörutegund.* Mér finnst hins vegar, að mönnum ætti að vera frjálst, hvort þeir vilji heldur vera í sérstökum samtökum eða standa með öðrum stéttum. Ef útvegsmenn vilja standa með öðrum stéttum, þá finnst mér því alls ekki rétt að útiloka þá frá því.

Ég ætla mér ekki að tefja þetta mál og læt því þessi orð nægja til þess að benda hv. dm. á, í hverju ágreiningurinn milli meðnm. minna og mín er fólginn.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Herra forseti. Út af nál. sjútvn., sem hér liggur fyrir, vil ég í fyrsta lagi taka það fram, að ég tel, að breyt., sem n. hefur gert við 1. gr. frv., en breyt. er um heimild stj. til þess að taka allt að 5 millj. kr. lán, sé til bóta, og því skuli bæta þessari mgr. aftan við 1. gr.

Breyt., sem gerð er við 3. gr., er ég einnig fylgjandi, sérstaklega eftir að ég lét fara fram athugun á því, hve kostnaður mundi verða mikill við þessar framkvæmdir.

Um þá breyt., sem n. hefur orðið sammála um að gera við 2. gr. og í raun og veru er aðeins sú að fella niður rétt samvinnufélaga til þess að fá þau réttindi, sem frv. gerir ráð fyrir, verð ég að segja það, að mig undrar þessi brtt. nokkuð, af því að mér virðist hún ekki gera annað en lögbinda það, að þau félög, sem um er að ræða, verði annaðhvort að vera félag útvegsmanna eða olíufélag. Í l. um samvinnufélögin frá 1921 eru ákvæði um, hvað orðið samvinnufélag þýðir, en það er félag, sem uppfyllir ákveðin skilyrði, sem þar er nánar greint frá. Eins og fram kom af ræðu frsm. hér í d., virtist ríkisstj. nauðsynlegt, að væntanleg félög, sem frv. greinir frá, yrðu samkvæmt því að uppfylla þrjú meginskilyrði, sem eru fyrir því, að félag megi kallast samvinnufélag. Hins vegar eru það fleiri en kaupfélög, sem geta kallazt samvinnufélög, það geta t. d. verið framleiðendafélög eða útgerðarfélög, sem uppfylla þessi ákveðnu skilyrði. Það er t. d. hugsanlegt, að í einni verstöð sé samvinnufélag, sem annast sölu á olíu, án þess að vera kaupfélag, svo að þetta félag yrði þá að breyta stefnu sinni til þess að geta orðið aðnjótandi þessara réttinda. Mér finnst því ekki ástæða til að fara þannig að, og fyrir mitt leyti tel ég þessa breyt. til hins verra.

Loks vil ég taka það fram viðvíkjandi 6. gr., sem tveir nm. áskilja sér rétt til að greiða atkvæði gegn eða bera fram brtt. við, að ég tel mjög æskilegt, að hún fái að vera eins og hún er, og tel, að sá árangur, sem á að ná með þessari löggjöf, sé undir því kominn, að 6. gr. verði óbreytt.

Loks vil ég taka það fram að gefnu tilefni frá hv. þm. Ísaf., sem ég og lýsti yfir á nefndarfundi, að ég tel, að atvmrh. eigi að sjá um það, að útgerðarmönnum í verstöðvum landsins verði leiðbeint og þeir hvattir til þess að notfæra sér þau réttindi, sem þetta frv. kemur til með að veita þeim, ef það verður að l., og mun ég sjá um, að þetta verði gert, ef ég verð þá ráðh. Álít ég, að með þessu móti komist þessi löggjöf *sem fyrst að notum og* að mönnum verði mögulegt að fá olíu ódýrari og á hagkvæmari hátt en áður hefur verið.

**Sigurður Kristjánsson:** Herra forseti. Eins og frsm. gat um, höfum við hv. þm. Vestm. (JJós) sérstöðu um eina gr. frv. Annars höfum við ekki talazt við þannig, að ég geti talað fyrir hans hönd, en sameiginlega hefur það verið skoðun okkar, að eignarnámsheimildin í 6. gr. frv. sé óvenjulega rúm og sé því varhugavert að ganga inn á þá braut að veita slíka eignarnámsheimild jafntakmarkalaust.

Ég hef í upphafi þrennt við frv. ríkisstj. að athuga. Í fyrsta lagi geri ég þá athugun við 1. gr., að mér þykir, að heimildin, sem gr. veitir ríkisstj., geti varla staðizt, nema tiltekið verði það fé, sem til þessara framkvæmda þarf. Og því fer fjarri, að ég vilji, að þetta verði skorið við nögl, enda var n. sammála um, að þetta yrði takmarkað við ákveðna upphæð úr ríkissjóði. En *vitanlegt er, að Alþ. mundi bregðast vel við* og rýmka þessa heimild, ef sú upphæð reyndist of lítil og nauðsyn bæri til að hækka hana. Það er góð regla, sem alls ekki er rétt að víkja frá, að Alþ. setji einhver ákveðin mörk fyrir því fé, sem ríkissjóður megi eyða, hversu nauðsynlegt það verk er, sem framkvæma á.

Í öðru lagi hef ég verið dálítið hugsandi yfir því, hvort fiskveiðasjóður gæti risið undir þeim kvöðum, sem honum eru gerðar með 3. gr. Við í sjútvn. höfum orðið ásáttir um það, eftir að hafa átt samtal við framkvæmdastjóra fiskveiðasjóðs, að vel geti staðizt samkvæmt l. sjóðsins 75 þús. kr. lánveiting með hliðsjón af lánum til hliðstæðra fyrirtækja, og það virðist svo eftir áætlun ríkisstj., að varla geti orðið meiri kostnaður við að koma upp hverjum olíugeymi en að félögin gætu látið sér nægja 75 þús. kr. lán úr fiskveiðasjóði. Til þess svo að bægja frá hugsanlegri hættu fyrir sjóðinn varð samkomulag um það að hækka framlag ríkissjóðs úr ⅛ af byggingarverði eða kaupverði í ⅕. Þar sem gert er ráð fyrir í l. fiskveiðasjóðs, að lán til slíkra hluta megi ekki nema meiru en 40% af byggingar- eða kaupverði, þótti okkur auk þess nauðsynlegt að breyta l. fiskveiðasjóðs í samræmi við þessi l. Þess vegna hefur sjútvn. lagt fram frv. um breyt. á l. sjóðsins, sem fyrst og fremst er heimild á lánveitingu til olíugeymastöðva með hækkun á hámarki lánveitinga úr fiskveiðasjóði upp í 50%, og enn fremur lán til skipasmíða, vegna þess að það er viðkunnanlegra, að fiskveiðasjóði sé stjórnað í samræmi við hans eigin l., sem verður nánar rætt, er það mál kemur hér til umr.

Ágreiningurinn er um það að taka efni 6. gr. til lagfæringar, því að við hana get ég ekki sætt mig. Hér er um að ræða að veita ríkisstj. heimild til eignarnáms á eignum olíufélaganna. Þetta er tvenns konar: Annars vegar að taka landsvæði, lendingarstaði og bryggjur frá einstaklingum og félögum, hins vegar að taka eignarnámi olíugeyma og aðrar eignir olíufélaganna. Í fyrsta lagi tel ég víst, að hægt sé að ná samkomulagi um slíka hluti og þurfi nær hvergi að grípa til harðræða til þess að fá olíugeyma og önnur tæki félaganna keypt. En ef svo færi, að á einhverjum stað næðist ekki samkomulag, væri ekkert því til fyrirstöðu að fá Alþingi til þess að veita eignarnámsheimild. Í öðru lagi sýnist ekkert vera því til fyrirstöðu, að ríkið komi upp þessum tækjum sjálft í stað þess að taka þannig eignir olíufélaganna.

Olíufélögin selja nær alla brennsluolíu, sem seld er hér innan lands, og munu þau geta litið svo á, að hér sé gerð hörð tilraun til að taka olíuverzlunina úr sínum höndum. Má því búast við, að þau snúist hart við til þess að reyna að halda fríðindum sínum. Olíufélögin hér njóta ríkulegs stuðnings erlendra verzlunarfyrirtækja. Geta þau fyrirtæki vel litið svo á, að hér sé um óvenjuleg ráð að ræða til þess að ná í okkar hendur þessum eignum. Ef við í löggjöf setjum að óþörfu óvenjuleg ákvæði í þessa átt, ákvæði, sem aðrar þjóðir teldu ekki menningarlegar, gæti það haft alvarlegar afleiðingar fyrir okkur. — Ég vildi aðeins láta þessa getið, þótt olíufélögin séu innlend fyrirtæki.

Það ber að gjalda varhuga við að setja í íslenzka löggjöf ákvæði, sem samrýmast ekki réttarmeðvitund fólksins, og það samrýmist ekki réttarmeðvitund þess, að einhver aðili geti tekið mannvirki eignarnámi sjálfum sér til eignar. Get ég því ekki fallizt á að samþ. þessa till. og tel ég málinu borgið, þótt 6. gr. falli niður. En ef hún verður samt sem áður samþ., munum við hv. þm. Vestm. taka það til athugunar, hvort við berum fram brtt. þar að lútandi við 3. umr. málsins.

**Forseti (EmJ):** Það er svo til ætlazt, að fundi verði brátt lokið, en óskir hafa borizt um, að málinu verði lokið nú á þessum fundi. Ef ekki væri um langar umr. að gera, gæti ég orðið við þeim óskum, en annars mundi umr. standa svo langt fram á fundartíma sameinaðs Alþingis, að ekki væri við unandi.

**Ólafur Thors:** Ég hafði ákveðna fyrirspurn til ráðherra, og er ég hefði fengið henni svarað, hafði ég hugsað mér að láta í ljós víðtækar athuganir um mál þetta.

**Gísli Sveinsson:** Það er óneitanlegt, að ekki er hægt að neita Sþ. um að taka til starfa. En ég vildi gera þá uppástungu, hvort hæstv. forseti sæi sér ekki fært að boða deildarfund síðar í dag, þar sem þetta mál yrði tekið fyrir.

**Forseti (EmJ):** Fundi er frestað til kl. 5 síðdegis. — [Fundarhlé].

**Ólafur Thors:** Herra forseti. Ég hefði viljað leyfa mér, áður en ég vík nánar að þessu máli, að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvmrh., hvort hann hugsi sér að hagnýta heimild 6. gr. frv., ef að l. verður, og ef svo er, þá í hve ríkum mæli. En samkv. henni er ráðh. heimilað að leyfa samböndum olíufélaga, samvinnufélögum, olíusamlögum eða félögum útgerðarmanna að taka lóðir eða lóðaréttindi eignarnámi til þess að reisa á olíugeyma og nauðsynleg mannvirki í sambandi við rekstur þeirra. Enn fremur er ráðh. heimilað með þeirri gr., er hann hefur fengið umsögn Fiskifélags Islands og vitamálastjóra, að ákveða, að ríkisstj. taki leigunámi eða eignarnámi olíugeyma, sem eru í eign einstaklinga eða félaga, og framlengja þá eða selja þá sambandi olíusamlaga, olíusamlögum, samvinnufélögum eða félögum útgerðarmanna, ef með þeim hætti verður talin nást hagkvæmari dreifing á brennsluolíu til landsmanna. Og ég vil sérstaklega spyrjast fyrir um þetta vegna þess, að hér er orðrómur á sveimi, í Alþ. jafnvel, um það, að ráðh. hugsi sér alls ekkert að nota slíka heimild, ef gefin verður. Hins vegar vil ég ekki fara dult með það, að mér og ýmsum flokksmönnum mínum er það um geð að leyfa að taka ótilteknar eigur annarra borgara í þjóðfélaginu eignarnámi og á ótilteknum tíma og án þess að þessari heimild fylgi nokkur skylda til þess að taka þannig þessar eignir. Ég teldi mikils um vert, áður en þessu máli er til lykta ráðið, að fyrir lægju svör hæstv. atvmrh. um það, hvort hann ætlar að hagnýta þessa heimild, og ef svo er, þá í hve ríkum mæli hann hyggst gera það.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Herra forseti. Í tilefni af fyrirspurn hv. þm. G.-K. vil ég upplýsa, að í sambandi við þetta lagafrv. hefur

ríkisstj. látið gera athugun á því, hve víða á landinu væri æskilegt og þörf fyrir, að nýbyggingar væru framkvæmdar, ef þetta frv. verður að l. Það má því segja, að hvað það atriði frv. snertir, hafi verið gerð a. m. k. drög til áætlana um framkvæmdir í þessu sambandi. En viðkomandi heimildinni, sem er í 6. gr. frv. og hér er sérstaklega spurt um, vil ég upplýsa, að það er engin áætlun til um það nú, hvernig eða hvar þessum heimildum kynni að þurfa að beita. Eins og niðurlag gr. ber með sér, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta, „ef með þeim hætti verður talin nást hagkvæmari dreifing á brennsluolíu til landsmanna“, og ef þessi gr. verður samþ. óbreytt, eins og hún er nú, þá fær sá ráðh., sem hefur þessi mál til framkvæmda, vald til þess að taka eignarnámi eða leigunámi olíugeyma, ef með þeim hætti verður talin nást hagkvæmari dreifing á brennsluolíu til landsmanna. Það er ekki hægt fyrir mig á þessu stigi málsins að vita um það, hvort eða hve víða það kynni að sýna sig, að þörf væri á að nota þessa heimild til þess að ná því marki, sem síðasta setning gr. tekur fram. Það hafa verið gerð drög til áætlunar um smíði olíugeyma, en það liggur ekki fyrir áætlun um þetta atriði. Og ég sé ekki, að hægt sé að áætla það nú.

**Ólafur Thors:** Eins og menn hafa heyrt, þá er ekki hægt að fá nein svör við því hjá hæstv. ráðh., að hve miklu leyti hann telur nauðsynlegt að nota þessa takmarkalitlu heimild til leigu- eða eignarnáms. Skal ég víkja að því síðar.

Eg vil að öðru leyti, út af þeim ræðum, sem hæstv. atvmrh. flutti, þegar hann reifaði þetta mál við 1. umr., og ræðu, sem síðar var nokkuð með óvenjulegum hætti birt í útvarpinu, geta þess, að ég tel, að í þeirri síðastnefndu ræðu sé ekki nákvæmlega með staðreyndir farið og óþarflega hallað á fyrrverandi ríkisstj. í málinu. Það er eiginlega ekki annað að sjá af þessari ræðu en að núverandi ríkisstj. hafi ein og fyrst allra séð ástæðu til þess að rísa gegn fyrirhuguðum breyt. Bandaríkjamanna í sambandi við olíusöluna. Og segir hæstv. ráðh. um það í þeirri ræðu, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórnin tók við olíumálum landsins þannig 16. des. s. l., að stórkostleg hækkun á heildsöluverðinu var skollin á.“ — Þetta er rangt. Það var engin hækkun skollin á í raun og veru, því að einmitt vegna þess, að fyrrverandi ríkisstj. tók í öndverðu á þessu máli eins og hún gerði, var verðhækkunin ekki skollin á. Fyrrverandi ríkisstj. hélt því fram við yfirvöld Bandaríkjanna í þessum málum, að verðhækkunin væri óþörf. Þegar mér bárust til eyrna þessar kröfur frá olíufélögunum um hækkun á olíuverðinu, þá færði ég fram við sendiherra Bandaríkjanna öll þau rök í þessu máli, sem til greina koma. Ég gerði það mest í viðræðum við hann, en sumpart í bréfi, sem ég afhenti honum. Í bréfinu segi ég beinlínis, að verði ekki fallizt á kröfur Íslendinga um þetta, þá verði ekki annað sýnna en ríkissjóður muni þurfa að greiða mismuninn á verðinu, þ. e. olíuhækkunina, og það verði kannske með öllu ókleift fyrir ríkissjóð eins og komið væri fjárhagsástæðum Íslendinga. En ég sagði við sendiherrann strax í upphafi, að þessar kröfur væru með þeim blæ, að þær væru ekki frambærilegar. Við Íslendingar höfðum samið við Bandaríkin um sölu á sjávarafurðum til þeirra í heilt ár fram í tímann. Að sönnu tóku Bandaríkin ekki sömu ákvörðun um olíuverðið og Bretar, en þeir ábyrgðust á sínum tíma, að Íslendingum skyldi bætt það, ef olíuverðið hækkaði. Þetta var ekki tekið með í samningana við Bandaríkin beinlínis vegna þess, að það var talið sjálfsagt, að Bandaríkin tryggðu þetta, m. a. af því, að það var talin siðferðileg skylda, að olíuverðið yrði ekki hækkað, meðan samningurinn gilti, því að það er óeðlilegt og óaðgengilegt, þegar Íslendingar seldu vörur sínar til árs fram í tímann, að ein aðalnauðsynjavara þeirra hækkaði með þeim hætti, sem hér skyldi verða. Hér var sem sé ekki um að ræða hækkun, sem stafaði af venjulegum verðlagsbreyt. á flutningsgjaldi eða verðlagsbreyt. á erlendum markaði, heldur af samningum, sem komið var á milli Bretastjórnar og Bandaríkjastjórnar, án þess að Íslendingar væru að spurðir. Og það væri að koma aftan að Íslendingum, ef Bandaríkjamenn semja um kaup á íslenzkum vörum fram í tímann og gera svo skipulagsbreyt. á sölu olíunnar og breyt. á verði hennar á sama tíma. Ég sýndi sendiherranum fram á þetta. Og ég sýndi honum líka fram á það, að þegar sú skipulagsbreyt. yrði, þá ætti af henni að leiða lækkun á flutningsgjöldum, en ekki ferfalda hækkun, eins og Bandaríkjastjórn fór fram á, að reiknað yrði með. Ég sýndi fram á, að hvorki reikningslega séð né eftir eðli málsins væru þessar kröfur frambærilegar.

Ég held, að það hafi ekki farið dult hjá sendiherra Bandaríkjanna frá því fyrsta, er ég talaði við hann, að hann var á mínu máli um þetta. Og ég held, að þegar sendiherra okkar kom fram með málaleitun um þetta og jafnframt var talað um þetta gegnum sendiherra Bandaríkjanna hér, þá hafi málstaður minn náð fram að ganga.

Ég get nú ekki sætt mig við, að ópólitísk stjórn láti birta það í útvarpi, að þessi mál hafi verið eins og skip, stjórnlaust og stýrislaust, þangað til hæstv. núverandi stjórn tók stjórnvölinn í sínar hendur. Þetta er að vísu ekki aðalatriði málsins. En ég hefði gaman að heyra þau rök, sem hæstv. atvmrh. hefur fært fram til framdráttar þessu máli, umfram það, sem núverandi stjórn færði fram og náðu til úrslita í þessu máli. Eru þau meira en þetta: Við höfðum selt vörur okkar fyrir eitt ár fram í tímann, og það var ekki frambærilegt að koma aftan að okkur með samningum milli ríkja á þeim tíma um olíuverzlunina, sem höfðu í för með sér hækkað verð á þeirri vöru, þar sem Bandaríkin höfðu selt okkur olíuna, samningum, sem yrðu þess valdandi, að olíuverðið stórhækkaði. Í öðru lagi, að af þessari skipulagsbreyt., sem fyrirhuguð var á olíuverzluninni, leiddi eðli málsins samkvæmt, að verðið átti að lækka, en ekki hækka, bæði af því að skipin, sem fluttu olíuna, voru stærri og farmgjöldin

lægri og auk þess vátrygging ódýrari með þessu fyrirkomulagi. Og loksins, að í þeim umr., sem farið höfðu fram um málið, hafði flotamálastjórn Bandaríkjanna hér á landi eða yfirmaður hennar látið þess getið, að hann teldi útilokað, að af þessu skipulagi gæti leitt hækkun á farmgjöldum. Hann hafði að vísu ekkert umboð Bandaríkjastjórnarinnar til þess að segja þetta, heldur þá heilbrigðu skynsemi, sem leiðbeindi honum um það, að þetta væri það eðlilega og þess vegna gæti engin hækkun á olíuverðinu komið til greina. — Ég vildi gjarnan fá að heyra hvaða rök það væru, sem hæstv. núverandi ríkisstj. hefur flutt fram, sem gefur hæstv. atvmrh. ástæðu til þess að hafa að engu það, sem fyrrverandi stjórn hafði gert í þessu máli og grundvallar þessa staðhæfingu: „Ríkisstjórnin tók við olíumálum landsins þannig 16. desember s. l., að stórkostleg hækkun á heildsöluverðinu var skollin á.“ Hvaða tillögur til úrbóta voru það, sem núverandi hæstv. stjórn bar fram, fram yfir það, sem fyrrverandi stjórn bar fram um það, að verðhækkun ætti ekki að skella á? Og bar ekki fyrrverandi ríkisstj. fram rök sín af því, að verðhækkunin var ekki skollin á? Mig langar til þess að fá þessu svarað. Og þetta gæti kannske orðið tilefni til þess, að ég gæti fengið að ræða þetta í útvarpi við hæstv. ráðh. Ég held því fram, að á þessu máli hafi verið tekið af fullkominni festu af hæstv. núverandi ríkisstj. og að þar hafi notið við aðgerða fyrrverandi stjórnar í málinu.

Varðandi þetta frv. að öðru leyti veit ég ekki betur en hæstv. ríkisstj. njóti um það stuðnings þingsins. Og mér hefur verið tjáð af formanni mþn. í sjávarútvegsmálum, að rannsókn málsins væri ekki það langt komið enn þá, að fyrir lægi málefnaleg rannsókn, sem nægði til þess, að málið yrði borið fram á Alþ. Og mér finnst líka eðlilegt, að svo sé. Hitt er svo rétt stefna að minni hyggju í þessu máli, að að svo miklu leyti sem sjávarútvegurinn er ekki fær um af eigin rammleik að koma sér upp þeim tækjum, sem nauðsynleg eru til þess að geta rekið sjálfur þessa verzlun, þá skuli ríkið aðstoða hann til þess. En ég hygg nú, að það orki tvímælis, í hverju sá stuðningur eigi að liggja. Það er eitt af því, sem betur þarf að rannsaka. En að minni hyggju hafði ég talið, að mest nauðsyn væri á, að ríkið tryggði, að hér kæmist á eins konar sölumiðstöð á olíu í Reykjavík eða annars staðar þar, sem hentugast þætti að koma henni á. Ég held, að ég megi segja það almennt fyrir hönd sjálfstæðismanna, að við teljum eðlilegast, að útgerðarmenn eins og aðrir hafi þau samtök, sem þeim sjálfum líkar, til þess að afla sér nauðsynja sinna, og það af eigin rammleik. Svo getum við tekið undir það, að einstaklingum er ekki kleift að ráðast í það í þessu efni. Og ég held, að olían falli kannske ein sér eða þá í fremstu röð af nauðsynjum útgerðarinnar undir þann ramma, að þetta sé ofviða einstaklingum. Útgerðarmenn hafa reynzt færir um að kaupa salt- og kolafarma og veiðarfæri og annað handa útgerðinni af eigin rammleik. En reynslan hefur sýnt, hve miklum erfiðleikum það er bundið hér á landi að koma upp stórum tönkum, til þess að þessi verzlun gæti orðið rekin á hagkvæmasta hátt. Ég hef ekki komið auga á, að það atriði yrði betur tryggt með öðru en því, að þeir útgerðarmenn, sem koma vilja sér upp tönkum, geri með sér eigin samlög. Og ég viðurkenni, að ég hafði helzt látið mér koma til hugar, að þar þyrfti stór birgðastöð að koma til — og þá kannske, að þar með fylgdu skip og annað, sem þyrfti til þess að annast dreifinguna. Að þessu leyti er þessi till., sem hér er fram borin, í fullu samræmi við till. okkar sjálfstæðismanna.

Það verður svo alveg mál fyrir sig, hvenær á að láta skríða til skarar um þetta. Það má segja, að því fyrr sem hafizt er handa, því fyrr nái málið höfn í þessu efni, og skal ég á engan hátt mótmæla því, að eitthvað verði nú þegar að gera í þessu efni. Ég hygg þó, að róleg og skynsamleg yfirvegun á málinu mundi hafa leitt til þess, að menn hefðu komizt að niðurstöðu um, að það væri kannske ekki öðru sinni síður ástæða til þess að leggja í dýran stofnkostnað en í dag, vegna þess að nú getum við haft óvenjulega sterka aðstöðu til þess að hafa fullt eftirlit með álagningu olíufélaganna. Ég skal ekki ráðast á olíufélögin, ég hef ekki næga þekkingu til þess, en ég geri ráð fyrir, að þau hafi aldrei gert ráð fyrir að vera neinn frelsisher hér á landi, heldur ætlað sér að hagnast á olíuverzluninni svo sem kostur væri. Ég geri ráð fyrir þessu, en veit ekkert um þetta. Mér er sagt, að árin fyrir stríð hafi þessi félög tapað, vegna þess að erfitt hafi verið að fá greiðslur fyrir vörur, sem þau seldu. Um þetta veit ég ekki heldur. En hafi nokkru sinni verið hægt að hafa eftirlit með álagningu þessara félaga, þá hlýtur það að vera nú, ef verðlagseftirlit ríkisins er ekki bara sjón, heldur reynd. Mér er sagt, að olían fáist nú fyrir um 17 aura lítrinn hér í Hvalfirði. Það getur ekki verið ofviða verðlagsyfirvöldunum að hafa þekkingu og dugnað til þess að sjá um, að þessir 17 aurar verði ekki margfaldaðir, þegar olían kemur til þeirra, sem nota hana. Af þessum ástæðum er síður þörf á að ráðast í þetta nú en kannske verða mun nokkurn tíma síðar. Það er varhugavert, ef stíga á stórt spor, að hafa ekki alla gætni við. Menn skyldu varast að stofna til fyrirtækis með meiri kostnaði en þörf er á, en stofnkostnaður mundi vafalítið verða meiri nú en á venjulegum tímum. Þeir, sem fara með slík mál, verða að kunna fótum sínum forráð. Aukakostnaður sá, sem af dýrtíðinni leiðir, mundi auðvitað leggjast með áframhaldandi þunga á rekstrarafkomu næstu ára. Ég vil lýsa yfir því hér fyrir mitt leyti, að ég er samþykkur þeirri grundvallarhugmynd, að útvegsmönnum sé gert léttara fyrir að því leyti, sem þeir eru ekki einfærir um það að ná í sínar hendur viðskiptum með þessar nauðsynjavörur sínar, en vil þó beina til hæstv. Alþ. og stjórnarvaldanna þessum tveim fyrirspurnum: Er það ekki rétt, að einmitt nú höfum við sérstaka aðstöðu til að hafa öruggt eftirlit með vöruálagningu, og leiðir ekki af því, að af þeirri ástæðu sé minni þörf en ella mundi á því að leggja í mikinn stofnkostnað, eins og hér er ætlazt til? Og ber ekki

að hafa hliðsjón af þessu, þar sem vitað er, að stofnkostnaður mundi vera margfaldur á við það, sem vera mundi, ef beðið yrði? En sé sú skoðun hæstv. ráðh. á rökum reist, að sérstök ástæða, sem mér er ekki kunn, sé fyrir hendi og hafa verði hraðann á um þetta mál, þá vil ég raunar segja það, að svo margur peningurinn fer til misjafnra hluta, að ég sé svo sem ekkert eftir því, þó að geymarnir verði eitthvað dýrari en ella mundi. Hins vegar er ég andvígur því fyrir hönd útvegsmanna að ráðast í það nú að taka hina stóru olíugeyma, ef greiða á þá með sannvirði dagsins í dag.

Ég verð að viðurkenna, að mér þótti 1. gr. frv. nokkuð glannaleg, þó að ákvæði hennar þyrftu raunar ekki að leiða til óráðs, ef hæstv. ríkisstj. kynni nægilega fótum sínum forráð. Það væri glannalegt af hæstv. Alþ. að veita ríkisstj. heimild til að framkvæma allt það, sem 1. gr. fjallar um. En nú hefur hv. n. dregið mjög úr þessu með þeirri takmörkun, sem á þetta er sett, og ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. taldi hana til bóta. Ég lít á þetta sem yfirlýsingu af hans hálfu um það, að hann ætli ekki að nauðsynjalausu að haga framkvæmdum þannig, að stofnkostnaður verði óeðlilega mikill. Frá sjónarmiði Sjálfstfl. er ekkert í 1. gr., sem stríði á móti stefnu flokksins eða sé í ósamræmi við eðlilega lausn málsins, en um 6. gr. er það að segja, að ég get ekki greitt atkv. með henni. Það er réttilega tekið fram hjá hv. 7. þm. Reykv., að um er að ræða tiltekna eignarnámsheimild. Er ástæða til að ætla, að Alþ. muni neita hæstv. ríkisstj. um þessa heimild, og er hæstv. ráðh. viss um, að þeir aðilar, sem hlut eiga að máli, muni ekki telja, að hér sé of langt gengið að nauðsynjalausu? Ég skal viðurkenna hér í þingsalnum, að ég veit ekki, hvernig við erum á vegi staddir um öflun olíu. Við sáum það, að víða var hægt að fá olíu fyrir stríð, og við vorum komnir á rétta leið um öflun hennar. Ég ætla ekki að ganga lengra, ég veit, að menn skilja, við hvað ég á. En um 6. gr. vil ég að öðru leyti segja það, að ég held, að mig reki rétt minni til, að um svona eignarnámsheimild urðu hörð átök í fyrra, og Alþ. neitaði þá um hana nema með því skilyrði, að lögð væri á ákveðin skylda, sem væri innt af höndum innan stutts frests. Alþ. sagði þá, eins og ég vil segja nú, að slíku ætti ekki að beita nema í ýtrustu nauðsyn. Það er vissulega of nærri gengið einstaklingsfrelsinu, ef menn eiga yfir höfði sér sverð eignarnámsins og geta búizt við því, að eignir þeirra verði teknar að miklu eða öllu leyti, — ef ekki nú, þá síðar meir. Slík óvissa hlýtur að lama allan atvinnurekstur. Fyrir þessu kunna að vísu að vera einhver fordæmi, en þó minnir mig, að fyrirtæki eins og t. d. póstur og sími hafi enga heimild til að taka lóðir eignarhaldi, þó að þau þurfi á þeim að halda, og er þó hér að ræða um einhverjar nauðsynlegustu stofnanir þjóðfélagsins, og eignarnámsheimildir í sambandi við hafnargerðir tel ég ekki hliðstæðar þessu. Ég vil því mjög brýna fyrir mönnum að lögfesta hér ekkert, sem gæti orðið vopn í baráttunni gegn góðri hugsun, og allra sízt ætti að gera slíkt, ef ekki er fyrir hendi skilyrðislaus nauðsyn.

Ég hef nú beint nokkuð mörgum fyrirspurnum til hæstv. ráðh. Hann getur haft svör sín stutt, að því er snertir athugasemdir mínar við ræðu þá, sem hann hélt við 1. umr. En ég vildi heyra, hvort honum finnst ég deila á hann af ósanngirni. Hitt skiptir þó meira máli, hvort hann telur hyggilegt að hafa 6. gr. eins og hún er, hvort það er ekki rétt hjá mér, að við stöndum nú óvenjuvel að vígi um það að hafa eftirlit með verðlaginu, og hvort hann kvíðir því ekki, að stofnkostnaðurinn muni valda útveginum erfiðleikum.

Að lokum vil ég segja, að ég sé í þessari hugmynd áframhald þeirrar viðleitni útvegsmanna undanfarin ár að gæta hagsmunamála sinna, og ég vona, að þeim veitist, áður en langt um líður, færi á að kaupa olíu sína sjálfir og síðan kannske salt, kol og veiðarfæri. Þetta er eðlilegt og æskilegt, þó að hverjum útvegsmanni verði vitanlega frjálst að vera utan við slík samtök. En mér finnst þó æskilegt, að þeir hafi sín viðskipti fyrir sig.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. þm. G.-K. vil ég láta í ljós ánægju mína að svo miklu leyti sem hann er stuðningsmaður þessa frv. Mér skilst af ræðu hans, að hann sé því samþykkur, að ríkisvaldið stuðli að því, að útvegsmenn geti fengið nauðsynjavörur sínar keyptar á sem ódýrastan hátt með samvinnu, og er það vel.

Hv. þm. spurðist sérstaklega fyrir um það, hvort ég teldi ekki 6. gr. frv. varhugaverða, vegna þess, að mér skildist, að olíufélögin væru það voldug, að þessi gr. gæti valdið óþægindum, ef samþ. yrði. Ég veit um tvö olíufélög, Olíufélag Íslands og Shell, og ég geri ráð fyrir, að þau séu bæði voldug að því leyti, að þau hafa grætt mikið á undanförnum árum og eru peningalega sterk, en ég sé ekki, að það geti breytt neinu um afstöðu þingsins til 6. gr., ef hún er nauðsynleg til að ná því marki, sem við erum sammála um, að verði að ná, — að koma olíudreifingunni í gott horf. Það ætti þá ekki að skipta máli, hvort þesum tveim aðilum líkar dálítið betur eða verr. Ég sagði á fundi í dag, að ég teldi æskilegt til að ná fullum árangri að hafa þessi ákvæði í frv., og sú skoðun mín er óbreytt enn. Mér virðist því ekki þörf á að fara frekar út í þetta atriði frv. En ég hlýt að koma örlítið inn á það, sem hv. þm. hóf mál sitt á, þar sem hann ætlar mig fyrir að hafa við framsögu þessa máls hér í hv. d. hallað réttu máli og ekki farið nákvæmlega með staðreyndir, heldur hallað á fyrrv. ríkisstj. Ég furða mig mjög á þessum ásökunum, því að ég hef það ekki á tilfinningunni, að ég hafi hallað á fyrrv. ríkisstj. Það, sem hv. þm. á við, eru þessi orð mín: „Ríkisstj. tók við olíumálum landsins þann 16. des., og var þá stórkostleg hækkun skollin á. Samkv. upplýsingum olíufélaganna nam þessi hækkun 7 millj. kr., en fyrir góðan skilning Bandaríkjastjórnar fékkst þessi hækkun felld úr gildi og það þannig, að hún verkaði aftur fyrir sig.“ Ef eitthvert orð í þessu er ekki rétt, er ég reiðubúinn að taka það aftur. Heildsöluverðið var hækkað, og lágu fyrir tilkynningar um það, og eingöngu þess vegna

taldi fyrrv. utanrh. þörf á að ræða málið við sendiherra Bandaríkjanna og gera um það skriflegt erindi til sama ríkis. Hann gat ekki verið að ómaka sig þetta nema af því, að það var komin hækkun á heildsöluverðið, enda þótt haldið væri aftur af olíufélögunum með það að hækka verðið í smásölu.

Hv. þm. G.-K. minntist á, að hann sem fyrrv. utanrh. hefði í þessu samtali við sendiherra Bandaríkjanna fært fram öll rök, sem hægt er, í þessu máli. Ekki finnst mér nú lítillætið neitt smáræði, er hann segist hafa fært fram öll rök, sem hægt er, í þessu máli. En ég ætla ekki að fara að munnhöggvast frekar um þetta eða það, hvort ég hafi fært fram einhver rök síðan, en ég vil minna hann og hv. þd. á það, að það var ekki fyrr en í marz, sem málið var leyst, og frá 16. des. og þar til í marz átti ég margar viðræður við þennan embættismann og get gefið þær upplýsingar, að hann taldi sig hafa ástæðu til að senda skeyti til sinnar ríkisstj. til frekari áréttingar á málinu. Ég veit, að hv. þm. G.-K. er það fullkunnugt, að ráðh. hefur nóg að gera og fer ekki til slíkra viðræðna nema full þörf sé á, og ég get fullvissað hann um, að ég ónáða ekki sendiherra nema nauðsyn beri til.

Með tilvísun til þeirra orða, sem ég las upp áðan og hafði við framsögu þessa máls, vil ég undirstrika það, að mér finnst ómaklegt að segja, að ég hafi farið rangt með eða hallað á fyrrv. ríkisstj.

Ég sagði áður, að núv. ríkisstj. hefði strax verið ljóst, að mikil þörf væri úrbóta. Hv. þm. spyr nú, hverjar séu úrbætur ríkisstj. Úrbæturnar eru þær, að stj. fékk því framgengt, að flotastj. seldi ekki aðeins olíufélögunum, heldur einnig öðrum stofnunum, sem ísl. stj. tilnefndi Þessara fyrstu úrbóta naut síldarútvegur Siglufjarðar á síðasta sumri með því að fá olíuna fyrir 38 aura kg., á meðan olíufélögin seldu hana á 51 eyri. Í öðru lagi er það, að útgerðarmenn á Norðfirði geta nú næstu daga fengið olíu með lægra verði. Og í þriðja lagi er það leið til úrbóta, ef Alþ. fellst á að setja þau l., sem lagt er til með frv., því að með því er ætlazt til, að hægt sé að gera dreifingu olíunnar til landsfólksins miklum mun ódýrari en áður, og þykir mér óskaplegt, að ekkert skuli hafa verið gert fyrr til þess að koma upp hæfilegum smágeymum fyrir olíu úti um land. Þetta kostar ekki meira en það, að nú á þessum dýru tímum er það hyggilegt og hagkvæmt, hvað þá fyrir fjórum eða fimm árum, þegar vinnukostnaður var ekki nema lítill hluti af því, sem nú er. Úrbætur ríkisstj. eru þær að fyrirbyggja allt of dýran rekstur á olíusölunni í landinu og skapa útvegsmönnum mun ódýrari olíu en þeir hafa átt kost á, eins og Siglfirðingar og Norðfirðingar hafa fengið og væntanlega fleiri staðir munu fá á komandi tímum.

**Ólafur Thors:** Ég verð að segja, að þessi ræða hæstv. ráðh. var eins og þegar maður heldur ræðu um sjálfvalið efni. Ég gaf ekki tilefni til, að hann talaði um úrbætur. Ég var að spyrja, hvort hann vissi um nokkur rök umfram þau rök, sem ég færði fram, er mundu hafa fengið Bandaríkin til að fallast á þetta. Ég verð að spyrja alveg sérstaklega, hvaða viðbótarrök hæstv. ráðh. hafði fram að bera. En hann þarf ekki að spyrja um mín rök, þau eru honum kunnug úr ræðu, sem ég flutti við umr. um annað mál hér í þessari hv. d. fyrir skömmu. Þar tilgreindi ég, hvernig ég hafði á þeim málum tekið. Ég veit, að honum er það kunnugt. En ég var ekki við, þegar hann flutti ræðu sína, og mér er því ekki kunnugt, hvaða viðbótarrök hann flutti fyrir sínu máli. Þess vegna spurði ég. Ég staðhæfði ekki, að ég hefði komið með öll hugsanleg rök, en ég hef ekki komið auga á nein rök önnur en þau, sem ég hef sett fram, enda held ég þau séu svo auðsæ, að hver maður geti séð, að þau styðja okkar málstað, frá hvaða sjónarmiði sem er.

Ég efast ekkert um, að það var vel ráðið að fá olíu flutta beint til Siglufjarðar og selda þar á 38 aura, eða 13 aurum ódýrari en olíufélögin seldu hana. En þar með er ekki öll sagan sögð. Það er flóknara mál en svo, að rétt mynd fáist með því að nefna þennan 13 aura mismun, því að vitaskuld borguðum við hér við Faxaflóa miklu hærra verð en við hefðum þurft að borga, ef ekki hefðu verið verstöðvar úti um land, sem þurftu að fá olíu lægra verði en hún kostaði með því að flytja hana á tunnum þangað, því að það er enginn vandi að selja olíu ódýrara frá stöð en á tunnum út um allt land. Hins vegar er ég ekkert að efast um, að þetta hafi verið góð ráðstöfun út af fyrir sig, en það var bara engin úrlausn á málinu. Það gengur út yfir alla þá, sem verst eru settir, ef olíuverðið er lækkað á þeim stöðum, þar sem auðveldast er að flytja olíuna. Það getur hver heilvita maður séð. Ég er ekki viss um, að það væri lofað og prísað svo mjög af Hornfirðingum og sjómönnum á öðrum afskekktum stöðum, ef þeir ættu að fá að borga þeim mun meira fyrir þá olíu, sem þeir fá, sem aðrir betur settir borga minna. Þetta er því svo röng mynd, sem ráðh. hefur brugðið upp, að það er furða, að enginn skuli hafa bent á það.

Eitt af því, sem verður að gera, þegar gerðar eru heilbrigðisráðstafanir, er að athuga, að þeir, sem verst eru settir, verði ekki verst úti. Ég vil ekki slá því föstu, að verðið á olíunni eigi að vera það sama á Hornafirði og við Faxaflóa, frekar en ég vil slá því föstu, að fiskverðið eigi að vera það sama alls staðar. Þetta eru bara þættir í stóru máli.

Ég bið hæstv. ráðh. að athuga, að aðfinnslur mínar við 6. gr. frv. eru ekki byggðar á persónulegum kunningsskap mínum við hlutaðeigandi menn. Ég veit ekki, hvaða geyma hæstv. stjórn hugsar sér að taka eignarnámi, né hverjir muni eiga þá. Aðalgagnrýni mín — ef hæstv. ráðh. vill ræða málið við mig — er sú, að ég á örðugt með að ganga inn á, að nokkur ríkisstj. eigi að fá heimild til að taka eignir borgaranna til hagnýtingar. Þetta var mitt sjónarmið í svipuðu máli hér á Alþ. í fyrra, og ég býst við, að það séu fleiri en sjálfstæðismenn, sem eigi erfitt með að sætta sig við slíkar aðfarir. Þetta er mjög skaðleg stefna í augum þeirra, sem vilja glæða atvinnurekstur með einstaklingsframtaki og auk þess bera virðingu fyrir eignarréttinum.

Þá tel ég, að ummæli hæstv. ráðh. í garð fyrrv. ríkisstj. hafi verið á þann veg, að þau hafi gefið ranga og villandi hugmynd að ástæðulausu. Það var fyrrv. ríkisstj., sem dró fána íslenzks sjálfstæðis að hún. Það er ekki til of mikils mælzt, að núv. ráðh. láti vera að auglýsa sig þannig á kostnað annarra. Og hann má ekki láta sig undra, þótt hann heyri gagnrýnandi orð frá mér — og þó færri en ástæða væri til — og ég þarf ekki að gera það með jafnmikilli ósanngirni í garð núv. stj. og hann í garð fyrrv. stjórnar. Ef hæstv. ráðh. óskar þess að ræða það mál við mig á opinberum vettvangi, þá skal ekki standa á mér. En þá vil ég ekki, að útvarpið sé notað til að túlka mál ríkisstj. einnar. Það vil ég, að hæstv. ráðh. skilji.

Annars álít ég, að það sé annarra, en ekki mitt, að svara fyrir hönd fyrrv. stj. þeim ásökunum hans, að það sé „óskaplegt", að ekki skyldu fyrr vera byggðir geymar úti um land. Ég álít, að fyrrv. fjmrh., hv. 2. þm. S.-M., hafi haft alveg eins glöggt auga fyrir því, sem þurfti að gera, og alveg eins góðan vilja á því, eins og þessi hæstv. ráðh., sem nú deilir á aðra. Það get ég fullvissað hann um. Ég álít, að hann hefði ekki sýnt meiri dugnað og þekkingu í því embætti en sá maður, sem stóð í þessu eilífa þrasi við olíufélögin í sjö ár.

Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að ég fékk ekki svar við neinu því, sem ég spurði að. Ég spurði t. d., hvort hæstv. ráðh. fyndist ekki verðlagsn. hafa sérstaka aðstöðu til að hafa eftirlit með olíuverðinu. Ég tel verðlagseftirlitið gagnslaust, — ég segi gagnslaust —, ef ekki er hægt að fá í verðlagsn. reiknað út, hvað leggja skuli á olíuna, þegar hún er 17 aura í Hvalfirði. Ef þetta er rétt, að olían sé svona ódýr, þá spyr ég: Er það ekki rétt, að dýrara sé að koma upp þeim mannvirkjum, sem framtíðin kallar á, nú heldur en seinna, þegar kúfurinn er farinn af dýrtíðinni? Þá vil ég spyrja, hvort það sé sérstaklega gert fyrir útveginn að hraða þessu máli nú, þegar svona stendur á. Ef hæstv. ráðh. vill vinna að því, að svo miklu leyti sem útgerðin óskar þess, að ríkisvaldið leggist á þá sveif að aðstoða hana það, sem vald þess nær, hvers vegna bíður hann þá ekki eftir því, að milliþn. í sjávarútvegsmálum ljúki starfi sínu og leggi fram till. sínar? Þessari spurningu þarf að svara. Eða á að halda áfram þeirri rannsókn, sem milliþn. vinnur að?

Þá vil ég enn spyrja hæstv. ráðh., í hvað ríkum mæli hann ætlar að nota heimild 6. gr., og þá alveg sérstaklega, hvort hann ætlar að taka leigu- eða eignarnámi þær stóru olíustöðvar, sem hér eru í Reykjavík og nágrenninu, og hvort hann hefur það hugfast, að slíkar aðgerðir nú munu leggjast sem baggi á olíuverzlunina í framtíðinni. Þessu óska ég að fá svarað. Um það er deilt. Það, sem við eigum að gera, er okkur ljóst, en spurningin er: eigum við að gera það núna? Því á að hraða þessu máli í gegnum þetta þing, þó að milliþn. sé að vinna að því? Þetta þurfum við að fá að vita.

Ég vil sérstaklega að lokum segja, að ég held, að það standi ööruvísi á um olíu en annað, sem útvegurinn þarf með. Það er meiri vandkvæðum bundið að ná í ýmsar aðrar nauðsynjar, t. d. salt og kol, og að ná réttum tökum á þeim málum en á olíuverzluninni.

**Finnur Jónsson:** Ég ætla mér ekki á nokkurn hátt að blanda mér inn í þær deilur, sem komnar eru upp milli hæstv. atvmrh. og hv. þm. G.-K. En í tilefni af því, að hv. þm. hefur oft nefnt mþn. í sjávarútvegsmálum, sem ég á sæti í, og þær athuganir, sem n. er að gera á þessu máli, þá get ég upplýst, að ég tel þetta frv. mjög í því formi, sem til mála hafði komið að reyna að koma olíuverzluninni í við umr. í mþn. (**ÓTh:** Má ég spyrja, hvort þar hafi komið til greina deiluatriðið, sem sé efni 6. gr. frv.?) Út af því, sem hv. þm. minntist á um 6. gr., þá hefur það komið fram við umr. áður í dag og enda í nál., að einn af 3 þm. í mþn., hv. 7. þm. Reykv. (SK), hefur sérstöðu gagnvart 6. gr., og taldi ég ekki, bæði þar sem hann hefur gert grein fyrir því fyrr og ég nefnt sérstöðu hans og hún komið fram í nál., að sérstök ástæða væri til að leiða athygli að því.

Nú er verið að semja í mþn. þáltill. um áskorun til ríkisstj. um að undirbúa einmitt slíka löggjöf og leggja fyrir það þing, sem nú situr. Ég vil frekar þakka en álasa ríkisstj. fyrir, að hún hefur orðið á undan með að afla þeirra upplýsinga, sem þáltill. gerði ráð fyrir, að Alþ. óskaði eftir. Og þær upplýsingar, sem hún hefur lagt fram, eru það ýtarlegar, að ég álít þær algerlega fullnægjandi sem grundvöll undir þessu máli.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Herra forseti. Hv. þm. G.-K. spurði, hvort það væri fyrir útgerðina gert að hraða þessu máli svo sem stjórnin fer fram á. Já, það er fyrir útgerðina gert til þess að hún fái ódýrari olíu. Það er augljóst mál, að það er ódýrara að flytja olíuna í tankskipum á hafnir og dæla olíunni úr skipinu í geyma en að fylla tunnur, með því verði, sem nú er á vinnu, og flytja þær síðan á hafnir, með því flutningsgjaldi, sem nú gildir. Þess vegna er það fyrir útgerðina gert að hraða framkvæmd þessa máls.

Sami hv. þm. gekk eftir svari við spurningu, sem mér því miður sást yfir að svara, hvort ekki væri léttara nú að hafa eftirlit með olíuverðinu en áður var. Jú, það er léttara en stundum áður. En það er ekki nóg að hafa eftirlit. Tvennt er það, sem hefur gert olíuna dýra. Kostnaðurinn við dreifinguna hefur verið meiri en hann þyrfti að vera, og ágóði hefur verið meiri en ég tel, að hann hefði átt að vera. Það er máske hægt að koma á svo sterku eftirliti með olíufélögunum, að ágóðanum sé haldið í skefjum, en ég efast um, að ríkisstj. hafi vald til að fyrirskipa um rekstrarfyrirkomulag félaganna. Þess vegna tók ríkisstj. það ráð að bera fram frv. þetta og með því hafa áhrif á, að aðrir en olíufélögin gætu fengið olíuna ódýra. Það er gert fyrir útgerðina, en ekki aðra.

Viðkomandi því, sem hv. þm. sagði, að ég hefði talið „óskaplegt", að fyrrv. ríkisstj. skyldi ekki hafa verið búin að byggja olíugeyma úti um land, þá sagði ég, að það væri óskaplegt, að olíufélögin skyldu ekki hafa sinnu á að byggja tanka. Það hneykslaði mig. (**ÓTh:** Hæstv. ráðh.

sagði „ríkisvaldið"). Mér finnst óskaplegt, að olíufélögin skyldu ekki hafa komið auga á þennan sjálfsagða hlut. Mig undrar, að það skyldi ekki heldur vera gert af löggjafarvaldinu. Mig undrar það. En ég var ekki að sveigja að neinum sérstökum, hvorki fyrrv. viðskmrh. né fyrrv. forsrh., með því, sem ég sagði.

Viðkomandi hinu atriðinu, sem hv. þm. hefur fléttað inn í þetta mál, — hann var með ádeilu á mig, og ríkisstjórnina yfirleitt, — að ég hefði í ræðu minni haft þau orð um fyrrv. ríkisstj. í sambandi við olíumálið, sem væru röng, villandi og óréttlát, þá er það að segja, að ef nokkur slík orð eru í nefndri framsöguræðu minni í þessu máli, þá er ég reiðubúinn að taka þau til baka. Það, sem ég sagði, var þetta: „Ríkisstj. tók við olíumálum landsins þ. 16. des., og var þá stórkostleg hækkun skollin á. Samkv. upplýsingum olíufélaganna nam þessi hækkun 7 millj. kr., en fyrir góðan skilning Bandaríkjastjórnar fékkst þessi hækkun felld úr gildi og það þannig, að hún verkaði aftur fyrir sig." Ef hér er nokkuð órétt, nokkurt orð ofsagt, þá lýsi ég yfir, að það skal aftur tekið. En ég óska, að á slík röng orð sé bent. — Ég veit, að hvert orð er hér rétt. Það, sem ég hef sagt, er rétt. Ég tel það ekki auglýsingastarfsemi að gefa skýrslur, sem ekki er hægt að hrekja eitt orð í.

**Ólafur Thors:** Það er tilgangslaust að halda þessu áfram, þar sem engu er svarað af því, sem spurt er um. Ég spurði, hvort það væri fyrir útgerðina gert að hraða því að koma upp geymum úti um land á dýrasta tíma, í stað þess að geyma það þangað til kostnaðurinn við það yrði minni. Ég fékk ekkert svar við því. Um hitt er ekki deilt, hvort ódýrara sé í sjálfu sér að taka olíu af geymum eða flytja hana í tunnum. Ég býst við, að hæstv. ráðh. viti, að ég er ekki að spyrja um það. Um það erum við sammála. Við viljum vinna hið sama fyrir framtíðina. En hvort það sé heppilegur tími að gera það nú, það er álitamál. Í því sambandi er ég margbúinn að leggja spurningu fyrir ráðh. og ætla ekki að ergja hann með því að endurtaka hana oftar, því að það er auðséð að hann ætlar sér ekki að svara.

Varðandi þau höfuðrök ráðh., að dreifingarkostnaður sé of mikill, treysti ég mér ekki til að koma með neinar staðhæfingar. Ég þekki það ekki. En eitt af því, sem á að vera upplýst í svona máli, er, að það styðjist við rök. Er dreifingarkostnaðurinn svo langt úr hófi, að það borgi sig að leggja í dýran stofnkostnað til þess að lækka hann? Þetta þarf að vega. Um þetta liggja engar upplýsingar fyrir, og hinu vil ég ekki trúa, að ekki sé hægt að hafa hemil á, að olíufélögin okri á olíunni, þegar við vitum, hvað hún kostar í Hvalfirði.

Ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. taldi sig hafa ofmælt, þegar hann sagði, að það væri „óskaplegt" af fyrrv. ríkisstj., að hafa ekki haft sinnu á því að koma upp olíugeymum út um land. Allt á sínar orsakir, — ríkisvaldið hafði þá ekki allt of mikil fjárráð, og það verður að viðurkenna, að það stendur betur á nú, þó að hins vegar sé mjög varhugavert að leggja á útgerðina þann bagga að ætla að koma slíku milljónafyrirtæki á fót á þessum dýrustu tímum, og ég dreg það í efa, að hæstv. atvmrh. vildi gera það á kostnað þess fyrirtækis, sem hann hingað til hefur veitt forstöðu, nema því aðeins, að óhjákvæmilegur nauður ræki til. En hins vegar hefur þessi hæstv. ráðh. allt aðra aðstöðu en áður var til þess að fylgjast með því, hvað er satt af því, sem kemur frá olíufélögunum, við þær breyt., að olíuverðið er nú fastákveðið 17 aurar og olían er tekin í Hvalfirði.

Ég harma það, að ég hef ekki fengið þær upplýsingar, sem ég hef beðið um, nema að litlu leyti. Ég tel, að hæstv. ráðh. hafi kosið að láta fyrrv. stj. njóta sannmælis, en hann verður að játa, að fyrirrennari hans hafði þarna allan kunnugleik, og það eru ekki nein ný rök, sem hann hefur lagt til þeirra mála. Ég segi, að fyrrv. stj. á þá að una því, að blærinn sé sá, að núv. hæstv. atvmrh. hafi komið og kippt heldur betur í taumana og þar með beint þessum málum inn á nýjar brautir.

Ég vil svo að lokum geta þess, til lofs fyrir hæstv. ráðh., að hann hefur fengið flotastjórnina til þess að ganga inn á það, að fleiri gætu keypt olíu en olíufélögin. En sannast sagna veit ég ekki um, hvernig það mál hefur legið fyrir, en mér finnst eðlilegt, að aðrir aðilar fengju að kaupa olíu en eitt félag. Ef óskir kæmu fram frá 3—4 aðilum, þá fyndist mér hjákátlegt, að það ætti endilega að útiloka, að hægt væri að koma því til leiðar, að þeir aðilar fengju allir að njóta sama réttar hjá vinveittu stórveldi, sem ríkisstj. stæði í samstarfi við á hverjum tíma. Ég efast ekki um, að það sé nægur skilningur frá hendi Bandaríkjanna í þessu máli, ég hafði aldrei neina ástæðu til að kvarta yfir því, þegar ég sat í því sæti, sem hæstv. ráðh. situr nú í.

ATKVGR.
Brtt. 448,a samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 448,b (ný 2. gr.) samþ. með 17:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**Já:** PO, SigfS, SB, SG, STh, StJSt, ÁkJ, EOl, EmJ, FJ, GJ, GSv, IngJ, JakM, JJós, JPálm, ÓTh.

**nei:** PZ, PÞ, BÁ, EystJ, SÞ, SkG.

JS greiddi ekki atkv.

11 þm. ( SEH, SK, SvbH, ÞG, ÁÁ, BG, GG, GTh, BFB, JJós, JörB) fjarstaddir.

Brtt. 448,a samþ. með 18 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 16:7 atkv.
7.—8. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 465).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 53. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 54. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Þetta frv. var borið fram af ríkisstj. með það fyrir augum, ef það skyldi verða að l., að þá geti það orðið til þess að gera olíuverzlun í landi hér ódýrari og hagkvæmari fyrir þá, sem olíuna þurfa að fá, og þá fyrst og fremst fyrir sjávarútveg landsins.

Það má segja, að það séu þrjú meginatriði í þessu frv., fyrst það að heimila ríkisstj. ef þörf gerist, að kaupa, byggja eða leigja aðalbirgðastöð og á sama hátt að kaupa, byggja eða leigja olíuflutningaskip, sem gætu flutt olíu frá aðalbirgðastöðinni út um landið. Ég vil taka það fram, að það er ekki ástæða til þess að gera ráð fyrir, að það þurfi til þessa að grípa meðan sú skipan er á olíuflutningum til landsins, að flotastjórnirnar selja okkur olíu frá birgðastöðvum sínum og eru hjálplegar þegar á þarf að halda um flutning á olíu til landsins, eins og hingað til hefur verið. En þegar það ástand verður ekki lengur, þá er ástæða til að hafa þessa heimild.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í frv., að með hjálp ríkissjóðs, sumpart með styrk og sumpart með lánum úr fiskveiðasjóði, sé létt undir með ýmsum þeim enn þá mörgu verstöðvum á landinu, sem ekki hafa neina olíugeyma, til þess að byggja olíugeymana. Og eftir athugun, sem gerð hefur verið, þá eru það milli 30 og 40 verstöðvar á landinu, sem þessa þurfa með.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því í 6. gr. frv., að ríkisstj. sé gefin heimild til eignarnáms eða leigunáms á olíugeymum, sem til eru í landinu, þar sem slíks væri nauðsyn til þess að gera aðstöðuna til dreifingar á olíunni hagkvæmari og ódýrari. Í öðru lagi er í sömu gr. ákvæði um það, — undir þeim kringumstæðum, að þau félög, sem greind eru í frv. og hefðu rétt til þessara framkvæmda, þurftu þess með, — að heimilt væri ríkisstj. að taka eignarnámi lönd til þess að byggja olíugeyma, og er þetta sams konar heimild og áður hefur verið veitt í nokkrum tilfellum og almennt er veitt í sambandi við bryggjugerðir.

Eins og ég hef tekið fram, þá er meginkafli frv. og aðalatriði þess það að veita styrki og lán til þess að koma upp olíugeymum á þeim stöðum á landinu, þar sem þeir eru ekki til nú og þar sem sýnt er, að það mundi orka því að gera olíudreifinguna og olíuverzlunina ódýrari. Ríkisstj. lítur svo á, að með þessu megi stíga spor til þess að gera þessa verzlun miklum mun hagkvæmari en hún hefur verið hingað til, og vill hún mæla með því við hv. þd. að samþ. þetta frv. eins og það hefur gengið í gegnum hv. Nd.

Samkvæmt beiðni minni vann hv. sjútvn. þessarar d. að athugun málsins með sjútvn. Nd., og er mér kunnugt um, að báðar þessar n. unnu þar saman. Vænti ég þess því, að sjútvn. þessarar hv. d. hafi þegar fjallað svo mikið um frv. sem hún telji sér nægja, og vildi ég því fara fram á það, að þessi hv. d. geti fallizt á að vísa málinu ekki til n. hér, heldur afgreiða það áfram.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Sem form. sjútvn. vil ég þegar í upphafi lýsa því yfir, að það er engan veginn rétt með farið, að sjútvn. beggja d. hafi orðið sammála um málið. Hæstv. atvmrh. var fullkunnugt um það, að það var mjög mikill ágreiningur um málið milli mín annars vegar, sem formanns sjútvn., og milli þess hluta sjútvn. hins vegar, sem afgreiddi málið í hv. Nd. Sjútvn. Ed. hafði því raunverulega ekkert með afgreiðslu þessa máls að gera í Nd., af þeim ástæðum, að þarna var mjög mikill meiningamunur á. Mun ég því að sjálfsögðu leggja til, að málið verði sent til sjútvn. þessarar hv. d. að lokinni þessari umr. til frekari athugunar.

Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að þær upplýsingar, sem um þetta mál komu frá hæstv. atvmrh., voru svo villandi, en ef þær hefðu komið réttar — eins og hv. sjútvn. Nd. átti að sjálfsögðu heimtingu á, — þá er alls ekki öruggt um það, að málið hefði verið afgr. frá hv. Nd. á þann hátt, sem gert var. Og sjútvn. þessarar hv. d. mun að sjálfsögðu óska þess og væntir þess, að hæstv. atvmrh. leggi fram fullkomin svör við þeim fyrirspurnum, sem lagðar voru fyrir hann viðvíkjandi þessu máli á sameiginlegum fundum sjútvn. beggja d., og að það séu lögð fram öll þau gögn óhlutdrægt, sem nauðsynleg eru til þess, að hv. alþm. geti dæmt um gagnsemi þessa máls.

Þó að ég geri fullkomlega ráð fyrir því, að málið fari til n., þykir mér rétt á þessu stigi málsins að ræða dálítið í heild þau sjónarmið, sem ég hef haft í þessu máli, og gera grein fyrir því, hvers vegna ég sá mér ekki fært að vera með í því að mæla með því, að málið væri afgr. frá sjútvn. beggja d. sameiginlega. Ég skal þá fyrst snúa mér að því, sem hæstv. atvmrh. minntist á hér, að þetta frv. væri alveg sérstaklega borið fram til þess að gera olíuna ódýrari. Fyrir því hafa út af fyrir sig ekki verið lögð fram nein gögn, sem væri þó nauðsynlegt til þess, að hv. þm. geti, eftir að þau liggja fyrir, greitt atkv. óhlutdrægt um málið.

Það var að vísu upplýst í sjútvn. beggja d., að olían hefði verið seld af tönkum á Siglufirði á s. l. sumri frá síldarverksmiðjum ríkisins fyrir 38 aura pr. kg. Það var einnig upplýst, að þessi sama olía hefði kostað í Hvalfirði um 175 kr. pr. tonn, eða 17½ eyrir pr. kg., og að ríkisstj. hefði getað selt þessa olíu fyrir 33 aura pr. kg. á Siglufirði, en stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefði þótt óruggara og vissara að selja hana ekki undir 38 aur. Ég hef síðan fengið upplýsingar um það, að í því verði, sem hér um ræðir, þ. e. a. s. verði ríkisstj. á olíunni í sumar, séu vanreiknaðir ekki svo fáir liðir. Og vildi ég biðja hæstv. atvmrh. að athuga þá hlið málsins og gefa sjútvn. þessarar hv. d. fullkomnar upplýsingar um það, hvort þetta sé á fullum rökum byggt eða ekki, þ. e. útreikn-

ingurinn á verði og kostnaði olíunnar frá því hún fer úr Hvalfirði og þar með talið verð á henni þar, 17½ eyrir. Þessi kostnaður er nokkru meiri en gefinn hefur verið upp af hæstv. ráðh. Hann sundurliðast þannig: Flutningsgjald með tankskipi til Siglufjarðar kr. 93,70 á tonn, vátrygging kr. 1,93, leyfisgjald kr. 0,88, vörumagnstollur kr. 3,50, vörugjald kr. 6,00 og uppskipun 75 aurar. Með fob.-verði olíunnar í Hvalfirði, kr. 176,31, samtals kr. 283,07 á tonn. — Nú koma aðrir liðir, sem hér eru reiknaðir til útgjalda, sem kostnaður eftir að kaupverðið hefur verið reiknað eins og ég gat um. Þessir kostnaðarliðir eru: Rýrnun ½%, kr. 1,42, vextir, fyrning og viðhald til samans kr. 41,58 á tonn. Nú skal ég ekkert um það segja, hvort hæstv. ríkisstj. hefur lagt svo fyrir, að þessir gjaldaliðir skyldu vera reiknaðir, þegar olían var seld á Siglufirði. En ef þeir eru ekki reiknaðir, þá er vitanlegt, að ríkið er að gefa með þessari verzlun. Því að þá eru þessir kostnaðarliðir bornir af annari ríkisstofnun, þ. e. síldarverkmiðjum ríkisins. Og þá kemur til greina, hvort rétt er í slíku fyrirtæki að fara ekki heldur inn á það að bæta sjómönnum upp síldarverðið, gefa þeim hærra verð fyrir síldina, ef síldarverksmiðjustjórnin á annað borð sér sér fært að nota einhverja fjárfúlgu frá þeirri stofnun til þess að hjálpa sjávarútveginum, m. a. til lækkunar á olíuverðinu. — Þar að auki kemur bryggjuleiga, sem minnst má telja 5 kr. á tonn. Síðan afgreiðsla og mannahald við olíuverzlunina, sem yrði, ef reiknað er yfir allt tímabilið, kr. 29,17, og að síðustu skrifstofukostnaður kr. 23,75 og vextir af rekstrarfé kr. 8,49 á tonn. Og er þá kostnaðurinn á olíunni orðinn kr. 392,48 á hvert tonn á Siglufirði. Þessi olía hefur verið seld út á Siglufirði fyrir 38 aura kg., þ. e. 380,00 kr. tonnið. Og þá er annaðhvort, að ríkisstj. gefur hér svo eða svo marga kostnaðarliði eða reiknar þá á önnur fyrirtæki, þannig að hún hefur beinlínis orðið að tapa á olíuverzluninni. Hér eru svo ekki heldur reiknaðir með skattar og útsvar, sem frjáls verzlun verður að greiða. Og sé það numið burt, þá verður að finna einhvers staðar aðra tekjustofna til þess að vega upp á móti þeim upphæðum. — Auk þess, sem ég hef talið hér, vantar enn lóðarleigu, brunatryggingu, símkostnað, ritföng, skrifstofuleigu, hita, ljós og ræstingu. Ég er því ekki enn alveg sannfærður um það, að þó að þessi leið sé farin, sem rætt er um og ætlazt er til í frv., að það verði í raun og veru til þess að gera olíuna ódýrari. Ég sannfærist ekki um það fyrr en ég fæ fullkomin skilríki í hendur um, að svo sé. Ég gerði fyrirspurn um þetta til hæstv. atvmrh. í hinum sameinuðu sjútvn., hver kostnaður yrði við að koma þessum málum í það horf, sem ætlazt er til í frv. Nefndirnar fengu ekki annað svar frá hæstv. ráðh. á fyrsta stigi málsins en að það væri alveg aukaatriði. Kostnaðurinn við að koma málinu í framkvæmd væri alveg aukaatriði, hann mundi aftur koma fram endurgreiddur í betri afkomu útvegsmanna. Út af fyrir sig er það náttúrlega rétt, að svo er, að kostnaðurinn kemur fram í betri afkomu útvegsmanna, svo framarlega að hann sé minni við það að skipa málunum á þennan veg heldur en hann er með því að skipa málunum eins og nú er eða á einhvern þriðja hátt. Það er þess vegna nauðsynlegt fyrir þá, sem ætla að greiða atkv. með málinu hér á þingi, að geta gert sér grein fyrir því, hvaða söluaðferð það er, sem kostar minnst fé og er hagkvæmust fyrir olíunotendur. Ég gerði fyrirspurn um það til hæstv. ráðh., hve mikið tekjutap þetta væri fyrir ríkissjóð. Á því stigi málsins taldi hann það ekki heldur neinu máli skipta. Ég get upplýst, að á s. l. ári munu olíufélögin hafa greitt um 1600000 kr. í skatta til ríkis og bæjarfélaga hér á Íslandi. Og það er náttúrlega ekki alveg sama, hvort þeir tekjustofnar hverfa. Ef þeir hverfa, þá þarf að sjálfsögðu að finna aðra í þeirra stað. Og ef þessir skattar verða færðir yfir á útvegsmenn — og ég hef á þessu stigi málsins enga tryggingu fyrir, að svo verði ekki —, þá sé ég ekki annað en hér sé verið að taka úr einum vasanum og láta í hinn, — nema því aðeins, að það sé hugsað þannig af hæstv. ráðh., að þessar upphæðir séu teknar af einhverjum öðrum atvinnugreinum, t. d. landbúnaði eða verzlun. En mér finnst, að áður en gengið er til atkv. um þetta frv. hér í hv. d., þurfi hæstv. ráðh. að upplýsa, hvað þetta mundi koma til með að breyta skattaálagningunni í sambandi við þetta.

Hæstv. ráðh. hefur við umr. upplýst, eftir beiðni, að kostnaðurinn við að koma upp þessum olíugeymum um landið mundi verða 9 þús. kr. fyrir 25 tonna geymi, 13500 kr. fyrir 50 tonna geymi, 24 þús. kr. fyrir 100 tonna geymi og 49 þús kr. fyrir 300 tonna geymi, en 64 þús. kr. fyrir 500 tonna geymi. Mér er nú alveg ljóst, af því að ég hef meiri þekkingu á þessari hlið málsins heldur en hæstv. ráðh., að hér er alveg um rangar upplýsingar að ræða. Og ég vildi beinlínis beina því til hæstv. ráðh. að leggja fram fyrir sjútvn. þessarar hv. d., hvernig hann hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta mundi verða kostnaðurinn við að koma upp geymunum, og að þeir menn, sem gert hafa þennan útreikning, leggi alveg skýlaust fram, hvernig hann er gerður. Ég hef óskað eftir því persónulega, að forstjóri landssmiðjunnar, sem ég veit, að hefur gert þennan útreikning, leyfði mér aðgang að því að sjá, hvernig hann er fundinn. Hann gaf mér það svar, að það yrði að biðja um það frá atvmrh. og að sjálfsögðu mundi hann þá láta þinginu í té upplýsingar um það. Ég veit, að ef hæstv. atvmrh. getur árið 1943 komið upp geymum fyrir þetta verð á Íslandi, þá þarf engan styrk til þess að byggja þá geyma. Það þarf þá ekki neinar sérstakar fjárveitingar til þess eða lán, því að þeir mundu verða gleyptir út af hverjum þeim aðila, sem vildi koma nálægt því að selja hér olíu. Því að hér er engan veginn um hálfan þann kostnað að ræða, sem verða mundi við að koma geymunum upp.

Þá vil ég einnig í sambandi við þetta frv. benda á það, að í 1. gr. er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. sé gefin afar víðtæk heimild til kaupa eða til leigu á fasteignum og lausafé í landinu, sem hæstv. ráðh. var að enda við að

lýsa yfir, að ekki væri nauðsyn að nota, svo lengi sem herlið væri í landinu og flytti olíu til Íslands. Ég sé nú ekki, ef það er rétt, sem hæstv. ráðh. hefur upplýst hér um þetta atriði, að þá beri nauðyn til að veita þessa heimild fyrr en á henni þarf að halda. Það eru, því miður, ekki mikil líkindi til þess, að herliðið fari úr þessu landi áður en næsta Alþ. kemur saman, þannig að það heldur þá áfram að flytja hingað olíu þangað til. Ég sé þess vegna enga brýna nauðsyn til þess að samþ. nú þessa gr. frv. Þar að auki hefur hv. Nd. séð ástæðu til að takmarka þessa heimild við ákveðna upphæð. Samkv. frv. hefur Nd. takmarkað hana við 15 millj. kr., og er það ekki nema brot af þeim kostnaði, sem þetta hefur í för með sér, svo framarlega að það eigi að gera þessar ráðstafanir á þessum tíma. T. d. ef ætti að taka eignir Shellfélagsins, sem það á hér, mundi það fara með ekki svo lítinn hluta af þessari fjárupphæð, sem heimildin er um.

Hæstv. ráðh. upplýsti þess utan, að það kæmi ekki til mála, að ríkisstj. tæki eignarnámi nema ákveðinn hluta af þessum fyrirtækjum og sízt þeim hluta, eins og skipum, sem yrði til þess, að atvinnufyrirtæki yrðu að stöðva rekstur sinn, en það er þó sá hluti, sem nauðsynlegast yrði að taka, ef ríkisstj. keypti sér ekki olíuflutningaskip.

Ég vil einnig benda á, að eins og frv. kom frá ríkisstj. var heimild til að styrkja, ekki eingöngu olíufélög og útgerðarmenn, heldur og samvinnufélögin í landinu, til að byggja geyma. Þetta er nú úr sögunni, enda allir nema framsóknarmenn á móti því, en það er ósamboðið Alþ. að ætla þannig að tryggja atvinnurekstur ákveðinna manna með framlagi úr ríkissjóði, á meðan aðrir verða að reka sína atvinnu á eigin reikning, auk þess sem það átti nú að fara að gefa þeim stórar gjafir ofan á allt skattfrelsið.

Ég lagði einna mesta áherzlu á það í samtali mínu við ráðh., að ef horfið er að þessu ráði, þá sé því a. m. k. bætt í l., að tryggt sé, að þeir staðir, sem ekki gætu strax fengið olíugeyma, — því að þeir verða margir, a. m. k. 40, og þetta verður ekki gert á degi og ekki einu sinni ári, þetta er skipulag, sem tekur langan tíma að koma á laggirnar, ekki sízt nú, þegar bæði vantar efni og vinnu —, verði ekki verr úti en hinir, þannig að þeim sé tryggt olíuverð, ekki lakar en nú er, með því fyrirkomulagi, sem nú er á olíuverzluninni. En atvmrh. lagði á móti því. Hann taldi, að þeir, sem bezta aðstöðu fengju strax, nytu einnig beztra kjara um olíuverð. Ég tel þetta algerlega rangt og get aldrei greitt atkv. með því. Þegar verið er að tryggja mönnum lágt verð, þá verður að tryggja, að þeir, sem verst eru settir, verði ekki að borga brúsann og borga meira en þeir gera nú. Mismunurinn á olíuverðinu nú á slíkum stöðum og því, sem það er hér, mun vera um 5 aurar á kg. Ef þetta frv. verður að l., verður að setja inn í l., að þessi hlutföll megi ekki raskast, ef ríkisstj. hefur ekki gert ráðstafanir til að koma þessum útgerðarstöðum inn í kerfið, — en það mun taka nokkuð langan tíma.

Þessir staðir verða fyrst útundan, ef þetta frv. verður samþ. Því meiri ástæða er til að tryggja beint með lagasetningu hag þeirra manna, sem verða fyrir barðinu á olíuverðinu vegna aðgerða ríkisstj.

Ég vil þá aðeins fara nokkrum orðum um 6. gr. frv., sem er ein af þeim gr., sem ég á engan hátt get fallizt á eða greitt atkv. með í n. eða þd. Þetta fer ekki eingöngu fram á heimild til eignarnáms handa bara bæjar- og sveitarfélögum, heldur handa einstökum verzlunarfélögum, og átti að ganga svo langt fyrst, að það átti að vera hægt að taka það eignarnámi handa samvinnufélögum, sem vildu hafa með höndum olíuverzlun á staðnum, og það takmarkalaust um tíma, verð og upphæðir. Ég tel það óverjandi af Alþ., ef það ætlar að veita heimild til eignarnáms, eignarleigu og jafnvel eignaráns, eins og það gerir, ef þetta frv. verður að l.

Ég vil benda á í sambandi við þetta, að hér var nýlega til umr. hliðstætt mál, — Grafarholtsmálið á s. l. þingi, — en það átti að taka þá jörð undir Rvík. Þá var því haldið fram af Framsfl., að það væri gegn virðingu Alþ. og jafnvel stjórnarskrárbrot að leyfa það, nema það væri takmarkað við einhvern tíma, og einn þm. Alþfl., sem nú fylgir þessu frv., barðist á móti því frv. í Nd. og taldi ekki sæmilegt að taka eignina eignarnámi, nema sett væru takmörk fyrir því, hvenær það yrði gert. Það sama hefur gerzt í Nd. í bíómálinu. Og ég vil benda hæstv. ráðh. á ummæli, sem hans flokksblöð hafa haft í þessu sama máli, til þess að sýna, að hann hefur farið inn á ranga braut. Hér stendur, með leyfi hæstv. forseta.

„Alþ. hefur haft þá venju að veita ekki eignarnámsheimild til bæjar- eða sveitarstjórna, nema um nafngreinda eign sé að ræða, mjög eindregin ósk hafi komið fram um eignarnámsheimildina, sýnt væri, að hún yrði tafarlaust notuð og myndi verða til hags fyrir kaupendurna.“

Þarna eru þá þrjú höfuðskilyrði: 1) eignin eða eignirnar eiga að vera nafngreindar, 2) það þarf að hafa komið fram ákveðin ósk um það, og 3) heimildin þarf að vera tafarlaust notuð.

Þessi orð í Tímanum sýna, hver hefur verið venjan, og þótt ekki sé um merkara blað en Tímann að ræða, þá hefur honum einu sinni ratazt satt orð á munn.

Svo segir áfram: „Ef Alþ. hefði átt að veita eignarnámsheimildina til kvikmyndahúskaupa, með venjulegum hætti, hefði hún átt að vera bundin við nafngreinda eign“.

Og aftur: „Í stað þess að leggja málið þannig fyrir, er frv. látið fjalla um eignarnámsheimild á öllum kvikmyndahúsum landsins, án nokkurra almennra óska bæjar- eða sveitarélaga.“

Og enn fremur: „Ef þetta frv. hefði verið samþ., hefði það verið sambærilegt við það, að Alþ. hefði veitt Rvíkurbæ í fyrra eignarnámsheimild á öllum jörðum landsins í stað þess að binda hana við Grafarholtsjörðina.“

Þetta er rétt. Hér er skýrt fram tekið, hvers vegna flokkurinn var á móti skildu máli, sem hér var á dagskrá.

„Öllum mun ljóst“, segir í sömu gr., „hvílíkur háski það hefði verið fyrir bændur landsins.“

En ef því er þannig varið, að það hefði verið „háski fyrir bændur landsins“, ef eignarnámsheimild Rvíkurbæjar hefði ekki verið bundin við Grafarholt, hve mikil hætta er það þá ekki fyrir aðra atvinnuvegi, ef á að fara inn á þessa braut í þessu máli. Eða ætlast hæstv. ráðh. til, að verzlunarmenn eða útgerðarmenn búi við önnur skilyrði en bændur? Telur hann, að sú þjóð, sem nú er að taka sitt sjálfstæði, eigi að ætla einni stétt að búa við ein lög, en annarri við önnur? Ég vil, að hæstv. ráðh. athugi þetta. Grundvallaratriðið er, að ekki sé skipt misjafnt milli þegnanna.

Ég er ekki viss um, að þessi heimild, sem hér er farið fram á, stríði ekki á móti 62. gr. stjskr., og þá er verr af stað farið en heima setið af hæstv. ríkisstjórn.

En svo haldið sé áfram rökunum, sem fram koma í Tímanum, segir þar: „Heimildin hefði líka getað verið notuð hlutdrægt.“ Ég verð að segja, að það er hér ekki heimild fyrir því, að þessi heimild verði notuð hlutdrægt af hæstv. ríkisstjórn. En víst er, að hún hefði „getað verið notuð hlutdrægt“, ef ekki hefði tekizt að koma kaupfélögunum út úr frv. En það, sem Framsfl. gerði að skilyrði við umr. svipaðs máls í Nd., var, að það yrði ekki notað hlutdrægt.

Svo segir Tíminn að síðustu fyrir flokkinn og þá um leið ráðh., sem telja sig til hans: „Fyrir flokk, sem vill veita eignarnámsheimildir með varfærni, var ekki hægt að fara inn á þessa braut.“

Ég vil vænta þess, að sá maður, sem nú á ef til vill að bera mesta ábyrgð á starfi flokksins, geti ekki gengið inn á það, að jafnvel ráðh. flokksins geti notað heimildina á þennan hátt.

Ég hygg, að það hafi engan veginn verið reynt til fullnustu, hvort ekki sé hægt að koma olíumálunum fyrir með minna bramli og brölti en hér er á ferðinni. Mér dettur ekki í hug að verja það, sem olíufélögin hafa gert til að gera gróða sinn sem mestan. En ég vil benda á, að ríkisstj. hefur vald til að takmarka gróðann og taka hann af þeim — og hefur vafalaust gert það, — og hún hefði getað beitt valdi sínu þannig, að ekki væri um olíuokur að ræða. Ég vil líka benda á, að þessi stj. og allt landið á ekki svo litla skyldu við brautryðjendur. Ég man þá tíð, þegar öll olía var seld á tunnum. Nú er þessu breytt. Hverjir gerðu það? Ekki stjórnin. Það voru einstaklingar, sem í mörg ár spöruðu landsmönnum milljónir króna með því að flytja hingað olíu. Of ef hæstv. ráðh. vill leyta í öllum skjölum, þá mundi hann finna til gleði, að hér voru nógu stórhuga menn til að troða nýjar brautir fyrir útgerðarmenn og þjóðina. Ég held það sé nóg, að slíkir brautryðjendur séu settir undir hið stranga eftirlit um skatta o. fl., án þess að lögð sé á þá hegning fyrir að hafa gerzt brautryðjendur til blessunar fyrir land og þjóð.

Ég vil því beina þeirri aths. til hæstv. atvmrh. að taka þetta mál upp á ný til athugunar. Það er ýmislegt gott við það, t. d. að hjálpa útgerðarmannafélögum að koma upp olíugeymum. Ef hann vill gera það, þá er það gott.

Ég vil þó í sambandi við þetta mál segja, að ég veit ekki, hvaða skrípaleik er verið að leika, þegar einn daginn á að taka allar tekjur frá útgerðinni, svo að hún getur ekki starfað, með alls konar sköttum (hér er t. d. eitt frv., þar sem lagður er á hana afar stór skattur), en hinn daginn á að gefa henni einhvern hluta af því: taka krónuna og gefa til baka einseyringinn. Hann er í hæsta lagi að rétta einseyring að útgerðinni um leið og hann á sama þingi er að hlaða stórkostlegum byrðum á þennan sama útveg. Mér finnst tími kominn til að taka þetta allt til yfirvegunar og samræma það, svo að hægt sé að endurbyggja fyrir framtíðina kerfi, sem eitthvert vit er í.

Ég vil leggja alveg sérstaka áherzlu á, að tryggt sé, að þeir, sem stunda útgerð út um land, en ekki geta fengið olíugeyma, séu ekki látnir líða við þær ráðstafanir, sem gerðar verða. En ég er engan veginn sannfærður um, að það sé rétt að gera **þessar** ráðstafanir. Ég hugsa, að þær verði miklu fremur til að gera stórkostlega bölvun. Ég vil einnig lýsa því yfir, að þótt ég sé algerlega á móti frv., mun ég ekki hafa þann hátt á í n. að svæfa það. Ég tel það sé réttur, sem formenn n. hér á Alþ. hafa tekið sér; það er á móti öllum reglum, að menn leggist á mál og svæfi þau í n. bara af því menn eru þeim andstæðir. Þess vegna lofa ég því að láta afgreiða það í sjútvn., þótt ég sé á móti því. En þá vona ég, að ekki standi á þeim upplýsingum, sem ég hef beðið um, áður en málið verði afgr. frá nefndinni.

Umr. frestað.

Á 56. og 57. fundi í Ed., 25. og 29. nóv, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Ed., 30. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

**Bjarni Benediktsson.** Herra forseti. Það er nú alllangt síðan þetta mál var hér til umr., og hlýtur það eitt út af fyrir sig að vekja nokkra furðu, þar sem málið hefur verið keyrt í gegn með ofurkappi í Nd., og á fyrra stigi málsins virtist einnig ætlunin vera sú að koma því í gegn með flýti hér í Ed. Nú virðist hins vegar einhver dráttur hafa orðið í málinu, eða að ekki liggi eins mikið á og áður, að það nái fram að ganga í skyndi, og er það að vænta, að það feli ekki í sér, að nein hætta hafi skapazt fyrir þann góða ásetning, sem vakti fyrir hæstv. ríkisstj., um það að reyna að bæta úr þeim göllum, sem verið hafa á olíusölunni hér á landi að undanförnu. Ég álít, að í frv. því, er hér liggur fyrir, séu fólgnar vissar umbætur, sem ekki geti orðið ágreiningur um, en verð þó að játa, að á frv. eru enn þeir gallar, sem gera það að verkum, að jafnt þeir, sem eru sammála um meginefni frv., eigi erfitt með að fallast á það í sinni núverandi mynd.

Það er gamall siður hér á landi, að þegar

einhver hefur þurft að afla sér vinsælda, þá hefur verið snúið sér að því að reyna að bæta úr erfiðleikum á olíusölunni með því að ná sér niðri á stjórn olíufélaganna. Allir muna það t. d., þegar hv. þm. S.-Þ. og flokksbræður hans voru að komast í stjórn og áttu í vök að verjast, þá fundu þeir sér það til ágætis að ráðast með illindum á eitt af olíufélögunum fyrir það, að það hefði gerzt svo djarft að byggja olíugeymi við Skerjafjörð, og var það talið merki þess, að íhaldið væri að selja landið í hendur erlendrar stórþjóðar. Þessar röksemdir urðu til þess að afla þeim vinsælda í bili, en hafa ekki reynzt réttar, þegar á hólminn er komið. Ég hygg, að reynslan hafi nú sýnt, að landið er nú miklu betur sett einmitt vegna þess, að þessir olíugeymar voru til í landinu, og mér virðist ástæða til að ætla, að á fyrra stigi ófriðarins, en þau atvik eru breytt nú, hafi þetta einmitt greitt fyrir því, að landið fékk olíu, er var seld með skaplegu verði, svo að þessir olíugeymar hafa reynzt þannig til mikils gagns. En það var einmitt þessi tankbygging, sem varð til þess, að olíufélögin fengu þungar deilur um mörg ár af hálfu þeirra manna, sem harðast hafa nú veitzt að þessum félögum undanfarna mánuði.

Annars verð ég að segja það varðandi síðustu deilu olíufélaganna og hæstv. ríkisstj., að mér kemur það svo fyrir sjónir, ef það er rétt, sem hæstv. ríkisstj. heldur fram, að ekki sé hægt að halda niðri olíuverðinu, nema með einhverjum enn víðtækari ráðstöfunum heldur en þegar er heimilt að gera samkv. l., þá virðist mér felast í því miklu veigameiri fullyrðing og lærdómur viðvíkjandi öllum viðskiptamálum landsins heldur en um olíuverzlunina eina, eins og mér skilst hæstv. ríkisstj. virðist vera láta. Ég get ekki betur séð, ef það er rétt, sem hæstv. ríkisstj. heldur fram og mér skilst, að hafi komið fram, að ekki sé hægt að staðreyna okur olíufélaganna með verðlagseftirlitinu einu, heldur hafi hæstv. ríkisstj. sjálf orðið að taka upp verzlun til þess að keppa við olíufélögin, og ef það staðreynist þannig, hversu gróðinn var mikill, þá felst í því dómur um, að verðlagseftirlitið í heild sé ófullnægjandi, en það þýðir, að miklu fé eytt, því að það er mikið bákn, sem þar er haldið uppi, og við það eru margir starfsmenn. Nema ríkisstj. hafi komizt að raun um, að það sé bara ekkert að marka þessar niðurstöður, þeir, sem okra vilji í landinu, geti það þrátt fyrir það nokkurn veginn eftir því sem þeim sýnist, hvað sem verðlagseftirlitinu líður. Lærdómurinn virðist mér hljóta að verða af þessu í augum stj. sá, að það muni eiga að koma hér á smám saman allsherjar einkasölu ríkisins til þess að halda verðlaginu niðri, vegna þess að ríkisstj. hefur ekki enn þá gert ráðstafanir til þess að bæta um verðlagseftirlitið, eins og okkur hinum virðist óneitanlega, að næst hefði legið. Því að ef það er svo, — eins og menn verða að leiða af röksemdum ríkisstj. —, að verðlagseftirlitið hefði um þessa þýðingarmiklu vöru reynzt þýðingarlaust, þá er það fyrsta, sem á að rannsaka og þarf að gera gangskör að, að vita, hvort verðlagseftirlitið er í nógu góðu lagi. Og ég verð að segja, að í öllum þeim miklu umr., sem hafa orðið um þetta olíumál, hefur mér virzt töluvert sneitt hjá þessu höfuðatriði málsins, að ríkisstj. gangi úr skugga um það og geri Alþ. og almenningi grein fyrir, ef einhverjir gallar eru á verðlagseftirlitinu, sem hafa gert það að verkum, að þetta okur hefur átt sér stað. Og ef einhverjir gallar eru, þá hvaða ráðstafanir væru gerðar til þess að bæta úr þeim göllum. En ef aftur á móti það er talið ómögulegt að fylgjast með verðlaginu á vörum og hafa sæmilegt verðlagseftirlit, eins og mér skilst, að þetta frv. sé nánast byggt á, þá verður bara að taka þá afleiðingu í miklu fleiri tilfellum heldur en þessu eina. Og þá er eðlilegt að reyna að koma verðlagseftirlitinu sem fyrst fyrir kattarnef, en koma viðskiptamálum landsins að öðru leyti í það horf, að skaplegt verðlag geti átt sér stað í landinu. Fram hjá því verður sem sagt ekki komizt, að það, sem brugðizt hefur í þessum efnum, er verðlagseftirlitið og að það gefur mönnum óneitanlega ákaflega leiða mynd af öllu því mikla braski, að það skuli geta komið á daginn, að hæstv. ríkisstj., — það er ekki von, að hún geti daglega fylgzt með þessum málum sjálf, — eða verðlagsstjórinn og hans samstarfsmenn skuli ekki hafa hugmynd um verðlag í olíumálunum, fyrr en stjórnin tekur í öðru sambandi upp olíuverzlun og reynir í framkvæmdinni, að verðið má vera svo lágt, að augljóst er, að olíufélögin hafa grætt meira en góðu hófi gegnir. Þetta er nú ein hlið málsins. Og mér sýnist, að töluvert hafi skort á það, að hæstv. ríksstj. hafi gert næga grein fyrir því, hvernig á þessu stendur, að verðlagseftirlitið skuli í þessu efni hafa reynzt ófullnægjandi, og hverjir gallar þar eru á framkvæmdum og hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að bæta þarna úr. Og ef þetta er óviðráðanlegt, hvort ríkisstj. þá telur þess vert að halda þessu bákni uppi, sem verðlagseftirlitið er, og hvort ekki er þá eðlilegast að færa viðskiptamálin inn á nýjar brautir, sem ég býst við, að a. m. k. atvmrh. muni ekki óðfús á að fara inn á, fremur en ég fyrir mitt leyti mundi nú sjálfur vera.

Þetta er nú um aðdraganda málsins. En varðandi frv. sjálft, þá vil ég geta þess, að það er einkanlega. 6. gr., sem gerir það að verkum, að það hlýtur að vera ákaflega óhægt fyrir okkur ýmsa að fylgja frv. eins og það er. Enda skilst mér, að sjálft málgagn stjórnarinnar, Vísir, sem óneitanlega hefur veitt ríkisstj. trúan og dyggan stuðning, hafi bent ríkisstj. á, að með ákvæðum 6. gr. væri lengra gengið en sæmilegt eða hyggilegt mætti teljast. Ég verð að segja það, að það gæti maður út af fyrir sig skilið, ef hæstv. ríkisstj. teldi ástæðu til þess að gera upptækar allar eigur olíufélaganna hér í landinu, ef einhver ríkisstj. hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri hyggilegt, að annaðhvort ríkið tæki einkasölu á olíu eða samvinnufélagsskapur útgerðarmanna tæki þetta að öllu leyti í sínar hendur, og allar eigur þessara félaga væru þá gerðar upptækar. En hitt sýnist mér ótæk og óboðleg regla í því þjóðskipulagi, sem við lifum í, að ríkið ætli sér, varðandi einn atvinnurekstur, að taka út úr vissa hluta tækjanna og hirða það, sem því eða einstaklingum öðr-

um, sem ætluðu að taka þann atvinnurekstur í sínar hendur, sýnist vera ráðlegt að hirða, en láta hina gömlu atvinnurekendur sitja uppi með það, sem eftir væri af þessum tækjum. Það væri svipað og teknar væru vörur af kaupmanni, en hann væri látinn sitja eftir með verzlunaríbúð sína og tæki til þess að selja vöruna með, — eða að nokkur hluti verzlunarbúðarinnar væri tekinn, en kaupmaðurinn látinn halda eftir öðrum hlutanum, þeim sem sízt þætti ávinningur í að halda. — Þessi olíuverzlun skilst mér, að hljóti að vera ein heild og að það liggi nokkuð í augum uppi, að það megi ekki og sé ekki verjanlegt að taka þar einstaka hluta rekstrartækjanna út úr, heldur verði annaðhvort að meina mönnum að reka sinn atvinnurekstur í eitt skipti fyrir öll, — og ég efast ekki um, að ríkisstj. frá sínu sjónarmiði geti fært þungvæg rök að því, byggð á þeim okurásökunum, sem þessi félög hafa orðið fyrir —, eða þá að taka ekkert af þessum eignum. En hitt, að velja úr ótiltekinn hluta af þeirra atvinnurekstrartækjum og láta þá sitja eftir með hin tækin, það sýnist mér vera svo einstök lagafyrirmæli og svo óvenjuleg, að það sé ekki rétt af hæstv. Alþ. að samþ. það og að það verði að beina því til hæstv. ríkisstj. í fullri vinsemd, hvort hún mundi ekki vilja fallast á að umorða þessa 6. gr. að meira eða minna leyti. Annað hefur einnig verið bent á, og hv. þm. Barð. flutti um það mjög rökfasta og ágæta ræðu hér við 1. umr. málsins hið fyrra sinn, sem ég að verulegu leyti get vitnað í og þess vegna stytt mál mitt. Þar var bent á, að á síðustu þingum hefur það mætt mjög mikilli mótspyrnu, að lítils háttar eignarnámsheimild, sem ætti að standa um óákveðinn tíma, væri veitt. Þetta kom fram hér í hv. Ed. varðandi eignarnám á Grafarholti í fyrra. Hv. þm. Str. stóð þá hér upp og fullyrti, að slík eignarnámsheimild væri með öllu eins dæmi í l. Á það féllst ég strax, að þessi mótbára væri eðlileg og sanngjörn og að það væri ekki verjanlegt á nokkurn veg að láta eignarnámsheimildina hanga yfir höfði eiganda þessarar tilteknu eignar, heldur yrði hann að fá úr því skorið innan tiltekins frests, hvort eignarnámsheimildin yrði veitt eða ekki. Þess vegna var fallizt á að breyta eignarnámsl. um Grafarholt á þennan veg. Og ég tel víst, að hv. þm. Str. og hans vinir hafi nú ekki getað gleymt þeim rökum, sem þeir í þessu efni fluttu þá, né heldur því, að við hinir féllumst á þau. Enda mun því fara fjarri, að þeir andstæðingar okkar hérna hinum megin hafi gleymt þessu, vegna þess að þeirra ágæta blað, Tíminn, hefur í sambandi við annað mál, sem komið hefur til umr. á þessu þingi og hv. þm. Barð. rakti í sinni ágætu ræðu, mjög vitnað til þess, — þ. e. a. s. í bíómálinu svo kallaða —, að óverjandi væri að ætla að láta eignarnámsheimildir þannig vofa yfir höfðum manna. Og ég tel nú, að allir sanngjarnir menn hljóti að fallast á þessi sjónarmið. Jafnvel ef til þess þyrfti að taka, að það ætti að fara að „sortéra“ úr eða velja úr eigum þessara hér starfandi olíufélaga einhver tæki, sem sanngjarnt þætti að taka eignarnámi, sem ég fyrir mitt leyti tel hæpið, að rétt sé að gera, meðan þeim er ekki algerlega bannaður sinn atvinnurekstur, þá sýnist það vera það minnsta, sem farandi er fram á, að Alþ. á hverjum tíma yrði látið dæma um það, hvort ástæða væri til svo óvenjulegra aðgerða gagnvart þessum félögum. Og mér skilst, að þetta mál og yfirleitt öll herferðin gegn þessum marghötuðu olíufélögum mæti svo mikilli samúð hér á hæstv. Alþ., að hæstv. ríkisstj. þurfi ekki að óttast, að það mundi taka hana langan tíma, þó að hún yrði í hverju sinni að leita á venjulegan hátt lögheimildar til slíks eignarnáms. Og ef hæstv. ríkisstj. ætlar að nota þetta sem keyri á olíufélögin, að einhver hluti eigna þeirra kunni að verða tekinn, þá hygg ég, að það sé nokkurn veginn eins hægt að nota þetta keyri, þó að farið sé eftir alveg formlega réttum og viðeigandi stjórnskipulegum leiðum og eignarnámsheimildar leitað hverju sinni á Alþ., eftir því, sem atvik þá standa til. Þyrfti það ekki að verða töf eða hætta fyrir málið, þannig að vandræði yrðu af. Allra sízt get ég nú skilið, að hæstv. ríkisstj. geti verið það áhugamál að fá þessa eignarnámsheimild, ef það er rétt, sem sagt hefur verið, að hún hafi lýst yfir því, að hún ætlaði sér ekki að nota þessa eignarnámsheimild. Ja, til hvers er þá að vera að biðja um hana eða útvega sér hana, ef ekki á að nota hana? Er ekki miklu nær að geyma sér að fá svo róttæka stjórnskipulega heimild, þangað til þörfin er fyrir hendi? Enda segir í stjskr., að þessa heimild má ekki veita, nema almenningsþörf krefji. Og ef það er svo fjarlægt, að almenningsþörf krefji þessarar eignarnámsheimildar, að hæstv. ríkisstj., um leið og hún er að biðja um heimildina, segir: Ég ætla mér ekki að nota heimildina, — ja, þá verð ég að segja, að mér virðist auðsætt, að skilyrði stjskr. fyrir veitingu þessarar heimildar, sem Alþ. á að dæma um á hverjum tíma, sé alls ekki fyrir hendi, ef slík heimild sem þessi er veitt í skjóli þess, að hæstv. ríkisstj. segir: Það er ekki þörf fyrir að nota heimildina í bili. — Mér sýnist því, að öll rök hnígi að því, að hæstv. ríkisstj. geti gert allt hið sama gagn, sem hún hyggst að gera með þessu frv. sínu, þó að hún sleppi þessu hæpna ákvæði úr frv. En með því móti mundi hún geta tryggt sér meiri einhug um málið á Alþ. Það má vel vera, að hæstv. ríkisstj. hugsi sem svo: Ég kem frv. fram, hvað sem þessu líður, og þarf þess vegna ekkert um þetta að skeyta. En ég tel nú samt, að slíkt ofurkapp af hennar hálfu væri bæði frábrugðið hennar starfsháttum yfirleitt og með því í engu unnið fyrir málið, heldur væri með því móti skapaður glundroði og ágreiningur, sem ekki þyrfti að vera í þessu máli.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Hv. þm. Barð. flutti hér við fyrri hluta þessarar 1. umr. nokkuð langa ræðu og kom æði víða við. Ég tel ástæðu til að gera nokkrar aths. við það, sem hann þá sagði. Mér virtist, að hv. þm. Barð. væri á móti frv. af ýmsum ástæðum og að hann væri á móti því öllu. Mér virtist hann líta svo á, að 1. gr. væri óþörf og því væri hann á móti henni; hann væri á móti miðparti frv., 2.—5. gr., vegna þess að gefnar væru villandi upplýsingar í því

máli, og að hann væri á mót 6. gr. frv., vegna þess að það, sem þar væri lagt til, væri órétt að gera. Hann flutti fram þau rök enn fremur, að það væri svo mikill tekjumissir fyrir ríkissjóð, ef það yrði svo, að verzlunin yrði gerð hagkvæmari á þessari vöru en hún er nú o. s. frv.

Ég vil nú koma nokkuð að þessum atriðum. Viðkomandi 1. gr., um það, að hún sé óþörf, þá færði þessi hv. þm. fram þau rök, að ég hefði sagt, að svo lengi sem herlið væri á landi hér, sem flytti olíu til landsins, væri ekki þörf á að nota ákvæði 1. gr. Þetta er rangt, og var ástæðulaust fyrir hv. þm., ef vilji var til að fara rétt með, að segja þetta. Ég sagði það skýrt, að meðan þeir samningar væru óbreyttir við flotastjórnina, sem nú gilda um sölu og afhendingu olíu, þá mundi ekki þurfa að grípa til heimildarinar í 1. gr. frv., en ég teldi nauðsynlegt að hafa þessa heimild, eins og lagt er til í 1. gr., að veitt verði, ef til þess kæmi, að breyt. yrðu á þeim samningum, sem við nú höfum við flotastjórnina um þetta atriði. Og eftir upplýsingum, sem á hæstv. Alþ. hafa verið gefnar, þá veit þessi hv. þm. eins og aðrir þm., að það er ekki ástæðulaust, að ríkisstj. kemur fram með till. eins og 1. gr. frv. er. Ég vona því, að við nánari athugun átti hv. þm. Barð. sig á því, að það er betra að hafa ákvæði 1. gr. frv. heldur en ekki, ef hann vill vinna að því, að olíuverzlunin verði sem ódýrust og hagkvæmust fyrir landsmenn.

Viðkomandi því, að ég hafi gefið villandi upplýsingar viðkomandi miðparti frv., þá verð ég að segja, að mig undrar, að hv. þm. Barð. skuli viðhafa slík orð. Ég gaf sjútvn. beggja d., sem saman voru á fundi, upplýsingar um þetta mál, ég held um allt, sem spurt var um þar. Ég gaf upplýsingar um, hvað áætlað væri, að kostnaðurinn mundi verða við það að smíða olíugeyma nú, og rökstuddi það á þann hátt, að ég hefði fengið þær upplýsingar, sem ég fór með þar, frá Landssmiðjunni, sem er ríkisfyrirtæki, og forstjóra hennar, sem er embættismaður og því réttur aðili til þess að láta okkur í té slíkar upplýsingar. Hv. þm. Barð. segist hafa meira vit á smíði olíugeyma og hvaða kostnaður sé við það heldur en atvmrh. Það má vel vera. Ég er enginn sérfræðingur á þessu sviði, — ég veit ekki, hvort hv. þm. Barð. er það heldur. En ég vil upplýsa hv. þd. um, að eftir það, að þessar upplýsingar um áætlaðan kostnað við smíði olíugeyma komu frá Landssmiðjunni, þ. e. forstjóra hennar, þá fékk hann til frekara öryggis eftirlitsmann ríkisins með vélum til þess að yfirfara útreikningana með sér, og staðfesti hann, að það mundi vera rétt í þessari áætlun, sem áður hafði verið upplýst og upp gefið. Þetta eru þær upplýsingar, sem ég hef látið sjútvn. beggja d. í té. Það er svo fyrir hv. d. að meta það, hvort hún telur þetta eitthvað óábyggilegar upplýsingar og hvort hún vill fá einhverjar aðrar og einhverjar meiri upplýsingar um þetta mál en þær, sem komið hafa fram frá ríkisstj., sem eru, eins og ég sagði, frá umboðsmanni ríkisstj. og endurskoðaðir af öðrum umboðsmanni hennar.

Þessi sami hv. þm. (GJ) gaf í skyn, að aðrar upplýsingar, sem ég hefði komið hér með, væru líka villandi eða rangar. Þær upplýsingar, sem ég gaf, voru um það, hvað ætla mætti, að kostnaðurinn þyrfti að vera við olíusöluna, ef olían væri seld á skynsamlegan og sparneytinn hátt. Þessi hv. þm. gaf líka í skyn, að upplýsingar um kostnað olíusölunnar í sumar væru villandi eða rangar, og las mikið af tölum um þetta mál. Ég skrifaði þær ekki allar niður, en fylgdist svo langt með útreikningum hans, að hann taldi, að olían, komin í geyma á Siglufirði eða annars staðar úti á landinu, þegar vörumagnstollur, vörugjald, uppskipun, leyfisgjald og vátrygging væri greitt, kostaði kr. 283,07 tonnið. — Nú skulum við ganga út frá því, að það sé svo í þessu, að hv. þm. hafi þarna réttar tölur. — Svo heldur hann áfram og kemur með rýrnun, vexti og viðhald og ýmislegt fleira og kemst svo að þeirri niðurstöðu, að samkvæmt þessu sé allur kostnaður við olíutonnið um 392 kr., þangað til það er komið til neytenda. Ef þetta eru tölur frá olíufélögunum í landinu, þá undrar mig þetta ekki, því að því er haldið fram, að kostnaður olíufélaganna hafi verið óeðlilega hár, það hár, að það þyrfti um það að bæta. Og ríkisstj. hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að bezta úrbótin í þessu máli, eins og á stendur, sé sú, að neytendum sjálfum sé hjálpað til þess að verzla með þessa vörutegund sjálfir handa sjálfum sér. Og við skulum sleppa þeim tölum, sem hv. þm. Barð. var með, 109 kr. kostnaði við sölu og dreifingu vörunnar og líta til þeirra, sem verzla með þessa vöru á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, að hagkvæmast sé, þ. e. olíusamlagsins í Vestmannaeyjum. Ég upplýsti áður í hv. Nd., að samkv. upplýsingum stjórnar þess samlags þurfi þeir ekki að leggja nema 40 kr. á tonnið til þess að geta annazt þessa verzlun. Þarna er þá komin sönnunin fyrir því, að með því að koma á skipulagi því, sem ríkisstj. vill stuðla að með þessu frv., þá mætti draga þá ályktun af þessum samanburði, að 69 kr. kostnaður sparaðist á hvert tonn hráolíu, sem íslenzki flotinn notar. Þetta eru athyglisverðar upplýsingar fyrir útvegsmenn í Barðastrandarsýslu og annars staðar á landinu að athuga, hvort ekki er rétt að spara sér þennan aukakostnað, svo að kostnaðurinn við sölu og dreifingu olíunnar sé ekki meiri en hann þarf að vera.

Um tekjumissi ríkissjóðs, ef frv. yrði samþ., upplýsti þessi sami hv. þm. hér, að þessi olíufélög hefðu borgað í skatta 1,6 millj. kr. árið, sem leið, og honum þykir það væntanlega slæmt, að þeir peningar allir skuli þá kannske hætta að koma í ríkissjóð, ef félögin hætta að græða jafnmikið og þau græddu áður. En það vill nú svo vel til, að olíulækkunin, sem nú þegar er orðin fyrir aðgerðir verðlagseftirlitsins, sem var verið að andmæla áðan, hún nemur 2½ millj. kr. á ári, og er þó langt í land til þess, að olíuverðið sé komið eins langt niður og ríkisstj. vill ná með þesu frv., svo að ég held, að ekki sé veruleg ástæða til þess að vera á móti þessu frv. af þeim ástæðum, að sé olíuverzlunin gerð hagkvæm, kunni að tapast peningar, sem hvergi komi inn í staðinn aftur.

Sami hv. þm. kom með þá aths., sem kannske gæti verið ástæða til að hafa komið með, að

ef ekki kæmi jafnmikill hagnaður öllum til góðs vegna þessa nýja skipulags, þá væri hann ekki ánægður með það eða jafnvel á móti því. Hann sagði, að það væri hugsanlegt, að það verkaði þannig, að það bætti ekki kjör allra jafnmikið. Ég er nú ekki á því, að það eigi að aftra því, að nýtt og betra skipulag komist á olíusöluna, þó að það kannske ekki orkaði að gera strax öllum jafnmikið gott. Hitt er nokkurn veginn víst, að það mundi ekki verka þannig að gera aðstöðuna viðkomandi þessari verzlun lakari fyrir neinn, sem vöruna þarf að nota, heldur en nú er.

Loks sagði sami hv. þm., að hann teldi, að það hefði mátt gera ýmislegt í þessum málum, sem hefði verið með minna bramli en hér er, til þess að bæta úr um olíuverzlunina. Ég veit ekki, hvernig stendur á því, að hv. þm. Barð. notaði orðið braml í sambandi við þetta frv. Mér finnst ekkert braml í því, og vissulega hefur ekki verið neitt braml í sambandi við málið frá ríkisstj. hendi. En ef hv. þm. Barð. hefur einhverjar till. hávaðaminni, en leysa málið væntanlega á jafngóðan hátt og þær, sem í frv. eru, fyrir þá, sem eiga að njóta góðs af þeim ákvæðum, þá komi hann með þær. Þær hafa ekki heyrzt, hvorki frá honum né öðrum andmælendum þessa frv. enn þá.

Sami hv. þm. sagði, að það mætti ekki gleyma því, að það væru skyldur til gagnvart olíufélögunum. Já, það getur vel verið, að landið og þjóðin hafi miklum skyldum að gegna gagnvart olíufélögunum fyrir eitthvað, sem þau hafa gert fjarska gott. En ég held þá, að það væri ástæða til fyrir hv. þm. Barð, að færa rök að því, að frv. megi ekki samþ., vegna þess að olíufélögin eigi einhverja hönk í bak þjóðarinnar að einhverju leyti. Ég veit ekki um það.

Loks sagði sami hv. þm., — hann leyfði sér að segja það —, að það mætti búast við því, að atvmrh. hefði beitt hlutdrægni í þessu máli í framkvæmd þess, ef breyt. hefðu ekki verið gerðar á frv. í hv. Nd. Ég skil ekki, hvaðan hv. þm. Barð. kemur réttur og vald til þess að vera hér með slíkt orðalag eða slíkar meiningar til mín, og ég vísa þeim algerlega frá mér.

Hv. 6. þm. Reykv., sem talaði hér áðan, taldi, mér til mikillar ánægju, að ýmsir kostir væru við þetta frv., þó að á því væru gallar. Þykir mér vel, að hann sér kosti frv. Hann taldi hins vegar, að frv. þetta væri eins konar ádeila á verðlagseftirlitið, og sagði, að verðlagseftirlitið virtist hafa að þessu leyti reynzt máttlítið. Ég geri ráð fyrir, að annar svari hér fyrir verðlagseftirlitið. En mér er kunnugt um það, að verðlagseftirlitð hefur bæði undir núverandi ríkisstj. og fyrrv. ríkisstj. verkað það, að það hefur haldið niðri olíuverðinu, þrátt fyrir það að það hefur ekki getað haldið því meira niðri en raun ber vitni um.

Hv. þm. Barð. virtist í efa um það, hver tilgangur frv. væri og á hverju það byggðist. Ég lýsi yfir því nú á ný, eins og ég gerði í hv. Nd., að frv. er byggt á því að mínum dómi, að verzlunin sé svo heilbrigðust og hagkvæmust, að hún sé rekin með hag almennings fyrir augum, og það er sá eini tilgangur ríkisstj. með þessu frv., að reyna undir þeim kringumstæðum, sem nú eru, að koma olíuverzluninni á þá braut, að hún verði framvegis ódýrari, hagkvæmari og betri fyrir landsmenn en verið hefur hingað til, fyrir fiskimenn alla, jafnt hvort sem þeir eru fyrir sunnan, austan, norðan eða vestan, — að meðtöldum fiskimönnum á Barðaströnd.

Í sambandi við aths. hv. 6. þm. Reykv. við 6. gr. vil ég upplýsa, að það er rangt haft eftir mér a. m. k., sem hann sagði um það, að ríkisstj. byggist ekki við eða ætlaði sér ekki að nota heimild 6. gr. Ég lýsti yfir því, að ríkisstj. hefði enga áætlun gert um það, hvenær og hvernig hún þyrfti til hennar að taka. En ég taldi, að æskilegt væri að hafa hana og það gæti verið nauðsynlegt, að hún væri til undir þessum kringumstæðum. En að bíða eftir Alþ. í hverju tilfelli, þegar ætti að nota eignarnáms- eða leigunámsheimildir, er eins og hver önnur fjarstæða, því að Alþ. situr ekki allt árið. Og þess vegna er þessi heimild nauðsynleg.

Út af því, sem hv. þm. Barð. sagði hér við upphaf þessarar umr., að ég hefði skýrt rangt frá viðkomandi meðferð sjútvn. á málinu, þá vil ég taka fram, að um það sagði ég þetta: Samkv. beiðni minni við framsögu þessa máls í hv. Nd. óskaði ég þess, að sjútvn. beggja d. vildu svo vel gera að vinna saman að málinu, vegna þess að þingtíminn væri orðinn of stuttur, til þess að þær gætu í sameiningu kynnt sér málið, svo að það gæti fengið sem bezta meðferð þegar frá upphafi. Báðar sjútvn. urðu við þessum tilmælum. Sjútvn. beggja d. héldu marga fundi sameiginlega, og að því loknu kom álit frá sjútvn. hv. Nd., og meðferð málsins gekk mjög fljótt í þeirri hv. d. Með tilliti til þess, að ég hafði um þetta beðið og nefndirnar urðu við þessum tilmælum mínum, þá var það, að ég fór fram á við hv. Ed., að hún athugaði, hvort ekki væri ástæðulaust að vísa málinu hér til n., og ég fór fram á, að hv. d. vildi fallast á að hafa þá meðferð á málinu. Það er að sjálfsögðu á valdi þessarar hv. d., hvort hún vill vísa málinu til sjútvn., þó að sú n. hafi fjallað um málið ásamt sjútvn. Nd. — Tilmæli mín voru þessi og eru þessi enn.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Ég ætla nú að svara hv. 6. þm. Reykv. nokkrum orðum. En ég sé, að hann er ekki hér í d. En úr því að ég er staðinn upp, þá ætla ég nú samt að halda áfram með þetta mál mitt.

Hv. 6. þm. Reykv. tók fram, að verðlagseftirlitið hafi að hans dómi í heild reynzt ófullnægjandi, vegna þess að núverandi verðlagseftirlit gerði ekki, þegar er það tók til starfa, gangskör að því að lækka verð olíufélaganna. Ég gat þess við fyrri umr. þessa máls, að verðlagið hefði verið byggt á grundvelli, sem var byggður upp af tveimur fyrri verðlagsn., verðlagsn. þeirri elztu og dómnefnd í verðlagsmálum. Þessar tvær stofnanir byggðu upp þann grundvöll, sem verðlag olíufélaganna var byggt á. Ef þetta þess vegna er sök einhvers, sem hv. 6. þm. Reykv. gat um, þá er það ekki sök þess verðlagseftirlits, sem nú er. Það ætti þá að teljast sök þeirra verðlagsyfirvalda, sem voru áður en þetta verð-

lagseftirlit tók við. Eins og ég hef áður frá skýrt, þá byggist sá grundvöllur á kostnaðarliðum, sem félögin sjálf hafa gefið upp. Það má kannske segja, að félögunum hafi verið sýnt of mikið traust með því að taka þann grundvöll trúanlegan. En þessi grundvöllur var tekinn trúanlegur af þessum fyrri verðlagsyfirvöldum líka. Og þess vegna má nú segja, að það traust, sem þeim hefur verið sýnt, eigi töluverðan þátt í því, að núverandi verðlagseftirlit tók þetta ekki til athugunar þegar í stað, þegar það tók til starfa. Annars tel ég óþarft að skýra þetta nánar, ég er búinn að því í sambandi við verðlagseftirlitið og tel ekki mikla þörf á því að fara nánar út í það í sambandi við þetta mál.

En ég vildi að síðustu geta þess, að ef dreifingarkostnaður félaganna er réttur, ef félögin þurfa að leggja 100% á vöruna til þess að geta dreift henni út um landið, þá er eitthvað bogið við rekstur félaganna. Reksturinn getur verið heiðarlegur á allan hátt, en þetta er þá ekki rekið á þann hátt, sem á að reka það, til þess að landsmenn geti fengið vöruna við lægsta verði. Ég benti forstjórum félaganna á þetta atriði strax í fyrsta skipti, sem ég talaði við þá, og lagði fyrir þá þá spurningu, hvort þeim fyndist ekki vera eitthvað bogið við þá dreifingu í framkvæmd, þegar þyrfti að leggja yfir 100% á brennsluolíu til útvegsins í landinu. — Það er einmitt þetta atriði, sem hér er verið að ná til. Það er þessi dreifingarkostnaður, sem ég er ekki í nokkrum vafa um, að er allt of mikill. Ef kostnaðarliðirnir eru allir réttir, sem ég að svo komnu skal engan dóm leggja á, þá er þetta ekki rekið á réttan hátt og ekki á þann hátt, sem hægt er að reka það. — Þetta frv. stefnir eingöngu að því að nema í burtu þann mikla dreifingarkostnað, sem félögin hafa nú á þessari vöru. Það miðar eingöngu að því, að landsmenn geti fengið vöruna við sannvirði, við því verði, sem þeir sjálfir geta flutt hana inn og dreift henni fyrir.

**Hermann Jónasson:** Ég ætla ekki að blanda mér í þessar umr., enda hefur utanrrh. gefið svo glöggar upplýsingar um þetta mál. En eitt atriði vil ég taka fram. Ég hef lýst yfir, að ég muni greiða atkv. með þessu máli. Ég held að vísu, að það fyrirkomulag að hafa samvinnuverzlun og samlagaverzlun sé að jafnaði bezta fyrirkomulagið, og það væri æskilegt, að svo reyndist hér. En ég er í nokkrum vafa um það, að svo verði undir þeim kringumstæðum, sem hér eru til staðar. Og ég er hræddur um, að það sama komi í ljós, þegar þetta fyrirkomulag verður tekið upp, og átti sér stað í viðskiptum verðlagsn. og olíufélaganna. Þó að ég greiði atkv. með frv., þá er ég í raun og veru þeirrar skoðunar, að það sé mikið vafamál, hvort hér dugi nokkuð annað en einkasala til þess að eiga í fullu tré við þá aðila, sem þarna eiga hlut að máli. Þetta vil ég taka fram, um leið og ég greiði atkv. með málinu. Og það er ómögulegt að loka augunum fyrir því, að þó að við stígum þetta skref nú og séum sannfærðir um það, að þetta verzlunarfyrirkomulag, sem hér í frv. er lagt til, að verði, sé undir venjulegum kringumstæðum bezta fyrirkomulagið, þá getum við átt von á því að þurfa að gera ráðstafanir á nýjan leik í þessu máli síðar.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Ég vildi gera hér nokkrar aths. við ræðu hæstv. atvmrh. Hann hefur upplýst hér í þessari hv. d. eins og svo oft áður, í sambandi við það, sem ég og hélt fram í frumræðu minni, að heimildin, sem gefin er í 1. gr. frv., væri ekki nauðsynleg, fyrr en einhver breyt. yrði á samningum um olíuverzlunina, en svo lengi sem olían er flutt til landsins eins og nú er gert og þeir samningar gilda, sem nú eru um þetta, þá sé ekki þörf á þessari heimild. Þess vegna held ég því fram, að ekki sé þörf á að samþ. þessa heimild nú og að það sé hægur vandi fyrir ríkisstj. að afla sér þessarar heimildar, þegar á það stig er komið, að þess þurfi með. Í fyrsta lagi getur verið, að Alþ. sitji á þeim tíma, sem þessa heimild þurfti að fá handa ríkisstj. Í öðru lagi væri ekki óeðlilegt að kalla saman þing um svo stórt mál, ef þarf að ræða um milliríkjasamninga um olíukaup. Og í þriðja lagi hefur ríkisstj. heimild til þess að gefa út bráðabirgðal. Þess vegna staðfesti hæstv. ráðh. alveg það, sem ég hef haldið fram og það, sem margrætt hefur verið við hann í sjútvn., að það er engin þörf á þessari heimild í l. nú þegar og að hún lækkar ekkert olíuverðið.

Svo segir hæstv. atvmrh., að hann sé undrandi yfir þeim ummælum, sem ég hafði um það, að hann hefði gefið upp villandi upplýsingar í málinu. Ég get enn upplýst hæstv. ráðh. um það, að enn sem komið er eru þessar upplýsingar algerlega villandi. Það er alveg útilokað að smíða tanka fyrir það verð, sem hann hefur gefið upp, að hægt væri að smíða þá fyrir samkvæmt upplýsingum frá Landssmiðjunni. Og þó að þessar upplýsingar séu frá Landssmiðjunni, þá eru þær ekki sannar fyrir það. Og ég skora á hæstv. ráðh. að leggja þá útreikninga fyrir sjútvn. þessarar hv. d., til þess að ég, sem hef meira vit á þessum hlutum en hæstv. atvmrh., fái tækifæri til þess að athuga, hvernig þessi útreikningur á byggingarkostnaðinum er. Og þar sem hæstv. ráðh. undirstrikar, að þetta sé rétt, þar sem hann hafi látið Ólaf Sveinsson, skipaeftirlitsmann ríkisins, fara yfir þessa útreikninga og hann hafi staðfest, að þeir mundu standast, þá vil ég segja, að hann hefur nákvæmlega þá sömu þekkingu á þessu máli og ég. Sá maður getur ekki fremur um þetta dæmt en ég, en náttúrlega miklu fremur en hæstv. atvmrh. En ég á eftir að sjá, hvort sá grundvöllur, sem þarna hefur verið lagður fram fyrir hæstv. ráðh. af Ólafi Sveinssyni um þennan byggingarkostnað, er réttur. (Atvmrh.: Hver hefur talað um Ólaf Sveinsson hér. Ég nefndi hann ekki. Það var Þórður Runólfsson, eftirlitsmaður ríkisins með vélum). Ef það er einhver annar maður en Ólafur Sveinsson, sem um er að ræða, þá eru þessar upplýsingar enn falskari, — en ég skil ekki, hvaða leynd þarf að vera yfir þessum útreikningum, að við skulum ekki mega sjá, hvernig komizt hefur verið að þeim niðurstöðum, sem hæstv. ráðh. hefur gefið upp hér. Hvers

vegna má ekki leggja fram fyrir hæstv. Alþ. þessa útreikninga, svo að sjútvn. þingsins geti athugað þá? Ég get fullvissað hæstv. atvmrh. um það, að fyrir það verð, sem hann hefur sagt, að væri hægt að smíða þessa tanka fyrir, er útilokað að smíða þá á þessum tíma. Ég hef haft fyrir aðalstarf útreikninga og eftirlit með byggingu og smíði úr plötujárni, slíku sem tankar eru smíðaðir úr síðan 1924, og ég væri mikill glópur, ef ég þekkti ekki meira um kostnað við þess konar smíði en hæstv. atvmrh., sem aldrei hefur komið nálægt því.

Þá minntist hæstv. atvmrh. á kostnaðinn við sölu olíunnar. Hann hefur viðurkennt, að innkaupsverðið, kr. 283,07, væri ekki fjarri sanni. En hann vill ekki viðurkenna, að kostnaðurinn við sölu olíunnar, kr. 109,41, sem er bæði dreifingarkostnaður og annar kostnaður við sölu olíunnar, sé rétt tilfærður, og segir m. a., að hér muni vera ofreiknaður kostnaður um 65 kr. á tonn, því að þessa kostnaðarliði sé nóg að reikna á 40 kr., vegna þess að samlagið í Vestmannaeyjum þurfi ekki að hafa meiri kostnað við sölu olíunnar. En ég vil nú spyrja: Hvernig stendur á því, að ríkisstj. sjálf er þá að láta reikna olíuna á 380 kr. tonnið í staðinn fyrir 323 kr., sem hún hefði átt að gera, ef hún hefði reiknað með því, að kostnaðurinn við söluna og dreifinguna á olíunni væri 40 kr. á tonnið? Er ríkisstj. þá hér að taka af útgerðarmönnum skatt án þess að hafa heimild til þess í skattal.? Er það gert af tómri samúð með sjávarútvegin-um? Nei. Ætli það sé ekki einmitt heldur af hinu, að þeir, sem með þetta hafa haft að gera fyrir hönd ríkisstj., sem er Jón Gunnarsson, forstjóri síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði, hafi álitið, að það hafi þurft að taka meira en 40 kr. fyrir að dreifa olíutonninu. Í sambandi við þetta vil ég benda á og bið hæstv. atvmrh. að hrekja það, ef hann getur, hvernig þessar 109 kr. skiptast niður, en það er kostnaðurinn við að selja og dreifa olíunni. Þetta skiptist þannig: Rýrnun ½%, það er kr. 1,42 á tonn. Það getur vel verið að hæstv. atvmrh. viti, að hún sé minni, en ég efast um, að hann viti meira um það en þeir, sem við þessa verzlun hafa fengizt í fjöldamörg ár. Þá eru vextir 5%, fyrning 5%, viðhald 1%, sem er viðhald á olíugeymum. Það getur vel verið, að hæstv. ríkisstj. reikni ekkert af þessum þremur liðum í sambandi við Siglufjarðarolíuna, en það er ekki hægt að gera ráð fyrir, að ríkisstj. byggi upp tanka allt í kring um landið nema með því að reikna sem kostnað við það vexti, viðhald og fyrningu af þeim fyrirtækjum, sem þannig eru byggð upp. Og ég veit, að hæstv. atvmrh. er svo mikill viðskiptafræðingur, að hann viðurkennir þetta í hjarta sínu, þó að hann vilji ekki gera það, á meðan hann er að koma í gegn þessu frv. á algerlega fölskum rökum. — En þessir þrír liðir kostnaðarins, sem ég síðast nefndi, gera kr. 41,58 á hvert tonn af olíunni. Og verðlagseftirlitið hefur fullkominn aðgang að því að fylgjast með því, hvort rétt sé að reikna þetta svona hátt af olíunni, og ef ekki, þá að grípa þar inn í. — Þá kemur bryggjuleigan. Það getur vel verið, að ríkisstj. ætli að taka á sig þann kostnaðarlið á þann hátt að reikna hann ekki til gjalda við olíusöluna á Siglufirði, heldur láta ríkisverksmiðjurnar leggja til bryggjurnar endurgjaldslaust og sá liður falli inn í rekstur þeirra. En það er ekki réttur grundvöllur til þess að reikna með, því að ríkisstj. mun varla taka á sig að greiða bryggjukostnað fyrir olíuverzlunina í Barðastrandarsýslu, þar sem ríkið á þar engar verksmiðjur. — Þessi bryggjukostnaður er 5 kr. á tonn. — Síðan er afgreiðsla, sem reiknað er með til þess að vinna þetta verk, sem er einn ársmaður með 350 kr. á mánuði og tveir aðrir menn í þrjá mánuði yfir sumarið með 400 kr. á mánuði. Þetta gerir kr. 29,17 á tonn. En það getur vel verið, að hæstv. atvmrh. ætlist til þess, að á Siglufirði verði olían afgreidd á kostnað Síldarverksmiðja ríkisins þar, þannig að Síldarverksm. ríkisins leggi þetta inn í sinn rekstrarkostnað og gefi þá sjómönnum minna fyrir hvert síldarmál til þess að vinna það upp. Ég skal ekkert segja um það. En það er sjáanlegt, að ef reka á fyrirtæki sem sjálfstætt verzlunarfyrirtæki, þá verður að taka þessa kostnaðarliði með. En það má deila um það, hvort þessir kostnaðarliðir eru of háir, og það skal ég fúslega ræða um við hæstv. atvmrh.

Síðan kemur skrifstofukostnaður og rekstrarfé slíks fyrirtækis, og allt þetta hefur gert 109 kr. á tonn, og hefur því olían orðið allmiklu hærri en ríkisstj. hefur látið selja hana á Siglufirði. Hins vegar hefur þetta verið reiknað þannig gagnvart ríkisverksmiðjunum, að þær yrðu ekki fyrir tapi. Þess vegna eru það villandi upplýsingar, sem hæstv. atvmrh. gefur, að hér sé olían seld af ríkisverksmiðjunum með stórkostlegum hagnaði.

En það er eins og hæstv. atvmrh. upplýsti, að það sanna kemur honum ekkert við, honum kemur það ekkert við, þó að ríkissjóður tapi 1600 þús. kr. á ári fyrir það, að fyrirkomulaginu yrði breytt, þó það sé vitað, að þessar 1600 þús. kr. verður að taka af sjávarútveginum. Þar sem hæstv. atmvrh. segir, að þær ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar, hafi skapað sjávarútveginum 2½ millj. kr. hagnað, þá er ég ekki á móti því, en ég held, að það hafi verið gert með ráðstöfunum, sem heimild var fyrir, og það er því hægt að halda áfram sömu ráðstöfunum með þeim heimildum, sem fyrir eru, án þess að fara inn á nýtt fyrirkomulag. En ég skal síðar koma að þeim till., sem ég hef gert í því máli, eins og hæstv. atvmrh. óskaði eftir.

Þá talaði hæstv. atvmrh. um það, að hann áliti það ekki vera rétt að standa á móti því, að eitthvað væri gert gott, þó að ekki væri unnt að gera það svo, að öllum líkaði. En ég vil benda hæstv. atvmrh. á það, að ég tel það rangt, að einum útgerðarstað sé gert gott á kostnað annars, sem ekki nýtur neins góðs af slíkum ráðstöfunum sem þessum. Hér er verið að leggja stórkostlegar fjárhagslegar byrðar á ríkissjóð, greiða stórkostlegar fjárhæðir úr ríkissjóði, sem allir þegnar landsins verða að standa undir. Það er því ekki sæmilegt, að þeir, sem verða að fá olíuna til sín á tunnum, séu hafðir út undan í þessum efnum.

Ég get hugsað mér afleiðingar af þessu frv.

þannig, þegar það er komið í gegn, að það verði hægt að lækka olíuna á þeim stöðum á landinu, þar sem skilyrði eru bezt, þar verði komið upp tönkum fyrir ríkissjóðsfé og þá verði olíufélögin að lækka verð olíunnar á þessum sömu stöðum niður í það sama og verður að taka inn í dreifingarkostnað á þá olíu.

Nú er dreifingarkostnaði jafnað niður á þá olíu, sem seld er í Reykjavík og á Siglufirði og víðar á landinu í tönkum, og við það hlýtur olían að hækka á þeim stöðum, þar sem hún er flutt á tunnum og Alþ. ber skylda til þess að sjá svo um, að þeim þegnum þjóðfélagsins, sem verið er að taka af svona mikð fé til þess að koma upp olíugeymum á öðrum stöðum á landinu, þeim sé tryggt, að olían hækki ekki hjá þeim frá því, sem nú er, fyrir þessar aðgerðir.

Hæstv. atvmrh. spurði um það, hvað ég vildi gera í þessum málum, sem hefði minna braml í för með sér en þær till., sem hér eru á döfinni. Það er í fyrsta lagi það, að ég vil ekki láta samþ. þá heimild, sem ríkisstj. er gefin bæði í 1. og 6. gr. Það eru þau ákvæði, sem vitanlega valda hér mestum deilum, ekki aðeins innan þings, heldur líka utan þess, og koma til með að valda ríkisstj. mestum erfiðleikum í framkvæmdinni. Það mun koma í ljós, þegar fara á að framkvæma l. eins og þau eru hugsuð hér, og mér kæmi ekkert á óvart, þó að ríkisstj. rynni á málinu, þegar til framkvæmdanna kæmi. Ég vil hins vegar, að ríkisstj. beiti því verðlagseftirliti, sem hún hefur, og gangi beint inn í málið og rannsaki frá grunni, hvað hægt er að lækka dreifingarkostnaðinn með því að leggja ekki meira á en eðlilegt og sanngjarnt væri, þar á meðal að leyfa ekki svo háa álagningu á olíuna, að olíufélögin verði að greiða millj. kr. í skatt, sem er tekinn af útveginum. Þess utan á hún að gera „pósitívar" till. til þess að rannsaka, hvernig hægt væri að koma upp olíugeymum um allt landið án þess að fara inn á þá áhættu, sem þetta frv. hlyti að skapa, ef það yrði samþ. óbreytt. Þetta eru mínar till. Ég er samþ. því út af fyrir sig, að ríkisstj. styrki annaðhvort samvinnufélög eða einstaklinga til þess að koma upp olíugeymum í ýmsum verstöðvum, en það er hægt að gera það án þess að fá ríkisstj. á sama tíma stórkostlegar ótakmarkaðar heimildir til þess að taka eignarnámi eða leigunámi svo og svo mikið af tækjum, sem hér um ræðir. Það er hægt að ná miklu betri árangri í þessum málum með því að fara aðrar leiðir en þær, sem ríkisstj. er að fara hér.

Þá spurði hæstv. atvmrh., hvort olíufélögin ættu nokkra hönk upp í bakið á þjóðinni. Það getur verið, að olíufélögin eigi enga hönk upp í bakið á þjóðinni, en ég held því fram, að þjóðinni beri skylda til þess að traðka ekki alltaf á brautryðjendum. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. atvmrh.: Hvað mundi það kosta þjóðina nú og á undanförnum árum, ef öll olía hefði verið flutt til landsins í tunnum, eins og gert var, áður en olíufélögin komu til sögunnar? Því verður ekki neitað, að þessir menn hafa verið brautryðjendur í þessum málum, og þess vegna er rangt að loka augunum fyrir því, að þeir séu traðkaðir niður, þvert ofan í ákvæði stjskr. Það er vitanlegt, að þetta eru verk, sem koma aftur yfir þjóðina, þó að þessi hæstv. ráðh. verði þá kannske ekki í ráðherrasessi til að taka á móti þeim þunga, sem þá kemur fram. Það er sama hugsunin, sem kemur hér fram, eins og þegar ráðizt var á Útvegsbankann og traðkað á þeim mönnum, sem voru utan lands, en áttu hér fé. Ég skil ekki þá hugsun hjá stj. og þingi að halda, að það sé bezta leiðin, nú þegar við ætlum að fara að verða sjálfstæð þjóð, að fara á móti þeim mönnum, sem hafa sýnt okkur velvilja og viljað hjálpa okkur til þess að komast úr kútnum, með svo harðsnúnu lagafyrirmæli, að það stappi nærri stjórnarskrárbroti. Ég skil ekki að það sé bezta leiðin.

Þá vildi hæstv. ráðh. mótmæla því, að hann vildi nota þetta pólitískt, en ég vil biðja hæstv. ráðh. að fara ofurlítið aftur í pólitíska sögu Alþ. og lesa þar, hvernig það vald hefur verið notað af Framsfl. og samvinnufélögunum til þess að afla sérréttinda. Vill ekki hæstv. ráðh. athuga, hvernig því valdi var beitt, þegar örðugleikarnir voru sem mestir með erlendan gjaldeyri á sínum tíma? Og hvernig eigum við, sem höfum orðið að lúta ranglætinu, að bera fullkomið traust til þeirra manna, sem hafa verið álitnir postular samvinnustefnunnar á Íslandi um langan tíma og fylgt þeim flokki, sem ekkert hefur séð annað en hagsmuni þeirrar stefnu, þó að hún hafi brotið gegn öllum réttlætisreglum í viðskiptalífinu? Svo að ég mun ekkert af ummælum mínum taka aftur.

Ég vil, að síðustu minna á það, af því að hæstv. ráðh. sagði, að hann teldi ekki nauðsynlegt, að málið færi til n., að sjútvn. Ed. hefur klofnað þannig um málið, að hún gat ekki tekið einróma við till. Nd. Að hve miklu leyti hún er klofin um þetta mál, skal ég ekki segja um, og það er því óverjandi að leyfa ekki þessu máli að fara til sjútvn. þessarar d. einmitt fyrir það, að ekkert minnihlutaálit hefur komið fram um þetta hér á Alþ., en það mun sennilega koma frá sjútvn. þessarar d., ef hún fær að athuga málið, nema því aðeins, að mn. mínir verði mér sammála, og væri þá því meiri ástæða til að láta málið ganga til n. Ég sem form. n. skal ekki tefja málið, en skal taka á því eins og ég væri samþykkur því, og tel ég það nægilegt til þess, að hæstv. atvmrh. geti fallið frá till. sinni um, að málið fari ekki til n.

Hæstv. fjmrh. upplýsti, að verðlagið nú væri byggt á verðlagsgrundvelli tveggja fyrri verðlagsn., og það út af fyrir sig réttlætir ekki, að verðlagsstjóri hætti að rannsaka verðlagið frá grunni. Það er rangt, sem hann hélt fram, að sökin lægi hjá þessum verðlagsn. Ef sakast á um, að verðlagið sé of hátt, þá er það fyrst og fremst verðlagsstjóri, er nú situr, sem á að rannsaka það mál. Ef það er rétt, að það þurfi 100% til þess að dreifa olíunni, er sjálfsagt að ganga beint að því að rannsaka það, og ætti að vera búið að því.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Ég skal vera stuttorður. Ég skal upplýsa hv. þm. Barð. um það, að ríkisstj. verðsetti ekki olíuna, sem seld var á

Siglufirði, heldur það atvmrh. ríkisverkmiðjurnar að kaupa olíu og selja hana við því verði, sem þeim fyndist vera hæfilegt. Ef ég hefði verðlagt olíuna, þá hefði verðið ekki verið 38 aurar, heldur miklu lægra. Viðkomandi því, hver hafi vit á smíði olíugeyma og hver ekki, þá er grunur minn sá, að það sé mikill munur á skilningi hv. þm. Barð. á því, hvað muni kosta að byggja tanka nú, og þeirra manna, sem ég hef fengið til að segja álit sitt um þá hluti, en það er framkvæmdastjóri Landssmiðjunnar og eftirlitsmaður ríkisins, Þórður Runólfsson verkfr. Ég skal upplýsa hv. þm. og d. um það, að það verðlag, sem þeir Ásgeir Sigurðsson og Þórður Runólfsson byggja á, er kostnaðarverð, án þess að það sé búið að leggja svo og svo mikið á vinnulaunin og án þess að lagt sé á svo og svo mikið af aukagjöldum, þetta er kostnaðarverð, en ekki eitthvert tilbúið verð. Í sambandi við þetta má benda á það, að núverandi stj. lækkaði á s. l. vetri álagningu á verðlag hjá Landssmiðjunni. Svo kom verðlagseftirlitið og lækkaði einnig hjá hinum smiðjunum, því að álagningin var óhæfileg hjá þessum stofnunum.

Ýmislegt annað, sem hér hefur verið sagt af hv. þm. Barð., ætla ég ekki að fara út í. Ég þarf ekki að endurtaka það, sem ég hef sagt áður um 1. gr. Ég hef áður ásamt hæstv. viðskmrh. gefið þinginu skýrslu um það, að það stæðu fyrir dyrum breyt. á samningum ríkisstj. við flotastjórnina um afhendingu á olíu. Þetta var upplýst fyrir meira en mánuði, og þetta stendur nú fyrir dyrum. Og því er það, að ég tel nauðsynlegt, að það sé nú gefin heimild fyrir 1. gr. Um skilning hv. þm. Barð. að öðru leyti á þessu máli er það að segja, að ég býst við, að það væri mér ofvaxið að fá hann til þess á þessum fundi að átta sig á hlutunum, að því er olíuviðskiptin snertir. En ég get fullvissað hv. þm. og hv. d. um það, að útgerðarmenn á Norðfirði munu væntanlega næstu daga byrja að selja olíuna með stórlækkuðu verði fyrir milligöngu ríkisstj., og þeir munu skilja, hvers konar viðskipti þeir hafa haft hingað til. Fiskimenn í Vestmannaeyjum og Keflavík munu skilja það þegar í dag, hvað það er að vera fjötraður við olíufélögin, þó að hv. þm. Barð. skilji þetta ekki.

Einn hv. þm. hér í þessari hv. d. sagði eitthvað á þá leið, að það hefði löngum verið svo, að ef einhver þyrfti á vinsældum að halda, að þá væri talið heppilegt að gera aths. við olíufélögin. Það mundi víst ekki mega snúa þessu þannig við, að þeir, sem hafa mesta löngun til að nota orðin „falskar upplýsingar", þeir fari að meta meira vinsældir olíufélaganna en það að koma á hagkvæmum viðskiptum fyrir fiskimenn landsins?

**Gísli Jónsson:** Ég vil aðeins benda hæstv. atvmrh. á það, út af því, sem hann sagði um olíuverðið á Siglufirði, að ég hélt því fram, að þeir, sem réðu um stjórn síldarverksmiðjanna, hefðu reiknað út þetta verð, vegna þess að þeir þyrftu að fá þetta verð. Ef þeir hefðu ekki gert það, þá hefði hæstv. atvmrh. framið stórkostlegt brot á útvegsmönnum. En hvar er þá þetta fé, sem sparazt hefur? Hefur hæstv. atvmrh. tekið það í sérstakan sjóð, eða er það til hjá síldarverkmiðjunum? Ef svo er, því er það þá ekki tekið til þess að byggja fyrir það tanka hér á landi?

Þá viðurkenndi hæstv. ráðh., að hann hefði látið reikna út, hvað kostaði að smíða geyma með kostnaðarverði. En hvað er kostnaðarverð? Nú er ég þessu eins vel kunnugur og hæstv. atvmrh. Ef fyrirtæki eins og Landssmiðjan reiknar efnið og alla vinnu með kostnaðarverði án þess að viðhafa nokkra álagningu, þá verð ég að segja það, að slíkar áætlanir eru blekkingar. Hvernig fær slíkt staðizt? Það er auðvitað mál, að öll slík fyrirtæki verða að leggja nokkuð mikið á vinnu og efni til þess að geta staðið straum af slíkum atvinnurekstri, borgað alla skatta, skrifstofukostnað o. s. frv. Ég vil því halda því fram, að hver tankur muni raunverulega kosta meira en 50 þús. kr., eins og Landssmiðjan áætlar. Hvað snertir útgerðarmennina á Norðfirði, Keflavík og í Vestmannaeyjum, þá vil ég benda á það, að það voru fleiri en þessir útgerðarmenn, sem vildu fylgja þessu frv., ef þeir hefðu sömu aðstöðu og þeir. Norðfjörður er bara í þeirri aðstöðu, að þar hefur verið komið upp geymum fyrir ríkisfé. Þeir þurfa þar ekki að leggja á sig neinar byrðar fyrir það, að þessi skipan er tekin upp á olíumálunum. Og þeir standa á móti því, að það sé komið á verðjöfnun á olíunni til þeirra og annarra úti á landi, því að sú verðjöfnun mundi hækka verð hjá þeim frá því, sem er, til þess að þeir, sem ríkið hefur ekki gert það sama fyrir og þá með smíði tanka, geti fengið olíuna ódýrari en annars. Norðfjörður hefur fengið hjálp laganna til þess að skapa sér þessa aðstöðu. Hann vill svo njóta beztu kjara við þetta, en ekki taka þá byrði, sem aðrir staðir verða að hafa eftir þessa nýskipun á málinu. Þetta vill ekki hæstv. atvmrh. viðurkenna, og það sýnir, hve óskapleg „partiska" yrði í framkvæmd l., ef hann fengi að ráða um þetta.

**Lárus Jóhannesson:** Herra forseti. Ég fyrir mitt leyti er ekki búinn að taka afstöðu til þess, hvernig ég greiði atkv. um þetta mál. Ég er ákveðinn í því, ef ég tryði á það, að þetta mundi verða til þess, að útgerðarmenn fengju olíuna ódýrari nú og í framtíðinni en verið hefur, að þá væri sjálfsagt að samþ. það. Þó er ég mjög á móti ákvæðum 6. gr. og mundi aldrei fylgja henni óbreyttri. En það, sem ég óttast, er það, að þetta frv. geti leitt til þess, að ríkið taki fyrr eða síðar í sínar hendur, einmitt fyrir samþykkt þess ákvæðis, einkasölu á olíunni. Og fyrir það vildi ég koma í veg, ef unnt væri. Ég er orðinn það gamall, að ég man eftir, þegar hér var einkasala á olíu. Þá gekk allt í ólestri í sambandi við olíusöluna. Og það var ekki fyrr en ríkið sleppti þessari einkasölu, að fyrirtæki einstaklinga hrundu því í framkvæmd að smíða hér olíugeyma og hætt var að flytja olíuna inn á tunnum. En mér finnst, að það þurfi að athuga ákaflega margt í sambandi við þetta mál, sem ekki hefur verið athugað. Sjútvn. beggja d.

munu hafa athugað þetta mál allverulega, en eftir því, sem mér hefur skilizt, þá voru þær bundnar þagnarheiti við stjórnina um, að þær skýrðu ekki einu sinni frá því, sem var að gerast, a. m. k. í hálfan mánuð.

Ég vil spyrja hæstv. ríkisstj. um viss atriði, áður en ég tek afstöðu til þessa máls, um leið og ég bendi á, að þau félög, sem með olíuverzlunina fara í heiminum, eru ekki nein smáfélög, því að sum þeirra munu hafa svo mikinn starfsmannafjölda í þjónustu sinni, að jafnmargir eru öllum Íslendingum að minnsta kosti, og stjórnir heimsveldanna, eins og t. d. Bretlands, eiga meiri hlutann í sumum félögunum og þar á meðal öðru félaginu, sem starfar hér á landi. Ýmsar þjóðir hafa lagt sem mest kapp á að fá sem flest af þessum stóru félögum til sín með verzlun á olíu, oft fyrir milligöngu systrafélaga eða dótturfélaga í löndunum, og hafa álitið, að hagsmunum neytenda væri bezt borgið með því, að samkeppni væri þeirra á milli. Og undir venjulegum kringumstæðum hygg ég, að svo sé. En ég vildi leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., áður en atkvgr. fer fram um þetta mál, hvort ríkisstj. hafi tryggt sér olíukaup fyrir næsta ár, ef þau félög, sem hér eru, hætta að starfa hér. Enn fremur vil ég spyrja um, hvort hæstv. ríkisstj. hefur tryggt sér kaup á tankskipi til þess að flytja olíuna á milli hafna hér á landi til þeirra staða, þar sem tankar eru fyrir. Enn fremur álít ég, að það væri ekki úr vegi að athuga það, hvað búast mætti við, að enska stjórnin segði við samþykkt þessa frv., þar sem vitað er, að félag, sem hún á meiri hlutann í, er annað félagið, sem starfar hér, en yfir hinu félaginu, Shell, hefur hún mikil umráð. — Og mætti þá vænta árekstra ef eignir félaga þessara yrðu teknar eignarnámi, en við því má búast, ef 6. gr. frv. verður samþykkt. — Ég tel málið ekki upplýst hér í hv. d., fyrr en búið er að gefa fullnægjandi svör við þessum fyrirspurnum.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Vegna fyrirspurnar hv. þm. Seyðf. (LJóh), er hann spurðist þannig fyrir: Hefur ríkisstjórnin tryggt sér olíukaup fyrir næsta ár, — vil ég svara þannig: Ríkisstj. hefur samninga um það, að viss stórveldi sjái Íslandi fyrir nauðsynjum, svo sem frekast má við koma. Þetta hefur verið skilið á þann hátt, — og hingað til hefur reynzt að mega skilja það þannig —, að við fáum allar þær nauðsynjar, sem við þurfum og höfum þurft á að halda til lífsviðurværis og rekstrar atvinnuveganna hér í landinu. Þetta hefur reynzt þannig undanfarin ár, beint og óbeint. Og olían fellur að sjálfsögðu undir þetta.

Um það, hvort ríkisstj. hafi tryggt sér kaup á tankskipi, vil ég upplýsa það, að ríkisstj. hefur ekki eins og stendur neitt öruggt eða tryggt í þessu efni. En hún hefur gert athuganir á möguleikum um þetta, og er ekki vonlaus um, að úr þessu rætist, ef á þyrfti að halda.

Í þriðja lagi geri ég ekki ráð fyrir, að hv. þm. Seyðf. ætlist til þess, að ríkisstj. fari að spyrjast fyrir hjá stjórn erlends stórveldis, hvort því mundi líka betur eða verr, að hið háa Alþ. setti lög um málefni, sem algerlega eru innanríkismál. Segi ég þetta í tilefni af því, að hv. þm. Seyðf. nefndi það, hvort ríkisstj. vissi um það, hvað Bretastjórn vildi í þessu máli. Ég geri ráð fyrir, að hið háa Alþ. setji nú sem endranær þau l., sem hagkvæmust þykja fyrir þjóðina án þess að spyrja nokkra útlendinga um það.

**Lárus Jóhannesson:** Herra forseti. Út af ræðu hæstv. atvmrh. vil ég taka það fram, að ég ætlast náttúrlega ekki til þess, að íslenzka ríkisstjórnin færi að spyrja um þetta. En ég vildi vita, hvort þetta hafi verið rætt í utanrmn. Það var það, sem ég var að tala um (**Atvmrh.:** Fyrirgefið. Ég heyrði fyrirspurnina öfugt. En það var ekki rætt í utanrmn.), — eða hvort aðvaranir höfðu borizt ríkisstj. um þetta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til sjútvn. felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** ÞÞ, BBen, GJ, LJóh, MJ.

**nei:** BrB, GÍG, HG, HermJ, IngP, JJ, KA, PHerm, StgrA.

3 þm. (PM, BSt, EE) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínum:

**Guðmundur Í. Guðmundsson:** Með því að þetta frv. hefur þegar verið til athugunar hjá sjútvn. þessarar hv. d., þar sem allir hv. nm. hafa tekið þátt í atkvgr. á fundi n. um hverja einustu gr. frv. og frv. í heild, sé ég ekki ástæðu til að vísa málinu til sjútvn. og segi því nei.

**Ingvar Pálmason:** Með tilvísun til grg. hv. 9. landsk. segi ég nei.

**Jónas Jónsson:** Ég segi nei, af því að stórmál hafa verið látin fara nefndarlaust.

**Haraldur Guðmundsson:** Með tilvísun til grg. hv. 9. landsk. þm. segi ég nei.

**Hermann Jónasson:** Með sömu grg. og fram er komin segi ég nei.

Till. um að vísa málinu til allshn. felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GJ, LJóh, MJ, ÞÞ, BBen.

**nei:** GÍG, HG, HermJ, IngP, JJ, KA, PHerm, BrB, StgrA.

3 þm. (PM, BSt, EE) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínum:

**Gísli Jónsson:** Með því að hv. 9. landsk. hefur hér gert grein fyrir atkv. sínu viðkomandi því að vísa málinu til sjútvn. með alveg fölskum rökum og haldið fram, að málið hafi þegar legið fyrir sjútvn. þessarar hv. d., sem hann veit, að er alveg rangt að því leyti, að málið hefur ekki verið tekið þannig fyrir nema sameiginlega af sjútvn. beggja d., og því var lýst yfir, að það yrði ekki gefið út neitt sérstakt minnihlutaálit, vegna þess að það ætti eftir að koma til sjútvn. þessarar d., þá er ég samþykkur því,

að því sé vísað til annarrar n., allshn., eftir að atkv. hafa fallið þannig, að málið fari ekki til sjútvn.

**Guðmundur Í. Guðmundsson:** Með því að þetta frv. hefur þegar fengið athugun í n. þessari hv. d. og verið afgr. með atkvgr. í nefndinni, sé ég ekki ástæðu til að vísa frv. í aðra n. og segi því nei.

**Bjarni Benediktsson:** Ég vildi vekja athygli á því, að það hefur ekkert nál. í þessu máli legið fyrir þessari hv. d., og getur því ekki verið rétt, að málið hafi verið afgr. frá n. í þessari hv. d. á venjulegan hátt. Þetta mál mun síðast hafa verið til umr. á fimmtudaginn var, en nú er þriðjud., þannig að ef sérstaklega hefði legið á að frá frv. afgr. og þess vegna ekki verið tími til að afgreiða það í n., þá hefði málið verið tekið fyrir fyrr. Það er því ljóst, að það er ekki tímaskortur, sem veldur því, að málið verður ekki látið fara nú til n., heldur eitthvað annað verra. Og með því að það hefur ekki verið í n. í þessari hv. d., greiði ég atkv. með því, að það fari til allshn., og segi já.

**Brynjólfur Bjarnason:** Þar sem það er ekki venjulegt, að eitt og sama málið sé til athugunar í tveimur n. í sömu d., þá segi ég nei.

---

Á 59., 60., 61. og 62. fundi í Ed., 2., 3., 6. og 9. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Ed., 10. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 465, 561).

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Það fór nú svo við síðustu umr. þessa máls, að það fékkst ekki samkomulag um það að vísa málinu til sjútvn. þessarar d., svo að það fengi þinglega meðferð eins og önnur mál, og var það dálítið einkennilegt, þar sem um mjög stórt mál er að ræða, en hv. þm. S.-Þ. (JJ) lýsti yfir því sérstaklega, að hann vildi ekki, að málið færi í n., af því að það væri svo útgjaldafrekt. Annars munu þm. hafa greitt atkv. á röngum upplýsingum frá hv. 9. landsk. (GÍG) um, að málið hefði verið hjá sjútvn., því að þeir vísuðu allir til grg. hans. Út af þessu vil ég leyfa mér að benda á, að þetta mál kom fyrst fyrir á sameinuðum fundi í báðum sjútvn. beggja d., og vil ég leyfa mér að lesa upp það, sem bókað er af hv. 9. landsk. (GÍG) í fundargerðabók sjútvn. 8. nóv., með leyfi forseta:

„Ráðherra skýrði frá, að hann hefði samið frv. til l. um olíumálin. Las hann frv. upp á fundinum og tilkynnti, að það mundi lagt fram næstu daga. Engar ákvarðanir teknar á fundinum."

Ég vil geta þess, að þetta var á sameiginlegum fundi hjá sjútvn. beggja d., en þannig er þetta í fundargerðabók sjútvn. Ed. Síðan er næsta bókun hinn 13. nóvember, þar sem rætt er um olíumálin o. fl.:

„N. fór nú á fund sjútvn. Nd., þar sem rætt var um frv. til l. um olíugeyma o. fl."

Þetta er það eina, sem bókað er í fundargerðabók Ed. um málið, og getur hver maður séð eftir þessari fundargerð, að málið hefur ekki verið afgreitt og aldrei gengið til atkv. um það, og vænti ég þess, að þetta séu nóg rök, þar sem þetta er skrifað með eigin hendi hv. 9. landsk. (GÍG).

Nú ætla ég að halda áfram og benda á, hvað skeði í Nd. á sameiginlegum fundi beggja n. og er bókað hjá sjútvn. Nd., með leyfi forseta:

„Ráðherra kvaðst loks vera þakklátur fyrir athuganir n. og till. þeirra Finns Jónssonar og Gísla Jónssonar um það, hvernig málið yrði lagt fyrir, og sagðist mundu senda flokkunum afrit af frv., jafnframt og það yrði lagt fram."

Næst er svo bókun á þeim fundi, sem ég geri ráð fyrir, að hv. 9. landsk. (GÍG) ætli að vísa til. Þar er bókað, að á þeim fundi vorum við staddir, en tókum ekki þátt í þeirri atkvgr., enda stendur, að 4 af 5 nm. hafi greitt atkv. Það er hvergi minnzt á í bókunum, sem heldur ekki er von, atkvgr. milli nm. Ed., enda lýst yfir af mér, að ég tæki ekki þátt í neinni atkvgr. Það eru því þersýnilega algerlega fölsk rök, sem hv. 9. landsk. (GÍG) bar fram í þessu máli, og er leiðinlegt, að mál eins og þetta hefur verið fellt frá n. á ósannri grg. eins af sjútvnm. Ed., vísvitandi til þess að málið fengi ekki þinglega meðferð. Nú þykir mér þetta því verra sem ég hef allan tímann, sem ég hef unnið með þessum þm., orðið þess var, að hann er mjög samvinnuþýður, og viðurkenni, að hans till. eru ekki einasta mjög góðar, heldur mjög viturlegar, því að hann er risi að vexti og viti, en dvergur að sjálfstæði og er alveg kúgaður af flokksbræðrum sínum, því að það sést, að hann þorir ekki að greiða atkv. eftir sannfæringu sinni, þegar hv. 3. landsk. (HG) situr við hlið hans og klípur í hann við og við til þess að minna hann á, að hann sé í flokknum. Þetta er því verra sem hann er vel af guði gerður. Nú hefur hann látið kúga sig af flokksmönnum sínum til þess að bera hér fram ranga grg. Mér finnst, ef hann ætlar sér að verða sjálfstæður þm., að hann ætti að stappa ofurlítið meira í sig stálinu í staðinn fyrir að hlaupa undir pilsfaldinn hjá hv. 3. landsk. og hv. þm. Ísaf. (FJ).

Ég vil þá snúa mér beint að málinu. Ég hef borið fram við það brtt. á þskj. 561. Ég vil taka fram, að það væri löngu búið að afgreiða þessar brtt. í sjútvn., ef d. hefði fengizt til að vísa málinu þangað. Ég hygg, að það sé eina n. í þinginu, sem á ekkert mál óafgreitt, sem til hennar hefur verið vísað, og er það ekki sízt að þakka dugnaði meðnm. minna, sem hafa ætíð verið reiðubúnir að mæta til að afgr. mál á mögulegum og ómögulegum tímum. Ég fullyrði, að í n. hefði komizt á eitthvert samkomulag a. m. k. um sumar brtt., og hefði það mátt verða til þess, að frv. færi úr d. með heldur meiri sóma en á horfist. En ég vænti þess enn, að sjútvn. gefist tækifæri til að athuga þessar brtt. á þinglegan hátt. Ef hæstv. forseti óskar þess, að n. hraði afgreiðslu, skal ég lofa því, að málið skal ekki tefjast hjá henni að óþörfu og ekki verða tafið af minni hálfu í d.

Ég hef lagt það til á þskj. 561, að brott falli úr 3. gr. orðin „þegar ráðh. hefur ákveðið styrk

til fyrirtækisins". — Úr því að fiskveiðasjóður hefur þessa lánastarfsemi með höndum, sé ég ekki, hvers vegna hann er ekki frjáls að byrja að lána, fyrr en ráðherra hefur tiltekið, hvern styrk ríkissjóður greiði. Sjóðurinn ætti þar að vera sjálfráður. Í sömu gr. þykir mér rétt, að í stað Fiskifélags Íslands komi Landssamband íslenzkra útvegsmanna. Þetta mál snertir fyrst og fremst útvegsmenn, sem eru allir í landssambandinu og eiga fullkominn aðgang að þeirri stofnun. Nú skal ég viðurkenna, að sumir þm. bera meira traust til Fiskifél. Íslands, því að það sé eldri og reyndari stofnun. Ég gæti fellt mig við það til málamiðlunar, að þarna kæmi hvort tveggja, fiskifélagið og landssambandið.

Við 5. gr. flyt ég þá brtt., að í stað „ráðherra" skuli koma ríkisstjórn, því að stórmál sem þessi eiga að vera á ábyrgð allrar ríkisstjórnarinnar. Hæstv. atvmrh. taldi ekki vera hægt að bíða eftir úrskurðum Alþingis, en hitt ætti ekki að vera ófært að bíða þess, að stjórnin í heild tæki ákvörðun.

Það er 6. gr., sem mestum ágreiningi veldur, og hef ég orðað hana alveg upp. Atriðin, sem ég vil breyta, eru þessi: Ég vil ekki láta eignarnámsheimildina í hendur neinna verzlunarfyrirtækja í landinu, einstaklinga né félaga. Eignarnám verður að vera gert af ríkinu. Það finnst mér vera þinglegri leið og í betra samræmi við stjórnarskrána, og þyki einhverjum sem stjórnarskráin tryggi, að ekki verði farin önnur eignarnámsleið, sakar sízt að taka það beint fram í frv. Þá vil ég setja ákvæði að áfrýja megi mati. Enn fremur legg ég til, hafi landeigandi vísað á land á öðrum stað en krafizt hefur verið, að þá skuli eignarnám eigi fara fram, nema fyrir liggi sameiginlegt álit þar til hæfra dómkvaddra manna, að land það, sem bent hefur verið á, sé ónothæft til slíks atvinnurekstrar. Ef þetta er ekki í l., geta menn misbeitt rétti sínum og sölsað undir sig land með einhverju yfirskini um bygging olíugeyma, en notað síðan að miklu leyti til annars verðmætara. Það er ósæmandi ríkinu að vernda ekki þarna rétt þegnanna. Það er stefnt að einhverju öðru en bættri olíuverzlun, ef þessi brtt. mín nær ekki samþykki. Þá legg ég til, að í stað orðanna „eftir að hafa fengið umsögn" komi: að fengnum meðmælum. — Ef það nær ekki samþ., getur ríkisstj. lagt út í leigunám eða eignarnám þvert ofan í tillögur fiskifélagsins og vitamálastjóra og án þess að bera það undir Landssamband útgerðarmanna, sem ég tel vera þar aðila. Þetta eru aðalbreytingarnar, sem ég vil gera á 6. gr., og það loks, að eignarnámsheimildin falli niður í árslok 1944, hafi hún ekki verið notuð áður. Alþingi getur alltaf framlengt hana, ef nauðsyn þykir. Mér finnst það meir í anda stjórnarskrárinnar, að slík heimild verði ekki gefin um ótakmarkaðan tíma.

Ef svo færi, að olía yrði lækkuð á ýmsum útgerðarstöðum með aðstoð ríkisins samkv. þessum l., en lækkaði ekki eða jafnvel hækkaði á stöðum, þar sem flytja verður hana að í tunnum, legg ég til í 4. brtt. á þskj. 561 (ný gr.), að ríkisstj. ákveði jafnaðarverð á olíunni milli þessara staða, þannig að hinir síðarnefndu njóti hlutfallslega sama olíuverðs og nú miðað við þá staði, þar sem þegar er seld olía frá geymum. Ríkisstjórninni skal þá heimilt að leggja verðjöfnunargjald á alla olíu selda frá geymum, til þess að verðjafna megi olíuna, en sé eigi hægt að láta verðjöfnunargjaldið hrökkva til uppbótanna, megi verja til þeirra fé úr ríkissjóði. Verðjöfnunargjald fellur þá ekki á olíugeymana í Vestmannaeyjum og Keflavík, því að þeir eru byggðir án ríkisstyrks. En þegar það gjald yrði tekið af olíu á Norðfirði, Siglufirði eða hvar, sem ríkið kynni að verða búið að styrkja olíugeyma, getur maður ekki kallað það ósanngjarnt. Ég ætla engu að spá um, hvaða áhrif þessar ráðstafanir hafa á olíuverðið. En olíufélögin munu krefja af verðlagsstjóra, og fá fram hækkun á olíuverði á stöðum, þar sem selja verður í tunnum. Ríkisstjórnin yrði þá að taka tunnur eignarnámi og taka einhverja olíuhöfn á landinu, þar sem hægt væri að láta á tunnur. Í Hvalfirði er það nú ekki hægt. Ég legg áherzlu á, að þetta skipulag verði ekki til þess að gera mönnum á sumum stöðum erfiðara fyrir en er. Ef ekki fer svo illa, þarf ekki til þessara ráða að taka, en of seint væri að samþ. breyt., eftir að olían væri kannske orðin tvöfalt dýrari en nú.

**Guðmundur Í. Guðmundsson:** Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í umr. um frv., en hv. þm. Barð. hefur séð ástæðu til að bera mig sökum, sem ég vil svara. Frv. var borið fram af ráðherra, og mun hann að sjálfsögðu halda hér uppi svörum. En við 1. umr. tók ég fram, hví ég væri móti því að vísa frv. til n., því að það var búið að fá meðferð í n. Þetta get ég nú endurtekið, þótt hv. þm. Barð. haldi öðru fram. Hann stendur bersýnilega í þeirri meiningu, að hann sé sjútvn. eða sama sem einn í n. og þegar hann taki ákvörðun, hafi n. gert það. En auk hans er þar raunar 1. þm. S.-M. og ég. Þegar frv. lá fyrir sjútvn. Nd., vorum við þrír boðaðir á fund með henni, og inntum við 1. þm. S.-M. eftir því, hvort við ættum að taka þar þátt í málsmeðferð og atkvgr. um einstakar gr. frv. Því var játað, og það gerðum við tveir, en hv. þm. Barð. lýsti yfir, að hann vildi ekki eiga þátt í afgreiðslu málsins þar, heldur gera síðar grein fyrir afstöðu sinni, eins og hann hefur nú gert. Hann fer með ósatt mál, þegar hann neitar því, að sjútvn. þessarar d. hafi ekki gefizt kostur á að taka þátt í athugun málsins, og kemur mér undarlega fyrir sjónir, hvað honum þykir unnið með því.

Hann lét þess líka við getið, að ég mundi í þessu sem öðru fara mjög eftir fyrirmælum, sem ég fengi frá mínum flokki. Hann ætti frekar að stinga hendinni í eigin barm en deila þar á aðra. Ég veit ekki betur en við Alþflm. þessarar d. höfum báðir gert grein fyrir afstöðu okkar til málsins og skýrt, á hverju hún byggist. Þó að Alþfl. og við hv. 3. landsk. hefðum kosið margt í frv. betur úr garði gert en er, er einsætt að fylgja frv., svo að það nái nú samþ. og komi sem fyrst að gagni. Allir vita, að olíumál útvegsins eru í mesta öngþveiti og eitthvað verður að gera. Ef hv. þm. Barð. vildi

rannsaka, hvernig flokkur hans skildi við þau mál í sinni stjórnartíð, býst ég við, að hann kæmist að þeirri niðurstöðu, að sumt hafi þá farið verr en skyldi. Hann ætti að rannsaka, hvort það er satt, að verðlagsnefnd hafi í tíð fyrrv. ríkisstj. ætlað að hlutast til um, að olían yrði lækkuð, en þá hafi þeim málum verið kippt úr hendi hennar af ríkisstj. og þar með öll olíulækkun stöðvuð. Það væri ákaflega fróðlegt að fá eitthvað um þetta að vita.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Herra forseti. — Um afgreiðslu brtt. á þskj. 561 tel ég mig hafa ástæðu til að segja nokkur orð.

Ein breytingin, að setja á 3 stöðum ríkisstjórn f. ráðherra, er í sjálfu sér meinlaus, skiptir ekki máli til eða frá, — í mörgum lögum eru þessi tvö orð notuð mjög jöfnum höndum. Ég mundi hvorki leggja með henni né móti, ef ekki stæði svo á, að samþ. hennar gæti ráðið því, hvort senda þarf frv. aftur til Nd. og stofna því í þá hættu, að það yrði ekki útrætt á þinginu. Ég álít ekki vert að gera á frv. orðabreytingar til tómrar skemmtunar. En um þá brtt. að setja í stað Fiskifélags Íslands Landssamband útgerðarmanna tel ég, að hún sé mjög til hins verra. Hv. þm. Barð. rökstuddi hana með því, að „landssambandið" væri félag allra útvegsmanna. Er það nú svo? Er ekki fiskifélagið opið öllum útvegsmönnum? Er það verra í augum hv. þm. Barð., að það skuli líka vera félag allra fiskimanna? Um „landssambandið" hefur mér verið frá því skýrt af kunnugum manni, að ekki hafi aðalfundur verið haldinn í því félagi 2 s. l. ár a. m. k. og sitji stjórn þess því í nafni sjálfrar sín, ókosin. Þetta er þá „landssambandið", sem taka á fram yfir Fiskifélag Íslands til að vera málsvari fiskimanna á Íslandi, en fiskifélagið hefur, eins og vitað er, starfað mikið að þessum málum af alhliða áhuga. Ég tel því, að það sé til hins verra að gera þessa breyt. Ég tel, að fiskimenn geti haft minni áhrif en ella og útgerðarmenn úti um land, og ég geri ráð fyrir, að hv. þm. Barð. muni vilja falla frá þessari brtt. að fengnum þessum upplýsingum.

Þá er komið að 6. gr. Þar vill hv. þm. gera nokkuð margar breyt., og vil ég fyrst benda á, að hann gerir hér till. um að skjóta inn ákvæði um það, hvernig eignarnám skuli framkvæmt, eins og hann hafi ekki áttað sig á, að til eru l., 26 ára gömul, frá 1917, sem ákveða skýrt og vel, hvernig eignarnám skuli fara fram, og er því ástæðulaust að fara að setja hér inn innskot, sem tiltekur það sama sem er í l. frá 1917. Ég tel víst, að við þessa ábendingu muni hv. þm. fallast á, að þetta sé óþarft og því rétt að nema það úr brtt.

Þá kem ég að því, að hv. þm. vill taka sérstaklega fram, að hafi landeigandi vísað á land á öðrum stað en krafizt hefur verið, skuli eignarnám ekki fram fara, nema fyrir liggi sameiginlegt álit þar til hæfra dómkvaddra manna, að land það, sem bent hafi verið á, sé ónothæft. Í frv. stj. segir: „Ef þörf krefur, getur ráðherra leyft, að samband olíusamlaga, olíusamlög eða félög útgerðarmanna taki lóðir eða lóðarréttindi eignarnámi til þess að reisa á olíugeyma". Ég sé ekki, að þörf sé eða ástæða að kveða ákveðnara á en þetta. Það leiðir af sjálfu sér, að engin ríkisstj. lætur taka land eignarnámi að gamni sínu. Ef um tvö lönd er að ræða jafngóð við einhverja verstöð, hefði stj. ekki ástæðu til að taka endilega það landið, sem eigandanum væri meiri eftirsjá í.

Hv. þm. Barð. sagði, að hann teldi óeðlilegt og órétt að heimila verzlunarfél. að taka eignarnámi lönd til þessa. Eins og ég benti á við 1. umr., er í hafnarl. gert ráð fyrir heimild til að taka lönd eignarnámi til hafnarmannvirkja í almenningsþarfir. Það er alveg það sama, sem hér er verið að heimila, og er enginn eðlismunur á því, hvort þarf að fá land til hafnarmannvirkja eða land við höfn til að reisa á olíugeyma til almenningsþarfa. Það er um enga nýbreytni að ræða, af því að verið er að heimila eignarnám til fél. vegna mannvirkja, sem eru opin öllum neytendum, sem hagsmuna hafa að gæta.

Ég hef af vangá hlaupið yfir tvö atriði. Það er lagt til í brtt. við þessa sömu gr., að ríkisstj. skuli heimilt að fengnum meðmælum frá Landssambandi ísl. útvegsmanna að taka leigunámi eða eignarnámi olíugeyma o. s. frv. Ég hef sagt það, sem ég hef að segja um landssambandið. En það er mikill munur á því, hvort þarna stendur umsögn eða meðmæli. Ef þarna stendur meðmæli, er ríkisstj. bundin því að geta ekki framkvæmt hlutinn, nema stofnunin fallist á þá framkvæmd. Þar með er valdið tekið af stj. Hitt er almennara að vísa til ákveðinnar stofnunar og biðja um umsögn hennar. Ég er því mjög mótfallinn, að þessi breyt. verði gerð.

Ég get ekki fallizt á, að til bóta sé að takmarka eignarnámsheimildina við árslok 1944, og er mótfallinn slíkri breyt.

Loks kem ég að niðurlaginu í brtt. hv. þm. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa nokkrar línur: „Nú hefur verið komið upp olíugeymum á útgerðarstað með aðstoð ríkisins og olían lækkað þar í verði af þeim ástæðum, en jafnframt hefur olían ekki lækkað hlutfallslega á þeim öðrum stöðum, sem enn verður að flytja olíu að í tunnum, og skal þá ríkisstj. ákveða jafnaðarverð á olíunni á milli þessara staða." — Þegar hv. þm. talaði fyrir þessu, sagði hann, að ef aðgerðir frv. yrðu til að hækka olíuverðið annars staðar, væri það órétt. Ég get að vissu marki tekið undir þetta. Ef þær yrðu til að gera sumum landsmönnum erfiðara fyrir en áður, gæti komið til athugunar, hvort ekki væri rétt að bæta úr því, en eins og brtt. er borin fram, er hún um annað efni. Ef á landinu eru menn, sem hafa ekki dug til að nota sér þessa heimild, er lagt til, að dugnaðarmennirnir séu skattlagðir til þess að verðlauna ódugnað hinna. Á móti slíku er ég.

Ég hef með þessum orðum gert grein fyrir því, að það virðist til lítilla bóta, að d. fallist á brtt., og ég leyfi mér að leggja til, að að svo stöddu sé engin brtt. á þskj. 561. samþ.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. — Af öllu því, sem sagt hefur verið um þetta mál, hafa niðurlagsorð hæstv. ráðh. verið ósæmilegust. Hver

er að núa útkjálkamönnum því um nasir, að þeir hafi ekki dug til að nota sér styrk til að koma sér upp olíugeymum, ef aðstaðan er þannig að ekki er hægt að gera það. Það þarf mörg ár til að koma upp nógu mörgum olíugeymum. Það er hvorki til efni né fólk og því ekki unnt að koma þeim upp í einu á öllum stöðum og ekki heldur, þó að þetta hvort tveggja væri fyrir hendi. En þær millj., sem teknar eru til tanka, eru úr ríkissjóði, einnig frá þeim, sem greiða í hann í sköttum og tollum og búa við erfið lífskjör úti á landi, og það er ósæmandi að taka úr vasa þeirra til að bæta kjör annarra. Úr því að ráðh. hefur fallizt á, að rétt væri að bæta þessum mönnum það upp, ef olían hækkaði, vildi ég, að hann bæri fram þá brtt., að þeim skyldi bætt það upp. Ef hann vill lýsa yfir því tvisvar hér í d., því að minna má ekki gagn gera, ef maður á að trúa slíkri yfirlýsingu, að það skyldi verða greitt, sem olían kynni að hækka, gæti ég sætt mig við það. En orðalag mitt kemur af því, að ef olían lækkar á öðrum stöðum fyrir aðgerðir, sem útkjálkamennirnir verða að borga að einhverju leyti, vil ég, að þeir njóti góðs af. Þegar þetta er orðið að l., streyma inn beiðnirnar um 20% styrk og lán til að koma upp tönkum. En það, sem hæstv. ráðh. lýsti yfir, að hann ætlaði að láta byggja fyrir, getur hann aldrei staðið við. Svo mikil fjarstæða er það. Reynslan mun sýna, að það mál hefur ekki verið undirbúið eins og skyldi. Þess vegna þorir ráðh. ekki að leggja fram gögnin um, hvað þetta raunverulega kostar, og þess vegna þorði hann ekki að láta málið fara í sjútvn., af ótta við, að n. mundi knýja fram gögnin. Mér hefur ekki dottið það í hug fyrr, en þetta er dómurinn, sem hæstv. ráðh. kallar yfir sjálfan sig. Ég held fast við mína brtt.

Ég ætla að minna á það, sem hæstv. ráðh. sagði um þá breyt., að „ríkisstjórn" komi í stað „ráðherra". Ég taldi fara betur á því, enda viðurkenndi ráðh., að svo væri, en ég geri þetta ekki að neinu kappsmáli.

Ummæli hæstv. ráðh. um landssambandið eru sprottin af vanþekkingu, og ef við eigum að bera saman það og fiskifélagið, sem ég met mikils, er það það sama og að bera saman Búnaðarfélag Íslands og Sambandið, og vildi ég vita, hvort ráðh. vildi alls staðar láta taka í burt, að eitthvað skuli gert eftir samþ. Sambandsins og setja í staðinn Búnaðarfélag Íslands. Landssambandið er útvegsmannanna eigin stofnun, sem þeir hafa allir aðgang að. Það er þeirra hagsmunafélag. Hér er um að ræða mál, sem snertir hrein og bein viðskipti. Fiskifélagið er nokkuð vísindaleg stofnun á sviði sjávarútvegsmálanna og hefur allt annað verksvið. Ummæli hæstv. ráðh. um fundahöld mun ég svo athuga og sjá, á hve miklum rökum eru byggð. En mér er spurn: Hvaða hagnaður er fiskimönnum að því, að fiskifélagið sé spurt ráða, ef ekkert á að taka tillit til umsagnar þess? Mér dettur í hug að halda, að það gæti ekki verið sá ráðh., sem færi aðeins eftir sínu eigin höfði, ef hann sæi hagsmunum sinna flokksmanna borgið. Ég vildi koma í veg fyrir þá rangsleitni, sem ríkti hér, þegar Framsfl. sat við völd, og mun ríkja aftur, ef hans gætir á ný.

Það getur vel verið að um eignarnám sé í öðrum l., en ef sama regla á að gilda og fyrir hafnarmannvirki, því mega þá ekki sams konar ummæli vera í l.? Það liggja á bak við orð ráðh. aðrir hagsmunir en hægt er að koma að við eignarnám handa hafnarmannvirkjum. Og því hefur einmitt verið neitað að setja l. um hafnir einstaklinga. Hafnir eru eign bæjar- og sveitarfélaga, en í engum hafnarl. er eignarnámsheimild fyrir einstaklinga. Undantekningar eru aðeins í Keflavík og á Bíldudal. Það er allt annað að taka land undir höfn handa bæjarfélagi eða að þrír útgerðarmenn, sem eiga tvær trillur, geti krafizt þess að fá beztu spildu úr landi manns undir olíugeymi. Það er engin furða, þó að ekki sé hægt að koma fram skynsamlegum till. gagnvart manni, sem ekki vill skilja þetta. Hver á að meta þörfina? Hann vantreystir sér til þess að geta fengið hana framlengda eða treystir sér ekki til þess að koma henni í gegn á næstu árum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða það mál frekar, en ég held fast við þá kröfu mína, að þessu máli verði vísað til n. Og ég þykist vita, að það mundi nást samkomulag um það í n. að laga ýmsa agnúa á frv. og gera það þannig betur úr garði, og þá er ég viss um, að frv. fengi sterkara fylgi. Mig undrar, að hv. 9. landsk. skuli alltaf halda því fram, að málið hafi verið athugað í n. hér í d., en það er algerlega rangt. Lygin verður aldrei sannleikur, hversu oft sem hún verður endurtekin. Að segja, að sjútvn. Ed. hafi greitt atkv. um þetta mál, er ekki rétt, og það get ég sannað skriflega. Hv. þm. væri því óhætt að láta taka þessa lygi sína niður á plötu og spila hana í sífellu, en hún verður aldrei sannleikur fyrir því. Stærsta sönnunin fyrir því, að málið hefur ekki verið athugað í n. í Ed., er sú, að það hefur aldrei verið gefið hér út neitt nál. um málið, og það hygg ég, að sé einsdæmi um svo stórt mál. Mér var að vísu innan handar, sem form. sjútvn. að taka málið fyrir, kljúfa n. og gefa út nál., en ég gerði það þó ekki. Ég er viss um, að ef ekki hefði verið staðið á móti því, að málið gengi til n., þá væri það nú komið lengra áleiðis en það er komið nú. Það er ekki hæstv. atvmrh. að þakka, að frestað hefur verið að ræða þetta mál, það er hæstv. forseti; sem hefur gefið mönnum tíma til þess að athuga málið og koma með brtt. við það, og það sýnir, að það eru þó til menn í þessari hv. d., sem eru ekki alveg gersneyddir réttlætistilfinningu, þótt það sé ekki hæstv. atvmrh., því að hann vill ekki einu sinni þinglega meðferð málsins.

Ég spyr nú í sambandi við það, sem hv. 9. landsk. sagði, hvers vegna hefur ekki þessi ríkisstjórn beitt verðlagsákvæðinu til þess að lækka olíuna, úr því að fyrrverandi ríkisstjórn gerði það ekki? (**Atvmrh.**: Hver lækkaði olíuna?). Úr því að hæstv. ráðh. greip hér fram í, þá held ég, að rétt sé að athuga það nokkuð. Hver var það, sem knúði hæstv. atvmrh. til þess að lækka olíuna, þegar hann kom skríðandi til þingsins í fyrra og bað það — ekki tvisvar, heldur þrisvar

— að veita sér heimild til þess að veita fé úr ríkissjóði til að lækka olíuverðið? Og þá benti þingið honum á, að hann ætti að hafa hug til þess að standa á móti erlendu valdi, svo að ekki þyrfti að hækka olíuna í innkaupi. Þessi hæstv. ráðh. hélt svo tvo næturfundi til þess að fá þingið til að samþ. að veita fleiri millj. kr. úr ríkissjóði, til þess að olían þyrfti ekki að hækka, en þingið kúgaði hann til þess að draga úr þjónkun sinni við hið erlenda vald.

Ég veit, að það hefði ekki einn einasti ráðh. vogað sér að sitja eftir slíka kúgun nema þessi hæstv. ráðh., en svo kemur hann hingað og ætlar að halda því fram, að hann hafi lækkað olíuverðið. (**Atvmrh.**: Lækkaði ekki olían?) Hún lækkaði fyrir vald þingsins, en ekki fyrir atbeina hæstv. ráðh.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:3 atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 561,1 felld með 9:4 atkv., að viðhöfðu kalli, og sögðu
**já:** MJ, GJ, LJóh, ÞÞ.
**nei:** BrB, GÍG, HG, HermJ, KA, PHerm, BSt, **IngP, StgrA.**
EE greiddi **ekki atkv.**
3 þm. (JJ, PM, BBen) fjarstaddir.
3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 561,2 felld með 9:3 atkv.
5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 561,3 samþ. með 9:4 atkv.
6. gr. samþ. með 9:3 atkv.
Brtt. 561,4 felld með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** EE, GJ, LJóh, ÞÞ.
nei: BrB, GÍG, HG, IngP, KA, PHerm, BSt, StgrA.
5 þm. (BBen, HermJ, JJ, MJ, PM) fjarstaddir.
7.—8. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:4 atkv.

---

Á 64. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.

**Forseti (StgrA)**: Hæstv. atvmrh. hefur óskað eftir, að þetta mál yrði ekki tekið hér til umræðu nú, þar eð hann getur ekki verið viðstaddur. Ég vil verða við þessari beiðni, og er þetta mál hér með tekið af dagskrá.

Á 65. fundi í Ed., 13. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 15. des., utan dagskrár, mælti

**Brynjólfur Bjarnason**: Herra forseti. — Ég hef tekið eftir því, að olíufrv. ríkisstjórnarinnar er ekki á dagskrá, og síðast, er það var hér í deildinni til umr., var það tekið af dagskrá. Mér finnst því ekki úr vegi, að deildin fengi upplýsingar um, hverju þetta sæti.

**Forseti (StgrA)**: Í sambandi við þessa fyrirspurn skal ég upplýsa það, að þetta mál var ekki tekið á dagskrá vegna þess, að hæstv. atvmrh. bað um, að það yrði ekki gert að svo stöddu. Sömuleiðis hefur það áður verið tekið af dagskrá eftir beiðni hans.

Á 68. fundi í Ed., 16. des., var frv. enn tekið til 3. umr.

**Gísli Jónsson**: Þetta mál hefur verið tekið þrisvar af dagskrá, og vil ég leyfa mér að fara þess á leit, að því verði vísað til sjútvn. Ég skal sem form. n. lofa því, að það tefji málið ekki neitt.

**Forseti (StgrA)**: Ég mun verða við þeirri ósk hv. þm. að bera það undir hv. d., hvort málinu skuli vísað til sjútvn., en æskilegt væri, að n. lyki störfum sem fyrst, helzt fyrir kl. 2½, því að þá hefst fundur í Sþ.

**Gísli Jónsson**: Nefndin mun flýta sér að ljúka störfum svo fljótt sem unnt er.

ATKVGR.
Till. um að vísa frv. til sjútvn. samþ. með 10 shlj. atkv.

**Forseti (StgrA)**: Ég mun nú fresta fundi um sinn, en áminni hv. sjútvn. um að hraða athugun málsins svo sem föng eru á.

Að loknu hálfrar stundar fundarhléi var umr. fram haldið.

**Frsm. (Gísli Jónsson)**: Sjútvn. hefur haft málið til athugunar og komizt að samkomulagi um að bera fram skriflegar brtt. við 6. gr. frv. Vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa þær upp:

a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Ef þörf krefur, getur ríkisstjórnin tekið lóðir og lóðaréttindi eignarnámi o. s. frv.

b. Í stað „ráðherra“ í síðari málslið greinarinnar komi: ríkisstjórninni.

c. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Eignarnámsheimild samkvæmt þessari grein fellur niður, sé hún eigi notuð innan eins árs frá gildistöku laganna.

Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að benda á, að þessar breyt. eru í nokkru samræmi við brtt., sem ég flutti á þskj. 561. Þar var að vísu nánar ákveðið um eignarnámsheimildina, en ágreining mun ég ekki gera um það, eins og nú horfir. Í stjórnarskránni o. fl. l. eru takmarkanir, sem gera að verkum, að fært má telja að samþ. frv. án frekari umbóta á þessu atriði. N. þótti ekki heldur ástæða til að tefja málið á því að gera brtt. við 3. og 5. gr. Það, sem ég vildi fá skýrt fram í sambandi við andmæli mín frá upphafi hér í d., er sá skilningur, sem leggja verður í orð brtt. „ef þörf krefur“. Það þýðir, að eignarnám skuli ekki fara fram, nema leitað hafi verið frjálsra samninga áður og tillit tekið til þess, ef hægt hefur verið að benda á aðra jafngóða staði, svo sem ég hef um rætt. Ég vísa því til ríkisstj., að því verður að mega treysta, að hún beiti ekki eignarnámsheimildinni, nema áður hafi slík undirbúningsathugun farið fram.

Ég hefði að sjálfsögðu óskað, að síðasta brtt á þskj. 561, um nýja 7. gr., hefði orðið borin fram af n. En ég geri það ekki að kappsmáli og treysti ríkisstj. og Alþingi til að taka vel á þeim málum, ef örðugleikar yrðu á, meðan millibilsástandið stendur, að koma olíu til þeirra staða, sem fá hana í tunnum.

Ef þessar brtt. ná samþykki, er ég fylgjandi þessu frv.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 679) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Bjarni Benediktsson:** Við fyrri umr. þessa máls lýsti ég yfir, að ég væri andstæður 6. gr. og frv. í heild að henni óbreyttri. Nú hefur sjútvn. breytt 6. gr. á þann veg, sem við má una. Kann ég n. þakkir fyrir, að hún varð sammála um það, og vil mæla með samþ. frv.

**Lárus Jóhannesson:** Við síðustu umr. greiddi ég atkv. móti frv. En þar sem 6. gr. hefur fengist breytt á þann veg, sem ég get sætt mig við, mun ég greiða atkv. með frv. þannig breyttu.

ATKVGR.

Brtt. 679, a—c samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 66. fundi í Nd., 16. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 680).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 685).

—o—

## 20. Stríðsslysatrygging skipshafna.

Á 30. fundi í Ed., 7. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um stríðsslysatryggingu íslenzkra skipshafna** (stjfrv., A. 147).

Á 32. fundi í Ed., 11. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Forsrh. (Björn Þórðarson):** Herra forseti. Um það efni, sem frv. þetta fjallar um, gilda nú fimm lagaboð. Tvenn eru frá 1940, tvenn frá 1941 og ein frá 1943.

Lagasetning þessi hefur til orðið eftir því, sem þörfin hefur kallað, og hafa ýmis atvik legið til þess, að lögin eru í svona mörgum liðum. Nokkur þeirra eru talin dálítið óljós og hafa valdið deilum, sem hafa komið fyrir dómstólana. Þessi óljósu atriði og fengin reynsla hafa gert nauðsynlegt að gera nokkra breytingu á hinum fyrri lögum. Um leið þótti rétt að fella þau í eina heild og skipa ákvæðum þeirra þannig niður, að þau yrðu betri til yfirlits og kvæðu skýrar á í einstökum atriðum en nú er.

Markið á milli lögboðinnar og samningsbundinnar tryggingar, sem 12. gr. fjallar um, hefur verið skýrt nánar. Enn fremur er í 17. gr. kveðið skýrt á um það, hvernig sé með tvöfalda lögboðna tryggingu.

Sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv., bæði vegna þess, hvernig samsteypan er gerð, og þær breyt., sem gerðar hafa verið frá gildandi l., eru, að ég held, allvel skýrðar í athugasemdum, sem fylgja frv. Einnig má geta þess, að frv. hefur verið til athugunar hjá sjútvn. Alþingis. Vil ég leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til þeirrar n.

---

Á 55. og 56. fundi í Ed., 24. og 25. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 147, n. 469, 470).

**Frsm. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Þetta mál er borið fram af ríkisstj. og var vísað til sjútvn. 11. október. N. tók málið strax til athugunar og komst, eftir að hún hafði athugað það gaumgæfilega, að þeirri niðurstöðu, að ekki væri fært að samþ. það nema með stórkostlegum breytingum.

Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna var stofnað 1939. Félagið hafði í upphafi fengið 600 þús. króna áhættufé. Tók ríkissjóður ábyrgð á 360 þús. krónum og þrjú slysatryggingafélög á 180 þús. kr. Útgerðarmenn, sem tryggja hjá félaginu, greiða 60 þús., og er ekki annað af áhættufénu innborgað.

Þessi félagsskapur frá 1939 starfaði án reglugerðar fyrst um sinn, en lög um starfrækslu voru sett 12. febr. 1940 og reglugerð 1. marz sama ár.

Í þeim l. segir, að tekjuafgang skuli leggja í varasjóð, unz hann er orðinn 50% af áhættufénu. En hvernig tekjuafgangi skal verja, þegar varasjóður hefur náð þessari tilteknu upphæð, á að ákveða með reglugerð, og sömuleiðis, hvernig skipta skuli eignum félagsins við félagsslit milli áhættufjáreigenda og tryggingartaka. Reglugerðin frá 1940 gengur lengra í að tryggja varasjóðinn en lögin virðast ætlast til. En nauðsynlegt var að tryggja sem bezt fjárhag félagsins, enda þótt hætta væri á, að það gerði hag áhættufjáreigenda betri, þegar eignum félagsins yrði skipt, en tryggingartaka.

Reglugerðin, sem nú gildir, er frá 1941, og gengur hún lengra í þessa átt og raskar nokkuð hluttföllum, sem lögin þó virðast heimila.

Þegar skipt hefur verið varasjóði eftir reglum, sem settar eru fram í 6. gr. l., skal því fé, sem afgangs kann að vera, skipt milli iðgjaldsgreiðenda, sem eiga að fá 75%, og áhættufjáreigenda og fá þeir 25%.

Sjútvn. boðaði á fund sinn stjórn stríðsslysatryggingafélagsins og fleiri aðila og varð samkomulag um, að rétt væri og heppilegt að komast að samkomulagi um, að starfsemi félagsins yrði ekki hætt, þótt hætt yrði við að tryggja fyrir stríðsslysum, heldur snúa sér að öðru starfi að stríðinu loknu.

Út af þessum umræðum var farið að hugsa

um, hvað tiltækilegt væri að breyta lögum félagsins miðað við það samkomulag, en það er sett fram á þskj. 470. Aðal brtt. eru þær, að nú hefur félagið tvenns konar hlutverk: að tryggja fyrir stríðsslysum og safna sjóðum, og skal, þegar núverandi aðalhlutverki er lokið, nota sjóði þess sem fjárhagsgrundvöll almennra endurtrygginga í landinu, einkum til hagsbóta fyrir sjávarútveginn. 2. og 3. gr. miða að þessu og jafnframt ákvæði 4. gr. um það, hvernig fé því, sem þegar hefur safnazt, skuli skipt.

Þá er varasjóður, sem myndazt hefur eftir 31. desember 1943. Rómverskir III: almennur endurtryggingasjóður og að síðustu bónussjóður. Skulu engir, sem taka þátt í félagsskapnum ábyrgjast skuldbindingar þess umfram áhættufé og sjóði, sem áður eru nefndir, og tekjuafgang, sem félagið hefur í sínum vörzlum á hverjum tíma.

Um 6. gr. var enginn ágreiningur í n. Rétt þótti, að í stjórn félagsins ættu sæti fimm menn í stað þriggja, sem nú eru í henni, og er svo frá gengið, að ríkisstj. hafi alltaf meiri hluta þeirra, enda er ríkið stærsti áhættufjáreigandinn.

Þá þótti rétt að ákveða með lögum hámarksgreiðslu á bónusfé, svo sem segir í 8. gr. á þskj. 470. Það varð nokkur ágreiningur um 11. gr., eins og hún er nú í lögunum, um það, hvernig skilja beri þann rétt, sem útgerðarmenn og erfingjar hafa til stríðsslysatryggingagjalds, ef skip farast af óþekktum ástæðum.

Þetta er því í samræmi við óskir félaganna, sem vildu hafa örugg fyrirmæli um það í l., að ef einhverjir aðilar gerðu samning, annaðhvort um hærri tryggingar eða öðruvísi tryggingar, væri það tilkynnt, svo að félögin gætu aftur tryggt sig gegn þeirri hækkuðu tryggingu, sem þau yrðu að greiða til viðkomandi tryggingartaka. N. hefur síðan athugað þetta nánar og finnst ekki nægilega vel um þetta búið, en mun eftir að hún hefur rætt um það við viðkomandi aðila, bera fram brtt. við 3. umr. N. hefur lagt sig fram um að ganga svo frá þessu ákvæði, að það þyrfti ekki að vera neinn ágreiningur milli aðila, og mér er óhætt að fullyrða, að hver gr. á þskj. 470 var gaumgæfilega rædd, bæði milli n. sjálfrar og einnig við aðila.

Ég vil benda á það í sambandi við lið nr. 16, að það vakti fyrir n., að unnt væri að tryggja aðstandendum sem hæsta mögulega vexti. Síðan álitið var gefið út og brtt. n., höfum við átt dálitlar umr. um þetta við stjórn félagsins, og hefur hún tjáð oss, að hún sé ekki ánægð með 17. gr. eins og hún er sett fram, og mun n. taka það til athugunar milli 2. og 3. umr. og reyna að komast að fullu samkomulagi, svo að ekki valdi misskilningi. Það kom til mála að breyta þessu þannig, að ef ekki næðust lífrentukaup byggð á minnst 4% rentufæti, skyldi Tryggingastofnun ríkisins kaupa á 4% ársrentu. Ég hef rætt dálítið um þetta við hv. 3. landsk. (HG), sem er forstjóri fyrir Tryggingastofnun ríkisins, og er sammála honum um, að ekki sé eðlilegt að blanda saman í l. óskyldum stofnunum, en hins vegar finnst mér líka dálítið erfitt að skuldbinda þetta félag til þess að kaupa sjálft lífrentuna, vegna þess að það mun ekki í framtíðinni hafa neitt með lífrentukaup að gera, og þess vegna væri æskilegt, ef hægt væri að leysa þetta mál þannig, að allir gætu vel við unað, og vænti ég, að það megi takast, áður en næsta umr. fer fram, og mun n. þá bera fram brtt. þessu viðvíkjandi.

Ég vil taka það fram, að það, sem vakir fyrir n., er að reyna að tryggja sem bezt kjörin fyrir þá, sem eiga að nota lífrentuna, en undanfarið hefur lífrentan verið keypt á mjög lágum vöxtum, líklega 2½—3%, og er erfitt að sætta sig við, að það skuli vera þannig, aðeins vegna þess að lífrentan er keypt á þeim tíma, sem erfitt er að forrenta peninga.

Ég vil leyfa mér að benda á, að ef þetta frv., eins og það liggur fyrir hér, nær fram að ganga, lítur n. svo á, að málinu sé stefnt inn á þá braut að auka þjóðarauðinn með því að halda fénu óskiptu til ákveðinna starfa, í stað þess að skipta því upp á milli ótal atvinnugreina, og að þoka þjóðinni áfram að því takmarki að verða sér sem fyrst nóg um allar endurtryggingar og tryggingastarfsemi í landinu. Að n. sérstaklega óskaði að binda þetta við útveginn, kom af því, að þetta fé mest allt og raunverulega allt er komið frá útveginum og hann á fyrst og fremst að hafa hag af því í framtíðinni, að þessi skoðun er komin upp. Ég vil í þessu sambandi sérstaklega benda á erfiðleikana á því að halda niðri endurtryggingagjöldum fyrir íslenzk skip í útlöndum, og það er vegna þess, að hér í landinu er ekki nein stofnun, sem gæti tekið að sér endurtryggingar. Gerði n. sér vonir um, að þegar það er komið fram, sem hér um ræðir, yrðu stórbættar horfur um endurtryggingu skipa í framtíðinni, með því að hægt yrði að láta þetta félag taka a. m. k. töluverðan hluta af þessum störfum.

Ég vil að síðustu þakka þeim aðilum, sem hafa sýnt sjútvn. velvilja í þessu máli, svo sem ríkisstj. og öllum tryggingastofnununum og einnig þeim útgerðarmönnum, sem við leituðum til og sýndu fullan skilning á málinu. Þá vil ég taka það fram, að það var fullt samkomulag um málið, eins og ég gat um í upphafi, að öðru leyti en um þessi tvö smáatriði, sem við lögðum fyrir næstu umr., og vænti ég, að málið fái skjóta afgreiðslu, svo það dagi ekki uppi á þessu þingi.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Ed., 30. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 470,1 (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 470,2 (ný 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 470,3 (ný 4. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 470,4 (ný 5. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 470,5 (ný 6. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 470,6 (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
7. gr. (verður 21. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 470,7 (ný 8. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 470,8 (ný gr., verður 9. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
9. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 470,9 (ný gr., verður 10. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
10. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 470,10 (ný gr., verður 11. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
11. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 470,11 (ný 12. gr., verður 16. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 470,11 (ný gr., verður 12. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 470,12 (13. gr. verður 17. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 470,13 (14. gr. verður 18. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 470,14 (15. gr. verður 19. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 470,15 (16. gr. verður 20. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 470,16. a—b tekin aftur.
Brtt. 470,16 (17. gr. verður 22. gr). samþ. án atkvgr.
Brtt. 470,17 (18.—23. gr. verða 23.—28. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 470,18 (ný 24. gr., verður 29. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Ed., 6. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 553, 560).

**Frsm. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Eins og lýst var við 2. umr., hafði sjútvn. frv. þetta til athugunar og hefur náðst samkomulag um brtt., sem bornar eru fram á þskj. 560. Í því sambandi vil ég benda hv. forseta á, að nokkrar prentvillur hafa slæðzt inn í tillöguna: 2. liður á að vera 1. liður og tilheyrir 15. gr., og 1. liður á að vera 2. liður.
Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um frv. Vænti ég þess, að brtt. verði samþ. og frv. þannig breytt samþ. út úr deildinni.

ATKVGR.
Brtt. 560,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 560,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 39. fundi í Sþ., 7. des., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 573).
Á 60. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

**Forsrh. (Björn Þórðarson):** Herra forseti. Þetta frv. er komið frá Ed. og hefur fengið þar gagngera og ýtarlega meðferð. Frv. var stjórnarfrv., en við athugun í sjútvn. Ed. kom n. saman um að nota þetta tækifæri til þess að búa út framtíðarskipulag, sem gæti leyst af hólmi það verkefni, sem þessari tryggingu var ætlað að hafa, á meðan stríðið stæði.
Það er 2. málsgr. 2. gr., sem þetta nýja skipulag hvílir á og Ed. á frumkvæðið að. Síðan hefur verið starfað ötullega að málinu af öllum aðilum og hefur ríkisstj. lagt fram starfsskrá. Ég vil bera fram þakklæti til sjútvn. fyrir starf hennar að þessu máli. Ég hef ekki getað það fyrr, því að mér gafst ekki kostur á að vera við umr. vegna lasleika. Óska ég, að málinu verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 573, n. 658).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Herra forseti. Ég vil um þetta frv. vísa til grg. þess, þar sem því er lýst, að þetta frv. er flutt upphaflega af hæstv. ríkisstj. í hv. Ed. og hefur fengið þar athugun í sjútvn. Hins vegar hefur sjútvn. þessarar hv. deildar ekki gefizt kostur á að athuga frv., þar sem tími hefur verið mjög naumur. En með því að hæstv. ríkisstj. leggur áherzlu á, að frv. komist fram nú á þessu þingi, leggur n. til, að frv. þetta verði samþ. í trausti þess, að ef gera þarf breyt. á þessum l. á næstunni, þá sé hægt að gera það í byrjun næsta þings.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
14.—21. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
22.—25. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
26.—29. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 66. fundi í Nd., s.d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 686).

—o—

## 21. Bannsvæði herstjórnar.

Á 4. fundi í Sþ., 20. apríl, var útbýtt frá Ed:
**Frv. til l. um refsing fyrir óheimila för inn á bannsvæði herstjórnar og óheimila dvöl þar** (þmfrv., A. 12).

Á 6. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Bjarni Benediktsson):** Þetta litla frv. er borið fram samkvæmt till. hæstv. dómsmrh.

Það er borið fram í tilefni af því, að því miður hafa nokkur brögð orðið að því, að einstakir íslenzkir óróamenn, einkum meira og minna drukknir, hafa gert sér leik að því að ráðast inn á bannsvæði þau, sem íslenzk stjórnarvöld hafa auglýst sem slík með tilliti til hernaðaraðgerða og hernaðarráðstafana þeirra, sem gerðar hafa verið hér á landi. Í íslenzkum l. er ekki talin vera heimild til refsinga við slíku, en þó er ljóst, að Íslendingar hafa sjálfir mestra hagsmuna að gæta um, að íslenzkum óróamönnum sé ekki þolað að egna til ófriðar og ósamkomulags milli Íslendinga annars vegar og hermanna hernaðaryfirvaldanna, sem hér eru, hins vegar, og vegna þess er það í þágu okkar sjálfra, að refsingar séu lagðar við slíku athæfi, og í tilefni af því er þetta litla frv. fram komið.

Það skal fram tekið, að þar, sem stendur í 1. gr. frv. „enda hafi bannsvæðið verið auglýst", þá er þar að sjálfsögðu átt við auglýsingu af hálfu íslenzkra stjórnarvalda, en einhliða auglýsing frá hernaðaryfirvöldunum dugi ekki.

Ég vona, að þetta frv. fái svo greiðan gang gegnum þingið, að það verði afgr. sem l. í dag.

**Guðmundur Í. Guðmundsson:** Eins og hv. frsm. tók fram, þá er þetta frv. flutt af allshn. samkv. ósk hæstv. dómsmrh., og eru allir nm. sammála um að mæla með, að frv. nái fram að ganga. Ég skal eki tefja tímann með því að rökstyðja frv., en get þar tekið undir allt sem hv. frsm. sagði.

En það er eitt atriði í þessu frv., sem hefur gefið mér tilefni til að taka hér til máls. Ég vildi sérstaklega beina tveimur fyrirspurnum til hæstv. utanrh., sem er staddur hér í d.

Það er tekið fram í 1. gr. frv., að refsa eigi fyrir óheimila för og dvöl á bannsvæði herstjórnarinnar, og er þá talað um bannsvæði, sem íslenzk yfirvöld hafa auglýst sem slík. En það er út af þessum bannsvæðum, sem ég vildi gera fyrirspurn til hæstv. ráðh.

Eins og kunnugt er, var svo um samið milli íslenzku ríkisstj. og stjórnar Bandaríkjanna, þegar Bandaríkin tóku að sér hervernd Íslands, að hervarnirnar skyldu gerðar þannig, að þær veittu landsmönnum sem mest öryggi og yllu sem minnstum truflunum fyrir landsmenn. Jafnframt var um það samið, að hvert tjón, sem landsmenn yrðu fyrir af þessum hernaðaraðgerðum, yrði bætt að fullu.

Eins og kunnugt er og fram er tekið í þessu frv., hafa hernaðaryfirvöldin gert talsvert að því að leggja undir sig viss landsvæði, afmarkað þau sem bannsvæði og bannað mönnum að fara þar um. Mér er ekki kunnugt um, hvort herstjórnin hefur gert þetta í samráði við íslenzk stjórnarvöld, eins og vera ber. En mér er kunnugt um, að landsmenn hafa haft af þessu allmikið tjón, sem hefur ekki verið bætt, eins og ráð er fyrir gert í samningunum. Það er sérstaklega einn staður á landinu, þar sem mikið tjón hefur af þessu hlotizt, svo að íbúar nokkurra hreppa hafa sérstaklega snúið sér til mín út af þessu máli og óskað eftir, að ég hreyfði því hér á þingi og spyrðist fyrir um það hjá hæstv. utanrh. Sá landshluti, sem hér um ræðir, er Reykjanesskaginn. Skömmu eftir að setuliðið kom til landsins, lagði það undir sig stórt landsvæði til að gera þar hernaðarmannvirki. Þetta svæði, sem þarna var tekið, var mestallt beitiland í tveimur eða fleiri hreppum á Suðurnesjum. Mér er ekki kunnugt, hvort þetta hefur verið gert í samráði við íslenzku stj., en ég vænti, að hæstv. ráðh. geti upplýst það. En ég veit, að allt það tjón, sem íbúarnir hafa haft af þessu, hefur ekki verið bætt. Síðan þetta svæði var tekið, hafa þessir menn orðið að skera niður mest allt sauðfé sitt, vegna þess að þeir misstu allt beitiland sitt. Hafa þeir snúið sér til sýslumanns síns og óskað eftir, að hann gengist í að fá bætur fyrir þetta tjón, en það hefur ekki tekizt.

Ég vil, af því að ísl. ríkisstj. fær nú vald til að refsa mönnum fyrir óheimila för inn á bannsvæði herstjórnar og óheimila dvöl þar, spyrjast fyrir um það hjá hæstv. utanrh., hvort þetta land hefur verið tekið í samráði við ríkisstj. og hvort hæstv. ráðh. sér sér fært að koma því til leiðar, að setuliðsstj. taki ekki meira land en hún alveg nauðsynlega þarf, en gefi hitt frjálst, — enn fremur, hvort ráðh. vill láta rannsaka um mat á tjóni Suðurnesjabúa og að það verði bætt úr ríkissjóði, sem síðan innheimti bæturnar hjá setuliðsstj. samkv. samningum við Bandaríkin. Ég vildi nota tækifærið til að bera þessar fyrirspurnir og tilmæli fram hér, og vænti ég, að hæstv. ráðh. svari þeim.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Herra forseti. Út af fyrirspurnum hv. 9. landsk. þm. vil ég upplýsa í fyrsta lagi, að á s. l. ári var af þáv. ríkisstj. herstjórn Bandaríkjanna heimilað að taka til nota við hervarnir landsins allmikið landsvæði á Reykjanesi. Þetta var ekki gert fyrr en eftir að herstjórnin hafði fullvissað ríkisstj. um, að það væri nauðsynlegt vegna hervarna landsins. Þar sem þarna var um að ræða flugvallargerð, var af þáv. ríkisstj. ákveðið að láta fram fara eignarnám á því landi, sem þurfti, og var lagt fyrir sýslumann Gullbringu- og Kjósarsýslu að láta framkvæma það samkv. l. um flugmál landsins. Því miður hefur það ekki enn verið framkvæmt, og eftir því sem ég bezt veit, stafar það af því, að nokkrar breyt. hafa verið gerðar á stærð landsins og fleira, sem óvíst var í sambandi við það.

Núv. ríkisstj. var ljóst, að hraða þyrfti aðgerðum í þessu máli, og því var það skömmu eftir síðustu áramót, að utanrn. sneri sér til viðeigandi aðila og æskti þess, að gengið yrði tafarlaust frá landamerkjum þess svæðis, sem um var að ræða. Nokkru síðar barst ráðuneytinu uppdráttur af landinu, en af því að greinilegt var, að gengið var mjög nærri heimalöndum búandi manna, taldi ráðuneytið sjálfsagt að reyna að fá þetta bætt og hefur staðið í samningum síðan, með þeim árangri, að fyrir nokkrum dögum bárust ráðuneytinu nýir uppdrættir, sem eru að verulegu leyti hagstæðari fyrir búendur. Ég get upplýst t. d., að það hefur orðið samkomulag um, að bannsvæðið upp frá Höfnum og Innri-Njarðvík geti minnkað nokkuð og að áliti vegamálastjóra, sem er trúnaðarmaður ríkisstj. í

þessum samningum, það mikið, að sauðfjáreigendur geti notfært sér vetrarbeit.

Í öðru lagi hefur herstjórnin undirgengizt að girða bannsvæðið fyrir næsta haust fjárheldri, fimmfaldri gaddavírsgirðingu svo og meðfram Keflavíkurvegi, Grindavíkurvegi, Hafnavegi og Sandgerðisvegi, þar sem þeir vegir liggja gegnum bannsvæðið. Á bannsvæðinu verður sauðfjárbeit heimiluð, en þó aðeins sumarbeit. Þó er ekki heimilt að smala innan svæðisins, en herstjórnin mun láta smala haust og vor og oftar, ef þurfa þykir. Einnig heimilar herstjórnin rekaeigendum umferð um fjörurnar innan bannsvæðisins, en slík umferð er þó ekki leyfð nema í fylgd með herverði.

Enn fremur mun herstjórnin taka að sér að kosta viðhald Hafnavegar, sem hefur verið mjög ábótavant, og að aka möl út fyrir bannsvæðið til vegagerðarinnar.

Ætlun ríkisstj. er, að innan fárra daga eða, — svo að varlega sé talað, — innan skamms tíma megi heppnast að ganga frá þessu máli og gera um það formlega samninga og að jafnhliða því verði tilefni til að taka það atriði, sem hv. 9. landsk. þm. minntist á, um tjón bænda og annarra þjóðfélagsþegna í námunda við þetta svæði, til athugunar.

Ríkisstj. hefur lagt áherzlu á að fá þetta mál leyst fyrir vorið og mun leggja kapp á, að lausnin verði á þá leið, að til sem minnstra óþæginda og tjóns verði bændum og öðrum, sem búa í nágrenni bannsvæðisins.

Vona ég, að hv. þm. láti sér nægja þessi svör.

**Guðmundur Í. Guðmundsson:** Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svör hans. Ég er feginn að heyra, að ríkisstj. hefur reynt að leysa þetta mál, því að hér hefur horft til hinna mestu vandræða.

Það er aðeins eitt atriði í svörum hæstv. ráðh., sem mig langar til að víkja að. Hann upplýsti, að svæðið, sem tekið hefur verið til þarfa hersins, hefði verið tekið samkv. samningum og ábendingum frá fyrrv. ríkisstj. Þá er ótvírætt, að ísl. stj. ber skylda til að bæta íbúum Suðurnesja allt þeirra tjón, ef setuliðsstj. fæst ekki til að gera það. Ég væri hæstv. ráðh. þakklátur, ef hann vildi láta uppi álit sitt um þetta.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Ég lít svo á, að hver sá ísl. maður, sem bíður tjón vegna hernaðaraðgerða hér, eigi rétt á bótum, og eins og ég sagði, skal það verða tekið til rækilegrar yfirvegunar og mats, hversu fara megi um bætur til þeirra, sem búa í nábýli þessa bannsvæðis eins og annarra, þar sem svipað stendur á.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 7. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 8. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 4. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Dómsmrh. (Einar Arnórsson):** Þetta mál kemur svo seint fram vegna þess, að mér var ekki kunnugt um nauðsyn þessarar lagasetningar fyrr en 17. þ. m., og fékk ég allshn. Ed. til að flytja það.

Eins og hv. þm. sjá, leggur þetta frv. refsingu við að fara inn á bannsvæði herstjórnarinnar, sem auglýst hafa verið af íslenzkum stjórnarvöldum.

Um refsingar fer auðvitað eftir íslenzkum lögum.

Þar sem nú er svo áliðið þings, að athugun þessa frv. í n. gildir sama og frestun á afgreiðslu þess, og þar sem það hefur verið athugað af þeirri n., sem flytur það, þá þætti mér líklegt, að það gæti gengið nefndarlaust hér í gegn, og mælist ég til þess.

**Pétur Ottesen:** Það hefði mátt yfir mörgu kvarta í sambandi við hernaðaraðgerðir við norðanverðan Hvalfjörð, en ég ætla ekki að fara inn á það í sambandi við þetta frv. Þó er eitt atriði, sem gefur mér tilefni til að minnast lítils háttar á þetta mál. Svo hagar til á innanverðri Hvalfjarðarströnd, að tvær jarðir liggja saman, og hefur herstjórnin tekið aðra þeirra til sinna umráða. Á hinni býr bóndi búi sínu. Nú hefur frá fornri tíð verið samgangur búpenings milli jarðanna, einkum sauðfjár. Þarna eru engar girðingar, sem varni því, að féð gangi á milli. Þegar bóndi fór að beita fé sínu, rann það yfir landamerki jarðarinnar, sem herstjórnin hefur á sínu valdi. Þegar hann fór svo að smala fé sínu, var honum fyrirmunað að sækja þangað kindur sínar. Um nokkurt skeið undanfarið hefur hann saknað kinda, sem hann veit, að eru í landi þessarar jarðar, en honum er fyrirmunað að gera leit að þeim. Hin eina linkind, sem honum er sýnd, er sú, að ef féð er við landamerkin, svo að hann getur bent á það, þá má hann sækja það, ef hermaður er í fylgd með honum.

Nú vildi ég láta koma fram, hver vandkvæði þarna hafa skapazt. Þarna eru tvær jarðir, bæði heimalönd þeirra og eins á fjalli uppi. Í sumar mun fleira fé en frá þessum bónda sækja í þetta land, og gera má ráð fyrir, að nýir erfiðleikar skapist, sem ráða þarf bót á. Ef þeir menn, sem

eiga fé á þessu svæði, freista að sækja það, þá komast þeir samkv. ísl. l. undir refsiákvæði, sem ná svo langt sem hægt er að komast í þessu landi. Ég hef skrifað til utanríkisstjórnarinnar viðvíkjandi þessu og öðru, sem liggur utan við umr., sem eðlilega eru tengdar við þetta frv. Ég vildi aðeins heyra frá hæstv. ráðh., hvort hann sé ekki viðbúinn eða ríkisstj. að gera ráðstafanir til að reyna að koma í veg fyrir vandræði, sem af þessu kann að leiða. Ég vildi leggja til, að hæstv. ráðh. reyndi að fá herstjórnina til að setja sauðheldan girðingu um það land, sem hún vill ekki, að óviðkomandi menn hafi umgang um.

**Dómsmrh. (Einar Arnórsson):** Mér eru ekki svo vel kunnugir málavextir á Hvalfjarðarströnd, og vildi ég taka fram, að það væri sjálfsagt betra, að hv. þm. Borgf. ræddi við mig um þetta í betra tómi en hér gefst tækifæri til, en ég vil segja, að það er skylda ráðuneytisins að hjálpa þeim, sem verða fyrir búsifjum af þessum hlutum. Eins og öllum er kunnugt, hefur forseti Bandaríkjanna heitið greiðslu fyrir tjón af hernaðaraðgerðum, og það tjón, sem bændur þarna kunna að bíða, fellur undir tjón af hernaðaraðgerðum. Það er rétt, að þeir leiti réttlætis og komi með kröfur sínar, sem yrði farið með eins og aðrar kröfur vegna tjóns af hernaðaraðgerðum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 5. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 6. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 19).

—o—

## 22. Ógilding gamalla veðbréfa.

Á 18. fundi í Nd., 17. sept., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 4. júlí 1942, um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum** (þmfrv., A. 66).

Á 19. fundi í Nd., 20. sept., var frv. tekið til 1. umr.

**Frsm. (Garðar Þorsteinsson):** Þetta frv., sem allshn. flytur að beiðni stjórnar félags héraðsdómara, er um að framlengja um árs skeið frá 1. apríl s. l. eða til 1. apríl 1944 frestinn, sem sýslumönnum og bæjarfógetum er veittur í l. til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum með ógildingarstefnu. Reynslan sýnir, að þessa er þörf, því að ekki hefur unnizt tími til þess á sumum stöðum að rannsaka öll skjöl, sem þurfti, til þess að ógildingin gæti farið fram, fyrr en frestinum lauk.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 21. fundi í Nd., 22. sept., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 22. fundi í Nd., 24. sept., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 24. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 26. fundi í Ed., 29. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 27. fundi í Ed., 30. sept., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 30. fundi í Ed., 7. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 66, n. 127).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Með l. nr. 64 4. júlí 1942 var yfirvöldum héraða falið að gera skrá yfir veðskuldbindingar, sem höfðu ekki verið afnumdar, en ætla mætti, að væru greiddar. Eftir að ráðstafanir höfðu verið gerðar til að rannsaka, hvort veðskuldbindingar væru felldar niður, var gefinn út frestur til birtingar ógildingarstefnu til þess að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum, og samkv. 2. málsgr. 4. gr. þessara l. var ákveðið, að stefna skyldi birt fyrir 1. apríl 1943. Nú hefur komið í ljós, að nokkrum héraðsyfirvöldum hefur ekki unnizt tími til að fullnægja þessum ákvæðum, hvað viðvíkur frestinum til birtingar ógildingarstefnu. Var því eftir beiðni form. félags héraðsdómara lagt fram þetta frv. og borið fram af allshn. Nd. Það hefur verið

samþ. þar, og hefur allshn. Ed. einróma lagt til, að það verði samþ. óbreytt. Ég skal taka það fram, að einn nm. (HermJ) var ekki viðstaddur atkvgr. í allshn. — Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, en vil endurtaka, að n. leggur einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

**Þorsteinn Þorsteinsson**: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að beina þeirri spurningu til frsm., hv. þm. Seyðf., hvort allshn. hafi kynnt sér það, hve margir sýslumenn og bæjarfógetar eru ekki búnir að afgreiða þetta mál frá sér. Ég hef séð í Lögbirtingablaðinu, að ýmsir hafa gefið út tilkynningu um þessi skjöl, en svo veit ég um aðra, sem engar tilkynningar hafa birt og hafa getað lokið þessum málum heima hjá sér. Hins vegar skal ég geta þess, að mér er ekki kunnugt um, hve margir héraðsdómarar hafa lent í þessum drætti, og þætti mér því vænt um, ef n. vildi afla sér gagna viðvíkjandi því.

**Frsm. (Lárus Jóhannesson)**: Ég vil taka það fram út af fyrirspurn hv. þm. Dal., að engin athugun hefur átt sér stað um það, hve margir hafa lent í þessum drætti. Mál þetta er flutt samkvæmt beiðni form. félags héraðsdómara, og var fullyrðing hans tekin trúanleg og því ekki fengizt um að rannsaka þetta atriði nánar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Ed., 11. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 166).

—o—

## 23. Happdrætti Laugarneskirkju.

Á 20. fundi í Ed., 17. sept., var útbýtt:
**Frv. til l. um að undanþiggja frá álagningu tekjuskatts og útsvars vinning í happdrætti Laugarneskirkju** (þmfrv., A. 67).

Á 21. fundi í Ed., 20. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 24. fundi í Ed., 24. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 67, n. 79 og 83).

**Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson)**: Þetta frv. er svo til komið, að nýlega var stofnaður söfnuður í Laugarnessókn í Rvík og hefur hann ráðizt í að koma sér upp kirkju og er nú verkinu hrundið töluvert langt á leið. Eins og allir munu geta skilið, verður það ákaflega dýrt og erfitt fyrir söfnuðinn, sem er ekki fjölmennur, að standa straum af því. Söfnuðurinn hefur fengið heimild til happdrættis í þágu kirkjubyggingarinnar, og er aðeins einn vinningur, hús, sem mun kosta upp undir 100 þús. kr. En það sker úr um hagnað kirkjubyggingarinnar af þessu, hvort vinningurinn verður gerður skattfrjáls eða ekki. Ádráttur hefur fengizt um skattfrelsi hans, en til þess þarf lagaheimild. Meiri hl. n., 4 af 5, mælir með frv. óbreyttu, en einn nm. hefur gert ágreining og skilað séráliti, sem hann mun gera nánari grein fyrir.

**Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason)**: Það er sjálfsagt rétt, að ég geri grein fyrir sérstöðu minni í þessu máli í n., þótt flestir þm. gætu getið sér til um ástæður mínar. Þær eru tvær, fyrst hin almenna, að ég álít, að yfirleitt eigi ekki að leggja fé úr ríkissjóði til neinnar ákveðinnar guðsdýrkunar, og tel ekki fullkomið trúfrelsi í landinu, meðan menn eru knúðir til að leggja með sköttum fé til ákveðinna trúarstofnana. Þetta gildir allan þann styrk, sem ríkið veitir þjóðkirkjunni á Íslandi. Hin ástæðan er, að miklu meira aðkallandi verkefni kalla eftir fé hins opinbera og vinnuaflinu, bygging skóla, sjúkrahúsa o. s. frv. Ástandið í skólamálum er óviðunandi, og svo er vissulega í fleiri greinum, og meðan svo er, get ég með engu móti fallizt á að veita styrk úr ríkissjóði til hluta, sem ég álít eins óþarfa og kirkjubyggingar. Mér virðist þessar röksemdir hvorar tveggja eiga við, jafnt hvort sem menn játa nokkra trú eða enga, og það finnst mér þm. ættu að íhuga, áður en þeir greiða atkv. um málið.

**Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson)**: Ég býst varla við, að þetta verði langt deiluefni milli mín og hv. frsm. minni hl. Fyrri röksemd hans geigar, því að sjálf stjórnarskráin gerir ráð fyrir, að hér sé þjóðkirkja, og verður þá ekki hjá því komizt, að ríkið kosti þó nokkru til hennar. Þetta smámál verður þá ekki tekið út úr og andæft með slíkum rökum. Raunar er hér ekki að ræða um ríkisframlag heldur, einungis um hitt, hvort ríkissjóður eigi að gefa eftir rétt sinn, til þess að slík fjársöfnun sé framkvæmanleg, og án öruggrar vonar um, að svo yrði, hefði fénu alls ekki orðið safnað — og ríkissjóður þá ekki heldur fengið þar skatt. Sambærilegt var það, að vinningar í happdrætti háskólans voru gerðir skattfrjálsir.

Um það, að önnur verkefni séu miklu brýnni, má segja, að með slíkri röksemd mætti hindra nálega hvaða framkvæmd, sem væri, ef tekin væri gild í þeirri einstrengingslegu mynd, sem hún fær oft hjá andstæðingum nýtra mála. Í þessari sókn er það svo, að söfnuðurinn hefur notazt við nýlegt og vandað skólahús til messugerða, svo að munur er á, hvort þar er húsnæðisminna, skólahald og kirkjustarf. Vitanlega er meiri hl. n. ekki að leggja móti skólum né sjúkrahúsum, þótt hann mæli með frv.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Ég hafði sannarlega búizt við, að hv. 5. þm. Reykv. (BrB) færði til önnur rök en fram komu. Ég hefði getað skilið, hefði hann sagt, að hvernig sem menn þéna fé, eigi þeir að greiða af því skatt. Hitt er ekki frambærilegt, að ekki megi vera einhver undantekning fyrir íslenzku kirkjuna, því að hún hefur á öllum öldum staðið svo framarlega í menningarmálum og mannúðarmálum, að menn verða að sjá það við hana í einhverju. Enginn færi að fórna 10 kr. fyrir happdrættismiða, ef hann héldi, að hann yrði svo óheppinn að fá 100 þús. eða 250 þús. kr. vinning og verða að greiða hann allan í skatta á næsta ári. Ég hefði viljað heyra á n., hvort hún hefur skilið þetta og hvort um stefnubreyting er að ræða hjá henni í skattamálum eða ekki. Ég vildi líka vita, hvort vinningurinn yrði með þessu aðeins undanskilinn tekjuskatti og útsvari, en ekki verðlækkunarskatti né stríðsgróðaskatti. Á þetta hefur ekki verið minnzt né heldur á eignaraukaskatt, sem kynni að verða samþ. síðar á þessu þingi. Ef þetta er ekki einnig tekið með í reikninginn, efast ég um, að sala happdrættismiða gangi neitt betur en orðið hefði án þessa frv. Þessu skýt ég til flm.

**Bernharð Stefánsson:** Af því að ég er einn af flm., vil ég segja nokkur orð. Ég hafði búizt við öðrum rökum frá hv. 5. þm. Reykv. Ég býst við, að fleiri en hann og hans flokksbræður hafi þá skoðun, að ríki og kirkja ættu að hafa aðskilinn fjárhag og ríkið ekki að leggja ákveðinni guðsdýrkun fé, en eins og hv. 1. þm. Reykv. (MJ) veik að, kemur sú skoðun þessu sérstaka máli ekkert við. En úr því að hér er þjóðkirkja, sem ríkið á skyldur við, og tveir söfnuðir í Reykjavík eru kirkjulausir, er ríkisvaldinu skylt að stuðla að því, að þeir eignist kirkjur, alveg eins og hin almenna skólaskylda knýr ríkisvaldið til þess að sjá fyrir skólum og kennurum, að þeir séu til. Af þessari ástæðu gerðist ég meðflm. að frv. Ég efast um hitt, sem þm. hélt fram, að aðrar byggingar væru miklu brýnni. Ég heyri sagt eftir seinustu skýrslum, að á Íslandi séu nú fleiri sjúkrarúm miðað við mannfjölda en í nokkru öðru landi. Flest börn komast nú í skóla, en fæstir íbúar þessara sókna í kirkju. — Ég held, að hv. 5. þm. Reykv. ætti að beita sér á stærri vettvangi en í þessu máli, ef hann vill koma í veg fyrir, að ríkið styðji að ákveðinni guðsdýrkun í landinu.

Það var fulldjúpt í tekið árinni hjá hv. þm. Barð., að enginn færi að hætta 10 kr., ef hann héldi, að hann yrði svo óheppinn að fá vinninginn og þurfa að greiða af honum skatta. Víst mundi ég vilja fá vinninginn, þó að ég þyrfti að greiða af honum alla lögmælta skatta. Hv. þm. var að tala um það, hvað væri með aðra skatta, hvort þeir ættu að hvíla á þessum happdrættisvinningi. Ég held, að þeir skattar, sem hann nefndi í því sambandi, komi alls ekki til greina að l. óbreyttum. Ef ég man rétt, var verðlækkunarskatturinn tímabundinn og gildir ekki fyrir tekjur ársins 1942, og hvað frv. um eignaaukaskattinn snertir, gildir það ekki heldur um eignaauka, sem verður á þessu ári, ef ég man rétt, — þó að ég hafi ekki frv. fyrir framan mig. Ég hygg, að þar sé eingöngu rætt um eignaauka, sem hefur orðið frá árinu 1939 eða 1940 til ársloka 1942, svo að ég held, að þess vegna þurfi engar breyt. á frv.

**Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason):** Mér leiðist hálfvegis að vera að deila í máli, þegar andstaðan er á þann hátt, að ekki er minnzt á aðalatriðin, heldur verið með alls konar hliðarhopp, sem koma málinu ekkert við, til þess að snúa sig út úr því. Ég sagði það áðan, að það eru tvær ástæður til þess, að ég er á móti þessu frv. Önnur er sú, að ég er á móti því, að ríkið styrki nokkra ákveðna guðsdýrkun frekar en aðra, og hin er sú, að ég tel, að margt annað þarfara sé ógert. Inn á þetta hafa ræðumenn alls ekki farið, en ég tel, að það þurfi að koma fram, hverjum augum meiri hl. dm. lítur á þessi atriði.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að stjskr. gerði ráð fyrir, að ákveðin guðsdýrkun sé styrkt af ríkinu. Ég veit vel, að gert er ráð fyrir ákveðinni þjóðkirkju, en ég þarf ekki að taka fram, að ég er á annarri skoðun, að ég álít, að þetta eigi ekki að standa í stjskr., og á meðan það stendur í stjskr., er ekki fullkomið trúfrelsi í landinu, og geri ég ráð fyrir, að hv. þm. viti það. Ef stjskr. verður breytt, mun ég leggja til, að þessu verði breytt. En þó nú að þetta standi í stjskr., stendur það hvergi í henni, að happdrætti fyrir ákveðna kirkju skuli vera skattfrjálst. Þm. hljóta að skilja það, að maður, sem hefur slíka skoðun, vill ekki mæla með því, að ákveðin guðsdýrkun sé studd, a. m. k. ekki umfram það, sem l. mæla fyrir um. Hér er um að ræða sérstakan styrk til þjóðkirkjunnar fram yfir það, sem l. mæla fyrir, og meira að segja í andstöðu við gildandi skattal., þannig að það verður að gera undanþágu frá þeim. Hv. 1. þm. Reykv. (MJ) vildi meina, að hér væri ekki um styrk frá ríkinu að ræða. Þessi skoðun getur ekki staðizt, því að ef þetta verður ekki samþykkt, mun ríkið fá skatt greiddan, sem það annars missir, svo að ríkið er beinlínis að láta af hendi fjármuni í þessu skyni. Vitaskuld gætu komið önnur fyrirtæki, sem einnig óskuðu eftir þessu, að fá að hafa skattfrjálsa vinninga, og þá er að meta, hvert af þeim er mikilsverðast, því að mörg slík happdrætti geta ekki verið á döfinni í einu. Hv. 1. þm. Reykv. (MJ) sagði, að það kæmi málinu í rauninni ekki við, þó að önnur aðkallandi verkefni biðu, að því er snerti afstöðu manna til þessa frv. Nú hlýtur hv. þm. að skilja, að fjármunir ríkisins eru ekki ótakmarkaðir. Ef þeir væru ótakmarkaðir, hvernig stendur þá á því, að okkur vantar skólahús og sjúkrahús? Hvernig stendur þá á því, að unglingum er neitað um skólavist til þess að stunda gagnfræðanám og sjúklingum á hverjum degi neitað um sjúkrahússvist, ef nægilegt fé er til? Nei, það er vitaskuld skylt fyrir þá, sem eiga að fara með fjármuni ríkisins, að fara eins sparlega með þá og unnt er og eyða þeim ekki að óþörfu. Ég álít, að með þessu sé verið að eyða í hreinan óþarfa. Hér í Reykjavík standa kirkj-

urnar tómar, og það virðist ekki vera þörf á fleiri kirkjum, meðan svo er.

Hv. 1. þm. Eyf. (BSt) sagði, að búið væri að skipta Reykjavík í 4 söfnuði. Má ég spyrja: Hvar stendur það í stjskr., að það skuli vera 4 söfnuðir í Reykjavík? Er það nauðsynlegt samkvæmt stjskr.? Ég held ekki. Þessi skipting í Reykjavík er ónauðsynleg, og svo þarf að reisa kirkju fyrir hvern söfnuð. Hv. 1. þm. Eyf. (BSt) heldur því fram, að söfnuðirnir eigi heimtingu á því að byggt sé yfir þá. Það var slæmt, að þessi söfnuður skyldi ekki koma auga á það fyrr, en vera að brasa í þessu sjálfur í staðinn fyrir að fá fé frá ríkinu. Ef það væri skylda að byggja yfir söfnuðina, ætti þá ekki miklu fremur að vera skylda að byggja nægilega mörg skólahús, til þess að unglingar bæjarins gætu stundað gagnfræðanám, — og nú er ekki einu sinni nægilegt rúm í barnaskólum bæjarins.

Hv. 1. þm. Reykv. (MJ) var að tala um, að það hefðu verið gefin loforð um þetta og þess vegna hefði söfnuðurinn farið út í þetta happdrætti. Mér er ekki kunnugt um slíkt loforð og veit ekki, hver hefur gefið það, því að mér vitanlega er það aðeins Alþingi, sem getur gefið loforð um þetta.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Ég gat um það áðan í ræðu minni, að öllum mundi kunnugt um það menningarstarf, sem íslenzk kirkja hefur unnið á öllum öldum. En auk þess hefur hún nú farið inn á nýtt svið, sem hún hefur ekki farið inn á áður og opna þarf augu sumra þm. fyrir. Hún er sem sé farin að berjast fyrir bættu skattafyrirkomulagi, og skal ég ekki segja um, hvaða menningarmál hún tekur fyrir næst.

Það, sem hefur komið fyrir, er það, að hv. 1. þm. Eyf. (BSt) hefur orðið sér þess meðvitandi, hve langt hefur verið gengið í skattabrjálæðinu á undanförnum þingum, og hann mundi ekki láta sér detta í hug að standa hér upp og berjast fyrir, að þessi l. verði samþykkt, ef það þyrfti ekki samþykki þeirra til þess að geta tryggt sölu á þessum miðum. Það er ekki verið að hlífa þeirri ókunnu persónu, sem kann að verða svo heppin eða óheppin að hljóta þessa eign. Það er verið að gera þetta til þess að tryggja söluna. Þess vegna er það rétt, sem ég sagði áðan, að það vill enginn fórna 10 krónum, ekki þó að hann eigi von á 250 þúsund krónum ofan á sínar tekjur. Það þýðir ekki fyrir hv. 1. þm. Eyf. (BSt) að bera á móti þessu. Ég tel nú, að eigi að koma í veg fyrir, að þetta fé fari í skatta, og tryggja það, að salan aukist, þá þurfi að gera þá breyt. á þessu frv., að í stað tekjuskatts og útsvars kæmi: allra opinberra skatta, því að það er rangt hjá hv. 1. þm. Eyf. (BSt), að ekki séu reiknaðir aðrir skattar. Það er þó fyrst og fremst stríðsgróðaskattur og svo eignaaukaskattur. Það má vera, að þetta standi ekki í l., en það var eðlilegt, að það stæði í frv. 1941—42, því að það var ætlazt til, að það væri samþykkt í vor, svo að hægt væri að reikna af árinu 1942. Má taka þessa yfirlýsingu hv. þm svo bókstaflega að hann ætli ekki að vera með þeirri breytingu, að sett verði inn í 1943. Það væri ákaflega gott að vita það, að þetta rán yrði ekki látið ná nema til 3 ára, a. m. k. ekki með hans samþykki. Verðlækkunarskatturinn átti ekki að gilda nema fyrir árið 1942. Er það meining þessa hv. þm., að hann ætli ekki að greiða atkvæði með því, að hann verði látinn gilda lengur? Ég bíð og sé, hvernig puttarnir snúa, þegar það mál kemur í þingið.

**Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson):** Það eru tveir þm. aðrir en ég, sem hafa mælt með þessu frv. við þessa umr. Ég vil láta í ljós undrun mína yfir ræðu frsm. minni hl. Ég hélt mig bara að þeim rökum, sem hann bar fram um þetta efni. Mér finnst það því koma úr hörðustu átt, þegar hann er að bregða mér um hliðarhopp, því að ég hélt mig algerlega á línunni. Ég bar auðvitað ekki á móti því, að menn mættu hafa einkaskoðun á því, sem þeir vildu, en ég vil benda á það, að einkaskoðun dugar ekki, við erum bundnir af orðum stjskr. Hver einstakur borgari er frjáls, en hvað hið opinbera snertir, er skorið úr í 157. gr. stjskr., þar sem segir: „Evangelísk-lútersk kirkja skal vera í landinu, og skal styðja hana og styrkja.“ Það stendur hvergi, að söfnuðir skuli vera í Reykjavík, en það þarf að styrkja þá söfnuði, sem eru. Það segir hvergi neitt um happdrætti Laugarneskirkju, en það er gengið út frá því í þessum orðum, að ríkisvaldið skal styðja, styrkja og vernda þá kirkju, sem er hér. Prívatskoðun þm. hefur ekki neitt að segja í þessu efni, því að Alþingi gerir með þessu ekki annað en fara eftir orðum stjskr. í þessu efni, og það er fullkomlega í anda stjskr., þó að það sé ekki fyrirskipað með beinum orðum að styrkja kirkjubyggingu í Reykjavík. En ég vil halda fast við þá skoðun mína, að ríkissjóður leggi ekki fé fram, þ. e. a. s., að verði frv. ekki samþykkt, fær ríkissjóður nokkrar tekjur, sem hann mundi ekki fá annars. En það að koma upp þessu húsi er sérstök kaupsýsla, sem mundi að vísu skapa ríkissjóði tekjur, og ef ekki hefði verið farið út í þetta, hefði aldrei verið von um þessar tekjur, en þessir peningar væru einhvers staðar í þjóðfélaginu. Og þessir peningar eru alveg eins í umferð fyrir þessu. Þeir eru aðeins undanþegnir skatti þetta ár, en síðar þarf að greiða af þeim til ríkis og bæjar. Það, sem við förum fram á, er það, að þessi sérstaka söfnun verði ekki gerð að féþúfu fyrir annað en þann eina tilgang, sem henni er ætlaður.

Ég skal ekki fara langt út í þetta, en þar sem mér er kunnugt um, að þegar drepa á mál, er það gert með því að benda á annað, sem sé þarfara að gera, langar mig að segja nokkur orð um það, sem hv. þm. (BrB) sagði í því sambandi. Ég veit, að hann getur bent á margt í þjóðfélaginu, sem eftir er að gera, skárra væri það í jafnungu þjóðfélagi. Það er hægt að benda á mörg aðkallandi verkefni, vegi, vita og fleira. En ég vil taka undir það, sem hv. 1. þm. Eyf. (BSt) sagði áðan, að svo framarlega sem farið er eftir þessu, að ríkið styðji og verndi kirkjuna, er ekkert meira aðkallandi verkefni til en það, sem hér um ræðir, nefnilega að fá hús, og þá sérstaklega þegar ekki er um annað en litla tilhliðrunarsemi að ræða við þá menn, sem leggja

féð fram, — þ. e. að leyfa mönnum að leggja féð fram, þannig að það gangi ekki til annars en þess, sem ætlazt er til að það fari. Það er undarlegt, þegar farið er að tala um kirkjuna sem einhvern andstæðing sjúkrahúsa og skóla, því að ég veit ekki, hver hefur hlúð meira að slíku en einmitt kirkjan. En ég ætla ekki að fara langt út í það, en mig langar bara til þess að hv. 5. þm. Reykv. vildi bregða sér út í heiðingjalöndin. Það má geta nærri, að þar muni vera fullt af sjúkrahúsum og skólum, þar sem ekki þarf að byggja kirkjur. Nei, því er ekki svo varið. Fjöldi manna gerist trúboðar, ekki kannske af trúarlegum áhuga fyrst og fremst, heldur vegna skóla- og líknarstarfsemi, og svo er talað eins og kirkjan sé andstæð því, að upp komi skólar og sjúkrahús, fyrir utan nú það, að á sínum tíma voru allir skólar og spítalar á vegum kirkjunnar og hefðu alls ekki verið til nema fyrir hennar tilstilli. Nú hefur þjóðfélagið tekið þetta að sér, en því verður ekki neitað, að öldum saman hefur kirkjan rekið sjúkrahús og skóla. Hvað ætli menn hefðu sagt þá við því, ef einhver hefði komið og sagt: Ég vil engar kirkjur, en ég vil sjúkrahús og skóla. Mér finnst ekkert vit í að tala um þetta, en úr því að þm. er að læða þessu hér inn, finnst mér rétt að tala um það. Ég skal svo ekki fara lengra út í þetta, en vil aðeins út af því, sem hv. þm. Barð. (GJ) talaði um, hvort aðrir skattar en þeir, sem nefndir eru, ættu að hvíla á þessu, segja það, að ég býst við, að þetta undanþiggi þá skatta, sem tekið er fram um, en aðra ekki. Hitt er annað mál, hvernig við kunnum á sínum tíma að líta á skatta, sem eru alls ekki til, og hvernig á að fara með skatta, sem verka aftur fyrir sig. Um þá skatta er ekkert hægt að setja í frv. Það ætti þá að vera almennt ákvæði um, að stj. bæri að vernda þetta fyrirtæki fyrir öllu böli. En mér finnst frv. skýrt, að það er tekjuskattur og útsvar, þessi aðalgjöld, sem um er að ræða. Tilgangurinn er ekki að undanþiggja vinnandann hvers konar gjöldum, en það getur vel verið, að einhver vilji ekki eiga þetta hús, svo að það lendi ekki í vargakjöftum, en segi eins og hinn heilagi Franz frá Assisi: „Ég vil ekki vera ríkur, þegar ég má vera fátækur."

Ég vil ekki draga úr því, að þessi fjáröflun geti heppnazt, því að það getur farið svo, að allt verði tekið, sérstaklega þegar tekjurnar eru komnar á hærra stig. Við erum hér að ræða um Laugarneskirkju, og það er lægri vinningur en hjá Hallgrímskirkju, sem hér er einnig til umr. Þar er um svo stóran vinning að ræða, að það gæti dregið úr löngun manna til þess að taka þátt í því fyrirtæki, sem hér er um að ræða, ef borga á af því tekjuskatt og útsvar.

Ég hef nú talað tvisvar í þessu máli og vona, að ég þurfi ekki oftar að taka til máls í því. Ég vil vænta þess, að frv. verði samþ., og vildi, að Alþingi hraðaði afgreiðslu þess, vegna þess að sala miðanna er í fullum gangi og mjög skammt til þess, er sölu verður lokið, og áríðandi, að síðustu dagana, sem þetta fyrirtæki starfar, verði vissa fyrir því, hvaða svör Alþingi gefur í þessu efni.

**Bernharð Stefánsson:** Ég ætla nú ekki að lengja þessar umr. mikið, því ég sé enga ástæðu til þess, en ekki finnst mér hv. 5. þm. Reykv. (BrB) hafa getað sannfært mig um samræmið milli þess, sem hann segir vera skoðun sína í þessu máli og afstöðu sína til þessa frv., og þeirrar almennu skoðunar hans, að ríkið eigi ekki að styrkja ákveðin trúarbrögð. Þessi hv. þm. hefur verið eða þótzt vera ákaflega viðkvæmur fyrir því, að stjskr. sé fylgt, — og sem þm. ber honum skylda til að fylgja ákvæðum stjskr. Það þýðir ekki að þrátta um þetta. Það er stjskr.ákvæði. Ríkið á að styrkja lúterska kirkju, og vitanlega fylgir þar með að sjá um, að þeir landsmenn, sem tilheyra þjóðkirkjunni, geti orðið aðnjótandi guðsþjónustna hennar. Þetta er alveg tvímælalaust. Ég lýsti þessari skoðun í fyrri ræðu minni, og hv. 5. þm. Reykv. (BrB) lagði það svo út, að ég teldi, að ríkið væri skyldugt til þess að byggja Laugarneskirkju og Hallgrímskirkju, af því að 1. um skiptingu Reykjavíkur í prestaköll hefði verið samþykkt. Ég vil ekki segja, að ríkið sé skyldugt til þess að byggja þessar kirkjur, en ríkið er skyldugt, meðan þessi stjskr.ákvæði eru í gildi, að vera því ekki til hindrunar, að söfnuðirnir geti séð sér fyrir húsi fyrir guðsþjónustur. Og þeir hafa valið þessa leið, að stofna til happdrættis.

Ég mun víkja að ummælum hv. þm. Barð. síðar, en ég vil benda á nú í sambandi við ummæli hans, að það er ekki bara um að ræða það, sem hér hefur verið talað um, að það sé síður æskilegt að fá þessa vinninga, ef á þeim hvíla allir venjulegir skattar, heldur líka samanburðurinn við önnur happdrætti hér. Allir vita, að happdrætti háskólans hefur notið þessara hlunninda í mörg ár, og úr því að söfnuðirnir lögðu út í happdrætti, stóðu þeir illa að vígi í samkeppni við happdrætti háskólans. Með þessu er ekki sagt, að það mætti ekki reka hér happdrætti. Báðar stofnanirnar gætu gert það, ef enginn hefði þessi hlunnindi, en úr því að einn hefur þennan rétt, er óhjákvæmilegt, að annar fái sama rétt.

Ég sé ekki ástæðu til að anza miklu því, sem hv. þm. Barð. var að spjalla um skattamál. Ég hélt, að á dagskrá væri happdrætti Laugarneskirkju, en ekki skattamál almennt. Hv. þm. talaði um, að ég gengi svo langt í þessu skattabrjálæði og viðurkenndi með þessu frv., að enginn gæti hætt tíu krónum, nema hann fengi tryggingu fyrir, að vinningur sinn væri skattfrjáls. Ég sagði í fyrri ræðu minni, að ég teldi ekki, að ekki væri töluverð þátttaka í happdrættinu, enda hefur komið í ljós, að mikið hefur selzt, þó að enn séu ekki til l. um, að vinningurinn sé skattfrjáls. Um happdrætti Hallgrímskirkju var raunar auglýst, að vinningurinn yrði skattfrjáls. Líklega hafa forgöngumennirnir tryggt sér fylgi alþm., en Laugarneskirkja hefur ekkert slíkt auglýst.

Annars er það skrítið, þegar verið er að tala um skattabrjálæði, og ég veit ekki almennilega, hvað meint er, líklega þó að hafa samþ. þá skatta, sem nú gilda. Jú, ég hef gert það, en flokkur hv. þm. Barð. hefur gert það líka, og

formaður flokks hans hefur meira að segja kallað skattalögin „skattalögin sín“. Hv. þm. Barð. var víst ekki kominn á þ., þegar tekjuskattslögin voru samþ. 1942, sem allur Sjálfstfl. samþ., en mig minnir, að hann samþ. t. d. verðlækkunarskattinn í vetur. (**GJ:** Nei, ég var á móti honum). A. m. k. samþ. hann margir af flokksmönnum hans, svo að hv. þm. ætti að líta sér nær. Það er stundum eins og hv. þm. Barð. haldi, að ég hafi sett gildandi skattal.

Hv. frsm. meiri hl. útskýrði, að ekki væri hægt í frv., sem nú er verið að fjalla um, að gera ráð fyrir því, hvað kynni að vera samþ. á Alþ. Það er staðreynd, að verðlækkunarskatturinn gilti ekki fyrir tekjur ársins 1943, heldur aðeins 1942, og þó að fyrir Alþ. liggi frv. um eignaaukaskatt, er ekki hægt að segja, hvort það verður að l., og ekki hægt að setja í frv., hvort undanþiggja eigi happdrættisvinninga því, sem er alls ekki í l.

Að síðustu vil ég árétta það, að ég álít ekki höfuðatriðið í þessu máli neitt skattabrjálæði, heldur hitt, sem ég nefndi áðan, að aðalhappdrættið í landinu hefur þennan rétt nú þegar.

**Bjarni Benediktsson:** Herra forseti. Ég vil segja nokkur orð út af því atriði, hvort undan þágan í þessu frv. er aðeins takmörkuð við tekjuskatt eða útsvar í þrengstu merkingu. Ég held, að ekki leiki vafi á, að vinningar happdrættis háskólans séu hvorki undir verðlækkunarskatti né stríðsgróðaskatti, en þetta er sniðið algerlega eftir því, enda miðast báðir þeir skattar við, að þegar búið sé að leggja á tekjuskatt, sé verðlækkunarskatturinn aðeins framhald á vissu stigi og stríðsgróðaskatturinn sameinaður á tekjuskatt og útsvar af hærri tekjum. Hvorugan þennan skatt er hægt að kalla annað en tekjuskatt. Ég lýsi yfir því, að ég skil frv. hiklaust svo, að undanþegið sé ekki aðeins útsvar, heldur og tekjuskattur í víðari merkingu, þ. e. verðlækkunarskattur, ef hann gildir á næsta ári, og stríðsgróðaskattur. Það mætti líka athuga fyrir 3. umr. að breyta þessu. Hv. þm. Barð. hefur skotið því að mér, að það mætti gera þetta skýrt með því að kalla þetta opinbera skatta, en ég tel þetta atriði ótvírætt, hvort sem er.

Ég ætla ekki að blanda mér í umr. að öðru leyti. Það er alveg rangt hjá hv. 1. þm. Eyf., að það væri verið að láta ríkið leggja fram af sinni hálfu til þessara kirkjubygginga. Ríkið er einmitt að stuðla að því, að einstaklingarnir leggi fram fé af frjálsum vilja. Hvað sem um þetta happdrætti er, þori ég að fullyrða, að það hefur frá fyrstu tíð byggzt á því, að skattfrelsi fengist fyrir vinningana. Meiri hl. þm. hefur lofað þessu með undirskrift sinni. (**BSt:** Ég efa það mjög, hvað Laugarneskirkju snertir). Ég á við Hallgrímskirkju. Mig minnir meira að segja, að leitað væri til hv. 5. þm. Reykv., svo að honum ætti ekki að vera þetta nein nýjung. Hallgrímskirkja hefði annars ekki getað auglýst eins og hún hefur gert.

Um það, hvort kirkjur eigi að koma á undan öðrum byggingum eða ekki, má deila endalaust. Þetta er það, sem í kristnum löndum þykir nauðsynlegast vera, og ég vil spyrja hv. 5. þm. Reykv., hvernig farið hefði í landi eins og Rússlandi, sem hefur fengið sér til sáluhjálpar erkibiskupinn af York, ef engin kirkja hefði verið þar til.

**Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason):** Herra forseti. Ég veit ekki, hvernig farið er að því í Bandaríkjunum, þar sem engin þjóðkirkja er, eða í Frakklandi, þar sem ríki og kirkja eru aðskilin. Þetta hefur Rússland bjargazt, þar sem aðskilin eru ríki og kirkja og algert trúfrelsi. Það væri víst engin voðaleg hætta á ferðum, þó að við færum út á þá braut.

Hv. 1. þm. Reykv. gekk svo langt að halda því fram, að ég hefði að vísu heimild til að hafa einkaskoðun í þessu máli, en ég hefði enga heimild til að halda því fram, sem ég hélt fram, einkamál mitt kæmi ekki öðrum við, því að skoðun mín bryti í bág við stjórnarskrána. Það segir í stjórnarskránni, að það beri að styðja kirkjuna, hina evangelisk-lútersku kirkju, og hv. þm. heldur því fram, að það beri að styðja hana á allan hátt, hvernig sem á stendur, og m. a. með þessu skattfrelsi, og engin einkaskoðun komi þar málinu við. M. ö. o.: þm. lítur svo á, að söfnuðirnir geti ákveðið að byggja eins margar kirkjur og þeim sýnist, hafa eins marga presta og þeim sýnist og launa þá eins hátt og þeim sýnist —, ríkið sé skyldugt til að veita þeim þetta allt saman. Þetta er einkennileg skoðun, enda meinar hv. þm. þetta ekki, og rök hans falla því um sjálf sig. Ég veit aftur á móti, og það mun hv. þm. viðurkenna, að það er á valdi Alþ. í hvert sinn, að hve miklu leyti það vill styðja kirkjuna, launa prestana mikið og veita mikið fé til að reisa fyrir kirkjur. Þá er það og á valdi Alþ., hvort það skattfrelsi, sem hér er beðið um, skuli veitt. Við erum að deila um málið, af því að það er á okkar valdi að samþ. eða fella það, og úr því að ég álít það ekki aðeins óþarft að styrkja þetta sérstaka trúarfélag af almannafé, heldur beinlínis skaðlegt og rangt, vil ég, að stuðningurinn verði sem allra minnstur. Hv. þm. sagði í ræðu sinni, að hér væri um ótvíræðan rétt að ræða, því að ríkinu væri skylt að sjá um, að söfnuðirnir hefðu aðgang að guðshúsi. Ég vil spyrja, hverjir hafi ekki aðgang að kirkju. (**MJ:** Ekki allir í sínum söfnuði). Fyrr mættu nú vera ósköpin að ómaka fólk alla leið niður á Kirkjutorg!

Hv. þm. segir, að það sé mjög algengt, að menn reyni að bregða fæti fyrir mál með því að nefna annað, sem sé meira aðkallandi. Það er alveg rétt, en þm. hlýtur að skilja, að fé ríkissjóðs er takmarkað og að ekki er hægt að sinna öllum fjárkröfum til þarfra og nauðsynlegra hluta. Ég veit, að þessi hv. þm. eins og aðrir verður oft að greiða atkv. móti till. um fjárveitingar til hluta, sem hann þó telur þarflega og jafnvel nauðsynlega. Hann verður í hvert sinn að vega og meta, hvað nauðsynlegast sé.

Í þessu efni, sem hér er um að ræða, höfum við andstæðar skoðanir. Hann heldur því fram, að hér sé um brýna nauðsyn að ræða, en ég tel málið alóþarft. Það er þetta, sem á milli ber. Frá mínu sjónarmiði er fáránlegt, að ríkið styrki þetta, þar sem lög eru beinlínis brotin á þegn-

um landsins vegna skorts á húsnæði til skóla og sjúkrahúsa. Hv. þm. segir að vísu, að þetta þurfi ekki að rekast á fjáröflun til spítala og skóla, en vitanlega rekst það á, af því að fé er takmarkað.

Fleiri gætu viljað stofna til happdrættis, ef þeir hefðu vissu fyrir því, að vinningarnir væru skattfrjálsir. Félagi berklasjúklinga leikur mjög hugur á að koma upp vinnuhæli fyrir berklaveikt fólk. Ég nefni þetta til dæmis, af því að það er mikið nauðsynjamál. Spurningin er: Hver á að ganga fyrir, hvar er þörfin mest? Á þessu byggist skoðanamunur okkar og engu öðru.

Hv. þm. var að minnast á, að kirkjan hefði fyrr á öldum haft með höndum fræðslumál og heilbrigðismál. Það kemur ekki málinu við, hvað kirkjan hefur illu heilli haft með höndum á fyrri öldum. Hún hefur haldið uppi spítölum í áróðursskyni, og er slæmt, þegar ríkið er svo illa á vegi statt, að það þurfi að láta kirkjuna eina um heilbrigðismálin.

Hv. 6. þm. Reykv. hélt því fram, að þetta loforð hefði verið veitt og væri ekki annað að gera en samþ. það. Álítur hv. þm., að slíkar aðferðir séu til fyrirmyndar? Það er ærið óviðkunnanlegt, þegar verið er að ræða mál í þingsölunum, að vængstýfa umr. með því, að þm. séu búnir að binda sig fyrir fram, svo að ekki stoði neinar umr. Ég álít, að enda þótt þm. gefi slíkar skuldbindingar utan þings án þess að hugsa málið, þá hafi þeir fyrst og fremst skuldbindingar gagnvart þjóðinni í heild, og séu ekki bundnir af slíkum vilyrðum, sem einstakir menn hafa fengið þá til að gefa sér til handa.

**Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson):** Frsm. minni hl. rangfærði svo orð mín, að mér finnst ástæða til að leiðrétta það með nokkrum orðum.

Ég sagði, að þegar hann héldi fram einkaskoðun sinni, þá reyndi hann að telja aðra á hana. Það er ekki nema algengt, að menn telji aðra á sína skoðun. Þetta var allt og sumt, sem ég sagði um þetta.

Hinu getur hann ekki neitað, að stjskr. gerir ráð fyrir, að Alþingi hafi þessi kirkjumál með höndum, hvort sem um fjárframlög er að ræða eða annað, og styrkir og verndar kirkjuna. Annars kom það í ljós, af hvaða ástæðu hann er á móti þessu frv., nefnilega af því, að hann er á móti kristindómi og kirkju. (**BrB:** Já, það er rétt.) Hann segir, að slík mál snerti ekki þjóðfélagið. Fyrr á tímum, á dögum katólskunnar, var það, að kirkjan hafði með höndum líknar- og fræðslumál þjóðarinnar. Var þá ekki gott, að kirkjan tók þau í sínar hendur og sinnti þeim?

Annars er, eins og ég hef tekið fram, að hér er alls ekki um fjárframlög að ræða, heldur, að ekki sé lagður steinn í götu félags, sem vill leysa fagurt verkefni af hendi. Tel ég því, að hlúa beri að fjáröflun þessa fyrirtækis, sem hefur jafngóðan tilgang fyrir augum.

**Bjarni Benediktsson:** Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir þau orð, er hann hefur hér látið falla.

Um það hljótum við að vera sammála, að úr því að undanþága hefur verið veitt á útsvari og tekjuskatti á vinning í happdrætti Laugarneskirkju, þá kemur stríðsgróðaskattur ekki til greina.

Hv. 5. þm. Reykv. ætlaði að hella úr skálum reiði sinnar yfir mig, þó að það að vísu lenti á öðrum, fyrir þær sakir, að ég hafi haldið því fram, að það væri fráleitt og kæmi ekki til neinna mála að ræða um þetta hér á þingi, því að þm. hefðu skuldbundið sig með undirskriftum til að veita þessu máli stuðning. Hann spyr, hvort ég telji þetta til fyrirmyndar. Þetta kemur ekki málinu við.

Ég minni bara á hitt atriðið, að það hefði ekki verið lagt út í þetta happdrætti, að minnsta kosti hvað Hallgrímskirkju snertir, nema af því að þetta skattfrelsi var talið tryggt. Annars hefði verið þýðingarlaust að ráðast í þetta fyrirtæki. Með þessu móti vildi ég sanna það, að því fari fjarri, að ríkið sé með þessu að leggja fram fé til kirkjubyggingar, heldur væri ríkið beinlínis að spara sér fjárframlög og gera einstaklingum kleift að leggja fram fé. Það er augljóst mál, að ríkið verður ekki af neinum tekjum, þó að þessi undanþága verði hér veitt. Tekjur ríkisins verða ekki meiri, þótt þessi undanþága verði ekki veitt.

Ég skora á hv. 5. þm. Reykv. að svara þessu. Ég vil biðja hv. þm. að athuga þetta í næði og vona, að hann veiti frv. stuðning, því að þetta er beinlínis aðferð til þess að losa ríkið við að leggja fram fé í þessu skyni.

**Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason):** Herra forseti. Ég ætla bara að segja nokkur orð að gefnu tilefni, því að hv. 6. þm. Reykv. skoraði á mig að sanna það, að ríkið yrði ekki af neinum tekjum, þótt þessi undanþága verði hér veitt, og að ríkið væri ekki að leggja fram fé til Laugarneskirkju. Aftur á móti vildi hann halda því fram, að ríkið væri að spara sér fé.

Í fyrsta lagi er það upplýst, að þetta loforð, sem hér hefur verið gefið, á við Hallgrímskirkju, en ekki Laugarneskirkju. Það er nú heldur undarlegt, ef einn söfnuður getur farið til þm. og fengið sérstök fríðindi. Þetta ber þá auðvitað að skoða sem sams konar fríðindi til allra annarra kirkna. Ég veit ekki, hvort hann heldur þessu fram, en það mun koma í ljós.

Þá er hitt atriðið, hvort hér sé um að ræða styrk frá ríkinu eða hvort ríkið leggi fram fjármuni. Þá er og um að ræða, hvort ríkið eigi að afsala sér skatti. En hann heldur því fram, að aldrei hefði verið lagt út í þetta happdrætti, ef söfnuðurinn hefði ekki gert ráð fyrir því sem vísu að fá þessi fríðindi hjá Alþingi, og þá hefði ríkið aldrei fengið neinn skatt og því yrði það ekki af neinum tekjum. Þetta er alveg rétt.

Með því að veita þessi fríðindi, er verið að veita einu ákveðnu fyrirtæki sérstöðu. Þetta er fjáröflunaraðferð, sem er ekki hægt að framkvæma nema með aðstoð ríkisins.

Þá kemur og til greina, hvort hér er verið að styrkja þarft eða óþarft fyrirtæki. Fyrst og fremst kemur til álita, hvaða fyrirtæki er mest þörf á að veita slíkan stuðning. Má þá minna á

Háskóla Íslands í þessu sambandi. Hann hefur fengið slík hlunnindi, en hann var almennt talinn nauðsynjastofnun. (**BSt:** En þar er guðfræðideild). Hér er um ákveðinn stuðning að ræða, þótt ekki sé um bein fjárframlög.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:2 atkv.
2. gr. samþ. með 8:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:2 atkv.

---

Á 25. fundi í Ed., 27. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A.67, 101).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 101. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson):** Herra forseti. Það er út af fyrirspurnum, sem fram komu við 2. umr. frv. þessa um það, hvort sú undanþága, sem hér er farið fram á, næði til tekjuskatts og útsvars fullkomlega, að ég hef leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 101. Ég átti ekki kost á að ná meiri hluta nefndarinnar saman, þótt æskilegt hefði verið, að ég hefði getað rætt málið við meðnefndarmenn mína. Tók ég því þann kost að bera fram brtt. þessa til þess að taka af allan efa um stefnu frv. Vil ég vænta þess, að þeir háttv. þm., sem annars hafa fylgt frv., geti einnig fylgt þessari brtt.

ATKVGR.
Brtt. 101,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 101,2 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd. með fyrirsögninni:
**Frv. til l. um að undanþiggja frá álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar vinning í happdrætti Laugarneskirkju.**

---

Á 15. fundi í Sþ., 28. sept., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 104).
Á 25. fundi í Nd., 30. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Nd., 14. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 104, n. 160).

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Fjhn. hefur haft frv. þetta til athugunar, og er meiri hluti n., eða 4 nm. af 5, sammála um að mæla með því óbreyttu. Hv. þm. Siglf. er því hins vegar mótfallinn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14:6 atkv.
2. gr. samþ. með 14:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:4 atkv.

---

Á 33. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 192).

—o—

## 24. Happdrætti Hallgrímskirkju.

Á 20. fundi í Ed., 17. sept., var útbýtt:
**Frv. til l. um að undanþiggja frá álagningu tekjuskatts og útsvars vinning í happdrætti Hallgrímskirkju** (þmfrv., A. 68).

Á 21. fundi í Ed., 20. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 24. fundi í Ed., 24. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 68, n. 80 og 84).

**Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson):** Herra forseti. Eftir langar og ýtarlegar umræður um næsta mál hér á undan, sem var sama eðlis, get ég sparað mér að mæla fyrir þessu frv. sérstaklega, og vona því, að umræður verði stuttar.
Ég vil aðeins segja, að munurinn á þessu máli er sá, að sá söfnuður, sem hér um ræðir, hefur ekki enn hafið smíð á kirkjubyggingu sinni.
Á hinn bóginn er það kunnugt, að söfnuður þessi ráðgerir að koma upp mikilli kirkjubyggingu og hefur í því skyni stofnað til happdrættis. Vinningurinn í happdrætti þessu er hús, sem söfnuðurinn hefur keypt, og hef ég séð því slegið fram í blöðunum, að hús þetta væri um 240 þús. kr. virði. Það er því augljóst, þar sem vinningurinn er svona stór, að það mundi skerða vinninginn að miklum mun og um leið draga úr möguleikum til fjáröflunar í þessu skyni, ef undanþága frá álagningu tekjuskatts og útsvars á vinning í happdrætti þessu verður ekki veitt. Ég vil því fyrir hönd meiri hl. mæla með, að frv. þetta verði samþ.

***Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason):*** Ég hef sömu ástæður á móti þessu frv. og ég hef gert grein fyrir í næsta máli á undan.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:2 atkv.
2. gr. samþ. með 8:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:2 atkv.

---

Á 25. fundi í Ed., 27. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 68, 102).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 102. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson):** Herra forseti. Ég vildi aðeins benda á það, sem ég sagði um næsta dagskrármál á undan, en það gengur í sömu átt og þetta.

ATKVGR.
Brtt. 102,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 102,2 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd. með fyrirsögninni:
**Frv. til l. um að undanþiggja frá álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar vinning í happdrætti Hallgrímskirkju.**

---

Á 15. fundi í Sþ., 28. sept., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 105).
Á 25. fundi í Nd., 30. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Nd., 14. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 105, n. 161).

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Þetta frv. er um að undanþiggja vinning í happdrætti Hallgrímskirkju frá álagningu skatta. Eins og nál. á þskj. 161 ber með sér, þá vill meiri hl. n. samþ. frv. óbreytt. Hv. þm. Sósfl. vill aftur fella það. Ég sé svo ekki ástæðu til frekari orða af hálfu nefndarinnar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13:5 atkv.
2. gr. samþ. með 16:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:2 atkv.

---

Á 33. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 193).

—o—

## 25. Sandgræðsla og hefting sandfoks.

Á 18. fundi í Nd., 17. sept., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks** (þmfrv., A. 65).

Á 19. fundi í Nd., 20. sept., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Frv. þetta er flutt sem smáviðbót við sandgræðslulögin, 13. gr. þeirra, að beiðni eins hreppstjórans í Rangárvallasýslu. Þar stendur svo á, að þrír af hreppstjórum sýslunnar eiga lönd innan sandgræðslugirðinga, sem þeim er að l. skylt að meta, hvort fullgildar séu eða hvort nauðsyn sé viðgerða, sem þeir eiga sjálfir að nokkru leyti að kosta. Það er óviðkunnanlegt að heimta af þeim, að þeir dæmi þannig í sjálfs sín sök. Frv. fer því fram á, að þegar svo stendur á, skipi sýslumaður menn í stað hreppstjóranna. Ég vænti þess, að hv. d. sé mér sammála um þörfina á að lagfæra þetta. Óska ég, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 23. fundi í Nd., 27. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 65, n. 89).

**Frsm. (Sigurður Guðnason):** Herra forseti. Landbn. hefur haft þetta mál til athugunar og er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með smábreyt. Eins og hv. flm., 2. þm. Rang., tók fram, er þetta frv. flutt vegna þess, að l. um sandgræðslu og heftingu sandfoks gera ráð fyrir því, að hreppstjórar hafi ávallt eftirlit með sandgræðslugirðingunum. En það hefur komið fyrir, að einmitt sami maður, sem hefur átt að hafa eftirlit með sandgræðslugirðingu, hefur átt hluta af því landi, sem innan sandgræðslugirðingarinnar er. Landbn. er sammála hv. flm. frv. um, að það sé sjálfsagt, þegar svo stendur á, að um slík tilfelli sé skipað fyrir með sérstökum lagaákvæðum, eins og gert er ráð fyrir í frv.
En þessi brtt. frá landbn. er eingöngu um það, að bætt verði við 1. gr. frv. ákvæði um það, að sá maður, sem sýslumaður skipar í stað þess hreppstjóra, sem er hlutaðeigandi í hinu friðaða landi, eigi ekki heldur þar hlut að máli. Brtt. er því á þá leið, að á eftir orðunum „skipar sýslumaður annan" komi: sem ekki á þar hlut að máli.
Landbn. leggur til, að frv. verði samþ. með þessari breyt.

ATKVGR.
Brtt. 89 samþ. með 21 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 24. fundi í Nd., 29. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 107).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 26. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 28. fundi í Ed., 1. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 34. fundi í Ed., 14. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 107, n. 162).

**Frsm. (Eiríkur Einarsson):** Landbn. hefur haft þetta frv. til athugunar. N. leggur til, að frv. verði samþ. með smávægilegum breyt. Annars tel ég málið liggja svo ljóst fyrir, að óþarft sé að orðlengja neitt um það, en n. leggur sem sagt eindregið til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem birtar eru á þskj. 162.

ATKVGR.
Brtt. 162 samþ. með 9:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 35. fundi í Ed., 18. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 184).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 33. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 34. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 213).

—o—

## 26. Verðlag (frv. ÁkJ og SG).

Á 16. fundi í Nd., 15. sept., var útbýtt:
**Frv. til l. um bráðabirgðaafnám á valdi mjólkurverðlagsnefndar og kjötverðlagsnefndar til þess að ákveða útsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum og kjöti og sláturafurðum** (þmfrv., A. 60).

Á 18. fundi í Nd., 17. sept., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Áki Jakobsson):** Herra forseti: Ég flyt hér ásamt hv. 1. landsk. þm. (SG) frv., sem í sjálfu sér mætti kannske segja, að væri óþarft, eða hefði fyrir nokkrum dögum mátt kalla óþarft. A. m. k. var gert ráð fyrir því í byrjun, að ef samkomulag yrði í landbúnaðarvísitölunefndinni, þá væri ekki í höndum kjötverðlagsnefndar og mjólkurverðlagsnefndar valdið til þess að ákveða útsöluverð á kjöti og sláturafurðum og mjólk og mjólkurafurðum, enda ekki þörf á því. Það mun ekki hafa verið gert ráð fyrir því, að þessar nefndir mundu yfirleitt brjóta í bág við samkomulagið, sem gert var í þessu efni, er sex manna nefndin var skipuð.

En eftir að þetta frv. hefur verið lagt fram, hefur komið í ljós, að full þörf er á því, að því verði hraðað mjög að samþ. það sem l. til þess að hindra mikla árekstra með því að koma í veg fyrir, að nefndir þessar héldu áfram starfsemi sinni þrátt fyrir samkomulagið um sex manna nefndina og niðurstöður hennar.

Þegar dýrtíðarlögin voru til umr. á Alþ. fyrri part þessa árs, þá var talað um skipun sex manna nefndarinnar þannig, og nefndin var skipuð með því ákvæði, að gerðir nefndarinnar skyldu beinlínis vera markleysa, nema fullt samkomulag næðist í henni milli fulltrúa framleiðenda og neytenda, og með því eina móti skyldu niðurstöður nefndarinnar vera bindandi. Þetta var til þess gert að slá því föstu, að þetta væri samkomulagsnefnd til þess að finna eitthvað, sem hægt væri að búa við í framtíðinni. Við höfum að undanförnu átt við það að búa, að kjötverðlagsn. og mjólkurverðlagsn. rykju saman til þess, sem kallað hefur verið að finna grundvöll fyrir verði á þessum afurðum, og á þessum svo kallaða grundvelli hefur svo oft verið hraðað í gegn stórfelldum hækkunum á afurðum landbúnaðarins, án þess að búið hafi verið að færa fram nægileg rök fyrir þeim hækkunum, og hefur slíkt fyrirkomulag verið óþolandi við að búa. Það var m. a. þetta ófremdarástand, sem olli því, að þm. voru á eitt sáttir um, að nauðsyn væri á að finna einhvern grundvöll, sem hægt væri að vísa til í hvert skipti, þegar ákveða þyrfti verðlag á íslenzkum landbúnaðarafurðum til neytenda. Og það hefur tekizt með þessari sex manna nefnd. Henni tókst að verða sammála um að skapa þennan grundvöll.

Það nær vitanlega engri átt að leggja þann skilning í þetta samkomulag, sem varð í n., að n. hafi hugsað sér með því að tryggja bændum þær tekjur, sem þeir telja, að þeir þurfi að hafa til þess að hafa tekjur sambærilegar við verkamenn. Það var ekki meiningin að tryggja bændum nú með verðlagsákvörðunum þessar tekjur fremur en það var meiningin árið 1939 með þeim l., sem þá voru sett um kaupgjaldið, að tryggja meðal-verkamannafjölskyldu lífvænlegar tekjur. Þá datt engum í hug að halda því fram, að því opinbera bæri að veita þeim slíka tryggingu. Að þessu leyti er starf þessarar sex manna n. nú nákvæmlega sambærilegt við starf kauplagsn. þá, og því á ekki að leggja þann skilning í niðurstöður sex manna n., að með þeim eigi að tryggja bændum með framlagi úr ríkissjóði sambærilegar tekjur við verkamenn, miðað við, að meðalbóndi hafi þær með því verðlagi, sem sett sé nú á afurðirnar. Slíkt gæti leitt til þess, að ríkissjóður verðbætti afurðirnar langt umfram þörf. Hvaða vit væri í því, að ríkissjóður væri skyldugur til að kaupa alltaf afurðirnar af bændum, þótt framleiddar væru langt umfram þarfir? Það er ekki heimild til þessa, og ekkert liggur fyrir um það, að þetta hafi verið meiningin, þegar sex manna n. var skipuð. En þessi sex manna n., landbúnaðarvísitölun., hún gerði ráð fyrir því, — og þar voru allir nm. sammála og þar á meðal formaður n.,

Steingrímur Steinþórsson, — að úr því að samkomulag náðist í n., ættu hvorki mjólkurverðlagsn. né kjötverðlagsn. að eiga nokkuð við að ákveða verð á mjólk eða kjöti. Vil ég hér með í þessu sambandi lesa upp úr áliti sex manna n., með leyfi hæstv. forseta:

„Hvaða útsöluverð verður á hverjum stað, er komið undir því, hvaða kostnaðarliðir bætast við á eftir við dreifingu og sölu varanna, geymslu þeirra o. s. frv. Verður það ákveðið af þeim aðilum, sem lög mæla fyrir um, en nefndin telur sjálfsagt, að öll slík verðlagning verði háð eftirliti hinna almennu verðlagsyfirvalda og verði að fá samþykki þeirra til allra verðlagsráðstafana. Þar með telst að sjálfsögðu öll verðjöfnun, svo sem milli neyzlumjólkur og vinnslumjólkur."

Það er ekki hægt að kveða skýrar á um það en hér er gert, að n. er þeirrar skoðunar, að starf verðlagsnefndanna beggja er niður fallið svo lengi sem þetta samkomulag gildir og er lagt til grundvallar um verðlagsákvörðun.

Það var hins vegar vitað, enda í niðurstöðum n. gert ráð fyrir því, að það verð, sem n. ákveður, sé það verð, sem bændur eigi að fá fyrir afurðirnar, en þá sé eftir að ákveða útsöluverðið bæði á mjólk og kjöti. Það liggja fyrir upplýsingar um það og lágu fyrir n., að það mundi þýða 30 aura viðbót á hvern lítra mjólkur hér í Reykjavík. Það var almennt gert ráð fyrir því í n., þó að það komi ekki fram í áliti n., enda taldi hún það fyrir utan sinn verkahring, en taldi eðlilegt, að viðskiptaráð heimtaði af mjólkursamsölunum skilríki fyrir því, hve mikið þyrfti að leggja á verð mjólkurinnar fyrir gerilsneyðingar og dreifingarkostnaði hér í Reykjavík og á Akureyri, og að viðskiptaráð ákvæði, hverjar upplýsingar það þyrfti að fá til þess að geta tekið sínar ákvarðanir um mjólkurverðið. En gert var ráð fyrir því, ef þetta samkomulag ætti að standa áfram, að kjötverðlagsn. og mjólkurverðlagsn. gætu ekki starfað áfram eins og þær hefðu gert. Frv. þetta er byggt á því, að formlega séð þá hafa þessar n. vald enn til þess að ákveða verð á þessum vörum til neytenda, því að það er fram tekið í kjöt- og mjólkurlögunum, að kjötverðlagsn. og mjólkurverðlagsn. eigi að ákveða útsöluverð þessara vara á hverjum stað.

Nú hefur mjólkurverðlagsn., eins og vitað er, snúið sér þannig í þessu máli, að hún hefur ákveðið, að mjólkurverðið skuli vera kr. 1,70 lítrinn. Og daginn eftir, að mjólkurverðlagsn. tók þessa ákvörðun, tilkynnti ríkisstj., að ákveðið hefði verið, að mjólkurverðið skyldi verða kr. 1.45 lítrinn í útsölu, og það, sem mjólkurverðið þyrfti að fara fram yfir það, þegar allur kostnaður væri með talinn, skyldi greiða úr ríkissjóði. Nú skilst mér deilan vera um það, hvort ríkisstj. beri skylda til að greiða niður mjólkurverðið úr kr. 1.70 lítrann niður í kr. 1.45 eða hvort hún ætlar að binda sig við það, sem sex manna n. ákvað að frádregnum gerilsneyðingar- og dreifingarkostnaði. Væri gott að fá upplýst um þetta. Hvað fyrir mjólkurverðlagsn. vakir, er ekki gott að segja. Nm. þar ákveða með því að slumpa á um það, hve mikið af mjólk muni fara til vinnslu; og mér er ekki kunnugt um það, hvort verðlagið á mjólkurafurðum á að miðast þannig, að verð það, sem bændur fá fyrir mjólkina, verði kr. 1.23 fyrir lítrann, enda liggja ekki fyrir opinberar upplýsingar um þetta atriði. En það liggur fyrir, að sáralítið af mjólk mun fara til vinnslu á þessu ári og miklu minna en mjólkurverðlagsn. gerði ráð fyrir á því tímabili, sem mjólkurverðlagsn. ákvað verðið fyrir nú síðast, heldur en hefur verið. En þetta er sjónarmið, sem gert er ráð fyrir, að ríkisstj. og verðlagseftirlitið geri sínar athuganir og ákvarðanir um, en ekki sex manna n. En ég er viss um, að ef einu sinni er búið að fá mjólkurverðlagsn. í hendur þessa peninga, sem greiða á niður mjólkina með, þá muni aldrei neinu af þeim verða skilað aftur þannig, að framleiðendur eða neytendur fái neinar greiðslur af þeim fram yfir það, sem áætlun í fyrstu miðast við, þó að þeir reyndust óþarflega miklir til þess að greiða hæfilega niður mjólkurverðið. N. mundi hafa einhver ráð með að koma þeim á einhvern kostnaðarlið, ef hún hefði þá í höndum.

Sex manna n. hefur vísað því frá sér að ákveða útsöluverð á kjöti. Hún hefur ekki talið það í sínum verkahring og álitið, að viðskiptaráð ætti að gera það, og kemur það alveg heim við það, sem gert var ráð fyrir. Vísir hefur tekið þetta mjólkurverðlagsmál til umræðu í gær, og þar er því haldið fram, að ríkisstj. ætti að hafa þessar samþykktir mjólkurverðlagsn. að engu, og gefið er í skyn, að þetta sé skemmdarstarfsemi af hendi mjólkurverðlagsn. Og það er gefið í skyn, að verðlagsn. verði afnumdar. Ég veit ekki, hve mikið hér er talað fyrir hönd ríkisstj., en þessi ummæli sýna, að full þörf er á, að með lagafyrirmælum sé skorið úr um það, hve mikið vald kjöt- og mjólkurverðlagsn. skuli hafa til þess að firra okkur því, að rofið verði það samkomulag, sem orðið hefur í sex manna n., og firra okkur því, sem af því hlýzt.

Ég álít því, að þessu máli þurfi að hraða mjög í gegnum þingið. Og ég mun, ef það verður ekki gert í n., sem hefur málið til meðferðar, koma með till. um að samþ., að gerðir mjólkurverðlagsn. 15. sept. s. l. verði gerðar markleysa ein, til þess að engin deila geti um það orðið í framtíðinni, eftir hvaða reglu eigi að ákveða útsöluverð á mjólk. Ég sé ekki ástæðu til annars en hagnýta það samkomulag, sem nú hefur verið gert og byggt er á samvinnu fulltrúa bæði framleiðenda og neytenda. Og ég held, að allir, sem það vilja, geti verið sammála um, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé sjálfsagt að samþ. og því beri að hraða gegnum þingið.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Þó að ég ekki á þessu stigi þessa máls ætli að taka neina afstöðu til þess, þá get ég ekki komizt undan því að segja nokkur orð til að mótmæla nokkru af þeim staðleysum, sem hv. þm. Siglf. sagði í sinni framsögu. Hann hélt því fram, að mjólkurverðlagsn. hefði brotið samkomulag það, sem orðið hefði í sex manna n., með því að ákveða mjólkurverð og með því að ákveða það hærra en álit sex

manna n. gefur ástæðu til. Hvort tveggja þetta er ósannindi. Hann upplýsir, að sex manna n. hafi talið kostnaðinn við vinnslu og dreifingu mjólkurinnar 30 aura, og heldur, að mjólkurverðið hefði ekki þurft að vera nema kr. 1,53. Þetta er líka alrangt, og skal ég nú sanna þm. Siglf. hvort tveggja. Það er rangt, að fyrir sex manna n. lægju upplýsingar um, að dreifingarkostnaðurinn 1942 hefði verið 30 aurar á lítra. N. mun hins vegar hafa verið með þessa tölu og hafa fundið hana þannig að draga meðalverð útborgað til bænda, en það var 1942 87 aurar á lítra, frá 117, en það var sem næst því meðalútsöluverð á mjólk í bænum. En 87 aurar voru greiddir sem meðalverð til bænda fyrir alla þá mjólk, er þeir höfðu sent búunum, en einungis liðugur helmingur af henni var seldur sem neyzlumjólk á 117 aura að meðaltali; úr hinu var unnið, og það gaf miklu minna en 117 aura á lítra.

Þm. Siglf. finnst, að við í mjólkurverðlagsn. hefðum ekkert verð átt að setja á mjólk nú, heldur hefði verðlagseftirl. átt að gera það. Þessu til áréttingar les hann kafla úr skýrslu sex manna n., þar sem tekið er fram, að verð mjólkur og mjólkurvara verði „ákveðið af þeim aðilum, sem lög mæla fyrir um", og telur æskilegt, að það verði háð eftirliti eða yfirstjórn verðlagsstjóra. Hefur nú lögum verið breytt, svo að verðlagsn. séu ekki hinir „réttu aðilar"? Ég veit ekki til þess. Og ég held, að þm. Siglf. geti ekki bent á, að svo hafi verið gert. Og þangað til það hefur verið gert, var það skylda nefndanna að ákveða verðið. Það er því hrein fjarstæða og líklega sögð mót betri vitund, að n. hafi með því að ákveða útsöluverð á mjólk og mjólkurvörum á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar brotið samkomulag sex manna n. Og þingmaðurinn sannar þetta sjálfur með því nú að flytja frv. um, að nefndirnar skuli ekki hér eftir ákveða verðið, heldur verðlagseftirlit ríkisins. Þess hefði lítil þörf verið, ef það þegar væri gert.

En þá er hitt, hvort nefndin hafi brotið samkomulagið með því að ákveða of hátt verðlag á mjólk og mjólkurvörum, þegar það var ákveðið nú síðast. Ég skal nú sanna hv. þm., að verðið, kr. 1,70 á nýmjólk, og svo það verð á mjólkurvörum, er n. ákvað nú þann 14. þ. m., er fullkomlega í samræmi við samkomulagið í sex manna n. og gefur bændum kr. 1,23 fyrir lítrann að meðaltali.

1942 sendu bændur búunum á verðjöfnunarsvæðinu 14,858,932½ lítra af mjólk til að selja og vinna úr (Hafnarfjarðarbúið ekki með). Þegar á að reyna að finna, hvað bændur eiga að fá fyrir mjólk sína næsta ár, verður fyrst að reyna að vita, hvað hún muni verða mikil, og ég áætla, að hún muni verða álíka mikil og 1942 (1940, 41 og 42 var mjólkin svipuð). Enn fremur verður að áætla, hvernig mjólkin selst, og ætla ég, að hún skiptist svipað í vinnslumjólk og neyzlumjólk og að unnar verði svipaðar afurðir og 1942. Ég veit vel, að um þetta má deila. En ég finn ekkert, sem réttlæti að byggja áætlun á öðru. 1942 seldist sem sagt 7,702,235 lítrar af 14,858,932 lítrum sem nýmjólk. Úr vinnslumjólkinni var unnið yfir 13 þús. kassar af Baulumjólk, 84 tonn af smjöri, 560 tonn af skyri, 350 tonn af rjóma, 26 tonn af mysuost og 145 tonn af ýmis konar ostum. Eftir því verði, er mjólkurverðlagsn. setti á þessar vörur um síðast liðin áramót, þá hefði fengizt fyrir þær allar nærri 24 millj. kr. eða kr. 1,61 á lítra brúttó.

Menn gleyma því stundum, að það eru unnar vörur úr meiri eða minni hluta mjólkurinnar, sem seljast alltaf og alls staðar lægra en nýmjólkin óunnin, og því gefur öll mjólkin ekki verð neyzlumjólkurinnar, heldur það, sem út kemur, þegar þunga allrar innveginnar mjólkur er deilt inn í það, sem fæst fyrir allt, sem inn kemur fyrir selda nýmjólk og vörur unnar úr mjólkinni. En hver er þá allur kostnaður við vinnslu og dreifingu mjólkurinnar? Rekstur Borgarnesbúsins, flutningur þaðan til Reykjavíkur, rekstur Mjólkurstöðvarinnar, Samsölunnar og búðanna, rekstur Flóabúsins og flutningur þaðan til Reykjavíkur kostaði 1942 um 21 eyri á innveginn mjólkurlítra, og er þá ekki talið með í því það, sem lagt var til hliðar til byggingar nýrrar mjólkurstöðvar eða varið var til sérstakra aðgerða, sem teljast vera fram yfir eðlilega fyrningu.

Allt árið 1942 fór rekstrarkostnaðurinn stöðugt hækkandi. Meðalrekstrarkostnaður þess árs sýndi því ekki, hver kostnaðurinn væri nú. Þess vegna var líka rannsakað, hver hann hefði orðið fyrstu sex mánuði þessa árs. Þá reyndist hann vera 34 aurar á innveginn mjólkurlítra. Nú liggur fyrir, að bændur eigi að fá kr. 1,23 fyrir lítrann að meðaltali. Hverjum manni má því ljóst vera, að þegar kostnaðurinn er 34 aurar og bændur eiga að fá kr. 1,23, þá þarf að fá kr. 1,57 fyrir hvern innveginn mjólkurlítra brúttó. Áður sýndi ég, hvernig það mundi hafa fengizt kr. 1,61 fyrir innveginn mjólkurlítra 1942 með verðinu 1943. Nú er ljóst, að ekki þarf að fá nema kr. 1,57 eða 4 aura minna á lítra, til þess að bændur geti fengið kr. 1,23 að meðaltali. Bæði mjólkurverðið og verð mjólkurvaranna var því lækkað um 2,5%, og með því fæst nákvæmlega kr. 1,57 brúttó fyrir innveginn mjólkurlítra, þegar gert er ráð yrir jafnmiklu mjólkurmagni og kom 1942 og eins skipt í söluvörur, en þær seldar 2,5% lægra en verðlag þeirra var, áður en ríkið fór að greiða nokkurn hluta af verðinu fyrir neytendur.

Af þessu hljóta allir að sjá, hvílík fjarstæða það er að halda því fram, að mjólkurverðlagsn. hafi sett verð mjólkurinnar og mjólkurvaranna svo hátt, að hún með því hafi brotið eitthvert samkomulag sex manna n. og lagt einhvern mjólkurskatt á „alþýðu manna" fram yfir það, sem eðlilegt er, eins og ástandið í landinu raunverulega er.

Þm. Siglf. vildi láta líta svo út sem verulegur ágreiningur hefði verið milli meiri og minni hl. mjólkurverðlagsn. Þetta er tæplega rétt. Ágreiningurinn kom ekki fram í öðru en því, að meðan meiri hlutinn miðaði við ársáætlun um verð og annað, þá vildi minni hlutinn breyta oft um mjólkurverð og taldi, að nú, meðan mjólkurmagnið er minnst, svo að meginið er selt sem neyzlumjólk, þyrfti ekki að hafa verðið eins hátt og ef miðað væri við ár, og vildi hafa það kr.

1,62 á lítra í útsölu í stað kr. 1,70. Þetta sjónarmið kemur mjög til athugunar. En eins og málið lá þarna fyrir, kom ekki til mála að samþykkja það, því að ekki hafði neitt verið rannsakað, hvort talan 1,62 byggðist á líkum eða ekki. Sé horfið að því ráði, að verðleggja mjólkina oft, láta verðið breytast mánaðarlega eða svo, þá verða menn að gera sér ljóst, að tvö atriði, sem hafa mjög áhrif á mjólkurverðið, eru mjög breytileg. Það mætti reyndar segja, að atriðið væri bara eitt, sem sé mjög breytilegt mjólkurmagn eftir árstíðum, en það verkar á tvo ólíka vegu á mjólkurverðið. Þegar mjólkurmagnið verður lítið, þá minnkar vinnslumjólkin, og um leið hækkar það, sem fæst fyrir hvern lítra brúttó og getur komizt upp í útsöluverð nýmjólkur, ef innvegið mjólkurmagn er ekki meira en það, sem daglega selst sem nýmjólk. Öfugt verður það, sem fæst brúttó fyrir innvegnu mjólkina, því minna á lítra sem meira er af vinnslumjólk, þ. e. sem mjólkurmagnið til búsins vex. Þegar það nú er athugað, að mjólkurmagnið er meira en helmingi meira, þegar það er mest en þegar það er minnst, er augljóst, að það, sem fæst brúttó upp úr mjólkurlítranum, er mjög misjafnt eftir mánuðum. En svo verður kostnaðurinn líka misjafn. Hann er nokkuð jafnhár alla mánuði ársins, þó að magn flutninga frá búunum til Reykjavíkur og erfiðleikar að vetrinum geti breytt kostnaðinum nokkuð eftir mánuðum, án tillits til mjólkurmagns. Eigi því mjólk hvers mánaðar að bera uppi kostnað mánaðarins, þá verður kostnaðurinn á innveginn lítra langmestur þá mánuðina, sem mjólkurmagnið er minnst og brúttó verðið kemur bezt út. Ég er því ekki viss um, hvort það yrði mikil breyting, sem fram kæmi, þó að farið yrði að breyta verðinu oft. En málið er þess vert, að það sé athugað, en það hefur alls ekki verið gert enn.

Ég vænti nú, að hv. alþm. sjái, að það var tekið fullt tillit til álits sex manna n. og verðlagið hnitmiðað við það, að bændur fengju að meðaltali kr. 1.23 fyrir innveginn mjólkurlítra næsta ár. Og allir vita og engir betur en flm. að frv. því, er hér liggur fyrir, að verðlagsnefndunum bar skylda til að ákveða afurðaverðið. Það er því alrangt að tala um, að mjólkurverðlagsn. hafi brotið skyldur sínar með því að ákveða verðið og brotið samkomulag sex manna n. með því að ákveða það of hátt. N. hefur einmitt farið eftir því nákvæmlega, og verði horfið að því ráði að láta verðlagseftirlit ríkisins hafa einhvers konar yfireftirlit með verðákvörðun nefndanna, þá mun ég, á meðan ég er formaður mjólkurverðlagsn., hlíta því. Til hins má þm. Siglf. ekki ætlazt, að ég hlíti því, meðan það er ekki til.

Minni hluti mjólkurverðlagsnefndar kom með varatill. um að fela ríkisstj. að ákveða mjólkurverðið. Mér datt aldrei eitt andartak í hug að vera með þeirri fjarstæðu. Mjólkurverðlagsn. bar að ákveða verðlagið og hefði hún ekki gert það, hefði hún svikizt undan skyldum sínum. Hitt var svo ríkisstj. að ákveða, hve mikinn þátt hún vildi láta ríkið taka í því að borga mjólkurverðið niður. Það hefur hún nú gert. Hún hefur ákveðið, að ríkið greiddi 25 aura af verði hvers lítra, en neytandinn kr. 1.45. Við þetta hef ég ekkert að athuga. Og þó að það verði síðar rétt af, ef það hefur sýnt sig, að t. d. tilkostnaður vex, svo 25 aurarnir nægja ekki, eða að meira selst sem neyzlumjólk en 1942, svo að 25 aurana þurfi ekki alla til þess að bændur geti fengið kr. 1.23, þá hef ég ekki nema gott um það að segja, því að ýmislegt bendir til þess, að þeim, sem mest vinna að því að hækka allan rekstrarkostnað við alla framleiðslu, muni kannske takast að hækka enn rekstrarkostnað við vinnslu og dreifingu mjólkurinnar. Og þá þykir mér gott að vita, að meira verður látið en 25 aurarnir, ef á þarf að halda og að bændum verður alltaf tryggt sitt.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Út af fyrirspurn, sem hv. þm. Siglf. (ÁkJ) beindi til ríkisstj. í því sambandi, sem hér hefur verið rætt um, vil ég upplýsa það, að mér vitanlega er ekki ágreiningur milli n. og ríkisstj. um það, hvernig þetta beri að bæta upp. Ríkisstj. telur sér ekki skylt að uppbæta mjólkina á annan hátt en þann að leggja til grundvallar kr. 1.23 sem verð mjólkurinnar til bænda og bæta við 34 aurum og raunverulegum vinnslukostnaði frá mánuði til mánaðar. Þess vegna telur ríkisstj. sig ekki að því leyti bundna við það verð, sem n. hefur sett á mjólkina. Og ég hygg, eins og ég tók fram, að það sé engin deila milli n. og ríkisstj. í þessu efni.

**Ingólfur Jónsson:** Með frv. því, er hv. þm. Siglf. (ÁkJ) flytur hér ásamt hv. 1. landsk. þm. (SG), er farið fram á það að svipta verðlagsn., sem hafa ákveðið verð á landbúnaðarvörum, valdi sínu til verðákvörðunar, og er vísað í því sambandi til dýrtíðarl., sem samþ. voru á síðasta þingi. Það má vel vera, að eins og nú horfir við, þá sé síður ástæða til þess, að verðlagsákvörðunin sé í höndum þessara n. heldur en áður hefur verið. En það er ástæðulaust að afnema þann rétt með l., sem n. hafa til þess að ákveða verð á landbúnaðarvörum. Verð það, sem sex manna n. hefur ákveðið, gildir ekki nema til eins árs í senn, og er óvíst, hvað verða kann eftirleiðis í því efni.

Annars er ekki nýtt að heyra rætt um þessi mál í sama tón og kommúnistar nú gera. Það er enn verið að tala um, að verð á landbúnaðarafurðum á síðasta hausti hafi verið sett of hátt. Og þetta er sagt þrátt fyrir staðfestingu sex manna n. á því verði. En það má stagast svo á þessu, að fólk fari að trúa fjarstæðunum, sem haldið er fram um þetta, og berja höfðinu við steininn og neita að viðurkenna staðreyndirnar.

Hv. þm. Siglf. sagði hér áðan, að kjötverðlagsn. hefði með öllu afsalað sér því valdi, sem hún hafði til verðlagningar á kjöti að þessu sinni. Ég vil upplýsa, hvernig málið horfir við frá sjónarmiði kjötverðlagsn. Hún áleit, eins og málið stóð, að ógerningur væri fyrir hana að ákveða verð á kjöti nema í samráði við ríkisstj. Ástæðan til þess er sú, að samkvæmt till. sex manna n. er gert ráð fyrir því, að bændur fái kr. 6.82 fyrir hvert kg af kjöti án tillits til þess, hvar þeir búa á landinu. Undanfarið hefur

sama útsöluverð verið á kjötinu, hvaðan af landinu sem það hefur verið. En bændur hafa ekki fengið jafnt verð fyrir það, heldur notið eða goldið þeirrar aðstöðu, sem þeir hafa til þess að koma vörunni á markaðinn. Ef kjötverðlagsn. því ákveður sama útsöluverð á kjöti, hvaðan af landinu sem er, verður útkoman sú, að bændur fá ekki jafnt verð fyrir kjötið, heldur fá þeir meira, sem minna kosta til þess að koma því á sölustað, og hinir, sem erfiðari aðstöðu hafa, fá þá minna en kr. 6.82. Þá er tilgangi sex manna n. ekki náð. Kjötverðlagsn. ákvað því, hvaða kostnaður þyrfti að vera á kjötinu á framleiðslustað til þess að ná réttu verði, og gerði till. um það til ríkisstj. Ríkisstj. gerði ráð fyrir, að kostnaðurinn þyrfti að vera 88 aurar á kg, og kjötverðlagsn. gat fallizt á það. Hins vegar skrifaði n. ríkisstj. og taldi upp ýmsa kostnaðarliði, sem leggjast á kjötið, ef salan fer ekki fram á framleiðslustað, og reyndist sá kostnaður vera 84 aurar á kg. Þótt kostnaðurinn því yrði aðeins 88 aurar miðað við heildsöluverð, þar sem aðstaðan er bezt, þá yrði hann kr. 1.72 þar, sem aðstaðan er verst. Nú hafa sumir sagt, að rétt væri að taka meðaltal af þessu. En þá hefði útkoman samt sem áður orðið sú, að þeir, sem hafa verstu aðstöðuna, gætu ekki fengið kr. 6.82 fyrir hvert kg, en hinir meira en kr. 6.82. Slíkt handahóf vildi n. ekki hafa og sá, að hún gat ekki verðlagt kjötið nema með aðstoð ríkisstj. Og þess vegna lagði n. til, að ríkisstj. greiddi flutningskostnað á kjötinu, eins og hann kynni að verða. Og það, sem vakir fyrir kjötverðlagsn., er að tryggja bændum, hvar sem þeir eru og hvaða aðstöðu sem þeir hafa, kr. 6.82 fyrir kjötið, því að hún álítur það skyldu sína.

Ég held, að frv. þeirra hv. þm. Siglf. og hv. 1. landsk. þm. sé með öllu óþarft. Og meira að segja er það óþarft frá sjónarmiði þeirra manna, sem vilja taka valdið af þessum nefndum bænda að fullu og öllu, því að það er vitanlega fjarstæða að halda fram, að það verði nokkurn tíma borgað meira verð fyrir afurðirnar til bænda heldur en það, sem landbúnaðarvísitölun. ákvað. Þó að mjólkurverðlagsn. ákveði kr. 1.70 verð á mjólkina, þá hefur ríkisstj. það í hendi sér að borga ekki meira en þörf er á. Og verðlagseftirlitið hefur í hendi sér að athuga, hvaða kostnaður verður á dreifingu varanna. Það er því ástæðulaust að óttast um það, að bændur fái hærra verð fyrir afurðir sínar en þeim er ætlað að fá af landbúnaðarvísitölun. Ríkisstj. hefur í hendi sér að borga ekki meira en þarf, og verðlagseftirlitið getur heimtað að fá að skoða reikninga mjólkursamsölunnar og mjólkurbúanna. Og ríkisstj. getur hlutast til um, að kjöt verði ekki flutt óþarflega milli hafna og að ekki leggist á það meiri kostnaður vegna flutnings en nauðsyn krefur. Þess vegna vil ég endurtaka það, að þetta frv. er óþarft — frá sjónarmiði þeirra manna einnig, sem vilja taka valdið í þessum efnum af bændum. En við, sem vinnum fyrir bændur og teljum, að rétt sé, að þeir hafi hönd í bagga um og ráði verðlagi landbúnaðarvara, við viljum ekki afsala bændum þeim rétti til þessarar verðlagningar, sem þeir hafa haft, hvorki í nútíð né framtíð.

Ég vil þess vegna leggja til, að þetta frv. verði fellt og það strax og því verði ekki vísað til nefndar.

**Flm. (Áki Jakobsson):** Herra forseti. Ég mun hafa orðað það svo í fyrri ræðu minni, að það hafi legið fyrir í sex manna n., að það voru 30 aurar, sem gerilsneyðingarkostnaðurinn og dreifingarkostnaðurinn næmi. Það er upplýst hér, að þetta sé áætlun þeirrar n. sjálfrar. En það skiptir ekki nokkru máli, þó að hv. 2. þm. N.-M. (PZ) eyddi meiri hluta ræðutíma síns í þetta atriði, hvernig þessi 30 aura upphæð væri fundin. Hvernig þessi upphæð er til komin og að nefndin taldi það fyrir utan sinn verkahring að ákveða þessa upphæð, skiptir ekki máli.

Hv. 2. þm. N.-M. nefndi hér ýmsar tölur, og ég er ekki bær um það nú að fara út í þessar tölur. En ég álít fulla þörf á því, að hið almenna verðlagseftirlit í landinu láti athuga, hvort þessar tölur eru réttar eða rangar. Verkalýðurinn tortryggir það, að þegar framsóknarmenn semja við framsóknarmenn, þá séu allar tölur réttar. Og til þess höfum við verðlagseftirlit að ganga úr skugga um það, að þarna sé farið með réttar tölur og að ekki sé dregið undir ýmsa kostnaðarliði meira en vera ber.

Það er ekki vafi á því, að mjólkurverðlagsn. hefur brotið það samkomulag, sem gert var við skipun sex manna n. En ef hins vegar gerðir hennar væru gerðar gildandi, þá væri það samkomulag markleysa.

Nú er það upplýst af svari hæstv. fjmrh., að ríkisstj. telur sig alls ekki bundna af þessum samþykktum mjólkurverðlagsn. Og þó tekur hæstv. fjmrh. það fram, að fullt samkomulag sé á milli mjólkursölun. og ríkisstj. Ég fæ ekki skilið, hvernig þetta getur verið, nema á einn veg, að mjólkurverðlagsn. hafi séð, hvaða firru hún gerði þarna, og sé fallin frá þessu. Það getur verið, að það sé og að það sé það, sem dagblaðið Vísir á við, þegar talað er um þar, að það muni „vatna yfir nefndina". Ég get hins vegar ekki séð, að ríkisstj. sé óbundin af gerðum mjólkurverðlagsn. Og ég held, að ríkisstj. eigi ekki að segja, að hún sé óbundin af þessu og að það sé miklu betra að fá lagaheimild eins og fyrir liggur í þessu frv., sem hér er um rætt. Þetta getur verið álitamál, hvort ríkisstj. sé bundin af þessari samþykkt mjólkurverðlagsn., og því er í alla staði varlegra að fá ákvæði þessa frv. lögfest. Og þetta frv. er borið fram í fullri þökk allra neytenda, sem eftir margra ára reynslu hafa ástæðu til að vera mjög tortryggnir gagnvart þeim, sem hafa haft með að gera verðákvarðanir á mjólk og kjöti. Það, að þetta frv. sé einskis virði, eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Rang., afsannar sá sami hv. þm. sjálfur með því að segja, að bændur vilji ekki sleppa úr hendi sinni að ákveða verðið á þessum vörum. Þó að búið sé að gera samkomulag um verðið í n., sem fulltrúar eru í bæði frá neytendum og framleiðendum, þá vilja bændur, eftir þessu, ekki binda sig við þetta samkomulag,

heldur ráða verðinu sjálfir. Það sér hver maður, að þetta getur ekki gengið. Ef bændur vilja áskilja sér rétt til þess að geta ákveðið verð á mjólk og öðrum framleiðsluvörum landbúnaðarins eftir eigin geðþótta, hvað sem þessu samkomulagi líður, þá fara þeir villir vega og skortir skilning á, til hvers ákvæðin um sex manna n. voru sett. Og ef þeir halda fast við það, eiga þeir eftir að koma til með að reka sig á það, að þeir hitta þar fyrir samtök verkalýðsins. — Fullyrðingar hv. 2. þm. Rang. (IngJ) sanna það, að full nauðsyn er á því, að frv. þetta nái fram að ganga, svo að úr því verði skorið, hvort þessi ákvörðun mjólkurverðlagsn. er markleysa eða hvort hún er gild og bindandi fyrir ríkisstj.

Nei, það er full ástæða til þess, að frv. nái fram að ganga, því að þótt kjötverðlagsn. hafi í þessum málum hagað sér skynsamlega og tekið tillit til þess samkomulags, sem orðið var í sex manna n., — og það er virðingarvert, — þá hafa aðgerðir mjólkurverðlagsn. gert það að verkum, að frv. þetta þarf að verða að l.

Að endingu vil ég taka það fram út af öllum þeim tölum, sem hér hafa verið lesnar upp, að það er ein aðferð í átökunum um verðlagningu á vörum bænda, að þeir geti haft nóg af tölum til að vísa til, svo að þeir geti vísað til talna og bóka og skýrslna. Og þetta verður sérlega handhæg aðferð, vegna þess að þessi plögg eru því sem næst öll í höndum eins aðila. Það er einn flokkur, sem því sem næst getur setið inni með upplýsingar í þessum málum. Og það hefur verið einn liðurinn í baráttunni til að hindra gagnrýni af hendi neytenda í þessum efnum.

Þess vegna hafa fyrr og síðar komið fram kröfur um meiri íhlutun, ekki að fá að skoða tveggja eða þriggja ára gamla reikninga og láta framsóknarmenn segja sér, hvað væri satt og hvað logið, heldur, að neytendurnir fái að taka þátt í sölu þessara afurða, að bændur framleiði þær og selji, en neytendurnir sjái um dreifingu þeirra í bæjunum, a. m. k. á þeim vörum, sem svo mikið er undir komið, að komist í hendur neytendanna óskemmdar, eins og mjólkin. Því verður nú ekki lengur vísað frá, að neytendurnir fái samsölurnar í sínar hendur. Þetta er nauðsynjamál, sem verður ekki lengur skotið á frest, og ég vænti þess, að Alþ. fái þetta mál til meðferðar einhvern tíma á næstunni.

**Páll Zóphóníasson:** Það voru aðeins örfá orð út af ræðu hv. síðasta ræðumanns, þm. Siglf. Hann segist vilja fá að sjá reikningana. Er maðurinn svo latur eða hlédrægur, að hann nenni ekki að hafa fyrir að ná í þessa reikninga? Þeir liggja fyrir prentaðir, og hann þarf ekki annað en snúa sér til stj. viðkomandi mjólkurbús, þá fær hann þá, og ef hann biður um að senda sér þá, þá fær hann þá strax. Nennir hann ekki að hafa fyrir því? Hann segir bara blákalt: Ég tortryggi. Eru það svona leiðtogar, sem verkalýðinn vantar? Vantar hann menn, sem nenna ekki að kynna sér málin, heldur segjast bara vera tortryggnir, þó að þeir geti fengið skjölin í sínar hendur með því að rétta út höndina, en nenna því ekki? Nei, verkalýðinn vantar leiðtoga, er nenna að kryfja málin til mergjar og síðan segja honum allan sannleikann. Slíka leiðtoga þarf hann að fá í stað þeirra, sem nú eru, sem tortryggja, eru með getsakir, en nenna ekki að afla sér staðreynda.

**Flm. (Áki Jakobsson):** Það er örstutt aths. Ég vil endurtaka það, að ég tortryggi reikningana, og það er ekki nóg að fá prentaða reikninga. Ég vil fá að sjá öll fylgiskjöl og reikninga og hvort þeir eru ekki tilbúnir. Ég tortryggi Sveinbjörn Högnason og Egil í Sigtúnum og ýmsa aðra menn, og ég býst við, að enginn lái mér, þótt ég tortryggi þá. Ég vil fá að vita, hvernig viðskipti samsölunnar og kaupfélagsins eru. Ég vil fá að vita, hvort þar eru ekki óljósar línur. Ég vænti, þegar farið verður að athuga þetta, þá heimti viðskiptaráðið á borðið ekki einungis prentaðar skýrslur, heldur einnig fylgiskjölin, og þá verður hægt að ganga úr skugga um, hvort tortryggnin er ástæðulaus eða ekki.

**Forseti (JörB):** Ég vil mælast til þess, að hv. ræðumenn spari sér að vega að utanþingsmönnum.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Út af þessum síðustu orðum hv. 2. þm. N.-M., að ekki þyrfti nema að rétta út höndina til að fá upplýsingar um þessi mál, þá ætla ég að biðja hann að leggja fyrir þingið sundurliðaða reikninga Kaupfélags Árnesinga um mjólkurflutningana til Reykjavíkur og sundurliðaða reikninga sama félags viðvíkjandi vöruflutningum sama félags frá Reykjavík og austur yfir fjall.

Viðvíkjandi þeim ákvörðunum, sem eru hér til umr., um þær ákvarðanir, sem mjólkursölun. hefur tekið um verð á mjólk hér í bæ, vil ég svo segja nokkur orð.

Því er haldið fram af fulltrúum mjólkurverðlagsn., að hún hafi rétt til að setja kr. 1.70 verð á mjólkina. Hvað er hér að gerast? Það er það, að ein n. áskilur sér rétt til að skattleggja neytendurna eins og henni þóknast. Hún setur þetta verð eingöngu með hliðsjón af eigin geðþótta, þótt reynt sé að færa fram fyrir því einhverjar ástæður. Með þessu er beinlínis verið að ræna fé frá neytendunum. Hv. 2. þm. Rang. hélt fram í þessu sambandi, að bændur mundu aldrei fá meira en kr. 1.23 fyrir lítrann. Ef eitthvað af því, sem þarna munar, er ágóði, er minnstur vandinn að láta það fé fara til mjólkurhreinsunarstöðvar eða einhvers slíks. Peningarnir eru teknir af neytendunum og koma aldrei til þeirra aftur. Þetta vil ég biðja menn að athuga. Ef gengið er út frá því, að ríkisstj. hafi enga heimild til að bæta upp í þessu sambandi, þá mundi verðlagsákvörðun n. vera bindandi og þýða sama og skattlagning á neytendur. En sé gert ráð fyrir, að ríkisstj. hafi rétt til að verðfella landbúnaðarafurðir, eins og sumir halda fram og manni skilst, að hæstv. ríkisstj. haldi fram, þá virðist mér, að þeir, sem þykjast tala hér f. h. bænda, hugsi sem svo, að það geri ekkert til, þó að verðið sé sett kr. 1.70, stj. láti ekki borga meira en 1.23. Og ef svo er, þá er hér beinlínis um undanhald að ræða hjá n., því að þá yrði hún beinlínis að viðurkenna, að það,

sem hún er að gera, er út í bláinn og ákvörðunin um kr. 1.70 er aðeins hótun. Í fyrra var rætt um að setja kr. 1.70 verð á mjólkina. Þá var vísitalan 272. Þegar við í fjhn. þessarar d. vorum að ræða um það í fyrra að kaupa mjólkina niður úr því verði með allmiklu framlagi úr ríkissjóði, þá var það gert með það fyrir augum, að varanlegur árangur fengist, vegna þess að við vissum, að það yrði til að lækka vísitöluna allmikið og þar með allan tilkostnað. Þetta er greinilega tekið fram í áliti n. í fyrra. Auðvitað var miðað við, að sú lækkun, sem á henni mundi verða, yrði til þess, að lægra verð yrði á henni síðar. Nú er vísitalan komin niður í ca. 250, en verðlagsn. þóknast engu að síður að setja verðið kr. 1.70, eða að heita má sama og þegar vísitalan var 272, enda þótt vísitalan sé nú um það bil sjöttung lægri en þá. Þetta er ekki í áttina til sanngirni og samkomulags. Þetta er rangt. Hér er einræðisklíka að verki, sem telur sig hafa vald til að skattleggja neytendur.

Hv. 2. þm. Rang. vill ekki afsala bændum rétti til að ákveða verðlag á vöru sinni. Neytendur, sem hafa með samkomulagi sex manna n. sagt, að þeir vilji vinna að því að tryggja bændum jafnháan lífs-„standard" og öðrum, hafa hins vegar sagt, að þeir vilji fá að ráða, hvernig sé háttað sölu á þessum vörum til þeirra. Ef bændur vilja fá kr. 1.23 fyrir mjólkurlítrann, þá vilja neytendur fá að ráða, hvernig mjólkin verður seld, og þá í fyrsta lagi, að mjólkin sé vara, sem hægt sé að bera á borð fyrir börnin í kaupstaðnum. Ég veit ekki, hvort þeir hv. þm., sem hér tala fyrir hönd bændanna, hafa hugmynd um, hvers konar sull það er, sem hér er borið á borð, svo að börnin, sem koma úr sveit og þekkja vöru, sem þar er kölluð mjólk, fást ekki til að drekka mjólkina hér, og börn, sem hafa vanizt skyri norður á Akureyri, geta ekki borðað það skyr, sem hér er. Neytendur vilja tryggja sér, að varan sé æt, og þeir vilja í öðru lagi tryggja sér, að sölunni sé stjórnað með hagsýni. Þeir geta ekki unað við, að yfir þá séu skikkaðir einhverjir og einhverjir legátar, sem ákveða eitthvert útsöluverð eftir eigin geðþótta, og ofan á verðið klínt svo og svo miklum kostnaði við hina og þessa pólitíska erindreka og fá svo engar upplýsingar, þó að um sé spurt. Samkomulag milli neytenda og bænda verður að byggjast á því, að þeir taki tillit hvorir til annars, og ég vil spyrja, hvort neytendur og fulltrúar þeirra í sex manna n. hafi ekki tekið fullt tillit til hagsmuna bændanna. Þeir tóku þar það ýtrasta tillit til hagsmuna bændanna, sem hægt var að ætlast til af neytendum. Það er því ekki nema sjálfsagt, ef neytendur eiga að taka að sér að halda uppi landbúnaðinum á Íslandi og halda honum uppi á slíku stigi, að bændurnir geti lifað eins og sæmilegir menn, og ef þeir eiga ekki að sökkva niður í það hyldýpi kreppunnar, sem þeir voru í árið 1931, — ef þeir eiga að geta haldið landbúnaðinum þannig uppi, þá verða þeir að fá að ráða, hvernig söluskipulag er á landbúnaðarafurðunum, og móti því er ekki hægt að mæla nema frá hreinu einræðissjónarmiði. Þetta hlýtur að koma fram, þegar annað eins er látið í ljós og hér var gert áðan.

En fyrst hins vegar er farið að ræða um sjálfar niðurstöður sex manna n., þá vil ég ekki láta hjá líða að lýsa yfir, að ég álít þær niðurstöður, sem þar hefur verið komizt að, vera dauðadóm yfir þeirri landbúnaðarpólitík, sem Framsfl. og þeir menn, sem næst honum standa í Sjálfstfl., hafa rekið hér á landi síðustu 15 árin. Ég álít, að þær sýni, hvað hverfandi lítið það er, sem gert hefur verið, sérstaklega um kjötframleiðsluna, til þess að gera hana þannig úr garði, að hún gæti notað sér fullkomnustu tæki og beztu vinnuaðferðir og beztu framleiðsluskilyrðin. Niðurstöður sex manna n. sýna, að ef hver bóndi á að fá sínar vinnustundir greiddar svipuðu verði og verkamenn og fagmenn í kaupstöðum, þá verður öll þeirra framleiðsla það dýr, að það verður þjóðinni um megn að standa undir slíku til lengdar. Það, sem því þarf að gera og ætti að vera búið að gera, er að umskapa þessi framleiðsluskilyrði þannig, að hver vinnustund nýtist margfalt betur vegna stórkostlega bættra framleiðsluskilyrða. Það er þetta, sem kemur í ljós við landbúnaðarpólitík framsóknarmanna síðustu 15 árin, að það er reynt að halda við sem mest gamaldags, úreltum aðferðum. Það er reynt að halda við þeim búskap, sem verst ber sig, í staðinn fyrir að ganga til verulegra stórfelldra breyt. í framleiðsluháttum, sem tryggja, að hver vinnustund nýtist betur. Þetta er náttúrlega langt um of mikið mál til að fara út í það nú. Ég vildi aðeins nota tækifærið til að láta þessa skoðun í ljós, þegar verið er að koma fram með það, að þær niðurstöðutölur, sem n. hefur komizt að, ættu að tákna eitthvert eilíft réttlæti í sambandi við slíkt. Það, sem fyrst og fremst ríður á í sambandi við þær tölur, er að sýna fram á, hverjar séu staðreyndirnar viðvíkjandi landbúnaðarframleiðslunni á Íslandi, og slá því föstu, hvað það er, sem þarf að breytast í núverandi framleiðsluskilyrðum bændanna, og hvað gera þurfi, til að vinnuaflið verði betur hagnýtt. Niðurstaða n. setur þess vegna allt vandamál landbúnaðarins á dagskrá, en leysir það ekki.

Ég skal svo ekki fara lengra út í þá sálma, en eftir þessa umr. ætti öllum að vera ljóst, að það er bráðnauðsynlegt að samþ. þetta frv. Það er meira að segja svo nauðsynlegt, að sumir þeir, sem nú eru að skora á d. að fella frv. við þessa umr., ættu að telja sjálfsagt að afgr. það með afbrigðum gegnum þingið. Þessir menn hafa ekki enn fengizt til að taka afstöðu til þessa máls, ef stj. hætti að verðfella mjólkina, svo að hún yrði að kosta kr. 1.70. Og þá væri þetta frv. bráðnauðsynlegt, og í öðru lagi vegna þess, að það er prófsteinn á það, hvort þingið vill vinna í anda þess samkomulags, sem var í sex manna n. Og ef á að tryggja bændum þannig sæmileg lífsskilyrði, þá taki neytendur að sér að dreifa þeim vörum, sem þeir kaupa, en láta það ekki vera undir ákvörðunum einræðisnefndar pólitískra spekúlanta og láta þá einráða um að ákveða verðið eins og þeim þóknast, án

þess að hugsað sé um hagsmuni bændanna eða neytendanna og því síður þjóðarinnar í heild. Nauðsynin á að afnema þessar n. er því svo brýn, að það væri nær fyrir þá menn, sem telja sig fulltrúa bændanna, að sýna, að þeir vilji hafa samkomulag og leggja til, að frv. verði sett með afbrigðum gegnum þingið, heldur en leggja til, að það verði fellt við 1. umr.

Umr. frestað.

Á 19. fundi í Nd., 20. sept., var fram haldið 1. umr. um frv.

**Sveinbjörn Högnason:** Þetta frv., sem hér liggur fyrir, mun hafa verið rætt síðasta föstudag, en því miður hafði ég ekki ástæður til að vera hér viðstaddur þá. En ég hef heyrt þess getið, að ýmislegt hafi komið þá fram í þeim umr., sem mér þætti ekki óeðlilegt, að athugað væri nokkru nánar.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, fer fram á það, að vald þeirra n., sem hafa ákveðið verðlag á innlendum landbúnaðarafurðum, sé afnumið til bráðabirgða, nefnilega meðan samkomulag það gildir, sem gert var af mþn. í dýrtíðarmálum, sem fjalla átti um hlutfallið milli kaupgjalds og verðlags. Eftir því sem ég veit bezt, mun ekki hafa verið í þessu samkomulagi, sem milliþn. gerði, neitt samkomulag um það, að nú skyldi þetta vald tekið af hlutaðeigandi stéttum til þess að ákveða sitt verðlag. Ég man ekki eftir, að það standi í því nál., að það skuli taka valdið af stéttarfélögunum til þess að ákveða kaupgjaldið, og þá held ég ekki heldur, að það skuli afnema vald þeirra n., sem hér um ræðir, sem hafa ákveðið verðið á landbúnaðarafurðunum. Með því frv., sem hér er flutt af hv. þm. Siglf. (ÁkJ) og hv. 1. landsk. þm. (SG), er því beint gengið aftan að því samkomulagi, sem gert var af n. þeirri í dýrtíðarmálum, sem hér sat í sumar. En á þessu þarf enginn í raun og veru að undra sig, þegar litið er á, hvaða menn þarna standa að, því að það eru ekki fyrstu svikin af hendi þessara aðila, sem hér koma fram. En það eru fyrstu svikin, sem reynt er að fá lögfest af hæstv. Alþ. sjálfu. Og það mun vera nokkurt eins dæmi, að ég hygg, að hæstv. Alþ. sé sýnd slík ósvinna, að því sé boðið upp á að samþ. eða ónýta gerðir n., sem skipuð hefur verið af Alþ. sjálfu til að finna grundvöll að úrlausn vandamáls og hefur orðið algerlega sammála um þann grundvöll, — því að það var fyrir fram ákveðið um þessa n., að ákvarðanir hennar áttu að vera gildandi því aðeins, að hún yrði öll sammála. Og það liggur í hlutarins eðli, að þegar um tvo aðila er að ræða, eins og var, þegar þessi n. var sett, annars vegar bændur og hins vegar verkamenn, og ef samkomulag þessara tveggja aðila á að standa, þá verða þessir aðilar að vera nokkurn veginn jafn-réttháir. Og ef verkamenn eiga að vera frjálsir innan settra takmarka í þessum efnum, þá verða í raun og veru sömu ákvæði að gilda gangvart bændum og þeirra fulltrúum. Þetta hygg ég, að sé augljóst öllum. Og þar af leiðandi er þetta frv. tilraun til þess að fá Alþ. til þess að koma nú með rýtinginn í bakið á þeirri n., sem sat á rökstólum um þetta efni í sumar til þess að ná samkomulagi í þessum málum, sem byggja mætti á.

En þetta er ekki fyrsta tilraunin af hendi þessa flokks, sem þessir hv. þm. tilheyra, sem flytja þetta frv., til að ganga á bak þeim orðum og því samkomulagi, sem gert var af n. í dýrtíðarmálum í sumar, því að eins og kunnugt er, var það samkomulag byggt á því, að það væri alveg ákveðið verð, sem skyldi fást fyrir mjólkina og kjötið til framleiðenda. Ég hef lesið þetta nál. nokkuð rækilega yfir, og ég sé þar hvergi, að það skuli vera aðeins fyrir vissan hluta af framleiðslu bænda, sem þeir skuli fá þetta verð, annars vegar aðeins fyrir það, sem hver framleiðandi afhendir til sölu, sem samsvarar framleiðslu meðalbús, og hins vegar skuli það verð aðeins gilda um það af þessum framleiðsluvörum, sem seljist á innlendum markaði. Hins vegar hefur blað þeirra manna, sem flytja þetta frv., æ ofan í æ talið sjálfsagt, að það sé ekki nema fyrir meðalbúsafurðir, sem eigi að greiða þetta verð, og ekki nema fyrir það, sem selt er á innlendum markaði af þessum vörum.

Við sjáum því, að ef þetta sjónarmið þessara flm. þessa frv. væri látið vera gildandi gagnvart því samkomulagi, sem gert var í mþn. í sumar, þá væru það bein svik við þá niðurstöðu, sem felst í þessu nál. sex manna n. Og þar af mundi leiða, — sem væri vitanlega mjög alvarlegt atriði fyrir hæstv. Alþ., ef það kæmi fyrir, — að sá grundvöllur, sem búið var að reyna að finna í sumar og margir fögnuðu, að skyldi finnast, um hlutfallið milli kaupgjalds verkamanna og verðlags afurða til bænda, yrði burt tekinn. Og ef á að rifta samkomulaginu um þann grundvöll, eins og nú er verið að gera tilraun til, fyrst í blaði sósíalista æ ofan í æ og svo loks nú hér á hæstv. Alþ. með því að reyna að fá það til að hjálpa til við það framferði, sem hér er á ferð, þá er samkomulag n. að engu gert og gengið á rétt bænda. Og ég heyri, að hv. flm. þessa frv. ætli ekki að láta sitja við þetta eitt, að taka ákvörðunarréttinn gersamlega af bændum um verð fyrir vinnu sína, sem er vitanlega nú sem stendur takmarkaður af samkomulagi þessarar mþn., heldur hafi þeir boðað það, að þeir ætli að taka af bændum þau fyrirtæki, sem þeir hafa komið sér upp til þess að koma í verð afurðum sínum. Það er m. ö. o. þannig, að þetta frv. hér á að vera fyrsta stríðstilkynningin. Áframhaldið á að vera það, að ekki skuli standa steinn yfir steini af því, sem bændur hafa reynt að byggja upp með áratugastarfi undanfarið til þess að halda uppi verði og gæðum á framleiðslu sinni. Þetta er mjög merkilegt tímanna tákn um það, hvað ýmsir menn geta látið sér detta í hug. Og ég verð að segja það, að bændum er ekki gert mest illt með því að flytja slík frv., þó að þeim sé stefnt að þeim. Það er víst, að engum í þjóðfélaginu er gert meira óhagræði með því en einmitt þeim, sem þessir menn telja sig forsvarsmenn fyrir í landinu. Því að þeir mega vita, að ef forsvarsmenn verkalýðsstéttarinnar í landinu vilja ekki unna öðrum stéttum þess

réttar að fá sanngjarna greiðslu fyrir vinnu sína eða halda uppi stéttarsamtökum sínum í því efni sér til sjálfbjargar, þá verður hins skammt að bíða, að enginn hefur samúð með þeim mönnum, þegar þeir þykjast berjast fyrir réttlæti, en barátta þeirra beinist aðeins til hagsbóta þeim einum, sem þeir þykjast vera fulltrúar fyrir. Ef þeir flytja frv., sem eru bein árás á vissar stéttir í landinu, þá gera þeir ekkert annað en koma því inn hjá mönnum, að það sé ekki réttlætistilfinning, sem stendur að baki því, sem þeir eru að vinna, heldur sérhagsmunir og aðeins fyrir þá sjálfa. Slíkt er varhugavert fyrir stétt, sem telur sig hafa farið varhluta af ýmsum gæðum til þessa. Og ég segi það fyrir sjálfan mig, að þótt ég á ýmsan veg og oft hafi verið talinn um of hliðhollur verkamannastéttinni og að ég hafi mjög oft séð, að þess hafi verið þörf, að hennar hagur væri bættur, þá mundi ég ekki hafa getað hugsað mér að sjá forustumenn frá hennar hendi, sem vildu ekki viðurkenna réttlæti, nema það stefni sjálfum þeim til hagsbóta, — ekki styðja að hagsmunum, nema þeir eigi þá sjálfir, og ekki leiðrétta yfirleitt neitt í þjóðfélaginu, nema það snerti þá eingöngu. Því að þegar svo er komið um þessa forustumenn verkalýðsins, þá er það orðið verra en íhaldið var verst á sínum tíma. Og það er það, sem þessir forsvarsmenn verkalýðsins eru að boða með þessu frv., sem þeir flytja hér, og eins með því, er þeir boða flutning annars frv. hér, — það, að réttlætið eigi ekki að gilda nema fyrir vissa stétt í þjóðfélaginu.

Ég hef heyrt, að hv. 1. flm. frv. þessa hafi beint nokkrum skeytum að mér við þessa umr. fyrr á fundi. Ég er ekki viðkvæmur fyrir þess háttar slettum, og sérstaklega gildir það, þegar þessir menn eru að tala um, að vissast sé að líta eftir því, hvort ekki hafi fjárdráttur átt sér stað viðkomandi mjólkursamsölunni. Það er eins og þessir hv. þm. gefi í skyn, að það þurfi að fara að leggja undir sig framleiðslutæki bænda til þess að bæta það upp, að kannske streymir ekki eins mikið gull frá Rússlandi nú og þeim þykir æskilegt, sósíalistum. En ég hygg, að það kosti mikil átök, áður en bændur gera þennan hv. þm. eða nokkurn af sósíalistum á þingi að forsvarsmönnum sínum. Og það er miklu réttara, áður en heimtað er að birta opinberlega reikninga mjólkursamsölunnar, — sem hafa verið birtir á hverju ári, — að leggja fram opinberlega reikninga um starfsemi flokks hv. flm. þessa frv. á undanförnum árum hér í þessu þjóðfélagi.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en ég vildi aðeins ekki láta frv. þetta fara svo gegnum þessa umr., að ekki kæmu fram aths. við það. Ég óttast það ekkert í raun og veru, að frv. eins og þetta, jafn skammsýnt og fávíslegt sem það er, nái fram að ganga. En ég er líka sannfærður um, að þó að það næði fram að ganga, þá yrði það háskalegast verkamönnum fjárhagslega, því að ef taka ætti þann litla íhlutunarrétt af bændum, sem þeir hafa til þess að ákveða verðlag á vörum sínum, er þá ekki eins sjálfsagt að taka af stéttarfélögunum réttinn til þess að ákveða kaupgjaldið? Eiga forustumenn verkamanna að ganga í fararbroddi um, að með l. sé mönnum bannað að hafa nokkur afskipti af fjárhagsmálum sínum og stéttarmálum með stéttasamtökum? Nei, ég er alveg sannfærður um, að það væri þess vegna bezt fyrir þá sjálfa að kveða þetta frv. eins fljótt niður og þeir geta og biðja afsökunar á því, að það skuli nokkurn tíma hafa komið fram.

**Sigfús Sigurhjartarson:** Herra forseti. Það vakti athygli mína, þegar umr. hófust um þetta mál, að hv. 2. þm. Rang. (IngJ) hóf ræðu sína með því að lýsa með allmörgum orðum, hve þetta frv. væri í sjálfu sér þýðingarlaust. Hann taldi, að samþykkt þess mundi í raun og veru engu breyta. En svo þegar á leið ræðuna óx honum ásmegin, og að lokum varð hann hamrammur mjög og sagði, að það eina rétta, sem hægt væri að gera við svona frv., væri að fella það strax við 1. umr. Það er undarlegt, þegar góðir og gegnir menn geta sýnt svona mikla tvíhverfu í einni og sömu ræðunni. Fyrst segir þessi hv. þm., að frv. breyti engu, en svo færist hann í vígamóð eftir litla stund og segir, að hér dugi ekkert annað en ákveðin tök og skjótar hendur til þess að drepa frv. tafarlaust, slíkt frv. hafi ekkert að gera í n.

Ég hefði getað skilið þetta, ef það hefði legið fyrir, að hér væri í raun og veru verið að ganga á rétt umbjóðenda hans, bændanna í Rangárvallasýslu. Honum ber vissulega að koma hér fram sem talsmaður þeirra og umboðsmaður og halda vel og drengilega á þeirra málum. Ef þetta hefði legið fyrir, þá hefði ég getað skilið hvers vegna hann gerðist hér svo hamrammur og mælti af móði. En þá hefði hann ekki skort rök, heldur getað orðið samræmi í ræðu hans. En hvers vegna gekk þessum hv. þm. svona illa þá í ræðumennskunni, að hann skorti svo mjög rök og samkvæmni? Vill hann gera grein fyrir því.

Ég vík svo næst að hv. þm. V.-Sk. (SvbH). Hann er methafi hér í þingsalnum í því að fara með rangfærslur og blekkingar í málflutningi. Það verður ekki af honum skafið, og hann skal í því efni eiga þann orðstír, sem hann hefur skapað sér. Hann flytur yfirleitt aldrei annað en blekkingar hér í þingsalnum.

Þessi hv. þm. lét orð falla um það, að hér mundi koma fram frv. um heimild fyrir Reykjavíkurbæ til þess að taka í sínar hendur mjólkurstöðina og mjólkursöluna í Reykjavík. Og það er skoðun okkar sósíalista, að það eigi að afnema það vald, sem kjötverðlagsn. og mjólkurverðlagsn. hafa haft til þess að ákveða verðlagið á landbúnaðarafurðum. Þetta er í samræmi við samninga, sem fram fóru í sex manna n., eins og ég skal sýna með nokkrum rökum.

Sex manna n. var samningan. Hún var skipuð af þinginu til þess að semja um það verð á afurðum, sem bændur skyldu fá fyrir þær vörur, sem þeir seldu á innlendum markaði. Þá var í fyrsta skipti gengið inn á þá eðlilegu og heilbrigðu braut að gera þetta að samningsatriði. Þar var í fyrsta skipti viðurkennt, að viðskiptin

milli bænda annars vegar og þeirra hins vegar, sem búa við sjávarsíðuna, eru að mörgu leyti hliðstæð viðskiptum milli verkamanna og vinnuveitenda. Þetta á þess vegna að komast inn á samningsgrundvöll, og þangað hefur það komizt.

Og um hvað sömdu þessir aðilar? Um það, hvað bændur ættu að fá fyrir vöru þá, sem þeir selja þeim, sem við sjóinn búa. Annað var ekki hægt að semja um. Þessir aðilar, fulltrúar verkamanna og starfsmanna ríkis og bæja og fulltrúar bænda, þeir geta ekkert um það samið, hvort verðbætt skuli það af þessum afurðum, sem selst á erlendum markaði. Það var utan við starfsvið n., en í hennar verkahring var aðeins, að því er til afurðaverðsins kom, að semja um verð á þeim vörum, sem seldust á innanlandsmarkaði.

Nú liggur það í hlutarins eðli, að þegar um þetta er samið, hvað bændur skuli fá fyrir vöru sína, þá er það í sjálfu sér orðið þeim lítið viðkomandi mál, hvað leggst á vöruna vegna dreifingar og verzlunarkostnaðar í bænum. Bændurnir eru ekki sá aðilinn, sem þar á hagsmuna að gæta, heldur fyrst og fremst neytendur. Bændurnir fá sitt umsamda verð, og það er fyrst og fremst hagsmunamál okkar bæjarbúanna, sem kaupum vöruna, að dreifingar- og vinnslukostnaður sé sem minnstur. Og til þess að fá hann sem minnstan, þá er það eðlilegt, að það leggist í hendur neytendanna sjálfra, hvernig með þessi mál er farið. Þess vegna eiga þeir að reka mjólkurstöðina og sjá um dreifinguna; og það á ekki að vera á valdi pólitískra nefnda að ákveða útsöluverðið, heldur að vera í höndum hins almenna verðlagseftirlits í landinu. Það á að tryggja neytendum og reyndar seljendum líka, að verðið á mjólkinni sé hóflegt. En í höndum brasknefnda eiga þessi mál ekki að vera.

Ég þykist nú hafa sýnt fram á, hvílík fjarstæða það er, sem hv. þm. V.-Sk. (SvbH) heldur fram, að með þessu frv., sem fyrir liggur, sé verið að ganga á gert samkomulag í sex manna n. Og enn fremur hef ég sýnt fram á, hvílík reginfjarstæða það er, að með þessu frv. sé stefnt að því að taka rétt af bændum hliðstætt því sem samningsréttur inn væri tekinn af verkamönnum um kaup og kjör. Það er einmitt með þessu verið að gefa bændum samningsréttinn í fyrsta sinn. Það er verið að reyna að tryggja það, að varan, sem þeir selja, sé ekki gerð óeðlilega dýr með óhæfilegri álagningu. Og þessari tryggingu á að koma fram með því að taka þessi mál úr höndum pólitískra nefnda og koma þeim í hendur hins almenna verðlagseftirlits.

En hvers vegna eru allar þessar hamfarir út af þessu frv. hjá andstæðingum þess og þessi reginfirrð af blekkingum, sem hv. þm. V.-Sk. (SvbH) fór hér með í ræðu sinni? Er þetta af meðfæddri nauðsyn þessa hv. þm., eða er þarna annað á bak við? Ég hygg, að þarna liggi annað á bak við. Það sagði einn hv. þm. fyrir nokkrum árum, að það væri satt að segja ekki furða, þó að bændur á Suðurlandsundirlendinu hneigðust til fylgis við Framsfl., því að öll landbúnaðarlöggjöf hefði á seinni árum verið miðuð við þessi héruð og miðuð við það að efla fylgi flokksins þar. Þetta er mergurinn málsins. Afurðasölulögin hafa fyrst og fremst verið notuð af pólitískum frambjóðendum til þess að halda völdum í vissum héruðum landsins, og það er þessi aðstaða, sem þessir hv. þm. eru að reyna að verja.

Að þessu athuguðu er skiljanleg aðstaða hv. 2. þm. Rang. Hann er sem sagt flæktur í net Framsfl., sem alltaf hefur hugsað sér að nota afurðasölul. sér og sínum flokksmönnum til framdráttar og hefur gert það. Þess vegna er það, að hann lendir í því ömurlega ástandi að flytja ræðu, sem hvorki hefur upphaf né endi. Það er hann, sem sjálfur finnur ekki snefil af rökum fyrir því að vera móti þessu frv. Hann sér það sjálfur og viðurkennir, að það er ekki verið að ganga á rétt bænda, heldur það, sem Framsfl. kallar sinn rétt. Þess vegna er hann hræddur.

Framsfl. er að veifa því, að til séu reikningar samsölunnar, meira að segja prentaðir. — Já, mikil lifandi ósköp! — Það eru m. a. til reikningar yfir viðskipti Kaupfélags Árnesinga, prentaðir og staðfestir. En þessir hv. þm. þurfa ekki að segja okkur, að af þeim reikningum sé hægt að sjá allan sannleikann. Þeir vita, hvað það er auðvelt að dylja sannleikann á bak við tölur. Eða vilja þeir segja okkur, hvers vegna Kaupfélag Árnesinga er lokað félag? Það var sagt hér af hæstv. forseta, að það mætti ekki blanda þessum aðila í málið. En ég vil benda á, að Kaupfélag Árnesinga starfar eins og önnur kaupfél. í landinu eftir l. og að það hefur brotið l. með því að neita manni um inntöku í fél. og það svo rækilega, að þótt búið væri að taka við félagsgjaldi af honum, þá kom hæstráðandi og sagði, að það skyldi endurgreiða honum gjaldið, því að hann fengi ekki að vera með. E. t. v. vill hv. þm. V.-Sk. gefa skýringu á þessu? Sannleikurinn er sá, að félagsstjórnin óskaði ekki eftir að fá gagnrýnandi mann til að skoða reikninga sína. Hún vissi, að þeir þyldu ekki að vera skoðaðir ofan í kjölinn. Þess vegna spyr maður: Hvernig er háttað viðskiptum Kaupfélags Árnesinga og Mjólkursamsölunnar? Þetta er óupplýst. Þetta sést ekki í reikningunum. Hvers vegna er Kaupfélagi Árnesinga lokað? Það er margt fleira, sem ástæða er að spyrja um, og mun það kannske verða gert síðar. Það er eins augljóst og tvisvar tveir eru fjórir, að það getur ekki á nokkurn hátt gengið á rétt bænda, þótt vald mjólkurverðlagsn. falli niður um stundarsakir. Það er ekki gengið á rétt bænda, þó að aðrir aðilar taki í sínar hendur mjólkursöluna. Bændum er tryggt ákveðið verð. Það verður líka að tryggja neytendum, að álagningin verði sem minnst. Það er stórt hagsmunamál fyrir neytendur, og engum nema neytendum er trúandi til að gera álagninguna sem minnsta. Það þarf að skipta hlutverkum réttilega og skipta á réttum stað, ef skipt er úti undir vegg samsölunnar, þar sem tekið er við mjólkinni af bændum fyrir ákveðið verð. Síðan þarf að gera dreifinguna sem ódýrasta.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég víkja að því, sem hv. þm. V.-Sk. sagði, — að það lægi í hlutarins eðli, að með samkomulagi sex manna

n. ætti að tryggja bændum sanngjarnt verð fyrir sína vöru. Hann ber það réttilega saman við kaupgjald verkamanna. En hvenær hefur það ákvæði staðið í kaupsamningum verkamanna og vinnuveitenda, að tryggja skyldi verkamönnum nægilegt framboð á vinnu allan ársins hring? Aldrei! Það er bara þannig, að verkamenn gera grein fyrir því, hvað kaup þeir þurfa að hafa til þess að geta lifað allan ársins hring. Það er engin skuldbinding af hálfu vinnuveitenda að láta verkamenn hafa nægilega vinnu né af hálfu verkamanna að tryggja vinnuveitendum, að þeir skuli fullnægja allri þeirri eftirspurn, sem kunni að verða um vinnuafl.

Á sama hátt er afstaða bænda til neytenda. Það er gert að grundvallaratriði, hvað bændur þurfi að fá fyrir afurðir sínar til þess að geta lifað ársins hring. Neytendur taka sér ekki á hendur neinar skuldbindingar um að selja eins mikið og bændum lízt að framleiða. Þeir segja aðeins: Við borgum þetta fyrir það, sem við kaupum. Og þeir hafa viljað vera sanngjarnir og ekki skera við nögl sér.

Það getur verið, að hv. þm. V.-Sk. sé kominn á það stig, að hann vilji segja við verkamenn: Gerið svo vel! Við skulum útvega ykkur vinnu allan ársins hring, hvort sem nokkur þörf er fyrir hana eða ekki. — En hann hefur nú ekki komið því í lög enn þá. Það getur vel verið, að hann vilji setja l., sem tryggi verkamönnum alla þá vinnu, sem þeir þarfnast, og þá kannske um leið setja tryggingu fyrir því, að bændur framleiði það, sem þeir vilja, og fái ákveðið verð fyrir framleiðsluna.

Það var svo sem auðvitað, að þessi methafi í blekkingarstarfsemi og rógmælgi minntist á Rússagull í reikningum Sósfl. Það er nú eitt sinn móðins í Framsfl. Við erum reiðubúnir að leggja reikningana fram, já, meira að segja prentaða, endurskoðaða og staðfesta! En það væri líka gaman að sjá reikninga Framsfl., t. d. Þórsútgerðarinnar. Það gæti komið í ljós eitthvað, sem fleirum en þeim þætti gaman að sjá.

Ég vil ekki eyða fleiri orðum um þetta, en tek fram einu sinni enn, að með frv. því, sem hér liggur fyrir, er verið að reyna að koma viðskiptum bænda og neytenda á heilbrigðan grundvöll. Næsta sporið hlýtur að vera, að neytendur annist sjálfir dreifingu og vinnslu mjólkurinnar. Bændur sjá þetta sjálfir. En það er til klíka, sem hv. 2. þm. Rang. virðist háður, sem vill ekki unna neytendum þessara sjálfsögðu réttinda. Hún sér, að hér er verið að kippa stoðunum undan hennar argvítuga spillingarkerfi. Það er verið að taka frá henni tækifærið til að reka blekkingarstarfsemi sína áfram. Þessir menn umhverfast, þegar þeir hugsa til þess, að neytendur fái nokkru að ráða. Og það er gott, að þeir geri það. Þeir skulu fá tækifæri til að gera það rækilega, áður en lýkur. Þjóðin hefur gott af því að sjá á þeim báðar hliðarnar.

**Forseti (JörB):** Það er misminni hv. 8. þm. Reykv., að ég hafi komizt þannig að orði, að það mætti ekki blanda Kaupfélagi Árnesinga inn í þetta mál. En ég baðst undan því, að þm. réðust á þá menn, sem hefðu ekki aðstöðu til að bera hönd fyrir höfuð sér. Ef það á að gera starfsmenn Kaupfélags Árnesinga að umræðuefni á þingi, þá er bezt að koma með það á þskj. Þá vil ég mælast til þess, að hv. þm. hrúgi ekki saman mörgum hrakyrðum hver um annan hér í sölum Alþingis.

**Einar Olgeirsson:** Ég vona, að sessunautur hv. forseta hafi veitt þessum síðustu orðum forseta athygli og láti sér segjast.

Ég gat ekki betur heyrt af því, sem hv. þm. V.-Sk. sagði áðan, en það stæði til, ef þetta frv. yrði samþ., að banna S. Í. S., Mjólkursamsöluna, Búnaðarfélag Íslands og hvers konar félagsskap bænda á Íslandi. Hann sagði beinlínis, að með frv. þessu væri verið að taka ákvörðunarrétt bænda af þeim. Út frá þessu sjónarmiði er það ekkert smáræði, sem stefnt er að! Þá held ég, út af þeim stóryrðum, sem hann notaði, að hann ætti að gera sér grein fyrir því, hver sá grundvöllur er, sem hann byggir staðhæfingar sínar á. Það lítur út fyrir, eftir orðum hans að dæma, að hér sé verið að þvinga bændur á ófyrirleitinn hátt og svipta þá frjálsræði.

En nú skulum við athuga staðreyndirnar. Fulltrúar verkamannasamtakanna og launþega semja við bændur. Bændur hafa þarna eins marga fulltrúa og neytendur. Þeir hafa aðstöðu til að segja nei og þá um leið vald til að hindra, að samningar séu gerðir. Bændur hafa þarna verið að gera samkomulag, en ekki afsala sér neinum réttindum.

Um hvað er svo samið? Að kaupgjald bænda sé þannig greitt, að þegar þeir afhenda vöruna, fái þeir ákveðið verð á ákveðnum stað. Og hver er sá staður? Það er húsveggur samsölunnar, áður en mjólkin fer inn í mjólkurhreinsunarstöðina. Það er ákveðið í samningnum, hvað bændur skuli fá á þessum stað. Það er þeirra kaupgjald.

Hvað er nú það næsta, sem fyrir liggur? Það er að sjá um að selja þessa vöru. Allt, sem kemur til viðbótar, á neytandinn að borga. Er það þá ekki neytandans, að það sé sem ódýrast? Er ekki ábyrgð bóndans búin? Tekur ekki ábyrgð neytandans við?

Þarna hefur verið samið um að setja mörkin, — við húsvegginn. Nú er það á ábyrgð neytenda að taka við vörunni og koma henni til sjálfra sín. Það er sem sé svo fjarri því, að verið sé að ganga á rétt bænda, að þeir hafa þarna gert frjálsan samning. Aftur á móti er eftir að afnema óréttinn, sem neytendur hafa verið beittir, — það er eftir að afnema einræðisskipulagið og láta samvinnuna koma í staðinn.

Það er annað atriði, sem hv. þm. V.-Sk. virðist ekki vita. Það hefur tíðkazt í mörgum löndum, — þ. á m. hér á Íslandi, — að neytendur hafa myndað samtök um að kaupa lífsnauðsynjar sínar. Þessi samtök eru annars nefnd samvinnufélög og hreyfingin samvinnuhreyfing. Þessir neytendur skipa sér saman í félagshóp til þess að tryggja sér kaup á sem ódýrustum og beztum vörum. Það hefur verið svo hér á Íslandi, að neytendur hafa verið sviptir þessum

rétti með l. og samvinnufélög þeirra bönnuð og neytendum meinað að semja um kaup á slíkum vörum sem t. d. mjólk. Það hefur verið settur á smá-einræðisklíkur, rétturinn til að kaupa, setja í búðir og afhenda mjólkina, en neytendur verið sviptir réttinum til að ráða innkaupum og dreifingu hennar. Með því, að þetta fyrirkomulag sé afnumið, verður tekin upp frjáls samvinna neytenda og bænda. Bændur skila mjólkinni að húsveggnum. Þá taka neytendurnir við eða þau samtök, sem þeir vilja mynda. Það er því verið að tryggja rétt neytenda að sama skapi og rétt bænda. Þarna er verið að koma af stað samvinnu þessara tveggja aðila, — þessara tveggja höfuðaðila í landinu. Það er sjálfsagt að neytendur hafi sama rétt til að hafa samvinnufélög og bændur.

Hv. þm. V.-Sk. sagði í sambandi við þetta, að ef verkamenn ætluðu að fara að haga sér svona þrælslega og ekki unna öðrum réttinda, þá skyldi athugað, hvort þeim yrði unnt réttinda af annarra hálfu. Þannig auglýsir hann sig, þessi hv. róttæki, frjálslyndi þm., sem aldrei hefur viljað svipta verkamenn neinum réttindum. Hann var með hótanir um það, að ef verkamenn og bændur færu að semja, þá skyldi hann sýna verklýðshreyfingunni í tvo heimana og hún skyldi gæta sín, áður en hún egndi annan eins mann á móti sér!

Sannleikurinn er sá, að á síðustu fjórum árum hefur þessi hv. þm. tvisvar í þessum sölum gengið fram fyrir skjöldu til að svipta verkamenn samningsrétti sínum. Hann hefur gengið fram fyrir skjöldu um að lögbjóða kaup verkamanna og um að semja og samþ. einhver þau svívirðilegustu þrælal., sem nokkurn tíma hafa verið í gildi á Íslandi. Svo kemur þessi tandurhreini engill og segir, að sér skuli vera að mæta, ef bændur og neytendur ætli að fara að semja frjálsmannlega um mjólkurverðið. Ég er hræddur um, að hann ætti að venja sig á að hugsa, áður en hann talar, og athuga sína eigin fortíð og hver líkindi eru til, að verkamenn taki tillit til hótana hans.

Nú væri kannske skiljanlegt, að hv. þm. V.-Sk. væri úrillur og óánægður, ef hann teldi, að í samningunum um kaupgjald bænda hefði verið gengið svo hart fram af fulltrúum neytenda, að vesalings bændurnir hefðu orðið að slaka til, svo að úr þessu hefðu orðið einhverjir eymdarsamningar eða a. m. k. ætti að sýna bændum ósanngirni. Þá væri nú ekki úr vegi að athuga, hvort svo hefur verið og þeim sýnd ósanngirni af sex manna n. Þá er fyrst að geta þess, að til grundvallar ákvörðunum sex manna n. voru lagðir búreikningar bænda sjálfra. Þessi hv. þm., sem talar svo mikið um ósanngirni í garð bænda, ætti að athuga búreikninga þeirra sjálfur. Ég hins vegar hef þá trú, að búreikningarnir taki mjög mikið tillit til þeirrar afkomu, sem bændum er nauðsynleg, — sízt minna en sanngjarnt er, — og að þar sem þeir eru lagðir til grundvallar, þá fáist mun betri útkoma fyrir afkomu bænda en annarra vinnandi stétta. Ég fullyrði, að með því að leggja búreikningana til grundvallar sé bændum tryggð allt að því ¼ betri afkoma en ef farið er eftir núgildandi opinberri vísitölu. Og ég vil segja það, að ég álít ekki nema rétt að taka tillit til búreikninga í þessu sambandi, sérstaklega þar sem það er lífsnauðsyn, að bændur og neytendur komist að samkomulagi og það frjálsu samkomulagi.

En þegar búið var að búa til grundvöllinn og bera saman meðaltekjur manna í landinu, mun hafa komið í ljós, að það mundi mega reikna með 13 þús. kr. árstekjum að meðaltali, — og við vitum, að það er fyrir ofan allt meðallag, sem viðgengst utan Reykjavíkur. Þessar 13 þús. kr. tryggðu því bændum betri afkomu en verkamannastéttinni í landinu — utan Reykjavíkur. Látum svo vera. Það er allt í lagi líka. En þegar komin er þessi niðurstaða, þá kemur fram krafa um, að bætt sé við kr. 1500.00 og að nauðsynlegar árstekjur bænda séu áætlaðar kr. 14500.00. Það leit út fyrir, að n. spryngi, ef fulltrúar neytenda gengju ekki að þessu. Það var jafnvel rétt að ganga að þessu. En eftir þetta virðist manni ekki ástæða til þess, að hér sé komið fram og verið að væna fulltrúa verkamanna um það, að þeir vilji ekki sýna bændum fulla sanngirni. Ég veit ekki til þess, að framsóknarmenn hafi sýnt verkamannastéttinni neina slíka tillitssemi sem fulltrúar verkamanna í sex manna n. sýndu bændum. Ég veit ekki betur en framsóknarmenn hafi nú í 4 ár vegið í sama knérunn í þessum efnum. Þeir hafa knúið í gegn þrælalög til þess að reyna að hnekkja afkomu verkamanna. Og það var gert á sama tíma sem stórgróðinn fékk að vaxa. Það situr þess vegna ekki á hv. þm. V.-Sk. að tala mikið um réttlætið, eins og hann gerði í sinni síðustu ræðu. Verkamennirnir íslenzku þora að mæta frammi fyrir íslenzkum bændum, þeir hafa hingað til sýnt þeim fyllstu sanngirni. En hvers konar menn eru það þá, sem dirfast að koma fram með þá fjarstæðu, að verkamenn hafi sýnt bændum hina mestu ósanngirni? Það eru menn, sem vilja spilla á milli bænda og verkamanna. — Ég held þess vegna, að það væri bezt fyrir hv. þm. V.-Sk. að tala sem minnst um réttlætið í sambandi við þessi mál. Ég minnist þess, að í fyrra, þegar fjhn. þessarar hv. d. ræddi þennan kafla dýrtíðarl., þá var meiri hl. n. alveg til með það að vera með því að kjöt- og mjólkurverðlagsn. yrðu lagðar niður. En þetta var þó ekki gert, vegna þess að tveir menn í n. vildu halda þessu áfram eins og það hefur verið. En meiri hl. n. taldi samt mjólkur- og kjötl. óþörf. Enn fremur er rétt að vekja athygli á því, að almennt var miðað við það, þegar þessi l. voru samþ. (þ. e. dýrtíðarl.), að verkefni mjólkur- og kjötverðlagsn. væri í rauninni lokið. Mjólkurverðlagsn. hefur því með því að setja mjólkina upp í kr. 1.70 í rauninni brotið þvert á móti öllu því, sem gert var ráð fyrir í sex manna n., og þvert á móti því, sem ætlazt var til í fyrra með setningu dýrtíðarl.

Ég hefði annars nokkra tilhneigingu til þess að spyrja hv. þm. V.-Sk. spjörunum úr viðvíkjandi framkvæmdum mjólkursölun. á undanförnum árum. Það er greinilega mælt svo fyrir í 19. gr. mjólkurl.: „Útsöluverð skal á hverjum tíma reiknað út, eftir því sem við verður kom-

ið, eftir vísitölum, er sýni sem gleggst framleiðslukostnað mjólkurinnar og kostnað við meðferð hennar, dreifingu og sölu.“ Enn fremur í 20. gr.: „Jafnóðum og verðjöfnunarsvæði eru ákveðin, skal finna verðstuðla, er gildi fyrir þau.“ — Þessi reglugerð hefur gilt í átta ár, og mjólkursölun. lætur væntanlega leggja fram þá vísitölu, sem farið hefur verið eftir þann tíma, sem hún hefur starfað.

Enn fremur stendur í 22. gr.: „Verðlagning á mjólk og rjóma og öðrum mjólkurvörum skal fara fram eins oft og mjólkursölun. ákveður, að jafnaði eigi oftar en einu sinni á ári.“ — Mig langar nú til þess að spyrja í þessu sambandi: Hafa þessar síðustu ráðstafanir mjólkurverðlagsn. verið gerðar, — án þess að mjólkursölun. hafi óskað eftir og að hve miklu leyti hefur mjólkursölun. verið kvödd þar til nú? Og síðast, en ekki sízt: Hvernig er það með sjálfa tilveru mjólkurverðlagsn.? Hvenær var hún seinast skipuð, og eftir hvaða formi er núverandi tilvera hannar byggð? — Það væri gaman að fá upplýsingar viðvíkjandi þessu máli einmitt nú, þegar mjólkurverðlagsn. gerist svo djörf að ákveða einræðislegt verð á mjólkinni þvert ofan í þá samninga, sem sex manna n. hefur gert.

Það er nauðsynlegt, að því frjálsa samkomulagi, sem bændur og neytendur hafa gert, verði haldið áfram. Það er þess vegna alveg sjálfsagt, að þessar skaðlegu n. verði afnumdar sem fyrst. Sá vilji var fyrir hendi í fyrra hér á hv. Alþ., og það var einnig ætlazt til þess í sex manna n., að þessar n. yrðu afnumdar. Ég býst við, að fram komi einhverjar upplýsingar um starfsemi mjólkurverðlagsn., og mun ég þá svara því, eftir því sem við á.

**Sveinbjörn Högnason:** Þetta var nú nokkuð langur lestur hjá hv. 2. þm. Reykv., en frekar var nú lítið á honum að græða, eins og hv. þdm. munu hafa tekið eftir. Það virtist svo sem þessi hv. þm. væri að berjast við eintómar vindmyllur, og slík vinnubrögð verða sjaldan að miklu gagni. Ég hygg, að það hafi verið fáir, sem botnuðu í því, hvað maðurinn var að fara. Ég fyrir mitt leyti gat ekki skilið nema nokkurn hluta af ræðu hans. Hann var að deila á mig fyrir það, að ég hefði talið fulltrúa verkamanna í sex manna n. vera ósanngjarna. Ég segi það eins og það er, ég veit ekkert, hvað þessi hv. þm. er að fara í þessu efni. Ég minntist ekkert á það í fyrri ræðu minni, hvernig vinnubrögðin hefðu verið í sex manna n., né heldur, hvað varð að samkomulagi. Ég hef þessum hv. þm. því engu að svara. Öll ræða hans var ein botnleysa, eins og ég gæti hugsað mér slétturnar austur í Rússlandi.

Hv. 8. þm. Reykv. sagði, að ég mundi vera methafi í því að fara með blekkingar hér í d., og get ég látið mér það vel lynda frá hans hendi, því að ég er sannfærður um það, þegar slíkir menn fara að kvarta yfir blekkingum, að þá er það vegna þess, hvað þeir eru komnir í mikinn vanda sjálfir með það að beita sínum venjulegu vinnubrögðum. Ég skal nú færa þessum orðum mínum nokkurn stað. Þessi hv. þm. taldi, að sex manna n. hefði aðeins átt að semja um það verð, sem bændur seldu fyrir á innlendum markaði. Ég segi, að þetta séu ósannindi. Í 4. gr. l. um dýrtíðarráðstafanir stendur: „Skipa skal sex manna n., er finni grundvöll fyrir vísitölu framleiðslukostnaðar landbúnaðarafurða, er fara skal eftir við ákvörðun verðs landbúnaðarvara, og hlutfall milli verðlags landbúnaðarvara og kaupgjalds stéttarfélaga, er miðist við það, að heildartekjur þeirra, er vinna að landbúnaði, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Skal í því sambandi tekið tillit til þess verðs, sem fæst fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir.“ — Þetta hafa allir þessir þm. samþ., þetta er gefið út og prentað, en þó kemur þessi hv. þm. og segir, að sex manna n. hafi eingöngu miðað við verð, sem bændur fá á innlendum markaði. Er hægt að ganga lengra í ósannindum? —

Þá sagði hann, að sex manna n. hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að kaupgjaldið, sem bændur ættu að fá, væri 13 þús. kr. Þó væri það sennilega of hátt, en n. hefði samt fallizt á að hafa þetta 14500 kr. Ég hef hér nál. og niðurstöður vísitölun. og vil leyfa mér að lesa nokkurn kafla úr því, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur í þessu skyni aflað sér ýmissa upplýsinga frá Alþýðusambandi Íslands um kaupgjald víðs vegar á landinu. Enn fremur hefur hún látið taka upp úr skattskýrslum Reykjavíkur fyrir s. l. ár upplýsingar um tekjur 226 verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna. Vegna þess, hve áhættuþóknun sjómanna er sérstaks eðlis, enda ekki skattskyld nema að hálfu, þá var þess gætt að taka ekki með sjómenn, sem höfðu áhættuþóknun. Úrtak þetta var talið nægilega stórt til þess að gefa rétta mynd af tekjum þessara stétta samkvæmt skattaframtölunum. Tekjur þessara stétta eru þess eðlis, að þær hafa litla möguleika til þess að falla undan skatti, því að þær eru fyrir vinnu í annarra þjónustu og því gefnar upp af vinnuveitanda til skattyfirvaldanna. Einnig lét nefndin taka upp tekjur tilsvarandi stétta úr skattaframtölum í nokkrum kaupstöðum og kauptúnum. Með því að enn er aðeins lítill hluti af skýrslum þessum kominn til Ríkisskattanefndar, varð nefndin að láta sér nægja 3 kauptún með yfir 1000 íbúa (Ísafjörð, Húsavík og Vestmannaeyjar) og önnur 3 með 300—1000 manns (Bolungavík, Hólmavík og Seyðisfjörð), en hins vegar voru í þeim kauptúnum teknir upp allir þeir, er til greina virtust koma í þessu sambandi. Framvegis verður tíminn væntanlega ekki eins naumur, og mætti þá gera þessar skýrslur víðtækari, ef ástæða þykir til. Var svo tekið meðaltal af skýrslum þessum, vegið eftir mannfjölda í þessum þrem flokkum kaupstaða og kauptúna.

Meðaltekjuupphæð sú, sem fékkst þannig úr skýrslunum ásamt vísitöluframfærslu fyrir tímabilið september 1942 til ágúst 1943, var 15 500 kr. að meðtalinni lítils háttar útjöfnun, sem gerð var eftir áætlun, vegna þess að skýrslurnar voru takmarkaðri en æskilegt þótti.“

Þetta eru nú niðurstöður sex manna n. Svo kemur þessi hv. þm. og segir, að niðurstaðan hafi verið 13 þús. kr. En hið sanna er, að

meðaltalið hefur verið 15 500 kr. Ég vil nú spyrja: Hvernig stendur á því, að menn grípa til slíkra blekkinga? Það er vegna þess, að það er lífsnauðsyn fyrir þennan flokk (Sósfl.), að ekki sé hægt að halda áfram aðgerðum í þessum málum.

Svona skeyti eins og þetta frv. sýna það bezt, hver tilgangur þessara manna er. Hann er sá einn að reyna að koma af stað úlfúð og illindum á milli neytenda og framleiðenda og reyna að sjá um það, að ekki geti orðið samkomulag á milli þessara aðila. Það er sá raunalegi sannleiki í stjórnmálum okkar hin síðari ár, að hægt er að reka slíka pólitík, vegna þess að það er ekki nema lítið brot af þjóðinni, sem sér sönnunargögnin eins og þau liggja fyrir í hverju máli. Þess vegna er hægt að halda úti blöðum eins og t. d. „Þjóðviljanum" og öðrum slíkum. Mig undrar ekkert, þó að menn, sem standa á bak við slíkar blekkingar sem þær, sem hafa birzt í blöðum kommúnista undanfarið, setji hljóða, þegar reynt er að fletta ofan af þeim.

Hv. 8. þm. Reykv. var að tala um, að það væri nauðsynlegt að afnema þessar pólitísku n., til þess að hægt væri að koma á samkomulagi milli neytenda og framleiðenda. En ég vil spyrja: Hvernig hafa þessar n. verið skipaðar? Hafa þessar n. eingöngu verið skipaðar af bændum? Hafa neytendur ekki haft sína fulltrúa í þessum verðlagsn.? Halda þessir hv. þm., að það sé hægt að leyna því fjölda manna, hvernig þessar n. hafa verið skipaðar? Ef menn vilja hafa samkomulag um þessi mál, þá eru ekki til ákjósanlegri stofnanir í því skyni en einmitt þessar n., sem skipaðar hafa verið bæði af framleiðendum og neytendum.

Við teljum hins vegar réttlátt, að bændur sjálfir geti ákveðið verð á sinni vöru ekki síður en verkamenn ákveða verð á sinni vinnu. Þess vegna hefur verið gerð tilraun til þess að halda uppi samkomulagi á milli þessara aðila nú um nokkur ár, og sú tilraun hefur borið mikinn árangur.

Þá spurðist hv. þm. fyrir um það, hvernig háttað væri viðskiptum Kaupfélags Árnesinga og Mjólkursamsölunnar. Þetta get ég upplýst. Þau viðskipti eru engin. Ég veit ekki til, að Mjólkursamsalan og Kaupfélag Árnesinga hafi haft nein viðskipti. En það, sem hv. þm. sagði um þessar stofnanir, hefur sjálfsagt verið sagt í þeim tilgangi að reyna að vekja tortryggni í hugum manna gagnvart þeim. En það þekkja sjálfsagt allir, hver er baráttuaðferð þessara manna gagnvart slíkum stofnunum sem þessum. Hún er sú að ráðast á þessi samtök bændanna og reyna að sundra þeim til þess að geta síðar lagt þau undir sig. Þetta er sjálfsagt ágæt aðferð, eftir því sem Stalin og slíkir einræðisherrar mundu hugsa. Það sé um að gera að hafa allt nógu sundrað, til þess að hægt sé að gera slík samtök að engu.

Þetta er auðlært, og sannast hér, að það er auðlærð ill danska. Eins er auðlærð ill pólitík.

Þá sagði hv. 8. þm. Reykv., að með samkomulagi sex manna n. hefði verið sagt þetta, að fyrir þær vörur, sem bændur framleiði, skuli þeir fá það verð, sem sanngjarnt er. Ég sé þetta hvergi í samkomulaginu. Ef bændur færu fram á þetta, segir hann, að það samsvaraði því, að verkamenn heimtuðu af vinnuveitendum, að þeir útveguðu þeim vinnu og kaup allt árið. Þetta sýnir, hve frámunalega lítið vit þessi hv. þm. hefur á sveitabúskap, ef hann telur þetta sambærilegt við visst, árlegt kaup. Tökum t. d. sumarið í sumar. Hvernig fer það með bændur, er brugðizt hefur undirstaða framleiðslunnar, heyskapurinn. Það er vissulega fjöldi bænda, sem fær ekki þær tekjur, sem áætlaðar eru með hinu fasta verðlagi á framleiðsluvörum þeirra. Margir fá ekki helminginn af þeirri upphæð og verða að skerða bústofn sinn stórlega. Þó er þetta ekki nema algengasta áfallið í landbúnaðinum, sem dregið getur úr framleiðslugetu hans.

Ef visst verðlag á landbúnaðarafurðum ætti að vera sambærilegt við trygga vinnu og kaup verkamanna, þá þyrfti bústofn bænda jafnframt að vera tryggður gegn áföllum af veðurfari og hverju öðru.

Þá var eitt atriði í ræðu hv. 2. þm. Reykv. Hann sagði, að neytendum væri bannað að mynda samvinnufélög. Ég veit nú ekki betur en þeir hafi stofnað Kaupfélag Reykjavíkur. Er hægt að segja, að það sé bannað að verzla í samvinnufélögum eða stofna þau, þótt einkasala sé á einstaka vörutegundum? Það tekur því ekki að fara að eyða orðum að þessu einu sinni, það er svo langt sótt að grípa til svona málflutnings. Þótt sölufélag sé starfandi með mjólkurafurðir, er það ekkert bann við samtökum neytenda um samvinnufélög almennt.

Nú eru sósíalistar farnir að bjóða byrginn með því að hóta að taka mjólkurstöðina. Bændur hafa lagt fram milljónir til hennar. (**EOI:** Hvaðan eru þær teknar?). Þær eru teknar af þeirra peningum og ekki sóttar til Rússlands. (**EOI:** Þær eru sóttar í vasa neytendanna í Reykjavík). Nú fyrst eru kommúnistar að sjá, að koma þarf upp góðri mjólkurstöð í bænum, og belgja sig mikið út af því, þegar aðrir eru að verða búnir með verkið. Nú ætla þeir að eigna sér árangurinn. — Já. Það gæti sennilega verið ágætt fyrir atvinnurekendur hér í bæ og víðar að hafa þá aðstöðu að geta tekið skrifstofur verkamanna og ráðið yfir þeim. Ársgjald verkamanna til félaga sinna, má segja, að tekið sé af atvinnurekendum með sama rétti og því er haldið fram, að peningar bænda til mjólkurstöðvarinnar séu teknir af neytendum. Það ætti eftir því að láta atvinnurekendur eingöngu reka vinnumiðlunarskrifstofu og skrifstofur stéttarfélaga. (**SigfS:** Dagsbrún rekur enga vinnumiðlunarskrifstofu). Sannleikurinn er sá, að allir þurfa að hafa aðstöðu til að reka sín félagssamtök, bændur sem verkamenn.

Þá skal ég víkja aðeins lítillega að lofsöng hv. 2. þm. Reykv. um góðvild fulltrúa verkamanna í sex manna n. gagnvart bændum, er þeir féllust á að búa bændum sömu kjör og verkamenn hafa. Ég skal játa, að þetta var vel hugsað, en mér þykir rétt að segja það eins og er, að það var jafnvel meira en búizt var við af sumum þessara manna, enda á strax að fara að hlaupa út undan sér í þessu máli, því að

hvaða gagn er bændum að því, að reiknuð sé út sambærileg aðstaða þeirra við verkamenn, ef síðan á að binda hið útreiknaða afurðaverð þeirra við innanlandsmarkaðinn einan og skammta þeim aðeins lítinn hluta þess, sem lofað var? Sér ekki hver maður, að þeir bera minna úr býtum, ef flytja þarf eitthvað út af afurðunum? Þetta er því tóm blekking, ef þannig á að halda á málunum eftir á.

Hitt vil ég segja, að það er ekki rétt, að bændur hafi aldrei hliðrað til fyrir verkamönnum. Ég hygg, að öll félagsmálalöggjöf undanfarinna ára hafi komizt á fyrir tilstilli bændafulltrúanna eða með fylgi þeirra. Það er því hlægilegt að heyra fulltrúa verkamanna hrósa sér af því, hve miklu þeir hafi til vegar komið til hagsbóta verkalýðnum hér á Alþ., þótt þeir viti, að engin l. hafa hér verið samþ. til hagsbóta fyrir verkamenn nema með fylgi bændanna. Svo segja þeir, að bændur séu fjandsamlegir verkamönnum. Þetta er þó naumast broslegt, það er grátlegt.

Tökum t. d. vökulögin, sem fulltrúar verkamanna guma svo mjög af. Er þau voru samþ., munu verkamenn hafa átt einn fulltrúa af 42 á þingi. Við erum ekkert að telja þetta eftir, síður en svo. Við erum aðeins að benda á, að þetta hefur verið sá eðlilegi gangur lífsins, bæði hér og annars staðar, að þeir hafa staðið saman og hjálpazt að, sem verst hafa verið settir í þjóðfélögunum. Og ég er ekki með neinar hótanir, þótt ég segi við fulltrúa verkamanna: Ef þið ætlið að ganga út á þá braut að unna engum réttar nema verkamönnum, þá mun það verða til hins mesta hnekkis fyrir þá, sem þið hugðust vinna fyrir.

**Ingólfur Jónsson:** Ég hafði nú ekki búizt við að taka aftur til máls við þessa umr. En hv. séra þm. Reykv. var svo heitur út í ræðu þá, er ég hélt á föstudagskvöldið, að ég verð að svara honum nokkrum orðum. Hann sagði, að ég hefði orðið tvísaga, að síðasti hluti ræðu minnar hefði verið í mótsögn við byrjun hennar. Þetta er ekki rétt. Þetta getur ekki staðizt, nema snúið sé út úr orðum mínum, lögð í þau önnur meining en rétt var.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, sýnist vera meinlaust fljótt á litið, og þótt það yrði samþ., er svo fyrir að þakka, að þingið er nú þannig skipað, að bændur myndu fá það verð fyrir afurðir sínar, sem sex manna n. hefur reiknað út. En það vilja kommúnistar ekki. Þessi hv. séra þm. Reykv. komst því í mótsögn við sjálfan sig, er hann heldur því fram hér í þingsölunum, að bændur eigi að fá það verð fyrir afurðir sínar, sem þeim var ákveðið af sex manna n. En í blaði hans, Þjóðviljanum, er því haldið fram, að þeir eigi aðeins að fá kr. 6.82 fyrir það af kjötinu, sem selst á innlenda markaðinum. Það, sem er flutt úr landi, á að vera óviðkomandi þessari verðákvörðun.

Það stendur þó skýrt í dýrtíðarl. frá síðasta vori, að þessi n. eigi að ákveða verð landbúnaðarafurða. Hún miðaði við, að það gilti jafnt fyrir innlendan og erlendan markað, er hún ákvað kr. 6.82 fyrir kjötkílóið til bænda. Eins miðaði hún við kr. 1.23 fyrir mjólkina, hvort sem hún væri unnin eða ekki. En sósíalistum þykir heppilegra að leggja annan skilning í þetta. Þetta er að vera tvísaga, að segja hér, að bændum sé tryggt að fá það verð fyrir afurðir sínar, sem sex manna n. ákvað þeim, en segja aftur á móti í Þjóðviljanum, að þetta verð sé ekki gildandi nema fyrir innlenda markaðinn. En sem betur fer, hefur nú meiri hl. þm. tryggt það með undirskrift sinni, að hið sama gildi það, sem selst á erlenda markaðinum.

Þessi hv. þm. talaði um það, að ég hefði færzt í vígamóð síðast í ræðu minni. Það er ekki að ástæðulausu, þótt manni renni í skap við þessa hræsni. Og mér finnst, að þessi hv. þm. ætti ekki sízt að muna orðin: „Vei yður, þér hræsnarar!“

Hann sagði, að ég væri kominn í úlfakreppu með Framsókn og ég segði jafnvel annað en ég meinti. Sósíalistar dæma að líkindum aðra eftir sjálfum sér, er þeir hyggja okkur mæla á móti betri vitund.

Það er óþarfi að taka það fram, þótt ég geri það, að við höldum á málstað bænda hér af því, að við erum högum þeirra kunnugir og vitum, hvers þeir þurfa. Þeir, sem alltaf eru að narta í bændurna og tala um, hvað þeir beri mikið úr býtum, þeir ættu að undrast, hví fólkið tollir ekki í sveitunum. En ætli það hafi borið meira úr býtum þar en við sjóinn? Nei.

Hv. þm. talaði um það, að sex manna n. hefði verið skipuð fulltrúum allra stétta, en aðeins hefði þurft einn fulltrúa til að gera ágreining. Það hefði því verið ósvinna af fulltrúa bænda að fara fram á, að þeim væru reiknaðar 13—14 þús. kr. í tekjur. En þá var fulltrúa sósíalista frjálst að gera ágreining strax. Hitt er ástæðulaust að tala um réttar eða rangar niðurstöður þessarar n. eftir á. Alþ. samþ. á sínum tíma, að niðurstöður hennar skyldu vera l., ef þær væru samhljóða. Þetta er því hæstaréttardómur, sem verður að hlíta. Og við getum sannað, að verðlag landbúnaðarafurðanna hefur sízt verið ákveðið of hátt.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það hefði áður komið til orða í fjhn. að leggja niður mjólkurverðlagsn. og kjötverðlagsn. Hann mun einn hafa haft orð á því, og lá ekkert nærri, að sú uppástunga næði samþykki. Það er því ekkert undarlegt, þótt hann fylgi nú þessu frv.

Það, sem ég vil þá endurtaka, er þetta: Mér finnst sjálfsagt að fella þetta frv., og þótt það yrði samþ., yrði það samt að engu gagni fyrir sósíalista, því að þingið er þannig skipað, að þeirra hugsunarháttur yrði í minni hl. Allir vita, að samkomulag sex manna n. gildir aðeins til eins árs og verður þá tekið til endurskoðunar.

Bændur munu ekki afsala sér réttinum til að selja framleiðslu sína. Þeir hafa alltaf verið á móti því, að mjólkurstöðin yrði tekin úr höndum þeirra og umráðaréttur þeirra fyrir borð borinn, og þeir munu verða það.

Ég sé svo enga ástæðu til að gegna því fleiri orðum, þótt hv. 8. þm. Reykv. ætlaði að sleppa sér út af ræðu minni. En hann gleymir því, að enginn er oftar tvísaga en sá, er skrifar í

Þjóðviljann, og talar síðan hér á þinginu um að tryggja bændum réttlæti.

**Sigfús Sigurhjartarson:** Þessi ræða hv. 2. þm. Rang. sýndi aðeins það, sem vera hlaut, að hann er rökþrota og í vanda staddur og má sig hvergi hræra.

En e. t. v. sýndi hún einnig annað. E. t. v. sýndi hún, að hv. þm. V.-Sk. getur jafnvel ratazt satt á munn. Hann sagði, að það væri auðlærð ill pólitík. Hv. 2. þm. Rang. hefur lært alveg furðanlega af sálusorgaranum úr Fljótshlíðinni. Reyndar ber ég enga virðingu fyrir námsgáfum hans, og þó, ég held hann sé ofurlítið að koma til.

Ef annars nokkuð efni var í ræðu hans, þá fjallaði hún um, að ég væri tvísaga. Ég hef sagt það, að samkomulag sex manna n. gilti aðeins innlenda markaðinn. Á markaði væri bændum tryggt það verð, sem í niðurstöðum n. greinir. Þetta hef ég bæði sagt hér og í blaði mínu, Þjóðviljanum.

Ég hef einnig sagt það, að með setningu sex manna n. hafi verið stigið merkilegt spor inn á samningaleiðina. Með því voru hagsmunir bænda og verkamanna tengdir traust saman, svo að kjarabætur annarra þyddu kjarabætur hinna og öfugt. Þetta var eðlilegt og rétt, og því ber að fagna. Þannig á það að vera í framtíðinni. Vald til verðákvarðana á ekki að vera í höndum pólitískra braskara eins og hingað til í mjólkurverðlagsn. og kjötverðlagsn., eins og t. d. í höndum hv. 2. þm. Rang. Ég kalla hann ekki séra, ég man nú vel númerið á honum. En hann er augsýnilega búinn að fá prestinn félaga sinn, hv. þm. V.-Sk. svo á heilann, að í hans munni verða allir séra.

Þá vík ég að ræðu hv. þm. V.-Sk. Ég ætla að leiðrétta eitt atriði viðvíkjandi því, á hverjum vísitölugrundvelli það meðalverkamannakaup var byggt, sem sex manna n. reiknaði með. Það voru 14500 kr. með vísitölu ársins 1942, en það samsvarar 13000 kr. með vísitölu ársins 1943. Þannig stendur á því, að þessir hv. þm. voru með sína töluna hvor.

Hv. þm. V.-Sk. hélt því fram, að þessar n. væru í raun og veru samninganefndir. Það er rétt, að Alþýðusambandið á þar fulltrúa og Reykjavíkurbær annan. En afl atkvæða ræður í þessum n. Hópur Framsflm. getur ráðið þar öllum úrslitum og gerir það, svo að þar koma engir samningar til greina. Hins vegar var sex manna n. samninganefnd. Þar varð að nást samkomulag allra nm., til þess að ályktun hennar yrði gild. Hv. þm. hlýtur í hjarta sínu að vita og kannast við þann mikla mun, sem er á slíkri samninganefnd og pólitískri nefnd af hinu taginu, þar sem afl atkv. ræður úrslitum.

Það var gaman að fá það upplýst hjá þm., að hann veit ekki til, að nokkur viðskipti séu með Mjólkursamsölunni og Kaupfélagi Árnesinga. Þau eru alls engin, segir hann. Það verður víst að skiljast svo, að flutningar með bílum samsölunnar séu fyrir utan öll viðskipti, vörurnar bara látnar upp á bílana, þegar þeir fara austur eftir mjólk, og teknar af fyrir austan, án þess að það heiti flutningur fyrir kaupfélagið.

Þá heldur þessi hv. þm. því fram, að þýðingarlaust sé að reyna að bera saman verðtrygging, sem bændur fái, og kauptrygging handa verkamönnum, því að hagur bænda sé háður árferði, búfjársjúkdómum og mörgu öðru, svo að aldrei sé tryggt, að þeir nái meðalframleiðslu þetta og þetta árið. Um sjúkdómana og árferðið er þetta að vísu rétt að miklu leyti. En hví eiga bændur ekki að eignast bústofnstryggingar með félagssamtökum? Alþ. hefur þegar gengið nokkuð inn á þá braut, og þar er leiðin til að tryggja atvinnuveginn fyrir mestu skakkaföllunum af sjúkdómum. Gegn misjafnri veðráttu og grasbresti duga síður sams konar tryggingar. Bezta tryggingin er þar aukin og bætt ræktun og nýjir framleiðsluhættir, en þrátt fyrir langa forustu Framsfl. hefur lítið áunnizt um hina nýju framleiðsluhætti enn. En einnig á því sviði verður að keppa að því, að gera áhættu bænda sem minnsta.

Allt annað, sem þm. sagði um þetta, var rangt. Kaup sitt tekur bóndinn, þegar hann fær framleiðslu sína greidda. Þegar honum er tryggt verð fyrir hana, er það sama sem honum sé tryggð atvinna árið um kring að undanskildu því, þegar öfl náttúrunnar eða önnur slík gera honum skráveifur. En í þessu sambandi kemst maður ekki hjá að ræða alvarlegt vandamál: Hvert stefnum við, ef við gefum sérhverri stétt fyrirheit um markað fyrir ótakmarkaða framleiðslu? Hvernig fer, ef við segjum við klæðskera: Saumið þið í öllum lifandi bænum eins mikið og þið getið af fötum, og við skulum tryggja ykkur verð fyrir þau öll? Eða við húsgagnasmiði: Smíðið þið blessaðir og framleiðið eins mikið og hægt er af húsgögnum, við ábyrgj umst verðið fyrir þau! — Þetta megum við ekki segja við neina stétt. En við getum sagt við bændur: Við þurfum svo og svo miklar afurðir fyrir innlendan markað og viljum tryggja þetta verð fyrir þær. Á útfluttum landbúnaðarafurðum viljum við hins vegar ekki taka þá ábyrgð, því að markaður virðist vera þröngur og stopull og verðlag svo lágt, að efasamt er, að hér borgi sig að framleiða fyrir hann. Þó getur þar staðið sérstaklega á í bili, svo sem nú á styrjaldartímunum. Þá vill Sósfl. ganga það langt að tryggja smábændum meðalverð, meðalkaup, og hinum stærri framleiðendum varanna sama verð fyrir svo mikinn hluta af framleiðslu þeirra, að þeir verði ekki verr úti. Nú er mér að vísu sagt, og það skauzt upp úr hv. þm. V.-Sk. áðan, að búið sé með smölun undirskrifta meðal þm. að tryggja meirihlutafylgi Alþingis fyrir því að lofa öllum útflytjendum landbúnaðarvara sama verði og sex manna n. tryggði framleiðendum á innlendum markaði. Það er óþekkt fyrirbrigði á miðjum þingtíma að afgreiða þannig mál án umr. og algerlega bak við tjöldin, og sýnir það, hve hæpinn málstaðurinn er.

Hv. þm. V.-Sk. taldi það mikla fjarstæðu, að neytendum væri bannaður samvinnufélagsskapur um kaup á landbúnaðarvörum. Hann veit, að Reykvíkingum er bannað að hafa neytendasamtök um kaup á mjólk. (**BÁ:** Og brennivíni). Hv. þm. Mýr. yrði víst ákaflega hrifinn af neytendasamtökum um kaup á brennivíni. Það yrði

ég ekki, en um mjólk gegnir öðru máli, og flokkur hans berst með hnúum og hnefum gegn neytendasamtökum um hana. Við Reykvíkingar erum þarna sviptir samtakarétti okkar af flokki, sem kennir sig oft við samvinnu alþýðunnar.

Allt, sem þm. sagði um það, að við vildum ræna mjólkurstöðinni, var vitleysa. Yrði hún tekin eignarnámi, kæmi auðvitað fullt verð fyrir.

Loks er það deilan um, hve víðtækt samkomulag sex manna n. hafi verið. Við höfum staðhæft, að það hafi aðeins verið samningur innlendra aðila um verðið á innlendum markaði, fulltrúarnir í n. hafi ekki haft vald til að semja fyrir hönd neinna annarra en þeir voru viðurkenndir aðilar fyrir. Viðurkennt mál er, hvernig fjhn. beggja deilda litu á þetta s. l. vor og er margyfirlýst af mönnum úr báðum n. Í öðru lagi staðfestir sex manna n. þetta sjálf í greinargerð sinni, og vil ég lesa þau orð hennar, með leyfi hæstv. forseta:

„Tilsvarandi reglur mundu og verða að gilda um aðrar afurðir, sem háðar eru verðlagningu samkvæmt vísitölu, ef flytja verður þær út vegna of lítils markaðar innan lands. En hins vegar telur n. það ekki í sínum verkahring að gera neinar ákveðnar tillögur í þessu efni."

Þetta er alveg ljóst mál. Í þessari samningan. er gefið þetta loforð fyrir hönd neytenda innanlands: „Við greiðum þetta verð fyrir vöruna, sem við kaupum. En við teljum ekki í okkar verkahring að segja neitt um verð fyrir vörur, sem út eru fluttar. Og við tryggjum ekki markaðinn fyrir þær. — Þetta er hliðstætt við það, þegar vinnuveitendur samþykkja kauptaxta og lofa að greiða tiltekið verð fyrir vinnu, sem þeir kaupa, en veita enga tryggingu um, að þeir skuli kaupa alla þá vinnu, sem fram verði boðin. Neytendur geta ekki tryggt fyrir fram kaup á allri landbúnaðarvöru, sem fram verði boðin.

Það hefur nú sýnt sig, hve geysilegt hitamál það er, ef fara á inn á þann heilbrigða grundvöll, að neytendur og framleiðendur semji sjálfir um viðskipti sín án pólitískrar íhlutunar flokka eins og Framsfl. Og þó er það sannarlega augljóst, að slíkir viðskiptasamningar eru verkefni neytenda og framleiðenda sjálfra.

Umr. frestað.

Á 20. fundi í Nd., 21. sept., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Hv. þm. V.-Sk. gerði sérstaklega að umræðuefni eitt atriði í síðari ræðu minni viðvíkjandi þessu máli. Ég hafði þar talað um 13000 kr. sem þann grundvöll, er miðað er við, að meðaltekjur verkamanna verði, og ofan á það bætast 1500 krónur handa bændum. Þegar ég sagði þetta, gerði ég ráð fyrir, að sá þm., sem ég talaði við, hefði einhverja hugmynd um, hvað verið væri að tala um. Ég gerði ekki ráð fyrir ábyrgðarlausum gasprara, sem legði ekki verk í að gera sér grein fyrir, hvað fyrir lægi. Ég hélt, að maður, sem hefur átt sæti í mjólkurverðlagsn., mundi láta sig skipta, að hvaða niðurstöðu n. kæmist. Nú stendur þessi maður hér upp og talar um, að þessar 13000 kr. séu sláandi dæmi um þær blekkingar, sem við sósíalistar förum með. Þegar ég var að tala hér, hélt ég, að ég talaði við menn, sem vissu, um hvað rætt er, en þegar ég var búinn að hlusta á ræðu hans, sé ég, að ég hefði átt að tala eins og ég væri að tala við skólabörn, og skal ég gera það.

Niðurstaðan, sem sex manna n. komst að, var sú, að meðaltekjur verkamanns séu á árinu 1942 kr. 13000,00. Það var niðurstaðan, sem hún komst að, eftir að hafa kynnt sér skattaframtölin fyrir árið 1942. Síðan lagði n. til grundvallar það, sem talið er, að vísitalan verði hærri árið 1943 en árið 1942, að meðaltali. Þegar n. hafði reiknað þetta út, komu út 15500 kr. Þegar sex manna n. er búin að komast að þessari niðurstöðu, tekur hún annað atriði með í reikninginn, og það er það að gera ráð fyrir þeim aðstöðumun, sem er á því að hafa 15500 kr. í bæ og í sveit. N. komst að þeirri niðurstöðu, að aðstöðumunurinn mundi jafngilda því, að 15500 kr. árstekjur í kaupstað muni vera jafnt og 13000 kr. í sveit. Um þetta var n. sammála, og þannig liggja til grundvallar 13000 kr. í sveit, sem jafngildandi 15500 kr. í kaupstað, sem reiknað var út frá skattaframtalinu 1942. Þegar n. var búin að komast að þeirri niðurstöðu, að hæfilegt væri að reikna 13000 kr., varð að samkomulagi að bæta 1500 kr. við.

Þar sem ég hef nú lagt þetta mál fyrir eins og það er, þarf ég ekki að fara orðum um það, hve gersamlega öll málsmeðferð hv. þm. V.-Sk. er byggð á rakaleysi og kannske vísvitandi rangfærslum á því, sem sagt hefur verið.

Af því að ég hef ekki nema athugasemdartíma, langar mig, af því að þm. gaf tvisvar tilefni til þess, að minnast ofurlítið á hans endurteknu ummæli viðvíkjandi Rússafénu og því, sem hann telur, að valdi því, að við sósíalistar berjumst fyrir sannfæringu okkar. Hann ætti að tala af reynslu, því að hann hefur sjálfur verið sósíalisti, og þótti þá stundum aðrir ekki taka nógu djúpt í árinni. Hann veit sjálfur, hvernig launin eru fyrir það. Honum þótti það svo óvænlegt til frama í þjóðfélaginu, að hann ákvað að hverfa burt frá þeirri stefnu og sannfæringu sinni til annars, sem honum þótti vænlegra til þess að komast áfram, enda hefur hann augljóslega fengið það vel borgað. Hann veit líka vel, hverjum aðferðum hefur verið beitt við sósíalista í þessu landi, að þeim hefur verið flækt út úr stöðum sínum og gert ómögulegt að lifa. Hann hefur sjálfur tekið þátt í þeirri herferð.

Ég ætla svo að síðustu að minna á það í sambandi við það, sem hér er rætt viðvíkjandi kjörum bænda, að það kemur greinilega fram, og verkin sýna merkin um það, að verkamenn unna bændum fullkomins réttlætis og góðrar afkomu, en þeir unna líka Framsfl. þess að fá makleg málagjöld og sérstaklega í þessu máli, þegar lengra er komið en nokkurn tíma áður í því að reyna að samræma hagsmuni þessara stétta og skapa þá aðstöðu fyrir þær báðar, að þeim geti vegnað sem bezt.

**Forseti (SigfS):** Ég hef nú fundið mælendaskrá og sé, að þessi hv. þm. hefur talað tvisvar

áður, svo að þetta var bara athugasemd, og gef ég þá hv. þm. V.-Sk. orðið til þess að gera stutta athugasemd.

**Sveinbjörn Högnason:** Ég þarf ekki, herra forseti, að tala lengur en síðasti ræðumaður, því að það er ekki svo mikið, sem svara þarf. Hann sagðist ætla að tala við mig eins og skólabarn, enda var auðheyrt, að hann bjóst við, að þm. væru á svipuðu stigi og skólabörn, því að það, sem hann ætlaði að hrekja hér af því, sem ég sagði í gær um þetta efni, stendur vitanlega óhrakið enn, enda er allt á sömu bókina lært, framburðurinn er ekki að nokkru gagni né nokkur stafur fyrir því, sem fram er flutt. Hvers vegna kemur hann ekki með tölur? Hvers vegna verður að bera ósannindi upp á þessa nefnd? Ég hef fyrir framan mig nál. n. sjálfrar og trúi því betur en því, sem þessi hv. þm. segir. Þar segir, eins og ég las í gær og ég skal endurtaka og mun halda mér við, á meðan því er ekki afneitað af n. sjálfri. Það getur verið, að einhverjir séu þannig gerðir, að þeir vilji neita skoðun sinni. Það hefur borið til fyrri, að menn hafi fengizt til þess að sverja fyrir skoðun, sem þeir hafa áður haft, og vel getur verið, að einhverjir fáist til þess að sverja fyrir það, sem hafa skrifað undir. Þetta er vitanlega viss starfsaðferð, sem vel getur verið, að verði tekin upp, en meðan ekki kemur annað fram, meðan n. hefur ekki svarið af sér, ætla ég að halda mig að því, sem skrifað er. Þar stendur skýrum stöfum: „Meðaltekjuupphæð sú, sem fékkst þannig úr skýrslunum ásamt vísitöluframfærslu fyrir tímabilið september 1942 til ágúst 1943, var 15500 kr." Og þó að ég leiti með logandi ljósi, sé ég hvergi þetta 13 þús. kr. kaup. Mér dettur ekki heldur í hug að leggja trúnað á, hvað fulltrúi flokks hv. þm. segir, meðan ég hef ekki stafkrók fyrir því. Ég þekki það vel, hvernig kommúnistar hlaupa frá sínum fyrri yfirlýsingum og reyna að klóra í bakkann. Ég hef að vísu aldrei verið kommúnisti og hef aldrei skilið, hvað kommúnistar sjálfir hafa verið ákafir í að skipa mér í þann flokk. Ég heyrði á fundi, að maður sagði um annan: Þetta er gamall og nýr vinur minn. Þá sagði hinn: Er þetta ný aðferð til að svívirða mann? Það eru margar aðferðir til, og þegar kommúnistum sjálfum finnst það svívirðing, að maður hafi verið í flokki með þeim, þá er það að vísu satt, það væri svívirðing fyrir hvern mann, en ég hélt ekki, að þeir sjálfir viðurkenndu það.

Ég held, að það sé óþarfi fyrir þennan hv. þm. að vera að tala um, að mér og öðrum sé kunnugt um, hvað hafi verið gert til þess að svelta kommúnista hér á landi með því að láta þá ekki hafa lífsframfæri. Hv. þm. var af sjálfri ríkisstj. settur í eitt hæstlaunaða embætti á landinu og kunni að nota sér það, svo að það er bezt fyrir hann að fara varlega í að kvarta í þeim efnum.

Ég hef ekki ástæðu til að fara um frv. fleiri orðum, enda hygg ég, að komið hafi nógu skýrt fram hugur þeirra manna, sem hafa flutt það. Það vantar ekki, að látið sé í veðri vaka, að það sé flutt af brennandi áhuga til að sameina bændur og verkamenn. Það er búið að prédika slíkt í mörg ár af öllum árásarmönnum bændastéttarinnar og hefur verið talið hrífa vel, en menn skulu gæta þess, að það er aðeins um takmarkaðan tíma, sem hægt er að blekkja fólk. Þjóðin er farin að þekkja ræturnar að áróðri slíkum sem þessum, svo að hann er búinn að missa sárasta broddinn.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Það hefur verið beint til mín nokkrum spurningum sem form. mjólkursamlagsn., sem mig langar til að svara. Mér hefur skilizt það koma greinilega fram, að menn telja, að í framtíðinni eigi neytendurnir að reka mjólkurbúin. Ég hef verið að velta því fyrir mér, hvernig þetta væri hugsað. Ég vil taka til dæmis Baugsstaðabúið, sem í eru milli 10 og 20 bændur. Það hefur selt smjör til Rvíkur, Hafnarfjarðar, Vestmannaeyja og víðar. Hvaða neytendur eiga að reka það? Eða mjólkurbúið á Sauðárkróki. Flestir bændur í Skagafirði senda þangað vörur sínar. Vörurnar eru að ⅕ keyptar af Sauðárkróksbúum. Hitt er selt til Siglufjarðar, Ísafjarðar, Rvíkur, Vestmannaeyja. Hvers konar neytendafél. ætti að mynda um þetta bú? En þó að aðeins sé hugsað um Rvík eina, ætla neytendur þá að sjá um sölu á því, sem þeir nota ekki sjálfir? Nokkurn tíma ársins kemur það lítið magn til allra búanna fjögurra, sem selja nýmjólk til Rvíkur, að það hrekkur trauðlega, en í annan tíma kemur helmingi meira en neytendur þurfa. Ætla þeir að taka við því? Mig langar að fá skýringu á, hvaða neytendur eiga að taka við þessu.

Ég vil vita, hvernig þetta fyrirkomulag er hugsað, út frá því, sem formælendur málsins segja sjálfir, að þeir taki bara við því, sem neytendur þurfa á degi hverjum. En hvað á þá að gera við hitt?

Það var spurt um flutningana frá Flóabúinu til Rvíkur og talað um, að með þeim væri lagður skattur á neytendur. Ég veit, að árið 1942 er það hér um bil 5½ farmur Eimskipafélagsskipanna, sem flutt er til Rvíkur frá Ölfusá, jafnt helga daga sem aðra daga, og að vetrinum eftir Þingvallaleiðinni, þegar Hellisheiði er ekki fær, og enn fremur nokkurn tíma á hestum, þegar allar leiðir voru lokaðar. Kostnaður var um 70 au. á tonn pr. km., 43 kr. tonnið frá Ölfusá og hingað með meðaltali yfir árið.

Þá var spurt um það, hvort mjólkurverðlagsn. hefði fylgt nokkrum ákveðnum reglum um verðlagið, búið til nokkurn stiga. Já, hún hefur gert þeta alltaf og aldrei öðruvísi. Kostnaðurinn hefur verið liðaður sundur, annars vegar kostnaður bænda, hins vegar kostnaður við dreifingu og sölu. En hvernig sem að er farið, eru vissir menn, sem alltaf vilja rengja, rengja. Og þeir mundu halda því áfram, þó að á ný yrðu skipaðir endurskoðendur og staðfest, að ég fer með rétt mál.

Við höfum ekki lagt eins mikla vinnu í að afla upplýsinga um verkakaup og sex manna n., en við höfum þó símað til manna hingað og þangað um landið til að fylgjast með kaupgreiðslum, og frá 1933 höfum við fylgzt með því, hvað margt

kaupafólk hefur verið í sveit á sumrin og hvað því hefur verið greitt. Enda munu hv. þm. sjá það, þegar þeir gá að því, að við höfum ekki farið hátt með mjólkurverðið undanfarin ár í samanburði við sex manna n. Ég held, að það liggi ljóst fyrir, að mjólkurverðið hjá n. hefur sízt verið hærra en það þyrfti að vera miðað við tilkostnaðinn.

Ég tel það ekkert aðalatriði, hver ákveður kostnaðinn, sem á að leggja við þessa kr. 1.23. Ég er sannfærður um, að ef það er gert af mönnum, sem hafa vilja til að kynna sér málið, komast þeir að sömu niðurstöðu og við. Það getur orðið hærra, ef við tökum einstaka mánuði, en það jafnar sig, þegar árið er tekið allt. Hitt er annað mál, ef við ættum von á því, að um þetta fjölluðu menn með svipuðu hugarfari og virzt hefur koma fram hjá sumum ræðumönnum hér. Það er ekki annað sýnna en að viljandi sé reynt að halla réttu máli, þegar farið er að slá því föstu, að vísvitandi hafi verið brotið samkomulag sex manna n. Slíkum mönnum trúi ég ekki fyrir því að fara með málið.

**Flm. (Áki Jakobsson):** Herra forseti. Það er ein spurning, sem hv. þm. N.-M. svaraði ekki. Hvernig eru viðskipti innbyrðis milli Mjólkursamsölunnar og Kaupfél. Árnesinga? (**PZ:** Engin). Það er ágætt að fá upplýsingar um það, hvað kostar að flytja mjólkina, en neytendur í Rvík þurfa að vita, hve mikið af flutningskostnaði Kaupfél. Árnesinga er greitt með of háum flutningsgjöldum á mjólk til Rvíkur. Þessu gekk hv. þm. N.-M. ræki lega fram hjá.

Það kom fram hjá hv. þm., hvað neytendur ætluðu að gera, hvort þeir ætluðu að kaupa mjólkina, hvort sem hún væri mátulega mikil eða of mikil. Auðvitað ætla þeir ekki að kaupa meiri mjólk en þörf er fyrir, og það er ekki heldur ætlunin, að ríkissjóður eigi að tryggja kaup á öllu, hvað sem þörfinni í landinu líður. Það þarf að reikna út, hvað neyzlan er mikil, og er auðvitað ekkert vit í að láta framleiða mjólk, sem enginn neytandi er að. Það er offramleiðsla á kjöti á erlendan markað í landinu, og þarf að greiða stórfé með því. Það er sagt, að það sé af stríðsástæðum, og það er það máske að sumu leyti, og þess vegna vill Sósíalistaflokkurinn samþ. nokkrar bætur til bráðabirgða.

Það vantar ekki, að mjólkurverðlagsn. leggur fram ýtarlegar upplýsingar, þegar hún hækkar mjólkina. Hitt dreg ég í efa, að fskj. gefi rétta hugmynd um, hvað hefur verið greitt. Þess vegna þarf „krítiska“ endurskoðun á rekstri fyrirtækisins. Mjólkurverðlagsn. hefur alltaf útbúið nýtt „skema“ við hverja verðhækkun, og með sex manna samkomulaginu er stefnt að því að koma í veg fyrir það.

Það er vitað mál, að tekjurnar eru reiknaðar svo, að að meðaltali 1942 eru þær taldar 13 þús. kr. hjá verkamönnum, en þegar búið er að bæta vísitölunni við, eru þær orðnar 15500 kr.

En það er annað stórt atriði, sem ég er sannfærður um, að vísitölun. hefur sézt yfir. Meðaltekjur verkamanna eru ekki kr. 14500.00, þær eru lægri. Þegar þetta meðaltal var reiknað, var of lítið tekið úr hópi verkamanna, en of mikið úr flokki iðnaðarmanna. Verður því meðaltalið af tekjum verkamanna hærra en meðalkaup verkamanna úti um land. Þetta atriði álít ég að hafi verið mistök. Afleiðingarnar eru þær, að þetta gerir útkomuna fyrir bóndann hagstæðari, og er þetta það deiluatriði, sem hér er verið að þjarka um. Þó finnst mér ekki ástæða til að harma það, þótt íslenzkir bændur fái bætt kjör og búi við hagsæld á þessum tímum. Það, sem mestu máli skiptir, er það samkomulag n., að nú er búið að finna grundvöll til þess að meta verðmæti landbúnaðarframleiðslunnar, svo að nú geta þessir pólitísku spekúlantar Framsfl. ekki framar komið upp úlfúð í þessu skyni. Nú er kominn allsherjargrundvöllur, og finnst mér það vera þýðingarmesti vinningur sex manna n. Ef ætlazt er til þess, að n. sjái um verð á útfluttum afurðum, er það fjarstæða og nær ekki nokkurri átt. N. er hugsuð sem samninganefnd. Niðurstöður n. eru því ekki bindandi, nema því aðeins, að allir í n. séu sammála.

Ef leggja á þann skilning í þetta samkomulag, að greiða eigi fé úr ríkissjóði þannig, að bændur fái sama verð fyrir kjötið, sem við seljum lægra verði á erlendum markaði, eins og þeir fá fyrir það á innlendum markaði, er það önnur fjarstæðan. Greiðslur þessar lenda ósjálfrátt á bæjarbúum, því að skattarnir verða fyrst og fremst teknir af þeim. Þetta gerbreytir afstöðunni, en hefur farið í skugga við aðalatriði þessa máls, sem eru, eins og ég gat um áðan, að nú er búið að ná samkomulagi um verð á innlendum landbúnaðarafurðum. En ef þetta samkomulag er þannig, að pumpa á tugum milljóna úr ríkissjóði til þess að borga uppbætur til bænda fyrir kjötið, sem selt er til útlanda, á kostnað bæjarbúa, þá eru allar forsendur fallnar undan þessu samkomulagi, og þetta frv., sem hér liggur fyrir, er því skilyrði fyrir því, að samkomulag sexmenninganna verði ekki rofið og gerðir þeirra að engu gerðar. Ef fulltrúar bænda verða ekki á sama máli um þetta, munu verkamannasamtökin svara á viðeigandi hátt.

**Sveinbjörn Högnason:** Það eru í raun og veru aðeins fá atriði, sem standa orðið eftir af fullyrðingum frsm., og finnst mér ekki þörf að taka margt til athugunar. Þó er það tvennt í ræðu hans, sem ég vildi benda á með nokkrum orðum.

Viðskipti Kaupfélags Árnesinga og Mjólkursamsölunnar hafa engin verið, en hann talar um, að flutningsgjöldin séu allverulega þungur baggi á Reykvíkingum. Þegar sýnt er fram á, hversu þetta gjald er lágt, þá sagði hann, að ekki sé víst, að nokkuð sé að marka upplýsingar viðvíkjandi sams konar reikningum, hægt væri að gefa út falsaða reikninga og þetta gæti allt verið lygi. Hvaða hugsun liggur á bak við þetta? (**ÁkJ:** Því ekki að leggja fram reikningana?). Reikningarnir hafa verið opinberlega birtir í blöðum og gefnir út á hverju ári. Það er velkomið, að flm. komi upp í Mjólkursamsölu og skoði reikningana, þótt ég viti, að það þýði ekkert að leggja plögg upp í hendur á svona manni, því að ef staðreyndirnar kæmu

sér ekki vel, mundi hann segja þær vera lygi. Ég hef aldrei þekkt annan eins hugsunarhátt hjá neinum manni. Þetta kemur mér þó ekki á óvart, eftir því, sem ég hef heyrt um ýmis viðskipti við hv. þm. Siglf.

Hann talar um, að mjólkurflutningarnir austan yfir Hellisheiði séu svo dýrir, að þeir séu of þungur baggi á Reykvíkingum. Í verðlagsákvæðum mjólkurlaganna segir, að verðmismuninn til bænda skuli greiða eftir því, hvað flutningskostnaður er mikill. Ágreiningurinn er um það, hvað flutningsgjöldin eiga að vera mikil, og hef ég oft heyrt, að þau væru of lág, en aldrei fyrr, að þau væru of há. Þetta getur hann leitað sér upplýsinga um, því að ekkert fyrirtæki hefur haldið þessum flutningum uppi eins ódýrt og einmitt Kaupfélag Árnesinga, og er þetta auðvitað neytendum í hag. Ekkert fyrirtæki hefði getað tekið þetta að sér fyrir jafnlágt verð, því að þetta er stórt fyrirtæki og flytur vörur sínar austur með sömu bifreiðum. Engum landflutningum hér á landi er haldið uppi eins ódýrt sem þessum, og þó er það skylda að halda þeim uppi daglega allan ársins hring, hvernig sem færi er. Það rekst því óþægilega á, þegar sumir koma og segja, að reikningarnir séu falsaðir, af því að þeir séu reiknaðir of lágt, en aðrir segja, að reikningarnir séu falsaðir að því leyti, að flutningsgjöldin séu reiknuð of hátt. Þetta minnir mig á söguna, sem menn kannast við, um bóndann og asnann. Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta atriði.

En um 13000 kr., sem flm. var að tala um, þá væri enginn vandi að fá upplýsingar um það hjá n., hvort búnaðarmálastjóri væri „kúskaður" til að segja það, sem er ekki satt. Er þetta aðferð kommúnista? Ég ætla bara að segja hv. þm. það, að þetta er ekki vaninn hjá okkur framsóknarmönnum, þó að þetta muni vera reglan hjá kommúnistum. Við þekkjum ekki þessa aðferð. Þessi aðferð er hjá einræðissinnum, en ekki hjá þeim, sem halda vilja uppi lýðræðinu í landinu.

Þá hef ég ekki fleira að svara þessum hv. þm. að svo stöddu.

**Flm. (Áki Jakobsson):** Ég ætla að leyfa mér að fara enn nokkrum orðum um þessa flutningareikninga.

Þessi maður, er hér talaði á undan mér, er meistari í að fara með blekkingar. Hann þurfti endilega að snúa út úr þessu, þó að ég segði Mjólkursamsalan í stað Mjólkurbú Flóamanna. Það er Kaupfélag Árnesinga, sem annast mjólkurflutningana fyrir Mjólkurbú Flóamanna, og það eru einmitt viðskiptin milli þessara tveggja fyrirtækja, sem ég vildi fá að sjá. Annars skiptir það engu máli, hvaða félag hefur með þessa reikninga að gera, því að neytendur í Reykjavík greiða þá. Engar sannanir eru það, að þarna sé vel á haldið, þó að þetta séu ódýrustu flutningar hér á landi, því að ekki er hægt að flytja vörur við betri skilyrði en hér um ræðir. Flutningar þessir fara fram eftir hinum beztu vegum hér á landi og mest vörumagn er flutt eftir. Það eru því engin rök, þótt hann segi, að þetta séu ódýrir flutningar.

Þá er og kvartað yfir því, að þetta sé of löng flutningaleið, svo að heildarflutningskostnaðurinn skiptist óréttlátt niður. Einnig væri vert að athuga, hvað Kaupfélag Árnesinga leggur út fyrir flutninga á sínum vörum.

Þá vildi ég aðeins minnast á 13000 kr. Það á eftir að koma í ljós, hvað er rétt hjá n. Ég hef skýrt nákvæmlega frá, hvernig í þessu liggur. Enginn mun lá mér, þó að ég beri á framsóknarmenn, að þeir beiti sínum handjárnum. Stundum þurfa ekki einu sinni handjárn, bara góðar stöður.

**Einar Olgeirsson:** Einu atriði man ég eftir, sem snertir þetta mál viðvíkjandi verðmagni mjólkurinnar, en það er bílakostnaðurinn. Í fyrra haust, þegar mjólkin hækkaði, upplýsti mjólkurverðlagsn., að einn bíll kostaði Mjólkursamsöluna kr. 72000.00 á ári eða kr. 200.00 á dag. Þetta er hér um bil þrefalt hærri kostnaður en bíll kostar á vörubílastöðinni í Reykjavík. Þessar upplýsingar komu þá fram. Það er því ekki að undra, þó að einhverju skeiki með útkomuna, ef allir bílreikningar eru með svipuðum hætti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:7 atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 28. fundi í Nd., 7. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 60, n. 117, 123).

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Svo sem flestum þm. mun nú kunnugt, þá hefur hæstv. landbn. orðið sammála um að breyta frv. að formi til. Hv. 1. landsk. skrifar þó undir með fyrirvara, og mun ég ekki ræða það að sinni, enda mun hann gera grein fyrir sinni afstöðu. En nái þetta frv. samþykkt í Nd., og ég vænti, að svo verði, þá hygg ég, að allar áhyggjur um, að það nái ekki tilgangi sínum, séu óþarfar.

**Sigurður Guðnason:** Það, sem ég er óánægður með í þessu máli, er það, að þessi stofnun sæti ekki sömu skilyrðum og aðrar. Eðlilegra þætti mér, að samsölustjórnin gæfi þær upplýsingar, sem óskað er eftir, fremur en samsölunefndin. Ég vil sama réttlæti fyrir alla aðila, og þá er eðlilegast, að þetta sé algerlega háð viðskiptaráði. En ég get ekki látið hjá líða að minnast á ummæli þeirra SvbH og EystJ í garð verkamanna. Og ég ætla ekki nema að segja það, að það þýða ekki neinar hótanir í garð verkamanna í þessum efnum. Með samtökum sínum hafa þeir fengið allar sínar kjarabætur, og verkamenn eru viðurkenndir sem samningsaðilar. Þeir fara það langt, sem þeir mögulega geta í þessu efni, svo að það þýða við þá engar hótanir.

ATKVGR.

Brtt. 123 felld með 17:7 atkv.

Brtt. 117,1 (ný 1.—2. gr. verður 1 gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 117,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:2 atkv., með fyrirsögninni:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 13. febr. 1943, um verðlag.**

---

Á 30. fundi í Nd., 11. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 155).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 32. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 34. fundi í Ed., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 9:1 atkv.

---

Á 39. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 155, n. 223).

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Ég skal geta þess, að þegar n. afgreiddi þetta frv., voru ekki nema þrír nm. á fundi. Mér er því ekki kunnugt um afstöðu hinna tveggja til málsins, en það kemur væntanlega fram nú. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var upphaflega flutt á þskj. 60 og hét þá frv. til l. um bráðabirgðaafnám á valdi mjólkurverðlagsn. og kjötverðlagsn. til þess að ákveða útsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum og kjöti og sláturafurðum. Samkvæmt till. landbn. Nd. var frv. breytt í það form, sem það hefur nú á þskj. 155, og heitir það nú frv. til l. um breyting á l. nr. 3 13. febr. 1943, um verðlag. Efnið er þó hið sama að öðru en því, að skemmra er gengið í einstökum atriðum að forminu til. Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir því, að meðan það verð á landbúnaðarafurðum er í gildi, sem ákveðið var í sex manna n., skuli þrátt fyrir ákvæði síðasta málsliðar 1. gr. þessara l. útsöluverð þeirra vörutegunda, sem mjólkurverðlagsn. og kjötverðlagsn. ákveða verð á, vera háð samþykki viðskiptaráðs. Þessir þrír nm. eru sammála um, að ástæðulaust sé, að mjólkurverðlagsn. og kjötverðlagsn. ákveði útsöluverðið, á meðan fyrrnefnt verðlag er í gildi, og leggja því til, að frv. verði samþ. eins og það er komið frá hv. Nd.

**Eiríkur Einarsson:** Af því að ég var ekki viðstaddur, þegar þetta mál var fyrst tekið til meðferðar, þar sem ég var forfallaður, vil ég lýsa afstöðu minni, sem er sú, að ég get fallizt á þetta álit meiri hl. n. eins og það er, svo að ég mundi hafa bætzt þar við sem fjórði maður, hefði ég verið á fundi n. Ég þarf í rauninni ekki fleira að segja um málið, en vil taka það fram, að þar sem tiltekið er, að umgetið verðlag skuli vera háð samþ. viðskiptaráðs, þá hlýtur viðskiptaráð að hafa úrskurðarvald, ef ekki verður samkomulag milli þess annars vegar og mjólkurverðlagsn. og kjötverðlagsn. hins vegar, og þar með er í rauninni óbeint sagt, að þeirra valdsvið sé ekki orðið annað en bókstafurinn einn. Frá sumra manna sjónarmiði gæti ríkt vafi um þetta nýja viðhorf, þó að ekki væri kannske beinlínis um réttmæti þessa ákvæðis, ef út af ber. En það er ekki hægt að setja þetta fyrir sig, og ég er ekki kominn til neinnar yfirlýsingar um það, hvað bezt muni henta, en ég vil segja það, að verði ágreiningur á slíkum atriðum sem þeim, er ég hef getið um, verður ekki um það deilt, að einhvers staðar verður valdið að vera. Get ég því fallizt á frv. eins og það er, enda þótt vafi geti verið um þetta nýja viðhorf.

**Bjarni Benediktsson:** Ég vildi bera fram fyrirspurn út af áliti landbn. Nd. Þar er gert ráð fyrir, að verðlagsn. haldi tilveru sinni, þó að starf þeirra verði með allt öðrum hætti, meðan núverandi ástand helzt, eins og í nál. segir. Ég vil nú spyrja, hvaða starf þeim sé ætlað, úr því að grundvöllurinn er lagður með starfi vísitölun. Á viðskiptaráð að ákveða, hvað n. skuli hafast að?

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Út af því, sem næstsíðasti ræðumaður sagði, vil ég taka það fram, að það er rétt hjá honum, að það er tvímælalaust, að viðskiptaráð verður að skera úr, ef ágreiningur rís. En um grg. hv. landbn. Nd. er ég varla fær að ræða, en mér skilst, að það, sem vakað hefur fyrir n., sé það, að ekki sé ráðlegt að leggja þessar n. niður, meðan ekki er vitað, hve langur starfstími vísitölun. verður. Ég hef skilið frv. svo, að ætlazt sé til, að n. þessar leggi sinn útreikning fyrir viðskiptaráð. Og við þrír nm., sem höfðum málið til meðferðar fyrir hönd Ed., töldum ekki ástæðu til að taka aðra ákvörðun um þetta í bili.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 41. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 282).

——o——

## 27. Vegalagabreyting (frv. JS o. fl.).

Á 13. fundi í Nd., 10. sept., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933 (þmfrv., A. 49).**

Á 15. fundi í Nd., 14. sept., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Jón Sigurðsson):** Eins og kunnugt er, hefur ófriðurinn og það ástand, sem hann hefur skapað, valdið ýmsum erfiðleikum í framkvæmd vegamálanna. Sérstaklega er það áberandi, hve örðugt er að fá þann mannafla, sem þurft hefur til vegagerða, nýbygginga fyrst og fremst. Á hinn bóginn hefur herstjórnin flutt inn tæki og vélar til vegagerðar, og hefur það opnað augu okkar betur en nokkru sinni fyrr fyrir því, hverja þýðingu það gæti haft fyrir okkur að nota slík tæki hér á landi. Mér er kunnugt um, að það er nú svo komið á ýmsum stöðum á landinu, að miklir örðugleikar eru á að vinna að sýsluvegum fyrir það fé, sem heimilað er af sýslunefndum og átt hefur að vinna fyrir, af því að mannafli var ekki til staðar. Bændur, sem allajafna á undanförnum árum hafa lagt til menn í þessa vegagerð, hafa vegna fólksfæðar á heimilunum ekki getað misst neinn til að sinna þessum nauðsynjastörfum fyrir sveitirnar.

Það er vegna þessa vandræðaástands, sem er að skapast fyrir sýslunefndirnar á ýmsum stöðum á landinu, að þetta frv. er fram borið. Eins og segir í grg., er ætlazt til þess, að ríkisstj. leggi á móti til kaupa á slíkum vélum, sem um ræðir og talið er, að sérstaklega komi að notum. Skal það framlag vera hlutfallslegt við það, sem hann leggur annars til vegagerða. Með því að fara þessa leið er ýtt undir, að sýslunefndir fái sér slík tæki svo fljótt sem kostur er og noti þau. Ég skal benda á það, — og ég styðst við upplýsingar, sem ég hef aflað mér —, að það eru mjög miklar líkur til þess, að ef valdar væru léttustu tegundir af þessum beltabifreiðum, sem notaðar eru, þá mundi vel mega sameina þessi störf fyrir sýslunefndir og svo fyrir landbúnaðinn, þannig að búnaðarfélögin nytu þessara véla á þeim tíma, þegar ekki eru ástæður til þess að nota þær við vegagerð og það þykir henta. Ég hygg hentugt að samræma þetta. Ég tel fullar líkur til þess og enda víst, að í flestum héruðum mundi verða nægilegt verkefni fyrir slíkar vélar. Þar með þokar ekki einasta vegamálum okkar stórlega áleiðis, heldur yrði líka stigið stórt spor í þá átt að fá öll okkar tún slétt og véltæk, sem við að sjálfsögðu eigum að keppa að. En þetta atriði er nú meir til íhugunar en að það liggi beint fyrir. Ég bendi hér aðeins á, að hér er verkefni, sem áreiðanlega er hægt að sameina, ef vélar eru valdar með það fyrir augum, verkefni, sem nauðsynlegt er, að unnið verði í hverju einasta héraði hér á landi.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri, en óska, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til samgmn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 30. fundi í Nd., 11. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 49, n. 144).

**Frsm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti. Samgmn. þessarar hv. d. hefur haft þetta frv. á þskj. 49 til meðferðar og tekið það til sérstakrar athugunar, að því er það snertir, hvernig kæmi niður sú aðstoð, sem ætlazt er til samkvæmt frv., að ríkið veiti sýslufélögum, eftir að sýslunefndir hafa fengið heimild til þess að ákvarða, að nokkuð af því fé, sem sýslan leggur til vegamála, megi ganga til kaupa á vélknúnum tækjum til vegagerða í sýslunni. N. fellst á, að þessi heimild sé gefin, en vill bæta því við, að rétt þyki og sanngjarnt, að sýslusjóðir standi jafnt að vígi um hluttöku ríkissjóðs í kostnaði við vélakaup til vegagerða, hvort sem þær sýslur hafa stofnað hjá sér sýsluvegasjóði eða ekki. Eins og kunnugt er, hafa þessi ákvæði l. um sýsluvegasjóði verið hagnýtt víðar en á horfðist í fyrstu. Þær sýslur munu vera í minni hluta, sem hafa ekki neytt heimildarinnar um að mynda sýsluvegasjóði hjá sér. Það er ætlazt til þess í frv. og brtt. samgmn., að ef vegamálastjóri telur ráðlegt að kaupa þessar vélar fyrir tilteknar sýslur, þá greiði ríkissjóður helming verðs þeirra á móti sýslufélaginu í hverju tilfelli. En samkvæmt ákvæðum l. um sýsluvegasjóði mundi þetta ekki verða eins mikil hjálp í sumum kringumstæðum eða jafnvel öllum kringumstæðum fyrir þau sýslufélög, sem hefðu sýsluvegasjóði hjá sér, eins og fyrir hin, sem hafa þá ekki, sem þá gætu fengið fullan helming verðs þessara tækja greiddan úr ríkissjóði samkv. frv. Þess vegna telur n. rétt, að þessi 2. málsgr. í 1. gr. frv. falli burt, því að þessi málsgr. gerir ráð fyrir, að þessi styrkur ríkissjóðs til vélakaupanna fari eftir ákvæðum sýsluvegasjóðsl., en þau ákvæði eru þannig, að ekki er gert ráð fyrir framlagi ríkissjóðs til sýsluvegasjóða, fyrr en þeir eru komnir upp í vissa upphæð.

Samgmn. leggur til, að frv. verði samþ. með því, að þessi málsgr. verði felld niður, eins og sjá má með samanburði á frv. og brtt. n., en að öðru leyti haldist ákvæði frv. óbreytt.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég vildi mjög gjarnan fá nokkru nánari útskýringar á því, hvernig þetta frv. er hugsað. Síðan ég kom á þing hefur stefnan ákveðið verið sú að færa fleiri og fleiri vegi yfir á ríkissjóðinn. En á þær raddir hefur verið minna hlustað, að rétt væri að hafa færri vegi á ríkissjóðnum og gera þá reglulega góða, en láta sýslur og héruð sjá um aðra vegi með styrk úr ríkissjóði. Afleiðingin af þessu hefur orðið sú, að í mörgum sýslum eru bókstaflega allir aðalvegir orðnir þjóðvegir, og sums staðar eru ekki til samfelldir sýsluvegir, heldur eru þeir skornir í sundur í eintóma spotta, sem eru afleggjarar af þjóðveginum heim á einstaka bæi. Á öðrum stöðum er dálítið meira eftir af þessum vegum.

Nú var í fyrra samþ. þál. um að skora á ríkisstj. að fela póst- og símamálastjóra að rannsaka, hvaða kostnaður væri því samfara að nota stórvirkari tæki við vegagerð og símalagningu en gert hefur verið til þessa. Um þessa rannsókn hefur ekkert heyrzt. En ég vil leyfa mér að bera fram fyrirspurn um þetta efni. Hins vegar hefur setuliðið notað þessi tæki, meðal annars við lagningu vegarins fyrir Hvalfjörð, sem okkur var í fyrra sagt, að kostaði 1½ millj. kr. Þenn-

an veg gerði ameríska setuliðið á tveim mánuðum með vélum. Nú hef ég orðið þess var, að vegamálastjóri telur, að til þess að verulegt not geti orðið að vinnu þessara véla hjá okkur, þá þurfi til þessara vélakaupa að kosta upp undir 2 millj. kr. Jafnframt hefur mér skilizt, án þess að ég þori að fullyrða það, að verulegur hagnaður væri að þessum vélum því aðeins, að hægt væri að nota vél lengi á sama stað og vinna þar fyrir allmikið fé. Í þessum vegum hjá okkur, sem margir fá ekki meiri fjárframlög en svo sem 10 til 20 þús. kr., kæmu þessar vélar því ekki til greina, ef þetta er rétt, því að flutningurinn á þessum vélum til þessara vega mundi verða svo geysimikill. Ég vil því spyrja: Liggur það fyrir, að það þurfi að láta vinna í einstökum sýsluvegum, sem sýslurnar eiga að sjá um, fyrir það stórar upphæðir, að það borgi sig að nota þessar vélar til þess? Mér hefur skilizt á vegamálastjóra, að það þurfi að láta vinna fyrir helzt upp undir 100—200 þús. kr. í sama vegi til þess að hafa verulegan hagnað af að nota þessar vélar við það. Er útlit fyrir það, að sýslur fari að leggja fram fé í sýsluvegi, þannig að á sama stað séu lagðar 100—200 þús. kr., svo að þær þurfi að eiga þessar vélar til þess að vinna með? Og eru það ekki fyrst og fremst þjóðvegirnir í sveitunum, sem hægt er að nota þessar vélar til að vinna við lagningu á, og á því ekki ríkið að eiga þessar vélar? Mér skilst, að ríkið eitt geti látið vinna fyrir 100—200 þús. kr. í vegagerð á sama stað sama árið og sé því sá aðili, sem eigi að eiga þessar vélar, en þær muni ekki koma að miklu gagni þeim sýslum, sem láta vinna aðeins fyrir kannske 10—20 þús. kr. alls og skipta því milli margra vega á ári hverju. Ég er því mjög í efa um, hvort frv. þetta eigi að ná fram að ganga. Og mig langar til að heyra nánar, hvernig þetta er hugsað í framkvæmd, sem frv. er um, hvort það er meiningin, að sýslurnar eigi vélarnar, en samt sem áður sé þeim ætlað að vinna líka í ríkissjóðsvegum, — því að það eru sýsluvegir, sem hér er verið að ræða um. En mér skilst, að það þýði ekki að fara af stað með þessar stóru vélar nema þar, sem unnið er fyrir a. m. k. upp undir 100 þús. kr. í sama veginum. Er nokkur sýsla, sem lætur vinna fyrir svo mikið fé í einu, að gagn sé þar að þessum vélum? Þarf ekki að koma þessum málum öðruvísi fyrir en hér er stefnt að til þess að geta notað þær? Og er þá yfirleitt nokkurt gagn að því að nota þær, þegar þetta er tekið með í reikninginn? Það getur vel verið, að þetta frv. sé samið af áhuga á málinu. En getur þá ekki einnig verið, að þó að það verði samþ., verði það gagnslaus l. og dauður bókstafur eins og margt annað í l. Og er þá nokkuð unnið við svona samþykktir? Ég mun ekki setja mig móti frumvarpinu, en spá mín er sú, að það verði dauður lagabókstafur, þótt samþykkt verði, og geri ekkert gagn.

**Ingólfur Jónsson:** Herra forseti. Hv. 2. þm. N.-M. óskaði eftir að fá skýringar á því, hvernig frv. þetta væri hugsað, og um tilganginn með því. Hann talaði um, að sú stefna væri uppi að koma sem flestum vegum yfir á ríkið, og það er rétt, sú stefna hefur verið ríkjandi. Þó held ég, að öllum ætti að vera ljóst, að alltaf verður eitthvað til af sýsluvegum, það verður ekki unnt að koma öllum vegum yfir á ríkið.

Frv. þetta þarf náttúrlega ekki mikilla skýringa við fram yfir það, sem það felur í sér ásamt grg. þess. Ef grg. er lesin, þá verður manni ljóst, hver tilgangurinn með því er.

Hv. 2. þm. N.-M. talaði um það, að vélknúin tæki til vegagerða séu svo dýr, að tæplega muni vera hægt að nota þau við gerð sýsluvega, sem séu stuttir, og þar sem sýslurnar hafi yfir litlu fé að ráða til lagningar þeirra, og hv. þm. álítur, að ekki borgi sig að nota þessar vélar við vegagerð nema þar, sem hægt er að láta vinna í einu á sama stað fyrir um 100 þús. kr., og hefur hann þetta eftir vegamálastjóra, skildist mér hann segja. Nú ætla ég ekki að draga það í efa, að þetta viðtal milli hans og vegamálastjóra hafi átt sér stað. En það, sem mér þykir samt ótrúlegt, er, að það geti ekki borgað sig að koma við tiltölulega einföldum vegavinnuvélum, nema unnið sé margar vikur eða jafnvel mánuði á sama stað. A. m. k. sumar þessar vélar, sem notaðar eru til vegagerða, eru ekki svo þungar eða fyrirferðarmiklar í flutningi, að það sé tiltölulega erfitt að færa þær úr stað. T. d. vélar, sem notaðar eru til þess að moka á bíla, eru tiltölulega fyrirferðarlitlar og léttar, og það er tiltölulega auðvelt að flytja þær á milli staða. Og þó að við hugsum okkur ekki, að um aðrar vélar sé að ræða til að nota í sýsluvegum en þessa einu tegund, þá fullyrði ég, að það mundi svara kostnaði að gera það, því að þar sem bílar eru notaðir til þess að aka ofan í vegi, er ámoksturinn tiltölulega dýrastur af vinnunni við vegagerðina. Það að hafa marga menn til þess að moka á bílana, sem svo liggja verklausir á milli þess, sem bílarnir eru í gryfjunni, það er það dýrasta við vegagerðir. Ef sýslufélag, þar sem margir sýsluvegir væru, ætti svona vél til umráða til þess að moka á bíla, þá gæti ég hugsað mér, að það margborgaði sig að flytja þessa tiltölulega litlu vél á milli staða í sýslunni, þar sem vegirnir væru lagðir, til að nota hana við ámokstur. Við það mundi sparast mikið fé og afköstin aukast til muna. Og jafnvel þótt aðrar vélar til vegagerða, svo sem ýtur og aðrar slíkar vélar, yrði ekki kleift fyrir okkur að kaupa til að nota á næstu tímum í vegum í sveitum landsins, þá vitum við, að tækninni fleygir fram, og við getum gert ráð fyrir, að vélar, sem notaðar verða til vegagerða eftir t. d. 5—10 ár, verði einfaldari heldur en þær eru nú. Ég tel þess vegna alveg tímabært að samþ. þetta frv. og að það megi verða til þess, að sýsluvegir, sem alltaf hljóta að verða margir í þessu landi, muni geta haft þessara véla mikil not.

Að öðru leyti vil ég vitna til grg. þessa frv. um réttmæti þess og nauðsyn. Og ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að ef hv. þm. lesa þá grg., geti þeim ekki blandazt hugur um, hvað fyrir flm. vakir með þessu frv.

ATKVGR.

Brtt. 144 samþ. með 20 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Nd., 14. okt., var tekið til 3. umr. (A. 167).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 34. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 35. fundi í Ed., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 42. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 167, n. 257).

**Frsm. (Gísli Jónsson)**: Herra forseti. N. hefur athugað þetta frv., bæði eins og það var, þegar það kom frá flm. (á þskj. 44), og eins, eftir að því hafði verið breytt (á þskj. 167), og leggur n. til, að það verði samþ. óbreytt, eins og það kom hingað til d. Það var dálítið rætt um það í n., hvort það væri nauðsynlegt að setja inn breyt. um það, að sérstök hreppsfélög gætu notið þessara hlunninda, og að athuguðu máli leit n. svo á, að það væri innanhéraðsmál á milli hreppa og sýslun., og væri því ekki nauðsynlegt að setja um það sérstakt lagaákvæði.
N. vill því mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það kom frá neðri deild.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 43. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 324).

—o—

## 28. Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla.

Á 11. fundi í Sþ., 8. sept., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla** (þmfrv., A. 43).

Á 16. fundi í Ed., 13. sept., var frv. tekið til 1. umr.

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson)**: Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til, að bráðabirgðaákvæði aftan við l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla frá 1936 verði fellt úr gildi. Samkv. 1. gr. þeirra l. eiga rétt til að koma til greina til styrkveitinga í fyrsta lagi sjúklingar, sem haldnir eru berklaveiki, holdsveiki, kynsjúkdómi, geðveiki (þar með taldir fávitar) eða öðrum alvarlegum, langvinnum sjúkdómi (þar með taldir ofdrykkjumenn og aðrir eiturlyfjaneytendur), í öðru lagi daufdumb og alvarlega málhölt, svo og blind og mjög sjóndöpur eða á annan hátt örkumla börn og unglingar, og í þriðja lagi örkumla menn, er þarfnast gervilima, umbúða eða annarra þess háttar tækja. Meginregla l. er sú, að sjúklingar þessir hafi rétt til styrks úr ríkissjóði til greiðslu ⅘ kostnaðar við nauðsynlega langa dvöl í sjúkrahúsi eða hæli við þeirra hæfi, þar með talin læknishjálp og lyf. Aftan við l. var svo sett bráðabirgðaákvæði, þess efnis, að þangað til það yrði numið úr gildi, mætti sú upphæð, sem varið yrði til styrkveitinga samkvæmt l. þessum til annarra en þeirra, sem haldnir væru berklaveiki, holdsveiki eða kynsjúkdómum, ekki nema meira en því, sem í hvert sinn væri veitt til þess í fjárl. L. koma sem sé ekki til fullra framkvæmda gagnvart öðrum sjúklingum en holdsveikum, berklaveikum eða kynsjúkdómaveikum. Þeir njóta alltaf styrks að ⅘ hlutum, en aðrir sjúklingar fá aðeins hlutfallslega eftir því, sem fjárveiting í fjárl. hrekkur til. Þetta hefur verið framkvæmt þannig, að geðveikissjúklingar hafa fengið 75% af hælisvistarkostnaði, og hefur því mestur hluti fjárl.-upphæðarinnar farið til þeirra, en tiltölulega minni upphæð til annarra sjúklinga. Styrkur þeirra hefur verið allt niður í 20—25% af kostnaði. Þetta ákvæði var hugsað sem bráðabirgðaákvæði, meðan fjárhagur ríkisins leyfði ekki meira. Nú eru liðin 7 ár, síðan þessi l. voru sett, og er nú miklu rýmra um hjá ríkissjóði en fyrr. Þegar l. voru sett, var ætlazt til, að fyrirkomulagið yrði svo, að sjúklingarnir nytu fyrst hjálpar sjúkrasamlags, en síðan tæki yfirleitt ríkisframfærslan við. Ef l. hefðu þá komið til fullra framkvæmda, hefðu þau gétað verkað eins og til var ætlazt, en vegna takmörkunar bráðabirgðaákvæðisins hefur þetta orðið öðruvísi. Að loknum sjúkrasamlagsstyrk hafa sjúklingar lítið notið ríkisframfærslunnar nema holdsveikir, berklaveikir, kynsjúkdómaveikir og geðveikir.
Það þarf ekki mörg orð til að sýna fram á, hvað þetta er óviðunandi. Ég vil minna á um þessa sjúkdóma, að það er réttilega litið svo á, að reglur um þá séu varnarráðstafanir þjóðfélagsins til að verja þá heilbrigðu, en það á að nokkru leyti við um fleiri sjúkdóma.
Sjúkrasamlögin hafa orðið að takmarka þann tíma, sem þau greiða sjúkrahúsvist fyrir, fyrst og fremst vegna þess, að þeim er um megn að taka á sig framfærslu sjúklinga, sem þjást af langvinnum sjúkdómum, og þetta hefur leitt til þess, að aðrir sjúkdómar hafa verið háðir sömu takmörkunum. En ef ríkisframfærslan

kæmi til fullra framkvæmda, væri ekki of áhættusamt fyrir sjúkrasamlögin að skera niður tímann.

Um fjárhagshlið málsins er ég ekki viðbúinn að gefa nógu glöggar upplýsingar. Ég hef rætt bæði við landlækni og berklayfirlækni, og þeir eru mér báðir sammála um, að tími sé til kominn að fella bráðabirgðaákvæðið niður. Ég tel víst, að n. muni eiga tal við þessa menn og fá glöggar áætlanir hjá þeim.

Að öðru leyti læt ég nægja að vísa til grg. frv. og vænti þess, að hv. d. fallist á sjónarmið flm. Ég skal geta þess, að nú er n. að starfa að endurskoðun alþýðutryggingal., og er mikilsvert að vita vilja Alþ., áður en hún lýkur störfum.

Legg ég svo til, að frv. verði vísað til 2. umr.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Í sambandi við þetta frv. og ræðu hv. 3. landsk. þm. vil ég spyrja, hvort það hafi verið athugað af n., hvort síðasta málsgr. í bráðabirgðaákvæðinu á líka að falla niður. Þar stendur, að meðan holdsveikisspítalinn í Lauganesi verði starfræktur af ríkinu, skuli holdsveikisjúklingar, sem þar séu vistaðir fyrir ráðstafanir hins opinbera, hafa þar að öllu leyti ókeypis vist á kostnað ríkissjóðs. Það er vitanlegt, að þessi spítali er ekki lengur starfræktur á sama stað, en er það tryggt í l., að þetta ákvæði haldist, ef bráðabirgðaákvæðið fellur burt?

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Ég er þakklátur hv. þm. Barð. fyrir ábendingu hans. Ég mun athuga þetta atriði, því að vitanlega á það að vera tryggt, að sú regla haldist, að kostnaður holdsveikissjúklinga sé greiddur að fullu.

Ég vil bæta því við, ef hv. þm. er kannske ekki að öllu leyti ljóst, hvað alvarlegur langvinnur sjúkdómur er, að í reglugerð frá 20. jan. 1938 stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Alvarlegir, langvinnir (krónískir) sjúkdómar eru fyrst og fremst þeir sjúkdómar, sem sérstaklega eru nefndir í l. nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla (berklaveiki, holdsveiki, kynsjúkdómar, fávitaháttur, geðveiki og eiturlyfjanautn), svo og aðrir sjúkdómar, sem að jafnaði haga sér þannig, að sjúklingarnir þarfnast sífelldrar eða margendurtekinnar sjúkrahúss- eða hælisvistar eða stöðugrar meiri háttar læknisþjónustu."

Aftan við þessa reglugerð er að finna leiðbeiningar til lækna, og ég hugsa, að sett verði reglugerð af heilbrigðisstj. til skilgreiningar með hliðsjón af upptalningunni í þessari reglugerð.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

---

Á 18. fundi í Ed., 15. sept., var frv. tekið til 2. umr.

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Ég vildi mega mælast til við hv. d., að hún léti frv. ganga til 3. umr. nú þegar, því að ekki hefur enn gefizt tækifæri til að ræða við berklayfirlækni, þar sem hann er ekki kominn heim úr sumarleyfi, en eins og ég gat um við 1. umr., ætlaði n. að leita álits hans og ýmiss konar vitneskju í sambandi við þetta mál.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísaði til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 26. fundi í Ed., 29. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 43, 95).

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd er sammála um að bera fram brtt. við frv. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Áður en ég vík að efni till., þykir mér rétt að skýra frá því, að heilbr.- og félmn. hefur aflað sér upplýsinga hjá hr. Sigurði Sigurðssyni berklayfirlækni um fjárhagshlið þessa máls, og samkv. þeim upplýsingum hafa greiðslur vegna berklavarna árið 1942 numið, smbr. 17. gr., lið 1, a,b og c, rúmlega kr. 1.200.000.00. Greiðslur vegna kynsjúkdóma námu sama ár kr. 27.000.00. Greiðslur, sem inntar hafa verið af hendi vegna bráðabirgðaákvæðisins og annarra sjúkdóma en berklaveiki, holdsveiki og kynsjúkdóma, hafa numið kr. 672.000.00. Af þeirri upphæð er langmestur hluti vegna geðveikisjúklinga, eða um kr. 550.000.00. Vegna annarra sjúkdóma, sem styrkur er veittur til, hefur kostnaður numið kr. 120.000.00 á árinu. Af þeirri upphæð eru nærri kr. 70.000.00, sem sumpart er styrkur veittur til gerfilimakaupa og sumpart til sjúklinga, er að nokkru leyti dvelja í heimahúsum og að nokkru leyti á hælum. Það, sem þá er afgangs, eru styrkveitingar til sjúklinga, sem í raun og veru heyra undir lög um langvarandi sjúkdóma, en hafa að vísu ekki fengið nema lítinn hluta sjúkrakostnaðar síns greiddan. Alls hafa 49 menn hlotið styrk af þessu fé á árinu, sem skiptist þannig:

21 sjúklingur hefur fengið 30% af kostnaði
9 sjúklingar hafa fengið 45% af kostnaði
17 sjúklingar hafa fengið 60% af kostnaði
2 sjúklingar hafa fengið 80% v. sérst. ástæðna.

Samkvæmt þessu má ætla, að sú hækkun, sem orðið hefur á þessum lið fjárl., verði til þess að fella niður bráðabirgðaákvæðin. Hækkunin hefur þó ekki orðið mikil beinlínis, ef miðað er við upphæðina kr. 120.000.00, en síðan hefur verðlag hækkað, svo að gera verður enn ráð fyrir nokkrum kostnaðarauka. Um það, hvað sú hækkun, vegna brtt., kann að nema miklu, verður ekki hægt að áætla um með neinum líkindum. Þess skal getið, að berklayfirlæknir hefur tjáð n., að engri styrkbeiðni hafi verið synjað með öllu nema af sérstökum ástæðum, eins og t. d. ef um ellisjúkdóma var að ræða, sem vart er hægt að telja til alm. sjúkdóma. Um brtt. a-lið vil ég segja það, að samkv. henni er lagt til, að málsgr. þeirri, er þar greinir, sé bætt við 4. gr. l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, en fyrri málsgr. þeirrar gr. er svo hljóðandi:

„Nú hefur sjúklingur (sbr. 1. tölulið 1. greinar)

verið úrskurðaður styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, og á hann þá rétt á styrk úr ríkissjóði til greiðslu ⅘ kostnaðar við nauðsynlega og hæfilega langa dvöl í sjúkrahúsi eða hæli við hans hæfi, svo og alla viðeigandi aðhlynningu þar, þar með talin nauðsynleg læknishjálp og lyf, enda sé um að ræða slíkt sjúkrahús eða hæli, sem rekið er af ríkinu, eða sjúkrahús eða hæli, sem ráðherra hefur samið við um vist og greiðslur fyrir slíka sjúklinga, er þangað leita."

Þar með er sagt samkv. gr. þessari, að sjúklingur eigi rétt á styrk úr ríkissj. til greiðslu ⅘ sjúkrakostnaðar, ef hann er úrskurðaður styrkhæfur, en um það segir 2. gr.:

„Samkvæmt lögum þessum verður styrkur ekki veittur þeim, sem er svo efnum búinn eða framfærandi hans, að ætla má, að hann sé fær um að standast sjálfur kostnaðinn af sjúkdómi sínum eða örkumli, án þess að stofna afkomu sinni í tilfinnanlega hættu.

Samkvæmt lögum þessum verður styrkur ekki heldur veittur til greiðslu kostnaðar, sem hlutaðeigandi á rétt á að fá greiddan samkvæmt lögum um alþýðutryggingar."

Ef líkur eru til þess, að sjúklingur stofni afkomu sinni í tilfinnanlega hættu vegna sjúkrakostnaðar síns, verður honum úrskurðaður styrkur úr ríkissjóði til greiðslu ⅘ hluta sjúkrakostnaðar. Hins vegar hefur svo verið ráð fyrir gert í 1., að annaðhvort greiði sjúklingur þennan ⅕ hluta sjúkrakostnaðar, sem á vantar, eða, eins og algengt er, að sveit hans greiði fyrir hann fé þetta um stundarsakir, en krefji styrkþega síðan um þennan ⅕ hluta. Eftir þeim upplýsingum, sem n. hefur fengið, er mjög mismunandi, hversu langt er gengið af hálfu hinna ýmsu bæjar- eða sveitarstjórna að krefjast þessa ⅕ hluta, og er stundum gengið svo fast að sjúklingum, að þeir hafa haft fjárhagsáhyggjur, jafnvel meðan þeir hafa legið þjáðir. Að þessu athuguðu hefur n. orðið sammála um að leggja til, eins og a-liður brtt. greinir frá, þannig að framfærslusveit styrkhæfra sjúklinga greiði ⅕ hluta sjúkrakostnaðar. Um greiðslur þessar fer samkv. 66. gr. framfærslul., en hún kveður á um það, að sveitarstjórn er ekki heimilt að endurkrefja styrkþega um þessar greiðslur. N. álítur, að með þessu sé létt undir fjárhagsáhyggjur sjúklinga, ef úrskurður fæst um það, að sjúklingur sé styrkhæfur á annað borð. Nákvæmar upplýsingar um það, hve mikill hluti sjúklinga er styrkhæfur, liggja ekki fyrir. En ég held, að ég muni það rétt, að eftir því, sem berklayfirlæknir hefur tjáð okkur í n., séu af þeim, sem sækja um styrk vegna berkla, innan við 3%, sem eru ekki úrskurðaðir styrkhæfir. Einnig eru nokkrir berklasjúklingar, sem sækja alls ekki um nokkurn styrk, en um tölu þeirra er mér ekki kunnugt. N. er því á einu máli um það, að þessi breyt. sé gerð á l., eins og ég hef nú frá sagt.

Við 2. umr. þessa máls barst aths. frá hv. þm. Barð. um það, hvort ekki sé athugunarvert að fella ekki niður málsgr. í bráðabirgðaákvæðinu, sem lýtur að rekstri holdsveikraspítalans á Laugarnesi. N. hefur ath. þetta mál nánar, og samkv. l. frá 1898, um holdsveika menn, er mælt svo fyrir, að kostnaðinn skuli greiða samkv. fjárl. Hins vegar telur n., að um það megi deila, hvort þessi l. séu í gildi eða ekki. Telur hún því rétt að taka þetta efnisákvæði úr bráðabirgðaákvæðinu upp í brtt., eins og segir í b-lið, þess efnis, að meðan holdsveikraspítalinn á Laugarnesi verður starfræktur af ríkinu, skuli holdsveikisjúklingar, sem þar eru vistaðir fyrir ráðstafanir hins opinbera, hafa þar að öllu leyti ókeypis vist á kostnað ríkissjóðs, eins og verið hefur. N. mælir einhuga með því, að þessar breyt. verði gerðar, sem brtt. greinir frá.

ATKVGR.
Brtt. 95,a samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 95,b samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 25. fundi í Nd., 30. sept., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 114).
Á 27. fundi í Nd., 5. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

---

Á 37. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 38. fundi í Nd., 26. okt., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 114, n. 222).

**Frsm. (Sigurður E. Hlíðar):** Herra forseti. Þessu frv. á þskj. 114, sem kom frá Ed., var vísað til heilbr.- og félmn., og var n. sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. með nokkrum breytingum. Einkum er breyt. við 1. gr., en aftan við hana komi nýr liður á þá leið, að ráðherra skuli setja með reglugerð nánari ákvæði um það, hvað telja beri alvarlega, langvarandi sjúkdóma. Þetta taldi nefndin rétt, að stæði í l., en ákvæði um það hefur vantað áður. 2. og 3. brtt. leiðir af sjálfu sér og þurfa ekki skýringa við. N. leggur eindregið til, að frv. verði samþ. með þessum breyt.

ATKVGR.
Brtt. 222,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 222,2 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. (verða 4.—5 gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 260).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 42. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 43. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til einnar umr.

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Þær breyt., sem Nd. hefur gert á þessu frv., er að finna í tveimur fyrstu gr. frv. eins og það er nú. Hefur verið bætt tveimur greinum framan við frv., og er sú fyrri um, að ráðh. skuli setja með reglugerð nánari ákvæði um, hvað telja skuli alvarlega, langvarandi sjúkdóma, og sú síðari um, að framfærslusveit skuli greiða ⅕ kostnaðar, ef sjúklingur nýtur styrks samkvæmt 4. gr. l. Í 3. gr. eru leiðréttar tilvísanir. Þessar breyt. eru leiðréttingar, sem gera frv. skýrara og falla saman við meginefni þess.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 325).

—o—

## 29. Lendingarbætur í Hnífsdal.

Á 14. fundi í Nd., 13. sept., var útbýtt:
**Frv. til l. um lendingarbætur í Hnífsdal** (þmfrv., A. 53).

Á 16. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Sigurður Bjarnason):** Herra forseti. Frv. þetta um lendingarbætur í Hnífsdal er flutt samkv. beiðni hreppsnefndar Eyrarhrepps. Eins og kunnugt er, hefur undanfarið verið unnið að því í Hnífsdal að lengja bryggju, sem þar var fyrir hendi. Til þeirra framkvæmda hefur hreppsnefnd Eyrarhrepps orðið að taka veruleg lán. Og vegna óhappa, sem fyrir komu á s. l. sumri, eru líkur fyrir því, að allverulegt lán þurfi að taka til viðbótar til þessara framkvæmda. Tölur þær, sem nefndar eru í 1. og 2. gr. frv., eru í samræmi við áætlun vitamálastjóra, sem yfirumsjón hafði með verkinu.
Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. á þessu stigi málsins. Það er að flestu leyti í samræmi við hinn venjulega ramma að l. um lendingarbætur. Ef til vill er ástæða til að benda á lítið atriði í 5. gr. Þar er gert ráð fyrir, að með framkvæmd lendingarmála fari 5 menn. Sá háttur mun hafa verið hafður í allmörgum l. um lendingarbætur, að þessir menn væru aðeins 3. Ég hef tekið ákvæðið um 5 menn, af því að í hafnarnefnd, sem undanfarin ár hefur verið kosin af hreppsnefnd Eyrarhrepps samkv. hafnarreglugerð fyrir þorpið, hafa setið 5 menn. Og frá þorpsbúum sjálfum og hreppsnefndinni hef ég fengið bending um, að frekar væri óskað eftir þessari breyt., ef Alþ. sæi ekkert sérstakt á móti. Að endingu óska ég, að máinu verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Nd., 14. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 53, n. 163).

**Finnur Jónsson:** Ég vil í fjarveru frsm. geta þess, að sjútvn. hefur athugað þetta frv. og sent það vitamálastjóra til umsagnar, og leggur hún til, að það verði samþ. með lítils háttar orðabreytingu.

ATKVGR.
1 gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 163 samþ. með 21 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
13.—14. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 33. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 182).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 35. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 36. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 41. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 182, n. 233).

**Frsm. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Sjútvn. Ed. hefur haft þetta mál til meðferðar, eftir að það kom frá hv. Nd. Hún hefur borið það saman við önnur l. um lendingarbætur og fundið ástæðu til þess að gera á því nokkrar breyt. Í 4. gr. frv. er kveðið svo á, að það þurfi samþ. hreppsn. til þess að gera lendingarbætur, en í öðrum l. er talað um, að það þurfi samþ. lendingarbótasjóðsstjórnar og hreppsn., og þykir sjálfsagt, að ekki sé gengið fram hjá stjórn lendingarbótasjóðs, þegar á að gera einhver mannvirki, og þess vegna miðar breyt. við 4. gr. að því að samrýma þetta. Í 5. gr. er gert ráð fyrir, að hér skuli kjósa 5 menn í lendingarbótasjóðsstj. og aðra 5 til vara. Þetta er nokkuð öðruvísi en í öðrum l. um þetta efni. Hér er ekki um viðamikil störf að ræða, og n. þykir því óþarfi að hafa 10 menn til þess að stjórna þeim, og þess vegna leggur hún til að kosnir verði 3 menn í stað 5 og 3 til vara. En aðalbreyt., sem n. leggur til, að gerð verði, er við 8. gr. Þar er getið um, að heimilt sé að taka 2% til sjóðsins, og fer það í bága við það, sem er í öðrum l., en þar er gert ráð fyrir að taka 6%. N. þótti ekki ástæða til þess að lækka þetta, en leggur til, að hér gildi það sama og í öðrum hliðstæðum l. Lendingarbótasjóðsstj. hefur það í hendi sér að ákveða gjaldið lægra, ef hagur sjóðsins leyfir það, en getur, ef erfiðleikar steðja að, gripið til

heimildarinnar án lagabreyt. N. leggur því einróma til, að frv. verði samþ. með þessum breyt., sem ég hef nú lýst.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 233,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 233,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 233,3 samþ. með 9 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
9.—14. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 42. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 278).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 40. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði verið endursent frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 41. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til einnar umr.

**Sigurður Bjarnason:** Herra forseti. Ég sé, að hv. Ed. hefur breytt lítillega frv. því, sem hér liggur fyrir um lendingarbætur í Hnífsdal. Þau atriði, sem hv. Ed. hefur breytt, eru fyrst og fremst það, að Ed. hefur breytt því ákvæði 5. gr., að í hafnarnefnd skyldu sitja 5 menn, í það horf, að í stað 5 manna skyldu í þeirri n. aðeins sitja 3 menn. Ég vildi aðeins gefa skýringu á því, hvernig á því stóð, að í upphafi var í frv. gert ráð fyrir, að 5 menn skyldu vera í hafnarnefnd þarna eða í þeirri n., sem hefur umsjón með lendingarmálum Eyrarhrepps. Undanfarið hefur hafnarnefnd verið í Hnífsdal, og í henni hafa verið 5 menn. Ég átti svo tal við hreppsnefnd Eyrarhrepps um það, hvort hún óskaði breyt. á þessu í samræmi við það, sem tíðkaðist í öðrum þorpum, þannig að 3 menn skyldu vera í þessari n. En hreppsn. óskaði þess frekar, að þetta væri óbreytt. Nú hefur hv. Ed. breytt þessu og gert ráð fyrir, að 3 menn verði í hafnarn. Vil ég ekki gera þetta að ágreiningsatriði og mun ekki hafa á móti því, að þetta ákvæði standi í l., úr því sem komið er.

Þá hefur hv. Ed. samkv. till. sjútvn. þeirrar hv. d. breytt ákvæði 8. gr. frv. um hundraðshluta þann, sem leggja má á brúttó verð afla hvers báts, og lagt til, að í stað 2% komi í frv. 6%. Upphaflega var gert ráð fyrir, að 2% gjald yrði lagt á brúttó verð aflans til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna, sem var í samræmi við það, sem gilt hefur í hafnarreglugerð, sem í gildi hefur verið á undanförnum árum fyrir þorpið. Það er svipað um þessa breyt. að segja og hina, sem ég gat um, að ég sé ekki ástæðu til að setja mig á móti henni. Og þar sem hér aðeins er um heimild að ræða til handa hreppsnefndinni, þá hygg ég, að á móti þessari breyt. verði ekki haft.

Þriðja breyt., sem hv. Ed. hefur gert á frv., er þess eðlis, að þar er frekast um smávægilega leiðréttingu að ræða. Sé ég ekki ástæðu til að gera hana að umræðuefni.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 326).

——o——

## 30. Hafnargerð í Dalvík.

Á 22. fundi í Ed., 21. sept., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 8. sept 1931, um hafnargerð á Dalvík** (þmfrv., A 81).

Á 24. fundi í Ed., 24. sept., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Bernharð Stefánsson):** Þetta frv., sem ég hef hér lagt fram á þskj. 81, er um nokkra breyt. á l. um hafnargerð á Dalvík frá 1931, og þó að þetta frv. geri nú allmiklar breyt. á tveim gr. l., eins og þær hljóða, þá er nú breyt. samt sem áður ekki eins mikil og ætla mætti, sökum þess að þegar er búið að veita til hafnargerðarinnar allmiklu meira fé en ráð er fyrir gert í l. frá 1931, eins og ég mun síðar víkja að. Þetta frv. er því að nokkru leyti staðfesting á því, sem þegar hefur gerzt, og virðist réttara, að slík ákvæði séu tekin inn í hafnarl., þó að það fé, sem farið hefur fram úr upprunalegri áætlun, sé veitt á löglegan hátt, og þyrfti þess vegna ekki að leita nýrrar lagaheimildar.

Þetta frv. er aðeins í þrem gr. Í 1. gr. er farið fram á það, að framlag það, sem ætlazt er til, að ríkissjóður leggi til hafnargerðarinnar á Dalvík, sé hækkað upp í 480 þús. kr. úr 150 þús. kr., sem nú er í hafnarl. Auk þess er í 1. gr. fellt burtu ákvæðið um það, að ⅕ kostnaðar skuli koma sérstaklega frá sveitarsjóði Svarfaðardalshrepps. Í frv. er í stað þess gert ráð fyrir því, að ⅗ kostnaðar verði greiddir af hafnarsjóði Dalvíkur. Það sýnist í rauninni óþarfi að hafa þessa skiptingu milli sveitarsjóðs Svarfaðardalshrepps og hafnarsjóðs Dalvíkur, sem nú er í gildandi l. Svarfaðardalshreppur ber ábyrgð á hafnarsjóði Dalvíkur á allan hátt og hleypur að sjálfsögðu undir bagga, ef hafnarsjóður getur ekki staðið straum af sínum gjöldum. Ef á hinn bóginn hafnarsjóður getur staðið straum af gjöldunum, þá sýnist ástæðulaust annað en að hann geri það.

Í 2. gr. frv. er svo heimild ríkisstj. fyrir hönd ríkissjóðs til að ábyrgjast lán, er kynni að verða tekið vegna hafnargerðar Dalvíkur. Þessi ábyrgðarheimild hækkar allverulega eða úr 150 þús. kr. í 720 þús. kr.

3. gr. frv. er við 7. gr. l. og er um það eitt, að hafnarnefndarmennirnir þrír skuli kosnir af hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps. En í l. segir, að einn skuli kosinn af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu. Virðist þetta vera ástæðulaust, að einn

nm. sé kosinn með öðrum hætti en hinir, og í öðru lagi hefur reynslan sýnt það, að þetta hefur valdið óþægindum og jafnvel óvissu um, hver ætti sæti í n. Stundum hefur t. d. ekki verið fullvíst um kjörtímabil þessa eina nm., sem kosinn hefur verið af sýslun. og hvort hann ætti sæti í hafnarn. eða ekki.

1. og 2. gr. hafnarl. frá 1931, sem hér er aðallega um að ræða að breyta, voru byggðar á áætlunum, sem þá lágu fyrir, og var þá áætlað, að höfn á Dalvík, sem átti að verða allmikið mannvirki, mundi kosta um 375 þúsund kr. En þó að hafnarl. væru sett, þá var ekki hafizt handa um framkvæmdir, og liðu allmörg ár, þar til framkvæmdir byrjuðu, en þá var árferði orðið breytt, fyrst og fremst að því er verðlag snerti. Einnig breyttust að nokkru leyti fyrirætlanirnar um það, hvaða framkvæmdir skyldi vinna þarna. Þegar hafizt var handa um verkið, þá var byggt á till. og áætlunum vitamálastjórnarinnar um það að byggja hafnargarð norðan við höfnina, og mun hann hafa átt að vera um 300 metra langur. Þá var ráðgert að gera hafnarbryggju innan við þennan garð. Sérstök áætlun var gerð um þessar framkvæmdir allar, og var hún um 500 þús. kr. Og satt að segja hafa fjárveitingar Alþ. á fjárl. síðan verið miðaðar við þessa áætlun og þessi fyrirtæki, en ekki við l. eins og þau eru frá 1931, nema hvað hlutfallið hefur haldizt.

Árið 1940 var afráðið að gera bryggju meðfram innri hlið garðsins. Ég get nú ekki fullyrt neitt um það, hvað verkinu er langt komið nú í dag, en ætlunin var, að á þessu hausti yrði hafnargarðurinn fullgerður til bráðabirgða, en hann á að verða 187 metrar að lengd og bryggjan með fram innri hlið hans 116 metrar að lengd. Kostnaðurinn, sem fyrirsjáanlegur er í sambandi við þessar framkvæmdir, mun verða eitthvað yfir 600 þús. kr. Ég skal geta þess um þessar framkvæmdir á Dalvík, að það hefur þegar orðið mikið gagn að hafnargarðinum og það á meðan hann var tiltölulega mjög stuttur. Það hefur komið í ljós, að lítil á, sem rennur til sjávar rétt norðan við garðinn, ber fram möl og grjót. Þessi möl fór áður inn með landinu og fyllti þar upp, en nú leggst hún að garðinum og myndar eyri með fram honum að norðanverðu. Á þessu sýnist munu verða áframhald, og þá getur þarna orðið mikill og öruggur skjólgarður, miklu öruggari en nokkuð það, sem hægt er að gera með manna höndum.

En þó að frv. sé að nokkru leyti staðfesting á fyrri fjárveitingum og ábyrgð ríkissjóðs, sem farið hefur nokkuð fram úr því, sem l. ákveða, þá hefur frv. þó víðtækara ætlunarverk. Það er sem sé miðað við það, að framkvæmdir haldi þarna áfram, a. m. k. þannig, að hinn fyrirhugaði garður að norðanverðu verði fullgerður, hvað svo sem líður hinum garðinum, sem á móti á að koma. Ég býst við, að það eigi langt í land, að hann komi. Ég vil nú benda á það, að þó að þessi breyting á hafnarl. verði samþ., þá er ekki hundrað í hættunni, því að þessi framlög koma ekki til greina, nema fé sé veitt til þess í fjárl., og náttúrlega gæti þingið veitt í fjárl. fé til þessara framkvæmda, þó að hafnarl. væri ekki breytt. En rétt þykir, að hafnarl. séu í samræmi við þann tíma, sem nú er, þó að ekki sé nú ætlunin að gera miklu meira að sinni en þegar er orðið.

Ég þarf ekki að lýsa staðháttum á Dalvík. Það er sjálfsagt öllum hv. þm. kunnugt, að það er mikil útgerð frá Dalvík, og hún hefur þegar haft mikið gagn af því, sem gert hefur verið til hafnarbóta. Og þó búast allir við því, að bæði öryggi og aðstaða batni til stórra muna, eftir að því verki, sem nú er verið að vinna, verður lokið. En það er ekki einasta útgerðin á Dalvík, sem hefur hagsmuni af því, að þarna komi sæmileg höfn. Eins og allir munu vita, þá er Dalvík með Svarfaðardalshreppi eitt fjölmennasta sveitarfélag hér á landi, þar er allmikil verzlun og töluvert mikið um uppskipun og framskipun á alls konar vörum. Þess vegna er það auðvitað mál, að hér er um mikið stórmál að ræða fyrir þetta pláss.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 30. fundi í Ed., 7. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 81, n. 128).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Sjútvn. hefur athugað þetta frv. og borið saman við gildandi lög um hafnargerð í Dalvík.

Frv. felur í sér þá breyt., að fjárframlag ríkissjóðs verði hækkað úr 150 þús. kr. í 480 þús. kr. og að ábyrgð ríkissjóðs verði hækkuð úr 150 þús. kr. í 720 þús. kr.

Það mætti kannske þykja dálítið undarlegt, að í einu og sama héraði séu tvenns konar hafnarlög, en svo er ekki, eins og sjá má, þegar málið hefur verið rannsakað.

Sjútvn. telur það ekki verkefni sitt að setja þröskuld í veg þeirra bæjarfélaga, sem vilja koma upp hjá sér mannvirkjum eins og þeim, sem hér er um að ræða, ef þau vilja leggja á sig þær fjárhagslegu byrðar, sem þeim hljóta að fylgja, og nægilegt fé er fyrir hendi til að hrynda framkvæmdunum af stað. Leggur n. því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

**Bernharð Stefánsson:** Ég vildi aðeins tjá hv. sjútvn. þakkir mínar fyrir afgreiðslu þessa máls, sem er á þann veg, sem ég hefði helzt kosið, þar sem hún leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Ed., 11. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 30. fundi í Nd., s.d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 32. fundi í Nd., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 81, n. 277).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 41. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 327).

—o—

## 31. Hafnarlög fyrir Ólafsfjörð.

Á 18. fundi í Ed., 15. sept., var útbýtt:
**Frv. til hafnarlaga fyrir Ólafsfjörð** (þmfrv., A. 58).

Á 20. fundi í Ed., 17. sept., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 58, er flutt samkv. ósk hafnarnefndar Ólafsfjarðarhrepps, og standa sjálfsagt allir Ólafsfirðingar bak við nefndina í þessu máli. Ósk um það að flytja þetta frv. var beint til okkar beggja þm. héraðsins. Þess vil ég geta, að samkomulag varð milli okkar þm. um það, að frv. skyldi flutt í þessari hv. d. Mönnum kann ef til vill að finnast að farið sé fram á nokkuð mikið með þessu frv. En þeir, sem þekkja til í Ólafsfirði eða vildu kynna sér staðhætti þar, vita eða munu komast að raun um, að það er ekki aðeins nauðsyn, heldur hreint og beint lífsnauðsyn fyrir Ólafsfirðinga, að þar verði gerð sæmileg höfn. Það er nú sennilega flestum kunnugt, að Ólafsfjörður er stærsta útgerðarstöð við Eyjafjörð. En ég hygg, að það sé síður kunnugt, að þar mun einnig vera stærsta þorskveiðistöð á Norðurlandi, og einnig er þaðan styzt til beztu fiskimiða fyrir Norðurlandi. Vegna þess hefur vaxið þar upp allstórt kauptún. Kauptún þetta byggir tilveru sína algerlega á útgerð. En það, sem háir útgerðinni og skapar ýmis konar erfiðleika í Ólafsfirði, er einkum það, að lendingarskilyrði eru þar slæm og að þar er sífelld hætta fyrir báta, er þar þurfa að liggja, yfir vetrartímann, og hefur það t. d. reynzt með öllu ómögulegt að láta báta liggja þar frá byrjun sept., og jafnvel oft þó að komið hafi verið fram á vor. Þá hefur og það slys borið að höndum fyrir allmörgum árum, að einir 18 bátar, sem þar lágu, fórust með ýmsum hætti. Suma rak á land og brotnuðu þar í spón, en aðrir sukku úti á firði. En það, sem þó er alvarlegast, er, að þetta versnar eftir því, sem árin líða. Sjórinn ber fram grjót og möl frá norðri inn að bátabryggjunni, sem er í þorpinu, en áin, sem rennur í fjarðarbotninn, ber fram sand. Þennan sand ber að bátabryggjunni einkum úr vesturátt. Og það er beinlínis svo komið nú, að meðalstórir bátar, hvað þá stærri, geta ekki lagzt að bryggju, ef þeir eru hlaðnir, nema hásjávað sé, og það eru ekki lengur tiltök að salta síld í Ólafsfirði, en það var þó töluverður bjargræðisvegur þar fyrir nokkrum árum. Það virðist því svo komið í þessum efnum, að það séu aðeins tveir kostir fyrir hendi, að því er Ólafsfjörð snertir. Sá hinn fyrri, sem ég held, að fáum muni finnast góður, er, að útgerðin leggist niður með öllu. Þá mundi fara svo, að fólkið yrði að flytjast burt úr kauptúninu, því að eins og ég vék að áðan, þá er þar ekki um aðra bjargræðisvegi að ræða en sjávarútveg. Hús og önnur verðmæti, sem í kauptúninu eru, mundu standa ónotuð og verða smám saman verðlaus af þessum sökum. Með öðrum orðum, allstórt kauptún, eins og Ólafsfjörður er, mundi leggjast í auðn, með öllum þeim afleiðingum, sem það mundi hafa í för með sér.

En annar kosturinn er sá, að byggð verði þar höfn, eins og lagt er til hér í þessu frv. Það er nú ekki vafamál, að höfn í Ólafsfirði mundi verða nokkuð dýr, en ég er ekki í vafa um, að hún kostar ekki eins mikið og þau verðmæti, sem annars mundu fara þar forgörðum, ef höfnin yrði ekki byggð. Ég skal í því sambandi geta þess, að eftir því sem mér hefur verið gefið upp, þá var þorskaflinn sem barst á land í Ólafsfirði, um 800 þús. kr. að verðmæti á ári fyrir stríð, en nú á stríðsárunum um 1½ millj. kr. á ári. Og ef litið er á málið frá þjóðhagslegu sjónarmiði, er það auðsætt, að aflinn mun ekki verða lengi að borga þessa höfn, jafnvel þótt hún yrði nokkuð dýr. Hér er þó ekki talinn með síldarafli á bátum frá Ólafsfirði, sem hafa lagt upp annars staðar í ár.

Ég vildi nú segja þessi fáu orð um almennar ástæður þeirra Ólafsfirðinga, en um frv. sjálft er ekki mikið að segja. Almenn ákvæði þessa frv. eru að kalla eins og í öðrum þeim hafnarlögum, sem sett hafa verið nú á síðari árum. En að því er sérákvæði snertir, þá skal ég geta þess, að í 1. gr. er gert ráð fyrir, að til hafnargerðar í Ólafsfirði greiðist úr ríkissjóði ⅔ kostnaðar eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, og upphæðin tiltekin allt að 1 millj. kr., gegn ⅓ úr hafnarsjóði Ólafsfjarðar.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ríkisstjórninni

sé heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 1½ millj. kr. lán, sem hafnarsjóður Ólafsfjarðar kann að fá til hafnargerðar gegn ábyrgð sveitarsjóðs og sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu. Þessar upphæðir, sem nefndar eru í 1. og 2. gr. frv., eru að nokkru leyti byggðar á áætlun hr. verkfr. Þorláks Helgasonar á vitamálaskrifstofunni, en þó verður að gera þar nokkrar aths. Hann hefur gert hvers konar áætlun um verkið og tilhögun þess, og yfir kostnaðinn hefur hann sundurliðaða áætlun. Miðar hann á öðrum staðnum við verðlag fyrir stríð, en í öðru lagi við verðlag eins og nú er. Samkvæmt hinu fyrrnefnda verðlagi er kostnaður kr. 1.215.000.00, en samkvæmt verðlagi í ár kr. 5.245.000.00. En nú er að sjálfsögðu ekki gert ráð fyrir, að lagt verði út í nema þann hluta verksins, sem nauðsynlegastur er, meðan styrjöldin stendur yfir, og því síður, að hafnargerðinni verði lokið, enda ekki hægt að vita, hvaða verðlag verður, þegar ófriðnum lýkur, þó að allir búist við því, að verðlag fari þá mjög lækkandi. Í frv. er því farið mitt á milli þessara áætlana, sem ég nefndi áðan, og gert er ráð fyrir í 1. og 2. gr. þess, að hafnargerðin kosti 2½ millj. kr.

Ég skal geta þess, að það er einmitt í samráði við hr. verkfræðing Þorlák Helgason, að þessi upphæð er sett, þó að hann hafi samkvæmt beiðni gert áætlun á þann hátt, sem ég sagði áðan, miðað kostnað hafnargerðarinnar við verðlag fyrir stríð og hins vegar við verðlag nú.

Mun ég nú ekki fara fleiri orðum um þetta mál. Ég veit, að það þyrfti að gefa þeim, sem ókunnugir eru, miklu fleiri upplýsingar en í mínum fáu orðum felast, en ég vil benda hv. þm. á það, að ég hef látið prenta tvö fskj. með þessu frv. Í fyrsta lagi er bréf frá hafnarnefnd Ólafsfjarðar til okkar alþm. Eyjafjarðarsýslu og í öðru lagi till. frá hr. verkfræðing Þorláki Helgasyni um hafnargerðina með sundurliðun á því, hvernig hún eigi að vera. Í þessum tveim fskj., ætla ég, að séu nokkrar upplýsingar um málið, svo að menn geti samkvæmt því gert sér nokkrar hugmyndir um þetta. Frekari gögn eru hjá mér um þetta mál, sem ég vildi ekki láta kosta til að láta prenta. Að sjálfsögðu mun ég afhenda þau gögn þeirrí n., sem fær málið til meðferðar. Þá er það og sjálfsagt, að n. leiti álits vitamálaskrifstofunnar um málið, og þar munu einnig vera fleiri gögn, svo sem teikningar af mannvirkjum. Ég vona því, að allir hv. dm. eigi þess kost að gera sér glögga grein fyrir þessu máli. Læt ég svo nægja að óska þess, að d. taki þessu máli vel og greiði fyrir því til 2. umr. Legg ég til, að því verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 30. fundi í Ed., 7. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 58, n. 131).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Sjútvn. hefur athugað þetta frv. og borið það saman við gildandi l. um hafnir á landinu og einnig rætt um það við vitamálastjóra, sem er sammála um, að það nái fram að ganga. N. varð sammála um að gera lítilfjörlegar breytingar á frv., sem kemur fram á nál. á þskj. 131. Hvað viðvíkur fyrstu breyt., að í stað „Landsbankans“ í 1. málsl. 2. gr. komi: opinberra lánsstofnana, — þykir n. rétt að binda sig ekki við Landsbankann einan. Hvað sem sektarákvæðunum líður, varð n. sammála um að samræma frv. öðrum gildandi lögum. Þá varð hún ásátt um, að rétt væri að hækka sektarákvæðið úr 500 kr. í 20000 kr., því að hagkvæmt gæti verið fyrir viðkomendur að brjóta ákvæðið, ef sektin væri mjög lág. Þriðja brtt. er við 10 gr. og er á þá leið að fella burtu staflið c, og er það gert til samræmingar. 4. brtt., er n. leggur til, að gerð verði, er við 18. gr. frv., og er hún gerð til samræmingar við önnur lög. Sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. frekar, en legg til, að það verði samþykkt að gerðum þessum breytingum.

**Bernharð Stefánsson:** Sem flm. frv. finn ég ástæðu til að þakka hv. sjútvn. þann góða skilning, sem hún hefur sýnt í þessu máli.

Um brtt. þær, sem n. flytur, er fátt að segja. Ég get verið sammála n. um að fella niður það ákvæði að gera það að skilyrði fyrir ríkisábyrgð, að lánið sé tekið fyrir milligöngu Landsbankans og að í staðinn komi: opinberra stofnana. — Þetta ákvæði er nú ástæðulaust og úrelt, þótt það hefði þýðingu á sínum tíma. Ég hef ekkert á móti hækkun sektarákvæðisins, eins og n. leggur til. Mér fannst í fljótu bragði lágmarkið vera of hátt, en er ég hafði fengið þær upplýsingar, sem n. lét í té, sé ég, að rétt er að hækka það.

Ég sé ekki ástæðu til að óska neinnar breytingar á till. og mun því fylgja þeim brtt. eins og þær liggja fyrir. Endurtek ég svo aðeins þakklæti mitt til nefndarinnar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 131,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 131,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
6.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 131,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
11.—17. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 131,4 samþ. með 11 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 33. fundi í Ed., 12. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 31. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 33. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 156, n. 276).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2.—19. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 41. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 328).

—o—

## 32. Eyðing svartbaks.

Á 32. fundi í Ed., 11. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um eyðingu svartbaks** (þmfrv., A. 157).

Á 34. fundi í Ed., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson):** Þetta frv., sem við flytjum saman, ég og hv. þm. Str., er ekki stórt að vöxtum. Þessi lög voru fyrst sett 1941, og af fenginni reynslu af þeim þykir sjálfsagt, að þau skuli gilda áfram. Það hefur komið í ljós, að svartbakur hefur horfið úr eggverum og ungafjöldi æðarfugls hefur aukizt. En sums staðar við Breiðafjörð sást varla æðarfugl um skeið. Þessi lög virðast því, það sem af er, hafa náð tilgangi sínum, og vænti ég þess, að hv. deild taki þessu máli vel, og óska, að því verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GJ, GÍG, IngP, KA, LJóh, PHerm, ÞÞ, StgrA.

**nei:** BBen, EE.

7 þm. (HG, HermJ, JJ, MJ, PM, BSt, BrB) fjarstaddir.

---

Á 37. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 157, n. 203).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson):** Herra forseti. Eins og þskj. 203 ber með sér, hefur þetta mál verið tekið fyrir og rætt í deildinni 19. okt. og í landbn., og voru allir nm. sammála um að mæla með því, að það yrði samþ. hér í deildinni.

Þetta er aðeins framlenging l. frá 1941 um sama efni, en ekki raunveruleg breyting. Þó þótti rétt að breyta þeim lítils háttar vegna ástandsbreytingar, sem orðið hefur í þessu efni. Á það var minnzt við fyrri umr., að þótt l. hafi skamma hríð í gildi verið, hafi þau virzt koma að miklu gagni. Æðarungar hafa komizt betur upp, svo að áberandi er. Áður sáust stundum ekki nema tveir æðarungar umhverfis varpeyjarnar, en nú er það mjög breytt, og hefur þeim fjölgað mjög og sjást nú hópar sunnan við varplöndin.

Hin hliðin, sem snýr að eyðingu svartbaks, er sú, að hann spillir mjög veiði í laxám. Árangur laganna, að því er hann snertir, virðist sá, að skaðinn, sem hann gerir varpeigendum, fer minnkandi og fiskigangan upp í árnar er örari. En sem kunnugt er, þá er mikill fjöldi þessara fugla við árósa, þar sem grynningar eru, og situr þar fyrir bæði laxi og silungi, sem leitar upp í árnar.

Hefur n. orðið sammála um að mæla með því, að lög þessi verði framlengd til ársloka 1945.

**Bjarni Benediktsson:** Ég verð að benda á, að ekki hefur nema nokkur hluti nm. fjallað um þetta mál, og virðist mér hv. frsm. vera nokkuð bráðlátur um framgang málsins. Hins vegar væri fróðlegt að sjá niðurstöður landbn. og fá að vita, hvort n. hefur borið sig saman við sérfræðinga á þessu sviði um það, hvort þessi mikla fjölgun æðarunga er af þessum ástæðum eða öðrum eða hvort fiskivötn hafa batnað að mun. Síðast liðið sumar var t. d. lítil laxveiði víðs vegar um land. Ef það er rétt, að lögin hafi óholl áhrif á laxagönguna, virðist rétt að leita umsagnar sérfræðinga á þessu sviði, þótt ekki sé alltaf eftir tillögum þeirra farið. Sama gildir og um áhrif laganna á fuglalíf.

**Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson):** Ég verð að svara nokkrum orðum fyrirspurn, sem hv. 6. þm. Reykv. beindi til mín, og verð að segja það, að það er allt annars eðlis með æðarfuglinn en með laxagönguna, því að það er vitað, að laxinn þarf 4—5 ára tíma til þess að þroskast. Þess vegna á það ekkert skylt við þetta, þótt laxveiðin hafi farið forgörðum á síðasta sumri, en eftir 2—3 ár ætti hún að fara að glæðast af árangri laganna 1941 og fækkun svartbaks. Hitt sér maður fyrir sínum eigin augum, hvort ungviði fuglanna fjölgar, þegar maður sér varplöndin. En ég gat um það, að ekki væri víst, að það væri allt að þakka eyðingu fuglsins. Það gætu verið aðrar ástæður. En það er vitað, að þar, sem gengið hefur verið rösklegast fram í

að eyða svartbaknum, hefur æðarfuglinn komizt langmest upp.

Um sérfræðingana vil ég segja það, að n. hefur ekki sent fyrirspurn um þetta til þeirra núna, en ég hef talað um það við einn þekktasta veiðimann og athafnamann landsins, og ég hygg, að hann hati ekki nokkurt kvikindi eins og svartbakinn, að einu kannske undanteknu. En aftur er það annað, sem ég hef minnzt á áður, og þar þarf sérfræðinga til, að það er stundum, sem meiri áta er í sjónum og stundum minni, og ætti svartbakurinn að leggjast minna á fuglinn, þegar meira er um átu. Það eru ekki til skýrslur um það, hve mikil áta var í sjónum síðast liðið sumar, og þótt leitað væri til sérfræðinga um það, býst ég ekki við, að það kæmi að gagni. Þetta eru þær upplýsingar, sem ég get gefið, en ég tek það aftur fram, að þótt lítil laxaganga væri í ár, koma þessi ákvæði því máli ekkert við.

**Bjarni Benediktsson:** Það er nú að vísu rétt, sem hv. þm. Dal. (ÞÞ) sagði, að þetta mundi ekki hafa áhrif á laxagönguna strax á fyrsta ári, en nú hefur mér skilizt, að l. um eyðingu svartbaks hafi verið í gildi frá 1936, og það frv., sem hér er um að ræða, hefur þar að auki staðið í nokkur ár eða a. m. k. frá 1941, svo að ef fyrirmælin um eyðingu svartbaks hafa veruleg áhrif, ættu þau að hafa komið fram. En þar, sem gömlu l. um eyðingu svartbaks hefur verið framfylgt, eins og hér fyrir sunnan, er hann mikið til eyddur, þó að í öðrum héruðum, eins og Dalasýslu, hafi þeim verið illa framfylgt. Það er annað mál. Enn hafa ekki komið álit sérfræðinga, en æskilegt væri að fá álit fuglafræðinga um orsakasambandið í þessu efni.

**Haraldur Guðmundsson:** Mér þykir rétt að taka það fram, af því ég gat ekki verið á fundi n., þegar þetta mál var afgr., að ég var á sínum tíma á móti ákvæðinu um eitrun svartbaks í þessum l. og er á móti því enn. Ég vil taka undir með hv. 6. þm. Reykv. (BBen) og segja, að ég hygg, að ósannað sé, hver árangur hafi orðið að l., síðan þeim var breytt, og sérstaklega, hver árangur hafi orðið að eitrunarákvæðinu í l., sem hert var á, þegar þeim var breytt síðast. Ég get ekki verið samþykkur þessu, en ég mundi vera með till. um að fella burt eitrunarákvæðið, en herða þá á öðrum ákvæðum.

**Hermann Jónasson:** Ég er meðflm. að þessu frv., vegna þess að ég er á þeirri skoðun, að það sé nauðsynlegt að herða á þessum ákvæðum. Það hafa verið skiptar skoðanir um þetta mál og eru sennilega enn, og hefur verið dregið nokkuð í efa, hvort svartbakurinn hafi þau áhrif á fækkun æðarfuglsins, sem þeir, er fluttu þetta mál, telja líklegt og sannað.

Þessi aðferð með eitrun og eyðingu svartbaks var mikið reynd í Breiðafjarðareyjum fyrir forgöngu Péturs Eggerz, sem þar var um skeið, og reynslan var sú, að aukning varpsins varð mjög mikil, þegar gengið var að því að eyða svartbaknum, og æðarvarpseigendur lögðu á sig miklar kvaðir til þess að fá þessi verk unnin.

Það var, áður en þetta frv. var lagt fram, að rannsókn var gerð á því, hver áhrif svartbakurinn hefði á æðarvarpið, og liggur sú skýrsla fyrir frá Finni Guðmundssyni. Ég man ekki tölurnar, sem fram komu í skýrslunni um það, hvað hann taldi það mikið, sem svartbakurinn eyðilegði af æðarvarpinu, en þær tölur voru miklu alvarlegri en nokkurn hafði órað fyrir áður, svo að það er tvímælalaust, að svartbakurinn er hinn mesti vágestur fyrir æðarvarpið. Það er og ljóst, að svartbaknum hefur fjölgað, og liggja þær ástæður til þess, að áður voru egg hans nýtt víða um land, þegar vinnukraftur var ekki eins dýr og nú og meðan þeir tímar voru, að erfiðleikar voru oft um að ná sér í björg. Þá voru farnar á Vestfjörðum eggjaferðir upp um öll fjöll, og hér í nágrenni Reykjavíkur var t. d. farið upp á Akrafjall og á fleiri staði. En nú eru þessar eggjaferðir yfirleitt ekki farnar, og niðurstaðan er sú, að svartbaknum hefur fjölgað svo geysilega á seinni árum, að það sér hver maður, sem hefur fylgzt með þessu, að fjölgun hans er orðin stórhættuleg. Það þarf ekki annað en aka hér leiðina vestur um land til þess að sjá þetta og heyra af viðtali við menn, og það þarf ekki að fara lengra en hérna upp í Mosfellssveit til þess að sjá svartbakinn í tugþúsundatali í kringum bragga setuliðsins. Þetta er stór fugl, sem þarf mikla fæðu, og þarf ekki að efa, að hann þarf mikið, þar sem hann leggst á varpið. Spurningin er, hvernig menn vilja eyða honum. Aðferðin er sú að taka eggin og hin aðferðin, sem hér er mælt með, því að það er upplýst hér á þingi, að reynslan er sú, að það er ekki hægt að útrýma svartbaknum, svo að gagni komi, fyrir utan það að taka eggin, nema með þessum hætti. Þess vegna er það svo, að ef vinna á móti þessum ófögnuði í varplöndum og fiskivötnum, er ekki önnur aðferð til, sem við þekkjum, en þessi. Spurningin er sú, hvort aðferðin er ómannúðleg, og þegar rætt var um það, þá upplýstist, að kvalir þær, sem fuglinn líður við þetta eitur, eru ekki miklar. Um það lá fyrir vottorð frá sérfræðingi, þegar l. voru sett. Dauðinn kemur skyndilega, og það er alveg víst, að þessi aðferð er a. m. k. mannúðlegri en að skjóta fuglinn, því að það er vitað mál, að þessi fugl er ákaflega skotharður, sem kallað er, og hann fellur ekki fyrir öðru skoti en því, sem hittir hann á stuttu færi og hittir hann vel. Það er enginn vafi á því, að það eru miklu fleiri fuglar, sem fara særðir, en þeir, sem falla beinlínis fyrir skoti, og þetta er vegna þess, eins og þeir þekkja, sem farið hafa með skotvopn, að þessi fugl er ákaflega góður flugfugl og á þess vegna auðveldara en aðrir fuglar með að komast burt særður, enda sterkur og harðgerður.

Þegar athugað er, hve mikið fuglinn eyðileggur, og að honum fjölgar stöðugt, þegar athugað er, að ekki er önnur aðferð en eitrun, og þegar það er athugað, að þessi aðferð er mannúðlegri en skot, get ég ekki séð, að annað sé að gera en framlengja þessi l., því að fullvíst er, að eins og nú standa sakir, er þessi stórgerði og harði fugl að verða hreinasta plága í hlunnindum landsmanna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 39. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 37. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 39. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18:1 atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 42. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 157, n. 300).

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Herra forseti. Nefndin hefur athugað frv. og orðið ásátt um, að það yrði samþykkt. En frv. er aðeins um að framlengja lögin eins og þau eru, en þau myndu annars falla úr gildi í árslok. Það hefur komið í ljós, að þau hafa gert allmikið gagn, og telja má víst, að svo verði, ef þau verða í gildi áfram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:3 atkv.
2. gr. samþ. með 16:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:2 atkv.

---

Á 43. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 377).

—o—

## 33. Ítala.

Á 18. fundi í Nd., 17. sept., var útbýtt:
**Frv. til l. um ítölu** (þmfrv., A. 63).

Á 19. fundi í Nd., 20. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 20. fundi í Nd., 21. sept., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Flm. (Skúli Guðmundsson):** Með þessu frv. er lagt til, að heimilað verði, að gerðar séu samþykktir um ítölu, er komi í veg fyrir, að gróið land fari í auðn sökum of mikils ágangs búfjár. Fornar sögur herma, að landið hafi verið víði vaxið milli fjalls og fjöru. En gróðrinum hnignaði fljótt af ýmsum ástæðum. Menn sáu, að skógurinn var til margra hluta nytsamlegur, og var hann óspart notaður til eldiviðar, húsagerðar og til beitar fyrir búfé. Fleiri öfl hafa og verið að verki við eyðingu skógarins, og nú er svo komið víða, að þar er auðn ein, sem áður var trjágróður. En nú hafa augu manna opnazt fyrir því, að landbúnaðurinn þarf að byggjast á ræktun en ekki rányrkju. Ræktun hefur og aukizt mjög á síðustu áratugum. Lög hafa verið sett um skógrækt og sandgræðslu, og miklu fé hefur verið varið til skógræktar, sandgræðslu og heftingar sandfoks. En það er ekki síður nauðsynlegt að gæta þess, að gróðurlendi og nýrækt eyðist ekki aftur vegna ofbeitar, því að færi svo, má segja, að rifið sé niður með annarri hendinni það, sem byggt er upp með hinni. Góð afréttarlönd eru afar mikils virði. „Sauðirnir koma með spesíur á bakinu af heiðunum", sagði bóndi einn á seinni hluta 19. aldar. Þannig er þetta enn og verður framvegis, ef þessi gullnáma verður ekki eyðilögð. Ég hef þá trú, að sauðfjárrækt geti verið arðvænlegur atvinnuvegur og að unnt verði að framleiða hér sauðfjárafurðir, eigi aðeins handa þjóðinni sjálfri, heldur einnig til sölu á erlendum markaði. Sú trú byggist á því, að við höfum víðáttumikil fjalla- og heiðalönd með kjarnmiklum gróðri. En þess verður að gæta að eyðileggja ekki þessi auðæfi með ofbeit.

Lög hafa verið sett um forðagæzlu til þess að tryggja, að nóg vetrarfóður sé handa þeim búpeningi, sem settur er á vetur. Það er að sjálfsögðu gott, en gæta verður þess einnig að setja ekki of margt á hagana. Í þessu frv. er lagt til, að sýslunefndum sé heimilað að gera samþ. um ítölu í afréttar- og heimalönd. Nú getur staðið svo á, að ekki sé nægilegt, að slíkar samþykktir séu gerðar fyrir einstaka hreppa og einstakar sýslur, þar sem búfjársamgöngur eru miklar milli héraða. Þegar svo stendur á, er lagt til, að Búnaðarfélag Íslands taki málið til athugunar og skipi ítölunefnd, ef með þarf, — annars athugi sýslunefndir þetta hver á sínu svæði. Að öðru leyti vísa ég til greinargerðarinnar og bréfa, er þar eru birt. Ég óska svo, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn., og vænti þess, að hv. nm. og aðrir þm. taki því með velvilja og greiði því veg gegnum þingið.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég vildi aðeins benda n., er fjallar um þetta mál, á tvö atriði. Svo er ákveðið í frv., að allir þeir, sem búfé eiga í hreppnum, skuli kallaðir á fund, er afráða á um ítölumat. En ég er ekki viss um, að þetta sé rétt, t. d. í þorpum, þar sem margir eiga örfáar kindur, hest eða kú eða hvort tveggja. Þar, sem svo er, virðist mér málið fyrst og fremst snerta landeigendurna sjálfa, sem e. t. v. eiga ekkert búfé, og þyrfti að taka þetta til athugunar. Hitt atriðið er það, að vel sé ákveðið, hvað láta skal margar kindur móti einum hesti eða kú. Það væri afar mikilsvert að koma því í lög eða reglugerð, hversu stórar einingarnar skuli vera og það sama gildi á öllu landinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 21. fundi í Nd., 22. sept., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

---

Á 32. og 33. fundi í Nd., 14. og 18. okt., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 20. okt., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 63, n. 158, 159).

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Þetta frv. er, eins og tekið er fram í grg., flutt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, að lönd séu ofbeitt, bæði einstakar jarðir, upprekstrarlönd og afréttarlönd.

Landbn. hefur haft þetta mál til meðferðar og orðið á einu máli um að mæla með, að frv. verði samþ. með nokkrum breyt., sem n. flytur á þskj. 159. Hefur n. rætt um þær við hv. flm., þm. V.-Húnv., og hygg ég, að óhætt sé að segja, að samkomulag hafi orðið milli hans og n. um, að þessar breyt. yrðu gerðar á frv.

Skal ég nú fara nokkrum orðum um þær brtt., sem n. flytur og á hverju hún byggir þær.

Fyrstu tvær brtt. eru um, að í staðinn fyrir „búfjáreigendur" komi: búendur og landeigendur. Brtt. hníga að því, að n. telur ekki heppilegt að miða við búfjáreigendur, því að meðal þeirra er fjöldi manna, sem hefur hér engra hagsmuna að gæta, og sé því réttara að miða þau fundahöld, sem eiga að vera innan sveitanna við landeigendur og búendur. 3. brtt. er nauðsynleg lagfæring, sem leiðir af hinum tveimur brtt.

4. brtt. er um, að sett verði inn í 6. gr. nánari ákvæði, þannig að á eftir orðunum „Búfé skal lagt í einingar" komi: þannig að 9 kindur, veturgamlar og eldri, jafngildi einum nautgrip eða hrossi á sama aldri. Hverjum aðila er í sjálfsvald sett, hvort hann fyllir ítölu sína með einni búfjártegund eða fleirum til samans. Ítala í heimalönd skal miðast við stærð og nothæfni beitilands. — N. varð sammála um að leggja til, að hlutfall milli sauðfjár og nautgripa eða hrossa væri eins og segir í þessari brtt., þannig að 9 kindur væru lagðar á móti einum stórgrip. Þetta var borið undir ráðunauta Búnaðarfélagsins, og ég hygg, að þeir hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta væri mjög nærri lagi, borið saman við fóðurþörf þessara búfjártegunda.

Viðvíkjandi því atriði, hvernig ítalan skuli metin, þá hefði n. helzt kosið, að það hefði verið miðað við nothæft beitiland og matsverð þess, en það er ekki til neitt sérstakt mat á beitilandi í fasteignamati, og þess vegna er ekki hægt að kveða sterkara að orði en svo, að miða verði við stærð og nothæfni beitilandsins. Eins og kunnugt er, þá er mjög mismunandi hlutfall á jörðum milli ræktaðs lands og beitilands. Þegar um er að ræða, hvað beita megi miklum búpeningi í heimaland, verður að sjálfsögðu að miða við beitiland jarðarinnar. Aftur á móti er nokkuð öðru máli að gegna um ítölu jarða í afréttarlönd. Þá verður að miða við framleiðslumöguleika jarðarinnar allrar. Því leggur n. til í 5. brtt. sinni, að inn í 7. gr. komi ný setning um, að skipting jarða í sveitarfélagi eða upprekstrarfélagi skuli miðast við landverð jarðanna að frádregnum hlunnindum.

6. brtt. fer fram á að breyta að nokkru leyti orðalagi 10. gr. frv., sem er tekin upp úr sandgræðslul. Miðar till. að því, að skýrar komi fram, að þar sé átt við það, ef land jarðar verður vegna sandgræðsluframkvæmda svo takmarkað, að ekki sé hægt að reka þar lífvænlegan búskap, og skuli þá ríkið skylt að kaupa afganginn fyrir matsverð samkvæmt eingnarnámsl.

Síðasta brtt. er afleiðing af hinum fyrri brtt. um, að í staðinn fyrir „búpeningseigendur" komi „ábúendur og landeigendur".

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu fyrir n. hönd að fara fleiri orðum um brtt., en hún leggur til, að frv. verði samþ. með þessum brtt.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls benti ég á nokkur atriði, sem ég taldi, að þyrfti að breyta. Sé ég nú, að hv. n. hefur tekið þær aths. mínar til greina. Þó hygg ég, að hún hafi gleymt einu atriði og að þörf sé að taka það til athugunar milli 2. og 3. umr. N. talar um landeigendur. Við hvað á hún þar? Í sveitum, þar sem engin þorp eru, er þetta skýrt. En í hreppum, þar sem þorp eru, er talsvert öðru máli að gegna. Þar eru menn, sem eiga litla landbletti eða lóðir, kannske eins og 100 fermetra. Þetta geta talizt landeigendur. Og þá er spurningin, hvort allir landeigendur, hvað lítið land sem þeir eiga, eiga að fara með heilt atkvæði á fundum, þegar um er rætt ítölu í beitiland. Ég held, að það mundi ekki verða vel séð, t. d. í Ólafsfirði, þar sem er eitt hreppsfélag og 9/10 eru í þorpinu og eiga lítinn landskika eða lóðarblett, en aðeins 1/10 hluti á jarðir og beitiland, ef hver af þessum 9/10 mættu fara með eitt atkvæði, þegar um væri að ræða ítölu í beitilandið. Ég held, að þurfi að breyta þessu þannig, að í staðinn fyrir „landeigendur" komi: jarðeigendur. Þetta vildi ég biðja n. að athuga betur.

Þá er annað atriði. Í allmörgum hreppum eru menn, sem hafa dálítið land til umráða, svo að þeir geta að nokkru leyti lifað á kvikfjárrækt, þó ekki alveg, heldur verða að miklu leyti að styðjast við annað, svo sem sjávarútveg. Þeir hafa einatt rétt til beitilands, oft þó takmarkaðan. Um þessa menn þarf sérákvæði, ef þeir eiga að geta fengið nokkurn íhlutunarrétt um, hvernig ítalan skiptist. Þeir eru ekki jarð- né landeigendur og teljast ekki ábúendur jarða. Ég veit, að þegar n. gáir að þessu, þá sér hún, að tillit þarf að taka til þeirra, sem hafa slík smábýli, og mun þess vegna koma með brtt. í sambandi við það við 3. umr.

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Í tilefni af þeim aths., sem hv. 2. þm. N.-M. kom með varðandi brtt. landbn., skal ég taka fram, að þar sem n. talar um landeiganda og ábúanda, þá á hún auðvitað við það, að atkvæðisrétt hafi

allir ábúendur innan sveitarinnar og þeir hafi ekki nema eitt atkv. hver, þó að það sé ekki tekið fram í brtt., en þar, sem talað er um landeiganda, þá komi þar til greina þeir, sem eiga jarðir í hreppnum, en búsettir eru e. t. v. utan sveitarinnar.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. N.-M. taldi, að það gæti valdið árekstri, að þeir menn, sem ættu lóðir undir húsum sínum, — og þar með væru þá landeigendur, — gætu átt hér atkvæðisrétt, þá skilst mér, að hann eigi þar aðallega við kauptúnin. En mér skilst, að það þyrfti ekki að reka sig á, þó að þeir hefðu atkvæðisrétt á fundum, sem tækju ákvarðanir um ítölu, því að þar er ekki viðvíkjandi ítölu um neitt annað land að ræða en það, sem er innan viðkomandi hrepps. Og í flestum tilfellum yrði það svo, hvað kauptúnin snertir, að sveitarfélagið á það land, sem ítala væri þar gerð í, sem í langflestum tilfellum er mjög lítið land. En þar kæmi ekki til greina að ákveða neitt um ítölu annarra sveita.

Hitt er aftur annað mál, sem hv. 2. þm. N.-M. vék að, að ef það er til, að það séu ábúendur á smábýlum, sem eru ekki taldir bændur, þá þurfi það að athuga, hversu slíkir menn eigi atkvæðisrétt á þeim fundum, sem hér er um að ræða. Og ef eitthvað er af þess háttar mönnum, sem eiga ekki land sitt, en eru taldir ábúendur, þá hygg ég, að gera þurfi brtt. við frv. fyrir 3. umr. varðandi þá menn.

**Páll Zóphóníasson:** Ég þakka fyrir það, að hv. frsm. landbn. vill taka til athugunar seinni aths. mína. En ég held, að hann þurfi að taka til greina þá fyrri líka, því að þótt hann skilji það, að hann eigi við jarðeigendur með orðinu „landeigendur", þá nota aðrir orðið um lóðaeigendur. T. d. í Nesjahreppi í A.-Skaftafellssýslu, þar sem helmingur af hreppsbúum býr í þorpi, eiga sumir þeirra land, en aðrir ekki. Og þar, sem landþrengsli eru mikil í einhverjum hreppi, þar þarf að gera ítölu — eins og í þessum hreppi —, og það mundi ekki ná nokkurri átt, að kaupstaðarbúar eða þorpsbúar í þessu tilfelli, sem eiga lóðir undir húsum sínum og kringum þau og hafa ekki annað land, eigi að koma á fund með atkvæði um það, hvernig réttur manna til beitilanda skuli skiptast með ítölu, þegar líka tekið er tillit til þess, að sums staðar er um það bil helmingur af fjáreign manna eign þeirra manna, sem hafa ekki neitt land fyrir það nema með því að láta það í óleyfi ganga á öðrum. Nei, — í öllum kringumstæðum eru það eigendur beitilandanna, sem um það eiga að ráða, hvort og hvernig ítala er gerð, en ekki allir landeigendur, eins og ég hef útskýrt. Þess vegna vil ég mjög leggja með því, að þetta atriði verði athugað líka, því að það er ekki sama landeigandi og jarðeigandi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 159,1,a—d samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 159,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 159,3 samþ. án atkvgr.
4. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 159,4 samþ. með 22 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 159,5 samþ. með 22 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 159,6 samþ. með 21 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 159,7 samþ. án atkvgr.
13. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
14.—17. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 36. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Fram kom skrifl. brtt. (sjá þskj. 242). — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 242,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 242,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 242,3 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 40. fundi í Ed., 26. okt., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 243).

Á 41. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 44. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 243, n. 332).

**Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson):** Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur legið fyrir hv. Nd., verið athugað þar af landbn. og fengið smávegis breyt. þar og er nú komið hér upp í Ed. frá Nd. Þetta er í raun og veru þarft frv., því að það hefur verið töluverðum erfiðleikum bundið að koma fram ítölu, en með þessu frv. virðist ráðin nokkur bót á því.

Landbn. hefur athugað frv., eins og það kom til hennar, og getur yfirleitt verið því samþykk, þótt e. t. v. hefði mátt fara betur um nokkur atriði. En hún vildi ekki fara að gera breyt., þar sem það var ekki bráðnauðsynlegt, til þess að vera ekki að hrekja frv. í Nd. aftur. T. d. er það nafnið á frv.: Lög um ítölu. Það hefði farið betur að hafa það: Lög um ítölu búfjár í haga eða beitiland. En í raun og veru skiptir það ekki miklu máli. Við vildum ekki fara að gera sérstaka till. um það, enda mætti við 3. umr. gera það, ef á annað borð verður þá farið að gera breyt. við frv. Enn fremur mætti bæta því við, að í 2. gr. er gert ráð fyrir, að „ábúendur og jarðeigendur" mæti á fundi og geri kröfu um ítölu. Gæti svo viljað til, að tvö atkvæði yrðu

greidd fyrir eina jörð, en þar sem ekki eru teknar aðrar ákvarðanir þar en leggja málið fyrir sýslufund, þá skiptir það litlu máli, hvort greidd eru tvö atkv. eða eitt, en yfirleitt mun ekki mikil hætta á því. Það verður undantekning, ef báðir mæta vegna sömu jarðar.

Einnig vil ég minnast á eitt atriði í 4. gr. frv., þar sem talað er um, að þegar fundarályktun hefur farið fram í viðkomandi sveitarfélögum, þá skuli oddviti sýslun. kalla fund svo fljótt sem ástæður leyfa. Þetta virðist benda til þess, að krefjast mætti aukafundar, en það gæti orðið dýrt, ef þeir eru oft haldnir. Ég held þó ekki, að það sé bein ástæða til að breyta orðalaginu, því að það er sýslun. sjálf, sem metur þetta, og ólíklegt, að það geti ekki fallið saman við aðalfund, og lít ég þannig á, að ekki þurfi að setja af stað sérstakan fund, ef önnur mál gera það ekki nauðsynlegt. Ég vildi bara benda á þetta, en annars tel ég ekki ástæðu til að gera breyt. á frv. og legg því til, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir við þessa umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—17. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 45. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 378).

—o—

## 34. Ófriðartryggingar.

Á 34. fundi í Nd., 20. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 9. júlí 1941, um ófriðartryggingar** (þmfrv., A. 202).

Á 36. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Þetta frv. er flutt og samið af mþn. í sjávarútvegsmálum og miðar að því að létta af útgerðarmönnum og eigendum fiskveiðiskipa hér við land ófriðartryggingargjöldum, svo fremi að ekki verði á þeim skaðar vegna stríðsins. Verði hins vegar tjón, er gert ráð fyrir, að tryggingarnar taki til starfa og tryggingargjöldin verði innheimt til að standast kostnaðinn af tryggingunni.

Skip, sem nú stunda fiskveiðar hér við land, verja nú mörg stórfé til greiðslu tryggingargjalda, en reynslan hefur sýnt, að ekki hefur komið til, að tjón yrði, svo að teljandi sé, og þessi gjöld því verið greidd út úr landinu ófyrirsynju. Þessi l. yrðu því á sama grundvelli og lausafjártryggingar. Það er ekki ætlazt til, að tryggingarnar taki til starfa, nema tjón verði.

Ég held því, að það geti haft talsverða þýðingu fyrir sjávarútveginn, að þessi l. nái fram að ganga nú á þessu þ. Fyrir þá, sem hafa smíðað eða eru að smíða ný skip, verður kostnaðurinn ásamt tryggingunum nær óbærileg byrði.

Þetta frv. hefur fengið mikla athugun í mþn í sjávarútvegsmálum. Það var sent atvmrh., en hann sendi það sjútvn. með þeim ummælum, að hún greiddi fyrir því, eftir því sem hún sæi sér fært. Ég legg því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 37. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 38. fundi í Nd., 26. okt., var frv. aftur tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—12 gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 42. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á43. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 46. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 202, n. 366).

**Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson):** Sjútvn. hefur fengið þetta frv. til athugunar, og hefur n. farið í gegnum það og borið það saman við gildandi l. um þetta efni, og er n. á einu máli um að leggja til, að frv. nái fram að ganga eins og það liggur fyrir. Þetta frv. hefur verið undirbúið af mér og samið af mþn. í sjávarútvegsmálum 1943 og hefur síðan verið athugað og fram borið af þeirri n. Frv. fylgir nokkur grg. frá mþn., þar sem gerð er grein fyrir því, hvers vegna mþn. telur nauðsynlegt að gera þær breyt. á l. um ófriðartryggingar, sem lagt er til í frv. þessu. Eins og bent er á í grg. mþn., þá þótti ekki næg ástæða til að láta l. um ófriðartryggingar, sem samþ. voru 1941, ná til skipastóls landsmanna, sökum þess að útgerðarmenn áttu þá aðgang að slíkum tryggingum. Nú hefur reynslan sýnt, að fáir útvegsmenn hafa notað sér þá aðstöðu, sem þeir hafa haft til þess að kaupa ófriðartryggingar fyrir skip sín, og hafa þeir því orðið að borga óeðlilega háar tryggingar. Mþn. hefur kynnt sér það ýtarlega,

hvort ekki væri nauðsynlegt að breyta l. um ófriðartryggingar þannig að skylda útgerðarmenn til þess að tryggja öll íslenzk skip, sem eingöngu stunda fiskveiðar og flutninga með ströndum fram, og kaupa ófriðartryggingar fyrir skip sín, og n. komst að þeirri niðurstöðu eins og mþn., að nauðsynlegt væri að skylda útvegsmenn til þess að kaupa þessar tryggingar. Sjútvn. er því sjálfsagt sammála mþn. um þau sjónarmið, sem í frv. felast, og athugun á einstökum gr. frv. hefur sýnt, að frv. er fullkomlega í samræmi við önnur ákvæði núgildandi l. um ófriðartryggingar, og leggur hún því til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 48. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 435).

——o——

## 35. Lendingarbætur í Vogum.

Á 28. fundi í Nd., 7. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um lendingarbætur í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi** (þmfrv., A. 138).

Á 30. fundi í Nd., 11. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Í grg. þessa frv. er í aðalatriðum tekið fram það, sem máli skiptir fyrir hv. þdm., til þess að þeir hafi rétta aðstöðu til að taka afstöðu og ákvörðun um þetta mál. En vegna þeirra, sem miður eru kunnugir staðháttum þarna í Vogum, skal ég drepa á það, að úti fyrir þessari væntanlegu höfn, ef frv. verður samþ., þar sem nú eru hafnleysur, eru einhver allra beztu fiskimið landsins, og ég geri ráð fyrir, að það sé öfgalaust að segja, að hæpið sé, að innan Faxaflóa liggi aðrir staðir betur við lendingarbótum en einmitt þessir staðir.

Það er alllangt síðan fram fóru rannsóknir á kostnaði við hafnar- og lendingarbætur á þessum stöðum, og þegar áður en heimsófriðurinn brauzt út, lágu fyrir um þetta ýtarlegar áætlanir, framkvæmdar af vitamálastjóra eða undir hans stjórn.

Með þessu frv. er farið fram á það, að auðið verði að hefjast handa í þessum efnum, og þó er hér ekki stílað hærra en svo, að reist verði mannvirki, sem fyrir stríð var áætlað að mundu kosta um 350 þús. kr. Það er álit þess manns, sem almennt er vitnað til í þessum efnum sem kunnugasta manns á þessu sviði, vitamálastjóra, að þessir staðir, sem hér ræðir um, liggi óvenjulega vel við hafnarmannvirkjum. Staðhættir þar eru þannig, að þar má með tiltölulega litlum kostnaði framkvæma mannvirki, sem geta orðið hlutfallslega að mjög miklu liði. Útgerð á þessum stað er nú ekki mjög mikil, enda eru hreppsbúar ekki nema um 300 manns. Og það er rétt að segja frá því, að hafnarskilyrði eru nú ekki betri þarna en svo, að þeir bátar, sem þar eiga heimilisfang, hafa neyðzt til að leita út fyrir hreppinn til skjóls fyrir útgerðina. En ef þessar lendingarbætur verða gerðar, sem frv. fjallar um, þá er víst, að þarna mun rísa upp blómleg útgerð, og ég hygg, að mjög margir fleiri en hreppsbúarnir þar mundu þá gera út fiskibáta sína frá þessum stað.

Það er einnig álit kunnugra manna og þar á meðal vitamálastjóra, að ef þessar lendingarbætur verða framkvæmdar, þá sé ráðin bót á mikilli þörf þeirra báta, sem fiska við Faxaflóa, fyrir athvarfshöfn. En þessi staður yrði tvímælalaust langlíklegasta athvarfshöfn við Faxaflóa. Þó hygg ég, að þessar lendingarbætur geti ekki fullnægt útgerðarmönnum í þessu efni, sem þar ræðir um. En hér er þá ekki heldur um neinn ákaflega mikinn kostnað að ræða eftir till. frv., samanborið við þær tölur, sem hæstv. Alþ. fjallar um. Og hvort sem landshöfn kemst á þarna syðra eða ekki, þá er ekki fyrir gýg unnið með þeim mannvirkjum, sem hér er farið fram á styrk til að framkvæma.

Ég minni aðeins á, að bæði þessi hreppur og aðrir nærliggjandi hreppar hafa verið mikil tekjulind ríkissjóði, án þess þó að ríkissjóður hafi borið vegna þeirra mikla bagga. Það tel ég einnig, að mæli með því, að ríkið veiti styrk í þessum efnum.

Vænti ég þess, að hv. þd. taki þessu máli með skilningi, og vil leyfa mér að mælast til þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

---

Á 37. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 38. fundi í Nd., 26. okt., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 138, n. 220).

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Sjútvn. hefur fengið þetta mál til meðferðar, og hefur það sætt líkri meðferð og önnur slík mál. Leitað hefur verið m. a. álits og umsagnar vitamálastjóra um það, eins og lög mæla fyrir, og mælir hann með því. Niðurstaðan hefur og orðið sú, að n. mælir með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 42. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 43. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 45. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 138, n. 349).

**Frsm. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Sjútvn. hefur athugað frv. þetta og borið það saman við gildandi lög um hafnarbætur og orðið sammála um að mæla með, að það verði samþ. með nokkrum breytingum, er um ræðir á þskj. 349.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 349,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 349,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
5.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 349,3 samþ. með 12 shlj. atkv,
8. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
9.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 349,4 samþ. með 12 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
13.—14. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 47. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 48. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 381).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9. shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 46. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 48. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 440).

—o—

## 36. Lendingarbætur í Stöðvarfirði.

Á 23. fundi í Nd., 27. sept., var útbýtt:
**Frv. til l. um lendingarbætur í Stöðvarfirði** (þmfrv., A. 96).

Á 24. fundi í Nd., 29. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 36. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 96, n. 201).

**Finnur Jónsson:** Herra forseti. Við höfum athugað þetta mál í sjútvn., og vil ég í fjarveru frsm. — hv. 2. þm. S.-M. — geta þess, að við höfum orðið ásáttir um það í n., að frv. verði samþ., og óska, að því verði vísað áfram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 38. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 3. umr.

**Frsm. (Eysteinn Jónsson):** Ég mun hafa verið fjarstaddur, er þetta mál var til 2. umr., en sjútvn. hefur haft málið til meðferðar og leggur til, að það verði afgr. frá deildinni óbreytt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18. shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 40. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 42. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 45. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 96, n. 350).

**Frsm. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Sjútvn. hefur haft þetta mál til athugunar og ber fram fjórar brtt., sem eru þó flestar smávægilegar. Að öðru leyti er n. sammála um að mæla með, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 350,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 350,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
5.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 350,3 samþ. með 12 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
9.—11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 350,4 samþ. með 12 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
13.—14. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 47. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 48. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 382).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 46. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér væri frv. endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 48. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 441).

—o—

## 37. Hafnarbótasjóður.

Á 15. fundi í Nd., 14. sept., var útbýtt:
**Frv. til l. um hafnarbótasjóð** (þmfrv., A. 57).

Á 17. fundi í Nd., 16. sept., var frv tekið til 1. umr.

**Flm. (Sigurður Bjarnason):** Herra forseti. Aðalefni frv. þess, sem ég og hv. 7. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm. flytjum hér, er að stofna sjóð, er nefnist hafnarbótasjóður. Tilgangurinn er sá að stuðla að bættum hafnar- og lendingarskilyrðum í sjávarþorpum og kaupstöðum, sem liggja vel við fiskimiðum. Það er öllum kunnugt, að einn versti þröskuldur þess, að sjósókn sé stunduð með árangri á ýmsum stöðum, er hafnleysið. Fjölda margir staðir, sem vel liggja við fiskimiðum, eiga þess lítinn kost að hagnýta sér þá góðu aðstöðu, en það er vitað, að með bættum skilyrðum er í senn hægt að efla aðstöðu þeirra og skapa aukin verðmæti til útflutnings. En meginverðmætin koma frá sjávarútveginum, og því er þessu fé vel varið fyrir þjóðina í heild.

Ég tel ekki nauðsyn á að fara mörgum orðum um frv. Það er ætlazt til, að í sjóðinn verði lagðar í upphafi af tekjuafgangi ársins 1943 3 millj. kr. og 300 þús. kr. á ári eftir það. Ég vil þó taka það fram, að það, sem fyrir okkur vakir, er fyrst og fremst það, að staðir, sem vel liggja við miðum, verði styrktir. Þrátt fyrir það að hafnarl. hafi fengizt sett fyrir marga staði, hafa ýmsir þeirra ekki haft bolmagn til að hefja framkvæmdir. Framkvæmdirnar eru svo umfangsmiklar og dýrar, að byggðarlögin rísa ekki undir þeim, ef þau eiga að leggja á móti framlagi ríkisins helming kostnaðar eða meira. Því höfum við flm. flutt frv. þetta.

Ég tel hér vera um mikið nauðsynjamál að ræða, einkum fyrir smáútgerðina, þar eð staðir með stórútgerð hafa oft betri aðstöðu til fjárframlaga. Smærri staðir hafa ekki eins mikið bolmagn til að skapa skilyrði til útgerðar. Nái þetta frv. fram að ganga, mun það verða til að auka smáútgerðina og útflutningsverðmæti þjóðarinnar.

Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að frv. verði vísað til sjútvn. að lokinni þessari umr.

**Finnur Jónsson:** Það er aðeins gott um þetta frv. að segja, þótt að vísu sé ætlazt til, að sjóðsins sé aflað með framlagi af tekjuafgangi ríkissjóðs eða leitað sé til framkvæmdasjóðs ríkisins. En ég vil aðeins spyrja hv. flm., hvort kaupstaðir landsins séu með vilja útilokaðir frá styrkveitingum úr þessum væntanlega sjóði. Í 1. gr. frv. stendur, að tilgangur sjóðsins sé að stuðla að bættum hafnar- og lendingarskilyrðum í kauptúnum og sjávarþorpum. Mér hefur skilizt, að ýmsir kaupstaðir ættu við erfið hafnarskilyrði að búa, t. d. Vestmannaeyjar og Akranes, og ætti hv. flm. að vera bezt kunnugt um það.

Ég vildi því fyrir mitt leyti beina því til hv. flm., hvort þeir mundu ekki taka til greina brtt. við síðari umr., þess efnis, að kaupstaðirnir væru ekki útilokaðir frá styrk úr þessum sjóði.

**Flm. (Sigurður Bjarnason):** Herra forseti. Varðandi þessa fyrirspurn vildi ég segja það, að fjarri fer því, að ég telji það eiga að vera útilokað, að kaupstaðirnir komi til greina með styrk úr þessum sjóði. Ég tel það fyllilega samkomulagsatriði í sjútvn., er mun fá þetta frv. til meðferðar, að breyta þessu.

Hins vegar játa ég það, að það er mín skoðun, að sérstaklega þurfi þeir aðilar á styrk að halda, sem tilnefndir eru í frv., þar sem færra er af fólkinu og fjárhagslegt bolmagn minna. En þrátt fyrir þetta meginsjónarmið mitt kemur breyt. í nefnda átt fyllilega til athugunar í n., og ég er óviss um, að það yrði gert að ágreiningsatriði frá hendi okkar flm. þótt frv. yrði breytt þannig.

**Pétur Ottesen:** Ég vildi aðeins taka undir orð hv. þm. Ísaf. og segja til viðbótar, að það kemur vitanlega alls ekki til mála að útiloka kaupstaðina frá framlögum úr sjóðnum, því að hafnarbætur eru þar víða skammt á veg komnar, svo að það er gersamlega óverjandi að binda svo mikið fé sem hér er um að ræða og útiloka þá jafnframt frá því. Að vísu er það rétt, að kaupstaðirnir hafa fjárhagslega meira bolmagn, en þó eru aðstæður víða þar svo erfiðar til hafnarbóta, að þær kosta gífurlegt fé, og það einmitt á þeim stöðum, sem liggja vel við fiskimiðum. Þá er og í hafnarlögum tekið nokkurt tillit til aðstöðumunar smærri og stærri staða um tillag úr ríkissjóði. Er það venjulega ⅔, en sumir kaupstaðir, þar sem aðstaðan er bezt, fá ekki nema ⅓ og svo allt að helmingi í smærri stöðum. Það er því tekið tillit til aðstæðna að þessu leyti.

Annars get ég tekið undir orð hv. þm. Ísaf. og flm. um það, að gott eitt er um það að tryggja nokkuð fé í þessu skyni, er vel lætur í ári. En það má ekki koma í bága við tilhögun

á framkvæmdum þessara mála, sem hér hefur verið. Allra sízt má útiloka einstaka staði. sem liggja vel við fiskimiðum, frá ríflegu framlagi.

En eftir því, sem hv. 1. flm. sagði, að ekki mundi hann gera ágreining um þetta atriði, ber fremur að líta á þetta orðalag sem ágalla, er stafar af ónógri athugun á málinu.

Í 4. gr. frv. segir, að ekki megi greiða fé úr sjóðnum, fyrr en Alþ. hafi sett nánari ákvæði um þær fjárveitingar. Hví ekki að setja þegar ákvæði inn í þetta frv. um fjárveitingarnar? Ef hægt verður að mynda þennan sjóð af tekjuafgangi ríkissjóðs 1943, þá væri engin ástæða til að bíða lengi með að nota það fé. Það væri því til athugunar fyrir n., hvort ekki ætti að skjóta ákvæðum um þetta inn í frv.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég er að sönnu ekki aðalflm. þessa frv., það er hv. þm. N.-Ísf., en út af umræðum um þetta mál vildi ég taka fram til skýringar, að frá minni hálfu er alls ekki tilætlunin að gera greinarmun á því hlutfalli, sem reynt hefur verið að skapa hér undanfarið um þátttöku ríkisins í hafnarbótum. Þetta hlutfall hefur verið nokkuð einskorðað, ⅓, ⅖ og ½ eftir ástæðum. Þannig hefur skapazt nokkur stigi í þessum efnum, þó ekki full glöggur, eftir getu þeirra staða, sem leggja áttu fé á móti ríkisframlaginu, og eftir nauðsyn hafnarbótanna.

Ég geri ráð fyrir, að tilhögunin á þessum málum eigi eftir að skýrast og skorðast nánar og vitamálastjóri geri helzt tillögur um mismunandi framlög ríkisins eftir aðstöðumun, en hann mun hafa bezt yfirlit yfir þessi mál.

Um Akranes og Vestmannaeyjar get ég sagt það sem meðlimur sjútvn. um langt skeið, að það er vitanlegt um þessa staði, að þeir hafa hér sérstöðu. Þar hafa verið byggðar upp hafnir úr hafnleysum gagnstætt því, sem er víðast hvar, og það er ekki nema sanngjarnt, að ríkið taki meiri þátt í þeim hafnargerðum, sem eru úti í hafi.

En höfuðtilgangur þessa frv. er ekki að bæta úr eða skilgreina þennan mismun á framlagi ríkisins, heldur er sjónarmiðið allt annað: Það er að hagnýta góð veiðisvæði sem bezt. Víða eru litlar eða engar hafnargerðir nálægt góðum fiskimiðum, af því að nærliggjandi sveitir eru svo fátækar, að þær geta ekki lagt fram fé á móti framlagi ríkisins til hafnarbóta. Úr þeirri fátækt er þessu frv. ætlað að bæta, og er það eigi síður til hagsbóta yrir þjóðarheildina, að góð veiðisvæði séu hagnýtt.

Að lokum vil ég alvarlega vara við því, að þessi sjóðmyndun verði gerð að einum þeim hrossskrokki til kjördæmalegra og atkvæðalegra hagsbóta, sem ýmis mál hafa hér verið gerð að. Þetta frv. verður að vera undanþegið þeim leik.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

---

**Á 37. fundi í Nd., 25. okt.,** var frv. tekið til **2. umr.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Alþt. 1943. B. (62. löggjafarþing).

Á 38. fundi í Nd., 26. okt., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 57, n. 221).

**Jóhann Jósefsson:** Herra forseti. Þetta frv. hefur verið til athugunar í sjútvn., og hefur hún leitað álits vitamálastjóra um það, sem var hugmyndinni hlynntur í heildardrögum, og yfirleitt eru nm. sammála um að lögfesta frv., með lítilli breyt. þó.

Fyrri breyt. er við 1. gr. Fyrri liður þeirrar breyt. er við 1. málsgr. 1. gr., að í stað orðsins „kauptúnum" komi: kaupstöðum. — Síðari liður breyt. er sá, að síðari málsliður gr. (1. gr.) falli niður. 1. gr. verður þá þannig: „Stofna skal sjóð, er nefnist hafnarbótasjóður. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að bættum hafnar- og lendingarskilyrðum í kaupstöðum og sjávarþorpum, þar sem aðstaða er góð til sjósóknar og framleiðslu sjávarafurða." N. ætlazt ekki til, að 1. gr. þurfi að vera lengri.

Hin breyt. er við 2. gr. og er einnig í tveimur liðum. Fyrri liðurinn er á þá lund, að í stað orðsins „tekjuafgangi" komi: tekjum. — En hinn liðurinn er um það, að síðari málsl. fyrri málsgr. falli burt.

Aðrar breyt. eru það ekki, sem n. hefur orðið sammála um að flytja, en ég skal geta þess, að hv. 2. þm. S.-M. áskildi sér rétt til að greiða atkv. móti breyt. á 2. gr., einkanlega þó fyrri liðnum.

**Eysteinn Jónsson:** Ég er sammála öðrum nm. um að samþ. þetta frv., en ég er ekki sammála brtt. við 2. gr. Eins og frv. er núna, er ráðgert að verja tiltekinni fjárhæð af tekjuafgangi ríkissjóðs 1943 til þessa fyrirhugaða sjóðs, og skal lagt fram úr framkvæmdasjóði ríkisins það, sem á vantar, ef tekjuafgangurinn nær ekki þessari upphæð. Þetta vil ég, að standi óbreytt, en hinir nm. vilja verja þessari upphæð af tekjum ríkissjóðs 1943 án tillits til, hvaða tekjuafgangur kann að verða. Það má vera, að í reyndinni verði enginn munur á þessu, ef tekjuafgangurinn hrekkur fyrir þessari tilteknu upphæð, en eigi að síður felli ég mig betur við, að Alþ. miði fjárveitingar sínar við tekjuafgang, en stofni ekki til stórfelldra útgjalda án þess að vita um afkomu ríkisins.

**Sigurður Bjarnason:** Ég get verið hv. sjútvn. þakklátur fyrir afgreiðslu þessa máls. Brtt. n. raska engu aðalefni eða tilgangi frv.

Fyrri lið í fyrri brtt. hv. n. get ég vel sætt mig við, að í stað orðsins „kauptúnum" komi: kaupstöðum, — það gerir verksvið sjóðsins víðtækara. Það var ekki tilgangur okkar flm. að útiloka kaupstaðina. Enn fremur felli ég mig við að fella niður síðari hluta 1. gr., þar sem kemur fram stefnuyfirlýsing um starfsemi sjóðsins, og það því fremur sem í 4. gr. er ákveðið, að ekki megi veita fé úr honum fyrr en Alþ. hafi sett nánari ákvæði um þær fjárveitingar.

Ég get enn fremur fallizt á þá breyt., sem hv. n. vill gera á 2. gr., að binda ekki fjárframlag til sjóðsins við tekjuafgang ríkissjóðs 1943, heldur orða þetta ákveðnar. Í þeirri brtt. felst nátt-

úrlega fullkomin trygging fyrir því, að féð verði lagt fram. Ég hafði að vísu búizt við, að nógu tryggilega væri um hnútana búið í 2. gr., þar sem svo er fyrir mælt, að fé skuli lagt fram úr framkvæmdasjóði ríkisins, ef tekjuafgangur hrökkvi ekki fyrir hinni tilteknu upphæð, þannig að sjóðurinn væri allar götur tryggur með framlag sitt. En ég get fallizt á þessa brtt. hv. n., sem miðar að því að tryggja sjóðnum fé, hvernig sem allt veltur.

Ég vænti svo, að þetta frv. fái greiða afgreiðslu. Það er mikið nauðsynjamál fyrir þjóðarheildina að létta undir með stöðum, sem liggja vel við góðum fiskimiðum, en búa við lítil hafnar- og lendingarskilyrði að öðru leyti.

**Pétur Ottesen:** Ég hreyfði nokkrum athugasemdum við þetta frv. við 1. umr., sem lutu einkum að því að benda á, að samkvæmt orðalagi þess væru kaupstaðirnir útilokaðir frá framlögum úr þessum sjóði. Það er vitað, að svo stendur á sums staðar í kaupstöðum, að aðstæður til hafnargerða eru svo erfiðar, að ekki er hægt að tryggja afgreiðslu og legu skipa nema með ærnu fé. Það er því fjarri öllum sanni að útiloka þá í þessu sambandi. Það kom að vísu strax fram hjá hv. 1. flm., að þetta hefði ekki verið meiningin, en samkvæmt orðanna hljóðan hefðu kaupstaðirnir verið útilokaðir, ef orðalaginu hefði ekki verið breytt. Ég er því hv. sjútvn. þakklátur fyrir þessa breyt.

Viðvíkjandi fyrri lið í brtt. n. við 2. gr., þá held ég, að fullt eins rétt væri að láta það vera eins og stendur í frv., að féð sé tekið af tekjuafgangi ársins 1943 eða úr framkvæmdasjóði ríkisins, ef tekjuafgangur verður ekki nægur. Í þeim sjóði eru nú tiltækar 8 milljónir kr. Það væri því öruggt með stofnframlag sjóðsins með því móti. Hins vegar væri leiðinlegt, ef niðurstaða ársins 1943 væri ekki hagstæð, — og hún mun ekki verða eins góð og síðastliðið ár, — að hafa gripið til þeirrar ráðstöfunar, sem n. leggur til. Aðalatriðið er að tryggja féð, og það verður eins vel gert með orðalagi frv.

Ég er því sammála hv. 2. þm. S.-M. um þetta atriði, sem stendur einn um það af nm.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 39. fundi í Nd., 28. okt., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 221,1. a—b samþ. með 21 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22. shlj. atkv.
Brtt. 221.,2. a—b samþ. með 16:12 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 16:2 atkv.
3.—5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 280).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 42. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 43. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 48. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 280, n. 389).

**Frsm. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Mál þetta hefur legið fyrir sjútvn. Ed., sem hefur gefið út nál. um það. Frv. hefur tekið allmiklum breyt. frá því að það kom fyrst fram í Nd. En ekki er ástæða til að rekja það hér eða fjölyrða meir um þetta á þessu stigi málsins. N. leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 50. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 442).

——o——

## 38. Lax- og silungsveiði.

Á 18. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.** (þmfrv., A. 172).

Á 33. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Garðar Þorsteinsson):** Herra forseti. Efni þessa frv. er það, að samþ. sé undanþága frá ákvæðum l. um lax- og silungsveiði til þess að heimila þar veiði á beitusíld og smásíld, sem sú veiði hefur verið stunduð að staðaldri, innan 500 metra frá árósum, þar sem það nú er óheimilt eftir ákvæðum l. um lax- og silungsveiði.

Þó að þetta frv. sé orðað almennt, þá hef ég ekki í huga nema einn stað á landinu, sem svo sérstaklega stendur á um, að í fjöldamörg ár hefur verið veidd beitusíld þar í marz og apríl, og það er við árósa Svarfaðardalsár. Það hefur veiðzt þarna smásíld og loðna á þessum tíma og komið sér mjög vel, sérstaklega vegna þess, að á þeim tíma hefur ekki fengizt nein beita þar önnur og smásíld veiðist yfirleitt ekki á þeim tíma á Akureyrarpolli. Dalvíkingar hafa notað

sér þessa veiði mikið, en eftir að laxveiðilöggjöfin var sett og veiðifélag var stofnað við Svarfaðardalsá, var kært yfir því, að þarna var veidd þessi smásíld við árósinn. Og samkvæmt l. var ekki hægt að komast hjá því að sekta fyrir þetta og banna veiðina. En frv. miðar að því að leyfa þessa veiði. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá mönnum, sem kunnugir eru göngu lax- og silungs, þá er talið, að ekki sé hætta á því, að þetta spilli fyrir göngu þeirra fisktegunda. Silungur gengur ekki upp í ána um þetta leyti árs og lax því síður.

Það liggja hér fyrir samþykktir frá Fiskifélagi Dalvíkur og Verklýðsfélagi Dalvíkur, þar sem skorað er á þm. að vinna að því, að þessi breyt. verði gerð á l. Og ég vona, ef sú n., sem fær málið til athugunar, sem ég hygg, að ætti að vera sjútvn., kemst að þeirri niðurstöðu, að þessi undanþága sé ekki hættuleg gagnvart göngu lax og silungs í ána, að þá nái þetta frv. fram að ganga nú á þessu þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 17:1 atkv.

---

Á 40. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 172, n. 271).

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Eins og segir í nál., hefur n. haft þetta mál til meðferðar og sent það til umsagnar formanns veiðimálanefndar. Eins og formaðurinn segir í bréfi sínu, dags. 21. okt., og samkvæmt viðtali við hann, kom það fram hjá honum, að hann taldi að vísu rétt að gefa leyfi til ádráttar fyrir beitusíld á vissum tíma árs og taldi það skaðlaust á veturna, en taldi varhugavert að gefa fyrir þessu fulla lagaheimild eins og ætlazt er til í frv. N. féllst á að taka þetta til greina, en þótti rétt að heimila ádrátt fyrir beitusíld á þeim tímum árs, sem veiðimálan. taldi hættulaust fyrir lax- og silungastofninn í ánum, vegna þess að hún lítur svo á, að friðun á ánum norðanlands sé mikið og merkilegt mál samkvæmt reynslunni um Fnjóská, sem hefur orðið einhver mesta bleikjuveiðiá í heimi, og vildi n. ekki heimila neitt, sem gæti skaðað þessa veiði, en vildi heimila ádrátt á þeim tíma, sem hún teldi það hættulaust og væri að dómi veiðimálanefndar ekki til skaða.

Þá hefur n. orðið sammála um, að breyt. skuli sett aftan við 2. gr. l., af því að henni fannst fara betur á því, að breyt. kæmi þarna, en það er aðeins formsatriði. Svo hef ég ekki meira um þetta mál að segja.

ATKVGR.
Brtt. 271,1 (ný 1. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 271,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv., með fyrirsögninni: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. júní 1942, um breyt. á l. nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.**

---

Á 41. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 3 umr. (A. 307).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 43. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 44. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Bernharð Stefánsson:** Ég ætla mér ekki að ræða þetta mál nú, en leyfi mér að óska eftir, að sú n., sem fær þetta frv. til athugunar, sem verða mun landbn., kynni sér bréf um þetta mál, sem lagt hefur verið fram af fiskræktarfélagi Svarfdæla. Mál þetta er að vísu borið fram í Nd. af hv. 2. þm. Eyf. samkvæmt beiðni Dalvíkinga, en bændur inni í Svarfaðardalnum líta auðsjáanlega öðrum augum á þetta mál en þeir á Dalvík. Bændurnir hafa stofnað sitt fiskræktarfélag. Ég tel rétt, að n. kynni sér sem bezt öll gögn í þessu máli. Ég er ekki að láta uppi neitt álit um það, hvernig beri að afgreiða málið að svo stöddu, aðeins vil ég vænta, að þær tvær ólíku skoðanir, sem fram hafa komið um málið heiman úr héraði, verði teknar til athugunar af landbn., sem mun fá þetta frv. til meðferðar.

**Gísli Jónsson:** Hv. 1. þm. Eyf. talaði um, að þetta mál mundi fara til landbn. Mér skildist aftur á móti, að það snerti sjávarútveginn, og tel ég, að það eigi að fara til sjútvn.

**Bernharð Stefánsson:** Ég vil aðeins benda á út af þessum síðustu ummælum, að frv. um lax- og silungsveiði hafa jafnan farið til landbn. Og þótt þau atriði, sem talað er um í frv., tilheyri sjávarútveginum, þá eru þau ákvæði, sem breyta á, sett inn í l. um laxveiðar til þess að tryggja, að veiðin sé ekki eyðilögð með þeim ádrætti, sem þar um ræðir. Mér er vitanlega ekkert kappsmál, til hvaða n. þessu frv. verður vísað. En þessi mál hafa alltaf verið í landbn. þau 20 ár, sem ég hef setið á þingi.

**Gísli Jónsson:** Í tilefni af þessu vil ég taka fram, að verði þessu máli vísað til landbn., þá óska ég eftir, að sú hv. n. vildi ræða það við sjútvn., áður en hún afgr. það. Á hinn bóginn vil ég svo lýsa yfir því, að fái sjútvn. málið til meðferðar, þá mun hún ræða það við landbn.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Það er náttúrlega engin ástæða til að gera þetta að kappsmáli, til hvorrar nefndarinnar málinu verði vísað, en eins og hv. 1. þm. Eyf. gat um, þá hafa þessi mál um lax- og silungsveiði jafnan gengið í landbn., og er enn meiri ástæða til þess nú í þessari hv. d. en var í hv. Nd., þar sem hér liggur nú fyrir erindi frá fiskræktarfélagi Svarfdæla, sem snertir eingöngu lax- og silungsveiði, og verður einnig að líta á upplandið í þessu sambandi, en ekki eingöngu ósana. Ég játa, að sjútvn. er e. t. v. vel skipuð og mikil-

virk, en mér finnst þetta eiga að vera í sömu skorðum og það hefur alltaf verið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 9:2 atkv.

---

Á 48. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 307, n. 393).

**Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson):** Herra forseti. Mál þetta er fram komið í Nd., og hefur frv. verið samþ. þar með nokkrum breytingum. Í frv. var upphaflega til þess ætlazt, að veiðibann tæki ekki til þeirra staða, þar sem beitusíld hefur verið veidd að staðaldri, enda sé veiðin ekki stunduð nema á tímabilinu 1. marz til 30. apríl. En í n. hefur þessu verið breytt þannig, að slík veiði sé ekki leyfð nema því aðeins, að áður hafi verið leitað umsagnar veiðimálan. og landbrh. veitti síðan leyfið. Við í landbn. Ed. töldum hættulaust, þótt frv. yrði að l., þar sem bæði verður að leita til færustu manna um þessi mál, veiðimálan. og til ráðh., og það fer eftir hennar till., hvort undanþágan er veitt. Ég veit til þess, að það hefur komið fram nokkur andúð gegn því, að undanþágan væri heimiluð, og hefur borizt skjal til Alþingis frá Veiði- og fiskræktarfélagi Svarfaðardalshrepps, sem á veiði í ánni, sem liggur þarna hjá Dalvík, og hafa þeir mælt móti frv. En þegar þetta skjal var gert og undirritað, lá frv. í sinni upphaflegu mynd fyrir Alþingi, og var ekki komin sú breyt. á það, sem Nd. gerði á frv., þannig að leyfið megi aðeins veita í þeim tilfellum, að veiðimálan. sendi tillögur sínar um það. Ég geri þó ekki ráð fyrir, að á þeim tíma, sem von er á silungi og laxi við árósana, verði þetta leyft nema þegar um beituleysi er að ræða eða þess háttar. Þess vegna er n. að athuguðu máli sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. í þessari d. eins og það er komið til hennar.

**Bernharð Stefánsson:** Mér kemur þessi afstaða n. dálítið á óvart og þykir hún hafa nokkuð fljótt skilað áliti í þessu máli, þegar þess er gætt, að borizt hafa eindregin mótmæli gegn þessu frv. Nú vildi frsm. skýra þetta með því, að eins og frv. nú væri, væri hér aðeins um heimild að ræða, sem hægt er að veita í einstaka tilfellum, en vitanlega er lagt til að samþykkja frv. í þeim tilgangi, að þessi heimild verði þó einhvern tíma notuð, og í þessu skjali, sem borizt hefur til þess að mótmæla frv., eru færð skýr rök fyrir því, að mér virðist, að það mundi vera mjög skaðlegt fyrir lax- og silungsveiðina, ef þetta væri leyft. Ég vildi nú gjarnan fá nánari skýringu á því en ég hef enn heyrt, hvort n. hefur tryggt það, sem frsm. var að segja, að þetta leyfi mundi ekki verða gefið, nema alveg sérstaklega stæði á, og í miklu beituleysi. Það er kunnugt, að þetta frv. er beinlínis borið hér fram út af aðstöðu við Eyjafjörð, að það eru nokkrir menn á Dalvík, sem hafa óskað eftir, að frv. væri borið fram, — en það er líka vitað, að þeir, sem veiðirétt eiga í Svarfaðardalsá, hafa allir mótmælt frv., og þykir mér það dálítið einkennileg afstaða hjá landbn. d. að mæla með frv., þegar svo liggur í málinu, sem hér er, og vil ég alvarlega vara við að samþykkja þetta athugunarlítið.

**Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson):** Ég vil aðeins taka það fram hér til áréttingar máli mínu, að mér láðist að geta þess, að þetta frv. var, meðan málið lá hjá landbn. Nd., sent veiðimálan. til umsagnar. Form. veiðimálan. taldi yfirleitt varhugavert að leyfa þessa netaveiði öðruvísi en í heimildarformi, þannig að fyrst sé leitað um þetta álits veiðimálan., eins og er í þessu frv., en einmitt það breytti afstöðu n., að hún vildi fara eftir bendingum veiðimálan. í þessu, þannig að það væri aðeins heimild.

Ég vil líka segja það, að þó að maður sé í landbn., verður maður þó að taka tillit til hagræðis við sjávarsíðuna, og ef svo hittist á, að ekki sé veiðivon, þannig að ekki sé silungsganga, en beitulítið við Eyjafjörð, finnst mér viðurhlutamikið að hafa svo ströng l., að þau banni þar síldveiði alveg undantekningarlaust. Það getur verið réttlátt að hafa þessa heimild til, ef nauðsyn krefst, og ég geri ráð fyrir, að hún verði ekki notuð nema í ýtrustu nauðsyn. En ef svo skyldi vera, að hv. 1. þm. Eyf. sæi ástæðu til milli 2. og 3. umr. að koma með brtt., sem bætti úr, er sjálfsagt að taka hana til athugunar, en eins og sakir standa, tel ég hættulaust að samþykkja þetta frv., eins og það liggur fyrir.

**Hermann Jónasson:** Án þess að ég vilji blanda mér inn í þessar umr. með löngu máli, vildi ég aðeins, — ekki sízt vegna þess, að frsm. n., hv. þm. Dal. (ÞÞ), lét í ljós, að málið yrði athugað nánar til 3. umr., — vildi ég taka fram, að ég hygg, að undanþágur í þessu efni geti verið talsvert hættulegar. Það hefur borið á því, einmitt við Eyjafjörð, að dregið hafi verið fyrir undir því yfirskini, að verið væri að veiða loðnu og síld, en árangurinn hefur orðið sá, að jafnvel heilir bátsfarmar af bleikju hafa veiðzt. Það er vitað mál, að þarna norður frá kemur bleikjan einmitt seinni part vetrar upp í ármynnin og liggur oft lengi án þess að ganga upp í árnar, sennilega til þess að venjast ferska vatninu, og þá er það segin saga, að veiðin er eyðilögð með þessum hætti. En það er uppistaðan í veiðilöggjöf okkar að veiða ekki í sjónum þann fisk, sem gengur í árnar, þegar hann er kynþroska, og eykur þar kyn sitt, og þess vegna er það stórkostlegt tjón að veiða fiskinn í sjónum. Af þessari ástæðu vil ég vara við þessu og bið menn að minnast þess, að þeir, sem áhuga hafa á því að rækta upp árnar norður frá, hafa tjáð sig vera því mótfallna.

Mér er satt að segja ekki kunnugt um, að síld og loðna séu sérstaklega í námunda við árósana frekar en annars staðar, nema síður sé, en það er aftur á móti vitað mál, að bleikjan liggur fyrst og fremst á þeim stöðum, sem áhrifa frá ferska vatninu gætir, þegar hún er að sækja upp í árnar. Ég álít þess vegna þetta talsvert varhugaverðan hlut og vildi óska þess, að land-

bn. þessarar hv. d. rannsakaði málið nánar, því að það kemur æ betur og betur í ljós, eftir því sem þessi mál eru athuguð, að bleikjan er sennilega engu verðminni nytjafiskur en laxinn. Athuganir síðustu ára og það, sem hefur gerzt viðkomandi Fnjóská, ætti að geta sannfært okkur um það. Þar hefur fyllzt af bleikju, síðan áin var friðuð og fossinn sprengdur, svo að hann yrði fær til gangs fyrir fiskinn. Þetta vildi ég, að sérstaklega væri athugað.

**Bernharð Stefánsson:** Það er augljóst, að frsm. n. telur frv. hættulegt, en telur, að það megi samþykkja það á þeim grundvelli, að heimildin verði ekki notuð nema einstaka sinnum í beituleysi. En mér finnst dálítið varhugavert að samþykkja lagafrv., sem talið er hættulegt, í trausti þess, að það verði ekki notað. Ég geri ekki mikið úr nytjum, sem af þessu geta orðið til þess að afla beitu, því að ég hugsa, að síld og loðna, ef hún er á firðinum á annað borð, muni meira veiðast annars staðar en innan þeirra takmarka, sem lax- og silungsveiðil. setja.

Í haust, stuttu eftir að þing kom saman, kom til mín brezkur maður, sem stundað hefur veiði Í Fnjóská í 20 ár og er ákaflega mikill veiðimaður. Hann sagði mér, að árnar við Eyjafjörð mundu vera beztu bleikjuár í heimi. Ég geri nú hvorki að taka undir þetta né neita því, vegna þess að ég hef ekki þekkingu til þess, en þessu hélt þessi reyndi maður fram og sagði, að það, sem spillti fyrir því, að árnar yrðu að þeim notum, sem þær gætu orðið, væri fyrirdrátturinn í sjónum og það væri miklu meira virði að gera allar árnar, sem falla í Eyjafjörð, að góðum veiðiám heldur en allur fyrirdráttur í Eyjafirði. Hann vildi fá mig til þess að flytja frv. um að gera ákvæði um veiði í sjó miklu strangari en þau eru. Ég vildi nú ekki eiga við það að flytja slíkt frv., en væri eitthvað til í því, sem þessi reyndi maður var að segja, gengi óneitanlega í öfuga átt að rýmka um þessi ákvæði.

Þegar mótmælin úr Svarfaðardal voru send hingað, var ekki búið að breyta frv. í það horf, sem það nú er, og þeir, sem mótmælin sendu, vissu ekki um frv. öðruvísi en það var upphaflega. En síðan frv. var breytt, hef ég hringt til eins af þessum mönnum, sem er í stjórn fiskræktarfélags Svarfdæla, og hann lítur svo á, að í raun og veru sé eins skaðlegt að samþykkja frv. í því formi, sem það nú er, eins og það var upphaflega, og segir, að það muni verða einlæg ásókn í að fá undanþágur, ekki fyrst og fremst, — eins og hv. þm. Str. (HermJ) tók fram, — til þess að ná í loðnu og síld, heldur til þess að ná í bleikju úr sjónum.

**Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson):** Það þýðir ekki að vera lengi að teygja lopann um þetta mál og karpa um það. Ég vil segja, að það nær ekki nokkurri átt. að frv. sé eins skaðlegt nú og það var upphaflega fyrir fiskræktina, því að maður verður að treysta því að málið sé tryggt, þar sem það verður fyrst að fara til veiðimálan., sem á að líta eftir nytjafiski í ósöltu vatni, og einnig til landbn., sem maður verður að gera ráð fyrir, að láti sér annt um þá nytjafiska, sem ganga frá fjöru til fjalls, og leyfi ekki ádrátt fyrir laxárósinn nema í ýtrustu nauðsyn. Það hefur ekkert komið fram, sem mælir móti því, að óhætt sé að draga fyrir í mynni Svarfaðardalsár á sumum tímum árs. Hitt er ekki hægt að girða fyrir, ef menn vilja í óleyfi 1. fara í ádrátt, nema með refsingum, eftir því sem l. mæla fyrir um.

Ég vil taka það fram aftur, að ef hv. fyrri þm. Eyf. (BSt) vill koma með brtt. fyrir 3. umr., er sjálfsagt, að landbn. taki hana til athugunar, ef hún virðist til bóta fyrir málið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BBen, BrB, GÍG, HG, IngP, LJóh, MJ, ÞÞ, StgrA.

**nei:** BSt, GJ.

6 þm. (EE, HermJ, JJ, KA, PHerm, PM) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

---

Á 50. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BBen, EE, HG, IngP, KA, LJóh, ÞÞ, StgrA.

**nei:** BSt, GJ, HermJ, JJ, PHerm.

MJ, PM greiddu ekki atkv.

2 þm. (BrB, GÍG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 443).

—o—

## 39. Tjón af veru herliðs í landinu.

Á 21. fundi í Nd., 22. sept., var útbýtt:

**Frv. til l. um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi** (þmfrv., A. 75).

Á 22. fundi í Nd., 24. sept., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Garðar Þorsteinsson):** Þetta frv. fjallar um það, að íslenzkir ríkisborgarar, sem verða fyrir tjóni af völdum herliðs Bandaríkjanna, geti sótt bótakröfur sínar fyrir íslenzkum dómstólum og eigi ríkissjóður að svara til saka og greiða tildæmdar bætur og geti síðan innheimt bótakröfurnar hjá stjórn Bandaríkjanna eftir reglum, sem tíðkast í viðskiptum milli ríkja.

Eftir hernám Breta er það, að skipuð var n. íslenzkum og brezkum mönnum, sem átti að rannsaka kröfur vegna tjóns af völdum herliðsins. Sú n. hafði þó aðeins tillögurétt, og stjórnin í London var ekki bundin af niðurstöðum hennar. Þegar síðan hernáminu léttir og hervernd Bandaríkjanna hefst hér á landi, 7. júlí 1941, verður viðhorfið allt annað. Það er ekki óeðlilegt, heldur sjálfsagt, er ríkið hefur

óskað eftir þessari hervernd, að ríkissjóður sé ábyrgur gagnvart borgurunum vegna þess tjóns, er herliðið kann að valda. Að sjálfsögðu er aðeins átt við það tjón, sem verður á íslenzkum ríkisborgurum. Þeir eiga að hafa sömu aðstöðu og á friðartímum, þannig að þeir fái tjón sitt bætt eftir íslenzkum l.

Síðan setulið Bandaríkjanna kom, hafa verið skipaðar 2 n., íslenzkum og amerískum mönnum, er eiga að athuga og gera tillögur um bætur á tjóni, er hefur orðið af hernaðarvöldum. Önnur n. fjallar um landspjöll, en hin um bætur vegna tjóns af völdum bíla m. m. Þessar n. hafa ekki úrskurðarvald, og stjórnin í Washington er ekki bundin við tillögur þeirra.

Ég veit til þess, að það hefur komið fyrir, að ekki hafa fengizt greiddar bætur, þótt brezk-íslenzka n. hafi orðið ásátt um, að þær bæri að greiða. Ég hef dæmi í huganum um bílaárekstur. En ef þetta frv. næði fram að ganga, þá gætu íslenzkir ríkisborgarar lagt mál sín fyrir dómstólana hér heima. Það væri mikill munur fyrir þá. Þó að n. rannsaki málin, þá hafa þær ekki lögfræðilega þekkingu né vald til að leiða vitni. Sumar kröfur koma alls ekki fyrir nefndirnar, eins og t. d. kröfur vegna slysa eða kröfur um dánarbætur, heldur ganga þær beint undir úrskurðarvald stjórnarinnar í Washington. Ég get tekið mörg dæmi í þessum málum, en ég nefni aðeins eitt:

Roskinn maður var hér á ferð á hjóli. Það mun ekki hafa verið orðið fullbjart. Þá ber þar að herbíl, sem ekur á manninn, og lézt hann af árekstrinum.

Ég fór fram á það í þessu máli við herstjórnina, að ég mætti sjá framburð bílstjórans og annarra, sem kynnu að hafa verið í bílnum. En mér var synjað um þetta. Síðan skrifaði ég utanrn. og fór þess á leit, að það hefði milligöngu um að útvega þessa framburðarskýrslu. En því mun einnig hafa verið synjað skýrslunnar. Þá var send krafa um dánarbætur til herréttarins, og fylgdi henni skýrsla um allar ástæður ekkjunnar. Dánarbótakrafan ásamt upplýsingum öllum var síðan send til Washington. Svarið kom á þá leið, að engar dánarbætur yrðu greiddar, þar eð maðurinn hefði ekki haft neitt ljós á hjólinu og átt því nokkra sök á slysinu. Þetta kann að hafa verið svo. Um það er íslenzkum dómstólum ekkert kunnugt, þar eð þeir fengu engin málsskjöl til rannsóknar. En svo mikið er víst, að ef ekkjan hefði fengið tækifæri til að sækja mál sitt fyrir íslenzkum dómstólum, þá mundu henni væntanlega hafa verið tildæmdar einhverjar dánarbætur, þótt maðurinn hefði átt einhverja sök á slysinu sjálfur, en þó ekki alla sök. Nú skal ég hins vegar taka það fram, að samkvæmt bréfi, sem íslenzku stj. mun hafa borizt, þá mun nú vera fyrirhugað að greiða bætur, þótt sá hafi átt einhverja sök, sem fyrir slysinu hefur orðið, og er það gagnstætt því dæmi, sem ég nefndi.

Ég get ekki séð, hvers vegna herstjórnin vildi ekki leyfa að sjá framburð vitna í nefndu tilfelli. Og ef dæmt væri eftir íslenzkum lögum, mundi verða talið, að sá, er ekki vill leggja fram sönnunargögn, yrði að líða við það. Þetta dæmi hef ég aðeins nefnt til að sýna fram á, að réttur okkar er mjög takmarkaður. Ég fæ aftur á móti ekki séð, að réttur hins aðilans yrði nokkuð rýrður við það, þótt þetta frv. yrði að l. Sá aðilinn hefði vitanlega alltaf tækifæri til að verja mál sitt.

Ég vil benda á, að í samningnum milli íslenzku ríkisstjórnarinnar og forseta Bandaríkjanna er svo ákveðið, að Bandaríkin, sem taka að sér hervarnir landsins, lofa að bæta hvert það tjón, er verða kann af völdum hernaðaraðgerða þeirra. Ég fæ því ekki séð, að ríkissjóði yrði nokkuð íþyngt, þótt frv. þetta yrði að l., þar eð loforð er fengið fyrir, að tjónið fáist greitt. Ég fæ ekki heldur séð, að Bandaríkin hefðu neina ástæðu til að véfengja niðurstöður íslenzkra dómstóla. Hins vegar mundi þetta verða til mikils hagræðis fyrir íslenzka ríkisborgara.

Mér þótti rétt að láta þetta frv. ná til bótakrafna, sem orðið hafa til og ekki fengizt greiddar allt frá 7. júlí 1941 eða frá því er setulið Bandaríkjanna steig hér á land.

Ég skal að lokum láta þess getið, að ég efast ekki í sjálfu sér um, að Bandaríkin muni greiða það tjón, er þau hafa lofað að greiða. Frv. er því ekki flutt þess vegna, heldur vegna þeirra mörgu, sem eiga sjálfir erfitt með að framfylgja kröfum sínum. Það er ekki nema eðlilegt, að þeim verði gert fært að sækja mál sín fyrir íslenzkum dómstólum.

Síðan óska ég, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umr.

**Sigurður Kristjánsson:** Herra forseti. Ég vil strax á þessu stigi málsins mæla eindregið með því, að þetta frv. verði samþ. En mér þykir ástæða til að taka fram, einkum ef frv. fer til fjhn., að það þarf að athuga það frá fleiri hliðum en þeirri fjárhagslegu.

Eins og frsm. tók fram, eru nú starfandi tvær nefndir, sem fjalla eiga um tjón á eignum manna af völdum hersins, en undir þær hefur ekki þótt ástæða til að taka annað en það, sem gerist á landi. Aftur á móti skil ég svo 1. gr. þessa frv., að hér sé ekkert tjón undanskilið, hvorki á sjó né landi.

Nú er það vitanlegt, að ýmis konar landspjöll hafa þótt nauðsynleg af hernaðarástæðum. Þó hafa líklega meiri verðmæti farið forgörðum á sjónum, bæði af völdum Bandaríkjanna og Bretlands. Mér er einnig kunnugt um það, að mjög erfitt hefur reynzt að ná rétti sínum í þessum málum, þar eð þau eru ekki sótt fyrir íslenzkum dómstólum og erfitt fyrir einstaklingana að sækja rétt sinn til annarra landa eða annarra heimsálfa.

Í þessu sambandi get ég tekið fram, að það er a. m. k. vafasamt að undanskilja hér tjón af völdum Breta. Er herverndin hófst, mun það hafa orðið að samkomulagi, að brezkt lið yrði einnig eitthvað í landinu og við strendur þess, a. m. k. hefur sú raunin á orðið. Því finnst mér sanngjarnt, að ríkið annist milligöngu við bæði löndin, ef það ákveður að taka að sér milligöngu við annað, a. m. k. hvað viðvíkur bótakröfum eftir 7. júlí 1941.

Ég tel mikla nauðsyn á að þetta frv. nái fram að ganga, bæði af því að ríkið er sterkari aðili gagnvart hinu erlenda valdi, en þó fremur af því, að borgararnir hafa ekki tök á að sækja mál sín eins og nú horfir og hefur gert.

Það hefur oft komið fyrir, að skip í þjónustu fyrrnefndra þjóða hafa valdið tjóni á íslenzkum skipum, og stundum hafa þau alveg glatazt. Það hefur gengið treglega að fá þetta tjón bætt. Stundum hafa skipin verið tryggð, sem tjóninu ollu, og hefur þá orðið að sækja kröfu á hendur tryggingafélögum, en á því eru ýmsir erfiðleikar fyrir einstaklinga og félög. Stundum hafa herskip valdið tjóninu, en reynsla hefur fengizt fyrir því og verið staðfest af íslenzkum hæstaréttardómi, að tjón af völdum herskipa þurfi ekki að vera talið af hernaðarvöldum. Það var íslenzkt skip, sem var siglt niður, og nokkrir menn fórust. Skipið, sem tjóninu olli, var í hernaðarþjónustu og sigldi því ljóslaust eftir fyrirmælum. Hæstiréttur leit svo á, að þetta slys hefði ekki orðið af hernaðarorsökum. Þetta er staðreynd. Svo varð fátækt félag að bæta þetta tjón og leita síðan réttar síns til hernaðaraðila og senda réttarpróf í málinu og önnur nauðsynleg gögn.

Ég get nefnt fjölmörg dæmi þess, hve erfiðlega hefur gengið fyrir menn að fá bætur í þessum málum. En ég ætla að láta nægja að taka hér eitt:

Það var skip hersins, sem braut einn bát af mörgum. Það var í fyrstunni ekki véfengt, að þetta skyldi bætt. Eigandinn lét því gera við bátinn og borgaði það úr sínum vasa. En er hann kemur með reikningana til hinna erlendu aðila til að fá þá endurgreidda, þá neita þeir að borga nema helminginn. Hver átti að borga hinn helminginn? Það er óvéfengjanlegt, að skemmdirnar kostuðu þessar endurbætur, en tjónið fékkst ekki greitt á annan hátt en þann, að maðurinn, sem fyrir því varð, sætti sig við að taka við aðeins helmingi kostnaðarins við endurbæturnar eða ekki það. Það má vel vera, að þetta hefði gengið öðruvísi fyrir, ef íslenzka ríkið hefði haft milligöngu um þetta, ef það væri alltaf kröfuhafinn í slíkum tilfellum og legði ætíð fram óvéfengjanleg gögn. Og það er alveg nauðsynlegt fyrir einstaklinginn að þurfa ekki að vera að eltast við þetta, enda virðist það vera alveg sanngjarnt, þegar hernaðaryfirvöld Bandaríkjanna eru komin hingað til lands að boði og beiðni Íslendinga og um það var samið, að þau bættu tjón, sem verða kynnu af því. Er þá mjög sanngjarnt, að einstaklingarnir eigi aðgang að ríkinu um þetta. Fyrir ríkið ættu, skilst mér, oftast að verða lítil útgjöld nema í bráð vegna þessa, þar eð það er ekki ástæða til að efast um, að kröfum íslenzka ríkisins verði fullnægt af Bandaríkjastjórn, ef þær eru á réttum rökum reistar.

**Dómsmrh. (Einar Arnórsson):** Herra forseti. Mér finnst þetta mál þurfa mjög rækilegrar athugunar við. Og ég tel ekki alveg ástæðulaust að bæta nokkrum athugasemdum við ræður þeirra tveggja hv. þm., sem talað hafa hér um málið.

Ég vil ekki fara mikið út í fræðilegan rökstuðning fyrir þessu frv. þannig, að herliðið sé sérstaklega komið hingað fyrir okkar beiðni eða eftir samningum við okkur. Ég býst við, að það megi heimfæra það undir setninguna „coactus volui". Um þessa samninga held ég, að segja megi það, að þessir hv. ræðumenn hafi lagt töluvert meira inn í hann en á að gera. Mig minnir, að það standi í honum, að Bandaríkjaforseti lofi að greiða skaða, sem orsakast af „military activities" Bandaríkjahersins hér. En það er margt fleira en „military activities", sem getur valdið tjóni og er afleiðing af veru herliðsins hér. Ég skal í því sambandi taka það dæmi, að óbreyttir hermenn ráðast á kvenfólk á götunni í frítíma sínum. Sömuleiðis aka þeir á fólk og brjóta garða. Ég býst við, að það megi deila um það, hvort þetta séu „military activities" þó að hermenn fremji það, þegar þeir eru í frítíma sínum. Og skaði, sem óbreyttir hermenn vinna á kvenfólki, mun aldrei verða talinn „military activities", að ég ekki tali um allar barneignirnar þeirra. Ég skal ekkert um það segja, hvort Bandaríkjastjórn mundi bæta það tjón, sem hermennirnir vinna hér, en ekki mundi teljast „military activities". Svo eru mörg önnur tjón, sem oft og einatt er ómögulegt að upplýsa um, hvernig eru til komin. Það getur t. d. vel hugsazt, að íslenzkt skip verði fyrir árekstri af öðru skipi úti á reginhafi í myrkri, og ekki er víst, að hægt sé að vita, hverrar þjóðar það skip er, sem rekst á þetta íslenzka skip, þegar allt er myrkvað. Það getur verið, að það skip, sem siglt var í kaf hjá Gróttu og var íslenzkt, hafi verið siglt í kaf af amerískum tundurspilli (**SK:** Það var þannig, og tundurspillirinn bjargaði mönnunum). En svo getur hins vegar verið í öðrum tilfellum, að skipið, sem veldur tjóni á íslenzku skipi, sigli burt og ekki sé hægt að vita, hverrar þjóðar það er, og þá er erfitt um vik með kröfur um bætur. Svo er enn tegund tjóna, sem ég vil minnast á, sem af því mundi leiða, ef sá her, sem hér dvelur frá Bandaríkjunum, þyrfti að verjast fjandmönnum sínum hér í landinu og þyrfti þá að skjóta á byggingar, sprengja brýr o. s. frv. Mundi þetta sumt vera einstakra manna eign, en sumt eign hins opinbera. Á ríkissjóður að bæta slíkt tjón eftir þessum l.? Hann verður náttúrlega að bera sitt tjón út af þessu, að því er tekur til eigna hans út af fyrir sig. En á ríkissjóður að bæta skaðann, ef skotið er á hús, sem eru einstakra manna eign? Mundi ekki vera betra að bæta slíkt með samábyrgð þegnanna? (**SK:** Það er gert gagnvart loftárásum). Já, en ég veit ekki, hvort þau ákvæði ná til þess, ef Bandaríkin gera hér skemmdir vegna þess, að þau þurfi að verjast árásum fjandmanna. Í þessum samningum milli ríkjanna er það svo, að Bandaríkin lofa að bæta tjón, sem orsakast af „military activities", en margs konar tjón þar fyrir utan getur orsakazt af veru Bandaríkjahers hér, eins og ég tók fram. En sá galli er og á gjöf Njarðar í þeim samningum, að ekkert orð er um það, í fyrsta lagi, eftir réttarreglum hvors landsins eigi að bæta þetta tjón, og í öðru lagi vantar öll ákvæði um bæði skilyrði fyrir bótaskyldu og um bótaupphæð. Það er ekkert um þetta í samning-

unum. En það hefur orðið að samkomulagi, að það hafa verið settar nefndir, aðallega ráðgefandi, sem með þetta hafa að gera. Hingað til mun það hafa verið svo, að ríkisstjórn Bandaríkjanna mun ekki hafa talið álit nefndanna bindandi fyrir sig, heldur aðeins ráðgefandi. Um brezk-íslenzku nefndina mun það hafa gilt, að ef skaðabótaupphæðin var yfir 500 kr., þá þurfti úrskurður n. að fara til London til samþykktar. En ég veit ekki til þess, að stjórnin í London hafi rift neinum úrskurði n. (**GÞ:** Stjórnin í Ottava gerði það). Ég veit, að amerísku stjórnarvöldin hafa ekki alltaf farið að till. íslenzk-amerísku nefndanna. En ég held, að það sé verið að reyna að komast að samkomulagi um það að skera úr þessum málum. Það er sagt, að það muni taka nokkurn tíma, en ég vona, að það samkomulag verði. Líklega verður það þá blönduð n., sem ætti að fá úrskurðarvald í þessum málum, sem bindi báða aðilja. Og helzt ætti það að framkvæmast þannig, að sem flest af slíkum málum væru úrskurðuð fyrir lok ófriðarins.

Ég tel sjálfsagt, að íslenzka ríkið hjálpi einstökum aðilum til þess að ná rétti sínum í þessum efnum. En það er allt annað mál en hitt, að íslenzka ríkið taki á sig að greiða allar skaðabætur, sem orsakast af völdum herliðsins og veru þess, hvort sem það er af hernaðarráðstöfunum eða utan hernaðarráðstafana. Það er alveg ófyrirsjáanlegt, hversu miklar skuldbindingar yrðu bundnar ríkissjóði með ákvæðum slíkum, sem þetta frv. greinir. Það er að vísu látið í veðri vaka, að þetta sé ekki annað en að ríkið borgi áður, og þá kæmu bætur til þeirra, sem fyrir tjóni hafa orðið, fyrr en annars mundi verða, og svo eigi ríkið aðgang að Bandaríkjastjórn um endurgreiðslu skaðabótanna. Ég kannast við það, að í ýmsum tilfellum mundi þetta verða svo, þ. e. þegar ótvírætt er eftir herverndarsamningnum, að bætur eigi að greiða. En svo kemur aftur á móti hitt, að það er alls ekki víst, að skaðabótaskyldan í ýmsum tilfellum sé viðurkennd. Í mörgum tilfellum er víst, að skaðabótaskyldan mundi ekki verða viðurkennd, og í mörgum tilfellum mundi hún verða viðurkennd að hálfu leyti og ekki frekar. Og eftir ákvæðum frv. mundi það stundum verða svo, að ríkissjóður mundi verða dæmdur til þess að bæta skaða, sem hann hefði alls engan aðgang að öðrum til að fá endurgreiðslu á bótum fyrir, þ. e. þar, sem ekki er upplýst um, hver er valdur að skaðanum. Ef t. d. um skip væri að ræða, sem hefði skemmzt eða farizt af völdum aðgerða herliðs Bandaríkjanna, sem hér dvelur, þá mundi viðkomandi aðili geta haldið sér að vátryggingarsamningi. En sá vátryggjandi, sem síðast borgaði, gæti heimtað greiðslu fyrir slíkan skaða af ríkissjóði eftir ákvæðum þessa frv., ef að l. verður. Það er því alls ekki svo, að íslenzka ríkið eigi alltaf endurheimtukröfu á hendur nokkrum aðila.

Ef ákvæði þessa frv. verða að l., þá yrði það sennilega mjög mikil gullnáma fyrir málaflutningsmenn, vegna þess að íslenzka ríkið gæti í raun og veru aldrei greitt slíkt tjón nema eftir hæstaréttardómi, því að aðili, sem bætur á að fá, gæti alltaf sagt: Það var alls ekki skorið úr því til hlítar fyrir íslenzkum dómstólum, hverjar bæturnar ættu að vera. Hvert slíkt mál yrði því að fara fyrir hæstarétt, til þess að úr yrði skorið í þessu efni. Það mundi aldrei stoða í þessum málum, að forsvarsmenn ríkisins semdu um þessar skaðabætur. Því að þó að skaðabótaskyldan væri tvímælalaus, þá má alltaf deila um það, hvort upphæðin sé rétt. Þess vegna yrði hæstiréttur alltaf að ákveða skaðabótaupphæðina.

**Svo er eitt, sem mér virðist** alveg vanta í þetta frv., og er það hlutur, sem má bæta úr. Ég býst við, að það sé alveg fráleitt, að slíkar kröfur gætu lifað í 10 ár, eftir að þær eru fram komnar. En það geta þær eftir ákvæðum tryggingal. Mér virðist, að þessar kröfur mættu ekki lifa nema mjög skamman tíma, eitt, tvö eða þrjú ár, eftir að hægt er að gera þær gildandi. Þessu skýt ég til n. þeirrar, sem væntanlega fær frv. til athugunar. Það er sjálfsagt, að þetta mál verði athugað sem rækilegast, vegna þess að það getur haft afskaplega mikla fjárhagslega þýðingu fyrir ríkissjóð.

Sennilega er þetta mál fyrst og fremst lögfræðilegt, á þessu stigi í öllu falli. Hvorki fjhn. né nokkur önnur n. getur gert sér nokkra grein fyrir því, hve miklar fjárhagslegar skuldbindingar það eru, sem ríkissjóður kann að verða að inna af hendi samkvæmt ákvæðum þessa frv. Ég hefði haldið, að réttara væri, að frv. þetta færi til allshn., þar sem ég býst við, að lögfræðin sé sérstaklega representeruð.

**Flm. (Garðar Þorsteinsson):** Herra forseti. Ég vil ekki halda fram, að það muni ekki geta verið eitthvað það við frv., sem megi bæta með því að breyta því eða bæta við það. Það er sjálfsagt rétt, að það muni eitthvað mega laga það. En ég held því fram, að a. m. k. hugsunin í frv. sé rétt. Hitt er annað atriði, hvernig eigi að orða það og hvaða takmarkanir eigi að gera á ýmsu, sem frv. tekur til.

Hæstv. dómsmrh. fann ýmislegt að frv. og taldi á því ýmsa galla. Hann taldi, að 1. gr. frv. næði miklu lengra, að því er snertir kröfurétt, en samningurinn milli ríkjanna segði til um, því að hann takmarkaðist við „military activities", en skaðabæturnar eftir frv. væru ótakmarkaðar og næðu til þess t. d., ef hermaður ræðst á íslenzkan mann og meiðir hann. Það kann að vera rétt, að þetta heyri ekki undir hernaðaraðgerðir. En ég vil hins vegar benda á það, að það er þá ríkisins að líða við þetta, að mér virðist, vegna þess að því verður ekki mótmælt, að herverndin er upphaflega til orðin fyrir samninga ríkisins. Það er fyrir beiðni ríkisstjórnarinnar, sem hæstv. Alþ. hefur samþ., að þeir hermenn eru hér, sem svo verða til þess að slasa íslenzkt kvenfólk. (**Dómsmrh.:** Er hv. þm. viss um, að Bandaríkjaher hefði ekki komið hingað ef Íslendingar hefðu ekki óskað eftir því formlega?). Ég tek þetta mál eins og það liggur fyrir. og hæstv. dómsmrh. veit, að þetta frv. er takmarkað við Bandaríkin, en ekki við England. Það er mikill munur á því, hvort erlendur her kemur hingað gegn vilja landsmanna eða hvort hann kemur hingað eftir beiðni landsmanna. Ég hygg, að ef ég hefði mann eða menn í þjónustu minni og hann eða þeir hefðu valdið meiðsl-

um á manni, þá væri rétt, að ég liði að einhverju leyti við það. Þetta er að vísu ekki alveg hliðstætt því, sem farið er fram á með frv. En ég hygg samt rétt, að íslenzka ríkið eigi að bera ábyrgð á því tjóni, sem ameríska herliðið veldur. Það er mjög mikill munur á því, hvort herlið er komið hingað fyrir beiðni okkar eða ekki. Ég veit náttúrlega ekkert um það, hvort Bandaríkjaherliðið hefði komið hingað, hefðum við ekki óskað þess. Það gat verið, að annars hefði herlið Bretlands verið hér áfram. Það veit ég ekki. En Ísland er nú að formi til ekki hernumið. Og mér finnst eðlilegt, að stúlka, sem verður fyrir því, að hermaður ræðst á hana á götu og meiðir hana, fái bætur. Og hún verður þá einhvers staðar að sækja mál sitt. Og er það þá ekki eðlilegt, að hún eigi kröfu á hendur íslenzka ríkinu vegna þessara meiðsla? Það er þó sanngjarnara, að skaðinn lendi á ríkinu en á stúlkunni. Ég veit ekki, hve miklar bæturnar kynnu að verða í slíkum tilfellum, en að minnsta kosti er sanngjarnt, að ríkið greiði þetta frekar en stúlkan sjálf.

Það kann vel að vera, að 1. gr. frv. gangi lengra en samningurinn milli ríkjanna um hervernd landsins nær til. En að þessu leyti gerir það þá heldur ekkert til. Ákvæðin í gr. eru alveg jafnsjálfsögð fyrir það.

Þá talaði hæstv. dómsmrh. um það, að í mörgum tilfellum væri ekki hægt að upplýsa, hver tjóninu hefði valdið. Hann nefndi dæmi um skip sem rækist á annað skip, og þá gæti verið, að ekki væri hægt að upplýsa, hver hefði valdið tjóninu og bæri ábyrgð á því. En ég held, að það sé misskilningur hjá hæstv. ráðh., að það geti komið nokkuð fjárhagslega að sök fyrir ríkið, að slík tilfelli kæmu fyrir, þó að frv. væri samþ., vegna þess að það er beinlínis skilyrði fyrir bótaskyldu samkvæmt frv., að það sé upplýst, að tjónið, sem bæta á, sé af völdum herliðs Bandaríkjanna eða manna úr herliðinu. Ef ég t. d. á skip eða bát, sem ferst og ekkert spyrst til um, hvernig farizt hafi, þá fellur mín krafa að sjálfsögðu ekki undir ákvæði þessa frv., vegna þess að ég get ekki upplýst, að herlið Bandaríkjanna hafi í þessu efni átt nokkra sök. Ég fæ því ekki séð, að með tilliti til þessa sé nokkur áhætta fyrir hag ríkissjóðs, þó að frv. sé samþ. Sönnunarbyrðin mundi hvíla á þeim, sem stefnir.

Hæstv. dómsmrh. tók annað dæmi, sem ég skal játa, að kynni að vera meira vafaatriði, þ. e. ef herinn, sem hér er, þyrfti að berjast og eyðileggja hús, brýr og vegi o. s. frv. Ég skal ekki segja um það, en eru það ekki áreiðanlega „military activities", sem Bandaríkjastjórn hefur skuldbundið sig til að bæta tjón fyrir? Mér skilst samt, að þegar þetta var til umr. hjá ríkisstjórninni, þá muni Bandaríkjastjórn hafa tekið fram, að ef tjón yrði af árásum annars hers, þá félli það ekki undir þessa skuldbindingu. Það væri ekki endilega afleiðing af því, að þeir væru hér, og þess vegna ekki „military activities", sem þeir þyrftu að bæta. En mér skilst það vera ótvírætt, að ef Bandaríkjaherinn þyrfti að sprengja hér í loft upp einhverjar húseignir eða brýr eða því um líkt, þá væri það „military activities", sem ætti að greiða bætur fyrir. En mér skilst, að það atriði sé þess eðlis, að frv. ætti samt sem áður að verða samþ.

Ég man ekki, hvernig l. um tryggingar vegna loftárása eru, en mig minnir, að í þeim standi eitthvað á þá leið, að ákvæði þeirra séu víðtækari en að ná til þess tjóns eins, sem hlýzt af loftárásum. Mig minnir, að tjón, sem hlotizt hefur á húsum, vegna þess að tundurdufl hafa sprungið, hafi verið bætt eftir þeim l. eða eigi að bæta eftir þeim. Mig minnir, að þau l. hafi verið skilin þannig, en þó þori ég ekki að fullyrða það, af því að ég hef ekki l. hjá mér.

Hæstv. dómsmrh. segir, að ekkert sé ákveðið um það í herverndarsamningnum, hvaða réttarreglur eigi að gilda í þessum málum, þ. e. eftir l. hvaða ríkis eigi að dæma um þessi mál eða hvar eigi um þau að dæma. Þetta má telja galla á samningnum. En eðlilegast má telja, að þar sem þessi tjón koma fyrir hér, þá sé dæmt um þau hér á landi. (**Dómsmrh.**: Það hafa þeir ekki viljað ganga inn á). Þá er það ríkið, sem á að líða við það, en ekki einstaklingurinn. Og ef Bandaríkjamenn vilja ekki borga fullar bætur, heldur einhvern hluta þeirra bóta, sem sanngjarnar mega teljast, þá er eðlilegast, að ríkið sé sá aðili, sem bæti einstaklingnum, sem fyrir tjóni verður, upp hallann. Ef ég t. d. verð fyrir því óláni, að herinn eyðileggi fyrir mér eignir, er þá ekki eðlilegt, að ég eigi aðgang að ríkisstjórninni til skaðabóta, og er það ekki eðlilegt, að það sé ríkissjóður, sem líði við það, að ríkisstjórnin hefur ekki komizt að þeim samningum, sem æskilegir hefðu verið í þessum efnum? Ríkið hefur ekki fengið nógu góða samninga í þessu efni við Bandaríkin. Hvernig sem á þetta er litið, þá er það einstaklingurinn, sem á að eiga fulla kröfu til bóta fyrir slík tjón, en það er ríkið, sem á að bæta fyrst. Svo er það stjórnarvaldanna að endurheimta þessar bætur á þann hátt, sem tíðkast milli ríkja. Og ég fæ ekki séð, að samningurinn sé að fullu haldinn að borga allt tjón, sem hlýzt af „military activities", — ef Bandaríkjastjórn segir: Við borgum þetta og ekkert annað, — þrátt fyrir það, þótt ekki séu greiddar fullar bætur. Ef t. d. tún eyðileggst eða önnur fasteign, er þá samningurinn haldinn, ef Bandaríkjastjórn borgaði ekki meira en eitthvað visst, sem þó að mati dómkvaddra manna væri of lítið? Ég teldi það ekki.

Það, sem hefur vantað á, til þess að fullar bætur hafi fengizt, er, að mönnum hefur ekki veitzt kostur á að sanna kröfur sínar. En ef þetta frv. verður samþ., þá gefst mönnum kostur á að leggja kröfur sínar fram og sannanir fyrir þeim. Og ég er sannfærður um, að Bandaríkjastjórn mundi ekki vefengja niðurstöður hæstaréttar um slíkt.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að það hefði aldrei komið fyrir, að Bretar hefðu ekki greitt það, er matsn. skaðabóta hefði verið sammála um að meta hæfilegar bætur fyrir tjón, sem brezka herliðið hefði valdið. En dæmið, sem ég hafði í huga, var, að kanadiskur bíll ók á íslenzkan bíl, en n. var sammála um bætur til mannsins, er átti bifreiðina, sem skemmdist. Þetta mál mun hafa farið annaðhvort til London fyrst og

svo til Ottava eða til Ottava beint. Dómstólarnir í Ottava sögðu: Eftir okkar áliti á bílstjórinn Íslenzki alla sökina, og við borgum þess vegna ekki þessar 1200 kr., enda þótt öll n. sé sammála um, að þær eigi að greiðast. Hæstv. dómsmrh. sagði, að Bandaríkjastjórn hefði ekki alltaf farið eftir till. viðkomandi matsn. hér. En það eru líka rök fyrir því, að frv. á að samþykkjast, ef ekki fást fullar bætur fyrir tjón, þrátt fyrir það þótt n. sé sammála um, að Bandaríkjastjórn eigi að greiða fullar bætur. Það er full ástæða til þess, að íslenzkir borgarar fái fullan skaðabótarétt gagnvart íslenzku ríkisstjórninni.

Ég skal ekki efast um, að íslenzka ríkisstjórnin hafi viljað hjálpa íslenzkum borgurum til þess að ná rétti sínum í þessum efnum. En það hefur bara ekki lánazt. Og ég fæ ekki séð, hvað unnið er með því að lofa ekki íslenzku yfirvöldunum að sjá skýrslur um slys, þegar íslenzkur maður deyr á íslenzkri grund af völdum bifreiðaárekstrar, þegar önnur bifreiðin er amerísk, en hann er í íslenzkri bifreið. Og ef ekki fást fullar bætur fyrir slíkt slys hjá yfirvöldunum í Bandaríkjunum, þá er þó a. m. k. sanngjarnara, að íslenzka ríkið beri skaðann en að ekkja mannsins beri hann allan, þó að íslenzka ríkisstjórnin fái ekki einu sinni að sjá skjölin um slysið. Það kann að vera, að samþ. þessa frv. sé einhver áhætta fyrir ríkið. En þessi áhætta á þá að vera þar og hvergi annars staðar.

Svo endaði hæstv. dómsmrh. með því ræðu sína, að hann sagði, að ákvæði frv., ef að l. yrði, yrðu hreinasta gullnáma fyrir málaflutningsmenn. Ég veit ekki, hvort ég á að skilja það svo, að ég hafi flutt málið í sérstaklega eigingjörnum tilgangi. (**Dómsmrh.**: Nei, nei). Ég gerði það a. m. k. ekki.

Það mætti vitanlega bæta því við þetta frv., að viðkomandi aðilar ættu fyrst að senda kröfur sínar til ríkisstjórnarinnar og hún segði svo fyrir vissan tíma til um það, hvort málið ætti að fara fyrir dómstóla, til þess að koma í veg fyrir, að lögfræðingar færu strax með málin. Það má vera, að oft þyrfti hæstaréttardómur að falla um slíkar kröfur, en ég er ekki sammála hæstv. dómsmrh. um það, að það þyrfti alltaf að vera. Ef um tjón á fasteignum væri að ræða, þá virðist mér, að ef Íslendingar hefðu valdið tjóni á eignum, sem t. d. ég ætti, þá hefði ég geta fengið útnefnda menn til þess að meta þetta. Og ég hygg, að hver dómstóll mundi geta lagt það mat til grundvallar fyrir sínum dómi, hvort sem það væri nú yfirmat eða ekki. Og ég hygg, að Bandaríkjastjórn mundi áreiðanlega hlíta niðurstöðu slíkra dómkvaddra manna. En þetta er ekki gert nú eins og er, a. m. k. ekki í sumum tilfellum.

Það má vitanlega vel vera, að það þyrfti að ákveða nánar um einhvern fyrningarfrest í frv. og einhverjar nánari reglur um þetta. Ég skal ekki segja um það. En mér virðist málið eiga að fara til hv. fjhn. og það því frekar, ef ábyrgðin er svo mikil sem hæstv. dómsmrh. vill vera láta og ég er honum sammála um. Ég man ekki, hvort lögfræðingur er í fjhn. En það er hægurinn hjá fyrir n. að leita til lögfræðings um atriði frv. Ég held því fast við þá till., að málið fari til fjhn.

**Sigurður Kristjánsson:** Herra forseti. Ég er ekki alveg samdóma hv. flm. um það, hvar þetta mál eigi niður að koma í n. Einmitt af þeim ástæðum tók ég fram í upphafi, að ef málið færi til hv. fjhn., sýndist mér, að hún þyrfti að líta á fleiri hliðar þess en þá fjárhagslegu. Þetta tók ég fram af þeirri ástæðu, að mér fannst málið fullkomlega eiga að koma fyrir fjhn., eins og hæstv. dómsmrh. hefur bent á.

Að öðru leyti eru örfá atriði, sem ég vildi taka fram. Hæstv. dómsmrh. tók fram, að íslenzka ríkið mundi ekki ætíð eiga endurheimtukröfu fyrir það tjón, sem þyrfti að greiða samkvæmt frv., og tók til dæmis skip, sem siglt væri niður og ekki væri hægt að sanna um, hver tjóninu hefði valdið. En ég held, að það sé alveg föst regla, að það sé talið, að slík skip verði að bæta eftir l. um bætur fyrir sjótjón, og þegar það hefur verið þannig bætt, er engin endurheimtukrafa til um bæturnar eftir það. En þetta segi ég ekki um önnur verðmæti en skip sérstaklega. Og það má segja um skip í þessu sambandi og bætur fyrir þau, að þessi langa fyrning, sem hæstv. dómsmrh. talaði um, 10 ár, getur varla komið þar til greina, vegna þess að sá, sem átti vátryggða skipið, sem fórst, á alltaf sína vátryggingarkröfu á vátryggingarfélag sitt. Og það er svo hjá öllum bátatryggingarfélögum og Samábyrgðinni og ég hygg öllum, sem vátryggja, að alltaf er ákveðinn frestur, sem gefinn er, frá því er tjón verður og þar til er bótanna er krafizt, og krafan ekki tekin gild, nema hún sé komin innan þessa mjög svo takmarkaða tíma.

Ég hafði ekki hugsað mjög náið um þetta mál, áður en ég tók til máls, og heldur ekki um það, hvernig ganga skyldi frá kröfum. En mér þykir ákaflega ólíklegt, að alltaf þyrfti að ganga dómur í þessum málum. Ég vil helzt halda mig að því, sem mér er kunnugt um, og það er bótaskyldan fyrir skipin. Það stendur þannig á um þær eignir, að þær eru metnar, en stundum, þegar tjón verður á skipum, er það langt um liðið frá mati, að ekki er hlítandi við því mati, en þá er oftast látið nægja, að dómkvaddir menn meti eignina aftur. Og þá er venja, að vátryggjandi sé látinn greiða samkvæmt því mati. Það er tekið sem dómur oftast nær. En ég skal ekki segja, hversu fastlega ríkisstjórnin teldi nauðsynlegt að styðja kröfur sínar. Það má vel vera, að hún þyrfti að ganga lengra í því, ef hún á að sækja kröfur sínar á hendur erlendum aðila. En ég get aðeins um þetta, sem ég hef fram tekið viðkomandi fiskiskipum, ef þau misfarast eða verða fyrir tjóni.

Ég vil svo loks benda á, að það má ekki gera allt of mikið úr því, hvað ríkið á hér á hættu. Hér er til ófriðartrygging, sem kölluð er, á fasteignum, vélum og lausafé. Og það er í undirbúningi að láta þetta ná einnig til skipastólsins, og það mál mun nú komið til hæstv. ríkisstjórnar. Bráðum á að bæta því við þessa ófriðartryggingu. En hæstv. ráðh. tjáði, að þessi trygging næði ekki nema til tjóns af loftárás-

um. Ég taldi mig muna það rétt, að þessi trygging væri ekki takmörkuð við tjón af loftárásum, heldur væru það almennar ófriðartryggingar. Og ég held, að það sé hvergi nefnt í l., að þessar tryggingar séu eingöngu bundnar við tjón af loftárásum, því að þar segir í 1. gr. l., 1. mgr.: „Setja skal á fót stofnun til að standa straum af tjóni af völdum hernaðar í landinu . . .“ Og í 28. gr. sömu l.: „Ófriðartjón telst hvers konar eyðilegging eða skemmdir á hinu tryggða, sem orsakast beint eða óbeint af hernaði, þar með talin hlutleysisbrot og borgaraóeirðir“ — o. s. frv. Svo að ég held, að þessi l., sem gera borgurum landsins að skyldu að tryggja sig gegn tjóni af ófriðarvöldum, nái meira en til tjóns af loftárásum, af því líka að þarna er kominn mestur hluti af verðmætum manna undir þessi l., sem gert er beinlínis iðgjaldaskylt hjá eigendunum.

**Dómsmrh. (Einar Arnórsson):** Ég skal ekki lengja umr. mikið um þetta. Það eru auðsjáanlega hér tvö sjónarmið, hjá hv. flm. og hv. 7. þm. Reykv. annars vegar og mitt hins vegar. Þeir tveir hv. þm. vilja láta ríkið taka á sig að öllu leyti það tjón, sem falla mundi undir ákvæði frv., hvort sem nokkur von er um endurheimtukröfurétt á hendur þess aðila, sem tjónið vinnur, eða þess, sem svarar til sakar fyrir þann, sem tjónið vinnur. En ég tel, að hér eigi að fara varlega, með því að ófyrirsjáanlegt er, hve miklar fjárhagslegar skuldbindingar yrðu með því bundnar ríkissjóði.

Viðkomandi því skipi, sem siglt var í kaf hjá Gróttu, er það að segja, að það er staðreynd, að það var ameríkur tundurspillir, sem olli því tjóni. En það er ekki staðfest eða viðurkennt af hernaðaryfirvöldunum, að þessi ameríski tundurspillir eigi sök á þessu tjóni. Ef t. d. Samábyrgðin yrði að borga þetta skip — með kannske um 90 þús. kr. — þá skilst mér, samkvæmt ákvæðum þessa frv., að Samábyrgðin eigi endurheimtukröfu á hendur ríkissjóði út af þessu tjóni, því að hann á að bæta þann skaða eftir þessu frv. Það er, að mér skilst, ljóst, að það er þannig eftir frv., að þótt vátryggjandi eigi fyrst að borga í þessu líkum tilfellum, þá eigi hann endurheimturétt á þann, sem eftir frv. á að borga, þ. e. a. s. ríkissjóð, ef það sannaðist, að ameríkur tundurspillir ætti sök á svona tjóni með því að sigla skip í kaf. Ég tek þetta sem dæmi. Það getur verið, að sá, sem tjóninu veldur, telji sig ekki eiga sök á því að neinu leyti og kannske aðeins að nokkru leyti, — segi t. d., að skipið hafi ekki siglt alveg rétt, ljósin á því hafi ekki verið í fullkomnu lagi o. s. frv.

Ég held, að ég þurfi ekki að taka það aftur, að íslenzku stjórnaryfirvöldin hljóta að láta gaumgæfa dóm um þá skaðabótaskyldu, sem ríkið á að standa straum af. Og ef stjórnarvöldin hér vildu eiga endurheimtukröfu á stjórnina í Washington, þá hygg ég, að nauðsyn væri á því, að matsgerð færi fram á skipum, skipaviðgerðum o. fl., en það mundi vera talin sjálfsögð varúðarregla, að hæstiréttur dæmdi um það og segði beint eða óbeint, að það væri ekkert að athuga við það. Því að þessar matsgerðir hér eru margar ákaflega vafasamar. Þær eru stundum algerlega á skökkum grundvelli, fyrir utan þær vitleysislegu upphæðir í niðurstöðum þeirra. Þetta þekkjum við allir og sennilega hv. flm. ekki síður en ég. Og íslenzka ríkið yrði að fá matsgerðir í þessu sambandi staðfestar með dómi. Mér dettur ekki í hug, að slíkar skaðabætur, sem hér er um að ræða, væru borgaðar út nema eftir hæstaréttardómi, ef ætti að endurheimta skaðabæturnar hjá stjórn Bandaríkjanna, nema sérstakir samningar væru um það, t. d. þannig, að það væri samþ. af Bandaríkjastjórn, að blönduð matsn. væri skipuð til þess að meta þessar bætur, sem byndi báða aðila. Og það væri það langbezta, ef hægt væri að koma því fram. Annars er gagnslaust fyrir okkur að deila um það, hvernig Bandaríkjastjórn muni taka undir kröfur okkar og hvernig hún mundi líta á gögn okkar fyrir endurheimturétti á hendur henni til skaðabóta fyrir tjón. En ef hæstaréttardómur væri um hverja einustu endurheimtukröfu, þá tel ég sennilegast, að Bandaríkjastjórn mundi greiða kröfurnar að svo miklu leyti sem sá aðili teldi sér skylt og eðlilegt að bæta tjón eftir sínum samningi.

**Flm. (Garðar Þorsteinsson):** Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði, sem ég vil minnast á í sambandi við slysið á bátnum við Gróttu. Það er upplýst, að það var ameríkur tundurspillir, sem sökkti bátnum. En samkvæmt 1. gr. frv. væri ríkissjóður ekki í öllum tilfellum skyldugur til þess að bæta slíkt tjón sem þetta. Það takmarkast af 2. gr. frv. og færi eftir því, hvort sökin á tjóninu sannast á tundurspillinn. Því að í 2. gr. segir svo: „Bótaskylda ríkissjóðs samkvæmt 1. gr. kemur því aðeins til greina, að sá, sem tjóninu hefur valdið, mundi vera bótaskyldur samkvæmt íslenzkum lögum.“ Ég ætlaðist til þess, að þetta skildist þannig, að það væri ekki ætlazt til þess, að eigandi bátsins fengi greiðslu frá ríkissjóði, nema það í fyrsta lagi sannaðist, að það sé Bandaríkjaherliðið, sem hafi valdið tjóninu, og í öðru lagi, að sök þess væri sönnuð eftir íslenzkum lögum. Ef það er hins vegar þeim aðila að kenna, sem á bátnum er, að hann er sigldur í kaf, og sök hans sannast á því, þá er ekki ætlazt til þess, að hann fái bætur, því að það er ekki eftir venjulegum reglum eða íslenzkum lögum.

**Dómsmrh. (Einar Arnórsson):** Aðeins nokkur orð út af þessu síðasta, sem hv. flm. sagði. Þetta er rétt, sem hann sagði, svo langt sem það nær. En það er vel hugsanlegt, að t. d. í svona tilfelli teldi íslenzkur dómstóll sök á tjóni sannaða á hendur setuliðinu eða hernum. En það getur vel verið, að hinn aðilinn segi: Tundurspillirinn átti nokkra sök á þessu, en ykkar skip átti líka sök á því, og með því að ykkar skip átti nokkra sök á því, þá fáið þið engar bætur. Þannig neituðu þeir að bæta tjónið, sem varð af bílaárekstrinum, sem um hefur verið getið í umr. um þetta mál. Þeir hafa slakað á þessu nokkuð, en í janúar 1941 sögðu þeir, að ef tjón af völdum setuliðsins væri að nokkru leyti Íslendinga sök, þá borguðu þeir ekkert. (**GÞ:** Þá er það ríkissjóð-

ur, sem á að standa fyrir skaðabótunum að því leyti, sem þær fást ekki greiddar af Bandaríkjastjórn).

**Sigurður Kristjánsson:** Herra forseti. Það, sem okkur virðist hér bera á milli, er það, að hæstv. ráðh. vill gera meira úr þeirri áhættu, sem ríkissjóður mundi taka á sig eftir þessu frv., heldur en við álítum rétt vera, og það verður þá nokkurs konar gríla á málið. Og þó að ég vantreysti alls ekki þeirri n., sem við þessu frv. tekur, til að meta það, þá er það samt rétt, að hún fái ekki ranga hugmynd um þetta, áður en hún gerir till. sínar. Og um það dæmi, sem ég leiddi hér inn í umr., og deilt hefur verið um af hæstv. ráðh. og hv. flm., vil ég bæta því við, að áhættan fyrir ríkissjóð í svona tilfellum yrði í raun og veru sáralítil, og er það af því, að þótt um það sé ekki deilt, hver skip hafi rekizt á, þá verður ætíð fyrir dómstólum dæmt um það, hvort skipið hafi átt sökina. Í þessu atriði, sem þarna er um að ræða, kom málaflutningsmaður stríðstryggingarinnar til mín og benti mér á, að hann treysti sér ekki til þess að vinna málið á okkur, nema hann gæti sannað, að það hefði verið báturinn, sem hefði átt sökina, en ekki tundurspillirinn. Og hann benti mér á, að þá ætti ég síðar ef til vill ekki eins óyggjandi kröfu á hendur hernaðaryfirvöldunum, og ráðlagði hann mér því að sættast. Ég neitaði því. En ef það hefði komið í ljós, að báturinn hefði átt sökina, þá hefði ekki komið til mála, að hæstiréttur hefði staðfest málið, og þá hefði sjóvátryggingafélagið borgað þetta.

Ég vildi gera þessa athugasemd til þess að láta það koma fram, að ég álít hina fjárhagslegu áhættu af þessu ekki nærri eins mikla fyrir ríkissjóð og hæstv. ráðh. virðist álíta hana.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 18:2 atkv.

---

Á 39. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 75, n. 241).

**Frsm. (Garðar Þorsteinsson):** Eftir að frv. þetta kom til allshn., sendi hún það til lagadeildar háskólans til umsagnar, eins og sést á nál. 241, þar sem prentað er álit lagadeildarinnar. Mælir hún með því, að frv. verði samþ. Ég get því vísað til nál., en skal þó taka það fram, að allshn. telur það réttmætt, að íslenzkir ríkisborgarar fái greitt beint frá ríkissjóði það tjón, sem þeir verða fyrir af völdum herliðsins hér eða mönnum úr herliðinu. Það er ákaflega algengt, að íslenzkir borgarar verði fyrir tjóni af völdum þess herliðs, sem enginn ágreiningur er um, að eigi að bæta. En hins vegar er það oft mjög miklum erfiðleikum bundið fyrir einstaklinga að ná rétti sínum. Það eru að vísu nefndir starfandi, sem hafa með þessi mál að gera, en hafa þar aðeins tillögurétt, en Bandaríkjastjórn er að engu leyti bundin við þær till., sem n. kunna að bera fram. Enda eru þess dæmi, að neitað hefur verið um greiðslur á þeim upphæðum, sem n. hafði þó mælt með.

Það, sem hins vegar gæti mælt á móti þessu frv., ef það verður að l., er það, hvað snertir útgjöld ríkissjóðs, ef um stórar upphæðir væri að ræða, og væri kannske ekki rétt að binda ríkissjóði svo þungan bagga. Ég hef reynt að kynna mér þetta dálítið og hef fengið upplýsingar frá n., sem hefur með langflest þessi mál að gera, og hefur hún tjáð mér, að hjá henni lægju nú ekki nema fimm kröfur, og er sú hæsta í sambandi við afnotarétt upp á um 38600 kr. og svo skaðabótakrafa upp á rúmar 15000 kr. Og svo eru þrjár aðrar lágar kröfur. En að sjálfsögðu er ekkert frekar vegna þessara krafna hægt að segja eða slá föstu um það, að ekki geti komið stærri og fleiri kröfur. En í flestum tilfellum mun samkomulag hafa náðst milli hinna íslenzku og erlendu n. En til þess að takmarka ábyrgð ríkissjóðs, hefur n. orðið ásátt um, að hámarkskrafan geti verið 50000 þús. kr. Ég held þess vegna, að áhættan fyrir ríkissjóð sé ekki svo mikil, auk þess sem víst er, að allar þessar kröfur eru endurheimtanlegar frá Bandaríkjastjórn í langflestum tilfellum. Og ég er alveg sannfærður um það, að Bandaríkjastj., vegna þeirra samninga, sem hún hefur gert um það, að Íslendingar skyldu vera skaðlausir vegna veru hers hennar hér, mun ekki ganga á móti þeim niðurstöðum, sem íslenzkir dómstólar gæfu. Það eru hins vegar ákaflega mikil þægindi fyrir íslenzka borgara að geta leitað réttar síns fyrir íslenzkum dómstólum. Þar koma svo fram vitni með sönnunargögn sín, og er það styrkur fyrir íslenzku ríkisstj., er hún gerir kröfur á Bandaríkjastj., að málið hefur komið fyrir rétt og sönnunargögn lögð þar fram, því að endurgreiðsla Bandaríkjastj. á að fara eftir íslenzkum lögum, en ekki eftir réttarreglum, sem kunna að gilda þar í landi. Svo koma tilfelli, þar sem enginn vafi er á, að ekki geti verið hægt að heimta bætur fyrir, t. d. ef um er að ræða hermenn utan herþjónustu, sem valda mönnum einhverju tjóni, t. d. eins og að ráðast á menn að ósekju og meiða þá eða berja til óbóta eða ef menn gera önnur þau spellvirki, sem hægt er að sanna, að sé af völdum manna úr herliðinu, en þó að herstjórnin sem slík geti ekki borið ábyrgð á slíku, þá finnst mér sanngjarnt, að menn, sem eru svo óheppnir að verða fyrir slíku, fái bætur úr ríkissjóði. N. kom saman um, að ef einhver, sem fyrir tjóni verður, er tryggður fyrir slíku tjóni hjá einhverju tryggingafélagi, þá sé ríkissjóður laus við þær bætur. Maður gæti hugsað sér, að skemmdir yrðu á bát eða skipi af völdum Bandaríkjaskips og það sé vitað, að hið íslenzka skip eða bátur sé tryggt eftir íslenzkum lögum. Mundi það þá geta verið miklu þægilegra fyrir hlutaðeigandi að geta snúið sér til íslenzkra dómstóla og fært sönnur á mál sitt. En það er ekki rétt, því að í þeim tilfellum eru það tryggingafélögin, sem eiga að koma þar fram sem kröfuhafi. Þetta frv. nær ekki til þess, ef t. d. einhver maður leigir sér bíl og ekur í bílnum fyrir t. d. 200 kr. og borgar svo ekki reikninginn. Þá getur sá ekki krafið ríkissjóð, sem fær ekki borgað. Þetta frv.

nær aðeins til tjóns, sem bæta skal samkvæmt almennum skaðabótareglum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 241,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 241,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
5.—7. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr með 22 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 281).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 42. fundi í Ed., s. d., **skýrði forseti frá, að** sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 43. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 45. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 281, n. 356).

**Frsm. (Pétur Magnússon):** Nýmæli þessa frv. er fólgið í 1. gr. þess, en með ákvæðum hennar er ríkissjóði lögð sú skylda á herðar að bæta íslenzkum ríkisborgurum tjón, sem þeir bíða eða kunna að bíða vegna aðgerða hernaðaryfirvaldanna hér á landi, eða tjón, sem menn úr herliðinu kunna að valda. Fjhn., sem hafði þetta frv. til athugunar, hefur fallizt á þetta sjónarmið. Hún telur, að það sé eðlilegt, þegar litið er til allrar aðstöðu um veru herliðsins hér, að ríkissjóði verði lögð þessi skylda á herðar. Það gefur að skilja, að fyrir hverjum einstökum borgara eru allmiklir örðugleikar á því að ná rétti sínum, ef þeir hafa beðið tjón, og engin sanngirni sýnist mæla með því, að þótt menn verði af einhverjum ástæðum að láta eignir sínar af hendi, löglega eða ólöglega, séu menn látnir gjalda þess.

Í 2. og 4. gr. eru ákvæði, sem takmarka að meira eða minna leyti þá áhættu, sem ríkissjóði er ætlað að taka á sig samkvæmt 1. gr. Í 2. gr. er tekið fram, að bótaskylda ríkissjóðs komi því aðeins til greina, að sá, sem tjóninu hefur valdið, mundi vera bótaskyldur samkvæmt íslenzkum l. Þetta ákvæði er sjálfsagt, því að vitanlega er það ekki ætlunin, að menn séu betur settir í þessu tilfelli en þeir mundu vera samkvæmt gildandi ákvæðum í íslenzkum l. Enn fremur er í þessari gr. ákvæði um, að hámark hverrar kröfu á hendur ríkissjóði skuli takmarkast við 50000 kr. Þetta þótti rétt að setja, til þess að ríkissjóði yrðu ekki bundnir baggar, sem tvísýnt væri um, að hann væri fær um að takast á herðar. Í 4. gr. er ákvæði um það, að ef sá, sem fyrir tjóninu verður, tekur við greiðslu skaðabóta, skuli ábyrgð ríkissjóðs falla niður. Sama gildir eftir 2. málsgr., ef bætur eru greiddar frá vátryggjanda. N. þóttu þessi ákvæði 4. gr. ekki nógu skýr, eins og þau eru í frv., og hefur leyft sér að bera fram brtt., þar sem 4. gr. er orðuð um. Þar er tæplega um efnisbreytingu að ræða, heldur gerð skýrari þau ákvæði, sem gr. er ætlað að fela í sér. Þar er það skýrt tekið fram, að ef sá, sem tjónið hefur beðið, tekur við greiðslu skaðabóta frá þeim, sem tjóninu hefur valdið, sé ábyrgð ríkissjóðs lokið, hvort sem hann hefur fengið fullar bætur eða ekki. Það þykir ekki eðlilegt, að ef tjónþoli hefur á annað borð samið við setuliðið, geti hann snúið sér til ríkissjóðs, ef hann sér, að hann hefur samið af sér. Hann yrði að fara aðra hvora leiðina, snúa sér til ríkissjóðsins eða þess, sem tjóninu hefur valdið. Í síðari málsgr. er skýrt tekið fram, að vátryggjandi, sem bætur greiðir, öðlist ekki kröfurétt á ríkissjóð. Vátryggjandi verður því að halda sér að þeim, sem tjóninu hefur valdið, ef hann vill fá skaðabætur. Tjónþoli getur ekki krafizt bóta að svo miklu leyti sem hann hefur þegið bætur af vátryggjanda. Þetta er eina breyt., sem n. hefur komið fram með.

Ég vil geta þess, að hæstv. dómsmrh. benti mér á, eftir að brtt. var komin fram, að ástæða væri til að setja fyrningarfrest á kröfur, sem menn kynnu að eignast á ríkissjóð vegna þessa. Eftir gildandi l. mun vera 10 ára frestur á slíkum kröfum. Fjhn. mun taka þetta til athugunar, og þykir mér sennilegt, að n. beri fram brtt. um þetta atriði. En með þessar brtt. leyfir fjhn. sér að leggja til, að frv. nái fram að ganga.

**Gísli Jónsson:** Í tilefni af þessu frv. langar mig að spyrja frsm. fjhn., hvort hugmyndin sé, að undir þessi l. komi til með að falla skaðabótagreiðslur fyrir fasteignir, sem teknar hafa verið burt af setuliðinu. Þessar eignir munu hafa verið teknar burt eftir mati á sínum tíma, en útkoman varð sú, að þegar þessir sömu aðilar hafa orðið að byggja upp hús sín annars staðar, hafa þau orðið margfalt dýrari, og stafar það af því, að verðlag breyttist, frá því að húsin voru metin og rifin og þangað til að þau voru byggð, og að þessu eru svo mikil brögð, að fátækar fjölskyldur, sem gátu komizt af áður, hafa ekki einungis orðið eignalausar, heldur komizt í skuldir við að koma upp jafnstóru húsi og rifið var niður. Ég tók eftir, að hann sagði, að ef menn hefðu samið sjálfir, gætu þeir ekki snúið sér til ríkisstj. Nú er það vitanlegt, að í þessum tilfellum hafa aðilar ekki samið sjálfir, heldur n. fyrir þeirra hönd, og veit ég, að margir voru óánægðir með þau úrslit, sem urðu, og mundu víst gjarnan vilja fá bætt það tjón, sem þeir urðu fyrir. Ég ætlaði bara að skjóta þessu fram til þess að fá skýringu á því.

**Frsm. (Pétur Magnússon):** Út af athugasemd hv. þm. Barð. vildi ég láta það í ljós sem skoðun mína, að í framtíðinni yrði vafalaust ekkert því til fyrirstöðu, að maður, sem yrði að láta fasteign sína til hagsmuna fyrir setuliðið, sendi

kröfu til ríkissjóðs, en ekki setuliðsins, og eftir þessum l., ef samþykkt verða, hafa þeir heimild til þess. Það er rétt, sem hv. þm. Barð. sagði, að þótt samkomulag yrði milli húseigenda og setuliðsins, hafa menn orðið fyrir alltilfinnanlegu tjóni, en það er ekki vegna þess, að matið hafi á sínum tíma ekki verið sæmilegt og jafnvel ríflegt, heldur er ástæðan hin mikla verðhækkun, sem hér átti sér stað á þessum árum. En svo framarlega sem samið hefur verið um afhendingu, geta eigendur ekki samkvæmt þessari löggjöf gert kröfu á ríkissjóðinn. En rétta leiðin er, að ríkisstj. semji við setuliðið. Hún á að vera sterkari aðili til þess að gæta hagsmuna sinna en einstaklingurinn, og sannleikurinn er sá, að ef í harðbakka slær, hefur einstaklingurinn enga aðra leið en þá að snúa sér til ríkisstj. og fá hana til að koma fram fyrir sína hönd.

Ég vænti, að ég hafi svarað því, sem hv. þm. spurði um.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 356 (ný 4. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
5.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 47. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 383, 390).

**Frsm. (Pétur Magnússon):** Eins og ég gat um við 2. umr. þessa máls, hafði n. sézt yfir það, er hún fjallaði um málið, að ástæða er til að setja sérstakt ákvæði um fyrningarfrestinn. Það nær auðvitað engri átt að hafa hann 10 ár, og hefur n. orðið sammála um að bera fram brtt. við frv., þannig að fyrningarfresturinn verði 1 ár, svo að ábyrgð ríkissjóðs er úr gildi fallin, ef krafa verði ekki komin til ráðuneytisins fyrir þann tíma. Fyrir hönd fjhn. legg ég því til, að brtt. verði samþ. og frv. afgr. svo breytt.

ATKVGR.
Brtt. 390 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 47. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 411).

Á 49. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til einnar umr.

**Jóhann Jósefsson:** Herra forseti. Ég vildi aðeins láta þess getið í sambandi við þetta mál, að sú breyt. mun hafa verið gerð á frv. í Ed., að upphæð þeirra bóta, sem ríkissjóður þarf að bera ábyrgð á, skuli ákveðin hæst 50 þús. kr. Ég held, að með þessu geti farið svo, að sumir þeir, sem eiga rétt á slíkum bótum, eigi kröfu til þess að fá meiri bætur en þetta hámark ákveður. Ég tel því, að ástæða væri til þess að athuga þetta á ný. En ef nú á að fara að breyta málinu á nýjan leik, getur það tafið málið nokkuð. Ég segi ekki, að það stöðvi það, en það dregur úr mér með að koma nú fram með brtt. við þetta atriði, þótt ég telji, að þessu þurfi að breyta. En það má gera á næsta þingi, og mun ég því ekki halda málinu til streitu nú, en vildi láta þetta álit mitt koma fram.

**Frsm. (Garðar Þorsteinsson):** Herra forseti. Ég vil aðeins benda á það, að þessi takmörkun var sett inn í Nd. við 2. umr., og það var gert til þess, að þetta væri í samræmi við annað frv., sem er um ábyrgð ríkisins á tjóni af völdum starfsmanna sinna og nú liggur einnig fyrir Alþ.

Ég skal játa það, að tjón það, sem einstakir menn kunna að verða fyrir, getur farið fram úr þessu 50 þús. kr. hámarki, t. d. ef hús eru tekin og rifin, en það mun ekki hafa orðið ágreiningur um bætur fyrir slíkt tjón. Um tjón á skipum er það að segja, að þá eiga eigendur kröfu á hendur viðkomandi vátryggingafélagi um fullar bætur á tjóninu. Annars er ég sammála hv. þm. Vestm. um það, að vera kunni, að þetta hámark sé of lágt. En eins og ég tók fram áðan, þá var þetta ákveðið þannig til að samræma það við annað frv., sem nú liggur fyrir og er um ábyrgð ríkisins á tjóni, sem starfsmenn þess kynnu að verða valdir að.

**Jóhann Jósefsson:** Herra forseti. Ég biðst afsökunar á því, að ég hélt, að þetta atriði um hámarkið hefði komið inn í frv. í Ed. Það hefur á einhvern hátt farið fram hjá mér, að það var sett hér inn við 2. umr., eins og hv. frsm. upplýsti. Hv. frsm. sagði, að ágreiningur mundi ekki hafa orðið, þegar um bætur fyrir heil hús væri að ræða. En ég veit dæmi þess, t. d. með húsið í Skerjafirðinum, sem flugvélin hrapaði ofan á, svo að ekki einungis húsið eyðilagðist með öllu, heldur einnig allt innbú þess. Bæturnar fyrir þetta hefðu áreiðanlega átt að nema meira en 50 þús. kr., og eigandinn lenti í mestu vandræðum með að fá bætur fyrir tjónið og fékk aldrei eins mikið og hann þurfti til þess að vinna upp skaðann. Það er því engum vafa bundið, að hámarksupphæðin er of lág, en ég skal þó ekki fara að taka upp deilur um þetta atriði nú, og hv. frsm. var mér einnig sammála um, að upphæðin kynni að vera of lág. En eins og ég sagði áðan, mun ég ekki reyna að fá þessu breytt nú, því að það er mjög nauðsynlegt, að málið nái fram að ganga, og það er alltaf hægt að koma með brtt. við þetta síðar. Og ég geri ráð fyrir, að þess verði ekki langt að bíða, að reynslan sýni fulla þörf á því.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 456).

—o—

## 40. Brunatryggingar í Reykjavík.

Á 20. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt frá Ed.:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík** (þmfrv., A. 191).

Á 37. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. af seint fram komið. — Deildin leyfði með 9. shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja þetta frv. hér ásamt nokkrum öðrum hv. þm., og er það gert skv. áskorun bæjarráðs Reykjavíkur.

Í núgildandi l. er að vísu svo tekið fram, að hús í Reykjavík skuli tryggð með fullu verði til brunabóta, en í framkvæmdinni er það orðið svo, eftir að verðhækkunin átti sér stað, að fjöldi húsa er tryggður aðeins að nokkrum hluta. Vegna verðhækkunarinnar er svo komið, að eigendur margra húsa mundu ekki fá fullar bætur, ef brynni. Af þessu leiðir, að segja má, að ákvæðin um tryggingu gegn bruna séu ekki fullkomin. En við það verður að kannast, að erfitt er að koma þessu í viðunandi horf sökum kostnaðar og ýmissar fyrirhafnar, þótt hægt væri að meta hvert hús í samræmi við verðhækkunina, enda er það ekki leyfilegt samkv. lögum.

Sérstaklega hefur það komið í ljós nú í sambandi við endurnýjun á sumum brunatryggingum fyrir bæinn, að núverandi fyrirkomulag er ófullnægjandi. Það hefur orðið til þess, að enn hærri iðgjalda hefur verið krafizt en ella. Þeir, sem láta tryggja húsin fullu verði, verða verr úti en þeir, sem láta ekki tryggja nema að einhverjum hluta. Hinir síðarnefndu yrðu hins vegar fyrir meiri skaða, ef bruna bæri að höndum, því að þá fengju þeir ekki fullar bætur. Þess vegna hefur það orðið að samkomulagi innan bæjarráðs að fá lögunum breytt, þannig að sú breyt. gæti legið fyrir, er tilboð um brunatryggingar fyrir bæinn, sem fyrir liggur, að boðið verði út, verði lagt fram. Verður væntanlega boðið út einhvern næstu daga.

Iðgjöld mundu verða lægri, ef sú breyt., sem hér er farið fram á, yrði gerð, en heildarupphæð iðgjaldanna yrði hærri en ella. Það, sem tryggt er, yrði talið meira virði en nú er.

Tryggingafélögin stóðust ekki verðsveiflurnar í síðasta ófriði, vegna þess að endurtryggingar áttu sér ekki stað í nógu stórum stíl. Þess vegna voru þau ekki viðbúin að mæta tjóni því, sem þau urðu fyrir.

Að öðru leyti læt ég nægja að vísa til þess, sem segir í grg. — Nokkrir flm. óska að hafa rétt til að flytja brtt. við frv.

Sessunautar mínir til beggja handa hafa bent mér á tvö atriði, sem rétt væri að taka fyrir í n. þeirri, sem kemur til með að fjalla um málið.

Leyfi ég mér að lokum að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

**Gísli Jónsson:** Ég skal ekki lengja umr., en ég vildi aðeins spyrja hv. 1. flm., hvort fyrir liggi upplýsingar um, hvað mikilli upphæð sú hækkun á iðgjöldum, sem þessi breyt. fer fram á, nemi.

Húsaleigul. takmarka mjög tekjur manna af húsum, eins og kunnugt er, og þætti mér vænt um, ef hv. allshn. gæti gefið upplýsingar um verkun þeirrar iðgjaldahækkunar, sem frv. þetta fer fram á.

**Flm. (Bjarni Benediktsson):** Þetta atriði þarfnast nánari athugunar, og eins og ég sagði, er ljóst, að í heild hækka brunabótaiðgjöld hjá öllum bæjarbúum, svo að nokkru nemur. En ekki er heppilegt að gefa það upp að svo stöddu.

Þeir húseigendur, sem eiga gömul hús, hafa séð sér hag í að láta brunatrygginguna fylgja verðbólgunni. Hjá þessum mönnum mundu iðgjöldin lækka. En búast má við iðgjaldahækkun hjá þeim, sem eiga ný steinhús í nýju hverfunum. En telja verður siðferðislega rétt, að verðmætin séu í fullri tryggingu.

Skal ég gefa hv. fyrirspyrjanda sjálfum fyllri upplýsingar, ef hann óskar þess.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 42. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 191, n. 262).

**Frsm. (Bjarni Benediktsson):** Allshn. hefur haft þetta frv. til athugunar, og eins og nál. ber með sér, stendur hún óskipt að því að mæla með, að það nái fram að ganga. Það var rædd aths., sem fram kom við 1. umr., en n. þótti ekki ástæða til að breyta frv. af þeim orsökum. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál, það var skýrt við 1. umr., en n. mælir einhuga með því og vonast til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 43. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 41. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 42. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 191, n. 425).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

**Forseti (JörB):** N. mælir einróma með samþykkt þessa frv., og geri ég ráð fyrir, að ekki þurfi frekari framsögu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 481).

—o—

## 41. Lóðir og lönd Reykjavíkur.

Á 40. fundi í Ed., 26. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar** (þmfrv., A. 247).

Á 41. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram borið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Bjarni Benediktsson):** Frv. þetta er flutt að tilhlutun bæjarráðs Reykjavíkur, sem var sammála um, að núverandi fyrirkomulag á ákvörðun leigu og söluverðs lóða bæjarins væri óheppilegt og umsvifamikið. En annars sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða neitt um þetta og vísa til grg., en vil leyfa mér að gera það að till. minni, að frv. verði vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 44. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 247, n. 318).

**Frsm. (Bjarni Benediktsson):** Allshn. hefur athugað þetta frv. og er sammála um að mæla með, að það verði samþ. Frv. fylgir allýtarleg grg., og auk þess gerði ég grein fyrir því við 1. umr. málsins. Þar sem n. hefur einhuga fallizt á frv., sé ég ekki ástæðu til að segja meira um það, en mælist aðeins til, að það verði afgr. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 45. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 43. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 45. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 247, n. 424).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26. shlj. atkv.

**Frsm. (Þóroddur Guðmundsson):** Herra forseti. Það er nú svo um þetta mál, að það er svo sjálfsagt, að það þarf í rauninni enga framsögn að hafa fyrir því. Það er flutt af fjórum þm. Reykjavíkurbæjar og þar á meðal borgarstjóranum, svo að það hefur sjálfsagt verið athugað rækilega af hálfu bæjarins, og nauðsyn þess er svo augljós, að ekki þarf að rökstyðja hana.

Það, sem helzt kynni að verða ágreiningur um, er það, hve há leigan skuli vera. Nú er gert ráð fyrir því í frv., að ársleigan eftir lóðir, sem leigðar eru til íbúðarhúsabygginga, skuli vera 5% af fasteignaverði lóðarinnar, og sýnist það vera mjög sanngjarnt. — Annað, sem ágreiningur kynni að verða um, er leiga eftir lóðir, sem eru leigðar undir annað en íbúðarhús, en viðvíkjandi þeim er það tekið fram, að leigjandi skuli geta krafizt yfirmats á leigunni, og er því ekki hægt að segja annað en vel sé séð fyrir rétti hans.

Frv. þetta hefur verið borið undir bæjarráð Reykjavíkur, og það hefur samþ. það. Allshn. hefur einróma lagt til, að frv. verði samþ. — Að öðru leyti læt ég nægja að vísa til grg.

**Bjarni Ásgeirsson:** Herra forseti. Það er eitt atriði í þessu frv., sem ég tel, að þurfi breyt. við. Það er ákvæði 2. gr., að leiga eftir lóðir undir íbúðarhúsnæði skuli ákveðin í hundraðshlutum af fasteignamatsverði lóðarinnar. Ég hef ekkert við upphæð hundraðshlutanna að athuga, en ég tel vafasamt, að rétt sé að miða leiguna við fasteignamatsverð. Í matsverði lóðanna felast þau mannvirki, sem hafa verið gerð í sambandi við þær, eins og t. d. ræktun á þeim, garðar í kringum þær o. fl., þannig að byggjendur koma til með að greiða eftir því hærra gjald fyrir lóðina sem þeir gera meira til þess

að bæta þær, því að lóðin verður eftir því dýrari sem hún er gerð betri. Þetta ákvæði gæti því dregið úr mönnum við að gera umbætur á lóðum þeim, sem þeir hafa á leigu.

Mér þætti eðlilegra, að þetta væri miðað við grunnverð lóðanna, þótt ég hafi ekki enn borið fram brtt. um það, en ég álít, að n. ætti að athuga þetta fyrir 3. umr.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Hv. þm. Mýr. hefur þegar bent á annað atriðið, sem ég ætlaði að minnast á, og þarf ég því ekki að ræða frekar um það.

Hitt atriðið er það, að ég hygg, að nú sé starfandi sérstök n., sem eigi að athuga, hvaða skipan verði á um þessi mál í landinu, þannig að bæirnir geti með sem beztu móti fengið lóðir til sinna nota. Mér skilst einnig, að þessi n. muni vera komin langt áleiðis með þessi störf sín. Ég hefði viljað mælast til þess við þá n., sem hefur þetta mál til athugunar, að hún kynnti sér hvað hefði niðurstöðum þeirrar mþn., er fjallar nú um þessi mál utan þings, hvort ástæða er til að taka Reykjavíkurbæ einan út úr, ef von er á frv. um þetta efni fyrir landið í heild á næsta þingi.

**Frsm. (Þóroddur Guðmundsson):** Ég held, að þær athugasemdir, sem fram hafa komið við þetta frv., séu ekki svo mikilvægar, að ástæða sé til að láta þær stöðva eða tefja málið. Hv. þm. Mýr. benti á, að garðar í kringum lóðir og umbætur á lóðunum hlytu að hækka fasteignamat lóðanna, svo að það mundi verða til þess, að menn yrðu ófúsari til umbóta á lóðum sínum, þar eð leigan eftir þær reiknast viss hundraðstala af fasteignamati þeirra. En garðar í kringum lóðir eru ekki taldir í lóðaverðinu. En hvað viðkemur umbótum og ræktun á lóðum, þá neita ég, að hvergi sé síður að taka tillit til þess í átt til hækkunar á mati, þegar merkt er til fasteignamats. Ég held því, að þetta sé ástæðulítið þóf.

Hitt gæti svo verið til athugunar, hvort leigugjaldið er ákveðið of hátt í frv., en það er 5%. En það er tekið í öllum kaupstöðum, og að svo komnu máli er ég á þeirri skoðun, að það sé sanngjarnt.

**Bjarni Ásgeirsson:** Ég skal upplýsa, að eins og fasteignamat er framkvæmt hér á landi, eru lóðir metnar með görðum í kring, og allt, sem gert er á þeim til umbóta og prýði, hækkar fasteignamatsverð þeirra af þeirri einföldu ástæðu, að það gerir þær meira virði til sölu. Því er það svo, að allar þess háttar framkvæmdir koma inn í lóðaverðið. Því meira sem menn gera fyrir lóðir sínar, því hærri leigu verða þeir að greiða til bæjarsjóðs, og það sjá allir, að ekkert réttlæti er í þessu. Hitt atriðið um að hafa gjaldið 5% er aukaatriði. En ég vil aftur taka fram, að það er ekki rétt að skattleggja menn fyrir að hirða vel um lóðir sínar og rækta þær.

**Jakob Möller:** Það er ekkert nýmæli í þessu frv., að leigugjaldið sé ákveðið 5%. Hitt er mér ókunnugt um, hvort fasteignamatsnefnd kann að hafa breytt mati á lóðum. Það er ekkert nýmæli heldur, að menn séu látnir greiða skatta af eigin framkvæmdum. Þegar lóðin hækkar í fasteignamati vegna umbóta, sem á henni hafa verið gerðar, þá hækkar leigan af henni. Þetta er venjan.

Annars hef ég ekkert á móti því, að tekið sé til athugunar að leggja þennan hátt niður.

**Bjarni Ásgeirsson:** Mér er vel kunnugt um, að þetta er ekkert nýmæli, og það hefur einnig verið farið eins að á stöku stað úti um land, jafnvel sums staðar á eignum ríkisins. En allt um það lít ég á þetta sem fráleitt ranglæti að leiga skuli stórhækka á mönnum eingöngu fyrir þeirra eigin framkvæmdir. Þetta er ekki rétt, þótt það hafi viðgengizt. Og úr því að farið er að hrófla við þessum l., þá finnst mér rétt að lagfæra það, sem aflaga fer.

Það er rétt hjá síðasta ræðumanni, að menn greiða skatt af því, sem þeir skapa sér. En það er annað að greiða leigu til annars manns eða aðila fyrir það, sem menn skapa sér sjálfir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

**Bjarni Ásgeirsson:** Síðan ég tók til máls við 2. umr. þessa frv., hef ég athugað, hvernig gengið er frá þessum málum fyrir Reykjavíkurbæ, en það er þannig, að hægt er að greina verð mannvirkja frá sjálfu lóðaverðinu, og hætti ég því við að bera fram brtt., sem ég hafði ætlað að flytja.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 482).

—o—

## 42. Fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Á 22. fundi í Sþ., 27. okt., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um viðauka við l. nr. 14 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda** (þmfrv., A. 259).

Á 42. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Pétur Magnússon):** Ég hef ásamt hv. þm. Str. leyft mér að flytja þetta litla frv., og get ég alveg látið mér nægja að vísa til þeirrar stuttu grg., sem fylgir frv. — Ég býst við, að það séu ekki skiptar skoðanir um það, að það komi

ekki til greina að láta kröfuréttindi, sem erlendir menn kunna að eiga á íslenzka ríkisborgara, sem hér eru búsettir, falla niður fyrir það ástand, sem skapazt hefur við styrjöldina. Hitt gæti fremur verið álitamál, hvernig úr þessu á að bæta. Hér hefur verið valin sú leið að láta fyrningartímann haldast óbreyttan, en aðeins kveða svo á, að þessar kröfur falli ekki niður, fyrr en ár er liðið, frá því að styrjaldarástandið er stöðvað og eðlilegar póstsamgöngur komnar á milli þessara landa og Íslands. Það hefði einnig verið hægt að fara hina leiðina að kveða svo á, að sá tími, frá því að póstsamgöngur stöðvuðust og þangað til þær verða teknar upp aftur, skyldi ekki teljast til fyrningartíma.

Ég geri það að till. minni, að frv. verði vísað til hv. allshn., og ætlast ég þá til, að hún taki það til athugunar, hvor leiðin sé heppilegri. En mér fannst að athuguðu máli, að þessi leið, sem hér er valin, væri óbrotnari og eðlilegri, og hún á að tryggja kröfuhafa jafn-vel og hin leiðin, því að eitt ár er nægur tími, til þess að kröfuhafi geti komið fram rétti sínum. Ég vil svo vænta þess, að frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 44. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 259, n. 319).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson)**: Eins og sjá má af nál. allshn. á þskj. 319, hefur n. athugað frv. nokkuð og leggur til einróma, að það verði samþ. Að vísu má geta þess, að einn nm. var ekki viðstaddur, og er mér ókunnugt um afstöðu hans, en ef hann hefur sérstöðu til málsins, þá gerir hann sjálfsagt grein fyrir henni.

Það var gerð grein fyrir frv. þessu við 1. umr., og hef ég litlu við það að bæta, sem þá var sagt. Þetta frv. er um það, að þeir, sem staddir voru í Danmörku, Finnlandi eða Noregi eða öðrum Evrópulöndum, sem líkt er ástatt um, hinn 10. apríl 1940, missi ekki rétt sinn hér á landi, ef þeir þá hafa átt fjárkröfur á menn hér, — vegna fyrningar á skuldunum.

N. leit svo á, að eins og ástatt er á meginlandinu, þá sé í alla staði sjálfsagt að geyma þessum mönnum þennan rétt, sem þeir kynnu að eiga, og geyma hann til stríðsloka. Ég hef svo ekki fleira fram að taka.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 45. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 43. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 45. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 259, n. 423).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26. shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18. shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 483).

—o—

## 43. Málflytjendur.

Á 15. fundi í Sþ., 28. sept., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur** (þmfrv., A. 110).

Á 25. fundi í Nd., 30. sept., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Áki Jakobsson)**: Herra forseti. Með frv. þessu, sem hér liggur fyrir, er stutt að því að fá lögfest á nýjan leik ákvæði, sem var í gildi um málflytjendur fram til 8. júlí. Því er þannig háttað, að samkvæmt l., sem sett voru 1940, var heimilt, að lögfræðingar, sem búnir væru að inna af hendi þau störf, að hægt væri að skipa þá í fasta dómarastöðu, mættu vera undanþegnir að ganga undir próf sem málflytjendur. Meiningin með þessu var sú, að það hefur sýnt sig, að þegar menn hafa stundað lögfræðistörf, þá er það ákaflega mikil röskun í starfi þeirra að verða að setjast á skólabekk á ný og undirbúa sig undir að taka próf. Þett er kleift fyrir þá, sem gera ráð fyrir því þegar í skóla að þurfa að ganga undir þetta próf, en þegar menn hafa í mörg ár gegnt störfum, sem þarf sömu menntun til eins og til héraðsdómarastarfa, þá sýnist þetta próf ástæðulaust. Það verður engan veginn séð, að það sé ábyrgðarmeira að vera málflytjandi fyrir einstaklinga, sem eru sjálfráðir um, hverjum þeir fela að bera mál sín fram, og geta skipt um, þegar þeir vilja, en að vera dómari. Það er vitað, að mjög lítill hluti af

þeim málum, sem dæmd eru á Íslandi, komast til hæstaréttar, svo að héraðsdómur er langoftast raunverulega fullnaðarúrskurður. Héraðsdómarar hafa þannig greinilega mjög mikið vald yfir velferð almennings og margfalt meira en málfærslumenn, sem menn hafa frjálsan aðgang að og geta skipt um. Það er því eðlilegt, að menn, sem hafa fengið þá reynslu, að löggjafinn telur eðlilegt, að þeir séu skipaðir í dómarasæti, fái rétt til málfærslu, án þess að þeir gangi undir sérstakt próf.

Ég tel svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Ég er ekki viss um, þegar þetta var afnumið, nema það hafi verið af vangá, og ættu allir að geta verið sammála um, að þessi undanþága verði lögleidd á nýjan leik.

Ég leyfi mér að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 42. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 110, n. 309).

**Frsm. (Garðar Þorsteinsson)**: Allshn. hefur haft þetta mál til athugunar og sent hæstarétti það til umsagnar, og mælir hann með, að það verði samþykkt. Nefndin er og öll sammála um, að breytingar þær, er frv. fer fram á, verði gerðar, og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:1 atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 43. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 45. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 46. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 51. og 52. fundi í Ed., 18. og 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 110, n. 428).

**Lárus Jóhannesson**: Herra forseti. Í forföllum hv. 6. þm. Reykv. (BBen) ætla ég að segja nokkur orð um þetta mál, en annars var hann kosinn frsm. í þessu máli.

Í þessu frv. er aðeins farið fram á það, að þeir lögfræðingar, sem skipaðir hafa verið í fasta dómarastöðu eða skipa má í föst dómarasæti samkvæmt 32. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, skuli undanþegnir ákvæðum 6. tölul. 14. gr. þeirra l., — m. ö. o. undanþegnir því að þurfa að taka prófmál til þess að fá málflutningsleyfi. Ég sé ekki, að réttaröryggi sé neitt misboðið, þó að á þennan hátt sé þessum l. breytt, því að þetta eru einmitt í mörgum tilfellum menn, sem hafa verið dómarar áður. Og það er hart að neita þeim um rétt til þess að flytja mál fyrir undirrétti, þegar þeir hafa í mörgum tilfellum dæmt í hliðstæðum málum sjálfir. Enda eru þau skilyrði, sem sett eru samkv. l. og menn verða að uppfylla til þess að geta verið dómarar, mjög ströng fyrir utan það, að þeir verða að vera lögfræðingar.

Mál þetta hefur gengið gegnum hv. Nd., og hefur verið þar í n. til meðferðar. Hefur sú n. mælt með, að frv. yrði samþ. óbreytt. Einn nm. í allshn. þessarar d. var ekki viðstaddur, þegar n. afgreiddi málið, en hinir nm. voru alveg sammála um, að frv. ætti að verða samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 54. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 503).

—o—

## 44. Heilsuhæli fyrir drykkjumenn.

Á 26. fundi í Sþ., 4. nóv., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um heilsuhæli fyrir drykkjumenn** (þmfrv., A. 322).

Á 44. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Bjarni Benediktsson**: Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur verið alllengi til athugunar í heilbr.- og félmn. Það er upphaflega samið að tilhlutan stjórnar drykkjumannahælis þess, er stórstúkan á í Kumbravogi, og mun það hafa verið hr. Jónatan Hallvarðsson sakadómari, sem samdi það eða frumdrög þau, er þetta frv. styðst við, eftir beiðni stjórnar hælisins. Síðan var málið lagt fyrir hr. landlæknir, sem samdi það upp á nokkuð öðrum grundvelli, og fékk n. frv. beggja þessara embættismanna til athugunar. Það varð svo úr, að n. lagði frv. sakadómara

til grundvallar, þótt flestum gr. þess væri breytt.

Með frv. þessu er lagt til, að tekin verði ákvörðun um, að ríkið haldi uppi heilsuhæli fyrir drykkjumenn, og er gert ráð fyrir, að ríkið taki við rekstri hælisins í Kumbravogi og verði eigandi að öllum eignum þess, en til þess hafa sumpart runnið fjárframlög frá stórstúkunni sumpart frjáls samskot, og 30 þúsund hafa ríkið og Reykjavíkurbær lagt fram til stofnkostnaðar þess. Ætlazt er til, að þau verðmæti, er hælið hefur eignazt fyrir þetta fé, renni til ríkisins, auk sjóða hælisins, og yrði það, um leið og þetta frv. væri staðfest sem l. og ríkið tæki við rekstri þessa hælis.

Þess ber að gæta, að hælið starfar nú ekki í eigin húsnæði. Það hefur leigt húsnæði af einni stofnun innan stórstúkunnar, sem var upphaflega ætlað til að hafa þar barnaheimili, og ég hef heyrt, að vilji þessa aðila og hælisstjórnarinnar sé sá, að það geti sem fyrst orðið aðskilnaður þarna á milli, þannig að hælið verði flutt á annan stað. Telja þeir megingalla, hve hælið sé nærri stóru kauptúni, og tala um spillandi áhrif kaupstaðanna á þessa starfsemi. Þótt ég sé hins vegar ekki fylgjandi skoðun sumra manna um siðspillandi áhrif kaupstaða, þá er sennilegt, að meiri freistingar liggi fyrir þessum mönnum í fjölmenni en fámenni, svo að að líkindum er þessi staður ekki til frambúðar, og gera má ráð fyrir, að ríkið þurfi að kosta til að kaupa sérstaka jörð til þessarar starfrækslu. En þar í móti koma fjármunir hælisins. Hins vegar ætlast n. til, þótt ríkið verði eigandi stofnunarinnar á þennan hátt, að sérstök stjórnarnefnd frá stórstúkunni megi hafa afskipti af rekstri hælisins. Það hefur sýnt sig, að það hefur gefizt vel, að samtök áhugamanna beittu sér fyrir þessu máli, og teljum við nm., að það yrði líklegra til meira fjörs og kapps í starfseminni, ef þessu yrði þannig fyrir komið, en ef þessi stofnun væri algert embættisbákn og ætti undir embættismenn eina að heyra. Ég hygg því, að heppilegt muni reynast að gefa stórstúkunni kost á að hafa íhlutun um reksturinn.

Hælisvistarmönnum er aðallega skipt niður í tvo flokka. Í fyrsta lagi eru þeir, sem dæmdir eru til vistar samkvæmt hegningarlögunum, í öðru lagi þeir, er sækja sjálfir um vist eða lögráðamenn fyrir þeirra hönd, ef þeir eru sjálfir ósjálfráða. Og ein aðalástæðan til þess, að ekki mátti lengur undir höfuð leggjast að setja l. um þessi efni, er sú, að hælisstjóri hefur engin tök á að knýja þá menn til framhaldsvistar, sem eru þar af sjálfsdáðum og þyrftu að vera lengur. En þeir, sem eru sjúklingar í þessum efnum, eru sífellt háðir þeirri freistingu að hlaupast á brott, en á hinn bóginn getur verið skilyrði fyrir bata þeirra, að heimilt sé að knýja þá til að vera svo lengi sem þurfa þykir. Slík heimild er veitt í þessu frv., og það er frumástæðan til þess, að forráðamenn hælisins álitu nauðsynlegt að bera þetta mál fram.

Það, sem hv. landlæknir lagði til um þetta atriði, var það, að heimil væri lögræðissvipting í því skyni að knýja menn til hælisvistar svo lengi sem yfirvöldin úrskurðuðu, að þurfa þætti. N. gat ekki fallizt á þetta. Hún játar að vísu, að núgildandi lögræðisreglur séu gallaðar, og ég gæti trúað, að hún beindi því til hv. ríkisstj. að endurskoða þær. En í þessu sambandi taldi n., að um svo viðkvæmt og víðtækt vandamál væri að ræða, að ekki væri gerandi að hrófla við því að nokkru leyti aðeins með því að blanda því inn í þetta frv. Aftur á móti leggur n. til, að heimild verði í þessum l. til að knýja hælisvistarmenn til að fullnægja þeim samningum, sem þeir gera upphaflega um dvöl sína, ef þurfa þykir. Þetta var annað aðalatriðið. — Hitt er það, að hælið verði framvegis rekið af ríkinu með sjúkrahúsastyrk. Þetta eru tvö höfuðatriðin í frv. Ef gagn á að verða að starfseminni, þá verður að vera heimild fyrir hendi til að knýja sjúklingana með lögregluvaldi til að standa við samninga sína. Því er nú að minnsta kosti meiri hl. n. því fylgjandi, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi, þótt einstakir nm. hafi að sjálfsögðu rétt til að flytja brtt. og fylgja þeim.

Hvað fjárhagshliðina snertir, þá hef ég ekki trú á, að þessi stofnun verði mikill baggi á ríkinu. Hitt ber að játa, að með þessu frv. eru alls ekki reistar skorður til fulls við böli ofdrykkjunnar. Ég geri ráð fyrir, að á þessu hæli lendi fyrst og fremst auðnuleysingjar, en eftir sem áður komi til með að vanta fullnægjandi hæli fyrir aðra, sem eru ekki eins djúpt sokknir á þessu sviði. En þrátt fyrir það að þetta frv. leysir ekki nema nokkurn hluta af þessu mikla vandamáli, þá er það þó aðeins til góðs og spor í rétta átt. Ég vænti svo stuðnings hv. d. í þessu máli og sé ekki ástæðu til, að því verði vísað til n., þar sem það er flutt af n.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

---

Á 46. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 322, 365, 406).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 406 samþ. með 9:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** MJ, BrB, GJ, GÍG, HG, HermJ, IngP, LJóh, StgrA.

**nei:** BSt.

ÞÞ, BBen greiddu ekki atkv.

5 þm. (PHerm, PM, EE, JJ, KA) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svo látandi grein fyrir atkv. sínu:

**Brynjólfur Bjarnason:** Ég er því mótfallinn, að félögum einstakra manna sé falið að stjórna ríkisstofnun, og greiði því atkv. bæði á móti brtt. og gr., sem hún er við.

**Bjarni Benediktsson:** Ég sat hjá í n., þegar brtt. var borin fram. Ég álít, að hún sé óþörf, því að greinin mundi verða eins í framkvæmdinni með minni brtt., og greiði því ekki atkv.

Brtt. 365 kom ekki til atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv.
3.—7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 50. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 414).

**Bernharð Stefánsson:** Ég treysti mér ekki til að greiða atkv. með þessu frv., eins og 2. gr. þess er orðuð eftir breyt., sem á henni var gerð. Við 2. umr. var ég málinu fylgjandi, eins og ég er enn, og greiddi atkv. með öllum öðrum gr. frv. Að mínum dómi er þessi 2. gr. þannig, að ég er ekki aðeins mótfallinn henni, heldur tel hneykslanlegt, ef hún yrði samþ. svo. Ég er því meðmæltur, að ríkið taki við rekstri þessa hælis og kosti það, en get aldrei fallizt á það að afhenda félagi einstakra manna algerlega reksturinn á þeirri ríkisstofnun. Þótt svo sé að orði komizt, að hælið eigi að vera undir yfirstjórn ráðherra, er ekki hægt annað að sjá en þessi n., sem stórstúkan setur, sé alveg sjálfráð um ýmislegt, eins og 2. gr. er orðuð, hún ræður lækni og annað starfsfólk, en í 1. gr. segir, að ríkið beri allan kostnað. Ég sé ekki nein takmörk fyrir því, hvað þessi n. getur látið reksturinn kosta, ekki er bundið við það, hvaða fé sé veitt til hans á fjárl., og þá getur hún eytt því, sem henni sýnist. Brtt. um að orða 2. gr. þannig var borin fram við 2. umr. skömmu fyrir atkvgr., og ég held þm. hafi ekki verið búnir að átta sig á, hvað í henni fólst. Þar sem hún var samt sem áður samþ., geri ég ráð fyrir, að ekki þýði, að ég beri fram brtt. við greinina. En ég vildi skýra, hví ég sit hjá atkvgr. nú, að það er ekki af óvilja til málsins.

**Magnús Jónsson:** Ég vildi gera grein fyrir mínu atkv. Ég get að ýmsu leyti fallizt á skoðun hv. 1. þm. Eyf. Brtt. við 2. gr. við 2. umr. virtist mér þá í fljótu bragði alveg óviðunandi og greiddi atkv. móti henni. En þessi styrka stofnun, stórstúkan, er hálfopinbert fyrirtæki. Við nánari athugun hef ég sannfærzt um, að óhætt sé að samþ. frv. eins og það er. Hælið er bæði rekið af ríkissjóði, svo að ráðherra hlýtur að hafa ráð þess í hendi sér, og beint er tekið fram, að það sé undir yfirstjórn hans. Hann getur vikið stjórnarmönnum þess frá alveg hiklaust, og samþykki hans þarf til allra ráðninga og stjórnarnefndarskipunar. Það er laukrétt hugsun, sem n. hefur með brtt. viljað koma inn í frv. skýrar en áður, að stórstúkan skuli annast þetta. Það er rétt stefna að fela stofnunum með séráhuga á slíkum málum að annast framkvæmdir í þeim, a. m. k. meðan reksturinn er að komast í fast horf. Varla er hægt að vænta, að aðrir geri það betur, enda eiga þær sóma síns og metnaðar að gæta.

**Hermann Jónasson:** Þótt ég sé hér ekki í neinu forsvari af hálfu n., vil ég taka fram hið helzta, sem fyrir nm. vakti með brtt. Það er misskilningur hjá hv. 1. þm. Eyf. (BSt), að verið sé að framselja öll yfirráð þessarar ríkisstofnunar í hendur stórstúkunni. Ekki er hægt að skipa stjórnarn. hælisins nema með samþykki ráðherra, og er honum þar með fengið nægilegt vald um mannaval, miklu meira en ef hann skyldi skipa n. eftir till. stórstúkunnar, eins og lagt hefur verið til, en hæstaréttardómur er til fyrir því, að með slíku orðalagi væri ráðh. bundinn um mannavalið. Hann getur neitað að samþ. skipun n., og verði ekki fullt samkomulag um reksturinn, getur hann vitanlega sagt: Hælið verður alls ekki rekið. — Eg veit vel af þeirri kynningu, sem ég fékk af rekstri slíkra stofnana fyrir nokkrum árum, og ég kynnti mér málið nokkuð mikið, að það gerir allan gæfumuninn, hvort það heppnast að fá forstöðumenn með nógan áhuga. Það er gagnslaust að velja menn til þess eins og valið er í venjulegt embætti, setja þar Pétur eða Pál, sem geta verið ágætustu menn á marga lund, en reynslan sýnir alls staðar, að slíkt mannúðarstarf verður ekki vel unnið nema af mönnum með sérstakan áhuga á því og vilja til að fórna sér fyrir það hlutverk. Við álítum, að þessa áhuga sé helzt að leita innan stórstúkunnar, hún geti bent á mennina, sem beri hælið uppi. Það er ekkert undarlegt, að þetta sé sett í l. að fela stórstúkunni reksturinn. Því er lýst yfir í grg. frv., að stórstúkan býðst til að taka hann að sér, ef ákvæði í þessu átt séu sett í lög. Ég sé ekki, að við höfum efni á að slá á þá hönd, sem stórstúkan réttir fram. Ég mun ekki að öðru leyti deila um þetta mál. Mér virðist það liggja svo ljóst fyrir, að umr. muni ekki breyta miklu um atkvgr.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Það er venja um fyrirtæki, sem kostuð eru af ríkinu, þótt eigi sé að öllu leyti eins og þetta, að einhver hluti yfirstjórnar þeirra sé stjórnskipaður, en hér er stórstúkunni ætlað að velja stjórnarn. alla. Mér þætti eðlilegra, að þessu væri breytt og ráðherra skipaði a. m. k. einn mann í n. Annað atriði vildi ég spyrja um. Í frv. var gert ráð fyrir, að ráðh. skipaði hælislækni, en nú er það samkv. þskj. 414 nefnd skipuð af stórstúkunni, sem ráða skal lækni. Er það þá meiningin að stofna sérstakt læknisembætti eða að héraðslæknir skuli ráðinn til að sinna hælinu? Mér virðist hér vera um svo stórt kostnaðaratriði að ræða m. a., að ekki veitti af að kveða skýrt á um það á annan hvorn veginn í frv.

**Jónas Jónsson:** Við 1. umr. málsins var það rakið af einum nm. allnákvæmlega, að hér væri verið að vinna móti víninu á tvennan hátt. Annars vegar getur hér ekki verið um annað að ræða en vinnuhæli, eins og byrjunin var í Kumbravogi, þar sem menn, sem ráða ekki við áfengislöngun sína, fá aðstöðu til þess að vera á sæmilegum stað við reglubundna lifnaðarhætti og þátttöku í hæfilegri vinnu. En seinna meir verður að sjá fyrir þeim mönnum, sem hafa ekki tapað fullkomlega sjálfsvirðingu sinni, en mundu ekki batna á svona stað. Ég lít svo á, að þarna sé um að ræða praktískt vinnuhæli, þar sem menn hafi nægilega mikið að gera, séu undir réttlátum og nokkuð ströngum aga og kostnaður af hælinu verði ekki úr hófi. Þó að stórstúkan eigi þakkir skilið fyrir starf sitt, get-

ur maður ekki þakkað henni fyrir þann hátt, sem hún hefur haft á hælisrekstrinum, það sem af er, kostnaður hefur verið óhóflegur, ekki sinnt um að láta mennina vinna að gagni. Það yrði aldrei þolað, að vinnuhælið yrði rekið þannig áfram. Ég geri ráð fyrir, að það verði talið alveg rangt, að ábyrgðarlaust félag hafi svona mikil völd yfir ríkisstofnun sem þessari. Svipað lag var í fyrstu reynt á berklahælunum, en fljótlega var frá því horfið og þau rekin á ríkisábyrgð að öllu leyti. Ég álít til bóta að taka málið af dagskrá að sinni, svo að tækifæri gefist til að gera við það smábreytingar við 3. umr., eins og vikið var að af hv. þm. Dal. Væri það ekki gert hér, yrði að gera það í Nd. og mundi ekki flýta málinu.

Eftir minni meiningu hefur stórstúkan valið ákaflega óheppilegan stað fyrir hælið, og spáir það öðru en góðu um forustu af hennar hálfu, þó að hún hafi hins vegar fengið hælinu mjög rösklegan og efnilegan forstöðumann. Það er ekki rétt hjá hv. þm. Str., að hægt sé að breyta um stjórn hvenær sem vill. Það væri viðurhlutamikið af ráðherra að stöðva rekstur hælisins eða reka forstöðumann og stjórnarn. Það situr allt fast, þegar það er einu sinni komið, þrátt fyrir ákvæði l. þessara.

**Bernharð Stefánsson:** Ég hef ekki sannfærzt af ræðum hv. 1. þm. Reykv. né hv. þm. Str. um, að 2. gr. þýði ekki afsal ríkisins á valdinu yfir þessari ríkisstofnun. Í gr. stendur hvergi, að ráðh. skuli samþ. ráðningu læknis og starfsfólks, og mér virðist tvímælalaust, að ekki þurfi samþykki hans. N. veitti ekki af að gera það skiljanlegt í frv., ef hún ætlast til þess. Ég tek undir ósk hv. þm. S.-Þ. um, að málið verði tekið af dagskrá, ef umbætur kynnu að fást. Það má vera, að rétt hefði verið að nema burt svigana, sem voru í 2. gr. í upphafi, en annars hefði frv. vel mátt vera svipað því sem það var fram borið í fyrstu. Hv. 1. þm. Reykv. hefur ekki vaxið í skilningi á þessu máli síðan við 2. umr., heldur hið gagnstæða. Atriði, sem ég vildi bera undir hv. þm. Str. og aðra lögfræðinga er hið tvíþætta hlutverk hælisins. Það á ekki aðeins að vera hressingarhæli, heldur einnig fangelsi, sem ríkið sendir þá menn í, sem dæmdir eru til þess konar dvalar. — Skyldi nú nokkurs staðar í heiminum vera það fyrirkomulag á að fela einstökum félögum rekstur fangelsa, og ég er ekki heldur viss um, að þessi félagsskapur sé allra heppilegastur til þess að reka þessa stofnun. Það er ekki ólíklegt, að sumir þeir, sem verða dæmdir til þess að dveljast á þessu hæli, verði einmitt dæmdir þangað fyrir ákærur templara, og ég veit ekki, hvort það er beint heppilegt fyrirkomulag, því að þótt templarar hafi áhuga á því, að menn drekki ekki, þá er ekki víst, að það sé heppilegt, að þeir hafi þar fyrir með höndum yfirstjórn þessa hælis, þar sem menn verða dæmdir til þess að dvelja, þótt þeir vilji það ekki. Og þeir munu í mörgum tilfellum verða dæmdir þangað, vegna þess að þeir verða ákærðir af templurum. Ég vil því taka undir þá ósk, sem hefur komið hér fram um það, að málinu verði frestað og að n. reyni að taka þetta betur til athugunar, ef hún kynni að komast að einhverri skynsamlegri lausn á þessu. Ég er ekki á móti því, að stórstúkan verði eitthvað við þetta riðin, en ég er á móti því, að hún veiti hælinu forstöðu.

**Eiríkur Einarsson:** Herra forseti. Ég skal forðast að endurtaka það, sem áður hefur komið fram í þessum umr., en það eru örfá atriði, sem ég hef ástæðu til þess að minnast á, eins og málið horfir nú við. Það finnast aðeins fáir sterkir þættir, sem eru til bindingar í þessu máli. Hælið á að vera rekið af ríkinu, stórstúkan á að fara með framkvæmdarvaldið, og læknir á að vera ráðinn af henni, og það á að þurfa samþykki hans, til þess að maður verði tekinn til dvalar á hælið og til þess að maður fái að fara þaðan aftur. Hælið á að vera í Kumbravogi við Stokkseyri, en flytja má það þaðan, ef ríkissj. ákveður það. Þetta er beinagrindin. En að öðru leyti á að fylla upp í þetta með reglugerð frá ráðherra. — Ég vil taka það fram, að ég tel æskilegt, að það verði tekið til athugunar við frh. þessarar umr., hvort þessi læknir hælisins á að hafa þetta sem sérstakt embætti eða hvort héraðslæknirinn í Eyrarbakkahéraði á að gegna þessu starfi ásamt sínu embætti. Ef velja ætti sérstakan lækni til hælisins, þá er það sérstakur liður og hann ekki svo lítill, og þyrfti því að athuga það, hvort þarna sé nauðsyn á sérstökum lækni eða hvort hægt er að notast við viðkomandi héraðslækni, sem hefur þó allvíðáttumiklu héraði að gegna.

Þá er annað atriði, sem ég vil vekja sérstaka athygli á, en það er það, að á hina hlið Stokkseyrar og jafnlangt frá henni er annað hæli, vinnuhælið á Litla-Hrauni. Nú horfir svo við, að um þetta hæli var gerð sérstök þál. á Alþ. fyrir tveimur árum, og flutti ég þá þáltill. Hún fór í þá átt, að þetta hæli skyldi flutt frá Litla-Hrauni og á annan stað. Með því að samþ. þessa þál. játaði Alþ., að staðurinn væri ekki heppilegur og að rétt væri að flytja hælið, en þar við situr svo. Nú kynni einhver að spyrja, hvað þetta kæmi þessu máli við. En nú er sá möguleiki fyrir hendi, ef hælið í Kumbravogi reyndist of þröngt, að taka þá til athugunar, hvort Litla-Hraun væri ekki heppilegri staður en Kumbravogur. Þeir menn, sem eiga að njóta hælisvistar, þurfa að hafa verkefni, en á Litla-Hrauni eru miklu meiri verkefni fyrir hendi en í Kumbravogi. Þess væri óskandi, að þeir yrðu ekki svo margir, sem þyrftu hælisvistar við, að hælið í Kumbravogi yrði ekki nógu stórt, en því miður er hætt við, að útkoman verði önnur. Ég vildi hreyfa þessu nú, hvort sakamannahælið væri ekki einmitt heppilegt fyrir drykkjumannahæli, ef Alþ. er enn þá sömu skoðunar og það var fyrir tveimur árum um það, að sakamannahælið eigi að flytja burtu frá Litla-Hrauni, og þá álít ég, að rétt væri að taka til athugunar, hvort ekki væri rétt að flytja drykkjumannahælið þangað.

Það var fyrir sérstaka framtakssemi þeirra manna, sem höfðu áhuga á því, að komið yrði upp sérstöku hæli fyrir drykkjumenn, að drykkjumannahælinu var komið upp, og þá var

það sett niður í Kumbravogi til bráðabirgða. En hitt er allt annað mál, hvort það er heppilegur framtíðarstaður fyrir það.

**Hermann Jónasson:** Herra forseti. Ég er ekkert á móti því, að málið verði nú tekið af dagskrá og athugað betur í n., því að ég geri þetta ekki að neinu kappsmáli. En það er fátt, sem stendur til bóta, og ágreiningurinn er að mestu byggður á misskilningi. (**BSt:** Nefndarinnar.) Það eru orð hv. þm., en ekki mín.

Það, sem hér er deilt um, er till. um, að stórstúkan skuli hafa með höndum rekstur hælisins. Svo kemur upptalning um, að hún skuli ráða forstöðumann, lækni og annað starfsfólk með samþykki ráðherra. Ég veit ekki, hvernig hægt er að hafa þetta skýrara, og ef þetta er óskýrt, þá hygg ég, að megi fara að telja mörg ákvæði óskýr í l. Þegar verið er að tala um það, að það sé óeðlilegt, að ríkið feli stórstúkunni að fara með rekstur hælisins og afsali sér þannig framkvæmdarvaldinu yfir stofnun, sem er rekin á þess kostnað, þá ættu menn að gæta þess, að það eru mörg dæmi þess, að þetta sé gert. Það má t. d. taka skólana. Þeir eru að mestu kostaðir af ríkinu, og þó er á þeim nær fullkomin sjálfstjórn.

Þá skal ég svara fyrirspurn um það, hvort gert sé ráð fyrir því, að læknir hælisins gegni því starfi sem sérstöku embætti. Ég hef ekki gert ráð fyrir því, að svo verði, heldur yrði þetta haft sem aukastarf, enda yrði það ekki svo mikið starf, að við það væri unandi eingöngu. Hitt er eðlilegt, að læknir hælisins sé sérstaklega tilnefndur, því að það er með lækna eins og aðra, að þeir eru misjafnlega áhugasamir um bindindismál. En það er nauðsynlegt, ef rekstur hælisins á að bera árangur, að þá hafi starfsmenn þess áhuga á starfi sínu. Það eru hins vegar til dæmi þess, að héraðslæknar hér á landi séu mjög drykkfelldir, og það er gagnslítið, að þeir menn, sem á að lækna, verði undir hendi manns, sem er ef til vill að hálfu leyti sjúklingur sjálfur.

Þá er það atriðið, sem hv. 1. þm. Eyf. kom inn á, hvort ekki væri óviðeigandi, að fangavörðurinn væri sjálfur ákærandi, því að það gæti komið fyrir, að stórstúkan yrði ákærandi í málum sumra þeirra manna, sem yrðu dæmdir til hælisvistar. — Þótt svo væri nú, þá er það ekki óeðlilegt, því að fangaverðir eru lögreglumenn, og lögreglumenn eru ákærendur. En þetta er ekki heldur svo, vegna þess að hælið er ekki fangelsi. Menn geta verið komnir þangað af tveimur ástæðum. Þeir geta verið komnir þangað samkvæmt eigin ósk, og þeir geta verið dæmdir til hælisvistar, sbr. 64. gr. l. nr. 19 1940. Með þessu er átt við það, sem er sérstaklega tekið fram í þessum l., sem eru hegningarl., að ef maður er dæmdur til refsingar samkvæmt 64. gr. þeirra l., þá getur hann verið úrskurðaður til hælisvistar samkvæmt 65. gr. sömu l., þegar hann er búinn að taka út refsingu sína, ef hann getur ekki ráðið við drykkjufýsn sína. Og er hann því ekki dæmdur til hælisvistarinnar til þess að taka út refsingu fyrir afbrot, heldur er hann dæmdur þangað samkvæmt till. læknis og eftir úrskurði dómara.

Í þjóðfélagi okkar er það líka þannig, að allir hafa rétt til þess að kæra, og geta menn því verið ákærendur, hvort sem þeir eru lögreglumenn, stórstúkumenn eða eitthvað annað. En þeir, sem dveljast á hælinu, eru ekki fangar, þar sem þeir eru ekki dæmdir þangað fyrir afbrot. (**BSt:** Er ekki ófrjáls maður fangi?). Maður, sem er úrskurðaður til hælisvistar vegna sjúkdóms, er ekki fangi. Það er vitað, að hér á landi eru til margir sjúkdómar, sem ég þarf ekki að nefna, sem eru þannig, að þeir sjúklingar, sem þjást af þeim, verða að dveljast á hælum og geta ekki losnað þaðan eftir eigin geðþótta.

Annars hef ég ekkert á móti því, að umr. verði frestað og málið tekið betur til athugunar í n., og ég tel, að ekki væri óeðlilegt, að ríkisstj. ætti sinn fulltrúa í stjórnarnefnd hælisins.

**Magnús Jónsson:** Herra forseti. Hv. 1. þm. Eyf. þótti mér ekki hafa farið fram í skilningi, en ég á bágt með að beygja mig undir dóm hans, vegna þess að hann er enn þá haldinn af sama misskilningnum, sem ég varð snöggvast gripinn af. Ég get að nokkru leyti látið mér nægja að vitna í ræðu hv. þm. Str., því að hann hefur þegar tekið fram ýmislegt af því, sem ég ætlaði að segja.

Ég er ekkert á móti því, að athugað sé, hvort ekki sé hægt að gera 2. gr. skýrari, en mér finnst hún nægilega skýr eins og hún er.

Það er rétt, að ef ráðh. ætti að skipa starfsfólk hælisins eftir till. stórstúkunnar, þá væri hann þó bundinn af því, en eins og þetta er nú, þá hefur hann málið gersamlega í hendi sinni, þar sem stjórnarnefndin getur ekki hreyft sig nema með samþykki hans. Ég vil svo taka það fram út af því, sem rætt hefur verið um lækni hælisins, að það er ekki hægt að sjá af frv., hvort ætlazt er til þess, að það verði sérstakt embætti. En eins og nú stendur, tel ég ekkert vit í því að ráða sérstakan lækni til hælisins eingöngu auk forstöðumanns. Ég tel, að það geti verið hentugt að ráða lækni, sem gæti verið forstöðumaður jafnframt, ef það væri roskinn og reyndur læknir, sem væri kunnur að því að hafa góða hæfileika til þess að veita slíku hæli forstöðu. Og það gæti verið hentugt fyrir roskinn lækni, sem væri farinn að þola illa ferðalög, að geta setzt þarna að sem forstöðumaður og jafnframt læknir. Annars yrði þá að ráða sérstakan lækni til þess að hafa þetta sem aukastarf.

Hv. þm. Str. leysti að nokkru úr því, sem hv. 1. þm. Eyf. var að tala um, að það væri erfitt að samræma það að hafa tvær tegundir manna saman á hælinu. Mér sýnist vera lítill munur á þessum tveimur tegundum. Eftir að þeir eru komnir á hælið, eru þeir ekki að öllu leyti frjálsir menn, því að ef maður fer leyfislaust af hælinu, þá er heimilt að flytja hann þangað aftur nauðugan og þröngva honum til dvalar þar svo lengi sem ákveðið hefur verið. — Þá er það þetta, sem hv. 1. þm. Eyf. var að tala um, hvort ekki væri óviðeigandi, að ákærandinn væri jafnframt fangavörður, en það er altítt. Tökum sem

dæmi, að upp yrði komið hæli fyrir vandræðaböm. Það er augljóst, að barnaverndarnefnd eða barnaverndarráð mundi hafa með höndum rekstur slíks hælis, enda þótt barnaverndarráð mundi að sjálfsögðu eiga frumkvæðið að því, að börn yrðu tekin til hælisvistar, og ég sé ekki betur en að það væri í alla staði eðlilegt, að barnaverndarráð hefði umsjón slíks hælis með höndum.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Árn. sagði, þá vil ég taka það fram, að mér þótti vænt um, er ég sá það í 1. gr., að ekki er gert ráð fyrir, að hælið þurfi að vera framvegis í Kumbravogi, heldur skuli heimilt að flytja það þaðan. En það ætti ekki heldur að vera á Litla-Hrauni, og það ætti yfirleitt alls ekki að vera svona nærri Reykjavík, þar sem er sífelldur straumur af alls konar umferð, heldur ætti það að vera einhvers staðar sem mest út úr á rólegum, kyrrlátum stað, þar sem væri sem allra minnst umferð. Ég gæti t. d. hugsað mér, að Ólafsdalur væri heppilegur staður fyrir slíkt hæli. Þar er það nokkuð út úr, en þó gott til aðdrátta. Þetta er einungis uppástunga. En líklegt þætti mér, að helzt gætu menn fengið bót ráðna á þessum kvilla á fögrum og afskekktum stað, þar sem næði er gott. En þá yrði eðlilega læknir að vera forstöðumaður hælisins, þar eð óhægt væri að ná til hans að öðrum kosti.

Annars hef ég ekkert á móti því, að þetta mál verði tekið af dagskrá, ef n. vill.

**Bernharð Stefánsson:** Það er tilgangslaust að deila um, hvað meint sé með 2. gr. frv. Menn hljóta að skilja, hvað við er átt, enda þótt 1. þm. Reykv. virðist hafa misskilið hana. Vel má og vera, að val þessarar n. heyri ekki undir ráðherra.

Það kom hér til álita, hvað væru fangar og fangelsi. Mér er sama, hvað þm. Str. segir um þetta. Þá kalla ég fanga, sem dæmdir eru til gæzlu og einveru, enda þótt það séu ekki sakamenn.

**Eiríkur Einarsson:** Út af ummælum 1. þm. Reykv., að þetta hæli ætti að vera úr þjóðbraut, þá virðist mér það styðja till. mína um að flytja sakamannahælið frá Litla-Hrauni, því að ef það er ekki heppilegt að hafa drykkjumenn í alfaraleið, þá mun það ekki fremur heppilegt með sakamenn.

**Forseti (StgrA):** Það hefur komið fram ósk um að taka þetta mál af dagskrá, og verður því frestað til morguns.

Umr. frestað.

Á 51. fundi í Ed., 18. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 414, 452).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 452. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég vil aðeins segja örfá orð út af brtt. minni á þskj. 452. Eins og ég gat um í gær, taldi ég ekki rétt, að sú stofnun, sem verður að greiða allan kostnað af slíku hæli sem þessu, hefði engan forsvarsmann í eftirlitsn., sem væri með í ráðum um allar framkvæmdir þar, og þess vegna kom ég fram með þá till., sem hér er til umr. Ég verð að segja, að mér fannst ekki rétt, að hv. d. afgreiddi þetta mál þannig, að sú stofnun, sem ýmsir hér bera vægast sagt misjafnt traust til, væri einhlít um að ráða hælinu án íhlutunar frá ríkisstj. eða forsvarsmönnum ríkissjóðs. Ég hefði talið rétt, að ríkisstj. eða ráðh. hefðu skipað tvo menn í þessa stjórnarn., en ég treysti mér ekki til að fara lengra en þetta. Ef hæstv. ríkisstj. tekst að velja þann mann, sem er reyndur ráðdeildarmaður og stjórnsamur, þá hygg ég, að þessi till. sé til bóta.

Ég vil taka það fram, að mér hrýs hugur við, ef fara á að ráða sérstakan embættismann, lækni, sem fastan starfsmann við ekki stærri stofnun, þar sem slíkt mundi eflaust kosta tugi þúsunda, og geri ég ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. reyni að sigla fram hjá þeim skerjum. Ég held, að komast mætti af með að hafa héraðslækni, þar sem ekki ætti að þurfa daglega heimsókn á þetta hæli. Ég mæli því með, að brtt. mín nái fram að ganga, þar sem ég hygg, að hún verði til mikilla bóta.

**Frsm. (Brynjólfur Bjarnason):** Ég hef ekki hlustað á þessar umr., en það hefur komið fram till. frá hv. þm. Dal. um breyt. á 2. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að ríkisstj. hafi einn fulltrúa. Ég sé ekki, að þetta breyti miklu og að ástæða sé til að hafa langar umr. um það. Ég tel, að það muni hvorki gera til né frá og till. sé þess vegna alveg óþörf. Ég mun því greiða atkv. móti henni. Ég er þeirrar skoðunar, að stjórn og rekstri hælisins sé bezt borgið með, að stórstúkan hafi það mál með höndum. Rekstur slíkra hæla fer eingöngu eftir því, hvernig þeim er stjórnað. Hér er verið að leggja út í óvissa tilraun, og ég er alltaf dálítið tortrygginn, geri eins ráð fyrir, að þetta geti mistekizt. En ég held, að bezta tryggingin sé sú, að stórstúkan annist rekstur hælisins, þó að engin trygging sé í sjálfu sér til fyrir þessu. Slíkur rekstur er vandasamt verk, og auðvitað er ekki hægt að fullyrða, að stórstúkunni takist þetta, en þó treysti ég henni bezt. Í n. verða þá að minnsta kosti valdir áhugamenn, sem hafa kynnt sér þessi mál, og þeir hugsa sér undir öllum kringumstæðum, að þetta sé rekið sem hæli, en á engan hátt sem fangelsi, en í því liggur mest hætta. Hins vegar er augljóst, að ef ágreiningur kemur upp milli ríkisstj. og stórstúkunnar, mundi ríkisstj. fara fram á, að l. yrði breytt og rekstur hælisins tekinn af stórstúkunni. Og þó að ágreiningur kæmi upp, yrði hann ekki leystur með því, að einn fulltrúinn í n. væri frá ríkisstj. Annað hvort sjónarmiðið yrði að ráða. Hins vegar er tryggilega frá því gengið í frv., að ríkisstj. hefur hin endanlegu völd. Það er ekki hægt að ráða starfsmenn né lækni nema með samþykki ríkisstj.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Það var aðeins eitt atriði í ræðu hv. síðasta ræðumanns, sem ég vil minnast á, sem sé það, að ríkisstj. hafi úrslitaráð, ef ágreiningur kemur upp. Ég vil benda

honum á, að síður er hætta á, að ágreiningur komi upp, þegar umboðsmenn ríkisstj. og stórstúkunnar vinna saman frá upphafi. Þá er frekar hægt að sneiða hjá ýmsum skerjum. Ég álít það heppilegast um alla samvinnu, að báðir aðilarnir vinni saman í málunum frá byrjun, bæði þeir, sem hafa áhugann, og hinir, sem bera kostnaðinn.

**Bernharð Stefánsson:** Ég lýsti yfir því í gær, að ég gæti ekki greitt þessu frv. atkv. út af hinu hneykslanlega ákvæði í 2. gr. En ég vil nú lýsa yfir því, að verði brtt. hv. þm. Dal. samþ., mun ég greiða atkv. með málinu. Brtt. er að vísu aðeins lítil bót á frv., því að það á ekki við, eins og ég sagði í gær, að einstökum félögum sé falinn rekstur stofnana, sem ríkið kostar að öllu leyti, en verði brtt. hv. þm. Dal. samþ., mun ég þó greiða frv. atkv., því að brtt. dregur þó nokkuð úr þessu hneykslanlega ákvæði og gerir það skaðminna.

**Frsm. (Brynjólfur Bjarnason):** Út af orðum hv. þm. Dal. um gagnkvæman skilning frá upphafi, þá fer það eftir því, að hve miklu leyti sjónarmið manna fara saman. Væri stj. skipuð mönnum með gagnstæð sjónarmið, þá væri það til að torvelda reksturinn. En út af því, sem hv. þm. Eyf. sagði, að hann gæti ekki greitt frv. atkv., nema brtt. hv. þm. Dal. yrði samþ., vil ég segja það, að ég held, að það skipti litlu máli og frv. muni borgið, hvort sem hann er með því eða móti.

ATKVGR.
Brtt. 452 samþ. með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** GJ, MJ, PHerm, PM, ÞÞ, BSt, EE.
**nei:** IngP, KA, BrB, StgrA.
HG greiddi ekki atkv.
5 þm. (GÍG, HermJ, JJ, LJóh, BBen) fjarstaddir.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 50. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 454).
Á 51. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 54. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 454, n. 495).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Frsm. (Sigurður E. Hlíðar):** Eins og nál. á þskj. 495 ber með sér, voru allir nm. sammála um að mæla með frv. eins og það er, en að vísu áskildu einstakir nm. sér rétt til að fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Það var aðeins eitt atriði, sem ágreiningur var um, ef ágreining skyldi kalla: skipun stj. á þessu fyrirhugaða drykkjumannahæli. Í frv. er gert ráð fyrir, að stórstúka Íslands tilnefni tvo menn, en ráðh. sá, sem fer með heilbrigðismál, tilnefni hinn þriðja. En einstaka nm. fannst hins vegar tilhlýðilegt, að þetta yrði þrískipt, þannig að einn væri skipaður af stórstúkunni, annar af heilbrigðisn. og hinn þriðji af hlutaðeigandi sýslufélagi. Ég vildi aðeins geta þessa atriðis, án þess að komið hafi þó til ágreinings um þetta sérstaklega í n. Að öðru leyti mælti n. með því, að þetta þarfa fyrirtæki yrði stofnsett samkv. frv. á þskj. 454.

**Finnur Jónsson:** Eftir því, sem fram kemur í rækilegri grg. með frv., hefur hælið í Kumbravogi tæplega náð tilgangi sínum undir rekstri stórstúku Íslands. Það kemur í ljós, að innritazt hafa 13 menn og 4 af þeim hafa farið aftur, áður en þeir höfðu dvalizt hinn tilsetta tíma á hælinu. Virðist því vanta vald til að halda mönnum á hælinu gegn vilja þeirra. Það virðist og vafasamt, að hælið nái tilgangi sínum á þeim stað, þar sem það er nú, og eftir viðtal við landlækni get ég sagt það, að hann telur þennan stað óheppilegan. Hins vegar er það virðingarvert, að stórstúkan hefur hafizt handa um þennan rekstur, en hins vegar er sjálfsagt, að Alþ. taki nú við. En í sambandi við þetta mál tel ég fyrir mitt leyti óviðurkvæmilegt að láta einkafélagsskap hafa yfirstj. á ríkisrekstrarfyrirtæki. Ég tel hins vegar rétt, að stórstúkan hafi um þetta íhlutun. Ég vil því leggja fram skrifl. brtt. við 2. gr. frv., að 2. málsl. orðist svo:

„Ráðh. skipar stjórnarnefndina, formann og tvo meðstjórnendur, og skal annar þeirra valinn eftir tilnefningu stórstúku Íslands."

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 520) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 520 samþ. með 18:4 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
3.—7. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 55. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 521).

**Sigfús Sigurhjartarson:** Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því, hversu ágætum undirtektum þetta frv. hefur sætt hjá þessari d. og sömuleiðis Ed. Mér virðist, að allir hv. þm. séu á einu máli um það, að frv. þetta beri nú að afgreiða sem l. frá Alþ., og virðist málið hafa verið ágreiningslaust að mestu. Þó hafa komið fram við meðferð málsins nokkrar breyt. varðandi 2. gr. frv., en hún fjallar, eins og kunnugt er, um það, hvernig stjórn hælisins skuli skipuð. Ég gat því miður ekki verið viðstaddur 2. umr. málsins sökum lasleika, en hefði kosið að geta gert grein fyrir sjónarmiði mínu í sambandi við þessa gr. og ætla því nú að nota tækifærið til þess.

Í fyrsta lagi vil ég segja það með almennum orðum, að ég hygg, að árangur af starfi því, sem unnið er í sambandi við heilsuhæli fyrir

drykkjumenn, sé að miklu leyti kominn undir því, að þar sé hugsað fyrir hverjum einstökum manni af góðvild og fullum skilningi. Mín skoðun er því sú, að þetta starf nái ekki tilgangi sínum, nema einhver ákveðinn aðili kynni sér nákvæmlega heimilisástæður hvers þess manns, sem á hælið fer. Síðan ber þessum sama aðila að kynnast hugsunarhætti þeirra og reyna að glæða áhugamál þeirra, ef einhver eru, svo að það geti orðið þeim til sjálfsbjargar og sjálfsvirðingar. Þegar hælisvist er svo lokið, er afar nauðsynlegt, að þessi sami aðili greiði veg þeirra manna, sem þaðan koma, útvegi þeim atvinnu, forði þeim frá slæmum félagsskap og reyni að stuðla að því, að þessir menn lifi við þau skilyrði, að þeir geti fengið fulla bót og fulla uppreisn æru sinnar.

Nú er þetta mál þannig, að þau störf, sem hér um ræðir, verða ekki aurum keypt, en aðeins lögð fram af sérstökum áhugamönnum, þeim mönnum, sem af einhverjum ástæðum hafa fengið sérstakan áhuga á því að vinna gegn þessari þjóðfélagsmeinsemd. En svo vill nú til, að sá hópur manna, sem hefur áhuga á því að vinna móti þessu meini, hefur safnað sér saman í skipulagða félagsheild, og er þennan hóp að finna meðal templara. Ég vil þó að vísu taka fram, að fyrir utan þennan hóp getur verið hægt að finna forustumenn, sem einnig eru fullir skilnings og áhuga á þessu málefni, en flesta áhugamenn mun þó vera að finna meðal templara.

Eins og þetta frv. var fyrst lagt fram fyrir Ed., voru engin ákvæði um það, hvernig þessari stofnun skyldi stjórnað, en í 2. gr. frv. stendur innan sviga:

„Heimilt er ráðherra að semja við stórstúku Íslands um, að sérstök stjórnarnefnd, er stórstúkan velji og starfi endurgjaldslaust, skuli undir yfirstjórn ráðherra hafa eftirlit með rekstri hælisins."

Félmn. Ed. varð sammála um að gera breyt. á þessu, þannig að sérstök stjórnarnefnd, er skipuð væri þrem mönnum, skyldi tilnefnd af stórstúku Íslands til þess að hafa með höndum rekstur hælisins. Ég hygg, að bak við þessa till. hafi legið sami skilningur, sem ég hef nú lýst. Það kom þó fram við meðferð málsins í Ed., sem ég tel næsta eðlilegt, — að það þætti ekki viðfelldið, að stofnun, sem rekin er af ríkinu, væri undir stjórn, sem ríkisstj. hefði enga íhlutun um, hvernig skipuð væri.

Þá bar hv. þm. Dal. fram þá brtt., að stjórnin skyldi sem áður skipuð þrem mönnum, en þar af skyldu tveir tilnefndir af stórstúku Íslands, en einn skyldi skipaður af ráðherra, og skyldi hann vera formaður n. Í þessari mynd kom frv. til Nd., og virtist þá þeim tveim eðlilegu sjónarmiðum að nokkru leyti borgið, að tryggð væru störf áhugamanna í stjórninni og að hæstv. ríkisstj. hefði þar réttmæta íhlutun. Það var því í þessari mynd, sem frv. kom til 2. umr. í Nd., en þá bar hv. þm. Ísaf. fram skriflega brtt., sem gekk í þá átt, að stjórnin skyldi öll skipuð af ráðh., en áður átti ríkisstj. aðeins að skipa einn samkvæmt till hv. þm. Dal. Samkvæmt till. hv. þm. Ísaf. skyldi þó einn af þessum þrem vera valinn eftir tilnefningu stórstúku Íslands. Með þessu er frv. komið í það horf, að engin trygging er fyrir því, að áhugamenn, sem vilja starfa fyrir þetta hæli, skipi meiri hluta stjórnarinnar. Ég vil þó ekki halda því fram, að það gæti ekki vel svo farið, að í stjórnina yrðu valdir áhugamenn, en engin trygging er fyrir því.

Mér finnst hins vegar, að það væri skynsamlegasta afgreiðslan á þessu máli að halda þeirri tryggingu, sem áður var fengin samkvæmt till. hv. þm. Dal., að áhugamenn skipi meiri hluta stjórnarinnar. Ég álít þó eðlilegt, eins og hv. þm. Ísaf. lagði til, að hæstv. ríkisstj. skipi alla stjórnarn., en að tveir skuli tilnefndir af stórstúku Íslands í staðinn fyrir einn, eins og hann lagði til.

Öðru atriði tel ég æskilegt, að breytt yrði í sambandi við þessa gr. eða kæmi til viðbótar við hana. Á ég þar við, að tekið sé fram, að stjórnarn. skuli starfa kauplaust. Það er nú einu sinni mín skoðun, að þau störf, sem unnin eru án endurgjalds, séu rækt af meiri alúð en þau, sem eru fyrir fé keypt, og skýringin á því er auðvitað sú, að til hinna ólaunuðu starfa veljast eingöngu áhugamenn, en þegar farið er að gjalda stórfé, getur svo farið, að önnur sjónarmið komi til greina en málefnið sjálft, og vilji menn þá reyna að „pota" sér inn í störfin.

Ég vil því leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. við 2. gr. frv. og vænti þess, að hv. dm. muni hugleiða þær röksemdir, sem ég hef hér fært fram í þessu máli. Brtt. mínar eru þær, að við niðurlag 2. gr. komi í stað orðanna „skal annar þeirra valinn" komi: „skulu meðstjórnendur valdir". Breyt. er aðeins sú, að í staðinn fyrir, að annar skuli valinn eftir tilnefningu stórstúkunnar, skulu báðir tilnefndir af henni. Enn fremur legg ég til, að bætt verði við sömu gr.: „Stjórnarn. skal starfa kauplaust."

Ég mun svo ekki fjölyrða um þetta mál, og finnst mér ekki ástæða til að hefja um þetta neinar deilur, þar sem ekki er svo langt á milli sjónarmiða, og með leyfi forseta vil ég svo bera fram þessa skrifl. brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 538) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Finnur Jónsson:** Ég get ekki fallizt á röksemdir hv. 8. þm. Reykv., sem talaði hér áðan út af því, að hann var ekki samþykkur brtt. þeirri, sem ég bar hér fram í hv. d. og hv. d. féllst á. Ástæðan fyrir því, að ég bar hana fram, var sú, að ég taldi eðlilegt, að í stofnun, sem að öllu leyti er rekin á kostnað ríkisins, eigi ríkið að hafa meiri hluti í stjórninni. Það er sjálfsagt ýmislegt rétt, sem hv. þm. sagði viðvíkjandi áhugamönnum, en hins vegar verður ríkið að gæta þess, að það hafi umráð yfir stofnunum, sem eru reknar fyrir kostnað þess. Þetta var því ástæðan fyrir brtt. minni við þetta frv. Ég taldi, að þessi skipan á stjórn stofnunarinnar væri í samræmi við það, sem tíðkast um aðrar ríkisstofnanir, en stórstúkunni væri þó gefin þau hlunnindi að tilnefna einn mann í stjórnina. Ég

er ekki viss um, að þessi brtt. hv. þm. komist að, þar sem d. er þegar búin að fella, að stórstúkan tilnefni tvo menn í stjórnina, þó að það að vísu sé orðið nokkuð öðruvísi í hans till.

Ég geri ráð fyrir, að rétt sé að samþ. frv. óbreytt, en fella skrifl. brtt., a-lið, eða vísa henni frá, vegna þess að hér er gert ráð fyrir, að ríkið kaupi þessar eignir hælisins, og móttakandi verður þá væntanlega þessi stjórnarnefnd, og tel ég viðkunnanlegra, að ríkið sjálft hafi meiri hluta í þeirri n., sem tekur við stofnuninni.

**Sigfús Sigurhjartarson:** Herra forseti. Mér er það alveg ljóst, og tók ég það fram, þó að óbeint væri, í upphafi ræðu minnar, að hv. þm. Ísaf. vill á engan hátt verða meinsmaður þessa frv., enda kom það fram af hálfu þessa hv. þm., að mér virtist, að hann vildi greiða götu þess.

Viðvíkjandi síðasta atriðinu, sem hann tók fram, að ríkið ætti að kaupa hælið í Kumbravogi, gætti nokkurs misskilnings á þessu hæli. Það hæli á ekkert annað en húsgögn. Hús á það ekki, en er leigjandi. Og í bréfi, sem hv. félmn. í Ed. var skrifað, var fram tekið, og það er einnig í grg. frv., að stórstúkan mun að sjálfsögðu afhenda allar eignir hælisins endurgjaldslaust til heilsuhælis ríkisins, ef upp verður komið samkv. þessu frv. Þessu hefur stjórn hressingarhælisins í Kumbravogi lýst yfir í umboði stórstúkunnar, sem fyrir liggur um það. Og það, sem hælið á, sem er innbú, sem er að vísu nokkurs virði á þessum dögum, verður afhent stofnuninni, þegar ríkið tekur við henni, ef þetta frv. verður samþ. Ríkið hefur lagt fram 30 þús. kr. til þessa hælis, Reykjavíkurbær 30 þús. kr. og stórstúkan 30 þús. kr. Og stórstúkan telur ekki eftir sér að láta þetta framlag hverfa inn í þessi opinberu framlög frá bæ og ríki.

Varðandi það, að það sé óviðfelldið, að ríkið eigi ekki meiri hluta í þessari stjórn, þá vil ég benda hv. þm. á það, að ég hygg, að þær ákvarðanir séu mjög fáar, sem slík stjórn getur tekið án samþykkis ráðh. Hún getur ekki ráðið starfsfólk án þess og ekki heldur gert neinar veigamiklar fjárhagsráðstafanir án samþykkis ráðh. Og hann á einnig sína umboðsmenn innan stjórnar hælisins, svo að ég hygg, að hér sé ekki á neina hættubraut stefnt, en hins vegar tryggt það, sem tryggja ber, að áhugamenn starfi, — eftir því sem ég hef lýst í minni fyrri ræðu, — í þessari stjórn. Vildi ég því vænta þess, að jafnvel hv. þm. Ísaf. gæti við nánari athugun fallizt á þetta. — Skal ég svo ekki fjölyrða meira um málið.

**Sigurður Kristjánsson:** Herra forseti. Ég ætla ekki beinlínis að blanda mér í umr. um þetta mál. En mér þykir þó rétt að láta í ljós þá skoðun mína, að mál þetta sé alls ekki eins undirbúið og það þyrfti að vera. Það hefur verið klifað mikið á þessu á nokkrum þingum, að það þurfi að stofna drykkjumannahæli. En mér og ýmsum fleirum, sem ég hef átt tal um þetta við, hefur sýnzt hér ógæfulega vera til stofnað, því að það mun vera ákaflega erfitt að fá menn til að koma á hæli, sem heitir drykkjumannahæli, og þeir, sem helzt þyrftu þess með, mundu kannske sízt á þetta hæli koma. Ég hygg, að e. t. v. væri það betra að stofna hæli fyrir taugaveiklað fólk, sem hefði ekki þann stimpil að vera kallað hæli fyrir ofdrykkjumenn.

Stórstúkan mun nú þykjast hafa þekkingu til þess sennilega að undirbúa þetta mál eða stofna til þess og ætlar svo að láta ríkið taka við. Ég er alls ekki viss um það, þó að stúkan hafi reynt að vera eins konar hæli fyrir slíka menn, að hún sé fær um það að undirbúa slíkt hæli sem þetta og að skapa á því það form, sem má verða að gagni. Ég sé, að í grg. frv. stendur, að hælið hafi sigrazt á veikleika eins manns. Það er náttúrlega ekki ákaflega mikill árangur, þó að þannig hafi einn maður fiskazt allan þennan tíma. Fjórir hafa hins vegar hlaupizt á brott af hælinu, meðan einn hefur útskrifazt. Ég er sannfærður um það, að ef hægt væri að setja svona hæli í það form, að það væri ekki aðeins ofdrykkjumönnum, heldur einnig þeim mönnum, sem ofþreyttir eru og taugaveiklaðir, innkomu auðið þangað, þá mundi hælið að sjálfsögðu ná miklu frekar tilgangi sínum. Ég er þess vegna algerlega á móti því, að ríkið taki á móti þessu hæli, eins og til þess er stofnað. Hinu mundi ég geta verið samþykkur, að það væri undirbúið að koma upp hæli fyrir taugaveiklað fólk, sem þá gæti náttúrlega líka hentað fyrir ofdrykkjumenn.

**Forseti (JörB):** Þá hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið.

Hv. þm. Ísaf. hefur bent á, að brtt. sú hin skrifl. komist kannske ekki að, sökum þess að líkt ákvæði hafi verið numið burt úr frv. og þessi brtt. fjallar um. Það er að vísu svo, að þessi ákvæði eru nokkuð svipuð. En bæði er nú það, að þetta ákvæði, sem burt var numið, er ekki alveg sams konar og það, sem er í brtt., og hins vegar er ekki beinlínis hægt að segja, að það hafi verið fellt, þó að því væri breytt í frv. I frv. við 2. umr. stóð: „Stórstúka Íslands velur tvo stjórnarnefndarmenn, en ráðherra skipar þriðja manninn, og skal hann vera formaður nefndarinnar.“ En þessu var breytt við 2. umr. hér í hv. d., svo að það er nú í frv. þannig: „Ráðherra skipar stjórnarnefndina, formann og tvo meðstjórnendur, og skal annar þeirra valinn eftir tilnefningu stórstúku Íslands.“ Nú er fram komin skrifl. brtt. um að breyta þessu þannig, að í staðinn fyrir orðin „skal annar þeirra valinn“ komi: „skulu meðstjórnendur valdir“. Dálítill munur er á þessu að efni til, en ég játa með hv. þm. Ísaf., að hann er mjög smávægilegur, en þó það mikill, að ég vil láta hv. d. um það, hvort hún vill hafa þetta ákvæði þannig nú eða ekki, þannig að þessi brtt. kemur til atkvæða, stafl. a. í skrifl. brtt.

Annar stafliður brtt. er um, að við bætist orðin: „Stjórnarnefndin starfar kauplaust,“ — og mun ég bera upp báða liðina saman, ef ekki verður mótmælt. (**BÁ:** Ég óska, að þeir verði bornir upp hvor í sínu lagi.) Þá verður það gert.

ATKVGR.
Brtt. 538,a felld með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JakM, JJós, LJós, PÞ, SigfS, SG, STh, ÞG, ÁkJ, BÁ, EOl.
**nei:** GTh, IngJ, JPálm, JS, PZ, SEH, SK, SÞ, SkG, StJSt, ÁÁ, EmJ, EystJ, FJ, JörB.
9 þm. (GG, GSv, BFB, ÓTh, PO, SB, SvbH, BG, GÞ) fjarstaddir.
Brtt. 538,b samþ. með 12:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** PÞ, SigfS, SG, SÞ, ÞG, ÁkJ, EOl, EmJ, IngJ, JakM, JS, LJós.
**nei:** SEH, SkG, StJSt, ÁÁ, BÁ, JJós, PZ, JörB. SB, SK, EystJ, GTh greiddu ekki atkv.
11 þm. (PO, STh, SvbH, BG, FJ, GÞ, GG, GSv, BFB, JPálm, ÓTh) fjarstaddir.
Frv., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv. og endursent Ed.

---

Á 58. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 539).
Á 59. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** HG, IngP, KA, MJ, PHerm, ÞÞ, BrB, EE, HermJ, StgrA.
**nei:** GJ.
6 þm (BBen, GÍG, JJ, LJóh, PM, BSt) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

**Gísli Jónsson:** Með því að þetta frv. hefur tekið þeim breyt. í Nd., að því er 2. gr. snertir, að greinilegt er, að það fyrirtæki verður stjórnlaust, sem stjórna skal af ólaunaðri n., eins og ráðgert er, þá segi ég nei.

**Frsm. (Brynjólfur Bjarnason):** Þó að ég sé mjög óánægður með þær breytingar, sem gerðar voru á frv. í Nd., *treysti ég mér ekki til* að standa gegn afgreiðslu þess nú, þar sem um mikið nauðsynjamál er að ræða, og segi já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A 558).

—o—

## 45. Jarðhiti.

Á 18. fundi í Nd., 17. sept., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita** (þmfrv., A. 69).

Á 20. fundi í Nd., 21. sept., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Finnur Jónsson):** Við höfum, flm., orðið sammála um að leggja þetta frv. fram sem breyt. á gildandi l. um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Í þeim l. er svo ákveðið, að ríkið veiti ókeypis leiðbeiningar um notkun jarðhita, og hefur það starf undanfarandi verið í höndum rannsóknaráðs ríkisins, en rannsóknaráð ríkisins hefur ekki haft neinum sérfræðingi á að skipa til þess að veita þessar leiðbeiningar, og ekki hefur heldur verið veitt til þess fé sérstaklega í fjárl. Nú er enginn vafi á því, þar eð jarðhiti er mjög mikilvægur eða a. m. k. getur orðið það, ef hann er notaður sæmilega, að þá þarf að búa öðruvísi að þessum málum en hingað til hefur verið gert. Í þessu frv., sem ég er hér fyrri flm. að, er það nýmæli, að ríkisstj. fái sérstakan ráðunaut eða sérfræðing um notkun jarðhita og taki hann í þjónustu sína, en geti hins vegar látið jarðhitaframkvæmdir viðvíkjandi borunum og slíku heyra undir ríkisstofnun, er nú starfar. Enn fremur er það nýmæli í frv., að ríkið greiði helming kostnaðar við jarðboranir, sem framkvæmdar eru af bæjar- og sveitarfélögum, eftir því sem fé er veitt til í fjárl.

Það hefur allmikið verið skrifað um nýtingu jarðhita nú, og er í Tímariti Verkfræðingafélags Íslands, 1. hefti 1943, grein um þetta efni. Segir formaður rannsóknaráðs ríkisins þar, að orka sú, sem felst í jarðhitanum, jafnist fyllilega á við orku fossanna. Nú skal ég ekki segja um, *hvort svo er, en jafnvel þótt þessi orka væri* kannske minni, er hér um svo mikið mál að ræða, að flm. hafa talið rétt, að ríkið verði til þess að hrinda þessu máli hraðar áleiðis en enn er gert. Í þessari yfirlitsgrein Steinþórs Sigurðssonar er drepið á það, að það hafi hina mestu þýðingu, að gerð sé rannsókn á eðli og uppruna jarðhita, og enn fremur, að ýmsar framkvæmdir, sem gerðar eru viðvíkjandi notkun jarðhita, hafi farið í handaskolum, vegna þess að þessi mál eru ekki nægilega rannsökuð og nægilega undirbúin. Það er kunnugt, að jarðhiti er notaður til virkjunar í mörgum löndum, sem hafa ekki líkt því eins mikinn jarðhita og Ísland hefur, t. d. á Ítalíu. Þessir möguleikar jarðhitans hafa lítt eða ekki verið rannsakaðir hér enn, en það mundi verða verkefni þess ráðunauts eða stofnunar, sem ríkið væntanlega setti á fót og framkvæmdi slíka rannsókn.

Rannsóknaráð ríkisins hefur nú umráð yfir 2—3 jarðborum og hefur látið bora á nokkrum stöðum, en þessi rannsókn hefur ekki verið sett *í neitt kerfi enn þá og er mjög í lausu lofti*, enda leggur formaður rannsóknaráðs ríkisins, Steinþór Sigurðsson, til í þeirri tímaritsgrein, sem ég nefndi áðan, að ríkið kosti sérstakan sérfræðing til þess að kynna sér jarðhita hér á landi og erlendis eftir því, sem þess er kostur, og að þessi sérfræðingur yrði síðan starfsmaður ríkisins, enn fremur, að nákvæm rannsókn færi fram, bæði frá vísindalegu og eðlisfræðilegu sjónarmiði.

Það hefur verið starfandi nú um nokkurt skeið sérstök ráðunautskrifstofa rafmagnseftirlits ríkisins, og þótt jafnvel hafi verið ágreiningur um stofnun þessarar skrifstofu, þegar hún var sett á fót, held ég ekki, að neinn mundi vilja, að hún yrði lögð niður. Ætlun okkar er, að með samþykkt þessa frv. verði lögð undirstaða undir, að sett verði á fót sams konar

stofnun fyrir nýtingu jarðhita og rafmagnseftirlit ríkisins er fyrir nýtingu fossaflsins.

Ég læt þetta nægja í þessu máli, en óska, að málinu verði vísað til 2. umr. og væntanlega allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

---

Á 39. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 69, n. 239).

**Finnur Jónsson:** Ég vil þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu þessa máls og get líka lýst yfir því fyrir hönd okkar flm., að við getum fallizt á þá breyt., sem n. gerði. Og ég vænti þess, að frv. nái fram að ganga, og ég mun þá væntanlega flytja till. við afgreiðslu fjárl. þannig, að frv. nái tilgangi sínum.

ATKVGR.

Brtt. 239,1 samþ. með 22 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 239,2. a—b samþ. með 22 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 279).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 42. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 43. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 57. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 279, n. 472).

**Frsm. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Allshn. hefur haft þetta frv. til athugunar, en það fer í þá átt, að ríkið kaupi sérstaka jarðbora og láti þá í té bæjar- og sveitarfélögum til þess að bora eftir heitu vatni, þó með þeim hætti, að ríkið annist reksturinn, en bæjar- og sveitarfélögin skulu standa straum af verkinu, þó þannig, að ríkið greiði helming kostnaðar við boranirnar, eftir því sem veitt verður til þess í fjárl. í hvert skipti. Allshn. þóttti sanngjarnt, að ríkið greiddi fyrir bæjar- og sveitarfélögum við slíkar rannsóknir, og var því sammála um meginefni frv., en meiri hl. þótti ástæða til þess að gera tvær breyt. á frv. Önnur breyt. er um það, að bæjar- og sveitarfélög skuli geta fengið styrk frá ríkinu, þótt ekki sé notaður sá bor, sem ríkið á. Það virðist óréttmætt að takmarka réttinn til þess að fá styrk við það, að tæki ríkisins séu notuð. Hins vegar þótti okkur rétt að binda það því skilyrði, að ríkið hefði nægilegt eftirlit með borununum og að ekki skyldi ráðizt í þær nema í samráði við rannsóknaráð ríkisins. Þegar slíkt eftirlit er fyrir hendi, þá virðist það aukaatriði, hver sé eigandi borsins. Þykir okkur því sanngjarnt, að ríkið standi undir helmingi kostnaðar við boranirnar, hvort sem það á tækin eða ekki. Þetta er meginbreyt. á frv., og fer fyrri brtt. meiri hl. allshn. í þá átt.

Hin brtt. miðar að því, að það verði ekki einungis þær boranir, sem verða gerðar hér eftir, er njóta skuli styrks, heldur skuli hann einnig ná til þeirra rannsókna, sem þegar hafa verið gerðar, ef ráðunautar ríkisins telja þær á viti byggðar. Þær rannsóknir, sem þegar hafa verið gerðar, eru brautryðjendastarf, og það er alltaf áhættumeira, vegna þess að þá þurfa menn að þreifa sig áfram til þess að vita, hvað ber árangur, og þannig öðlast þeir þá þekkingu, sem síðar getur orðið undirstaða undir starfi eftirkomendanna.

Okkur virðist því full sanngirni mæla með því, að ríkið taki ekki síður þátt í kostnaðinum við þær rannsóknir, sem búið er að gera, en hinar, sem eftir eru, vegna þess að reynslan, sem fengizt hefur við hinar fyrri, gerir þær síðari léttari og hagkvæmari.

Við leggjum líka til, að einungis þær fyrri rannsóknir verði styrktar, sem hafa verið skynsamlega af hendi leystar að dómi verkfræðinga.

Ég veit, að það kemur fram mótbára gegn þessu með þeim forsendum, að hér eigi að fara að greiða styrki aftur í tímann og þótt styrkurinn sé ef til vill sanngjarn, þá muni það leiða til ófæru, ef lagt verður út á þessa braut. Ég skal ekki rekja það að sinni, en ég vil benda á, að hér er um mjög takmarkaðar rannsóknir að ræða, sem gæti komið til mála, að fengju að njóta styrks. Um sanngirnina verður ekki deilt né hitt, að það, sem gert hefur verið, hafi greitt mjög fyrir frekari rannsóknum. Það má líkja þessum rannsóknum, sem þegar hafa verið gerðar, við t. d. jarðabótastyrk, því að þótt hann sé ekki látinn verka langt aftur fyrir sig, þá þykir þó sjálfsagt, er nýjar reglur um úthlutun hans eru settar, að veita styrk eftir þeim út á þær jarðabætur, sem áður hafa verið gerðar, hafi ekki verið búið að veita styrk út á þær áður. Og þar sem nú stendur svo á, að allar þær jarðhitarannsóknir, sem hér hafa farið fram, eru með svipuðum hætti og aðrar jarðboranir, þá virðist mér, hvernig sem á þetta er litið, að full sanngirni mæli með því, að þetta nái til fyrri rannsókna. Ég vil því mæla með því, að frv. nái fram að ganga með þeim breytingum, sem ég hef lagt til. En að öðrum kosti verð ég á móti því.

**Guðmundur Í. Guðmundsson:** Herra forseti. Eins og hv. frsm. gat um, þá er meiri hluti allshn. með þessu frv. En það, sem okkur greinir á um, er það, hvort þetta frv. eigi að ná til jarðborana, sem fram hafa farið fyrir gildistöku laganna. Meiri hl. er með þessu, en við erum á móti þessu. Við viðurkennum, að þau bæjarfé-

lög, sem þegar hafa hafizt handa, eigi rétt á styrk, því að brautryðjendastarfið er löngum erfitt. En okkur virðist, að hér sé um nokkuð mikilvægt princip að ræða, sem Alþingi getur ekki gengið fram hjá. Því að ef hér væri tekinn upp sá háttur að láta slík framlög sem þetta ná aftur fyrir sig, þá mundi erfitt að ákveða, hve langt skyldi farið á þeirri leið.

Við getum tekið dæmi um framlag til hafnarmannvirkja. Ég held, að engum hafi dottið í hug, er þau lög voru samþ., að láta þau gilda aftur fyrir sig eða ná til þeirra hafnarbóta, sem þegar höfðu átt sér stað. Mjög líkt stendur á um byggingar skóla- og sjúkrahúsa, og svo mætti lengur telja. Eðlilega fengi ríkissjóður ekki risið undir því, ef þessi aðferð væri upp tekin. Það, sem vakir fyrir mér, þegar ég er á móti þessu atriði, er einungis, að ég vil ekki skapa þetta fordæmi. Um hitt, hverjir eiga borana, virðist mér ekki skipta miklu máli. Þó sýnist mér eðlilegra, að styrkurinn nái einungis til þeirra tækja, sem ríkið á.

**Frsm. (Bjarni Benediktsson):** Ég ætla ekki að vera margorður, þar eð hv. 9. landsk. féllst á, að ef farið væri að með sanngirni, þá ætti ríkissjóður að styðja gerðar framkvæmdir í þessum málum. Ég er ekki hræddur við fordæmið m. a. af því, að þeim framkvæmdum, sem hér um ræðir, er ekki lokið. Hér verður höfð hin sama meginregla og gildir um þær jarðboranir, sem veitt er til, ef ekki er búið að taka þær út. Um hina till. er þm. mér samþykkur, svo að hún mun ekki verða frv. til falls, og vænti ég því, að deildarmenn fallist á báðar till.

**Guðmundur Í. Guðmundsson:** Það virðist lítið, sem okkur hv. 6. þm. Reykv. ber á milli. Hann telur, að um þetta gildi nokkuð sérstakt, þar eð rannsóknir standi yfir enn þá, en er ekki lokið. En ég ætla, að svipað standi á um flest mannvirki, sem til greina gæti komið. T. d. er lendingar- og hafnargerðum aldrei lokið. Svo er það um höfnina hér í Reykjavík, að henni er ekki lokið enn þá, og mun þannig vera um flestar hafnir á landinu. Eru því röksemdir hv. frsm. í þessu ekki góðar. En ég tel illa farið, ef þessi till. stofnar frv. í hættu.

**Hermann Jónasson:** Ég vildi taka það fram, áður en þetta frv. fer lengra, að mér virðist bliður 2. gr. þess nokkuð athugaverður, um að ríkissjóður greiði helming á við bæjarfélög. Það má segja um kaupstaði, sem hafa jarðhita í nágrenni, að þeir hafi betri aðstöðu en þorp, sem ekkert slíkt hafa. Með þessu er verið að styrkja þá, sem hafa bezta aðstöðuna, og get ég ekki verið því samþykkur.

**Frsm. (Bjarni Benediktsson):** Þm. Str. vildi mæla á móti þessu frv. Nefndin var með því að styrkja þetta, ef jafnt gengi yfir alla. Um hitt, að hér væri um misrétti að ræða, þá virðist mér, að það sé misskilningur hjá þm. Str., þar eð styrkurinn á einungis að vera til rannsókna, en til framkvæmda kemur síðar. T. d. hafa Hafnarfjörður og Akureyri lagt fram fé til að athuga möguleika, en um framkvæmdir er ekki að ræða enn þá, enda munu þær verða fjárfrekar. Ég vænti, að þm. Str. sjái, að þetta hefur verið fljóthugsað og hann sé frv. samþykkur.

**Hermann Jónasson:** Það, sem þm. sagði, er í aðalatriðum villandi, því að í b-lið 2. gr. stendur, að ríkið skuli styrkja boranirnar. Þegar sérfróðir menn hafa rannsakað og sagt um, hvar gerlegt er að ráðast í boranir, þá vil ég, að ríkið gangi ekki lengra í þessu máli. Það var t. d. álitið, þegar Reykjavík keypti jarðhitasvæðin á Reykjum á 150 þús., að jarðhitinn væri þess virði. Það má líka benda á stað eins og Krýsuvík, þar sem um er að ræða eitthvert stórkostlegasta gróðafyrirtæki, sem hér þekkist, og þessu fylgir engin áhætta fyrir bæina. Þess vegna er það rangt að styrkja þessa staði, sem hafa svo góða möguleika. Sama máli gegnir um Húsavík, enda þótt þar sé það ekki nærtækt. Hafnarfjörður fékk Krýsuvíkurland á 35 þús. kr., og með þeim möguleikum, sem þar eru að skapast, þá tel ég ekki réttlátt, að ríkið taki þátt í þeim framkvæmdum. Í einstökum tilfellum getur þetta verið verjandi, en yfirleitt tel ég, að svo sé ekki, og mun ég því greiða atkv. á móti frv.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Hv. þm. Str. fullyrðir, að það sé rangt, að ríkið taki þátt í borunum eftir jarðhita, af því að með því verki væri verið að hjálpa þeim, sem bezt stæðu að vígi um að afla sér hita ókeypis. Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að benda á, að það er stórt atriði, ef þetta getur sparað gjaldeyri stórkostlega vegna minnkandi innflutnings, og kalla ég það mál ríkisins alls. Ég vil benda hv. þm. Str. á, að undanfarin ár hefur hann verið einn af þeim, sem hafa staðið að því að spara gjaldeyri eins og hægt væri. Mér dettur ekki í hug, að það hafi verið eingöngu gert fyrir kaupfélögin. Og þá hlýtur hann að viðurkenna, að hann hafi hugsað of skammt í því stórkostlega hagfræðilega máli í heild, því að sé hægt að spara öll þau kol, sem fara til að hita upp þessa staði, þá er það stórkostlegt atriði fyrir landið allt, auk þess, að því betri sem afkoman er í þessum bæjum, því hægara á ríkisstj. með að ganga nærri tekjum þessara bæja, því að ég veit ekki betur en ríkið hafi gengið svo nærri tekjustofnum bæjanna, að það ætti ekki að vera neinn ókostur, þó að þeir fengju betri afkomu til að þola þá ránsherferð, sem hafin hefur verið af þinginu á tekjustofna þessara bæja.

Hvað snertir rök hv. 9. landsk. viðvíkjandi þeirri stefnu, sem hér sé tekin, þá finnst mér hann viðkvæmari fyrir þessu en sumir aðrir. Annars finnst mér, að mat hans á réttmæti mála fara mjög eftir því, hvort hann telur rétt að fara út á þessa stefnu. Hann var að tala um, að ef þetta yrði látið verka aftur fyrir sig, þá mundi það leiða af sér kröfur um hafnarmál, en ég vil benda á, að í fyrra, þegar verið var að ræða um framlag til hafnarinnar á Húsavík, þá var styrkt þar verk, sem unnið hafði verið, áður en styrkurinn var veittur, svo að þar hefur ver-

ið gefið fordæmi. Að vísu var ekki búið að ljúka hafnarmannvirkinu, en það var tekið sem framlag frá hafnarsjóði mannvirki, sem höfnin átti, og það er ekki brot á reglu, þó að farið sé inn á þá braut að endurgreiða fyrir verk, sem ekki er búið að ljúka, því að það er vitanlegt, að borun fyrir Reykjavík er ekki lokið enn þá, svo að það er ekki hægt að ganga á móti till. af þeim ástæðum.

**Frsm. (Bjarni Benediktsson):** Hv. 9. landsk. sagði, að ég hefði fallizt á, að hér mundi hættulegt fordæmi skapast. Ég er tvisvar eða þrisvar sinnum búinn að taka fram, að ég teldi þetta fordæmi ekki hættulegt, svo að hér var óþarfi að hafa rangt eftir, ef vilji var til að hafa rétt eftir. Hér er ekki um hættulegt fordæmi að ræða, því að þetta hefur verið gert áður. Eins og hv. þm. Barð. tók fram, hefur þetta verið gert í sambandi við hafnarbætur, sem hv. 9. landsk. þm. gerði sér tíðræddast um. Í því tilfelli er því búið að skapa fordæmi, og því hníga öll rök að því, að brtt. sé sanngjörn.

Varðandi andmæli hv. þm. Str. gegn frv. vil ég benda á, að því fer mjög fjarri, að það sé rétt, sem hann sagði, að það væri fyrir fram hægt að reikna út, hvort borun á einhverjum stað borgi sig eða ekki. Við skulum vona, að þeir tímar komi, að hægt verði að rannsaka þetta fyrir fram, en enn þá er það ekki hægt. T. d. hefur einn maður hér í bæ honum nákominn ráðizt í jarðborun ekki alls fjarri bænum, þar sem ytri skilyrði sýndust fyrir fram benda til, að heitt vatn yrði fyrir hendi og þetta yrði arðbært, en enn þá hefur þessi maður og hans nákomni vinur ekki haft af þessu nema tjón þrátt fyrir eigin athugun og rannsókn sérfróðra manna. Hitt er annað mál, að það getur verið, að það borgi sig að kaupa jarðir vegna jarðhita. Hann segir með réttu, að Krýsuvík sé góð eign, og það getur verið, að hitaveita þaðan og til Hafnarfjarðar borgi sig. En það gæti verið, að það borgaði sig betur að verja miklu fé til að leita að jarðhita nær Hafnarfirði, t. d. úti á Álftanesi, ef það gæti orðið til þess að spara sér alla þá löngu leiðslu frá Krýsuvík. En það breytir engu, að Krýsuvík er verðmæt eign. En þessar rannsóknir eru að mestu eða öllu leyti út í óvissuna, jafnvel þótt á mjög miklu jarðhitasvæði sé, og þær eru alls ekki hluti af framkvæmd verksins, heldur rannsókn á því, hvort fært sé að ráðast í framkvæmd hitaveitu síðar. Þetta liggur í augum uppi fyrir alla, sem það vilja sjá og hugleiða. Þessar boranir eru því alltaf meira og minna út í bláinn, og er því eðlilegt, að þær séu styrktar vegna þeirrar óvissu, sem þeim er samfara, þó að það verði hins vegar að játa, að sú óvissa er nú orðin miklu minni, eftir það brautryðjendastarf og frumrannsóknir, sem gerðar hafa verið og kostað hafa hlutfallslega meira en síðari rannsóknir mundu gera, og því fullkomin ástæða til að styrkja slíkar frumrannsóknir enn meira en síðari rannsóknir.

Varðandi það, sem hv. þm. Str. sagði, að ekki ætti að styrkja nema það, sem ekki borgaði sig, þá er það skýring á því, hvers vegna öll stjórnmálastefna hans hefur leitt til þvílíks hruns og eyðileggingar, sem raun ber vitni. Hann hefur aldrei stutt að því, að góð mál næðu fram að ganga, sem gætu orðið til þess, að landslýðurinn lifði á því, en hann hefur viljað styrkja það, sem vonlaust var, að gæti staðið undir sér. Því hefur hann viljað halda við. Það var ákaflega gott að fá þessa játningu, að ekki megi greiða fyrir, að það, sem blómlegt er, dafni enn betur. Hann vill ekkert styrkja nema það, sem verður endalaust að halda við á styrkjum og styrkja því meira, því lengur sem það á að hjara.

**Guðmundur Í. Guðmundsson:** Herra forseti. Það var aðeins aths. við eitt eða tvö orð, sem fram hafa komið, sem ég gjarnan vildi koma að.

Ég lagði áherzlu á það, að ef brtt. á þskj. 247 yrði samþ., þá mundi skapast hættulegt fordæmi um að láta l. verka aftur fyrir sig, þegar greiddir væru styrkir úr ríkissjóði. Hv. þm. Barð. hefur talið sig finna fordæmi fyrir, að þetta hafi verið gert á Alþingi nýlega og ég hafi m. a. veitt slíku fylgi mitt. Hv. 6. þm. Reykv. hefur nú tekið þetta upp sem aðalröksemd sína fyrir till. á þskj. 247.

Ég vil segja hv. þm. Barð., að hér er um algeran misskilning að ræða. Þar hefur ekki verið gefið fordæmi á einn eða annan hátt. Í sambandi við afgr. hafnarl. og styrk til hafnargerða hefur lengi verið fylgt föstum reglum um hlutfall milli framlags frá ríkinu annars vegar og hafnarsjóðs hins vegar. Þetta hafði gilt lengi, þegar veittur var sá styrkur, sem hann ræddi um, sem sé til Húsavíkurhafnar. Þegar sá styrkur var veittur, þá var, eftir því sem ég man bezt, mannvirki, sem höfnin hafði látið gera, tekið sem framlag af hendi hafnarsjóðs. Þetta hefur verið gert víðar en í Húsavík, t. d. var það gert í Keflavík, þegar hafnarl. þar voru samþ. Þetta er því algerlega ósambærilegt, sem hv. þm. Barð. fer hér með og afsannar ekkert það, sem ég lagði megináherzluna á, að þegar tekin er upp ný regla, að styrkja bæjar- eða sveitarfélög til mannvirkjagerðar eftir ákveðnu hlutfalli úr ríkissjóði, þá sé hættulegt að láta það verka aftur fyrir sig, því að þá eru engin takmörk fyrir, hvar það getur lent. Mér virðist því ekki hægt að leggja út í slíka löggjöf.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að hv. þm. Str. Þegar þetta frv. var athugað í allshn., voru allir sammála um, að frv. ætti að ná fram að ganga. Var enginn ágreiningur um það í n., og fulltrúi Framsfl. lagði ekki síður áherzlu á það en við hinir, að hér væri gott mál og því nauðsynlegt að tryggja því framgang í þinginu. Hv. þm. Str. virðist nú hafa snúizt gegn einu meginatriði frv., sem sé því, að ríkissjóður styrki jarðboranir að hálfu leyti. Byggir hann það á því, að jarðboranir hjá nokkrum sveitarfélögum hér á landi hafa reynzt það arðvænlegar, að ástæðulaust sé að styrkja þær. Í því sambandi nefndi hann tvö eða þrjú sveitarfélög, Hafnarfjörð, Húsavík og eitthvert það þriðja. Ég vil benda honum á, að í frv. eru ákvæði um, að kostnaður við boranir, sem framkvæmdar eru af bæjar- og sveitarfélögum, á að greiðast að hálfu úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í

fjárl. Og ef svo skyldi standa á einhvers staðar, að talið væri stórkostlegt gróðafyrirtæki að koma þar upp hitaveitu, þá er þeim, sem vilja ekki veita styrk til slíks fyrirtækis, í lófa lagið að greiða atkv. móti slíkri fjárveitingu og spyrna við framgangi hennar. Það er því með öllu tilefnislaust hjá hv. þm. Str., þegar hann vill bregða fæti fyrir frv., vegna þess að hann telur, að örfá sveitarfélög muni hagnast stórkostlega á að koma upp hjá sér hitaveitu, því að það er mjög ósanngjarnt að láta öll önnur bæjarfélög gjalda þess, að sérstakar ástæður kunna að vera fyrir hendi á örfáum stöðum.

Ég held, að það sé svo ekki fleira, sem ég þarf að taka fram hér. Ég vildi aðeins undirstrika það, sem ég áður sagði, að allshn. var sammála um, að þetta mál væri svo gott, að nauðsynlegt væri að greiða fyrir, að það næði fram að ganga. Ég vænti því þess, að þær tilraunir, sem gerðar hafa verið til að bregða fæti fyrir málið með beinni andstöðu eða með því að bera fram háskasamlegar brtt., takist ekki, en frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir frá n.

**Hermann Jónasson:** Herra forseti. Þetta er aðeins stutt aths. Það hafa komið þau rök hér með þessu máli frá þeim, sem síðast talaði, að allshn. hefði verið sammála um þetta mál. Þetta eru hæpin rök út af fyrir sig, ef það er þá hægt að kalla það rök, því að það mun sennilega sýna sig eftir þetta þing og hefur sýnt sig eftir mörg þing, að þau mál, sem n. hafa verið sammála um, hvort sem það hefur verið allshn. eða einhverjar aðrar n., hafa stundum ekki verið nægilega athuguð, og það mun að mínu áliti sýna sig, að þetta ákvæði, b-liður 2. gr., hefur hvorki af n. né öðrum verið nægilega athugað.

Þá er það, sem hv. þm. Barð. sagði um þetta mál. Hann sagði, að það sé nauðsynlegt að styrkja bæjarfélög til að spara gjaldeyri, sem ég hafi þann tíma, sem ég var ráðh., lagt mikla áherzlu á að spara. Það er fyrst og fremst um það að segja, að það á ekki að þurfa að vera verðlaunaatriði frá hálfu ríkissjóðs til bæjarfélaga, þó að þau noti sér þær auðlindir, sem hagur er fyrir þau sjálf að nota, og á mörgum sviðum yrði að grípa til styrkja, ef þess þyrfti sérstaklega með. Í því sambandi má benda á, að vitanlega er það skoðun margra manna, að spara mætti gjaldeyri með því að byggja meira af gróðurhúsum en gert hefur verið. Það er meira að segja skoðun margra sérfróðra manna, að með því að bora eftir jarðhita og byggja meira af gróðurhúsum mætti spara stórkostlega innflutning, frá því sem verið hefur, en ekki er gert ráð fyrir slíkum styrk í frv., vegna þess að það er talið líklegt, að þeir, sem græða á að nota jarðhita, muni gera það, þó að styrkir komi ekki til. Þessi regla hv. þm., að styrkja hvað, sem er, ef það sparar gjaldeyri, mundi því draga ærið stóran dilk á eftir sér.

Það kom fram hjá hv. 6. þm. Reykv., sem mælti með að gera þetta ákvæði í b-lið 2. gr. að almennri reglu, að það væri fyrst og fremst, að því er manni skildist, að styrkja þá, sem hefðu jarðhita nálægt sér, og þar, sem það væri gróðafyrirtæki að nota jarðhita. Ég fæ satt að segja ekki skilið þessa reglu án tillits til þess, *sem hann síðar sló fram, sem ég skal koma að.* Ég benti á, að fyrir Reykjavík var það beinlínis gróðafyrirtæki að nota jarðhitann á Reykjum. En jafnvel þó að hann hefði ekki orðið nægilegur til að hita upp bæinn, hvaða ástæða hefði verið þrátt fyrir það til að styrkja hann, og hvaða ástæða er til að styrkja Hafnarfjörð til að bora eftir heitu vatni, þegar það er vitanlegt, að það er gróðafyrirtæki fyrir þessa bæi að bora eftir heitu vatni og nota það, hvort sem hægt er að hita upp bæina með því eða ekki?

Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að *ég hefði í minni* stjórnartíð aðallega viljað styrkja það, sem aldrei hefði getað borið sig. Ég býst við, að hann hafi þar átt við landbúnaðinn með þessari venjulegu vináttu við hann. Hann sagði, að þessi stefna hefði leitt hrun yfir þjóðina. Hv. þm. hefði ekki átt að minnast á þetta, því að það er öllum kunnugt, hver það var, sem raunverulega leiddi hrunið yfir þjóðina árið 1942. Og nú er svo komið, að hann vill láta styrkja hitaveitu Reykjavíkur, það fyrirtæki, sem fyrir óstjórn og óforsjálni hans, þó að öll skilyrði væru til þess, að hún yrði stórkostlegt gróðafyrirtæki, hefur orðið þannig, að mestar líkur eru til þess, að það setji bæjarfélagið á höfuðið fyrir óforsjálni hans. Og að því leyti er till. um að styrkja hitaveitu Reykjavíkur till. um að styrkja fyrirtæki, sem getur ekki staðið undir sér sjálft vegna óstjórnar og óforsjálni. Ég held, að þeir þm., sem komu á óstjórninni 1942, ættu sem sjaldnast að minnast á það hrun, sem þeir stofnuðu til og er nú svo nálægt, að segja má, að við séum komnir fram á fossbrúnina.

Hitt er annað mál, að svo getur staðið á, að það sé áhættusamt að láta framkvæma borun. Það er t. d. ekki eðlilegt, að Akureyri vilji leggja í þá áhættu að bora í stórum stíl. Og þá er það atriði, sem þingið verður að gera upp við sig í hvert sinn, hvort það vill, að ríkið taki þátt í þeirri áhættu, og hvort svo mikil von sé um árangur, að gerlegt sé fyrir ríkið að leggja í það.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en ég vil ráðleggja hv. 6. þm. Reykv. að fara ekki að innleiða hér umr. um óstjórn, hvorki hjá ríkinu né Reykjavíkurbæ, því að það er sami aðilinn, sem þar á sökina, svo að ekki verður um villzt.

**Gísli Jónsson:** Það er bert af ummælum hv. þm. Str., að það er ekki af umhyggju fyrir réttlætinu, heldur af fjandskap við Rvík og öll þorp á landinu, þar sem von er um hitaveitu, að hann leggst gegn þessari brtt. Hann gat ekki stillt sig um að kasta kápunni og sýna sinn rétta mann. En það er ekki til neins að ræða mál við þá, sem eru fjandmenn þeirra frá upphafi. Hv. þm. talaði um, að ég hefði sagzt vilja styrkja hvað, sem væri, ef það aðeins sparaði gjaldeyri. Ég sagði það ekki. Ég sagði, að rétt væri að styrkja jafnmikilvægt mál og það, sem hér hefur verið unnið, þar sem aflazt hefur sú reynsla, sem án efa mun spara margar þúsundir króna í framtíðinni. Er þetta ekki í samræmi við þá stefnu, sem hann sjálfur hefur stutt? Hefur hann ekki ásamt öðrum þm., já, jafnvel

ásamt mér, verið að styrkja þá, sem unnið hafa að jarðabótum, vegna þeirrar afkomu, sem betri ræktun tryggir landbúnaðinum? Hér stangast á rök hv. þm. Str. Og þetta er gert á öðrum sviðum. Ég veit ekki betur en verið sé að styrkja sjávarútveginn, vegna þess að það er viðurkennt, að hann er ein aðalundirstaðan undir tekjum ríkissjóðs, — hann launar styrkinn fyrr eða síðar. Það, sem hér er um að ræða, er að styrkja framkvæmdir, sem mega verða þjóðarheildinni til góðs, og munu, þegar til lengdar lætur, spara alþjóð stórkostlegt fé í erlendum gjaldeyri.

Mér finnst það mikið atriði að meta það brautryðjendastarf, sem Rvíkurbær hefur unnið, starf, sem síðar mun spara ríkissjóði fé, af því að hér er fengin mikilvæg reynsla. En kannske vill hv. þm. Str. gefa Rvíkurbæ einkarétt til framkvæmda við boranir um land allt vegna þeirrar reynslu, sem hér er fengin? Ekki býst ég þó við, að hann mundi veita því stuðning sinn.

Viðvíkjandi því, sem hv. 9. landsk. þm. sagði, þá vil ég benda honum á, að Alþ. er alltaf að semja l., sem verka aftur fyrir sig, t. d. skattal. Ég er ekki að mæla með því, en úr því að þetta er viðtekinn háttur, hvar á þá að draga línuna? Hér er farið með skattaálagningar svo langt aftur í tímann, að vafasamt er, hvort hæstiréttur mundi ekki dæma það brot á stjórnarskránni.

**Frsm. (Bjarni Benediktsson):** Hv. þm. Str. er nú hlaupinn af þ. eftir að vera búinn að sletta úr klaufunum, svo sem honum er títt. Þetta er ekkert nýtt. Það, sem hann hefur að segja, það er hans harmagrátur yfir því að hafa þurft að hrökklast frá stjórn árið 1942. Hann kemur naumast fram í ræðu eða riti svo, að það sé ekki uppistaðan í máli hans, að þó að Íslands óhamingja hafi oft verið mikil, þá hafi hún aldrei verið meiri en þegar hann hrökklaðist frá völdum.

Hv. þm. var með ráðleggingar til mín um, að ég ætti ekki að vera að tala um óstjórn hjá öðrum, því að ég hefði ekki sýnt svo mikil hyggindi í mínu starfi. Honum mun aldrei verða hrósað fyrir hyggindi í stjórn. Honum verður við brugðið fyrir taumlaust sjálfsálit og frekju, — en af hyggindum hefur hann ekkert til að miðla öðrum.

En úr því að hv. þm. minntist á hitaveituna, þá er sjálfsagt að segja, hvers vegna dráttur varð á því, að hægt yrði að byrja á verkinu. Bærinn hafði ekki mikið fé, þó að hann væri ekki gjaldþrota, eins og við lá, að ríkið væri orðið undir stjórn hv. þm. Str. En bæði var það, að flokksmenn hans í stjórn Rvíkur þóttust lengi ekki gera annað þarfara starf en vinna á móti hitaveitunni, og eins hitt, — sem var enn verra, — að eftir að hann var orðinn ráðandi í stjórn landsins, þá misbeitti hann valdi sínu svo herfilega, að hann tafði fyrir því, að Rvík gæti fengið nauðsynleg tæki til að gera boranir á Reykjum eða gert aðrar ráðstafanir, sem þurfti að gera, áður en hafizt yrði handa. Ef hann hefði þá hagað sér sem hyggnum og heiðarlegum manni sæmdi, svo að hægt hefði verið að ráðast í þetta verk, sem hann segir nú, að sé upplagt gróðafyrirtæki, — ef hann hefði greitt fyrir því með því að láta falla niður andstöðu sína þá, — þá hefði hitaveitan verið komin á, áður en ófriðurinn hófst. Það var þessi hv. þm., sem réð því, að neitað var um leyfi til þess að kaupa nauðsynleg borunartæki í Svíþjóð. Það var það, sem var því valdandi, að hitaveitan tafðist árum saman. Syndabyrði hans er vissulega stór og ekki á hana aukandi, og ekki þarf heldur að auka á þá lítilsvirðingu og fyrirlitningu, sem alþjóð hefur á hegðun hans, þar sem hann með dæmafárri skammsýni, illgirni og lítilmennsku stjórnaði fjármálum ríkisins sem forsrh. með þeim endemum, að ríkinu lá við gjaldþroti. Því var á síðasta tíma fyrir stríðsbyrjun 1939 ómögulegt að fá lán erlendis til þess að koma upp neinu fyrirtæki, hvað mikið gróðafyrirtæki sem það var. Það var viðurkennt, að hitaveitan væri gott fyrirtæki, og hefði ekki verið vandi að fá lán handa henni, ef landinu hefði verið stjórnað af skynsömum manni, en þar sem fjármálin voru eins og komið var undir hans stjórn, var talið ótækt að lána fé til fyrirtækja hér á landi, og varð Rvíkurbær að súpa seyðið af því.

Þetta voru nú öll þau hyggindi, sem hv. þm. Str. telur sig hafa svo mikið af, — enda skortur á hyggindum að fara að rifja þetta upp nú. Og ástæðan fyrir því, að hann fær svo litlar undirtektir undir harmasöng sinn, er sú, að það er munað.

Og þetta er ekkert eins dæmi. Ég held, að allur hans stjórnarferill hafi verið með þeim endemum, að ekki verði við jafnazt. Þessi hv. þm., sem nú ásakar okkur, var búinn að hleypa öllu í strand 1939, svo að atvinnuvegirnir lágu í rústum og fólkið í landinu hafði ekkert til að bíta og brenna. Þessi hv. þm. kom skríðandi á maganum til höfuðandstæðinga sinna og bað okkur að bjarga sér úr foraðinu. Það var vissulega ekki af virðingu fyrir honum, að við hlupum þá undir bagga. Það var þjóðarnauðsyn. Hann hefði séð sjálfum sér borgið, en hann gat ekki séð þjóðinni borgið, og því varð Sjálfstfl. að hlaupa undir bagga. Og það tókst vonum betur. Hitt var rétt, sem hann sagði, að það hefði valdið vissum truflunum á stjórn þjóðarinnar, er hann lét af stjórn 1942. Margra ára rangindi voru þá afnumin. En Framsfl., í stað þess að búa sig undir að vinna að málefnum þjóðarinnar með Sjálfstfl., hleypti öllu í glundroða. Það tókst vel, en það er ekki til að hæla sér af, heldur ætti hv. þm. að hafa vit á að þegja um þann kafla í sögu sinni.

**Hermann Jónasson:** Það hefur verið sagt af athugulum manni, sem þekkir hv. 6. þm. Reykv., að hann mundi ef til vill vera fær um að halda uppi kennslu í lögfræði, þegar ofstækið og skapsmunirnir hlypu ekki með hann í gönur, — þá sjaldan svo stæði á. Kenningar hans í lögfræði eru frægar að endemum og bornar fram af skapsmunum, sem hann ræður ekkert við. Það er fróðlegt fyrir þm. að hlusta á hann, þegar ofstopinn og bræðin hlaupa með hann út á villigötur, — en það er daglegt brauð.

Út af því, sem deilt er um, í 2. gr. frv., hvort

gera eigi að almennri reglu að styrkja bæjar- og sveitarfélög, ef þörf þykir að gera boranir, án tillits til aðstæðna, eða hvort gera skuli ákvarðanir um það jafnóðum, eftir því sem ástæður standa til, — út af þessu verður þessi hv. þm. dökkur í framan, eins og jafnan þegar hann fær þessi köst, og tekur að ófrægja mig. Hann segir, að það sé óþarfi að bæta á þá fyrirlitningu, sem þjóðin hafi á mér, og að ég hafi stjórnað af oflátungshætti og ranglæti. Þetta er orðbragð borgarstjórans í Rvík, þegar hann fær reiðiköstin, hvort heldur er á Alþ. eða á skrifstofu sinni. Heldur hann, að þau verði málstað hans til bóta — eða staðfesti bara þau orð, sem hinn athuguli maður mælti, að ef til vill gæti hann kennt lög, en ekki stjórnað skapi sínu eða orðum?

Þessi hv. þm. veður um hér með þeim vinnubrögðum, sem enginn tekur hátíðlega og eru ekki til að auka virðingu hans. Sá, sem er ekki fær um að stjórna skapi sínu, er ekki heldur fær um að stjórna öðrum.

Það m. a. sýnir, hvaða vit er í því, sem hann segir, þegar þessi hv. þm. talar um það í einu orðinu, að ég hafi „velzt úr völdum“ og sé einangraður maður á þingi, en í hinu orðinu kennir hann mér um, að mér hafi tekizt í heilt ár að koma í veg fyrir samvinnu á þingi.

Fyrst er þess að geta, að þegar ég lét af völdum, þá sagðist ég ekki vilja bera ábyrgð á þeim vinnubrögðum, sem Sjálfstfl. tók upp, því að ég taldi, að með þeim væri stefnt í ógöngur. Þeir hafa ekki linnt látum í heilt ár að deila á mig fyrir, að ég skyldi hafa sagt af mér. Ég á í einu orðinu að vera einangraður, en í hinu að hafa staðið í vegi fyrir samvinnu, af því að ég vildi ekki vinna með Sjálfstfl. Þetta er því allt sundurgrafið af eintómum mótsögnum, og læt ég mér það í léttu rúmi liggja, því að á þeim átta árum, sem ég var ráðherra, hef ég oft mætt mönnum, sem létu út úr sér orð, sem þeir vildu sízt sagt hafa, þegar kastið var runnið af þeim.

Ég ætla ekki að misnota leyfi hæstv. forseta til þess að bera af mér skröksögurnar um afstöðu mína til hitaveitumálsins hér í Rvík., sem alltaf er staglazt á til þess að veita flóði annarra eins svívirðinga, með afsökun hæstv. forseta, og dónalegra orða yfir d. og hv. 6. þm. Reykv. lét sér um munn fara. Það vita allir, að þessi skröksaga var borin út, ekki vegna þess, að innflutnings- og gjaldeyrisn. vildi, að efnið væri keypt í Þýzkalandi, en ekki í Svíþjóð, heldur vegna þess að Sjálfstæðisfl. gerði þetta að pólitísku hagsmunamáli sínu, svo að það er orðið að orðtaki um land allt, hvort það eigi að gera þetta mál eða hitt að „hitaveitumáli“. Það var ekki einu sinni látið spyrjast í bæjarstjórn, að menn hefðu farið utan til að leita láns, — það var gert að launmáli. Sjálfstæðisfl. reyndi að gera þetta að uppsláttarmáli fyrir sig. Það var þessi meðferð málsins, sem olli töfinni á framkvæmdunum, en ekki afstaða innflutningsn.

En þetta verður ekki rakið hér. Það væri að misnota þann rétt, sem ég hef fengið til að gera stutta athugasemd. Það verður gert síðar.

Viðvíkjandi stjórn landsins þá tíð, sem ég var forsrh., þá er það vitað mál, að sú stjórn, sem nú er við völdin og tók við, eftir að Sjálfstfl. hafði ráðið miklu um fjármál ríkisins, getur borið um, hvernig ástatt var fjárhag ríkisins. T. d. voru lausaskuldir svo miklar, að varla var hægt að standa í skilum frá degi til dags.

Þann tíma, sem ég var forsrh., var lögð megináherzla á að byggja upp atvinnuvegina í landinu. Og Íslendingar hafa aldrei verið betur undir það búnir að selja útflutningsvörur sínar sér til hagnaðar en í þessu stríði.

Ástandið 1939, þegar hv. þm. segir, að við höfum komið „skríðandi á maganum“ til að biðja Sjálfstfl. um hjálp, er mönnum kunnugra en svo, að nokkur taki orð hans trúanleg. Við báðum ekki um samstarf við Sjálfstfl. Við settum honum kosti um það, hvort hann vildi samstarf eða ekki eða hvort ganga skyldi til kosninga. Það varð til þess, að flokkurinn næstum því klofnaði, því að hann kemur sér aldrei saman um neitt. En hvað um það — og hvaða vonir, sem Framsfl. hefur gert sér um frið í landinu, þá er saga Sjálfstfl. í ríkisstj. næstu ár á eftir og allt, sem utan um það er, þannig, að þegar allt eða flest er gleymt í þessu sambandi, mun þátttöku þessa flokks í stj. verða minnzt og hún vera fræg að endemum. Því ætti hv. þm. ekki að minnast á, hvernig Sjálfstfl. kom í ríkisstj. né hvernig það samstarf var.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 472,1 samþ. með 9:2 atkv.
— 472,2 samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** LJóh, MJ, BBen, BrB, EE, GJ, KA, StgrA.
**nei:** GÍG, HG, HermJ, IngP, JJ.
PHerm, ÞÞ greiddu ekki atkv.
2 þm. (PM, BSt) fjarstaddir.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

---

Á 59. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 544).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 57. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 59. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 579).

—o—

## 46. Flóaáveitan.

Á 22. fundi í Sþ., 27. okt., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um viðauka við l. nr. 56 1933, um**

**viðauka við og breyt. á l. nr. 68 1917, um áveitu á Flóann** (þmfrv., A. 266).

Á 40. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 50. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 266, n. 437).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Sigurðsson):** Herra forseti. Landbn. hefur haft frv. þetta til athugunar og reynt að afla sér svo ýtarlegra upplýsinga sem unnt er. M. a. fékk hún umsjónarmann Flóaáveitunnar til viðtals við sig og hjá honum mikilsverðar upplýsingar, sem n. byggir mikið á. Samkv. skýrslum, sem n. hefur aflað sér, eru það samtals 1455 ha. lands frá 56 jörðum í 6 hreppum á Flóaáveitusvæðinu, sem ríkinu hafa verið afhentir. Verð þessa lands er að meðaltali 47 kr. hver ha. af áveitulandi og um 30 kr. af þurrlendi. Af þessu landi hefur ríkið tekið um 230 ha. til framræslu sem undirbúning undir fyrirhugaða ræktun og nýbýlastofnun, hina svokölluðu Síberíu. Eftir eru allstórar landspildur, sem liggja að jörðum ríkissjóðs í þessum sveitum, svo sem Stokkseyrartorfunni o. fl. N. telur ekki rétt að ráðstafa þeim, því að enn er óráðið, hvernig með þau skuli fara, og er sennilegt, að á ýmsum stöðum sé aðstaða til nýbýlastofnunar, en það mál hefur ekki verið athugað sérstaklega, svo að n. sé kunnugt.

Þá eru nokkur lönd, þar sem svo hagar til, að sameina má nokkrar spildur með makaskiptum, svo að skilyrði sköpuðust til nýbýlamyndunar. Þar, sem svo hagar til, telur n. ekki rétt að selja þær spildur. Loks eru eftir smáspildur á víð og dreif, áveitusvæði, sem bæði eru svo lítil og liggja þannig, að allir eru sammála um, að ekki sé hægt að reisa á þeim nýbýli, og er ekki annað að gera við þær en sameina þær nágrannajörðunum. Þessar smáspildur hefur ekkert verið gert fyrir síðan ríkið eignaðist þær. Á sumum voru komnir flóðgarðar, en þeim hefur ekki verið haldið við, og ekkert hefur verið gert til að fullnægja þeim kröfum, sem gera verður til landeiganda. Eignarráð ríkissjóðs á þessum spildum hafa valdið því, að bændur, sem eiga land að þeim, hafa tæplega getað fengið fulla áveitu á lönd sín. Það er því eðlilegt, að þeir óski eftir breyt., helzt á þennan veg. N. telur eðlilegast, að þetta verði leyst svo, að þessar smáspildur verði seldar, en ekki þó, eins og frv. gerir ráð fyrir, eingöngu þeim, sem létu land af hendi á sínum tíma, heldur þeim, sem hafa mesta þörf fyrir það að dómi Búnaðarfélags Íslands og hreppsn., því að n. leggur til, að hreppsn., sem hlýtur að vera einna kunnugust högum og háttum, hafi atkv. um þetta.

Ég gleymdi að geta þess, að n. ætlazt til, að þar, sem lönd liggja svo, að kauptúnin hafa mikla þörf fyrir þau og geta notfært sér þau fyllilega, verði þeim lofað að sitja fyrir.

Að endingu leggur n. til, að sett verði lágmarkssöluverð á það land, sem selt verður samkv. frv.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið. Brtt. n. skýra sig sjálfar, og vænti ég, að frv. verði samþ. með brtt. n.

**Sigurður Guðnason:** Herra forseti. Ég kann ekki við annað en gera grein fyrir mínum fyrirvara. Ég fór í gegnum frv. og er sammála n. í aðalatriðum, en í fyrsta lagi hef ég álitið, að lönd, sem ríkið ætti, ætti ekki að selja. Þá hefur svo æxlazt til, að þessar smáspildur hingað og þangað er ekki hægt að nytja, og eru þær til erfiðleika fyrir nágrannabændur. Ég greiði því atkv. með þessu, en álít annars, að þar, sem ríkið á lönd, eigi ekki að selja þau.

ATKVGR.

Brtt. 437,1 (ný gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 437,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 461).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 53. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 55. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 59. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 461, n. 535).

**Frsm. (Eiríkur Einarsson):** Herra forseti. Þetta frv. hefur nú verið samþ. í Nd., og hefur það orðið niðurstaða landbn. þessarar d. að mæla með því óbreyttu. Ég tel óþarfa að rekja feril þessa máls. Það gengur út á mjög einhliða aðgerðir, þ. e. a. s. að gefa jarðeigendum Flóaáveitusvæðisins kost á því að kaupa af ríkinu landspildur þær, er þeir hafa á sínum tíma afhent upp í áveitukostnað. Þessi málaleitan, sem nú er farið fram á með þessu frv., á rót sína að rekja til þess, að það hefur komið á daginn, eftir því sem tímar hafa liðið, að þessar smáspildur, sem ríkið hefur eignazt á þennan hátt,

eru mjög óhentug séreign, hvort heldur það er fyrir ríkið eða einstaklinga, af því að þær liggja svo óhentuglega og kljúfa í sundur jarðir, svo að þær í raun og veru verða hvorki fugl né fiskur. Hér er einungis átt við smæstu spildur, svo að ætla má, að þær verði óhæfar til sérnotkunar, enda kemur það ekki til greina, því að engin söluheimild er veitt til þess samkvæmt þessu frv. Það er Búnaðarfélag Íslands, sem er falið að taka ákvarðanir um það, með hvaða verði þessar landspildur verða seldar og að jörðunum verði ekki afhentar svo stórar spildur, að hægt verði að hagnýta sér þær út af fyrir sig, og samkvæmt 1. gr. þessa frv. eru sett þau skilyrði, sem eiga að tryggja þetta.

Það er eitt atriði, sem vert er að minnast á og getið er um í grg. landbn., en það er hið óhentuga orðalag, sem kemur fram í 2. gr. frv., vegna þess að það getur gefið í skyn, að þessar spildur megi selja hverjum, sem vera vill. Við vildum því taka þetta fram, vegna þess að við álítum, að það geti orðið mjög óhentugt í framkvæmdinni að opna svo víðar dyr með þessari afhendingarheimild og geti það jafnvel leitt til togstreitu um það, til hvaða jarða spildurnar eiga að lenda. Við gerum því ráð fyrir því, að eina skýringin á þessu atriði sé sú, að þeir sömu jarðeigendur, sem spildur voru upprunalega teknar frá, eigi þennan forkaupsrétt og aðrar jarðir komi ekki til greina, því að vitað er, að kæmi til uppboðsþinga, gætu risið upp hinar illkynjuðustu deilur, eins og oft hefur komið fyrir.

Að því athuguðu, að landbn. gerir ráð fyrir því, að hér verði um endurkaup að ræða til þeirra jarða, sem spildur voru teknar frá, get ég því lokið máli mínu og legg til, að frv. verði samþ. eins og það er, þrátt fyrir þessa ágalla, sem á því eru með óljósu orðalagi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 61. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 587).

—o—

## 47. Hafnarlög Keflavíkur.

Á 42. fundi í Nd., 8. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Keflavík, nr. 23 26. febr. 1943** (þmfrv., A. 353).

Á 43. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja þetta frv. um breyt. á hafnarl. Keflavíkur frá síðasta þingi. Þá var áætlað, að mannvirki við höfnina kostaði 1200 þús. kr. Þeirri framkvæmd er nú mjög langt komið, og hefur allt gengið nokkurn veginn eftir því, sem menn gerðu ráð fyrir. Mannvirkið er fyrst og fremst skjólgarður við höfnina. Þegar hann er kominn, hafa menn þar syðra séð enn betur en áður nauðsynina að byggja bryggjur í skjóli við hann. Mér var því falið að beitast fyrir breyt. þessari á hafnarl. um að hækka áætluð framlög um ½ milljón upp í 1700 þús. kr. í þessu skyni. Ég hef í frv. fylgt venjulegum reglum um framlög, þannig að ⅖ fjárins séu ríkisframlag, ⅖ hluta aflað með ríkisábyrgð, en ⅕ hluti lagður fram án ríkisábyrgðar. Áætlun um kostnaðinn hefur vitamálastjóri látið gera, að vísu bráðabirgðaáætlun, en þó líklegt, að hún fari nærri lagi. Henni hefur verið flýtt eftir föngum, en frv. þetta gat ekki komið fyrr fram á þinginu en henni væri lokið. Vona ég, að þm. láti frv. ekki gjalda þess, þótt áliðið sé þings. Nauðsynin er mikil, að það gangi fram, svo að framkvæmdir þurfi ekki að stöðvast. Eftir umr. á síðasta þingi er málið ljóst flestum og kunnugleiki þm. á þörfunum á þessu svæði aflar því fylgis. Ég óska, að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25. shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

---

Á 50. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 353, n. 438).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19. shlj. atkv.

**Frsm. (Sigurður Kristjánsson):** Sjútvn. hefur athugað þetta frv. Breyt. eru aðeins í því fólgnar, að vegna aukinna framkvæmda við höfnina þótti nauðsynlegt að auka bæði fjárveitingu til hafnarinnar og ábyrgðarheimild um 200 þús. kr. hvort. Sjútvn. leitaði álits vitamálastjóra um frv., enda er það flutt samkv. áætlun hans og útreikningum, og lét n. prenta álit hans með nál. Annars er málið einfalt, og n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

**Ólafur Thors:** Ég leyfi mér að nota þetta síðasta tækifæri til að þakka sjútvn. fyrir, hvernig hún hefur tekið á hafnarmálum, sem ég hef flutt og hún afgreitt öll þrjú. Ég átti að vísu ekki von á öðru, þar sem ég hef notið stuðnings vitamálastjóra, okkar ágæta forseta í dag.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19. shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 53. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 54. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 61. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 353, n. 548).

**Frsm. (Gísli Jónsson)**: Herra forseti. Sjútvn. hefur haft málið til athugunar og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 624).

—o—

## 48. Útsvarsinnheimta 1944.

Á 49. fundi í Ed., 16. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1944** (þmfrv., A. 410).

Á 50. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 1 umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Flm. (Bjarni Benediktsson)**: Hæstv. deild kannast við þetta mál, þar eð hliðstætt mál var samþ. hér í vetur. Síðan hefur fengizt reynsla á þeirri löggjöf, og sú reynsla er mjög góð, bæði hér í bæ og annars staðar, þar sem hún hefur verið reynd. Ég get fullyrt, að gjaldendur greiddu þetta yfirleitt umyrðalaust, og nokkrir létu í ljós ánægju yfir þessari nýbreytni.
Ég get látið mér nægja á þessu stigi málsins að vísa til grg. og fenginnar reynslu, sem mælir með frv. Til viðbótar get ég getið þess, að skorað hefur verið á ríkisstj. að afla gagna um meðferð þessara mála erlendis.
Ég lét þess getið við umr. um þá þáltill., að alger nýskipun þessara mála hér væri ekki tímabær. En það, sem hér er um að ræða, er breyt. í rétta átt.
Loks vildi ég mælast til, að málinu yrði vísað til fjhn. og því yrði flýtt sem auðið er.

**Gísli Jónsson**: Þetta frv. er í aðalatriðum eins og frv., sem var afgreitt hér á þinginu í fyrra. Þó er eitt atriði í þessu frv., sem horfir til bóta frá því fyrra, þar sem hér er gert ráð fyrir 40% greiðslu í stað 50%. Er hér því um að ræða 10% minna ranglæti en þá.
En hér er annað atriði, sem horfir til hins verra, en það er, þegar einungis skal greiða ½% vexti af ofgoldnum útsvörum. Þykir mér helzt sem þar eigi að fara að refsa gjaldþega fyrir, að hann greiðir gjöld fyrir gjalddaga.
Í sambandi við 3. gr. frv. vil ég segja það, að þar er um nokkra breyt. að ræða frá l., sem sett voru fyrr um þetta atriði. Maður, sem greiddi í fyrra 50 þús. kr. í útsvar, en átti ekki að greiða nema 25 þús. og var því endurgreitt það, sem umfram var útsvar hans endanlega, hann átti að fá til baka vexti af öllu því, sem hann hafði greitt of mikið. Og mér er persónulega ljóst, að í þessu efni hefur bæjarsjóður Reykjavíkur hlunnfarið gjaldendur sína, þannig að hann hefur neitað að greiða samkv. þessum l. dráttarvexti af því fé, sem hann hefur tekið of mikið af gjaldendum í bili, fyrir þann tíma, sem það fé hefur verið í vörzlum bæjarsjóðs. En nú er hér sett inn, að ef ekki er þegar greitt allt útsvarið, þegar álagningu útsvara er lokið, þá þurfi ekki að greiða vexti af því fé, sem umfram hefur verið greitt af útsvarinu miðað við gjalddaga, þ. e. vexti af því fé, sem bæjarsjóður hefur í vörzlum sínum sem útsvör greidd fyrir gjalddaga. En ef maður er ekki skyldugur til að greiða meira en 40% af útsvari sínu fyrir vissan tiltekinn tíma, þá á hann ekki að bera vaxtabyrði nema af því fé, sem hann er skyldugur til að vera búinn að greiða. Hér er heimtað að maður greiði 40% af útsvari sínu, áður en það er lagt á. Og ef 40% af álögðu útsvari ná ekki því, sem áætlað var og gjaldandinn greiddi á þeim gjalddögum, sem til eru teknir í frv. 1. marz til 1. maí, þá á hann eftir frv. ekki að fá vexti af því fé, sem hann hefur raunverulega greitt umfram 40% af útsvarinu. Þetta er ekki annað en ágengni. Ég óska, að ákvæðin um þetta verði færð í það sama horf sem var í fyrra, ef þetta frv. verður samþ. á annað borð, — og síðan óska ég náttúrlega, að bæjarsjóður beygi sig undir l. og greiði þá vexti, sem greiða ber, því að það var ætlazt til þess, þegar l. voru samin í fyrra, að þetta yrði haft á þann veg, sem ég hef hér haldið fram, að skyldugt væri. En þó að ég óski, að bæjarsjóður fari eftir þessum l., ef þau verða höfð áfram, þá er ég náttúrlega algerlega á móti því, að frv. verði samþ. En það er nú viðurkennt af hv. flm. frv., að hann vilji fá þessa breyt., sem 3. gr. felur í sér, til þess að tryggt sé, að málið megi taka á þennan hátt, sem þar ræðir um, þannig að það sé lög-

boðið að taka af mönnum gjöld, sem eru ekki fallin í gjalddaga. Og vísa ég þar um til ummæla minna um það á síðasta þingi, að hér er verið að skýra stjskr. á allt annan veg en gert var hér við umr. um annað mál. Hafði þá hv. 6. þm. Reykv. allt annan skilning á því atriði í sambandi við það mál en í þessu máli hér.

**Flm. (Bjarni Benediktsson):** Ég skal ekki hafa langar umr. um grundvallaratriði málsins. Þau voru rædd ýtarlega á síðasta þingi. Ég vil aðeins benda á það, sem ég sagði í framsöguræðu minni, að síðan þessi l. voru sett á síðasta þingi, hefur reynslan skorið úr um það, að bæði hefur þetta fyrirkomulag á innheimtu útsvara reynzt hentugt fyrir sveitarfélögin og þar að auki hefur ríkt almenn ánægja hjá almenningi yfir þessu fyrirkomulagi. Ég hélt nákvæmlega spurnum fyrir um það, hvað útsvarsgreiðendur segðu um það, þegar þeir komu til að borga útsvörin. Og það var yfirgnæfandi meiri hl. gjaldendanna, sem beinlínis lét í ljós ánægju sína yfir þessu fyrirkomulagi. En tveir eða þrír menn, sem komið hafa á skrifstofu bæjarstjórnar Reykjavíkur, létu nokkra óánægju uppi. Almenningur telur því, að það fyrirkomulag sé beinn greiði við sig að fá að greiða útsvörin í fleiri afborgunum en áður, eins og nú hefur verið tekið upp. Enda er það svo, að menn eiga þetta fé í raun og veru ekki, heldur er þetta hlutur þess opinbera, sem það tekur af tekjum manna fyrir þau hlunnindi, sem þeir fá. Menn eiga þetta því ekki sjálfir, og þeim er mikill ógreiði ger, ef þeir fá þetta fé til ímyndaðrar eignar og þannig til frjálsrar ráðstöfunar, ef á svo að taka það af þeim á eftir. Þess vegna eru það mikil hlunnindi fyrir gjaldendur að fá þetta fyrirkomulag. Og eins og ég gat um í framsöguræðu minni hafa bæði Bandaríkin, Canada og Bretland hið mikla gengið miklu lengra en hér er gert og fært greiðslurnar yfir á sama árið sem fyrir tekjunum er unnið. En þar er byggt á sömu meginhugsun og hér. Og í því tilfelli verður ekki heldur komizt hjá ýmsum leiðréttingum og umreikningum í árslok. Enda sýndi hæstv. Alþ. skilning sinn á þessu fyrirkomulagi í fyrra, og ég vona, að skilningur þess verði ekki minni á þessu atriði nú, eftir að reynslan hefur kveðið upp sinn dóm, eins og ég hef sagt.

Varðandi ýmis atriði, sem hv. þm. Barð. ræddi hér, skal ég geta þess, að viðhorfið er nú nokkuð annað en var í fyrra. Þá var ljóst, að enn þá meiri rekstrarfjárþörf var fyrir bæjar- og sveitarsjóði á fyrri hluta ársins 1943 en búast má við, að verði næsta ár tiltölulega, vegna nýrrar stórkostlega aukinnar dýrtíðar frá því, er útsvörin 1942 voru á lögð og þangað til útsvörin voru á lögð 1943. En nú býst maður við, að hægt verði að halda nokkurn veginn svipuðu verðlagi áfram og þess vegna standi bæjarsjóður betur nú en í fyrra. Þar af leiðandi kemur þessi skipting innheimtunnar betur við nú, þar sem af þessum ástæðum líka þykir rétt að hafa það 40%, en ekki 50%, sem greiða skal á þessum fyrri gjalddögum, þannig að ég hygg, að með þeirri álagningaraðferð nái bæjar- og sveitarsjóðir því nú, sem þeir þurfa í þessu efni.

Aths. hv. þm. Barð. byggðust á þeim skilningi, að hann fullyrðir, að útsvörin séu ekki komin í gjalddaga á þeim tíma, sem eftir þessum ákvæðum á að greiða hluta af þeim. En með þessum ákvæðum eru útsvörin látin falla í gjalddaga þessa tilteknu daga að nokkrum hluta, og þannig er bara breytt um gjalddagann. Og þar af leiðandi verða sömu viðurlög að liggja við, ef ekki er greitt á þessum gjalddaga, og gilda um aðra gjalddaga. Þetta er mjög einfalt mál.

Varðandi 3. gr. þá held ég, að orðalagið á henni feli nú það sama í sér og orðalagið á þessu ákvæði í l. í fyrra. Hitt er rétt, að þetta er ótvíræðara orðalag, eins og nú er, og til þess að taka af allan misskilning. Og það sýnist ekki ástæða til þess, heldur beinlínis rangt að leyfa það að láta menn fá goldna vexti af því fé, sem endanlega kemur í ljós, að þeir áttu að greiða í útsvörin. Það er fyllsta ástæða til þess að greiða þeim vexti, ef það kemur í ljós, að þeir hafa ofborgað, annars ekki, enda þótt þeir hafi borgað einhvern tiltölulega lítinnn hluta útsvarsins eitthvað fyrr en á gjalddaga, miðað við það, að aðeins 40% af endanlega útsvarinu ætti að greiða á þessum fyrstu gjalddögum, sem hér eru tilgreindir, eða áður en útsvörin eru endanlega á lögð. Ef gjaldendur hafa ekki gert annað en greiða þá skatta og skyldur, sem þeim bar að greiða yfir árið, þá hafa þeir ekki undan neinu að kvarta. Í þessu sambandi er enn fremur á það að líta, að þetta vaxtaatriði kemur í raun og veru ekki til greina fyrir aðra en einstaka — ja, fjárplógsmenn, ætla ég að leyfa mér að segja, sem eru beinlínis að hugsa um það að ávaxta fé sitt á sér hagkvæman hátt, menn, sem hafa af einhverjum ástæðum séð, að skattar þeirra muni verða lægri á einhverju ári en á næstliðnu ári, og vita, að það er ekki hægt að ávaxta fé í banka nema fyrir mjög lága vexti. Og þá vilja þeir kannske koma fé sínu inn í bæjarsjóðinn fyrir okurvexti, sem eru margfalt hærri en innlánsvextir eru. Slíkt er fráleitt — að opna þarna leið fyrir menn til þess að taka okurvexti af fé sínu, sem menn þá geta gert. En með frv., eins og það er nú, er algerlega séð fyrir því, að í engu er gengið á rétt manna. En hins vegar er að vísu með öllu loku skotið fyrir það, að menn geti ávaxtað fé sitt á sérlega hagkvæman hátt á þessum tímum í bæjarsjóði og rekið okurstarfsemi hjá bænum í þessu sambandi, sem aldrei hefur staðið til.

**Gísli Jónsson:** Ég vil algerlega mótmæla þessari síðustu upplýsingu frá hv. flm. frv. Hér er ekki um það að ræða, að nokkrum detti í hug að reyna að opna leið til þess að ávaxta fé einstakra manna í bæjarsjóði Reykjavíkur undir yfirskini þessara laga, og er furða, að borgarstjóri, lögfræðingur og prófessor skuli halda slíku fram. (**BBen:** Ég sagði ekki, að það hefði verið gert). En viðkomandi 3. gr. frv. vil ég spyrja: Lítur flm. svo á, að bæjarsjóði Reykjavíkur sé heimilt að halda þannig fé manna og endurgreiða ekki vexti af, nema því aðeins, að upphæðin hafi náð meira en öllu útsvarinu? — Því að ef hann lítur ekki svo á, þá er um efnisbreyt. að ræða í frv., sem þarf að lagfæra. Að

vísu hef ég oft tekið fram, að það eina rétta sé að fella frv. En ég er viss um, að í mörgum tilfellum verður dómur um þetta atriði, ef bæjarsjóður beygir sig ekki. Það er ekki lítið atriði, þegar menn eiga að greiða svo að tugum þús. kr. skiptir í útsvar, hvort svo og svo mikill hluti útsvarsins liggur vaxtalaust hjá bæjarsjóði, áður en hann er fallinn í gjalddaga, þar sem menn verða oft að greiða 6% í vexti til bankanna í útlánsvexti, og oft verða menn að taka lán til þess að geta staðið undir skyldum sínum við bæjarsjóð.

Hv. flm. sagði, að með þessum l. væru útsvörin fallin í gjalddaga, áður en þau væru lögð á. Þetta er rangt. Það er aðeins nokkur hluti útsvaranna, sem fallinn er þá í gjalddaga. Ef maður á að greiða 10 þús. kr. í útsvar, þá er eftir þessum l. ekki nema 40% af þeirri upphæð fallið í gjalddaga á þessum gjalddögum, sem til eru teknir í frv., 1. marz til 1 maí. Og þess vegna ber gjaldanda að fá vexti af því, sem hann kann að hafa á þessum gjalddögum greitt umfram 40% af endanlegu útsvari sínu. Og þar sem slíkt er ekki gert, er ekki um annað að ræða en ásælni bæjarsjóðs, sem alls ekki er sæmandi, að hann þannig sækist eftir því að ná fé af mönnum. Hins vegar stendur ekki á því, að bæjarsjóður taki háa vexti af því fé, sem menn skulda bænum, eftir að tilskilinn gjalddagi er kominn. — En hæstv. Alþ. samþ. þá skoðun, sem ég hef um þessa vaxtagreiðslu, að bærinn endurgreiddi umframgreidd útsvör með sömu vöxtum og hann krafðist, að greiddir væru í dráttarvexti af því fé, sem menn skulduðu bænum í útsvörum.

**Flm. (Bjarni Benediktsson):** Ég býst við, eins og hv. þm. Barð. sagði, að um það gangi dómur, hvað felst í l. frá því í fyrra, sem þetta frv. er flutt sem framlenging á. En ég sé ekki ástæðu til þess að vera með neinar yfirlýsingar um það efni. Ég geri ráð fyrir, að þetta frv. sé efnislega það sama og l. frá í fyrra. En orðalagið er ótvíræðara í þessu frv. en í l. í fyrra, eins og hv. þm. Barð sagði.

Varðandi það, sem þessi hv. þm. sagði um 2. gr., vil ég einungis ítreka það, sem ég sagði og átti við þá gr. Hv. þm. mótmælti því yfirleitt, að heimtaðir væru dráttarvextir af útsvörum vegna þeirra gjalddaga, sem til eru teknir í frv. En þar er því til að svara, að ákvæði þessa frv. láta útsvörin vera fallin í gjalddaga á þessum þar tilteknu tímum, þó að hv. þm. Barð. vilji ekki viðurkenna það.

En varðandi það, hvort greiða eigi vexti af þeim upphæðum, sem menn hafa greitt sem útsvör í bæjarsjóð meira en þeim bar að greiða á þessum tiltekna tíma, en þó innan þeirra takmarka, sem þeir endanlega eiga að greiða í útsvör, það er annað atriði, og ég skal fúslega játa, að ég legg ekki höfuðáherzlu á það atriði. Það kemur fyrir í einstaka undantekningum og skiptir ekki verulegu máli. Ég sé þó ekki ástæðu til að greiða vexti af því fé, vegna þess að mennirnir eiga að greiða þetta á árinu og geta nokkuð séð fyrir fram, hvað þeir muni koma til með að þurfa að greiða. Og ef menn munar nokkuð verulega um þetta, hafa þeir sömu menn, að því er gera má ráð fyrir, ástæður til að sjá, hvort útsvör þeirra hækka eða lækka, og borga þá ekki meira en það, sem þeir gera ráð fyrir, að verði þeirra endanlega útsvar. Og þá koma ekki til greina neinir dráttarvextir, sem bæjarsjóður innheimtir hjá þeim, ef í ljós kemur, að þeir hafi goldið nóg. Þetta ákvæði verður því ekki til neinna vandræða. Þess vegna legg ég til, að frv. verði samþ. óbreytt. En þó að þessu eina atriði frv. væri breytt, mundi það að vísu ekki gera skaða.

Ég vil afturkalla þá ósk mína, að frv. verði vísað til fjhn., og óska, að því verði að lokinni umr. vísað til hv. allshn., sem málið heyrir öllu frekar undir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 54. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 410, n. 466).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Bjarni Benediktsson):** Allshn. hefur fengið mál þetta til meðferðar, og a. m. k. meiri hl. hennar leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Það hefur verið svo mikið um málið rætt, bæði í fyrra og við 1. umr. nú, að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það frekar, en aðeins skýra frá því, að n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt til 3. umr.

**Gísli Jónsson:** Ég skal ekki tefja þetta mál með mörgum orðum, en ég tek eftir því, að allshn. hefur ekki verið nema að ⅗ á fundi, þegar málið var afgr., og virðist hún hafa flýtt afgreiðslu þess meira en sumra annarra mála, sem nú eru búin að vera þar í 10 vikur. — En ég skal nú ekki fara að deila um það.

Ég lýsti yfir því, að ég mundi bera fram brtt. við þetta frv., ef n. gerði það ekki. Þess vegna vil ég spyrja, hvort hæstv. forseti vilji ekki fresta umr. um málið og kalla allshn. saman til þess að athuga, hvort ekki ætti að breyta frv., og er það þá helzt 2. gr., að í stað 1% komi ½%.

Það er ekki sæmandi, ef það er satt, sem hv. 6. þm. Reykv. segir, að fólk streymi í stríðum straumum með gjöld sín til bæjarins, að reikna þeim svo háa vexti, sem af einhverjum ófyrirsjáanlegum ástæðum geta ekki flýtt sér svo með gjöldin, að þeir komi á settum tíma, að þeir greiði 12% í dráttarvexti. Það á að hverfa sá háttur, að hið opinbera níðist á þegnunum.

Ég get tekið sem dæmi eitt fyrirtæki, sem mér er kunnugt um. Það er deilt um útsvarsskyldu þess ár eftir ár, og ár eftir ár er úrskurðað, að útsvarsskylda sé ekki fyrir hendi, en þó lagt á það, svo að tugum þúsunda skiptir. Þá er um annaðhvort að gera að borga féð inn eða eiga á hættu, ef úrskurðurinn fellur gegn fyrirtækinu, að þurfa að greiða 12% dráttarvexti. En ef úrskurðurinn fellur þannig, að útsvarsskylda sé ekki fyrir hendi, fær maður ekki nema helming þeirra vaxta. Ég álít þetta mis-

rétti. Það á að vera gengið þannig frá l., að menn fái endurgreitt það sama og þeir hafa greitt.

**Frsm. (Bjarni Benediktsson):** Ég sé ekki ástæðu til að fresta þessari umr. vegna þessa atriðis, sem hv. þm. Barð. minnist á. Ég veit ekki betur en þeir tveir nm., sem gátu ekki verið á fundi, séu okkur hinum sammála. Brtt. er alveg eins vel hægt að koma með við 3. umr. eins og nú. Ég sé því ekki ástæðu til að draga nál. til baka.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv. 2.—4. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

**Á 56. fundi í Ed., 25. nóv.,** var frv. tekið til 3. umr. (A. 410, 497).

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. — Ég á hér brtt. á þskj. 497 um, að í stað „1%" í 2. gr. frv. komi: ½% — og í stað orðanna „álagt útsvar" komi: honum ber.

Eins og ég hef tekið fram, sé ég ekki ástæðu til þess að leyfa bæjarsjóði Reykjavíkur að fremja slíkar refsiaðgerðir gagnvart þegnunum að reikna 12% í vexti á ári í dráttarvexti, þó að menn af einhverjum ástæðum vilji ekki eða geti greitt útsvar sitt á réttum tíma eða tilteknum tíma. Og kemur þetta náttúrlega sérstaklega hart niður á þeim, sem kannske eru í málaferlum mánuðum saman út af útsvarsskyldu, að þeir verði annaðhvort að greiða 12% af upphæðunum, ef þeir skyldu tapa slíkum málum, eða þá greiða útsvarið og láta þannig stórar fjárhæðir liggja vaxtalausar hjá bænum þar til slíkar deilur eru útkljáðar. Ég vænti þess því, að hv. þdm. sýni þessu máli sanngirni og færi þetta ákvæði úr 1% niður í ½%.

Viðvíkjandi hinu atriðinu, sem ég hef gert brtt. um viðkomandi 3. gr. frv. og ég gat um, er það að segja, að með samþykkt þess ákvæðis yrði frv. fært í það sama horf að því leyti eins og samþ. var í þessum l. á síðasta þingi. En þetta orðalag: „álagt útsvar", er til komið af því, að bærinn hefur ekki greitt lögbundna dráttarvexti af þeim útsvarsupphæðum, sem gjaldendur hafa greitt fyrir tiltekinn gjalddaga. En bærinn hefur ekki leyfi til þess eftir núgildandi l. að halda hjá sér þessum upphæðum án þess að greiða vexti af þeim. Það hefur verið skirrzt við að greiða þessa vexti, og nú vill bærinn fá lagaheimild til þess að geta verið frjáls að því að níðast þannig á gjaldþegnunum, að þeir fái ekki greidda vexti af þessum upphæðum. Þetta legg ég til, að verði lagfært í frv., og einnig hitt fært til sanngjarnara horfs viðkomandi dráttarvaxtaupphæðinni, að þeir vextir verði jafnháir, sem bærinn greiðir gjaldendum af umframgreiðslum í útsvörum, og hann tekur af gjaldþegnunum, ef þeir greiða útsvör síðar en á gjalddögum. Þetta er fullkomið réttlætismál, og vænti ég þess því, að hv. d. samþ. þessar brtt.

**Frsm. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. — Það var í raun og veru rætt um þessar brtt. við 1. umr. málsins hér í þessari hv. d. Og ég vil ítreka það, sem ég benti á þá þegar, að ég hygg, varðandi dráttarvextina, að það er vitanlega sjálfsagt að láta sömu reglur gilda um dráttarvexti í þessum l. eins og öðrum l. Ef hv. þm. Barð. bæri fram frv. um, að dráttarvextir, sem ætlaðir eru til þess að knýja fram greiðslur á opinberum gjöldum, væru lækkaðir og fengi því máli framgengt, þá væri sjálfsagt að hafa þessa dráttarvexti í samræmi við þá reglu. En meðan hann gerir ekki einu sinni tilraun til þess að fá slíka almenna lækkun á dráttarvöxtum, þá er engin ástæða til þess að gera það í þessu tilfelli, vegna þess að það er ekkert annað gert með þessu frv. en að færa gjalddaga útsvaranna til. En hv. þm. Barð. getur aldrei skilið þetta. En efni frv. er þetta, og úr því að gjalddaginn er færður til, þá eiga sömu viðurlög að gilda hér og almennt gilda um dráttarvexti til þess að greiða á réttum gjalddögum. Og ég veit það, að þegar hv. þm. Barð. veit, að hér eru ákveðnir sérstakir og nýir gjalddagar útsvaranna, þá hlýtur hann að átta sig á því og taka afleiðingunum af því.

Annars þýðir ekki mikið að deila um þetta atriði. Þessum hv. þm. hefur svo oft verið á þetta bent, að ef hann skilur þetta ekki nú, býst ég varla við, að hann geri það síðar.

Þessi hv. þm. sagði, að það væri sjálfsagt óþarfi að taka dráttarvexti af mönnum vegna útsvarsgreiðslna, þar sem ég hefði látið af því, að menn hefðu verið svo mjög ánægðir með að greiða útsvör sín á þessum gjalddögum. Það er rétt, að það kom í ljós almenn ánægja yfir því hjá gjaldendum að greiða útsvör sín á þessum gjalddögum, sem ákveðnir voru á síðasta þingi, og sannleikurinn er sá, að dráttarvextir hafa engin áhrif á fúsleik alls þorra manna til þess að greiða gjöld sín, því að flestir greiða þau án lagaþvingunar. En þó að allur þorri manna sé ánægður með það að skipta greiðslunum eins og hér er ráðgert, þá eru eftir þeir, sem dráttarvöxtunum þarf að beita gegn, og það eru skuldaþjótarnir og þeir, sem aldrei fást til þess að greiða gjöld sín nema með illu. Og það er ekki ástæða til að taka vægilegar á þeim en öðrum.

Varðandi síðari brtt. á þskj. 497 get ég vitnað til ummæla minna við 1. umr. Það sýnist ekki ástæða til þess, að bæjarsjóður greiði vexti af útsvarsupphæðum, ef gjaldandinn hefur ekki greitt meira en hann endanlega á að greiða í útsvar á því ári, enda þótt hann hafi borgað einhvern hluta af því fyrr á árinu en hann endilega var skyldugur til. En eftir frv., eins og það er, ber bæjarsjóði ekki að greiða vexti af slíkum upphæðum, ef gjaldandinn hefur ekki greitt meira en honum ber endanlega að greiða á því ári. Og mér virðist það liggja alveg í augum uppi, að stefna frv. sé rétt í þessu efni. Þetta skiptir að vísu ekki ákaflega miklu máli. En brtt. um þetta atriði er til ills og er byggð á röngum forsendum. Ég vonast því til, að hv. d. felli báðar þessar brtt. hv. þm. Barð., en samþ. frv. óbreytt.

**Gísli Jónsson:** Okkur greinir náttúrlega töluvert á, mig og hv. 6. þm. Reykv. En ef það er ekki ástæða til að greiða viðkomandi aðilum vexti af því fé, sem þeir hafa ofgreitt í bæjarsjóðinn, þannig að þeir hafa greitt það fyrr en á tilteknum gjalddaga, þá er ekki heldur ástæða til að greiða mönnum vexti af fé því, sem þeir hafa greitt umfram endanlegt útsvar, sem þeir eiga að greiða á árinu. En ef greiða á mönnum vexti af því fé, er ég síðast nefndi, þá er alveg eins réttlætismál að greiða gjaldendum vexti af því fé, sem þeir hafa greitt fyrr en á gjalddögum, en ekki er umfram endanlegt útsvar, vexti fyrir þann tíma, sem féð liggur hjá bæjarsjóði, áður en það er fallið í gjalddaga, enda samþ. Alþ. í fyrra, að það skyldi gert og þeir vextir væru jafnháir dráttarvöxtum. Brtt. mín miðar því aðeins að því að færa frv. til samræmis við það, sem síðasta Alþ. samþ. í þessum efnum. En hv. 6. þm. Reykv. hefur ekki þótt þau ákvæði ganga nógu nærri gjaldendunum, hann vildi ganga meira á rétt þegnanna en þá var gert. Og hann vill ekki, að þegnarnir eigi við sama rétt að búa og bærinn í þessu tilliti. En þetta tel ég rangt hjá hv. þm. — Hitt getur vel verið, að sé rétt hjá honum, að ég hefði heldur átt að bera fram till. til breyt. á l. um dráttarvexti. En ég bar þessa brtt. fram hér, til þess að þessir dráttarvextir væru jafnháir og þeir vextir, sem hv. 6. þm. Reykv. álítur, að bærinn eigi að borga í áminnztum tilfellum. Því að ef þessi brtt. verður felld, þá mun koma fram brtt. við frv. þetta í Nd. um, að bærinn greiði 1% vexti á mánuði af þessum umframgreiddu upphæðum, samkv. því, sem ég hef um rætt. Og vilji hv. 6. þm. Reykv. mæta mér um það, að í staðinn fyrir, að mín brtt. verði samþ. í þessu efni, verði ákveðið, að bærinn greiði 1% á mánuði í vexti af þessum umframgreiðslum, þá verð ég sammála því. Fyrir mér er aðalatriðið, að bærinn og gjaldþegnarnir njóti hér sama réttar.

ATKVGR.
Brtt. 497,1 felld með 9:1 atkv.
— 497,2 felld með 9:2 atkv.
Frv. samþ. með 12:1 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 54. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 55. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 410, n. 594).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19:1 atkv.
Alþt. 1943. B. (62. löggjafarþing).
2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:1 atkv.

---

Á 61. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 625).

—o—

## 49. Ríkisborgararéttur.

Á 53. fundi í Ed., 22. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar** (þmfrv., A. 467).

Á 54. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 57. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

**Frsm. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. — Þetta litla frv. er borið fram af allshn. Hér er um að ræða konu af íslenzkum ættum, sem er ráðgert, að fái á ný íslenzkan borgararétt, er hún missti við að giftast erlendum manni, sem hún nú er skilin við. Þetta var til athugunar á síðasta þingi, en þá var því slegið á frest, vegna þess að það lá enn ekki fyrir formleg umsókn frá konunni sjálfri, en hún liggur nú fyrir í skeyti frá íslenzku sendisveitinni í Kaupmannahöfn, og þykir því sjálfsagt að taka nú málið upp að nýju. Er þess óskað, að það fái greiðan framgang.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 58. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 56. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 57. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 467, n. 595).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

---

Á 61. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 626).

—o—

## 50. Lendingarbætur í Grindavík.

Á 32. fundi í Nd., 14. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um lendingarbætur í Grindavík** (þmfrv., A. 174).

Á 33. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18. shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Með þessu frv. er farið fram á aðstoð ríkisins til þess að gera lendingarbætur í Járngerðarstaðahverfi í Grindavík í Gullbringusýslu. Það er öllum hv. þm. kunnugt, að Grindavík hefur um langan aldur verið útgerðarstaður og að hafnleysi hefur þar háð mjög allri útgerð. Þegar útgerð hér á landi hefur breytzt og færzt í fullkomnara horf annars staðar á landinu, þá hefur hafnleysið orðið æ bagalegra fyrir íbúana í Grindavík. Þótt undarlegt megi telja, kom hafnleysið kannske minnst að baga, þegar útræðið var einungis stundað á árabátum, en það var vegna þess, að þeir bátar voru þá jafnan dregnir á land að afloknum róðri. En þegar útgerðin breyttist, komu fyrst trillubátar og svo stærri vélbátar, og hafa Grindvíkingar í æ ríkari mæli fundið til þess, hversu hafnleysið þar bagaði þeim og hversu þeir hlutu óhjákvæmilega að dragast aftur úr öðrum landsmönnum um útgerð, ef ekki yrði eitthvað aðhafzt til úrbóta í þessu efni. Það mun svo hafa verið árið 1939, að hafizt var handa um að grafa í sundur malarrif, sem skildi lón nokkurt frá sjónum. Þetta var gert fyrir forgöngu og eftir tillögu vitamálastjóra og þá væntanlega hinar síðari aðgerðir í þessu máli. Þessar framkvæmdir leiddu í ljós, að ekki væru neinir sérstakir leyndir örðugleikar á áframhaldandi framkvæmdum verksins, þannig að t. d. virðist nú mega byggja á, að ekki valdi botninn þarna neinum erfiðleikum á því að gera þarna lendingarbætur né heldur séu neinir óvæntir erfiðleikar, sem þarna koma til greina, sem komið geti í veg fyrir, að gert verði það, sem þarf, til þess að koma upp sæmilegum lendingarbótum fyrir Grindavík, sem mundi liggja fyrst og fremst í því að dýpka og breikka þá rás, sem er milli hóps og sjávar og gerð var 1939.

Það, sem ætlazt er til að eftir þessu frv. verði framkvæmt, er í fyrsta lagi það að breikka þessa rás, sem gerð var 1939, í öðru lagi að dýpka hana og svo í þriðja lagi að dýpka sjálft stöðuvatnið, sem er innan við malarrifið og er, ef ég man rétt, nokkur þús. fermetrar. Og ég ætlast til, að gerð verði nokkuð myndarleg bátabryggja inni í hópinu og gert við núverandi bátabryggju einnig. Og loks er svo ætlazt til, að sett verði upp sjómerki til þess að greiða fyrir siglingum inn um þessa væntanlegu rás.

Að öðru leyti eru prentuð með frv. tvö fylgiskjöl, annað frá kunnugum mönnum þarna á staðnum, sem lýsa staðnum eins og hann er, en hitt er kostnaðaráætlun frá vitamálastjóra, og þar er svo greinilega skýrt frá fjárhagshlið þessa máls, að ég tel óþarfa málalengingar, að ég á þessu stigi málsins fari frekar út í að ræða þá hlið þess.

Vænti ég svo, að hv. þd. vilji taka vel á málinu, og vil mælast til þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 43. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 174, n. 342).

**Finnur Jónsson:** Ég vil í fjarveru hv. frsm. lýsa yfir því, að sjútvn. hefur athugað þetta frv. og mælir eindregið með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 45. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 46. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 48. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 50. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 61. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 174, n. 547).

**Frsm. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Sjútvn. hefur haft mál þetta til athugunar og borið það saman við gildandi lög um lendingarbætur. Leggur nefndin til, að gerðar verði á því nokkrar breyt. til samræmingar við þau, og eru þær brtt. á þskj. 547.

Vænti ég þess, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem n. leggur til að gerðar verði á því.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 547,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 547,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
5.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 547,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
9.—11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 547,4 (ný 12. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
13.—14. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 574).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 60. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. hefði verið endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 61. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20. shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 627).

—o—

## 51. Happdrætti.

Á 45. fundi í Nd., 12. nóv., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 81. 7. maí 1940, um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland** (þmfrv., A. 396).

Á 46. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Herra forseti. Háskólinn hefur nú einkaleyfi til að reka happdrætti á Islandi til ársloka 1946. Þegar sú framlenging var gerð, var áætlað, að háskólinn og atvinnudeildin gætu orðið á þessum tíma skuldlaus, og það er nú þegar fyrirsjáanlegt, að svo muni verða, og það kannske ári fyrr en einkarétturinn til happdrættisins rennur út.

Hér er aftur lagt til, að happdrættisréttindi háskólans verði framlengd um 10 ár frá því að rétturinn nái til ársloka 1946, nefnilega til ársloka 1956, í þeim tilgangi, að háskólinn geti byggt leikfimishús og náttúrugripasafn og lagað lóð sína svo sem þarf. Um þetta er erfitt að gera áætlanir, en það má þó gizka á, að 10 ára happdrættistekjur muni hrökkva langt til framkvæmda þessara mannvirkja. En háskólanum er á allan hátt þægilegra að vita fyrir fram um það, hverju hann megi búast við í þessu efni, því að slíkar framkvæmdir sem þessar heimta mikinn undirbúning. Og þess vegna er þetta mál borið fram svona löngu áður en happdrættisréttindin renna út.

Vil ég svo óska, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn., og þar munum við leggja fram gögn, sem kann að verða óskað eftir í sambandi við þetta mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til .2 umr. með 78 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 53. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 396, n. 486).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 486 ber með sér, þá hefur allshn. orðið sammála um að mæla með samþykkt þessa frv., þó með þeirri breyt., að heimild háskólans verði framlengd lengur en frv. gerir ráð fyrir, en þó nokkru skemur en háskólaráð hefur farið fram á. Tekjurnar af þessu eiga að renna til þess að reisa leikfimihús og náttúrugripasafn á háskólalóðinni og til þess að lagfæra og þæta lóðina. Það er ekki hægt að gera neina áætlun um það, hvað þetta muni kosta, en það er ástæða til þess að ætla, að þessar tekjur geri ekki betur en hrökkva fyrir kostnaðinum við þessar framkvæmdir. Það hefur verið hugsjón margra þm. og annarra, að á háskólalóðinni rísi upp veglegar byggingar, og sú hugsjón mun jafnvel vera eldri en hugmyndin um happdrættið.

Þær breyt., sem n. leggur til, að verði gerðar á frv., eru í fyrsta lagi sú, að í stað þess að vitna til l. frá 1935 um atvinnudeild háskólans, sem eru fallin úr gildi, þá skuli vitnað í l. um rannsóknaráð ríkisins frá 1940, því að við setningu þeirra féllu hin fyrrnefndu úr gildi, en þetta ákvæði, sem þar er vitnað í, er um það, að 20% af happdrættistekjunum skuli renna til

atvinnudeildarinnar sem einkaleyfisgjald fyrir happdrættið. — Hina breyt., um tímaákvörðunina, hef ég áður nefnt.

Ég skal svo af gefnu tilefni geta þess, að fjhn. telur það ekki brjóta í bága við happdrættiseinkaleyfið, þótt ríkið leyfði útgáfu skuldabréfa, sem fylgdi happdrætti með svipuðu fyrirkomulagi og í Svíþjóð. Það er svo ólíkt almennum happdrættisrekstri, að fjhn. taldi það ekki valda árekstri. Hitt læt ég óumtalað frá mínu sjónarmiði, hversu heppilegt ég telji að krydda skuldabréf slíku.

ATKVGR.
Brtt. 486 (ný 1. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 54. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 515).

Of skammt liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 56. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 57. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 515, n. 588).

**Frsm. (Magnús Jónsson):** Frv. þetta var flutt í Nd. af fjórum þm. þar, og var það þá upphaflega um 10 ára framlengingu á einkaleyfi háskólans til þess að reka happdrættið. Þetta frv. fór þá til fjhn. Nd., sem mælti með því og framlengdi leyfið til ársins 1960. Frv. er svo komið hér til þessarar hv. d. og var athugað af fjhn., og er hún sammála um að mæla með frv. að öðru leyti en því, að einn nm., hv. 3. landsk., óskaði að hafa óbundnar hendur um það, taldi sig á fundi n. ekki geta tekið afstöðu til þess að svo vöxnu máli, án þess að hann tilgreindi ástæður fyrir því. Ég held því, þar sem svo einróma undirtektir hafa verið á Alþ. um þetta mál, að ég geti verið fáorður um það, ef ekki kemur fram neitt sérstakt tilefni til umr.

Happdrættið hefur verið rekið af háskólanum í 10 ár, og eru það svo nákvæmlega 10 ár, að á morgun mun fara fram síðasti dráttur 10. ársins. Ég held, að happdrættið hafi á engan hátt brugðizt vonum manna, það hefur verið notað í því skyni að reisa þau hús, sem háskólinn þarfnast. Aðalbyggingin, háskólahúsið sjálft, er komin upp og sömuleiðis atvinnudeildin. En það er svo langt frá því, að lokið sé því verkefni, sem gert var ráð fyrir að leysa af hendi samkvæmt l. eins og þau voru upphaflega, að reisa hús fyrir háskólann. Alþ. hefur jafnan orðið við óskum háskólaráðs og happdrættisstjórnarinnar, um nauðsynlegar breyt., sem hefur þurft að gera á þessum l., t. d. árið 1940, þá var einkaleyfið framlengt um 3 ár vegna hinnar óvæntu dýrtíðar, því að það var þá sýnilegt, að 10 ára afrakstur gat ekki enzt til þess að ljúka við þau mannvirki, sem þá var verið að koma upp. Sömuleiðis hefur Alþ. tvisvar orðið við óskum happdrættisstj. um að breyta verði á miðum, þegar séð var, að tekjur happdrættisins mundu verða rýrar vegna dýrtíðarinnar, ef haldið yrði sama verði á miðunum.

Þegar litið er á rekstur happdrættisins, þá kemur það í ljós, að hann hefur verið svo að segja óbreyttur hvað starfsfólkið snertir, þrátt fyrir hina miklu veltuaukningu. Kostnaður við rekstur happdrættisins, ef frá eru taldir vinningarnir, sem hafa verið um 70% af rekstrarkostnaðinum, hefur verið: Til umboðsmanna 7% af söluverði miðanna; allur annar kostnaður, *stjórn happdrættisins, happdrættisráð, auglýsingar* o. s. frv., hefur verið á milli 6 og 7% öll árin, og fé hefur því farið, eins úrgangslítið og unnt hefur verið, til þess að vinna það hlutverk, sem því var ætlað að vinna. Það, sem helzt kemur þá til greina, er það, hvort menn telja rétt að halda happdrættinu áfram og reisa hús á háskólalóðinni, sem ríkið þarf að koma upp, eða hvort heppilegra þyki að fara nú að verja þessu fé til einhvers annars. Nd. hefur einróma fallizt á að halda happdrættinu enn um sinn í sama horfi eins og verið hefur, á meðan nóg verkefni eru fyrir það, svo sem að koma upp leikfimihúsi, náttúrugripasafni og þjóðminjasafni.

Ég vil fyrir hönd fjhn. mælast til þess, að hv. d. afgr. þetta mál sem allra fyrst, og án þess að það skipti nokkru máli vil ég geta þess, að það hefði auðvitað verið mjög skemmtilegt að geta afgr. þetta mál nú, þar sem happdrættið á 10 ára afmæli á morgun. En aðalatriðið er auðvitað, að happdrættið fái þessa framlengingu.

**Jónas Jónsson:** Hv. 1. þm. Reykv. lauk ræðu sinni með því að segja, að það væri aðalatriðið fyrir happdrættið, að þetta frv. yrði samþ. sem fyrst og helzt á morgun. Mér finnst þetta vera nokkuð táknrænt fyrir meðferð málsins, og það er víst, að þeir menn, sem settu þessi l. fyrir 10 árum, hafa ekki gert ráð fyrir, að þannig yrði á málið litið nú, að það yrði talið aðalatriðið að flaustra málinu svo í gegn, og grunur minn er sá, að mjög margir af þeim hv. þm., sem hafa með málið að gera nú, hafi alls ekki munað eftir því, að það er ákveðin lína í l. nr. 44 *frá 1933, sem nú er verið að brjóta.* Til þess að gera það alveg ljóst, hvað hér er á ferðinni, ætla ég að segja fáein orð um málið almennt. Þegar afráðið var að láta háskólann fá þetta happdrætti fyrir 10 árum til þess að koma upp þessum byggingum, vissu menn það vel, að hér vantaði stjórnarráðshús og hús fyrir hæstarétt o. fl. Það var gert fyrir háskólann að leggja þetta fé í 10 ár til hans, en jafnframt var ákveðið, hvaða byggingar kæmu næst, þegar lokið

væri við háskólann, og þess vegna lá það beinast við, að Alþ. ákvæði, að næsta bygging væri stjórnarráðshús. En út af þessu mun ég verja nokkrum orðum til þess að gagnrýna þessa aðferð, sem hér er höfð.

Til þess að það sé rétt að gera það, sem hv. 1. þm. Reykv. mælti með, verðum við að slá því föstu, að það sé meiri nauðsyn að koma upp byggingum á háskólalóðinni heldur en að byggja yfir hæstarétt og stjórnarráðið og menntaskólann. En ég neita því, að þetta sé rétt. Það hefur verið talið, að okkur vantaði peninga til þess að byggja yfir hæstarétt og stjórnarráðið. Áður en málið fer úr hv. d., er hún því spurð um það, hvort eigi heldur að girða háskólalóðina og slétta fyrir þessa peninga eða búa svoleiðis að stjórnarráðinu og hæstarétti og menntaskólanum, að það sé að einhverju leyti frambærileg aðstaða, að maður ekki tali um opinberar byggingar annars staðar á landinu. Ég ætla þá, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp fáein orð úr stofnlögum happdrættis Háskóla Íslands, sem gerð voru fyrir 10 árum. 2. gr. hljóðar svo: „Þegar nægilegs fjár hefur verið aflað til þess að reisa hús handa háskólanum, skal ríkið taka happdrættið í sínar hendur og reka það á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Hreinum tekjum af happdrættinu skal varið til þess að mynda sjóð, sem nefnist Byggingarsjóður Íslands. Skal tekjum sjóðsins varið samkvæmt ályktun á fundi í sameinuðu þingi í hvert skipti, til þess að reisa opinberar byggingar, eftir því, sem til vinnst og þörf krefur."

Þessi stofnlög happdrættisins ætlast til þess, að reist verði hús handa háskólanum, og það hefur verið gert á meðan stjórnarráðið vantaði hús. Það er ekkert einsdæmi, þó að till. sem þessi komi fram. Hér stendur nokkuð líkt á og með þjóðleikhússjóðinn, sem ríkið stofnaði með l. 1923. Þá gekk þingið inn á þá braut að stofna sjóð með því að taka skemmtanaskatt — til þess að koma upp leikhúsi fyrir Íslendinga. Það mætti gagnrýni, og menn sögðu, að það væri ekki þægilegt að missa þennan styrk, en gengu inn á þetta. Síðan kom hlykkur á þennan sjóð og honum var ekki varið til að byggja, en nú hefur Alþ. rétt það við aftur og lýst því yfir, að eftir tvö ár sé hægt að gera ráð fyrir, að leikhússjóðurinn geti lokið við húsið. En þá leiðir af sjálfu sér, að það var eðlilegt, að þetta fé væri notað til annars. Ég býst við, að sumir staðir utan Reykjavíkur vildu, að þeim væri með l. fengin þessi aðstaða, t. d. í kaupstöðunum. Það gat komið til mála að halda þessu áfram til þess að safna fé til þess að byggja fyrir opinberar byggingar í Reykjavík og annars staðar. En í staðinn fyrir það kemur tillaga frá leikfélagi hér í bænum, sem er hliðstæð við þá hugsun, sem hv. 1. þm. Reykv. er hér með, fundarályktun frá félagi leikara um að stofna 15 föst embætti við þjóðleikhúsið, þegar húsið er tilbúið. Þetta getur varla verið hugsanlegt, að leikarar hafi getað látið koma sér til hugar öðruvísi en þannig, að skemmtanaskatturinn gengi áfram, þegar búið er að byggja húsið, til þessara manna, sem vildu vinna við það. Nú hefur þetta að vísu ekki verið samþ. En ég tek þetta sem táknrænt dæmi fyrir Alþ. um, að þegar það leggur fé fram til þess að koma upp fyrirtækjum eins og háskólanum og leikhúsinu, og gerir það með stórhug, þá koma þeir, sem að þeim stofnunum standa, og vilja gera þetta að eilífu bitbeini fyrir sig. Hér í þessu máli hefur hæstv. Alþ. verið beinlínis að láta leika á sig, og það er aðeins þessi hv. d., sem getur rétt þetta við. Og ég mun færa rök fyrir því, að það er ekki frambærilegt að samþ. það, eins og sakir standa. Ég hef nefnt leikhúsið til þess að sýna, að Alþ. verður að vera á verði um það, að hlunnindi, sem veitt eru um stutta stund, eiga ekki að verða persónuleg réttindi þeirra, sem hafa fengið þessi réttindi á réttmætan hátt um stund fyrir atbeina þess opinbera. Það, sem réttlætti ákvæði laga nr. 44 frá 1933, var það, að sú tekjuöflunarleið var fyrir hendi hér, en ekki notuð hér áður, að reka happdrætti, heldur höfðu útlend lotterí fengið tekjur með því frá Íslendingum um langt skeið. Það var því sjálfsagt að leyfa þeim, sem vildu spila áhættuspil, að gera það hér heima. Og Alþ. ákvað að gera það til þess að stofna sjóð til þess að byggja opinberar byggingar til margra þarfa. Svo er háskólinn tekinn og látinn fá tekjur þess til 10 ára. Og þegar dýrtíð gerði það óframkvæmanlegt að ljúka við húsið nema með því að framlengja þessi hlunnindi til háskólans, þá var það gert, og það með fullkomnum höfðingsskap. En nú er búið að fullnægja þeim tilgangi að byggja myndarlegt hús fyrir háskólann, og meira að segja ákaflega myndarlegt hús. Og þar af leiðir, að eftir upprunalega tilganginum með stofnun happdrættisins og þörfum þjóðarinnar á að fara að sinna öðrum málum með þessum tekjum.

Af því að hv. 1. þm. Reykv. kom inn á það, hvort háskólinn á að fá það fé áfram, sem með þessari tekjuöflun fæst, þá verð ég — þar sem hér er gert ráð fyrir að brjóta anda l. frá 1933 — að taka til meðferðar, hvað það er, sem vakað hefur fyrir löggjafanum fyrir 10 árum síðan. En áður en ég kem að því, þá vil ég víkja að því, hvernig rektor háskólans rökstyður það, að háskólinn fái þessar tekjur áfram. Hann neitar því ekki, að það sé búið að reisa byggingu háskólans. En hann hefur sagt: „Það er eftir að laga lóðina og girða hana, og svo vantar leikfimihús", — og það er rétt, að það vantar leikfimihús. En svo kemur hann inn á hlut, sem er alveg óviðkomandi háskólanum, byggingu yfir náttúrugripasafn. En það er ekkert í l. um háskólann um það, að háskólinn eigi að blanda sér í það að koma upp söfnum. Háskólinn er menntastofnun. Og það er móðgun við Alþ., að hann tali um að koma sjálfur upp náttúrugripasafni. Það er eins og hann álíti, að Alþ. viti ekki, að það þarf að byggja yfir það. Og það er ekki í verkahring háskólans að skipta sér af því. Viðvíkjandi leikfimihúsinu vil ég segja það, að það er enginn, sem hefur sagt, að ekki sé hægt að hafa leikfimisal í háskólabyggingunni sjálfri. Þeir, sem hafa byggt háskólann, hafa haft ákaflega mikið fé handa á milli, og þeir hafa notað stórkostlega mikið pláss í háskólanum til þess að geyma í mannabein. Mjög

mikill hluti af háskólanum er hafður til þess að geyma í mannabein og svoleiðis hluti. (**BBen:** Hvað fleira en bein af slíkum hlutum?) Það er væntanlega eitthvað meira úr manninum, sem ég býst við, að fyrrverandi prófessorinn hafi séð þar. En þessi fyrrverandi prófessor er kunnugur því, að það er mikið beinasafn, sem er í þessu húsi, sem er sjálfsagt gagnlegt, en sýnir, að meiri stund hefur verið lögð á bein þeirra dánu heldur en bein þeirra lifandi manna. (**BBen:** Eru ekki bein lifandi manna þar líka?) Ja, bein borgarstjórans eru komin þaðan burt, sem ég býst við, að hafi verið skaði, og önnur bein komin þangað í staðinn.

Hv. 1. þm. Reykv. hefur fyrir skömmu haft þann vanda og ánægju að vera ráðh. Og honum er sjálfsagt ekki ókunnugt um það, að stjórnarráð Íslands er nú í 5 eða 6 deildum. Gamla stjórnarráðshúsið var upphaflega byggt fyrir fangelsi, en er orðið svo lítið, að ríkisstjórnin er farin á flótta út um bæinn. Og ef maður tekur stjórnarráðsbygginguna, sem var heiðarlegt tugthús á sínum tíma, en ekki miðað við þann metnað, sem okkar þjóð gerir til stjórnarráðshúsbyggingar, þá er sú bygging óhæfileg bygging fyrir það, sem á að nota hana til. Og vil ég sérstaklega benda á það, að það er ekki sýnilegt annað heldur en að þetta gamla hús með öllu, sem í því er, gæti brunnið á 10 eða 15 mínútum, hvenær sem eldur kviknaði í næsta húsi, þar sem þetta er timburhús. Og í þessu húsi er aðalstöð stjórnar landsins. Að húsið er ófullnægjandi, hefur orðið til þess, að starfsemi stjórnarráðsins er dreifð út um allan bæ, og það er svo niðurdragandi fyrir alla vinnu þar sem mest má verða. Það er ekki vafi á því, að það er ekki samboðið virðingu landsins að ætla ríkisstj. að vinna í þessum húsakynnum.

Hv. 1. þm. Reykv. vill nú láta tekjur happdrættisins halda áfram að ganga til háskólans til þess að girða háskólalóðina og slétta hana. En af hverju er ekki búið að reisa stjórnarráðshús fyrir löngu? — Af því að ekki voru peningar til þess.

Og svo kem ég að hæstarétti. Hann er í þeim húsakynnum, að dómarar kveinka sér við því að láta t. d. útlenda stéttarbræður sína sjá sig í þessum húsakynnum, þó að þeir hafi verið svo þolinmóðir að vinna í þessum húsakynnum. En þeir vita, að þessi eymdaraðstaða getur ekki annað en kastað skugga á hæstarétt, a. m. k. í augum ókunnugra. Og nú er ekki sjaldan, sem þarf að fara til hæstaréttar með mál, sem ekki aðeins snerta okkur, sem þekkjum okkar fátækt, heldur snerta útlendinga líka. Og þá kemur að þessu. Er hv. 1. þm. Reykv. sannfærður um það, að girðing utan um háskólann og sléttun á lóð hans sé nauðsynlegri framkvæmd heldur en að byggja yfir hæstarétt? Og hvers vegna hefur ekki verið byggt yfir hæstarétt? — Vegna peningaleysis.

Þá kem ég að þriðja atriðinu, þessari stofnun, sem við erum hér í. Hún hefur um langan tíma sýnt háskólanum gestrisni með því að hleypa honum inn í sitt hús, sem hefur verið til óþæginda fyrir Alþ. Nú hefur rýmkazt húsrúm Alþ., þó að það sé fjarri því, að þetta hús sé fullnægjandi fyrir Alþ., sem er ekki von. Þetta hús var ákaflega virðuleg bygging fyrir 60 árum og til sóma þeim, sem að þeirri byggingu stóðu. En nú er þingið miklu stærra en þá og margar tekniskar breyt. orðnar. Nú er sú breyt. orðin á t. d. síðan húsið var byggt, að við höfum 4 til 5 menn í ríkisstjórn, en í öllum húsakynnum þingsins er ekki einn einasti krókur, sem þessir 4 til 5 ráðh. hafa til þess að vinna í. Þegar einhverjir þm. vilja tala við ráðh., verða þeir að biðja þá að koma með sér út í gluggakistu og tala við þá þar. Þetta er eitt atriði, sem sýnir, hve gífurlega fjarstætt er að bera saman þörf þessarar stofnunar til húsabóta og það, sem háskólinn hér fer fram á. En að því slepptu, hvernig ástandið er um þetta, sem ég hef nefnt, og skrifstofuaðstöðu þingsins til þess að vinna hér, þá er enn ótalið, að aðkomuþingmenn þurfa að eiga tryggt húsnæði. Og ef byggt væri yfir Alþ., þá væri ekkert eðlilegra en að þingmannabústaðir fyrir utanbæjarþingmenn væri einnig í þeirri byggingu. Þessu hefur alveg verið gleymt. Og ég vil spyrja hv. 1. þm. Reykv., hvort honum finnist girðing í kringum náskólalóðina og sléttun hennar nauðsynlegri heldur en það að ganga svo frá þessu húsi, að t. d. ráðh. gætu haft einhverja aðstöðu til að vinna hér, og að þm., sem verða kannske fleiri heldur en færri með tíð og tíma, væru ekki alveg eins og útlagar í þessum bæ. En þingið hefur verið svo elskulegt, að það hefur hugsað miklu meira um háskólann en sjálft sig, að það virðist nú vilja láta hann hafa peninga, sem að réttu lagi hefði átt að verja annaðhvort til að byggja stjórnarráðshús eð þinghús. (**BBen:** Er ekki fallegt að vera óeigingjarn?) Jú, og þess vegna álít ég rétt af Alþ. að kenna háskólanum óeigingirni. — Úr þessum húsaskorti þess opinbera held ég að mætti bæta á skynsamlegastan hátt með því að nota tekjur happdrættisins til þess að byggja hús fyrir stjórnarráðið og alþingishús, og gæti þá hæstiréttur væntanlega notað það húsnæði, sem Alþ. nú hefur. Þó að þetta hús sé orðið ófullnægjandi sem þinghús, mundi það vera mjög heppilegt sem dómhöll. Með þessu móti væri þetta mál leyst á viðunandi hátt.

Ég held, að hóf sé bezt á hverjum hlut. Það er búið — til ills eða góðs — fyrir 20 árum að stofna sjóð til þess að byggja leikhús í Reykjavík. Og mér virðist ekki rétt, að næsta sporið sé að setja 15 menn á föst laun fyrir skemmtanaskattinn, sem innheimtist í landinu, heldur mætti það fé ganga áfram til opinberra bygginga í Reykjavík og annars staðar á landinu. Og enn fremur hefur fyrir 10 árum verið stofnaður sjóður til þess að háskólinn fengi þak yfir höfuðið, sem hann er búinn að fá mjög virðulegt. Og þá á hann ekki að sýna þann ágang að taka þessa peninga, sem framvegis koma með þessari tekjuöflun, happdrættinu, frá Alþ., sem þarf að nota þá til þess fyrst og fremst að bæta sín starfsskilyrði og í öðru lagi stjórnarráðsins, og er ekki rétt ráðstöfun á þessu fé að láta fremur háskólann hafa það en þessar stofnanir. Þess vegna álít ég, að það eigi að vísa þessu máli frá afgreiðslu, og mun ég koma með rökst. dagskrá um það, þar sem það verður að teljast

heppilegra að fylgja stofnlögunum frá 1933 og háskólabyggingunni er nú lokið, og þá verði fénu varið fyrst og fremst til að byggja yfir stjórnarráðið og Alþ. eða aðrar slíkar stofnanir, en minna í girðingu kringum lóð háskólans suður á Melum.

**Frsm. (Magnús Jónsson):** Ég skal nú ekki teygja þetta mál með því að fara að halda uppi löngum svörum við því, sem hv. þm. S.-Þ. sagði hér. Ræða hans var ekki beinlínis lík því, sem ætlazt er til við 2. umr. máls. Og ég held, að maður, sem hefði heyrt þessa ræðu, þekkt málið, en ekki aðstæður að öðru leyti, hefði verið dálítið undrandi yfir þessari ræðu, því að í raun og veru hefur ekkert af henni komið við þessu máli. Þetta voru skraddaraþankar, mátulega velviljaðir í garð háskólans, og almennar hugleiðingar um byggingarmál. Hv. þm. sagði, að við værum búnir að gleyma því, sem sagt hefði verið um þetta fyrir 10 árum, og las það upp úr l. um happdrættið, að þegar nægilegs fjár væri aflað til þess að reisa háskólann fyrir, þá ætti fé, sem kæmi inn af þessum tekjum, að renna í sjóð til opinberra bygginga. Mér finnst einnig mega lesa upphaf 1. gr. þeirra l., sem, með leyfi hæstv. forseta, hljóðar svo: „Ráðuneytinu veitist heimild til að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til stofnunar íslenzks happdrættis með þeim skilyrðum, er nú skal greina.“ — Fyrst og fremst eru lögin um það. Og það er það, sem allir hv. þm. vita, að þessi hugmynd er alfarið komin frá háskólanum, sem á sínum tíma kemur til þingsins og segir: Við höfum hér hugmynd um það, hvernig er hægt að leysa þörf háskólans án þess að íþyngja mönnum beinlínis með auknum tekjum ríkisins á fjárl. — Og Alþ. féllst á þessa hugmynd fyrir 10 árum og síðan til svo langs tíma sem þyrfti til þess að afla fjár handa háskólanum til þess að fullnægja þörfum hans. Hitt er svo annað mál, að hv. þm. gátu séð það, að einhvern tíma yrði kannske séð fyrir endann á þessu, og fóru að bollaleggja það, hvað ætti þar á eftir að gera við þessar tekjur. Svo kemur þessi 2. gr. sem hreint aukaatriði. Og það er nú svo, að þegar einhver kemur með góða hugmynd, þá vill hver nota hana fyrir sig. Og það voru eins og eins konar sárabætur fyrir þá menn, sem ekki áttu þessa hugmynd, en vildu nota sér hana að einhverju leyti fyrir sig, að þetta ákvæði var sett inn í l. um það, hvernig ætti að nota þessar tekjur, þegar þörf háskólans væri fullnægt. Hv. þm. S.-Þ. vildi minna á þetta, hvernig þetta mál var leyst á sínum tíma. Ég skal ekki vera að rifja upp hans afskipti af þessu. En maður getur varla stillt sig um að minnast á hans till. um lausn á málinu. Hann bar fram frv. um það, að á vissu árabili mætti reisa háskóla, eftir því sem fé væri veitt til þess í fjárl. Hann telur sig kannske ákaflega mikinn frömuð í málum háskólans fyrir það að vilja kveða svo á, að það mætti reisa háskóla á 4 árum, ef Alþ. veitti fé til þess. — Svo tók þessi hv. þm. það oft fram í sinni ræðu nú, að enn væri ekki búið að byggja yfir stjórnarráðið eða hæstarétt eða Alþ. En af hverju er það ekki búið? Er það af því, að hans aðferð hefur verið höfð við það? Háskólinn hefur komið sjálfur með þessa lausn á byggingamálum hans, og hans hús er komið upp. Alþ. er búið að fá pláss það, sem háskólinn hafði áður en hans hús komst upp. En á meðan háskólinn var í þessu húsi Alþ., var það af því, að Alþ. sá sér ekki annað fært, til þess að láta háskólann hafa eitthvað húsnæði. Og ef háskólinn sjálfur hefði ekki haft dugnað til þess að koma sér upp húsi, þá væru húsnæðismál hans sjálfsagt eins og húsnæðismál Alþ., stjórnarráðsins eða hæstaréttar. Ég veit ekki, hvort hv. þm. þykir það óhæfa, þó að háskólinn hafi komið sér upp húsnæði fyrir sig, svo að hann megi ekki halda áfram á þeirri braut. Mér skildist helzt, að hv. þm. S.-Þ. vildi láta víta rektor fyrir að vilja láta byggja hús yfir stofnun, sem telja verður óhjákvæmilegt, að háskólinn hafi, — hann eigi ekki að skipta sér af því, hvort verksvið háskólans er aukið. Það virðist mér vera meining hv. þm. En rektorinn segir bara sitt álit um það og leggur til, að komið sé upp þeim byggingum og tækjum, sem þarf til þess.

Hv. þm. S.-Þ. kom með leikhússjóð inn í þetta mál og sagði, að það mál væri hliðstætt þessu máli, hvernig lagt hefði verið til, að farið væri með hann. En það er bara alveg eins lítið hliðstætt þessu máli, sem hér liggur fyrir, eins og nokkuð getur verið. Þar var um að ræða almennan skatt, sem var að vísu látinn ganga, að ég held, að einhverju leyti til leikhússins, eða hann átti að skiptast milli leikhússins og Reykjavíkurbæjar. Reykjavíkurbær hafði ákveðið að koma upp gamalmennahæli fyrir þennan sjóð. En ríkið ákvað að taka þennan skatt til þess að létta af sér því að leggja fram fé af öðrum tekjum til þess að koma upp leikhúsi, þegar til kæmi. Ég man ekki betur en að þessi skattur væri tekinn bara af stærstu kaupstöðunum. Og þegar var búið að fría kjördæmi nógu margra hv. þm. frá því að borga þennan skatt, þá komst þetta í gegn. Það var verið að kaupa einn og einn þm., og ég man eftir, að það var verið að spyrja, hvort þetta og þetta kjördæmi væri komið. (**BBen:** Hver stóð fyrir þessum ósköpum?) Það voru ýmsir góðir menn, því að margir höfðu áhuga fyrir að koma upp leikhúsi. En svo segir hv. þm. S.-Þ., að leikararnir heimti 15 embætti fyrir leikhúsið og vilji gera þetta að eilífu bitbeini fyrir sig og persónulegum hagsmunum. Þegar svo háskólinn fer fram á, að tekjur háskólans haldi áfram eins og verið hefur og háskólinn komi upp fyrir þetta fé náttúrugripasafni og þjóðminjasafni, þá á það hjá hv. þm. S.-Þ. að vera eitthvað líkt því að vera bitbein og framlag til að hlynna að persónulegum hagsmunum þeirra manna, sem vinna við háskólann. En þetta er bara beiðni frá háskólakennurunum um að koma upp byggingum, sem ríkið þarf annars að koma upp.

En svo að ég snúi mér aftur að leikhúsinu. Hvernig ætli mönnum líkaði það að hafa leikhús, en bara enga leikara. Það getur verið, að sumum mundi líka það. En ég get búizt við, að mörgum fyndist þó nokkuð vanta. Ég get t. d. hugsað mér, að þessir útlendingar, sem hv. þm. S.-Þ. er svo annt um, að ekki megi sjá neitt

ljótt eða ófullkomið hjá okkur, mundu kannske verða hissa og spyrja: Hvar eru leikararnir? Þá mundum við verða að segja: Það eru engir leikarar við leikhúsið til, heldur eru það menn úr bönkum og skrifstofum og frá öðrum slíkum stofnunum, sem gera það í hjáverkum að vinna hér. — Þetta mál annars vegar, sem hér liggur fyrir, og leikhúsmálið hins vegar, er svo ólíkt sem mest getur verið. Og það er ekkert persónulegt við það, sem hér hefur komið fram frá háskólanum í þessu máli. Og ég býst við, að það sé ekki heldur hjá leikurunum. Ég býst við, að það fari svo, að við þurfum að sjálfsögðu að koma upp kennslu við háskólann í náttúrufræði, að minnsta kosti að því er snertir náttúru Íslands sérstaklega. Við komumst aldrei hjá því til lengdar. Og þá er náttúrlega hæpið að hafa ekki eitt einasta kennslutæki til þess. Það er víst ákaflega víða, að slík söfn, sem hér er talað um í bréfinu frá háskólanum, eru einmitt í sambandi við háskólana. Og það er rétt yfrir þjóðina að safna sínum þjóðlegu söfnum á einn stað. Og þessi leið, sem hér er bent á, er svo mjög vel til þess fallin að safna saman þarna á þessum stað þessum hlutum. Og Alþ. getur stuðlað að því með því að samþ. þetta mál, að með þessu móti verði komið upp þeim byggingum, sem það þarf annars að koma upp með öðrum hætti, sem ekki mundi ganga betur. Mér virðist þetta því ekki ákaflega mikið neyðarúrræði, sem hér er farið fram á. — Hitt er annað mál, að það er að áliti hv. þm. S.-Þ. kannske sök háskólans, að það skuli vera geymd mannabein í húsum hans. En ég er gróflega hræddur um, að vísindamenn í læknisfræði líti ekki svo á. Ætli þeim þætti ekki skrítið að kenna læknisfræði þannig að hafa engin mannabein þar? Þar er sjálfsagt margt fleira geymt, svo sem útskorin krabbamein o. þ. h., sem notað er við kennsluna. Þar er líka glös með ræktuðum bakteríum. — Svo eru náttúrlega lifandi mannabein þar líka. Það er um háskólann eins og í vísunni gömlu um skipið, að hann er með mannabein í maganum, bæði dauð og lifandi. Og bein þeirra dauðu hefur verið álitið, að þar þurfi að vera til þess að bjarga beinum þeirra lifandi. Og það er ekki til þess að finna að því að hafa þar alls konar söfn, sem þarf til þess að rannsaka mein manna.

Það, sem taka þarf ákvörðun um, er, hvort eigi séu aðrar þarfir svo brýnar, að ríkissjóður geti með engu móti séð af þessum tekjustofni. Mér fannst hv. þm. S.-Þ. setja þetta alveg skakkt fram. Með því að láta háskólann byggja sig upp með þessari aðferð, er ekki verið að torvelda ríkissjóði að snúa að öðrum stórbyggingum, heldur leysa hann undan milljónaframlögum til framkvæmda í sambandi við háskólann og flýta fyrir, að ríkissjóður geti snúizt að öðrum verkefnum. Það er ekkert erfiðara að koma hér upp húsi yfir stjórnarráðið, húsi yfir þm., húsi yfir menntaskóla, þó að búið sé að reisa háskóla. Það þarf að ljúka háskólahúsinu og því, sem snertir það utan húss. Skyldi ekki útlendingum, sem þm. ber svo mjög fyrir brjósti, þykja viðkunnanlegra, að umhverfi háskólans sé ekki allt eitt kolasvað? Og hvað þykir okkur sjálfum? Eftir ómaklegar undirtektir hv. þm. S.-Þ. vil ég skora á hv. þd. að veita málinu þeim mun betra gengi.

**Jónas Jónsson:** Hv. 1. þm. Reykv. tekur það ráð, sem skynsamlegast var í hans aðstöðu, að koma ekki nærri kjarna málsins sjálfs. En hann er sá, að búið er að byggja það veglega hús yfir háskólann, sem í var ráðizt 1933, en það, sem fyrir liggur, er að byggja yfir stjórnarráð og hæstarétt, yfir þingmenn og yfir menntaskóla, svo að nokkuð sé nefnt. Þær skyldur vill þm. vanrækja, leggja niður myndun framhaldssjóða, sem til þessa eiga að renna, en láta þennan tekjustofn, sem um ræðir, ganga til háskólans um langa framtíð. Inn í þetta hefur hann flétt að sínar skemmtilegu hugmyndir, svo sem þá, að háskólaráð eigi í rauninni einkaleyfi á hugmyndinni um að græða á happdrætti, það hafi verið komið með þetta til Alþingis, eins og fundizt hefði gullnáma uppi í Miðdal, og Alþingi ekki haft önnur ráð en gefa þeim, sem fundu, gullnámuna til ævinlegrar eignar. Hv. 1. þm. Reykv. skipar í sögu máls þessa mjög virðulegan sess, sem ég kem síðar að.

Hv. þm. reynir ekki að bera móti því, að meðan verið er að ræna þessum tekjustofni frá þeim byggingum, sem hann átti nú að fara að standa undir, er stjórnarráðið í mörgum pörtum um allan bæ vegna húsleysis, menntaskólann, sem átti að rúma 100 nemendur, en hefur 300, vantar hús, og ríkið hefur ekki talið sig hafa efni á svo miklu sem að byggja fyrir hann leikfimihús. Enn verður að notast við sama leikfimihúsið, sem lélegt mátti heita, þegar þessi hv. þm. var í skóla, en hefur hnignað, og hefði ríkið ekki lagt fé í það að gera það nú nothæft til bráðabirgða, væri ekki unnt að hafa leikfimi við skólann. En nýtt hús þarf hið allra fyrsta.

Það var mjög farið að tíðkast um 1930, að happdrætti væri rekið til tekjuöflunar fyrir byggingaframkvæmdir eða menningar- og mannúðarmál. Þar má benda á fordæmi Norðmanna, sem höfðu byggingalotterí til fegrunar Oslóborgar. Það var því engin uppgötvun hér. Ég ætla alveg að hlaupa yfir þann þátt í hugsanagangi hv. 1. þm. Reykv., að ég hafi orðið happdrættismáli og húsbyggingarmáli háskólans til tafar. Mér finnst sú hugsun bara skemmtileg hjá honum, að þegar allir aðrir ráðherrar en ég, sem höfðu verið svona lærðir og miklir menn eins og hv. 1. þm. Reykv., voru búnir að sofa á háskólabyggingarmálinu frá því, að hann varð til, 1911, þá kem ég, einn lítill og alveg óskólagenginn maður, og set þetta mál í hreyfingu, skrifa háskólaráði, bið um tillögur og fæ þær og berst 3 ár fyrir því að koma þessu gegnum þingið, — þá sé það ég, sem hafi spillt fyrir æskilegum framgangi málsins. Framsýni háskólakennaranna hafði aldrei náð lengra en til þess, að það þyrfti að byggja yfir háskólann einhvers staðar í miðbænum, þar sem vöxtur hans var bannaður af þrengslum, og síðar mætti bæta við deildum, sem setja yrði niður hér og þar um bæinn. Þessi kotungslega skammsýni var það mesta, sem þeir höfðu andlegan mátt til. Þarna sást hin samansparaða uppgötvunarorka,

sem safnazt hafði í heila þeirra, síðan háskólinn komst á fót og ljóst var, að yfir hann þyrfti að byggja af myndarskap. Það er ein glæsilegasta fórnin, sem hv. 1. þm. Reykv. hefur fært þessu hjartans máli sínu, að hann vann einn dag með haka og skóflu við að grafa grunn á þeim stað, sem hann vildi reisa á háskólabyggingar. Og mér þykir sorglegt, að þetta dagsverk skyldi fara til ónýtis ásamt þúsundum annarra dagsverka, af því að hugmynd kom fram um að ætla háskólanum meira landrými og sló í gegn. (**BBen:** Hver var það, sem fann þá lóð?) Það var maður, sem vildi heldur láta lóð þar en hjá Eskihlíð. Nú kem ég bráðum að þeirri stóru stund í lífi hv. 1. þm. Reykv., þegar honum hlotnaðist forustuhlutskipti í háskólabyggingarmálinu. Það var búið að hreyfa málinu árið 1930, 1931 og 1932 og gera kröfu til Reykjavíkurbæjar um mikið landrými fyrir háskólann. Búið var að gera ýtarlega rannsókn á fyrirkomulagi slíkra bygginga erlendis og fleira, sem ég fer ekki út í. Þá var það, að þessi dásamlega hugmynd kemur, að hægt sé að græða á lotterii. Rektor háskólans lýsir yfir því á samkomu á Hótel Borg, sem haldin var, meðan háskólinn var í smíðum, að tiltekinn utanþingsmaður, sem ekki var heldur háskólakennari, hafi komið til sín og þrýst hugmyndinni upp á sig. Það er full viðurkenning þess, að hugmyndin var engin eign háskólakennaranna, ekkert Miðdalsgull, sem þeir hafi fundið og eigi að hafa einkarétt á. Fyrst hv. 1. þm. Reykv. var að óþörfu að draga mína historísku verðleika í málinu inn í umr., án nokkurs tilefnis af minni hálfu, verð ég að minna á það, að eftir að búið var að plægja akur þingsins, var næst að sigrast á tregðunni innan háskólans. Það var kennsla, sem gekk erfiðlega. Fyrst tókst, sem sagt, að snúa rektornum. En eftir að frv. um lotteríið var komið fram á Alþ., mætti ég þessum hv. þm. og vini mínum á tröppum þinghússins, mesta guðfræðingi háskólans nú að mínum dómi. „Nú verðum við að standa okkur og koma happdrættinu í gegn," segi ég, en hann var þá mjög vantrúaður á málið, vantrúaðri en nokkur Tómas á, að þetta komi háskólanum að notum. Það var nú þá. Þingið réð alveg yfir þessum tekjustofni þá sem nú eins og hverjum tekjustofni öðrum.

Það, sem fyrir liggur nú, er ekki annað en það, að háskólinn er búinn að fá það, sem ætlazt var til, að hann fengi með l. frá 1933, en önnur hlutverk happdrættisins krefjast úrlausnar. Á því byggist hin rökstudda dagskrá mín.

Hv. 1. þm. Reykv. hélt því fram, að ekki væri viðeigandi að minnast á neitt nema greinarnar í þessu frv. En þar sem hér er verið að taka peninga af öllum opinberum byggingum, sem nú þarf að fara að reisa, getur hann ekki orðið hissa, þótt á þessa óþægilegu staðreynd sé bent. Það var næsta skemmtileg fjarstæða hjá honum, að það létti undir með ríkissjóði að byggja, ef þetta frv. yrði samþ. og hann sviptur þessum tekjustofni.

Ég hef nú sýnt fram á, að háskólaráð getur ekkert einkaleyfi átt á því að reka lotterí. Það er óhætt að taka allan hátíðleik af þessari tilraun til að svipta brýnustu byggingar ríkisins mögu-



leikum til að rísa, meðan háskólinn hefur, sumpart fyrir eigin aðgerðir, aflað sér nokkuð mikils fjár, sem nota mætti til lagfæringar kringum hann. Á ég þar ekki aðeins við gróða af rekstri Tjarnarbíós, sem orðið er nú eins konar hneykslunarhella sumum helztu mönnunum, heldur einnig gróða af lóð háskólans við Austurstræti, lóð, sem hann kvað nú ætla að selja með nokkurra hundraða þúsunda hagnaði. Ég er hræddur um, að mörgum smáborgurum mundi finnast þeir græða þar vel, svo að nokkuð af því ætti að geta gengið til að slétta eitthvað kringum háskólann. Fróðlegt væri annars að vita, hver gróði háskólans er af rekstri Tjarnarbíós og hvað hann hefur hugsað sér að græða mikið á lóðinni, sem hann tók á sínum tíma frá Búnaðarbankanum, — 2 eða 3 hundruð þúsund? Eru þetta ekki peningar, sem reikna mætti með til gagns fyrir háskólann, svo að stjórnarráðshúsið eða þingmannabústaðurinn geti farið að fá eitthvað af því, sem þeim ber?

**Bjarni Benediktsson:** Það er kunnugt, að fáir valdamenn hér á landi hafa sýnt meiri áhuga á ýmsum byggingamálum en hv. þm. S.-Þ. Það eru áreiðanlega margar stórbyggingar á Íslandi, einkum utan Reykjavíkur, sem eiga honum tilveru sína að þakka, og hans verður lengi minnzt fyrir það. En það er eftirtektarvert, að á því starfi hans öllu hefur orðið einhver brotalöm þrátt fyrir mikinn áhuga. Eitthvað þótti alls staðar á bresta, að verkið yrði fullkomið. Gagnvart háskólanum hefur eitthvað svipað komið fram. T. d. hér áðan kom fram, að hann vildi ekki láta háskólann fá happdrættið áfram, af því að það þyrfti að venja háskólamennina á ósíngirni og mannkærleik. En Englendingar segja: „Charity begins at home." Mér fyndist eðlilegra, að þingið hefði forgöngu um þennan „mannkærleik" og veitti háskólanum þetta af sinni miklu óeigingirni, og þá óeigingirni veit ég a. m. k., að hv. þm. S.-Þ. hefur í nægum mæli til að bera. Ef brotalöm yrði þar á mannkærleikastarfsemi hans, er hætt við, að kærleikur hans, áður auðsýndur háskólanum, kæmi að minna liði en hugur hans stendur til.

Eins er það með byggingar, sem þessi hv. þm. hefur haft áhuga á að koma upp, að á þeim hefur verið verulegur galli, að það hefur vantað ýmislegt það, sem er talið nauðsynlegt við venjulegar byggingar. En það er eins og hv. þm. hafi gleymt því, að umhverfið tilheyrir hverri byggingu. Ef stórbygging er sett niður í mýri eða holt og ekkert gert fyrir umhverfið, þá verður það að svaði, og ég hygg, að slíkt verði ekki til þess að bæta smekk almennings, eins og þessi hv. þm. hefur þó lagt mikla áherzlu á, að þurfi að gera. Það verður að velja hverri byggingu það umhverfi, sem henni sæmir. Ef á það er litið, þá fer því fjarri, að byggingu háskólans sé lokið, enda vitað, að umhverfið tilheyrði uppdrættinum frá því fyrsta og þar á meðal hin gífurlega skál fyrir framan háskólann og hinn hái veggur, sem á að hlaða í kringum hana, og það er viðbúið, að þetta komi til með að kosta tugi eða hundruð þús. í framkvæmd. Byggingarmeistarinn, sem fyrir þessu stóð, hafði

auga fyrir umhverfinu og taldi það hluta af byggingunni, en þetta hefur þessum hv. þm. sézt yfir, en hann viðurkennir þó nú að vísu, að þetta þurfi að gera, en það verði bara að verja til þess öðrum peningum og þá helzt ágóðanum af rekstri Tjarnarbíós. Mér er kunnugt um það, að þegar bæjarstjórn veitti háskólanum leyfi til bíórekstrar, þá var það alls ekki gert í þeim tilgangi að létta byrðum af ríkinu, því að við það væri háskólinn engu bættari, heldur var þetta gert til þess að efla vísindastarfsemi við háskólann, en alls ekki til þess, að ríkið gæti dregið að sér höndina um leið og bærinn rétti sína út. Það verður að ganga eins frá háskólanum og ætlazt var til, og það getur kostað ekki tugi heldur hundruð þús., en það verður að gera, ef byggingin á að líta sæmilega út, og það verður að gera eins og til var ætlazt, en þessi kostnaður tilheyrir sjálfri byggingunni, og háskólanum var gefið loforð um það, að happdrættið skyldi standa undir öllum byggingarkostnaðinum. Þegar Tjarnarbíó var opnað, þá var ekki ætlazt til þess, að fjárstyrkur ríkisins yrði dreginn til baka. Með því væri verið að svíkja þetta fé út úr bænum og verja því öðruvísi en til var ætlazt. Þetta veit ég, að hv. þm. dettur ekki í hug, að rétt sé að gera, og þess vegna er nauðsynlegt, að háskólinn hafi happdrættið áfram, því að það er sjálfsögð skylda að ganga eins frá byggingunni og húsameistari lagði til. Til viðbótar þessu hefur reynslan leitt í ljós, að til þess að háskólinn verði fullkominn þarf fleiri byggingar en háskólann sjálfan. Ég vil benda á það, að á meðan á byggingu háskólans stóð, þá var þröngvað upp á hann að hafa hús atvinnudeildarinnar þar á lóðinni. Það má vera, að það hafi verið rétt ráðið, en reynslan hefur sýnt, að það hefur þótt ástæða til þess að tengja fleiri byggingar við hann, og svo mun verða í framtíðinni. Það verður nauðsynlegt að bæta við náttúrufræðideild í háskólanum, og í sambandi við það verður að koma upp söfnum, og er því hér enn þá ekki farið fram á meira en lofað var í upphafi, er happdrættiseinkaleyfið var veitt.

**Frsm. (Magnús Jónsson):** Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. tók að mestu af mér ómakið við að svara því, sem þurfti að svara. Hitt er annað mál, að það er alltaf gaman að eiga orðastað við hv. þm. S.-Þ., en hann tekur svo sjaldan til máls nú orðið, það er munur eða hér áður, þegar hann var alltaf talandi og flestir leiðir á honum. Hann hefur þessa Stróbl-hæfileika, að færa hið rétta nokkuð úr lagi, þegar honum býður svo við að horfa. Ég vil benda hv. þm. á, að við háskólann starfa menn, sem láta sér mjög annt um hann og hafa gott lag á því að sjá hag hans borgið. Það er áreiðanlegt, að dugnaður háskólaráðs hefur aflað háskólanum mikils álits, og almenningur metur það mikils. Ég get líka sagt það með öruggri vissu, að það er ekki víst, að happdrættið nyti svo mikilla og öruggra vinsælda, ef almenningur sæi ekki, til hvers féð er notað og að peningarnir skila sér eins affallalítið og verða má. Ég er ekki viss um, að menn fyndu hjá sér sömu hvöt til þess að skipta við happdrættið, ef peningarnir ættu að renna almennt í einhvern byggingarsjóð, sem svo yrði notaður til ýmissa byggingarframkvæmda. Meðan happdrættið er notað eins og það nú er, þá er það mjög vinsælt, og skýrslur sýna, hvernig vinsældir þess fara jafnt og stöðugt vaxandi, í stað þess, að gert var ráð fyrir, að það mundi aðeins vaxa 4—5 fyrstu árin. En þegar þau voru liðin, þá fóru menn þegar að sjá árangur af starfi þess. Það er því bersýnilega ekki sama, til hvers fénu er varið.

Þá er það vottorðið, sem hv. þm. S.-Þ. gaf prof. Alexander Jóhannessyni um, að hans orð væru alveg áreiðanleg, svo að þau gætu ekki brugðizt. Mér þykir vænt um, að þessi vinur minn skuli eiga þarna svona sterkan hauk í horni, og ég tek undir þessi ummæli með hv. þm. S.-Þ. Hitt er annað mál, að hann er ekki upphafsmaður að þessu happdrætti. Ég bar þetta fyrst fram hér á Alþ. Það hafðist þá ekki í gegn, að háskólinn fengi þetta einkaleyfi, en það var dugnaður fylgismanna málsins, sem síðast hafði það fram.

Ég skal staðfesta þá sögu hv. þm. S.-Þ., að ég var hræddur við það, þegar málið kom hér fyrst fram, að það þýddi ekkert að bera það fram þá, m. a. vegna þess, að um það leyti var verið að veita þjóðleikhúsinu tekjustofna, sem það þurfti og mjög á að halda, og áleit ég því, að betra væri að bíða nokkuð, þar til betur blési. En þetta hefur farið gæfusamlega fram að þessu og er þegar búið að bæta mjög úr hinni miklu þörf.

Ég vil annars taka það fram, að þessi 10 ára frestur háskólans til þess að reka happdrættið, hefur þegar verið framlengdur nokkuð af Alþ., og er það vel gert.

**Jónas Jónsson:** Herra forseti. Ég vil aðeins benda hv. 6. þm. Reykv. á það, að það er ekkert sérstaklega merkilegt, þótt bærinn leyfði háskólanum að reka kvikmyndahús, þar sem bærinn einn hefur rétt til þess að veita slík leyfi. Það út af fyrir sig er því engin ástæða til þess, að ríkið þurfi einnig að veita háskólanum sérstakar tekjulindir, enda þótt borgarstjórinn segði, að bærinn hefði ætlað að knýja háskólann til þess að reka vísindastarfsemi fyrir þetta fé. Það er eins og menn færu að deila um, hvort draga ætti hring á vinstri eða hægri höndina, hvort ríkið veitir fé til byggingar háskólans eða vísindastarfsemi við hann, því að ríkið á háskólann og verður að standa straum af rekstri hans. Annars var það eins og fyrir hvert annað slys, að réttindi bæjarins til þess að veita þetta leyfi voru ekki tekin af honum í Nd. nú á dögunum. Hv. þm. ætti að geta fallizt á, að það sé óþarfi að veita þetta fé, eftir að búið er að byggja það, sem átti að byggja, og það er fullkominn misskilningur, að happdrættið yrði nokkuð óvinsælla í höndum ríkisins en háskólans.

Þá sagði hv. þm., að það hefði verið háskólaráð, sem beitti sér fyrir byggingu stúdentagarðsins, en það var Lúðvík Guðmundsson skólastjóri, sem beitti sér fyrir byggingu gamla Garðs, en hinn kom aðeins af því, að sá fyrri var hernuminn. (**MJ:** Ekki sjálfur). Nei, að vísu ekki,

en ég þekki t. d. fjölskyldu, sem gaf herbergi í Garðinn, og hún gerði það fyrir málefnið, en ekki fyrir hv. form. guðfræðideildarinnar, sem ég ber þó mikla virðingu fyrir.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um sannsögli fyrrv. rektors, þá vil ég segja það, að ég held, að hún sé eins og gerist og gengur, en það er misskilningur að halda, að ég leggi nokkuð sérstaklega mikið upp úr henni, ég hef ekki lagt meira upp úr henni en Snorri Sturluson lagði upp úr sannsögli manna almennt.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta, en vil leyfa mér að bera hér fram dagskrártill. í þessu máli, og vil ég nú lesa hana upp, með leyfi hæstv. forseta:

**Þar sem háskólabyggingunni er nú lokið, en mikil þörf að nota gróðann af ríkishappdrætti til þess að koma upp nauðsynlegum byggingum handa stjórnarráðinu, Alþingi, hæstarétti og menntaskólanum, samkvæmt l. nr. 44 árið 1933, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.**

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Eins og nál. ber með sér, þá hef ég ekki tekið þátt í afgreiðslu þessa máls, heldur hef ég óbundnar hendur hjá n.

Ég verð að segja það, að mér finnst það óþarfa bráðlæti af stjórn háskólans að fara nú af stað með þetta mál, þegar enn eru eftir tvö ár af leyfistímanum. Það er vitað, að Alþ. kemur aftur saman nú eftir áramótin, og ætti því að vera nægur tími til stefnu. Mér hefur líka skilizt á hv. frsm., að þetta væri nokkuð af því, að happdrættið væri 10 ára nú á næstunni og þætti þá vel við eigandi að halda afmælið hátíðlegt með því að samþ. þetta frv. Það má vera, að þetta sé sérstaklega heppilegur tími og fyrir þá sök vilji menn hraða málinu svo mjög sem raun ber vitni um, en ég held, að hann sé óheppilegur. Á ég þar sérstaklega við ástandið í háskólanum sjálfum, sem er þannig, að það er ekki líklegt til þess að vekja samúð almennings. Er það annars vegar framkoma stjórnar Tjarnarbíós gagnvart prof. Árna Pálssyni, og hins vegar samkomulagið í guðfræðideildinni, þar sem tveir kennaranna elta hinn þriðja á mjög óviðkunnanlegan hátt. Þetta er því að minni hyggju ekki heppilegur, heldur mjög óheppilegur tími, þegar þess er líka gætt, að enn eru eftir tvö ár af einkaleyfistímanum.

Ég vil taka það fram, að ég vil ekki láta háskólann sem stofnun gjalda á nokkurn hátt þeirra mistaka, sem ég hef hér minnzt á, og mun ég því ekki greiða atkv. með dagskrártill. hv. þm. S.-Þ., þar sem því er slegið föstu, að byggingu háskólans sé lokið. Ég mun því greiða frv. atkv. til 3. umr., hvort sem ég ber þá fram brtt. við það eða ekki.

Ég skal ekki blanda mér inn í þá skemmtilegu deilu, sem hefur farið fram á milli hv. frsm. og hv. þm. S.-Þ. Þeir mega bítast um það sín á milli, hvor sé hollari ríkinu og háskólanum, en ég vil benda hv. frsm. á, að það var alls ekki hann, sem fann upp happdrættið eða kom fyrst fram með hugmyndina hér. Ég man ekki betur en það væri Alþfl., sem gerði fyrstur ráð fyrir happdrætti hér í sambandi við kreppufrv. svonefnda, sem hann bar fram 1931. Hitt er rétt hjá honum, að rekstur happdrættisins í höndum háskólans er í mjög sæmilegu lagi. Það er ekkert of sagt. Annað mál er það, hvort aðrar þarfir eru brýnni og meira aðkallandi þær, sem tekjunum á að verja til, ef happdrættið verður tekið frá háskólanum.

Ég tel rétt, ef það, sem eftir er að gera við háskólann, verður ekki gert á þeim tveimur árum, sem eru eftir af leyfistímanum, að framlengja hann upp í 15 ár.

Ég tók eftir því, að hv. 6. þm. Reykv. orðaði það svo, að atvinnudeildinni hefði verið þröngvað upp á háskólann á sínum tíma. Þetta er ámæli, sem háskólinn á alls ekki skilið, en væri þetta rétt, þá væri mjög mikil ástæða til þess að athuga, hvort ástæða væri til að láta stjórn háskólans ráðstafa öllum tekjunum af happdrættinu, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Sem sagt, ég mun greiða þessu frv. atkv. til 3. umr. til þess að sjá, hverju fram vindur, en vil annars hafa um það óbundnar hendur.

**Frsm. (Magnús Jónsson):** Ég vil aðeins segja við hv. 3. landsk. út af dagskrá hv. þm. S.-Þ., að hún fer ekki með rétt mál og er að því leyti óaðgengileg. Út af ástæðu þeirri, er hv. þm. tilnefndi í n., þá vil ég segja, að það er nauðsynlegt að segja til þess í tæka tíð, hvort leyfa á framlengingu happdrættisins eða ekki, því að langan og rólegan undirbúning þarf í málinu. Þeim þremur árum, sem eftir eru af sérleyfistímanum, þyrfti háskólinn að verja til þess að ganga frá því, sem eftir er, ef synjað væri um framlengingu.

Við skulum ekki metast um það, hver eigi happdrættishugmyndina. Við Sigurjón Jónsson, þáv. þm. N.-Ísf., fluttum frv. okkar um happdrætti 1925, en það komst ekki í gegn. Þá var Jón heitinn Þorláksson ráðh., og við fengum framkvæmda rannsókn í Danmörku í upplýsingarskyni. Síðan var frv. okkar Sigurjóns tekið upp því nær óbreytt.

Viðvíkjandi því, sem hv. 3. landsk. og hv. þm. S.-Þ. sögðu um atvinnudeild háskólans, þá verð ég að segja, að þar fer eitthvað milli mála. Það var hart aðgöngu, þó allt færi fram með kurteisi, er háskólinn ætlaði að fara að byggja og búið var að taka frá fé í því skyni, en varð þá að fresta sjálfri háskólabyggingunni, af því gert var að skilyrði fyrir fjárveitingunni, að atvinnudeildin yrði fyrst byggð. Þetta var óneitanlega nokkuð frekjuleg aðferð. Síðan var þetta 20% gjald látið ganga til þessarar byggingar, og er því senn lokið.

Ég álít ekki rétt af hv. 3. landsk. að draga viðtæk og viðkvæm deilumál inn í þessar umræður, eins og Tjarnarbíómálið frá 1. desember. Það hefur verið flutt till. um það mál hér í þinginu í Nd., og þm. fá þá tækifæri til að ræða það mál. Eins blandar hann máli Sigurðar Einarssonar dósents inn í þetta mál. Ég fyrir mitt leyti tel óviðeigandi að ræða um það mál, meðan það er í rannsókn, og e. t. v. er það ekki heldur til neinna bóta fyrir þennan hv. þm., því að sá maður, er fyrir sökum er hafður, er kominn í þetta embætti fyrir tilstilli þessa hv. þm., sem veitti honum það þvert ofan í niðurstöður sam-

keppnisprófs og móti áliti prófdómenda. En við skulum ekki ræða þetta að svo stöddu máli. En að blanda þessu inn í framlengingu happdrættissérleyfis fyrir háskólann nær ekki neinni átt. Ég held, að það ætti fremur að losa háskólann við þá menn, sem koma óorði á hann. Háskólinn heldur ekki áliti sínu, ef hann liggur undir þeim orðrómi, að kennarar hans ræki ekki störf sín vel. Við samkennarar Sigurðar Einarssonar erum reiðubúnir til að láta af störfum okkar, ef það sannast, að við höfum borið hann röngum sökum. En meðan rannsókn stendur yfir í málinu, þá er ótímabært að ræða þetta mál og ótilhlýðilegt að blanda því inn í jafnópersónulegt mál og hér er til umræðu.

**Bjarni Benediktsson:** Ég get sparað mér nokkuð af því, sem ég ætlaði að segja við hv. 3. landsk., þar eð hv. 1. þm. Reykv. sagði margt af því.

Hv. 3. landsk. þarf ekki að láta eins og hann viti ekki, að hann hafði um hönd freklega valdsbeitingu í sambandi við byggingu atvinnudeildar háskólans. Það var óeðlilegt að þvinga þannig upp þessa byggingu, á meðan háskólinn sjálfur var ekki kominn undir þak. Enda var rætt um það hér í þinginu að gera sérstakar ráðstafanir í sambandi við þetta, þar eð þessi bygging fékk bæði ónógan undirbúning og var byggð fyrir tímann. Annað var það og, að stjórn atvinnudeildarinnar var komið fyrir á annan veg en títt er um slíkar stofnanir, þannig að hún var rifin út úr tengslum við háskólann sjálfan af eintómu ofstæki. Mér dettur ekki í hug, að hv. þm. fari að játa þetta, því að hann var sá, er af sér braut. En honum mun ekki líðast að segja ósatt hér um þetta. En þetta eru nú gamlar deilur.

Náttúrlega má finna hneyksli í sögu háskólans, eins og svo víða, og nægir í því sambandi að minna á embættisveitingu Sigurðar Einarssonar, samkeppnispróf í lögfræði, byggingu atvinnudeildarinnar o. s. frv. En að snúast gegn prófessorunum í heild af því hneykslanlegir menn hafa komizt í þau embætti, það nær ekki neinni átt. Það má einnig nefna, að framkoma norrænudeildar háskólans hefur verið hneykslanleg í sjálfstæðismálinu ár eftir ár, og nú hefur meiri hluti hennar látið hafa sig til að undirskrifa yfirlýsingu um undanhald í þessu máli. Það er rétt, að próf. Sigurður Nordal hefur varpað ljóma á háskólann sem vísindamaður. Þó hefur þessi maður nú skrifað undir dólgslegt hótanabréf til Alþ. með brigzlyrðum um ódrengskap o. s. frv. En það væri ekki rétt að láta háskólann í heild sem stofnun gjalda fyrir þetta og þess háttar. Miklu réttara væri að klappa á kollinn á þessum körlum og gera þá góða. Próf. Sigurður Nordal er góður fræðimaður, það er satt. En þessi framkoma hans í sjálfstæðismálinu mun samt verða honum til skammar og leiðinda í framtíðinni.

Að lokum vil ég svo aðeins segja það, að þótt hv. 3. landsk. hafi oft verið háskólanum óþjáll, þá ætla ég nú ekki, að hann fari að ganga móti þeirri stofnun í þessu máli.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég get ekki varizt því að láta í ljós undrun mína yfir þeim ofsa, er virðist hafa gripið um sig hér. Hv. 1. þm. Reykv. talaði mikið um það, að það hefði verið ótilhlýðilegt og ótímabært af mér að minnast hér á tvö mál viðvíkjandi háskólanum, og kallaði, að ég væri að draga fram svívirðingar um þá stofnun með því að minnast á þessi mál. Ef það er hans dómur, að hér sé um svívirðileg mál að ræða, þá læt ég hann um að fella þann dóm og hafa þau orð, ef hann vill. En vægast sagt orka þessi mál tvímælis, að ég kalli þau ekki ámælis- og vítaverð bæði og lítt til þess fallin að afla háskólanum vinsælda.

Síðan stendur hv. 6. þm. Reykv. upp og telur upp heila romsu af hneykslismálum viðvíkjandi stjórnendum háskólans og endar á próf. Sigurði Nordal og bréfi því, er hann skrifaði undir til Alþ., og telur slíkt reginhneyksli. Ég get nú ekki skilið þetta svo og álít próf. Nordal hafa fullt skoðanafrelsi. Ég álít einnig, að ódrengilegt hafi verið af starfsbræðrum Sigurðar Einarssonar að flæma hann úr embættti á þann hátt, sem þeir hafa gert. Ef eitthvað var athugavert við embættisfærslu hans, sem þeir vissu um, þá áttu þeir að láta það ganga til kennslumálarh., sem hefði svo tekið málið til meðferðar.

Annars er óþarfi að gefa mér áminningu um að láta háskólann ekki gjalda hneykslanna, sem hér hafa verið talin upp. Ég er búinn að segja mitt orð um þetta frv. En ég álít margt óheppilegt fyrir háskólann hafa nú hrotið af vörum þeirra, sem þóttust vilja tala máli hans.

Það, sem er kjarni þessa máls, er það, hve fjárþörf háskólans er brýn og hvort aðrar þarfir eru brýnni eða ekki.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. S.-Þ. felld með 13:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JJ.

**nei:** GJ, GÍG, HG, HermJ, IngP, LJóh, MJ, PHerm, ÞÞ, BSt, BBen, BrB, StgrA.

3 þm. (KA, PM, EE) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 63. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Jónas Jónsson:** Herra forseti. Mér þykir einkennilegt, að hæstv. forseti skuli taka þetta mál nú á dagskrá, sem var hér til 2. umr. í gær, og var því ekki hægt að taka það fyrir nú öðruvísi en með afbrigðum, en 5. dagskrármálið er mál, sem flokkur hæstv. forseta stendur með, og í vor sem leið lá þessu máli svo á, að þessi flokkur vildi þá láta framlengja þingið um 8 víkur til þess að afgreiða þetta eina mál. Nú hefur þetta mál legið fyrir síðan í vor, og hæstv. forseti hefur ekki séð neina ástæðu til þess að knýja það áfram nú. Þetta þykir mér undarlegt, og mun ég gera það að sérstöku umtalsefni, eins

og fleira um dugnað hæstv. forseta, þegar það mál kemur fyrir til umr.

Ég vil þá leyfa mér að lýsa brtt., sem ég ber hér fram skriflega, og skal ég nú lesa hana upp, en hún er þannig:

„Við 1. gr.

a. Í stað orðanna „til 1. jan. 1960" kemur: til 1. jan 1948.

b. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: Að leyfistímanum loknum skal byggingarsjóður Íslands taka til starfa samkv. ákvæðum 2. mgr. 2. gr. l. nr. 44 1943."

Þessi brtt. sker úr um það til fulls, hvort það er ætlun þessarar d. að halda sér við tilgang laganna eins og hann var eða ekki og hvort það þykir meiri nauðsyn að halda áfram einhverjum smálagfæringum á lóð í úthverfi bæjarins heldur en að fara nú að greiða fyrir öðrum nauðsynlegum stórbyggingum fyrir íslenzka ríkið.

Annars ætla ég að gera nokkrar aths. við ræður, sem voru haldnar hér í gær og mér vannst þá ekki tími til að svara. Það eru þá fyrst nokkur atriði hjá hv. 6. þm. Reykv. Hann hélt því fram, að ég hefði að vísu áhuga á að koma upp stórbyggingum, en ég hefði engan áhuga á því, að lokið væri við þær. Nú skal ég taka þetta nokkuð til athugunar.

Hér í bænum eru nokkrar byggingar, sem ég hef verið riðinn við, og svo í öðru lagi byggingar, sem bærinn er riðinn við og þá þessi hv. þm. sem borgarstjóri. Hann ætti þá ekki að vera að gera aths. við mig út af þessu, því að ef hér eru einhverjar ófullgerðar byggingar, sem ég hef verið riðinn við, þá mun vera líkt ástatt hjá bænum.

Hér er nú verið að ljúka við hitaveitu, og það verk hefur staðið yfir í mörg ár og allar götur bæjarins hafa verið rifnar upp og verið þannig um lengri tíma í megnustu óreiðu og eru það margar enn. Ég veit, að borgarstjórinn vill ekki láta þetta vera svona, en öll verk, bæði stærri og minni, eru háð ýmsum annmörkum. Fyrst hv. þm. minntist á þetta, þá vil ég spyrja hann, hvort ekki geti verið eins ástatt um fleiri verk en hitaveituna, að þau verði ekki alltaf framkvæmd með þeim hraða, sem æskilegt væri. — Viðvíkjandi þessum orðum, sem hv. þm. beindi að mér, skal ég taka til athugunar þær stórbyggingar hér í Reykjavík, sem ég hef verið riðinn við, og gera nokkra grein fyrir frágangi þeirra, en þær eru: Landsspítalinn, Sundhöllin, Arnarhvoll og þjóðleikhúsið. Landsspítalanum var lokið, meðan ég átti sæti í stjórn, að öðru leyti en því, að girðing var ekki sett utan um lóðina. — Þá er það sundhöllin. Ég átti þátt í því, að því verki var hrundið í framkvæmd, en það voru aðrir hér í bænum, sem töfðu það mál, þegar ég fór úr stjórn, en þegar Framsfl. komst aftur til valda, þá var verkinu haldið áfram og húsið gert nothæft.

Þá er Arnarhvoll, en því húsi var fulllokið, og ég er þess fullviss, að skrifstofur stjórnarráðsins mundu nú vera í 10 stöðum, ef það hús hefði ekki verið reist. Um þjóðleikhúsið er það að segja, að fáum dögum eftir að ég fór úr ríkisstj. þá breytti Alþ. l. móti till. minni og svipti þjóðleikhúsið tekjustofni með þeirri breyt., og varð því smíði þess ekki lokið. Það var því á móti mínum till., að smíði þess varð ekki lokið og að það hefur nú staðið svo lengi hálflokið, en ekki hefur verið hægt að nota það, þegar mest lá á.

Hv. 6. þm. Reykv. man ef til vill eftir fleiri byggingum, sem ég hef verið við riðinn og hann telur, að ekki hafi verið fullgerðar, en hann skal þá bara koma með það, og ég mun þá færa fram einhverjar varnir fyrir mig.

Ég kem þá að þeirri ákvörðun, sem hv. d. virðist hafa tekið, að smáaðgerðir og dútl við háskólalóðina skuli sitja í fyrirrúmi fyrir því, að byggt verði yfir stjórnarráðið. Það virðist hér yfir mönnum þessi merkilega deyfð við að stofna eitthvað nýtt. Þegar ég hreyfði því fyrst hér að koma upp háskólabyggingunni, þá var yfir mönnum þessi sama deyfð, sem sýndi sig hér í gær við atkvgr., þegar greidd voru atkv. um það, hvort nauðsynlegra væri að byggja yfir stjórnarráðið eða laga háskólalóðina. Menn vilja gjarnan vera ráðherrar og hanga sem lengst í þeirri stöðu. Þeir hafa yfirleitt ekki nóg skapandi afl, en það er meira virði en að hanga í ráðherrastóli að sjá um það, að stjórnarráðið hafi nægilegt húsaskjól til frambúðar.

Mér finnst ekki óeðlilegt að minna á það, að hjá þessum góðu mönnum, sem stóðu að háskólanum, var það látið hjá líða, allt frá 1911—1930, að gera nokkuð til þess að koma upp húsi yfir hann. Hann var hér á neðri hæð þessa húss og gerði með því bæði sér og öðrum lífið leitt, en þeim datt ekki í hug að hreyfa því, að byggt yrði hús yfir hann.

Hv. 1. þm. Reykv. var að tala um happdrættið, sem hann vildi þakka sér. En hann lét ekki einungis fella það fyrir sér, meðan hann var í meirihlutaaðstöðu hér á Alþ., heldur lagði hann það einnig á hilluna um margra ára skeið. Það má ef til vill segja, að það sé til hróss fyrir hann, að honum hafi dottið þetta í hug, en þegar flokkur hans var í meirihluta í stjórnartíð Jóns Magnússonar og Jóns Þorlákssonar, þá var ekki nokkur breyting á málinu, — hann lét bara drepa það fyrir sér. Ég tel þetta hliðstætt við annað hjá þessum flokki, því að honum gat aldrei dottið neitt nýtt í hug. Þegar svo kom aftur breyting á málið fyrir tilkomu annarra, þá játaði þessi hv. þm., að hann hefði verið hræddur við að taka upp málið að nýju, vegna þess að óvíst hefði verið um undirtektir. Mér virðist, að þetta hugkvæmdaleysi, þessi hugsunarháttur að vilja karast hér niður, sé nú að koma upp aftur. Nú er búið að byggja háskólann og þá er svefninn kominn aftur, sama hugkvæmdaleysið, sami þunginn.

Nú er þessi hv. þm. nýsloppinn út úr stjórnarráðinu, þessu húsi, sem ekki er verandi í, og hann hefur vafalaust liðið þar óþægindi, eins og aðrir, af því að húsið er svo ófullkomið. Þá hlýtur hann að hafa séð, hversu óviðunandi það er bæði að innan og utan. Það hefur nú að vísu verið bætt úr húsnæðisskorti stjórnarráðsins með því að flytja sum ráðuneytin upp í Arnarhvol. En engu að síður verður að halda ráðherrafundi í gamla tugthúsinu. (**MJ:** Það er miklu skemmtilegra hús). Þar sem góðir menn

hafa gengið, eru góðir staðir, sagði Goethe. Mér dettur þessi setning í hug í þessu sambandi.

Þessi er þá saga málsins. Nú er algerlega skipt um. Áður virtust allir sammála um að láta háskólann grotna hér niður í húsinu, ekki síður kennarar og lærisveinar hans en aðrir, en nú á að halda áfram að afla fjár til hans eins og eftir einhverju aldeyðulögmáli allt í það óendanlega.

Það er táknandi, að allir hugsa nú um að stofna lýðveldi og við ætlum að byrja nýtt líf eftir 7 alda kúgun. En það örlar varla á því, að sýna beri styrk ríkisins með sæmilegum opinberum byggingum.

Á því hefur ekki bólað síðan 1881, er byggt var af litlum efnum yfir okkar litla þing. Við ætlum að stofna lýðveldi og senda sendiherra til annarra landa, jafnvel til bolsevika, þótt við höfum engin viðskipti við þá. En svo er rausnin lítil heima fyrir og kotungshyggjan mikil, að tugthúsið á áfram að vera aðsetur æðstu stjórnar landsins. Það er því ómögulegt að verja það, sem kom hér fram í gær, að framlengja einkaleyfi Háskóla Íslands til að reka happdrætti um 15 ár, af því að enn sé ýmislegt eftir ógert í kringum skólann og girða þurfi lóðina. Í því sambandi má minna á Landsspítalann, sem annaðist slík verkefni af eigin rammleik. Ég verð því að segja, að það versta við þessa hv. d. er það, hve kærulaus hún er og laus við framsýni fyrir landsins hönd.

Af því að hv. 6. þm. Reykv. var að tala um, að óforsvaranlegt væri að taka af hagnaði Tjarnarbíós til að standa straum af þeim framkvæmdum, sem enn eru eftir á lóð háskólans, þar sem sá hagnaður ætti að ganga til að styrkja vísindastarfsemi þeirrar stofnunar, þá langar mig til að spyrja þennan hv. þm., sem reyndist góður vísindamaður, meðan hann starfaði við háskólann, hvernig vísindi það eru, sem ekki mega missa af neinu af bíópeningunum til þess að girða háskólalóðina. Á kannske að gefa út lögfræði Ísleifs frá Geitaskarði eða guðfræði Sigurðar Einarssonar fyrir þetta fé? En er von til þess, að Tjarnarbíó vilji gefa út rit Sigurðar Einarssonar með frumheimildum eftir lærða doktora eins og t. d. Guðbrand Jónsson? Það væri fróðlegt að vita, hvort bæjarstjórnin hefur heimilað Tjarnarbíógróðann í þessi vísindi eða einhver önnur.

Það hefur alltaf verið talið, að vísindastarfsemi væri í því fólgin að finna ný sannindi. Því er háskólinn engin vísindastofnun og háskólakennararnir ekki vísindamenn fremur en steinsmiðir eða trésmiðir, því að engar nýjungar hafa frá þeim komið.

Það er talið, að Sveinn Pálsson hafi gert heimsuppgötvun, því að hann skildi fyrstur manna eðli skriðjökla. Nú spyr ég hv. 6. þm. Reykv., hvað uppgötvað hafi verið í þessari stofnun, sem gæfi tilefni til að stofna bíó til að styrkja þá vísindastarfsemi? Það væri rétt, að borgarstjórinn gerði grein fyrir þeirri byrjunarstarfsemi.

Nú ætla ég ekki að fara að meta vísindin þarna suður frá. En ég ætla að minnast á það, sem ég hef spurt þennan hv. þm. um m. a. Ég hef spurt hann um, hvað stjórnaði þeirri afturför, sem orðið hefur síðan Páll Briem var uppi. Hann var önnum kafinn embættismaður, en gaf þó út, ásamt Klemensi Jónssyni, það eina lögfræði- og hagfræðitímarit, sem hér hefur verið gefið út og ágætt getur talizt, og voru þó skilyrði hin erfiðustu. Svo deyr þessi maður á bezta aldri. Síðan kemur hér hæstiréttur, lagadeild, og háskólinn stækkar á alla lund. Fjöldi starfandi lögfræðinga verður hér, en ekki bólar á riti, sem nálgast „standard" þessa rits Páls Briems. Eins er þessu varið með hinar deildir háskólans. Þetta er mjög undarlegt, og úr því borgarstjórinn hefur skýrt frá þessari hugmynd til hjálpar vísindunum í háskólanum, þá er ástæða til að spyrja, hvaða spírur séu fyrir hendi í þessum efnum. Skilyrðin ættu þó að vera ólíkt betri til þessara iðkana en Páll Briem hafði. En vísindalegan áhuga virðist vanta. Hann er miklu minni en við mætti búast eftir bættum skilyrðum, og væri gott, ef hv. 6. þm. Reykv. gæti sannað, að háskólinn sýndi viðleitni í þessa átt. Ég minnist þess, að á afmæli háskólans var gefin út skrá yfir ritverk þau, sem komið höfðu út á vegum hans. En í þessari skrá var vitnað í eða talin grein í Morgunblaðinu. Það hefði þótt skrýtið annars staðar að telja blaðagrein sem afrek háskóla. Sannleikurinn mun sá, að ekkert fræðirit hafi háskólinn gefið út á borð við fræðirit þessa hv. þm. um Alþingi, sem er ágætt rit, en jafnframt það eina. Vísindaáhuginn í háskólanum hefur sofið sætum svefni, en undanskilja ber þó Árna Pálsson prófessor. Það er því alveg ljóst, að bæjarstjórnin ætti að segja við þessa stofnun, sem hún hefur gefið landið undir, að henni sé heimill gróðinn af Tjarnarbíó til að fegra og prýða lóðina, a. m. k. þar til andi vísindanna kemur yfir stofnunina. Þetta væri á engan hátt óeðlilegt, og ég treysti því, að valdamaður bæjarins geti komið þessu í kring.

Ég leyfi mér að leggja hér fram skriflega brtt. um framlengingu á einkaleyfinu aðeins til 2 ára, og síðar sé sjóðurinn látinn byrja eins og lög mæla fyrir.

**Forseti (StgrA):** Það er nú sýnilegt, að hv. þm. S.-Þ. hefur ekki eins mikinn áhuga á, að 5. og 6. málið hér á dagskránni fái afgreiðslu eins og hann lét í fyrstu. Nú hefur mér borizt brtt. frá þessum hv. þm. við 1. gr. frv. [sjá þskj. 630].

Ég vil leita tvöfaldra afbrigða fyrir þessari brtt., þar sem hún er bæði skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 630 felld með 12:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JJ.

**nei:** BBen, BrB, EE, GJ, HermJ, KA, LJóh, MJ, PHerm, ÞÞ, BSt, StgrA.

HG, IngP greiddu ekki atkv.

2 þm. (GÍG, PM) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 14:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** HermJ, IngP, KA, LJóh, MJ, PHerm, ÞÞ, BSt, BBen, BrB, EE, GJ, GÍG, StgrA.

**nei:** JJ.

HG greiddi ekki atkv.

1 þm. (PM) fjarstaddur.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 632).

——o——

## 52. Fiskveiðasjóður Íslands.

Á 49. fundi í Nd., 18. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 2. apríl 1943, um Fiskveiðasjóð Íslands** (þmfrv., A. 439).

Á 50. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 53. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 55. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 57. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 63. fundi í Ed., 10. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 439, n. 572).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Frv. þetta stendur að nokkru leyti í sambandi við mál, sem afgr. var hér í fyrradag, frv. um olíugeyma o. fl. — Í því eru ákvæði um, að fiskveiðasjóður láni allt að ½ byggingarkostnaðar, en í l. fiskveiðasjóðs eru takmörkuð slík lán og miðað við ⅖ byggingarkostnaðar.
Frv. þetta er borið fram með samþykki stjórnar fiskveiðasjóðs. Stjórnin hefur ekkert við það að athuga, þó að hámarkslánsupphæðin hækki.
Þetta frv. mun fylgja til n. frv. um olíugeyma o. fl., en ég lít þannig á, að það sé ekki bara vegna þessara fyrirtækja, sem rétt er að breyta þessu, heldur einnig vegna annarra framkvæmda, sem þegar eru á vegum fiskveiðasjóðs.
Í Nd. gekk þetta í gegn án andmæla, og væntir sjútvn., að það nái fram að ganga án andmæla hér. Ég legg til, að þetta frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 646).

——o——

## 53. Vinnuhæli berklasjúklinga.

Á 19. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um, að gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningu skatta til ríkis og bæjar** (þmfrv., A. 183).

Á 32. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Jóhann Jósefsson):** Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 2. landsk. þm. (ÞG) og hv. 1. þm. Skagf. (SÞ) að bera fram þetta frv., sem hér liggur fyrir. Grg. þess er að vísu ekki löng frá okkar hálfu, en þar er frá því sagt, að þetta frv. sé borið fram að tilhlutun ýmissa forustumanna í samtökum þeim, sem mynduð hafa verið til þess að koma upp vinnuhæli fyrir berklasjúklinga. Og þessi samtök hafa náð mjög góðum árangri. Eftir því sem mér hefur verið frá skýrt, hafa safnazt hátt á 3. hundrað þús. kr. til byggingar þessa hælis. En til þess að koma upp slíku vinnuhæli, er samsvari kröfum, sem til þess þarf að gera, þarf miklu meira fé, og er þá sjálfsagt og eðlilegt, að íhugaðar séu allar leiðir til þess að safna fé til hælisins. Það hefur komið fyrir, að gefin hefur verið stórgjöf frá einu atvinnufyrirtæki þessa lands til þessa vinnuhælis, og mundu sjálfsagt slíkar gjafir hafa orðið fleiri, ef ekki fylgdi sá böggull skammrifi, að þeir, sem gefa slíkar gjafir til hælisins, verða að svara af því fé öllum sköttum og skyldum til ríkis og bæjar- eða sveitarfélags.
Með grg. þessa frv. fylgir umsögn Sigurðar Sigurðssonar berklayfirlæknis. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp úr umsögn berklayfirlæknisins um tvö atriði málsins. Hann lýsir fyrst fjársöfnuninni til vinnuhælisins og segir, hvernig hún sé á veg komin, og segir svo:
„Nauðsyn slíks vinnuhælis mun ljós öllum þeim, er til þekkja. Afkoma berklasjúklinga, er brautskráðir hafa verið frá hælum og sjúkrahúsum, svo og eftirmeðferð þeirra hefur hér á landi verið ærið misjöfn fram til þessa. En það er mjög mik-

ilsvert, að sjúklingar, sem ef til vill hafa dvalið árum saman á heilsuhælum, hafi að einhverju að hverfa, er þeir loks losna þaðan. Því miður hefur þessa víða eigi verið gætt sem skyldi, jafnvel ekki þar, sem berklavarnir hafa verið reknar. Afleiðingarnar hafa fljótt komið í ljós. Margir sjúklinganna hafa eftir mánaðar eða jafnvel ára kyrrsetu og góða aðbúð orðið að hverfa að miður góðum kjörum og tekið að fást við erfiðisvinnu. Árangur sá, sem unnizt hafði við hælisvistina, hefur á þennan hátt ef til vill orðið að engu á skömmum tíma, og hinir brautskráðu sjúklingar hafa, fyrr en varði, orðið að hverfa aftur til hælisins. Sjúkdómurinn hefur blossað upp að nýju.

Síðar segir hann:

Vinnuhælin hafa víðast hvar þótt gefast mjög vel. Sjúklingarnir eru valdir þangað eingöngu frá berklasjúkrahúsum eða heilsuhælum. Vistmenn þar geta verið tvenns konar: 1) Sjúklingar, sem eru að því komnir að brautskrást fyrir fullt og allt, en leita til vinnuhælisins um nokkurt skeið, áður en þeir hverfa út í lífið aftur, og 2) sjúklingar með langvinna (kroniska) berklaveiki, sem dvalið hafa á heilsuhælum árum saman, án þess að veruleg breyting yrði á sjúkdómi þeirra.

Vinnuhælin hafa með höndum margs konar starf eða iðn, sem jafnt hentar konum sem körlum. Er víða reynt með sérstöku prófi að velja fólk í þá iðn, er því hentar bezt. Er það gert í þeim tilgangi, að það megi læra hana á vinnuhælinu og stunda síðan á eigin spýtur, er það á að sjá fyrir sér sjálft. Skal eigi farið nánar út **í það hér.**

Stofnanir þessar eru reknar með margs konar sniði, en hafa yfirleitt þótt gefast mjög vel. Hafa þær orðið til að létta mjög á berklasjúkrahúsum og heilsuhælum og eru sjúklingunum til hins mesta gagns og ánægju.

Svo skal ég ekki vitna frekar í það, sem yfirlæknirinn segir, en hv. þdm. hafa kost á að kynna sér það á þskj. nr. 183, þar sem frv. liggur fyrir. En ég vil benda á niðurlagið hjá berklayfirlækninum um árangur af slíkum vinnuhælum yfirleitt, þar sem hann segir, að þær stofnanir hafi orðið til þess að létta mjög á berklasjúkrahúsum og heilsuhælum. Og í sambandi við það vil ég mega benda á, að rekstur berklahælanna tveggja hér á landi og það, sem að öðru leyti er látið af hendi af opinberu fé til þess að berjast á móti berklaveikinni, nemur, eftir þeim áætlunum, sem fyrir liggja í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. nú, rúmlega 3½ millj. króna, sem búizt er við, að á næsta ári verði varið í þessu skyni. Nú er það viðurkennt bæði hér og annars staðar, að þessi miklu fjárútlát nái hvergi nærri tilgangi sínum, vegna þess að sjúklingar, eftir að þeir eru útskrifaðir af hælum, verða að taka vinnu, sem er þeim eftir atvikum um megn. Og hælin sjálf eru yfirfull, vegna þess að þar eru sjúklingar, sem gætu verið á vinnuhælum, en sitja svo þar fyrir jafnvel smitandi sjúklingum, sem verða að dveljast á heimilum, vegna þess að þeir fá ekki hælisvist. En á hælunum er fjöldi sjúklinga, sem gætu verið á vinnuhæli, ef til væri, og gætu þar unnið að nokkru leyti fyrir sér. Það er því augljóst mál, að það er fjárhagslegt atriði og það þýðingarmikið — fyrir þessa þjóð, sem eyðir nú svo milljónum kr. skiptir til þess að berjast við þann vágest, sem berklarnir eru, að sú baráttа fari fram á þann hátt og sé skipulögð þannig, að ekki sé að verulegu leyti til einskis barizt. Og einn liðurinn í þeirri skipulagningu hlýtur að vera sá, að séð sé fyrir því, að menn, sem dvalizt hafa á berklahælum og komnir eru það langt til bata, að þeir þurfa ekki daglegs læknieftirlits eða daglegrar hjúkrunar við, gætu verið á stað, þar sem ekki er hætt við, að þeir smiti neitt frá sér, og þar, sem aðbúnaður er slíkur, sem á við heilsufar þeirra, og þar, sem þeir geta smátt og smátt unnið sig upp í það aftur að verða starfandi kraftur í þessu þjóðfélagi og unnið fyrir sér og sínum.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er ekki stórvægilegt, en það ber að skoða það sem einn lið í berkalvörnunum með því, að löggjafarvaldið hliðri svo til, að þeir, sem af áhuga á þessu hælisbyggingarmáli vildu gefa til þess nokkrar upphæðir, að hæli þetta komist upp, þurfi ekki að óttast, að þeir verði að borga af því fé, sem þeir þannig láta af hendi, stóra skatta að auki. Það gefur að skilja, að slíkar skattgreiðslur er ákaflega mikill hemill á framkvæmdir í þessu efni.

Nú er það vitað, að engar stéttir í þjóðfélaginu sýkjast frekar af berklum en þeir, sem eiga erfiða aðbúð, bæði verkamenn og sjómenn, og það eru einmitt þessir menn, sem eiga erfiðast með að hverfa aftur til sinnar fyrri iðju, eftir að þeir hafa fengið berkla og verið mánuðum eða árum saman á heilsuhæli. Ef þeir eiga einkis úrkosta annars en að fara aftur á sjóinn eða til erfiðisvinnu, án þess að geta haft hæfilegt millistig til þess að vinna sig upp líkamlega og andlega, er sýnilegt, að hælisvistin verður í mörgum tilfellum til lítils gagns. Rannsóknir hafa leitt í ljós, að það eru einmitt menn á bezta aldri, sem oft falla fyrir berklum. Rannsókn í Bandaríkjunum leiddi í ljós, að þegar 5% af dauðsföllum voru af völdum berkla, voru 20% af því fólki, sem féll í valinn, á aldrinum 20—30 ára. Berklaveiki er hins vegar sá sjúkdómur, sem vinna má bug á með réttum aðgerðum, og í því hefur þessi þjóð stigið stórt og merkilegt spor með því að koma upp berklahælum, og þeir forustumenn, sem hafa tekið höndum saman um að koma upp hæli til þess að gera mönnum léttari baráttuna, eru að stíga annað ekki ómerkara spor í þessu efni. Þeir eru að stíga það nauðsynlega spor, sem þarf að stíga til þess að hælisvistin og læknisaðgerðirnar komi þessum mönnum — og þá þjóðinni um leið — að gagni. Þetta mál er því borið fram af brýnni þörf og sem hagsmunamál þjóðfélagsins til þess að láta ekki sitja við hálfunnið verk í þessu efni, heldur stuðla að því af alefli, að þessi viðbót við heilsuhælin komi fyrir þann fjölda af ungu fólki, sem er berklaveikt, og hjálpa því þannig til þess að verða hraustir meðlimir þjóðfélagsins. Hér er alveg um einstakt atriði að ræða í þessu þjóðfélagi, þar sem það er þannig, að berklaveikin hefur verið tekin þeim tökum af hálfu hins opinbera, að ekkert hliðstætt spor hefur verið stigið gagnvart öðrum sjúkdómum. Hins vegar má segja, að þörfin hafi verið mest á þessu sviði og aðgerðir af hálfu hins opinbera við berklavarnirnar verði að

skoða sem sérstæðar og ekki megi blanda þeim saman við almenn menningarmál, og fyrir þessa þjóð er nauðsynlegt fjárhagslegt atriði að stuðla að því, að sú mikla sóun á vinnukrafti, sem verður fyrir berklaveikina, stöðvist.

Ég sé, að hér hefur verið flutt brtt. frá hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ), og þótt ekki sé nema gott eitt að segja um það málefni, sem hann ber fyrir brjósti, er það ekki hliðstætt við þetta frv., og þess vegna verð ég að harma það, að hann skuli bera fram brtt. einmitt við þetta mál, vegna þess að það er ekki hliðstætt, en það er hægt að finna mál, svo að tugum skiptir af mannúðarmálum, sem eru hliðstæð við brtt. hv. 4. þm. Reykv., og yrði það þá þessu frv. sá fjötur um fót, er nægði til þess að hefta framgang þess. Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta, en geri ráð fyrir, að hv. 4. þm. Reykv. og þeir, sem kynnu að vera sama sinnis og hann, láti sér skiljast, að hér er um fjárhagslegt atriði fyrir berklavarnirnar í landinu að ræða, og geri það ekki að kappsmáli að hnýta aftan í frv. till., sem yrðu því til hindrunar.

Ég vil að lokum mælast til þess, að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

Umr. frestað.

Á 34., 35. og 36. fundi í Nd., 20., 21. og 22. okt., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 25. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs, þegar þetta mál var hér síðast til umr. 18. þ. m. Tilefnið til þess, að ég bað um orðið, er sú brtt., sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 186.

Áður en ég fer að lýsa tilefni þess, að ég flyt þessa brtt., vildi ég segja örfá orð um þetta mál almennt. Ég hlustaði að vísu ekki á nema nokkurn hluta framsöguræðu hv. 1. flm. málsins, en mér skilst, að þau rök, sem hann færir fyrir því, að frv. er fram komið, séu hin mikla þörf á vinnuhæli fyrir berklasjúklinga. Ég er í flestum atriðum sammála um nauðsyn þessa hælis, en hins vegar getur það orkað tvímælis, hvort sú leið, sem hér er farin, sé hin æskilegasta, en ég fyrir mitt leyti mun samt ekki leggja stein í götu þess, að þessi leið verði farin. En ég get ekki neitað því, að í rauninni finnst mér þetta vera mál, sem ríkinu beri skylda til að styrkja mjög ríflega. Ég lít á þetta hæli sem einn lið í berklavörnunum, og þegar hnigið verður að því ráði að koma því upp, þá mun ríkið leggja drýgstan skerf þar til. Og ég býst við, að það verði svo um vinnuhælið sem berklahælin, að reksturinn verði kostaður af ríkinu í framtíðinni.

En þó að ég hafi sagt það hér, að ég vilji ekki leggja stein í götu þess, að þeir sjóðir, sem nú eru fengnir, megi vera sem ríflegastir, þá er mér það ljóst, að hér er um mál að ræða, sem er fjárhagsmál og nokkurt tilfinningamál fyrir hv. þdm., hvort heimila eigi slíkar upphæðir til skattfrádráttar, því að hér er opnuð leið til þess að menn geti dregið verulegar fúlgur undan skatti. Þó að það sé að vísu til menningarfyrirtækis, þá getur það vel haft áhrif á skattstiga sumra einstaklinga.

Ég hef nú leyft mér að flytja brtt. þá, sem ég hef áður lýst, þ. e. til hvíldarheimilissjóðs. Ég heyrði það á hv. 1. flm. málsins, að hann gerði þarna nokkurn mun á. Hann taldi þessa till. mína allt annars eðlis en þetta mál, sem hér er til umr., en ég finn ekki svo mikinn mun þarna á milli, nema ef síður skyldi. Ég hef lauslega drepið á það, að ég teldi vinnuhæli berklasjúklinga vera mál ríkisins, sem því bæri skylda til að koma upp. En það verður alltaf umdeilt, hvort ríkinu sé nauðsyn á því að koma upp hvíldarheimili fyrir sjómenn, sem sjómannastéttin hefur beitt sér fyrir. En það var svo til ætlazt af okkur, sem stóðum að þessari fjársöfnun, að hægt væri að afla nægilegs fjár, til þess að slíkt hvíldarheimili gæti risið upp, og draumur okkar er sá, að við getum komið því þannig fyrir, að rekstur þess þurfi ekki að hvíla á hinu opinbera. Nú verð ég að geta þess, að á þinginu 1942, þegar við vorum komnir í fullan gang með öflun fjár til dvalarheimilisins, þá komu ýmsir menn, sem að því máli stóðu, til vissra þm. og spurðu þá um álit þeirra um það, hvort það mundi þýða að bera fram till. um, að gjafir til slíks hvíldarheimilis yrðu undanþegnar skatti. Mér er kunnugt um það, að þetta mál var rætt við ýmsa áhrifamenn í þinginu og þá sérstaklega þá, sem fjölluðu um fjármálin, og undirtektirnar undir það mál voru mjög neikvæðar, án tillits til þess, hvaða flokki menn fylgdu. Töldu menn þá, að þetta væri svo viðkvæmt skattamál, að ekki væri gerlegt að fara inn á þá braut. En mér var þá einnig kunnugt, að það buðust verulega stórar upphæðir frá ýmsum mönnum og fyrirtækjum til þessa hvíldarheimilis, ef hægt væri að fá þær undanþegnar skatti. Okkur var það ljóst og er enn, að ef við gætum fengið slíka heimild fyrir hvíldarheimilið, sem hér er gert ráð fyrir til vinnuhælisins, þá mundi okkar sjóður stækka verulega.

Ég ætla nú ekki að skýra nánar frá þessu, en þegar það var kunnugt, að fram var komið frv. um að undanþiggja gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga frá skatti, þá fékk ég áskoranir úr mörgum áttum um það, að slíkt hið sama mætti gilda fyrir hvíldarheimili sjómanna. Um nauðsyn þessa hvíldarheimilis skal ég ekki fara mörgum orðum, en ég vil benda á það, að undirtektir almennings hafa sýnt, að þetta mál á mikinn hljómgrunn meðal sjómanna og margra annarra borgara í landinu, sem hafa styrkt þetta málefni með stórum gjöfum. Í ýmsum nágrannalöndum hefur þessi stefna verið uppi um langt skeið, og eftir því sem ég veit bezt, er nokkuð aukin vakning fyrir því, að slík hvíldarheimili, sem hér um ræðir, verði reist. Ég hef að vísu ekki nákvæmar upplýsingar um það, hvað gerist í Svíþjóð í þessum efnum, en ég veit, að ríkið stendur á bak við það að koma upp slíkum hvíldarheimilum fyrir sjómannastéttina. Í Noregi, þar sem þjóðin byggir fjárhagsáætlun sína á sjómannastéttinni, þar hefur þegar mikið verið gert að því að koma upp

slíkum hvíldarheimilum víða um lönd, sérstaklega þar, sem norskir menn dveljast að staðaldri, t. d. í hafnarbæjum í Bandaríkjunum. En hér hjá okkur er það svo, að þeir menn, sem hafa gert sjómennskuna að lífsstarfi sínu, eiga oft og tíðum mjög ófullkomin heimili. Það þarf því að vinna að því að skapa þessum mönnum í ellinni góð hvíldarheimili fyrir það þjóðnytjastarf, sem þeir hafa unnið. Ég hygg því, að þessi hv. d. gæti vel fallizt á þá stefnu mína, að hér mætti leggja nokkuð að jöfnu hvíldarheimili sjómanna og vinnuhæli berklasjúklinga.

Ég hef flutt þessa till. nú við þessa umr., og það gerði ég vegna þess, að ég taldi æskilegt, að n., sem fjallar um þetta mál, heyrði þau rök, sem ég hef að flytja fyrir þessu máli og hún getur þess vegna tekið tillit til, um leið og hún fjallar um frv., og ég vænti þess, að hún geti fallizt á að taka þessar tvær stofnanir upp í einu. Ég geng þess ekki dulinn, að það eru mörg menningarfyrirtæki í þessu landi, sem eru að vinna að slíkri fjáröflun og mundu æskja slíks hins sama um skattfrelsi, en ég hygg, að það sé vandi fyrir þingið að greina, hvað sé nauðsynlegt og hvað ónauðsynlegt í þessum efnum. Ég sé, að ríkisstj. hefur lagt hér fram frv., þar sem hún fellst á þá stefnu að heimila vissar upphæðir undan skatti í mannúðarskyni, og gæti ég hugsað, að sú n., sem fær þetta frv. til athugunar, gæti á einhvern hátt samrýmt þessar stefnur því, sem stj. leggur til.

Að svo mæltu tel ég ekki nauðsynlegt að fara fleiri orðum um þessa brtt. mína, en vil vænta þess, að hv. n. taki hana til velviljaðrar athugunar.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. — Ég skal vera stuttorður. Ég vildi aðeins benda á það, áður en þetta mál fer til n., að ég tel þetta frv. mjög varhugavert. Hér er gengið inn á þá braut að heimila mönnum að hafa nokkurn hluta tekna sinna skattfrjálsan í því skyni, að þeim sé varið til þess að reisa vinnuhæli fyrir berklasjúklinga, og það er lögð áherzla á það af 1. flm. þessa frv., hversu þessi starfsemi, berklavarnirnar, sé hafin yfir að vera sambærileg nokkurri annarri líknarstarfsemi hér á landi. Nú hefur hv. 4. þm. Reykv. borið fram brtt. og talað fyrir annarri líknarstarfsemi, sem hann telur, að sé alveg sambærileg, og ég efast ekki um, að fleiri muni á eftir koma með aðrar greinar líknarstarfsemi, sem þeir telji, að eigi að vera jafnrétthár í þessum efnum. En ég vil aðeins benda á það, ef fara á að ganga inn á þessa braut, að þá mun verða ákaflega erfitt að greina á milli og segja um það, hvaða tegund af líknarstarfsemi sé rétt að taka og hverja ekki. Það getur vel verið, að það séu einhverjir, sem treysti sér til þess að greina þarna á milli, en ég er alveg viss um, að það verður þá ekkert réttlæti í þeirri skilgreiningu. Nú hefur hæstv. ríkisstj. flutt frv. í svipuðum anda og frv. það, sem hér liggur fyrir, en mér er ekki alveg ljóst, hvað veldur því, að hún hefur flutt þetta frv. Það skyldi þó ekki vera flutt vegna þess, að stj. hafi fundið, að málið var komið í óefni, og þess vegna hafi hún heldur viljað hafa allar mannúðarstofnanirnar undir í einu, en takmarka á hinn bóginn, hvað mikið mætti gefa mest af tekjum hvers einstaklings? Ég vil alvarlega benda hv. n. á það, að með þessu er gengið inn á braut, sem hlýtur að leiða til þess, að tekjur ríkissjóðs minnki verulega, verði þetta ekki takmarkað við neina eina líknarstarfsemi, nema þá með því að taka upp stefnu ríkisstj. og leyfa aðeins, að litlum hluta af tekjum einstakra manna verði varið í þessu skyni, og efast ég þó um, að það komi ekki tilfinnanlega við tekjur ríkissjóðs, því að sá frádráttur, sem hér kemur til greina með gjöfum þessum, dregst frá skattstiganum á hæstu tekjum hvers einstaks gefanda.

**Finnur Jónsson:** Mér finnst þetta mál verðskulda, að því sé gaumur gefinn. Það, sem vakir fyrir flm., er að greiða fyrir því, að þetta hæli komist upp, með því að fá ákveði um undanþágu frá skatti á gjöfum til hælisins, eins og farið er fram á í frv.

Nú hefur verið bent á það af öðrum hv. þm., að þetta muni geta dregið dilk á eftir sér og verkað mjög truflandi á skattgreiðslu til ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga. Ég viðurkenni nauðsyn þess, að þessu máli sé hraðað, og viðurkenni einnig hitt, að þær mótbárur, sem hafa komið fram, eru á rökum reistar. Ég mun þess vegna vita, hvort ekki er hægt að samrýma þessi tvö sjónarmið með brtt. við þetta frv., sem ég mun leggja fram nú á milli umr. En sú brtt. yrði á þá leið, að það yrði ákveðið með l., að þegar Samband ísl. berklasjúklinga reisir vinnuhælið, þá leggi ríkissjóður sérstakt framlag á móti. Mér skilst, að á þann hátt væri hægt að samrýma þessi tvö sjónarmið, og þó ætti engin hætta að vera á því, að þetta kæmi ruglingi á skattalöggjöfina, sem þm. gætu ekki séð út yfir. Með því að hafa þetta framlag nógu ríflegt skilst mér, að það væri mögulegt að koma þessu hæli upp nú á skömmum tíma. Það er upplýst í frv., að Samband ísl. berklasjúklinga hafi safnað 280 þús. kr. í þessu skyni, og leggi ríkið fram ⅔ hluta þar á móti, þá eru þar handbærar 840 þús. kr. Ef þetta framlag yrði ¾ hefði Samband ísl. berklasjúklinga nú þegar handbærar 1 millj. og 120 þús. kr. En ég mun í till. minni leggja til, að framlagið frá ríkissj. verði ⅔, en er hins vegar fús til, ef menn álíta þetta ekki nógu ríflegt, að breyta því hlutfalli.

**Flm. (Jóhann Jósefsson):** Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að deila, hvorki við einn né annan, um þörf eins eða annars í þessum efnum, sem byggð er eingöngu á mannúðarsjónarmiði, og vil undirstrika það, að ég hef flutt þetta frv. aðallega frá fjárhagslegu sjónarmiði séð fyrir ríkið sjálft. Hins er rétt til getið hjá hv. þm. Ísaf., að fyrsta ástæðan til þess, að slíkt frv. kemur fram, er sú að flýta fyrir því, að vinnuhæli fyrir berklasjúklinga verði komið upp. Ég skal ekki fara neitt inn á hugmynd hans um styrk í þessum efnum, en ég vil geta þess, að það var misskilningur hjá hv. 2. þm. N.-M., að ég hefði talið þetta hafið yfir öll önnur mál á grundvelli mannúðar. Ég taldi það vera hafið yfir öll önnur mál á grundvelli þeirra útgjalda,

sem ríkið árlega innir af hendi. Það kostar ríkið og almenning í landinu 4 millj. kr. að halda uppi berklahælum, sem ná ekki nærri nógu góðum árangri, vegna þess að vinnuhæli fyrir berklasjúklinga vantar, og það er aðallega af þessum ástæðum, að ég tel verjandi að stíga þetta spor, hvað þetta eina hæli snertir.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar. Ég vona, að málið geti gengið til hv. fjhn., eins og ég lagði til í upphafi, og læt hana svo um að meta þau rök, er hér hafa komið fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 183, 186, 252, n. 418).

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til athugunar og orðið sammála um að leggja til, að frv. verði fellt, með tilliti til þess, að komið hefur fram í hv. Ed. frv. frá hæstv. ríkisstj., þar sem á viðtækari hátt er gengið inn á þetta mál, þannig að ákveðið er í eitt skipti fyrir öll, að skattgreiðendur megi draga frá, áður en skattar eru lagðir á þá, það, sem þeir gefa til líknarstofnana og annarra stofnana, sem eru til alþjóðlegra heilla. N. áleit, að það færi miklu betur á því, að þetta væri tekið í einu lagi, enda þótt hún sé fyllilega á þeirri skoðun, að það fyrirtæki, sem þetta mál ræðir um, eigi að heyra undir þetta. En það kom strax í ljós, að menn vildu gjarna hnýta fleiri líknarstofnanir við þetta, og gæti þá farið svo, að í meðferð þingsins gæti orðið ágreiningur um, hvaða líknarstofnanir ætti að taka með undir þetta. Það fer líka betur á, að það væri ákveðin upphæð, sem skattgreiðendum er heimilt að draga frá tekjum sínum, ef þeir vilja gefa í því skyni, sem hér um ræðir.

Ég tel mig ekki þurfa að fara fleiri orðum um þetta og vona, að flm. láti sér lynda, að málið er afgreitt á þennan hátt, því að það var ekki gert í þeim tilgangi að skaða málið, heldur ætlazt til, að það fyrirtæki, sem hér er um að ræða, geti komið til greina.

**Jóhann Jósefsson:** Herra forseti. Ég er einn af flm. þessa frv. og vildi láta í ljós óánægju mína yfir því, að hv. n. skuli leggja til, að þetta frv. verði fellt. Það er að vísu svo, að eftir að þetta frv. kom fram, var lagt fram frv. frá hæstv. ríkisstj., sem er allvíðtækt og fer fram á það, eins og þm. er kunnugt, að ákveðnar fjárupphæðir, sem lagðar séu fram í líknarskyni, án þess að tillit sé tekið til þess, hvaða stofnanir eiga í hlut eða til líknar á hverju, skuli taldar skattfrjálsar eða þær megi draga frá við skattaframtal, og miðaði hæstv. stj., ef ég man rétt, þessar upphæðir við kr. 10000.

Mér virðist nú, að hv. n. geri of mikið úr því, að þetta frv. er komið fram. Eg býst ekki við, að þetta frv. sé komið lengra en ef það er komið til n., og í öðru lagi er óvíst, hvern framgang það hefur, því að ekki er víst, hvernig þingið lítur á þetta, þó þar sé farið fram á það, sem stj. segir í forsendum málsins eða grg., að sé algengt í ýmsum löndum, að slíkar upphæðir séu dregnar frá skattaframtali.

Í þriðja lagi er hér talað um upphæðir, sem lagðar eru fram í líknarskyni, en eins og ég tók fram við 1. umr. þessa máls, er þessu sérstaklega háttað að því er snertir það frv., sem hér liggur fyrir, um skattfrelsi gjafa til vinnuhælis berklasjúklinga, því að forgöngumenn vinnuhælissjóðs berklasjúklinga eru með því að hjálpa sér sjálfir og um leið að vinna að mikilsverðu fjárhagsatriði fyrir þjóðfélagið, og er þetta mál að því leyti alveg sérstætt. Sú tilhliðrunarsemi, sem farið er fram á í frv., er á þá leið, að þeir, sem vilja gefa gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga, megi draga þær frá skattskyldum tekjum sínum, og er þetta þá í sjálfu sér til þess að létta undir með ríkissjóðnum á komandi árum og til að draga úr þeim óskapa fjárframlögum, sem á honum hvíla, til viðbótar því, sem einstaklingarnir verða að þola af vinnutapi og af tjóni á heilsu sinni. Mér virðist því, að hv. n. hafi ekki tekið þetta mál réttum tökum, þegar hún víkur málinu til hliðar eingöngu á þeim grundvelli, að komið hefur fram í annarri d. þingsins mál, sem aðeins er um framlög til líknarstofnana. Hér er um annars konar mál að ræða, og vildi ég, að hv. þdm. gerðu sér það ljóst. Hér er í rauninni um praktiskt atriði að ræða og fjárhagsatriði. Hér ræðir um að koma upp stofnun í ríkinu, sem geti hjálpað þeim sjúklingum, sem komnir eru svo langt á vegi batans, að þeir geta unnið létta vinnu. Vinnuhælið á að verða síðasta þrepið á leiðinni til batans, millistig, sem þarf að vera til milli berklahælisins og hinna venjulegu, daglegu starfa, sem fæstir sjúklinganna eru færir um að hverfa til, strax og þeir koma af heilsuhælinu. Það er kunnugt, að slíkir menn þola ekki sjóróðra eða erfiða útivinnu né heldur alla verksmiðjuvinnu, sem oft er sérstaklega hættuleg brjóstveiku fólki. Vinnuhælið á að miða verkefni sín og aðbúnað við hið sérstaka ástand þess fólks, sem svona er ástatt um. Þetta atriði hef ég viljað benda á, og ég treysti enn svo mikið á réttdæmi hv. alþm. í þessu efni, að ég er alls ekki vonlaus um, að þetta mál geti haft framgang, þótt hv. fjhn. hafi ekki tekið það réttum tökum. Ég segi þetta ekki til þess að álasa hv. n. fyrir það, að hún hefur litið á málið frá þessu sjónarmiði, en ég held því fram, að annað sjónarmið eigi að taka, sem sé réttara, og það eigi að ráða meira en allt líknarstarfsemistal og megi ekki verða þröskuldur í vegi fyrir þeim framtakssömu mönnum, sem margir eru illa staddir heilsufarslega, en hafa þó ráðizt í það stórvirki að reyna að koma upp vinnuhæli fyrir berklasjúklinga. Ég held, að það megi alls ekki stöðva þetta frv., þótt hæstv. ríkisstj. hafi lagt fram frv., sem almennt talað fer fram á, að fjárhæðir lagðar fram til líknarstarfsemi, hvers konar sem er, skuli vera skattfrjálsar með þeim miklu takmörkunum þó, sem segir í frv. hæstv. ríkisstj. Hér er um svo stórt mál að ræða, að menn mega ekki láta glepjast af því, þótt slíkt frv. komi fram, án þess að ég vilji á nokkurn hátt gera lítið úr frv. hv. stj. Ég held því ekki

heldur fram, að það sé borið fram til þess að stöðva framgang þessa máls, því að hæstv. stj. segir um sitt frv., að hér sé um algilda reglu að ræða hjá öllum siðuðum þjóðum, að framlög í líknarskyni skuli koma til frádráttar. Hér á okkar landi hafa verið stigin svo stór spor til þess að vinna bug á þessari ægilegu veiki, berklaveikinni, svo gifturík spor, með stofnun heilsuhælanna og með fjárframlögum ríkisins til þess að vinna bug á berklaveikinni, að við megum ekki með nokkru móti leggja stein í götu vinnuhælis berklasjúklinga. Læknarnir, sem mest vita um og bezt fylgjast með daglegri líðan sjúklinganna, sem hafa þjálfun í því að ákveða, hvað þeir þola, og þekkja þessa menn vel, sem verða að þola heilsuleysi árum saman, þeir hafa lagt mikla áherzlu á það, eins og segir í fylgiskjölum þessa frv., að þessi liður í berklavörnunum komist á fót, þeta millistig fyrir sjúklingana, frá því að þeir eru ófærir til vinnu, en útskrifaðir af heilsuhælinu og til þess að þeir geta tekið við störfum sínum í þjóðfélaginu. Vinnuhælið er sú hjálparstöð, sem á að setja upp, til þess að þetta geti orðið. Eins og nú hagar til, eru tiltölulega margir af sjúklingunum, sem falla fyrir ofurborð, þegar þeir koma út af hælunum, vegna þess að þeir verða að gefa sig að störfum, sem eru þeim um megn. Gagnvart þessari staðreynd og gagnvart þeirri staðreynd, sem öllum er kunn, milljónaútgjöldunum, sem þessi veiki bakar þjóðinni, og gagnvart hinni þriðju staðreynd, sem ekki er síður kunn, þjáningum sjúklinganna og þeirra nánustu, og gagnvart hinni fjórðu staðreynd, að hér er oft um að ræða kjarnann úr þjóðinni, fólk á bezta aldri, vona ég, að þm. sýni þann skilning viðkomandi vinnuhælinu að veita því þessa litlu skattaívilnun, ekki sízt þar sem hér er um algera undantekningu að ræða, þar sem er baráttan við berklaveikina. Það má minna á margar líknarstofnanir og benda á nauðsyn þeirra, en enga þeirra er hægt að setja við hlið berklavarnanna og þess, sem þjóðin um margra ára skeið hefur lagt á sig til þess að vinna bug á þessum sjúkdómi. Þess vegna er það von mín, að þessi undantekning frá skattalöggjöfinni verði gerð.

Ég er fús til að fallast á það, að þessi ívilnun verði ekki látin gilda nema takmarkaðan tíma, til þess að reynsla fáist, sem sýni það, hvort þær miklu vonir, sem forgöngumenn vinnuhælis berklasjúklinga gera sér um þetta, ef það fæst, muni rætast. Ég er fús til að fallast á, að þessi lagastafur verði takmarkaður við tiltölulega stuttan tíma, til að byrja með t. d. eitt eða tvö ár. Það er nú orðið svo áliðið þings, að ég tel ekki tryggt að fara fram á það við n., að hún taki málið aftur til athugunar frá þessu sjónarmiði, að frv. sé gert tímabundið, því að það mundi verða til þess, að frv. yrði ekki afgreitt á þessu þingi, en ég vildi, eftir að ég hef heyrt á mál manna, fallast á slíka till. og jafnvel flytja hana sjálfur, og þætti mér vænt um að heyra frá n., hvort hún mundi halda fast við að fella frv., ef þessi breyt. yrði gerð. Vona ég, að svo verði ekki.

**Finnur Jónsson:** Ég vil taka undir það með hv. þm. Vestm. (JJós), að mér þykir fjhn. ekki hafa tekið á þessu máli eins og skyldi, þar sem hún gerir ráð fyrir því að vísa því frá, þar eð annað frv. sama eða svipaðs efnis liggi fyrir efri deild, en þó ýtarlegra, og leggur því til, að mál þetta verði leyst í sambandi við það og þetta frv. fellt. Það hefur óefað vakað fyrir flm. þessa frv. að flýta fyrir því, að þeta vinnuhæli yrði reist, og hefur frsm. málsins og aðalflm. fært fyrir því mörg rík rök, svo að ekki er nein þörf að bæta þar við. Annað er það, að við 1. umr. málsins bar ég fram brtt., þar sem svo er ákveðið, að þegar Samband ísl. berklasjúklinga reisir vinnuhæli fyrir berklaveikt fólk, skal ríkissjóður greiða ⅔ stofnkostnaðar, enda samþ. heilbrigðisstjórnin uppdrætti hælisins og fyrirkomulag. Nú hef ég ekki orðið var við, að fjhn. hafi tekið þessa brtt. til athugunar, a. m. k. hefur ekkert komið fram um það í nál., og þykir mér það miklu miður, þar sem ég held, að mikil þörf sé á því, að vinnuhælið verði reist sem fyrst, en þó þannig, að þetta valdi ekki neinum ruglingi á skattalöggjöfinni. Ef nú þessi brtt. yrði samþykkt og jafnhliða afgreitt það frv., sem liggur fyrir í hv. Ed., virðist alveg auðsætt, að það mundi hraða þessu máli og Samband ísl. berklasjúklinga mundi geta ráðizt í þessa byggingu innan mjög skamms tíma. Ástæðan til þess, að ég hef viljað lögfesta, að ríkissjóður legði fram ⅔ kostnaðar, er sú, að gert er ráð fyrir, að helmingur sjúklinganna, sem á vinnuhælinu verða, verði á berklal., og mundi þá ríkissjóði bera að greiða 50% kostnaðar, hvort sem er. Upphæðin, sem sambandið er búið að safna, er um 280 þús. kr., og ef samþ. er, að ríkissjóður leggi fram ⅔, mundi sambandið hafa nú um 840 þús. kr., og ef gengið er að söfnuninni með sama dugnaði og verið hefur af þessu sambandi, mundi þetta flýta fyrir, að hælið yrði reist. Skilst mér, að ef þessi brtt. mín verður samþ., verði náð tilganginum með frv. á þskj. 183 og vel séð fyrir málinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 52. fundi í Nd., 23. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 252 felld með 15:8 atkv.

Brtt. 186 felld með 15:4 atkv.

1. gr. samþ. með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

**já:** SB, SG, STh, SÞ, StJSt, SvbH, ÞG, BÁ, EOl, EystJ, GSv, GTh, BFB, IngJ, JJós, JS, LJós, JörB.

**nei:** PZ, PÞ, PO, SEH, SkG, ÁkJ, ÁÁ, EmJ, JPálm.

SigfS, BG, FJ greiddu ekki atkv.

5 þm. (SK, GÞ, GG, JakM, ÓTh) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svolátandi grein fyrir atkvæði sínu:

**Einar Olgeirsson:** Þó að ég álíti þetta frv. varhugavert, þá álít ég það frv., sem liggur fyrir frá stj., enn varhugaverðara og segi þess vegna frekar já við þessu til 3. umr.

**Eysteinn Jónsson:** Þó að ég sé ekki ánægður með frv., vil ég ekki fella það við þessa umr. og segi því já.

2 gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3 umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 55. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

**Jóhann Jósefsson:** Herra forseti. Þó að ég hafi orðið var við, að í hugum margra hv. þm. er hér um svo mikið nauðsynjamál að ræða fyrir berklavarnirnar í landinu, þá er af öðrum ástæðum mikil fyrirstaða gegn því, að slíkt lagaákvæði fáist fram, sem hér liggur fyrir. Það hefur þess vegna verið talið heppilegt og hyggilegt, að gildi þessara l. yrði ákveðið um stuttan tíma, þ. e., að fyrir fram væri ákveðið, að þau giltu ekki nema stuttan tíma, eins og til að undirstrika það, að hér sé um undantekningu að ræða, sem gerð sé í þessu mikla vandamáli þjóðarinnar. Enn fremur er það, að á þeim stutta tíma, sem um er að ræða, yrði fengin reynsla fyrir því, hvort þetta frv., ef að l. verður, yrði sú lyftistöng fyrir vinnuhæli berklasjúklinga, sem til er ætlazt. Ég hef því leyft mér að skrifa upp og bið um, að borin verði upp til atkv. brtt. við 2. gr. frv., sem takmarki gildi l. þannig, að ákvæði þeirra gildi til ársloka 1944. Orðalag gr. yrði þá þannig: Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1944.

Ég vil vona, að með þessari miklu takmörkun á gildi l. fallist hv. þd. á að láta þetta frv. fara til hv. Ed. Og þrátt fyrir það að menn hafi ýmislegt við það að athuga, að þetta spor sé stigið, þá hygg ég, að þegar þetta er undirstrikað á þennan hátt, að þessi löggjöf skuli gilda aðeins um stuttan tíma, þá megi þess vegna segja, að þessi l. séu sett nokkuð til reynslu á því, hvort þetta verður mikil hjálp til þess að koma vinnuhælinu á stofn. Ég er sannfærður um það, að þetta verður lyftistöng til þess. En vinnuhæli berklasjúklinga er þjóðarnauðsyn. — Vil ég svo leyfa mér að leggja fram þessa skriflegu brtt.

**Forseti (JörB):** Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Vestm. (JJós), sem hann nú hefur lýst. Er hún of seint fram komin og skrifl., og þarf því fyrir henni tvenns konar afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 541) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 541 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19:2 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 58. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 542).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.
ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Ed. ,9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 542, n. 562, 600).

**Frsm. (Brynjólfur Bjarnason):** Fjhn. leggur til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Nd. Þó hefur hv. 3. landsk. áskilið sér rétt til brtt. Ég geri ráð fyrir, að brtt. hans, sem enn er ekki fram komin, verði þá á þá leið að leggja til, að ríkið leggði fram nauðsynlegt fé til þess að koma hælinu upp. N. er öll sammála um, að svo brýna nauðsyn beri til þessa máls, að ekki megi dragast hóti lengur að reisa hælið. Hins vegar get ég sagt fyrir mig og fleiri nm., að við erum ekki hrifnir af þessari aðferð til tekjuöflunar, að gjafir séu undanþegnar skatti með l. Ég hefði fremur kosið, eins og hv. 3. landsk., að hægt væri að fá ríkið til að leggja fram nægilegt fé til framgangs þessa máls. En nú hefur þesi leið verið reynd í Nd., og það sýndi sig, að hún hafði ekki meiri hluta þm. að baki sér. Ég get því aðeins fylgt þessu máli á þeim forsendum, að hér er um baráttu móti bráðri hættu að ræða, sem ekki má láta undir höfuð leggjast.

Ég er í engum vafa um, að ein meginorsök þess, hvað margir veikir sjúklingar koma veikir aftur inn á hælin, er sú aðbúð, sem þeir hafa, eftir að þeir útskrifast af hælunum. Það er aðeins út frá þessari forsendu, sem ég aðeins í þessu einstaka tilfelli get veitt atkv. mitt tekjuöflun eins og þessari, og ég vil leggja áherzlu á, að ekki sé litið á þetta sem fordæmi. Ég geri ráð fyrir, að mér sé óhætt að segja það fyrir hönd n., a. m. k. fyrir hönd margra nm., að þess er óskað, að ekki verði litið á þetta sem fordæmi. En ef einhverjir nm. líta öðru vísi á, þá leiðrétta þeir það. Enn fremur felst í þessu talsverð takmörkun, þar sem þetta skattfrelsi, sem hér er um að ræða, gildir aðeins fyrir eitt ár, eins og frv. kom úr Nd., og þegar sú breyt. hefur verið gerð á frv., horfir málið talsvert öðruvísi við.

Ég þarf svo ekki að hafa um þetta fleiri orð, en legg til, að frv. verði vísað til 3. umr.

**Haraldur Guðmundsson:** Hv. frsm. greindi réttilega frá sérstöðu minni viðvíkjandi þessu frv., og skal ég ekki endurtaka það, sem hann taldi þar til, en aðeins benda á, að ég hef lagt fram brtt. við frv. til fjárl. um framlag til vinnuhælis berklasjúklinga, 600000 kr. Ég geri ráð fyrir, að atkvgr. um þá till. verði lokið, áður en þetta frv. kemur til 3. umr. í þessari d., og mun ég því greiða atkv. um frv. til 3. umr. og sjá svo til, hvernig undirtektir brtt. mín við fjárl. fær. Fari svo, að hún falli, get ég greitt frv. þessu atkv., þó að ég sé í raun og veru andvígur stefnu þess.

**Frsm. (Brynjólfur Bjarnason):** Ég biðst afsökunar. Ég gleymdi að geta þess, að ég flyt brtt. á þskj. 600, en hún er í raun og veru ekki efnisbreyt., heldur aðeins leiðrétting. Þessi breyt.

er á þá leið, að aftan við 1. gr. frv. bætist „eða sveitar". Það stendur í frv., að draga megi gjafir til vinnuhælisins frá skatti til ríkis og bæjar, en láðist að bæta við „til sveitar". Hefði verið nægilegt að segja „til bæjar- og sveitarfélaga".

Hér er áreiðanlega ekki um efnisbreyt. að ræða, því að frv. er þannig hugsað, að þessar gjafir megi draga frá skattskyldum tekjum til ríkis og sveitarfélaga yfirleitt. Það hefði ef til vill mátt leiðrétta þetta, án þess að frv. þyrfti að fara til Nd. aftur, því að ég lít svo á, að þetta sé aðeins leiðrétting. Ég veit ekki, hvort hæstv. forseti treystir sér til þess, en ef svo væri, þá er ekki þörf að láta brtt. mína koma til atkv. Ég hef borið brtt. fram til vara, ef hæstv. forseti skyldi líta svo á, að þörf sé á að greiða atkv. um þetta atriði.

**Forseti (StgrA):** Mundi hv. flm. ekki vera fáanlegur til að taka till. sína aftur til 3. umr.? (**BrB:** Jú, það er hægt).

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 542, 600).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 600,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 600,2 (við fyrirsögn bætist: eða sveitar) samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv. og endursent Nd.

---

Á 41. fundi í Sþ., 13. des., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 645).

Á 63. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 647).

—o—

## 54. Hlutatryggingafélög.

Á 42. fundi í Nd., 8. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um hlutatryggingafélög** (þmfrv., A. 341).

Á 43. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Frsm. (Sigurður Kristjánsson):** Herra forseti. Þetta er að sönnu gamalt mál hér í hv. d., en þarf þó skýringa við, vegna þess að það er hér í nokkuð öðru formi en það hefur áður verið flutt. Ég skal ekki fara langt út í forsögu málsins, en aðeins geta þess, sem reyndar er tekið fram í grg. frv. á þskj. 341, að mál þetta hefur verið flutt fjórum sinnum áður hér í hv. Nd., fyrst 1939, á næsta þingi fyrir stríðið, síðan árið 1940 og árið 1942 og svo síðast á þingi árið 1943. Örlög frv. hafa orðið þau á þessum undan förnu þingum, að það komst, að mig minnir, í tvö fyrstu skiptin til hv. Ed. og dagaði þar uppi. Á þinginu 1940 vísaði þessi hv. d. málinu til ríkisstj., og svo var beðið eftir aðgerðum hennar árið 1941, en það kom ekkert frá hæstv. ríkisstj. þá um þetta mál, svo að fyrri flm. tóku frv. aftur upp á fyrra þinginu, sem háð var á þessu ári, og þá komst það enn ágreiningslítið til hv. Ed. og var þá vísað til aðgerða ríkisstj.

Nú þarf ekki að taka það fram, að áður en frv. var flutt fyrst og á þessu tímabili síðan hafa farið fram umr. og verið gerðar samþykktir og áskoranir um þetta mál. Frv. var flutt fyrir áskoranir ýmissa samtaka útgerðarmanna og sjómanna og líka fyrir tilmæli og bendingar margra einstaklinga. En það, sem lá til grundvallar fyrir þessu, var auðvitað það, að vegna aflaskorts og verðfalls á sjávarafurðum urðu hlutir sjómanna sífellt lægri og lægri. Og þeir, sem sjó stunduðu, sáu sér ekki fært að ráða sig í skiprúm, nema þeim væru tryggðar einhverjar lágmarkstekjur. En þá var svo komið fyrir útgerðinni, að þó að hún vildi gera þetta og gerði það að nafninu til, þá var engin trygging í því, vegna þess að útgerðin gat því aðeins staðið við tryggingarnar, að annaðhvort aflaðist vel eða þá að lánardrottnar aðstoðuðu til þess. Nú þótti það þess vegna nauðsynlegt, að til væri einhver sjóður, sem hægt væri að taka til í sérstökum aflaleysis- eða verðfallsárum, svo að ekki þyrfti að koma til þess ágreinings milli útgerðarmanna og sjómanna, að útgerðin stöðvaðist að meira eða minna leyti, auk þess sem það er alveg nauðsynlegt fyrir fólkið, sem að þessu vinnur, að það sé ekki í algerri óvissu um það, hver árangur þess verði af vinnu sinni eftir vertíð ársins.

En á meðan á þessum barningi hefur staðið hér í þinginu, hafa auðvitað farið fram mjög miklar umr. um þetta mál utan þings, og við þær hefur það komið æ betur í ljós, að þeir menn, sem bezt til þekkja, álíta, að það þurfi einhverjar tryggingar að vera til gegn aflaleysis- og tekjurýrðarárum vegna verðfalls.

Nú fór þetta svo um frv. í þessi fjögur skipti sem ég hef greint. Og ég sem upphaflega flm. þess hlýt að harma það, að útgerðin hefur misst í þessu tilliti tekjuhæstu ár, sem komið hafa yfir sjávarútveginn og sennilega tekjuhæstu ár, sem koma yfir hann í okkar tíð. Útgerðin hefur tapað þessum árum til þess að koma upp þessum tryggingum, sem eiga að verða til gagns og öryggis á komandi tímum. En það þýðir ekki að sakast um orðinn hlut, og sízt getum við í þessari hv. d. mikið að þessu gert, því að aðallega hefur staðið á hv. Ed. um afgreiðslu þessa máls. Nú, þegar málinu var vísað frá umr. í hv. Ed. á síðasta þingi, þá var svo fyrir mælt, að það væru gerðar ráðstafanir til þess, að ríkisstj. léti væntanlega mþn. í sjávarútvegsmálum afla allra nauð-

synlegra upplýsinga snertandi þetta mál og að þeim fengnum undirbyggi frv. um jöfnunarsjóð aflahluta. Nú sendi Alþ. mþn. í sjávarútvegsmálum mál þetta til meðferðar, — og það er kannske sá formgalli á því, að í sjálfu sér hefði átt að senda hæstv. ríkisstj. málið fyrst og hún svo mþn. En það ætti að koma í sama stað niður. En mþn. reyndi að afla sér upplýsinga um málið. Hún sendi mörgum mönnum og félagasamtökum útgerðarinnar beiðnir um umsögn um málið, og einnig reyndi hún að afla annarra gagna, sem kvartað hafði verið undan að væru ekki fyrir hendi, svo sem það að reikna út, hver útgjöld ríkissjóðs mundu verða af þessum tryggingum miðað við þá reynslu, sem fyrri ár hafa gefið um verðmæti afla. Það bárust nokkrar umsagnir um þetta til mþn. En annars voru þær umsagnir mjög margar og miklu fleiri, sem áður höfðu komið til hæstv. Alþ. og flm. frv. í formi áskoranna um að flytja og samþ. frv. um þetta efni. En allt hefur þetta hnigið í þá átt, að allir, sem um þetta hafa fjallað, hafa álitið, að setja ætti löggjöf til þess að tryggja aflahluti. — Að þessum upplýsingum fengnum reyndi mþn. í sjávarútvegsmálum að gera sér grein fyrir, eftir hvaða leiðum væri líklegast að koma þessu máli gegnum Alþ., því að mótstaðan gegn þessu máli virðist einungis hafa verið í þinginu. Og nm. sáu strax, að það, sem aðallega, — a. m. k. að því er séð varð, — hafði orðið málinu að fótakefli áður, var ágreiningur um það ákvæði, hvort þessar tryggingar ættu að vera frjálsar og styðjast við heimildarl. eða þær skyldu vera lögboðnar sem skyldutryggingar. Og með því að mþn. leit svo á, að vonlaust væri að koma málinu gegnum þingið, nema látið yrði undan þeim mönnum, sem vildu ekki aðhyllast lögboðnar tryggingar í þessum efnum, þá hneig n. að því ráði að semja frv. þannig að breyta því í það form, að tryggingarnar séu ekki lögboðnar, heldur séu sett um þær heimildarlög. En mþn. réð af að breyta þessu svo að hafa ekki skyldutrygging. Ef menn sjá hag sinn í að koma upp tryggingum eftir þeim reglum, sem hér eru tilgreindar, hljóta tryggingarnar brátt að verða almennar, og má þá breyta þeim í skyldutryggingar. Ég held mér sé óhætt að fullyrða, að flestir í n. hafi haft trú á þeirri framtíðarniðurstöðu, þótt réttara þætti í bili að afgreiða frv. í því formi, sem það hefur. Samþykkt frv. er leið til að fá úr því skorið, hverja framtíð þessar tryggingar eiga. Ef reynslan sýnir, að frjálsu samtökin duga ekki, getur það verið ástæða til að setja skyldutrygging í staðinn. Samkv. frv. á ekki að verða einn tryggingasjóður fyrir allt landið, heldur sjóður í hverjum hreppi eða kaupstað, þar sem samtökin myndast, og er þetta breytt frá því, sem fyrst var í frv. Í sjóðina skulu renna 0,7% af óskiptum afla eða meira samkv. félagssamþykkt. Ríkissjóður leggur á móti sem svarar 0,7% af verði óskipts afla, en aldrei meira. N. lét rannsaka, hver útgjöld ríkisins mundu hafa orðið af þessu þrjú næstu árin fyrir styrjöldina og enn fremur aflahæsta styrjaldarárið, 1942. Fiskifélagið gerði þetta og hefur farið allnákvæmlega í útreikningana. Útkoman er þessi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Árið | 1936 ..... | kr. | 79765,00 |
| — | 1937 ..... | — | 112070,00 |
| — | 1938 ..... | — | 116494,00 |
| — | 1942 ..... | — | 577465,00 |

Fyrsta frv. fylgdi nokkur rannsókn á því, hvaða ríkisútgjöld mundu stafa af samþ. þess, eins og það var þá úr garði gert. Rannsóknina gerði Fiskifélagið og flm., sem var ég. Árið 1938 taldist okkur, að útgjöldin hefðu orðið um 140 þús. kr. eða 23½ þús. hærri en nú er reiknað. Þetta kemur af því, að þá var reiknað með 1% af óskiptum afla og jafnháu ríkisframlagi.

Þegar málið var rætt síðast, létu þm. í Ed. þau orð falla, að ríkissjóður risi ekki undir þeim útgjöldum, sem af þessu gæti leitt, þau mundu skipta svo mörgum milljónum á ári. Hið sanna er, að aflahæsta árið hefðu þau orðið rúm hálf milljón, og ætla ég, að þetta sýni, hvílíkar fjarstæður þótti þurfa að bera fram gegn frv., en við afgreiðslu fjárl. hefur ekki ætíð sézt, að mönnum yxi mjög í augum hálf milljón. Ég veit af reynslu, að þetta mál fær góðar undirtektir hér í d. Þar sem það hefur verið rætt af sjútvn. d., ætla ég, að ekki þurfi að vísa því til n., og óska ég, að því verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 45. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 46. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 48. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

**Skúli Guðmundsson:** Ég vil vekja athygli á því í sambandi við þetta frv., að í l. frá 1940, um hlutarútgerðarfélög, er ein gr. um tryggingasjóði, sem þessi félög eiga að stofna, og eiga þeir sjóðir að hafa sama hlutverk og hlutatryggingasjóðunum er ætlað í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Það er ákveðið í þeim l., að leggja skuli í þessa hlutatryggingasjóði ákveðið gjald, sem miðast við afla, og móti gjaldi frá bæjar- eða sveitafélögum. Nú liggur í hlutarins eðli, ef stofnuð eru hlutatryggingafélög, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, á stað, þar sem hlutarútgerðarfélag er starfandi, að óþarfi er að hafa slíka sérstaka sjóði, þar sem félagsmenn í því félagi mundu vera í hlutatryggingafélaginu. Ég hef því ásamt hv. 7. þm. Reykv. (SK) gert brtt., sem við leyfum okkur að leggja fram skrifl., því að þetta er síðasta umr. málsins í þessari d., og viljum við óska þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir þessari till. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Við 5. gr. bætist við ný málsgr., svo hljóðandi: Nú er hlutatryggingafé-

lag og hlutarútgerðarfélag starfandi í sömu verstöð, og falla þá niður gjöld í tryggingasjóð hlutarútgerðarfélagsins samkv. 7. gr. l. nr. 45 12. febrúar 1940.“ — Ég skal geta þess, að sams konar ákvæði mun hafa verið sett í frv. um jöfnunarsjóði aflahluta, þegar það var áður afgreitt hér í Nd. Þó að þessi brtt. verði samþ., mun hún ekki raska efni frv., eins og allir sjá, og dregur ekkert úr tryggingunum, en hún er aðeins nauðsynleg, til þess að þeir, sem hlut eiga að máli, þurfi ekki samtímis að greiða í tvo hlutatryggingarsjóði. — Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta, en leyfi mér að afhenda hæstv. forseta þessa till. okkar.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 445) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 445 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 51. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 446).
Á 52. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 59. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 446, n. 532).

**Frsm. (Ingvar Pálmason)**: Frv. sama efnis hefur legið fyrir undanförnum þingum og ýmist dagað uppi eða verið vísað frá með rökstuddri dagskrá, svo sem varð á s. l. þingi. Í þeirri dagskrá var þess óskað, að ríkisstj. léti mþn., sem búið var að ákveða að skipa í sjávarútvegsmálum, undirbúa málið betur og leggja frv. um það fyrir Alþingi, og er þetta frv. ávöxtur þess. Með því er ráðgert, að stofnuð verði félög, sem bindist samtökum um það að leggja vissan hluta af brúttóverði afla þeirra skipa og báta, sem stunda fiskveiðar með hlutaráðningu, en ríkissjóður leggi samtökunum fé á móti, og verði öllu fénu varið til hlutatrygginga. Hingað til hefur verið gert ráð fyrir að hafa þetta skyldutryggingu, og hefur deilan staðið um, hvort það væri rétt eða tryggingarnar ættu að vera frjálsar. Þessi þd. hefur hallazt að hinu síðara, og þeirri skoðun hefur mþn. fylgt. Hún byggir tillögur sínar á svörum, sem hún hefur aflað sér frá útgerðarmönnum og sjómönnum á mörgum stöðum, og hafa þeir yfirleitt ekki fallizt á skyldutrygging, þótt þeir væru að öðru leyti málinu hlynntir. Sjútvn. leggur eindregið til að samþ. frv. í því formi, sem það hefur fengið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 61. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.

**Frsm. (Ingvar Pálmason)**: Herra forseti. Við athugun á þessu frv. hefur sjútvn. þessarar hv. d. komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að gera nokkra breyt. á einni gr. í frv. Hefur n. að vísu haldið um þetta fund, og hef ég átt tal við nokkra af nm. í sjútvn. hv. Nd., en ekki alla þá n., um þetta atriði, hvort ekki mundi rétt að breyta einni gr. í frv. nokkuð að orðalagi, og hafa þeir hv. sjútvnmenn Nd., sem ég hef talað við um þetta, fallizt á, að það mundi vera rétt. En þar sem sjútvn. þessarar hv. d. er ekki alveg við því búin að bera fram brtt. um þetta atriði nú þegar, vil ég fyrir hönd n. fara fram á það við hæstv. forseta, að hann góðfúslega taki málið af dagskrá að þessu sinni. Sjútvn. mun skila þessari brtt. í prent í kvöld, svo að þess vegna mun verða hægt að taka málið fyrir á morgun, ef hæstv. forseti hefur ekki á móti því.

**Forseti (StgrA)**: Ég mun verða við þeirri ósk hv. sjútvn. að taka málið af dagskrá að þessu sinni. Er umr. um málið þá hér með frestað og það tekið af dagskrá.

Á 62. fundi í Ed., 9. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 63. fundi í Ed., 10. des., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 446, 589).

**Frsm. (Ingvar Pálmason)**: Herra forseti. Ég mæltist til þess, þegar þetta mál var á dagskrá síðast, að það yrði þá tekið af dagskrá, vegna þess að við athugun milli 2. og 3. umr. komst sjútvn. að þeirri niðurstöðu, að breyta þyrfti að nokkru 5. gr. frv., og er brtt. á þskj. 589 borin fram í því skyni. Með henni er ekki raskað neitt efni frv., en sjútvn. leit svo á, að ákvæði þessarar gr. væri það óskýr, að þau gætu auðveldlega valdið misskilningi, og telur n., að með brtt. á þskj. 589 hafi náðst nauðsynleg lagfæring.
Ég vil geta þess, að áður en brtt. var borin fram, var hún borin undir þrjá af sjútvnm. Nd., sem einnig eiga sæti í mþn., sem samdi frv. upphaflega, og þeir eru brtt. samþykkir, og einn taldi hana alveg nauðsynlega, og skal ég geta þess, að hann á nokkurn þátt í henni eins og hún nú er. Það er alveg ljóst, að þessi brtt. stofnar frv. ekki í neina hættu, og tel ég því rétt að samþ. hana, því að ég held, að hún valdi ekki ósamkomulagi.
Ég læt svo útrætt um þessa brtt., hún er svo skýr, að ég held, að öllum ætti að vera það ljóst, að orðalagið er ótvíræðara í brtt. en í gr. eins og hún er nú.

ATKVGR.
Brtt. 589 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 62. fundi í Nd., 11. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 635).

Á 63. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 648).

——o——

## 55. Lestrarfélög og kennslukvikmyndir.

Á 28. fundi í Nd., 7. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir, og l. nr. 75 1942, um breyt. á þeim l.** (þmfrv., A. 139).

Á 30. fundi í Nd., 11. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 24 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Páll Þorsteinsson):** Herra forseti. Árið 1937 voru fyrst samþ. l. um lestrarfélög og kennslukvikmyndir o. fl., sem ákváðu, að lestrarfélög í sveit og bókasöfn í kauptúnum skyldu njóta nokkurs styrks. Samkvæmt þeim l., eru þær litlu tekjur, sem renna til félaganna og þau hafa til þess að reka starfsemi sína og til bókakaupa, í fyrsta lagi nokkur hluti álags á skemmtanaskatt, sem lagt er á með þeim l., í öðru lagi styrkur frá viðkomandi hrepps- eða sýslufélagi og í þriðja lagi félagsmannagjöld. Samkv. þeim l., sem ég nefndi, er stofnaður styrktarsjóður lestrarfélaga, sem myndast með því, að lagður er á 15% skemmtanaskattur, og því fé, sem inn kemur við það, varið að tveim þriðju hlutum til styrktar bókakaupa þessara félaga.

Það hefur komið í ljós við framkvæmd þessara l. á undanförnum árum, að það fé, sem fæst þannig í styrktarsjóðinn, nemur lægri upphæð, og styrkur sá, sem hvert félag getur fengið úr sjóðnum, nemur því að meðaltali mjög litlu fé.

Ég flyt því á þskj. 139 ásamt hv. þm. V.-Sk. frv. til l. um breyt. á þessum l., og eftir till. frv. er meginbreyt. sú, að hækka skuli álagið á skemmtanaskattinn upp í 30%, og fyrirmælin um styrkúthlutun til einstakra félaga eru í frv. í samræmi við þær auknu tekjur, sem til styrktarsjóðanna mundu falla samkvæmt því. Verðlag á bókum eins og öðru í landinu hefur gerbreytzt, frá því er stríðið hófst. Á hinn bóginn liggur það ljóst fyrir, að það er nauðsynlegt að hlynna að því, að fólkið úti um byggðir landsins geti átt aðgang að allfjölbreyttum bókakosti, svo að það geti fengið yfirlit yfir það bezta, sem gefið er út á hverju ári hér á landi. Þetta er svo augljóst mál, að ég tel ástæðulaust, a. m. k. á þessu stigi málsins, að fara um þetta fleiri orðum, en vil leyfa mér að mælast til þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og menntmn.



ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til menntmn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 42. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 139, n. 321).

**Frsm. (Páll Þorsteinsson):** Menntmn. hefur athugað frv. það, sem hér liggur fyrir, og kynnt sér þær ástæður, sem fram eru bornar fyrir flutningi þess. N. er öll sammála um það, að frv. eigi rétt á sér og sjálfsagt sé að reyna að ná því marki, sem frv. stefnir að. Hins vegar voru nm. ekki sammála um það, hvaða leið ætti að fara til að ná markinu. Meiri hl. n. vildi ekki fallast á að hækka álagið á skemmtanaskattinn, heldur leggja fram úr ríkissjóði nokkra upphæð í þessu skyni. Á hinn bóginn varð samkomulag um það að halda álaginu á skemmtanaskattinn eins og verið hefur undanfarin ár. Þetta var ákveðið með brtt. við 1. gr., þ. e. að ríkissjóður greiði viðbótarframlag, sem renni beint í styrktarsjóð lestrarfélaga. 2.—3. brtt. á þskj. 321 eru aðeins smávægilegar leiðréttingar, sem n. stendur öll að. Einn nm., hv. 8. þm. Reykv., áskildi sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., er fram kynnu að koma við frv., einkum við 1. gr. Skrifar hann því undir nál. með fyrirvara.

ATKVGR.

Brtt. 321,1, (ný 1. gr.) samþ. með 16:2 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 321,2 samþ. án atkvgr.

4. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 321,3 (ný 5. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 43. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 364).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19. shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 45. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 47. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 57., 58., 59., 60., 61. og 62. fundi í Ed., 29. og 30. nóv., 2., 3., 6. og 9. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Ed., 10 des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 364, n. 511).

**Frsm. (Kristinn Andrésson):** Á þskj. 139 hafa tveir hv. þm. í Nd. borið fram frv., þar sem farið er fram á það, að framlag til lestrarfélaga hækki um helming, og nemur það nokkuð hárri upphæð. Það er farið fram á að innheimta skemmtanaskattinn með 30% álagi. Menntmn. Nd. hefur gert þá breyt. á frv., að í stað þess að hækka skemmtanaskattinn um helming komi framlag úr ríkissjóði, 50 þús. kr., og þannig breytt komi frv. til þessarar hv. d. Menntmn. Ed. hefur athugað þetta frv. og fallizt á það með þeirri breyt., sem gerð var af menntmn. Nd. Að vísu var einn nm. ekki viðstaddur, þegar málið var afgr., en ég geri ráð fyrir, að hann muni vera sammála okkur, þar sem hann hefur ekki gert neina aths. síðan. Við mælum því með, að frv. verði samþ., eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 65. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 66. fundi í Ed., 15. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 661).

—o—

## 56. Ættaróðal og erfðaábúð.

Á 28. fundi í Nd., 7. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um ættaróðal og erfðaábúð** (þmfrv., A. 120).

Á 30. fundi í Nd., 11. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 25 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 120, n. 268).

**Frsm. (Jón Sigurðsson):** Ég kann ekki við annað en láta nokkur orð fylgja þessu frv. Það atvikaðist svo, að ég þurfti að vera fjarverandi við 1. umr. þess, svo að ég má nú til með að drepa á ýmislegt því viðkomandi.

Þetta frv. er um breyt. á l. um ættaróðal og erfðaábúð. Ástæðurnar til þess, að þau l. voru samþ. á sínum tíma, voru þær, að smátt og smátt kom í ljós, eftir því sem jarðir urðu dýrari en áður, að ungum mönnum varð ofurefli að taka við þeim. Þeir gátu ekki innleyst jarðirnar, og það varð oft því valdandi, að menn hrökkluðust af föðurleifð sinni. Stundum lentu svo jarðir þessar í braski, voru keyptar háu verði, sem leiddi svo til þess, að þeir, sem keyptu, rúðu síðan jarðirnar að verðmætum. Aðrir keyptu jarðir sínar háu verði sjálfir, og afleiðingin varð sú, að skuldirnar urðu þeim fjötur um fót alla ævi. Þetta ástand, er þannig skapaðist á seinni árum, olli því, að menn fóru að athuga, hvað hægt væri að gera til úrbóta.

Tilgangur óðalsréttarl. var sá að girða fyrir sífelld kaup og sölur á jörðunum, og hefðu þó ábúendurnir full umráð yfir þeim eins og eigin eign. Síðan þessi l. voru sett, hafa allmargar jarðir verið gerðar að ættaróðulum. Með þeirri ráðstöfun hefur verið unnið margt í senn að hyggju okkar flm. Það hefur verið komið í veg fyrir brask og óeðlilega hátt jarðaverð, fjármagn hefur verið bundið í sveitunum og síðast, en ekki sízt hafa þau bönd, sem binda bóndann við jörð sína, verið gerð tryggari.

Með l. um erfðaábúð var leiguliðum gefinn kostur á að tryggja niðjum sínum umráðarétt yfir jörðinni með óbreytilegu eftirgjaldi. Jafnframt var bændum með erfðaábúð heimilað að fá jarðirnar keyptar. Með þessu móti var versti ókostur leiguliðaábúðarinnar burtu fallinn.

Nú, þetta er þá saga málsins, ef svo mætti segja.

Búnaðarþing 1942 tók þetta mál til meðferðar vegna tilmæla og óska um breyt. á þesum l., og það samþ. áskorun til stjórnar Búnaðarfélags Íslands um að endurskoða þau. Stjórn búnaðarfélagsins fól síðan okkur Jóni Hannessyni í Deildartungu að framkvæma þessa endurskoðun. Við lögðum svo tillögur okkar fyrir síðasta búnaðarþing, er samþ. þær með 24, eða öllum atkv. Mál þetta hefur því fengið góðan undirbúning, betri en mörg önnur frv., sem lögð hafa verið fyrir Alþ.

Helztu breyt., sem endurskoðunarnefndin og búnaðarþing gerðu á l., voru: Í fyrsta lagi, að ákvæðin um óðalsrétt og erfðaábúð voru aðgreind, svo að þeim yrði ekki ruglað saman, sem brunnið hafði við. Í öðru lagi er fyrirhuguð breyt. á greiðslu fyrsta viðtakanda jarðarinnar. Í stað þess að hann greiði 3% árlega í 25 ár af fasteignamatsverði jarðarinnar til samarfa sinna, þ. e. af þeirra hlut í fasteigninni, ef hún hefði komið til skipta, er samkvæmt frv. gert ráð fyrir, að hann svari út vissri upphæð, og er það gert til hægðarauka fyrir erfingjana. Þá er í frv. lagt til, að ekki þurfi að greiða erfðafjárskatt af ættaróðali né fylgifé þess, þar sem um er að ræða ættareignir, en ekki einkaeignir, og umráðarétturinn því minni yfir eigninni. Af sömu ástæðu er lagt til, að opinberir styrkir til ættaróðala skuli ekki færast sem fylgifé jarðanna, heldur vera eign óðalsins. Enn fremur er það gert að skilyrði fyrir skiptingu óðalanna í eitt eða fleiri býli, að umbætur hafi farið fram á þeim, svo að búið sé jafnan í haginn fyrir framtíðina.

Þá er kafli um ættarjarðir, sem er algert nýmæli. Hann er einkum saminn með tvennt

fyrir augum. Það er í fyrsta lagi reynt að mæta óskum ættmenna um forkaupsrétt að jörðum, sem lengi hafa verið í sömu ættinni. Þetta er ein óskin, sem lá fyrir búnaðarþinginu. Sala á þessum jörðum til vandalausra hefur oft valdið ágreiningi. Nú er lagt til, að sá, sem eignarhald hefur á slíkri jörð, skuli bjóða hana ættmennum sínum fyrir fasteignamatsverð. Í öðru lagi eru arfaskipti heimiluð með sérstökum gerningi, ef mönnum þykja ákvæði óðalsréttarlaganna of bindandi, þannig að þeim er heimilað að gera jarðir sínar að ættarjörðum.

Viðvíkjandi þeim kafla frv., sem fjallar um erfðaábúð, hefur n. rýmkað um lántökuheimild fyrir leiguliða, sem þurfa að byggja á jörðum sínum. Enn fremur er sú breyt., að nokkur hluti leiguliðabótar er skoðaður sem tryggingarfé, eða sá hluti hennar, sem greiddur er af slíkum lánum, og fái leiguliði þetta fé útborgað, þegar lánið er að fullu greitt.

Að síðustu eru svo sett nokkru ýtarlegri ákvæði um skilyrði fyrir sölu þjóð- og kirkjujarða.

Landbn. hefur nú athugað þetta frv. rækilega og er því fylgjandi með lítils háttar breyt.

Fyrsta breyt. er aðeins leiðréttíng á hortitti í orðalagi.

Þá er breyt. á 29. gr. um að fella niður þá skuldbindingu um það, að gera þurfi ættarjörð, sem komið hefur til sölu, að ættaróðali kaupanda. N. þótti ekki ástæða til að hafa þetta svo bindandi, heldur sé það á valdi hins nýja eiganda, eins og er um aðrar jarðir í sjálfsábúð. Því er lagt til, að þessi málsliður falli burtu.

Þá er breyt. á 30. gr., sem er aðeins til skýrara orðalags til þess að koma í veg fyrir misskilning. Sama er að segja um 4. brtt., það er aðeins orðalagsbreyt.

Þá er 5. og síðasta brtt. um það, að jarðir, sem verið hafa í eigu hins opinbera og verið gerðar að ættaróðulum, skuli heimilar ríkissjóði með forkaupsrétti fyrir fasteignamatsverð, ef ættin vill ekki notfæra sér þær og þær komast undir hamarinn.

Landbn. er samþ. þessum breyt., en einn nm. hefur þó undirskrifað nál. með fyrirvara.

**Sigurður Guðnason:** Þetta frv. er að vísu vel undirbúið af búnaðarfélaginu og n. En ég get ekki látið hjá líða að gera nokkrar athugasemdir við það, af því að ég er á móti þeirri stefnu, sem í því felst, um ættaróðul og sölu þjóðjarða. Ef koma á í veg fyrir jarðabraskið, sem öllum er til tjóns, þá má benda á, að uppi hafa verið fjölmargar raddir um, að ríkið sjálft eignaðist sem mest af jörðunum, og er ég fylgjandi þeirri stefnu. En þá hafa aðrir, sem gátu ekki fellt sig við, að ríkið eignaðist jarðirnar, fundið upp á því að gera þær að ættaróðulum. En mér finnst, ef þetta á að verða til þess að halda ættinni við jörðina, að hér sé um misheppnaða tilraun að ræða, því að raunverulega er verið að taka erfðaréttinn af sumum afkvæmunum, áður en þau fæðast. Það er oft svo með foreldra, sem eiga mörg börn, að börnin létta undir með þeim, þegar þau vaxa upp. En ég er mjög í efa um, að þau mundu eins vinna heimilinu, ef eitt systkinanna aðeins ætti að taka við því. Ég er næstum sannfærður um, að þetta yrði þvert á móti til að losa börnin frá heimilinu og fækka fólkinu í sveitunum. Ég er því á móti þessu.

Þá er óðalsbóndi ekki skilyrðislaust skuldbundinn til að sjá fyrir fyrrverandi óðalsbónda og konu hans, þótt þau þurfi þess með. Hefur hann leyfi til að biðja sveitina aðstoðar eða koma foreldrum sínum eða fyrirrennurum á framfæri hinna barnanna, sem ekkert hafa erft. Ekki þarf hann að hafa fyrirgert óðalsrétti sínum af þessum sökum, en það hefur hann gert, ef hann eyðir fylgifé jarðarinnar. Þetta kalla ég ranglátt.

Miðköflum frv. er ég svo sammála, unz kemur að kaflanum um ættarjarðir. Þær er skyldugt að bjóða ættingjunum fyrir fasteignamatsverð, ef á að selja þær. En samkvæmt 2. brtt. landbn. hefur það nú verið dregið út úr frv., að skyldugt skuli að gera þessar jarðir að ættaróðulum kaupendanna. Þannig skapast sá möguleiki, að maður geti selt hæstbjóðanda þá jörð, sem hann hefur sjálfur fengið með fasteignamatsverði.

Þá er síðasti kafli frv. Ég er algerlega á móti því, að jarðirnar séu seldar með þeim hætti, að maður, sem er búinn að búa í 5 ár á þjóð- eða kirkjujörð, geti fengið ábýlisjörð sína keypta með því að gera hana að ættaróðali. En ef hann ætlar að gera sína eigin jörð að ættaróðali, sem hann er búinn að eiga lengi, þá þarf jörðin að hafa verið í 100 ár í eigu eða ábúð hans og ættingja hans.

Ég er algerlega á móti sölu þjóðjarða.

Svo er eitt, sem kemur þarna fram og sýnir mismun nokkurn á högum manna, eftir því, á hvaða tímum er. Í l. er nú, að viðtakanda beri að greiða til samarfa sinna í allt að 25 ár 3% af fasteignamatsverði jarðarinnar, en hér er í 5. gr. frv. lagt til, að óðalserfingi greiði fráfaranda eða búi hans helming af þáverandi fasteignamatsverði jarðarinnar. Að þetta á allt að greiða strax, sýnir, að það er skoðun manna, að afkoma bænda sé betri nú en hún hefur áður verið.

Eins og ég hef tekið fram, er ég á móti því að selja þjóðjarðir og þá sérstaklega á móti því að láta þá, sem kaupa þjóðjarðirnar, fá betri kjör en þegar keypt er af einstaklingum. Stefnan hefur fremur verið sú, að ríkið keypti jarðirnar af einstaklingum, og get ég ekki betur séð en það hljóti að vera brot á þeim trúnaði, sem hv. þm. er sýndur, ef þeir breyta svo um stefnu, að þeir geri mönnum auðveldara að kaupa jarðir af ríkinu en einstaklingum, og ef þeir ætla að verja þannig ríkiseignum á annan veg en stjórnarskráin viðurkennir.

Að endingu vil ég segja það, að ég hef ekki gert brtt. við þetta frv., en ég mun greiða atkv. móti síðari kafla þess, um erfðaréttinn.

**Emil Jónsson:** Herra forseti. Höfuðuppistaðan í viðleitninni með þessu frv. miðar að því að tryggja það, að hver einstakur ættliður, sem á jörð og býr í sveit, þurfi ekki að kaupa hana út að nýju, þegar hann tekur þar við búi. Þetta er viðleitni, sem ég tel mjög heilbrigða og allrar virðingar verða. Og eitt af því allra nauðsynlegasta fyrir sveitabúskapinn í landinu er, að ráðstafanir verði gerðar, sem tryggi þetta á ein-

hvern hátt. Ég vil leggja þetta atriði að líku við það, að bændur fái að mestu véltækt land og möguleika til þess að nota sem mest vélavinnu á búum sínum. Það, að hver ættliður þurfi ekki að borga út jarðirnar, og hitt, að bændur geti notað sem mest vélar á búum sínum, mundi geta sparað bændum mikil útgjöld árlega og létt af þeim tveim þyngstu förgunum, sem íslenzkur sveitabúskapur hefur stunið undir. Ef þessu tvennu væri kippt í lag, hygg ég, að íslenzkur landbúnaður mundi vera miklu betur settur en hann hefur nokkru sinni áður verið. Þessum árangri er reynt með frv. að ná með ýmsu móti. Þar eru farnar ýmsar leiðir, sem allar stefna að sama marki, mismunandi þó. Fyrsta leiðin er óðalsaðferðin, að gera allar jarðir að ættaróðulum, sem tryggir, að sá, sem við jörð tekur, þurfi ekki að svara neinum gjöldum af þeim arfahlut, sem hann tekur við. Önnur leiðin eru ákvæðin um ættaróðal, í þriðja lagi með erfðaábúð, og í fjórða lagi er snert við því atriði, að ríkissjóður eigi jarðir og leigi þær síðan.

Ég skal ekki neita því, að ég var upphaflega nokkuð tortrygginn gagnvart óðalsaðferðinni, og mér flaug í hug, að hér væri að myndast nokkurs konar yfirstétt í bændahópi, sem hefði forréttindi fram yfir aðra, og má vera, að svo sé að nokkru leyti. Þó eru í frv. ýmis ákvæði, sem tryggja, að þetta verði ekki nema a. m. k. að mjög litlu leyti til skaða. Í frv. er t. d. slíkt tryggingarákvæði, sem ákveður, að óðal megi ekki vera stærra en svo, að það verði að mestu fullnytjað af ábúanda, og er á þann hátt komizt fram hjá því, að þessir menn hafi of stór lönd undir og verði nokkurs konar gósseigendur, en það munu hafa verið aðalrökin á móti frv., þegar málið kom fyrst fram, að ákvæði þess frv. gætu jafnvel miðað að því, að menn yrðu slíkir gósseigendur. En ég tel, að með takmörkunum þeim, sem í frv. eru, sé að mestu leyti girt fyrir þessa hættu.

• Ég skal ekki fara langt út í að ræða um málið, það hefur verið reifað ýtarlega af hv. frsm. En ég vildi aðeins láta þetta álit mitt koma fram.

Það var hér af hv. síðasta ræðumanni, 1. landsk. þm. (SG), sem gat ekki orðið samferða okkur hinum í landbn., minnzt á, að með þessu væri börnum mismunað, og virtist mér það vera aðalrök hans fyrir því að geta ekki fylgt frv. Og það má að vissu leyti segja, að þetta er rétt. Með þessum ákvæðum eru einum erfingjanum fengin í hendur réttindi og þá líka skyldur, ef hann tekur að sér jörðina, því að hann á að halda uppi góðu búi á jörðinni, enda fær hann jörðina í hendur fyrir ekki neitt, ef ekki hvíla á henni skuldir. En þessi forréttindi koma honum því aðeins að gagni, að hann nytji jörðina, því að hann verður þá að búa á henni sjálfur. Uppfylling þeirra skyldna, sem á honum hvíla, er skilyrði fyrir þeim forréttindum, sem l. ákveða honum.

Ég skal svo enn geta þess, að ég tel, að sá tími, sem nú er valinn til þessara aðgerða, sé heppilegur, vegna þess að nú mun yfirleitt vera það rýmst um efnahag bænda, sem hefur verið um langan tíma. Þess vegna álít ég það mjög vel til fallið, ef einmitt yrði tryggt með þessum l., að eitthvað af því fé, sem bændum og þeim, er bændur vilja gerast, hefur aflazt, verði þó kyrrt í sveitunum og verði til gagns þeim, sem í framtíðinni nytja jarðirnar, en verði ekki flutt úr sveitunum til kaupstaðanna, — því að það er eitt hið mesta böl, sem ég get hugsað mér, að sveitabúskapurinn eigi við að stríða, ef hver kynslóðin fer með sinn afrakstur á burt úr sveitinni og nýir menn verða að kaupa jarðirnar aftur frá stofni. Ef hægt væri með þessum l. að draga úr þessu, álít ég það mjög vel farið, þó að á þennan hátt gætu ekki allir orðið þessara sömu fríðinda aðnjótandi. En meðan allar jarðir hafa ekki verið tryggðar á þennan hátt, þá tel ég þó, að stefnan sé í rétta átt, og því hika ég ekki við að fylgja þessu frv.

Í síðasta kafla frv. er farið inn á það, að jarðir í opinberri eign megi selja ábúendum, ef þeir hafa búið þar ákveðinn tíma og ef þeir um leið gera jörðina að óðali. Fyrir mér er það ekkert aðalatriði beinlínis, að ríkið endilega eigi jörðina, ef það er tryggt, að ábúandi sá, sem nýtir hana og hirðir hana, fær að sitja við þau kjör, sem honum eru lífvænleg. Það hlýtur fyrir mér alltaf að vera aðalatriðið. Þess vegna er það fyrir mér ekkert aðalatriði, hvort það heitir á pappírnum, að ríkið eigi jörðina eða jörðin sé gerð að óðali, ef það er bara tryggt, að ábúandinn á henni fær að nota hana á eins heppilegan hátt og ódýran fyrir búskapinn og mögulegt er og það er tryggt, að jörðin á ekki eftir að fara í brask. Því að það, sem hefur orðið mestur þyrnir í augum þeim, sem hafa verið á móti sölu þjóð- og kirkjujarða, er, að þær hafa stundum eftir þá sölu lent í braski, þannig að þær hafa verið seldar fyrir of fjár af þeim, sem af þeim hafa flutt. En fyrir það hygg ég að sé girt með þessu frv., því að ef slíkar jarðir eru seldar, hefur ríkið forkaupsrétt að þeim aftur fyrir fasteignamatsverð.

Ég skal svo ekki fara mörgum orðum frekar um þetta mál. Ég vildi aðeins, að afstaða mín yrði skýr til þess, vegna þess að ég hef áður verið nokkuð hikandi um þetta mál og lýst hér í þessari hv. d. þeirri afstöðu. Ég vildi lýsa fylgi mínu við málið, sem er mótað af því, að fyrir mér er það aðalatriðið, að hvernig sem að því er farið að koma í veg fyrir það, að jarðir lendi í braski, þá tel ég það gott og æskilegt.

**Páll Þorsteinsson:** Herra forseti. Það er kunnugt, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, er mjög vel undirbúið og vissulega gott mál. Það hefur verið undirbúið af hálfu búnaðarþings, og nú hefur hv. landbn. þessarar d. fjallað um það. Hv. frsm., sem líka er flm. frv., 2. þm. Skagf., gerði skýra grein fyrir því í framsöguræðu sinni. Ég ætla því ekki að ræða málið almennt, enda er þetta 2. umr. málsins.

Sumir kaflar þessa frv. munu vera mjög hliðstæðir ákvæðum, sem nú eru í gildandi l. En VII. kafli frv., sem fjallar um ættarjarðir, er algert nýmæli, eins og hv. frsm. skýrði frá. Í þeim kafla frv. eru þrjú meginatriði. Í fyrsta lagi, að hver sú jörð, sem hefur verið í eign eða ábúð sömu ættar í 100 ár, skuli teljast ættarjörð. Í öðru lagi, að ættmenn skuli hafa for-

kaupsrétt að slíkum jörðum og að þær megi ekki selja til ættmanna fyrir hærra en fasteignamatsverð. Í þriðja lagi gerir frv. ráð fyrir, að þær jarðir, sem svo er ástatt um, skuli verða að óðulum. Nú hefur hv. landbn. þessarar d., sem um málið hefur fjallað, lagt til að fella niður síðasta meginatriði þessa kafla, sem sé það, að ættarjarðir verði gerðar að ættaróðulum. Ég tel þetta vera rétt spor hjá n. Það hefur sannazt, að frjálsræði er bezt í þessu efni, og svo mun verða hér eftir sem hingað til. Og aðrir kaflar frv. gera ráð fyrir, að bændum sé gert það heimilt, en ekki skylt að breyta þannig um eignarrétt á jörðum sínum, því að ef byrjað væri á að ákveða með löggjöf, að ættarjarðir, sem búnar eru að vera í eign eða ábúð sömu ættar í 100 ár, skuli fremur en aðrar jarðir gera að ættaróðulum, þá álít ég, að það sé mjög hæpið. Og ef við viljum stefna að því að koma í veg fyrir óeðlilega jarðasölu, sem þetta frv. stefnir að í aðalatriðum, þá lægi vissulega nær að byrja á öðrum enda heldur en ættarjörðunum. Það væri vissulega að byrja á öfugum enda að ætla sér að koma á ákveðinni kvöð á hendur eigendum þeirra jarða, þar sem reynslan sýnir, að sízt er hætt við braski. Ef ætti að fara út á þá braut í löggjöfinni, þá lægi nær að safna skýrslum um þær jarðir, sem oftast hafa gengið kaupum og sölum og hættast er við, að lendi í braski. Þess vegna tel ég vel farið, að hv. landbn. hefur fellt þetta ákvæði niður.

Að þessu slepptu er meginákvæði þessa kafla, að ættmenn jarðeiganda skuli hafa forkaupsrétt að ættarjörðunum og þær megi ekki selja fyrir hærra en fasteignamatsverð. Þetta ákvæði álít ég eiga mikinn rétt á sér innan vissra takmarka. Að vísu verður ekki fram hjá því gengið, að það er dálítið viðsjált að setja slík ákvæði á þessum tímum, því að svo gæti farið, að þegar farið væri að safna skýrslum um þær jarðir, sem kæmu til greina með að verða ættarjarðir, þá færu eigendur þeirra að hugsa sem svo, að nú væru síðustu forvöð með að selja þær með stríðsverði, og það gæti þannig ýtt undir brask. En þó að ég drepi á þetta, hef ég svo mikla trú á staðfestu og þroska bænda, að ég hygg, að ekki stafi hætta af þessu ákvæði á þeim sérstöku tímum, sem nú standa yfir.

Um þetta meginákvæði VII. kafla fjallar 28. gr. Hún mælir svo fyrir, að eigandi ættarjarðar skuli fyrst bjóða niðjum sínum jörð sína til kaups og ábúðar, ef hann vill selja hana, en síðan systkinum sínum og afkomendum þeirra, fyrir fasteignamatsverð að viðbættu matsverði þeirra umbóta, er gerðar hafa verið á jörðinni, eftir að fasteignamat hefur farið fram. Vilji þeir ekki kaupa, þá á að auglýsa hana í Lögbirtingablaðinu til kaups fyrir aðra ættmenn fyrir áðurgreint verð. Og ef enginn, sem getur talizt til viðkomandi ættar, hefur innan sex mánaða, eftir að þessi auglýsing er birt í Lögbirtingablaðinu, gefið sig fram, þá er jarðeiganda fyrst frjálst að bjóða jörðina til sölu á frjálsum markaði. Ég tel þetta of langt gengið, þó að ákvæði þessarar gr. eigi mikinn rétt á sér innan vissra takmarka. Hér eru sem sagt engin takmörk sett fyrir því samkv. þessari gr., hvaða ættingi getur fengið jörðina með fasteignamatsverði. Þessi gr. setur, eftir að taldir hafa verið hinir nánustu ætingjar ýmsir, alla aðra ættingja í sama hóp, hvað fjarskyldir sem þeir eru. Og ef t. d. einhver slíkur ættingi getur með aðstoð sagnfræðings sannað, að hann sé af sömu ætt og sá, sem selja vill jörðina, getur hann eftir frvgr., eins og hún nú er, gert lagakröfu til þess að fá jörðina fyrir fasteignamatsverð. Nú mun það vera algild regla í löggjöf þjóðarinnar að setja takmarkanir um eignarrétt og rétt til þess að njóta ákveðinna hlunninda, t. d. í erfðal., bæði með mismunandi erfðafjárskatti og með takmörkunum á því, hvaða ættartengsl þurfi að koma til greina, til þess að verðmæti erfist. Og það má minna á það, að nú eru einmitt ýmsir málsmetandi menn, sem hafa þá skoðun, að slíkar takmarkanir beri fremur að þrengja en víkka þær. Má í því sambandi benda á frv. hæstv. ríkisstj. á þskj. 44. Meginbreyt., sem það felur í sér á gildandi l. samkvæmt grg. þess, er sú, með leyfi hæstv. forseta, að „réttur manna til arfs fyrir skyldleika sakir takmarkast við nánari ættingja en nú er". Mér finnst, að samkvæmt þessu og samkvæmt heilbrigðri skynsemi leikmanna um þetta, þá geti löggjafinn ekki hjá því komizt að setja einhverjar takmarkanir í þessu efni sem um önnur ákvæði, sem hér að lúta, og reisa skorður við því, að menn, sem ekkert hafa unnið á ákveðinni jörð og enga tryggð hafa haft við hana, geti gert kröfu um að fá hana fyrir fasteignamatsverð, aðeins ef þeir geta fært sönnur á það, að þeir séu eitthvað tengdir ættarböndum þeim, sem á jörð og vill selja, hversu fjarlæg sem þau ættartengsl eru. Ég álít, að ekki verði hjá því komizt að setja ákveðnari ákvæði um takmarkanir í þessu efni, og ég vænti, að hv. landbn. taki þetta atriði til vinsamlegrar athugunar. Að öðrum kosti mun ég flytja brtt. um þetta fyrir 3. umr. málsins.

**Frsm. (Jón Sigurðsson):** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hv. þm. Hafnf. gerði svo rækilega grein fyrir þessu máli, að það er aðeins eitt, sem ég vildi nú segja, út af því, sem hv. 1. landsk. þm. (SG) sagði.

Mér virtist koma fram hjá honum dálítill misskilningur um tvö atriði. Hann virtist líta svo á, að ákvæðin um ættaróðul mundu verða til þess að losna börnin við heimilin. Ég held, að þetta sé byggt á misskilningi, vegna þess að það er í frv. benlínis svo tekið fram, að erfingjar geti fengið jörðum skipt, ef þeir vinna að tilteknum umbótum á jörðinni. Það er þess vegna í þeirra valdi, ef þeir vilja starfa hjá foreldrum sínum að því að undirbúa framtíð sína, að þá hafa þessir erfingjar, tveir eða fleiri, að nokkru leyti rétt til jarðarinnar. Það er þess vegna síður en svo, að það sé til þess að losa börnin við heimilin, þó að ákvæði þessi verði samþ., heldur miklu fremur til þess að tengja þau við ábýlisjörð foreldra sinna. En reyndar vitum við, að það er alltítt á þessum tímum, að börnin fljúgi úr hreiðrinu, jafnóðum og þau verða fleyg, og það er oft yngsta barnið eða börnin,

sem seinast verða eftir. En nokkrar undantekningar eru frá þessu, sem betur fer.

Þá hafði hv. 1. landsk. þm. skilið það svo, að í frv. væri létt framfærsluskyldunni af viðtakanda óðalsins. Þetta er misskilningur að því leyti, að hér er ekki um breyt. að ræða frá því, sem áður var, því að í 8. gr. er skýrt tekið fram um þetta. Sú gr. fjallar eingöngu um það, hvernig fjarskyldur aðili tekur við eða af hliðarlegg ættarinnar, og þá getur það aðeins komið til greina, að álitamál getur orðið um framfærsluskylduna.

Að því er snertir ummæli og aths., sem fram komu frá hv. þm. A.-Sk. (PÞ), þá tel ég það sjálfsagt, að landbn. taki það, sem hann lagði til, til vinsamlegrar athugunar, og tel æskilegt, að sá hv. þm. gæti orðið í samráði við n. um það að orða þá breyt., sem hann talaði um og má vera, að af öðrum ástæðum sé þörf á að gera vegna þeirrar úrfellingar, sem n. leggur til á frv., — því að með því að gera þá úrfellingu á frv., er það ekki nægilega tryggt, að sá, sem kaupir, verði skyldur til þess að búa á jörðinni og þess háttar.

**Sigurður Guðnason:** Herra forseti. Mér var ljóst, að eftir þessu frv. mætti skipta jörðum. En ég er samt sem áður á þeirri skoðun, að þó að þetta verði samþ., muni börnin ekki verða tryggari við sveitina en áður var. En ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að eftir gildandi l. sé þeim, sem tekur við óðali, skylt að framfæra óðalsbónda fyrrverandi eða konu hans. En nú er bætt við ákvæðið um þessa skyldu: „enda sé honum það ekki um megn". Það er enginn vafi á því, að þetta hlýtur að skiljast sem undanþáguheimild, sem hefur ekki fyrr verið í l. um þetta atriði. En ef hann getur ekki framfært fyrrverandi óðalsbónda eða konu hans, ætti sú skylda að vera fullkomlega eins rétthá og krafan um greiðslu fylgifjár samkv. ákvæðum frv. Hann ætti að fyrirgera óðalsréttinum, ef hann gæti þetta ekki, eins og ef hann gæti það ekki vegna fátæktar. Svo er seinna í gr. tekið fram til viðbótar, að sá, sem taki við óðalinu, skuli haga svo til, að fyrirrennari hans og maki geti dvalizt áfram á jörðinni, ef þau óska þess, enda sé honum ekki meira mein að en svo, að við megi una. Með þessu er ekki gert ráð fyrir, að maðurinn geti þetta ekki fyrir sakir fátæktar, og er þetta mikill munur hjá því, sem var í gömlu lögunum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19:1 atkv.
5.—11. gr. samþ. með 18:1 atkv.
12.—13. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
14.—16. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
17.—22. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 268,1 samþ. án atkvgr.
23. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
26.—28. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 268,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 17:1 atkv.
Brtt. 268,3 samþ. með 20:1 atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
31.—33. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
34.—39. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 268,4 samþ. með 21 shlj. atkv.
40. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
41.—42. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
43.—45. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
46. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
47. gr. samþ. með 18:2 atkv.
Brtt. 268,5 samþ. með 19 shlj. atkv.
48. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.
49.—54. gr. samþ. með 17:1 atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 41. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 306, 340).

**Frsm. (Jón Sigurðsson):** Það eru hér þrjár smábrtt., sem n. ber fram, og eru þær að nokkru leyti í sambandi við umr., sem fóru fram við 2. umr. Fyrsta brtt. er við 28. gr., og er það nokkru nánari ákvörðun um þau atriði, þegar kaup eiga sér stað, og þá sérstaklega viðvíkjandi því, sem hreyft var hér við fyrri umr., að það væri of langt gengið að ætla öllum ættmennum að geta fengið slíkar jarðir keyptar, ef nánari ættmenn gengju frá. Hér er þess vegna gengið á móts við þetta, því að hér er ætlazt til, að ekki komi aðrir ættmenn til greina en afkomendur í 1.—3. lið. Við þetta fækkar tölu þeirra manna, sem koma til greina, en þó má segja, að það séu allmargir, sem eiga kost á því að eignast jörðina með þessum kjörum. Ég hef átt tal við þá, sem hreyfðu þessu sérstaklega, og mér hefur skilizt, að þeir sættu sig við þessa brtt. Þá er 2. brtt., og er hún á þá leið, að það var fellt niður ákvæðið um, að jörðin skyldi verða að ættaróðali. Í staðinn fyrir þetta var sett ákvæði, sem tryggir, að ættmenn hafi forgangsrétt að ábúð eftir sömu reglum og um kaup væri að ræða, og eiga þeir við sömu leigukjör að búa og þeir, sem búa á ríkisjörðum, eftir þessu ákvæði.

Loks er brtt. við 38. gr. Það er í rauninni aðeins orðabreyt. Það er aðeins skýrar kveðið á um það, að á meðan sama ætt heldur jörðinni, skuli afgjaldið ekki hækka. Þegar við jörð tekur ný ætt, skal afgjaldið miðast við þágildandi fasteignamat á landi, húsum og mannvirkjum, er landeigandi á. Þá getur hvor aðili krafizt millimats fasteignamatsnefndar, ef liðin eru 3 ár eða meira, frá því að síðasta fasteignamat fór fram. Með þessu ætti það að vera tryggt, að menn hafi aðstöðu til að neyta réttar síns, og mætti vænta þess, að þarna væri um fulla sanngirni að ræða. Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en vil leyfa mér að vænta þess, að frv. verði samþ. með þessum smávægilegu breytingum.

ATKVGR.
Brtt. 340,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 340,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 340,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19:4 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 28. fundi í Sþ., 9. nóv., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 363).
Á 46. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 59., 60., 61., 62. og 63. fundi í Ed., 2., 3., 6., 9. og 10. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 64. fundi í Ed., 11. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 363, n. 537).

**Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson):** Þetta mál hefur fengið meiri undirbúning en mörg önnur. Frv. er um breyting l. frá 1936. Við framkvæmd virtust koma fram á l. ýmsir agnúar, sem laga þyrfti. Það varð að ráði fyrir næstliðið búnaðarþing að fá athugula menn til þess að undirbúa umbætur á l., og var það gert, málið síðan lagt fyrir búnaðarþingið og athugað þar í n. Kom það frá n. og var samþ. á þinginu nærri því eins og það er hér borið fram. Í Nd., þar sem frv. var síðan flutt, var það samþ. án nokkurra verulegra efnisbreytinga. Landbn. Ed. hefur athugað frv. og ekki fundið ástæðu til að breyta því, heldur leggjum við 4 nm., sem á fundi vorum, til, að frv. verði samþ. óbreytt.
Með þessu frv. eru gerðar töluverðar breyt. á l. frá 1936, þótt ekki séu meiri en svo, að þær vekja yfirleitt ekki ágreining. Sérstaklega er þar meir skilgreint milli erfðaábúðar og óðalsréttar, en því var um of blandað saman í fyrri l. Þá koma hér ýmis ákvæði, sem létta heldur fyrir mönnum að taka óðalsrétt á jörðum, erfðafjárskattur af þeim fellur niður, og opinberir styrkir til þeirra verða ekki sérgreint fylgifé. Réttur er veittur til að gera að ættarjörðum þær jarðir, sem hafa verið setnar af sömu ætt öld eða meira, en því fylgja ýmis réttindi, og er greitt fyrir, að menn geti náð á þeim eignarhaldi á hagkvæman hátt, ef þeir eru annarra landsetar. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja meir um málið. Þm. er það vel kunnugt.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég hef orðið sammála mnm. mínum þrem í landbn. um að mæla með frv., eins langt og það nær. Í l. um erfðaábúð og óðalsrétt eru ýmis atriði, sem ég var og er mjög óánægður með, en sé ekki gagn í að bera fram brtt. um þau efni, því að þær mundu ekki ná samþykki. Þær breyt., sem í þessu frv. felast, eru sennilega allar til bóta, og sé ég enga ástæðu til að vera móti því, að þær út af fyrir sig nái fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—22. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
24.—27. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
28.—30. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
31.—37. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
38. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
39. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
40. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
41.—47. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
48. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
49.—54. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 66. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 662).

—o—

## 57. Hafnarlög Reykjavíkur.

Á 48. fundi í Ed., 15. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19 11. júní 1911** (þmfrv., A. 400).

Á 49. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Áður en ég sný mér beint að sjálfu frv., vil ég rekja hér dálítið forsögu þessa máls í örfáum dráttum.
Á síðasta Alþ. var samþ. þáltill. um það að skipa 4 manna n. til þess að rannsaka skilyrði fyrir byggingu og rekstri fullkominnar skipasmíðastöðvar í Reykjavík. Þessi n. hefur nú lokið störfum og skilað áliti, sem birt er sem fylgiskjal með þessu frv., og að ósk þessarar n. hefur svo sjútvn. þessarar hv. d. flutt þetta frv., og er það samið af mþn. þessari.
Áður en stríðið skall á, var hörð samkeppni um viðgerðir á íslenzkum skipum milli íslenzkra iðnaðarmanna annars vegar og erlendra skipasmíðastöðva hins vegar. Íslendingar urðu í raun og veru undir í þeirri baráttu, og stafaði það að langmestu leyti af því, að þeir höfðu ekki sömu grundvallarskilyrði til þess að geta innt af hendi skipaviðgerðir eins og erlendar þjóðir, m. a. ekki nægilegar þurrkvíar, ekki heldur fullkomnar skipasmíða- og skipaviðgerðastöðvar og að sjálfsögðu ekki nægilega vel æft starfslið til þess að geta innt af hendi þessar viðgerðir á jafnskömmum tíma og hægt var að fá í erlendum höfnum. Mér var kunnugt um það þá, að afköst hvers manns á Íslandi sem iðnaðarmanns í þeirri grein voru engu síðri afköstum þegna

annarra þjóða. Og það var aðeins aðstöðumunurinn, sem olli því, að hér var þá ekki hægt að halda inni í landinu þessu mikla starfi og að margar hendur voru þá hér iðjulausar fyrir það eitt, að mönnum í þessari iðngrein var ekki sköpuð sama aðstaða hér á landi og aðrar þjóðir gátu skapað þegnum sínum í þessu efni. Að sjálfsögðu má ekki við svo búið standa og sízt nú, þegar runnið hefur í stríðum straumum fé hingað til landsins á undanförnum árum.

Frumskilyrði þess, að hægt sé að koma hér upp skipasmíðastöð, eru þau, að unnt sé að hafa hér jafnódýrar, jafngóðar og jafnfljótar skipaviðgerðir og í öðrum skipasmíðastöðvum. Þetta eru í raun og veru grundvallarskilyrðin fyrir því, að hægt sé að hugsa sér, að upp geti komið hér raunveruleg skipasmíðastöð. Okkur, sem sæti áttum í þessari n., var þetta fullkomlega ljóst. Og hins vegar lögðum við mjög mikla áherzlu á það, að hægt væri að sameina á einum stað bæði skipaviðgerðir og skipalægi, þegar um það er að ræða, að skipum er lagt upp frá störfum, og jafnframt skipasmíðastöð á sama stað, svo að hægt væri að nota sama fólkið við skipasmíðar, þegar ekki væri nægilegt að starfa við skipaviðgerðir. Á þann hátt er hægt að tryggja stöðinni alltaf eitthvað af þaulæfðum mönnum, sem væru fastir menn við þetta starf allt árið um kring. Ég vil segja frá því til skýringar, að mér var persónulega kunnugt um, að eitt fyrirtæki í Glasgow hafði alltaf stöðugt hjá sér um 300 manna flokk og lét hann vinna á líkan hátt og hér er hugsað, að skipaviðgerðum, nema þegar þær voru ekki nægar fyrir hendi, þá skipasmíðum á sinn reikning, þannig að þessir menn höfðu stöðuga vinnu við þetta fyrirtæki árið um kring. Þetta hefur gengið svo vel hjá þessu fyrirtæki, að það hefur haft þessa reglu nú um aldarfjórðungs skeið. Þetta er ekki stórt fyrirtæki. Það samsvarar nokkurn veginn því, sem mundi hæfa okkur á Íslandi á þessum tíma, og er að mörgu leyti til fyrirmyndar, þegar byggja á upp þann iðnað, sem hér um ræðir.

Þegar velja átti þessari fyrirhuguðu skipasmíðastöð stað, þá var mþn. að sjálfsögðu bundin við þau takmörk, sem henni voru sett í þáltill., en þar var ákveðið, að skipasmíðastöðin skyldi vera í Reykjavík. N. taldi sig þess vegna ekki hafa vald til þess að fara út fyrir þann stað, og þar að auki leit hún svo á, að Reykjavík væri langsamlega heppilegasti staðurinn. Þar er fjölmennast og útvegur mestur, og þar er eðlilegast og heppilegast að geta fengið starfsfólk. Þar er einnig nægilegt afl til iðnaðarins, og þar eru í raun og veru betri hafnarskilyrði en víðast hvar annars staðar á landinu.

Það kom næst til athugunar, hvort unnt væri að reisa slíka skipasmíðastöð innan hafnarmannvirkjanna, eins og þau eru nú í Reykjavíkurhöfn, eða hvort leita yrði út fyrir hafnarmannvirkin. Við ræddum þetta mál sumpart við hafnarstjórann og líka við bæjarverkfræðing, sem er væntanlegur hafnarstjóri frá næstu áramótum. Við drógum upp útlínur á stærð þess svæðis, sem nauðsynlegt er til þessarar skipasmíðastöðvar, til þess að henni yrði ekki sniðinn of þröngur stakkur. Og þessir menn voru okkur nm. í mþn. sammála um það, að ef fara ætti með þetta fyrirtæki inn í Reykjavíkurhöfn, þá mundi ekki verða hægt að uppfylla þau skilyrði, sem n. var einróma um, að nauðsynlegt og óhjákvæmilegt væri að uppfylla, til þess að þetta fyrirtæki gæti starfað, nema að því leyti, að sá vísir til skipaviðgerða, sem risið hefur upp innan hafnarinnar, gæti e. t. v. aukizt þannig, að það fyrirtæki gæti tekið að sér skipasmíðar, en þó væri sá galli á, að það væri útilokað, að þar gætu komizt að aðrir aðilar en þeir, sem fyrir eru. Og n. var sammála um, að það væri alls ekki heppilegt að byggja á þessu. — Landssmiðjan er annað fyrirtæki hér í þessari grein, sem má vera, að þróist svo, að hún taki jafnstóran þátt í skipaviðgerðum og einkafyrirtæki. En með því að ætla skipasmíðum rúm innan hafnar Reykjavíkur, er útilokað, að hún eða önnur fyrirtæki geti komizt þar að, nema með svo gífurlegum kostnaði við uppkaup á eignum og niðurrif á íbúðarhúsum, að ekki þótti tiltækilegt að fara inn á þá leið, auk þess sem erfitt mundi vera að koma fyrir þurrkví á þessu svæði innan hafnarinnar, nema því aðeins að taka svo mikinn hluta hafnarinnar til þessara starfa, að höfnin að öðru leyti sem uppskipunar- og útflutningshöfn mundi líða stórkostlega við það. Það var því einróma samkomulag í n. um það, að leita yrði út fyrir höfnina til þess að fá stað fyrir væntanlega skipasmíðastöð. Komu þá til álita tveir staðir fyrir þessa stöð, Elliðaárvogur og Fossvogur. Að sumu leyti var kannske Fossvogur betur fallinn til þessara starfa, en hann hefur þann stóra galla, að sigling frá Reykjavík þangað er löng og ákaflega erfið, og í suðvestan rosa er stundum ekki einu sinni fært að sigla þar inn kannske dögum saman. N. var því sammála um að leggja til, að þessi fyrirhugaða skipasmíðastöð skyldi reist við Elliðaárvog, á svæðinu frá Kleppi og inn undir Gelgjutanga. Þar eru ákaflega góð hafnarskilyrði og skilyrði til þess að koma upp bæði dráttarbrautum og þurrkvíum, og þar er nægilega mikið óbyggt svæði, sem allt er eign Reykjavíkurbæjar, til þess að geta skipulagt skipasmíðastöð, jafnvel fyrir 50—100 ár, án þess að þurfa að óttast nokkuð um það, að sá stakkur, sem þessu fyrirtæki væri þarna sniðinn í dag, yrði of þröngur.

Þá ræddi mþn. um það, hverjir skyldu reka slíka skipasmíðastöð og hverjir skyldu reisa hana. Það var almennt álit í n., að aðstöðu til þess að reka sjálfa skipasmíðastöðina yrði að skapa af opinberum aðilum, þ. e. að byggja hafnargerð, þurrkvíar og dráttarbrautir, — það væri eðlilegast, að þetta væri reist af bæ eða ríki eða hvoru tveggja, en síðan væri landsmönnum tryggður jafn réttur til að hafa aðgang að þessum tækjum, þegar um viðgerðir eða um skipasmíðar væri að ræða. Við höfum haft reynslu fyrir því á undanförnum árum, að þegar dráttarbrautir hafa verið einstakra manna eign, eins og nú er, þá hafa þeir sömu menn, sem þær eiga, stundum gert það að skilyrði fyrir afnotum af dráttarbrautinni, að þeir eða fyrirtæki þeirra fengju að sitja fyrir viðgerðum, og viðkomandi skipaeigendur hafa þá orðið að lúta þeim skilyrðum, sem þessir eigendur dráttar-

brautanna hafa sett fyrir viðgerðum á skipunum. Þetta hefur jafnvel gengið svo langt, að dæmi eru til þess, að það hafi verið neitað að taka upp skip, sem hafa verið nýlega máluð á botni af sjálfum eigendunum annars staðar, af því að það hefur þótt alveg sjálfsagður hlutur, að það fylgdi uppsátrinu, að fyrirtækið, sem tæki skipið upp, fengi leyfi til að mála skipið og leggja til málninguna sjálft. Þetta telur n. óheppilegt, að menn þurfi að búa við. En nú mun orðinn nokkuð langur tími, síðan slíku var beitt, sem ég nefndi. En þetta er tekið fram sem dæmi um það, hve óheppilegt það getur verið, að svo sé málum skipað, að slíkt geti komið fyrir.

Þá var n. sammála um, að nauðsynlegt væri í sambandi við þetta að koma upp dráttarbrautum fyrir smærri báta, svo að þeir útgerðarmenn, sem eiga þessa báta og vilja vinna sem mest að viðgerðum, viðhaldi, hreinsun og málningu slíkra skipa, gætu gert það sjálfir, ef þeir vildu, og þyrftu ekki að beygja sig undir þær kvaðir, sem venjulega fylgja einkadráttarbrautum, að slíkar viðgerðir og viðhald verði að framkvæma af eigendum þeirra dráttarbrauta. Þeir gætu gert þetta sjálfir, og kæmi það sér betur en ef það ætti að framkvæmast af öðrum. Við teljum þá leið heppilegasta, að bærinn eigi þessi aðalmannvirki og sé sett reglugerð fyrir þau eins og hver önnur hafnarmannvirki. Notendur hafa þá allir jafna aðstöðu til að neyta sín, sömu réttindi til að fá lóðir t. d. og greiða sömu gjöld. Það var einróma álit n., að smiðjurnar ættu ekki að vera reknar af ríki né bæ, nema bærinn óskaði að eiga smiðju, sbr. t. d. Landssmiðjuna. Á þennan hátt taldi n., að skapast mundi eðlileg og nauðsynleg samkeppni.

Aðstaðan er fyrirtækjunum að sjálfsögðu aðalskilyrðið, en mikið fé þurfa þau að leggja fram. Aðstaðan, sem þeim er sköpuð, gerir þeim kleift að leysa verk sín betur af hendi og ódýrar en ella, og ný fyrirtæki eiga að geta komið sér á laggir, þar sem svo yrði búið í haginn.

N. áleit réttast, að Reykjavíkurhöfn byggði þetta mannvirki. Að vísu var deilt um, hvort ekki væri rétt að setja upp landshöfn, en það fékk ekki byr. Rvík á þessar lóðir, og þótt þær séu ekki innan takmarka hafnarinnar, er vitað, að þangað hlýtur að flytjast mikið af þungaflutningi, sem annars færi um aðalhöfn bæjarins, svo sem kol, olía, járn, timbur og fleiri nauðsynjar, og er óeðlilegt að slíta höfn þessa úr tengslum við aðalhöfnina. Þá þótti ekki rétt að setja nýja löggjöf, heldur auka við hafnarlög Reykjavíkur eins og lagt er til í frv.

Nú er Rvík líklega eini bærinn á landinu, sem hefur, eftir að frumstyrk til hafnargerðar lauk, látið höfnina byggja sig sjálfa án þess að njóta ríkisstyrks. Aðrir bæir fá úr ríkissjóði ⅓ eða allt að ⅖ kostnaðar, eftir því sem ástæður leyfa. Það þykir því ekki nema eðlilegt, að nú njóti hún sama réttar og aðrar hafnir um styrk, enda er fyrirtækið öllum landsmönnum hagsbót. Frv. fer fram á, að lagt sé úr ríkissjóði ⅖ kostnaðar eða 2 millj. kr., og ábyrgð ríkisins veitt, ef þarf, á allt að 3 millj. láni, þ. e. þeim ⅗ hlutum kostnaðar, sem hafnarsjóður á að leggja fram. Tvö nýmæli eru í frv. Ætlazt er til, að þurrkvíar og dráttarbrautir séu styrktar eins og almenn hafnarmannvirki. Vitamálastjóri hefur tjáð n., að hann væri þessu sammála. En mér er ljóst, að þetta getur orðið til þess, að aðrar hafnir geri sömu kröfur, og teldi ég það ekki óréttmætar kröfur. Hitt nýmælið er að ætla ríkinu þátttöku ⅖ hluta kostnaðar fyrir ⅓ kostnaðar, eins og tíðast hefur verið með stærri hafnirnar, svo sem Hafnarfjörð. Vitamálastjóri hefur bent á þetta atriði og ekki viljað svo stöddu fallast á það. En ég hygg, að þm. muni að athuguðu máli skilja, að hækkunin upp í ⅖ er réttmæt og sanngjörn. Svo mjög getur þetta bætt aðstöðu allra landsmanna, að ekki þætti mér mikið, þótt styrkurinn næmi hálfum kostnaði, eins og veitt er til lendingarbóta. Hitt varð ofan á í n., og vænti ég, að flestir þm. geti orðið sammála um að lækka það ekki.

Málið hefur verið borið undir hafnarstjórana og aðra aðila, en hefur ekki enn verið formlega sent hafnarstjórn til umsagnar. Það mun verða gert að lokinni þessari umr., og óska ég, að málinu verði þá aftur vísað til sjútvn., til þess að hún gangi fyllilega frá samstarfinu við hafnarstjórn og athugi fleiri hluti.

Það er höfuðatriði, að fyrirtækið sé svo stórt hugsað frá upphafi og skipulagt út í æsar, að óhætt sé um langa framtíð, næstu 50—100 árin, að ekki verði of þröngt þarna um atvinnureksturinn né neitt rifið niður aftur af því, að það væri smátt og vanhugsað og tæki ekki umbótum og viðbótum, eins og fyrir hefur komið. Allir vita, að 5 milljónir hrökkva skammt til að koma upp mannvirkjunum, eins og þau eru hugsuð í heild. Frv. er, eins og raunar öll hafnarlög, einungis heimild til að gera þetta, eftir því sem fé verður veitt úr ríkissjóði og gegn því, að ráðherra samþykki framkvæmdirnar og fyrir liggi full kostnaðaráætlun. Enn er ekki hægt að leggja fram slíka áætlun um verk, sem tekur ekki aðeins 1—2 ár, heldur líklega 25 ár eða meira. Fyrst er að setja l., þar næst að hefja undirbúning að verkinu og framkvæmdir einstakra hluta þess. Það, sem n. leggur mesta áherzlu á, eru þurrkvíarnar. Ástandið er það, að hér er ekki unnt að taka upp stærri skip en 1000 smál. og Eimskipafélagsskipin að einu undanskildu verða að fá aðgerðir sínar erlendis að ógleymdu því, sem þm. er kunnugt, hver vandræði öllum fiskiflotanum standa af töfum á viðgerðum og því, er þau verða að sækja þær í önnur lönd, þjóðinni til tjóns og hneisu. Langmesti kostnaðarliður við bygging þurrkvíar er laun fyrir vinnu, sem fæst í landinu sjálfu.

Ég sé ekki ástæðu til að fara lengra út í málið. Í 2. mgr. 5. gr. frv. er prentvilla, fyrir „almenningi", á að standa „landsmönnum". Ég vil mega vænta þess, að þm. greiði svo fyrir málinu, að það gangi fram á þessu þingi, því að það er hagur öllum landsmönnum.

**Bjarni Benediktsson:** Hv. frsm. gat þess, að frv. hefði ekki enn verið sent hafnarnefnd Reykjavíkur. Ég vil heita því, þar sem þar mun aðallega vera formsatriði einu ófullnægt, að sjá um, að frv. þurfi ekki að tefjast svo hjá yfir-

völdum bæjarins, að það hindri framgang þess á þinginu. Mér virðist frv. reist á mjög skynsamlegum grundvelli og haganlega fyrir komið, bæði um hlutdeild ríkis og bæjar í framkvæmd aðalverksins og um fyrirhugaða samvinnu hins opinbera og einstaklinganna, þar sem ríki og bær eiga að sjá um það, sem einstaklingum er ofvaxið, en þeir að taka að sér atvinnureksturinn. Þetta er á réttri lausn grundvallað í einu og öllu. Ég vildi þakka n. till. hennar og taka undir það, að þetta nauðsynjamál þarf að afgreiða sem fyrst.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 54. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 400, 468).

**Frsm. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Sjútvn. hefur haft þetta mál til athugunar, og hefur hún sent frv. til hafnarstjórnarinnar í Reykjavík, sem svarað hefur með bréfi dags. 18. þ. m. (nóv.). Leggur hafnarstjórn eindregið til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, að öðru leyti en því, að hún leggur til, að breyt. frv. séu látnar koma við 2. gr. l., í staðinn fyrir, að þær breyt. komi aftan við 1. og 2. gr. l. Hefur því sjútvn. borið fram brtt. um, að þessu verði þannig breytt. Þetta er engin efnisbreyt. á frv., heldur tilflutningur á málsgr. Í bréfinu frá hafnarstjórninni er sagt, að hún sé samþykk þessu frv. í fullu trausti þess, að Alþ. á sínum tíma veiti fjárframlag úr ríkissjóði fyrir fullum ⅖ hlutum kostnaðar við umræddar framkvæmdir. En eins og sést á grg. frv., þá er hér ekki um annað en heimildarl. að ræða, og fjárveitingar verða að takast upp á hverjum tíma, eins og venjulegt er um slíkar framkvæmdir.

Sjútvn. hafði einnig sent þetta frv. til vitamálastjóra. En hann óskaði eftir að mega hafa málið til athugunar lengur og mega senda álit sitt til sjútvn. Nd. og skyldi umsögn hans vera tilbúin, þegar málið kæmi til þeirrar n. En ég hef áður skýrt frá því, að vitamálastjóri hafi álitið, að það ætti að samþ. þetta frv.

N. sá ekki ástæðu til að gefa út sérstakt nál., þar sem hún flytur frv. En n. leggur eindregið til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
Brtt. 468 (ný 1. gr. í stað 1. og 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
3.—5. gr. (verða 2.—4. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 55. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 496).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 53. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 55. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 496, n. 615).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Frsm. (Sigurður Kristjánsson):** Herra forseti. Eins og nál. ber með sér, er enginn ágreiningur um þetta mál frá sjútvn., og gefur það mér ástæðu til þess að hafa ekki mörg orð um málið og verða ekki til þess að tefja fyrir meðferð annarra mála. En mér þykir þó rétt að taka fram, ef menn hafa ekki kynnt sér grg. fyrir frv., að síðasta þing samþ., að skipuð skyldi n. til þess að athuga þetta mál. Það var samþ., að stj. skipaði n. til þess að gera till. um byggingu og rekstur fullkominnar skipasmíðastöðvar í Reykjavík. Það hefur verið rætt um, að aðstaða okkar til skipasmíða sé orðin lítil og það þurfi að bæta úr því, og tilætlunin er, að ríkið veiti aðstoð sína eftir því, sem n. teldi, að þurfa þætti. N. hefur skilað störfum og fengið sjútvn. Ed. til þess að flytja þetta frv. sem ávöxt af verki sínu. N. leggur til, að Reykjavíkurhöfn verði stækkuð og skipasmíðastöð verði byggð við Elliðaárvog. Breyt. við 2. gr. er sú eiginlega breyt. á hafnarl. Reykjavíkur, að við bætist hafnarsvæði til viðgerða og smíða á skipum, og hlutfallið milli þess, sem ríkið leggur fram, og Reykjavíkurhöfn er allt annað en var, þegar Reykjavíkurhöfn var byggð. Þá var ekki lagt til nema ¼, en nú er lagt til, að það verði ⅖, og þetta er af því, að þetta er ekki höfn í sama skilningi og var, heldur er þetta meira til þess að skapa þar iðnaðarstöð, sem svo er fram tekið í grg., að allir landsmenn noti og hafi sömu aðstöðu til að láta vinna þar, sem sé nýbyggingar og viðgerðir skipa. Ég held ég þurfi ekki að hafa þessi orð fleiri, en n. óskar, að frv. verði samþ. óbreytt.

**Emil Jónsson:** Það eru aðeins örfá orð í sambandi við þetta frv., og skal ég ekki verða til þess að tefja fyrir öðrum málum með því að lengja umr. um það, en mig langar til að benda á, að hér er farið inn á nýja braut í þessu frv., sem ég er ekki alveg viss um, að allir þm. hafi gert sér fyllilega ljósa. Í fyrsta lagi er slegið föstu með þessu frv., að nú hér eftir verði taldar sem styrkhæfar hafnargerðir, þegar komið er upp dráttarbrautum og þess háttar, og er ekki nema gott um það að segja, að þessi mannvirki séu talinn hluti af höfnunum og þau styrkt. En það er annað nýmæli í þessu frv., sem ég tel, að orkað geti nokkru meira tvímælis, og ég vildi

aðallega vekja athygli á. Það er það, að hér er farið fram á ákveðinn styrk til hafnarvirkjunar, án þess að gerð sé tilraun til þess að gera sér grein fyrir, hvað mikið þessi mannvirki muni kosta. Í grg. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá hefur n. ekki talið það vera innan síns verkahrings að leggja fram kostnaðaráætlun um byggingu þessara mannvirkja. Til þess hefði þurft mikla aðstoð, langan tíma og margvíslegar rannsóknir, sem lúta beint að framkvæmd verksins. N. telur það ekkert aðalatriði, að slík heildaráætlun um kostnað liggi fyrir nú og að undirbúningur hennar gæti jafnvel tafið fyrir brýnustu framkvæmdum, því að vitanlega mundi taka langan tíma að gera öll þau mannvirki, sem ætlað er rúm á hinu afmarkaða svæði.“

Þetta segir n., og það er víst mála sannast, að hún hefur enga tilraun gert til þess að gera sér nokkra grein fyrir því, hvað þessi mannvirki muni kosta. Í frv. er lagt til, að ríkissjóður veiti styrk, sem miðaður er við 5 millj. kr. kostnað, en þessi kostnaður getur allt eins orðið 15 millj. eða jafnvel 50 millj. eins og 5 millj., og ég tel, að það sé allvafasamt að slá föstu, að ríkið skuli leggja fram ákveðinn hluta kostnaðar af verki, sem engin áætlun er um og engin tilraun til áætlunargerðar liggur fyrir um, áður en verkið er hafið. Það hefur alltaf verið leitazt við, þegar hafnarl. hafa verið samþ. eða ríkisstyrkur ákveðinn til mannvirkja, sem átt hefur að framkvæma, að gera sér a. m. k. að einhverju leyti grein fyrir því, hve mikill kostnaður verði við framkvæmd verksins. N. hefur lýst yfir því, eins og ég las upp úr grg., að hún teldi það utan við sinn verkahring að athuga um kostnað, og eru sem sagt möguleikar á því, að kostnaðurinn geti allt eins orðið 15 millj. eins og 5 millj. Um það liggja engar upplýsingar fyrir. Mér er ekki ljóst, þó að þetta mál sé gott mál og þarft, að nauðsynlegt sé að hraða því svo, að þessar upplýsingar geti ekki legið fyrir, a. m. k. frumdrög að þeim.

Ég bendi aðeins á þetta, af því að það liggur ekki fyrir og ég er ekki viss um, að allir þm. hafi gert sér ljóst, að þessi upphæð, sem nefnd er í frv., muni ekki nægja til þess að gera þau mannvirki, sem hér er farið fram á. Þetta vildi ég aðeins láta koma fram við þessa umr.

**Frsm. (Sigurður Kristjánsson):** Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi taka fram í sambandi við það, sem hv. þm. Hafnf. (EmJ) mælti nú. Ég hafði náttúrlega tekið eftir, að undirbúningur kostnaðaráætlunar var mjög ófullkominn, og sama er að segja um hina nm., en ég og samnm. mínir töldum ekki rétt að láta þetta tefja framkvæmd málsins. Ég taldi frá mínu sjónarmiði þetta vera öruggt af því, sem segir í 1. gr. Og hér er ekki farið fram á ósanngjörn framlög, því að þar er ákveðið, að hámarkið skuli vera 2 millj. kr., og ekki ákveðið, að ábyrgðin skuli bundin við hlutfallslega kostnaðarupphæðina. En ég vil segja það í sambandi við það, sem þm. Hafnf., vitamálastjórinn, sagði, að ég hafði búizt við, þegar þessi n. var skipuð og sett á laggirnar, að hún mundi vinna allt öðruvísi en hún hefur gert. Ég fór til þessarar n. til þess að vita, hvar mættust verkefni okkar, sem erum í sjútvn., og þessarar n., því að Alþingi er svo örlátt á nefndaskipun, að þær verða eins og skarsúð, grípa hver upp á aðra, og getur orðið ágreiningur um, hvert sé verkefni hverrar n. fyrir sig. Við höfðum í mþn. í sjávarútvegsmálum ákveðið að láta hafnarmálin til okkar taka og höfum byrjað starfsemi með vitamálastjóra, en hún er allt of skammt á veg komin vegna þess, hve lengi Alþingi hefur setið. Ég spurði að þessu og hafði hugsað mér, að við mundum leita fyrst og fremst til tveggja manna hér á landi um undirbúning og kostnaðaráætlun við svona verk, og það er sjálfur vitamálastjórinn, sem hefur bezta möguleika til þess að vita þetta, og sá maður, sem er lærður skipasmiður og hefur mjög háa menntun í því, Bárður Tómasson, verkfræðingur frá Ísafirði.

Nú álít ég, þótt þetta frv. verði samþ., að það séu ákveðin takmörk fyrir því nú í bili, hvers ríkissjóður er skyldaður til. En framhald gæti þó orðið á undirbúningi þessa verks, þannig að gengið væri til botns í því, hvað fyrirtækið mundi kosta, og mætti þá athuga, hvort ríkissjóður vildi þá síðar meir breyta framlagi sínu, ef svo reyndist, sem er ekki ólíklegt, að þetta fyrirtæki verði miklu dýrara en hér er gert ráð fyrir.

**Sigurður Thoroddsen:** Herra forseti. Af því að ég var starfsmaður þessarar n. um tíma, finnst mér málið vera mér ofurlítið skylt og langar að segja nokkur orð um það. — Að ég varð starfsmaður þessarar n., kom til af því, að mig minnir, að í þáltill. er tekið fram, að nota skuli þá verkfræðinga eða þær skrifstofur, sem ríkið hefur, til aðstoðar n. En mér er kunnugt um, að leitað var til ríkisstofnana um aðstoð við þessa n., áður en leitað var til mín, en ríkisstofnanir þessar töldu sig ekki hafa þeim mönnum á að skipa, sem þær sæu fært, að tækju að sér þetta verk. Það, sem ég gerði fyrir n. í þessu máli, var lítilfjörlegt, því að eins og hv. þm. Hafnf. tók fram, var ekki gerð tilraun til að gera kostnaðaráætlun um málið, ekki einu sinni byrjað á slíkri áætlun, enda var ekki hægt um vik. Fyrir n. lá mikið starf, einnig í því að skipuleggja þetta svæði til skipasmíðastöðvar. Mér finnst það koma úr hörðustu átt, þegar vitamálastjóri vill stöðva málið á því, að ekki liggi fyrir kostnaðaráætlun. Eins og hv. 7. þm. Reykv. (SK) tók fram, er í 1. gr. ákveðið framlag ríkissjóðs og ákveðið, að það fari ekki fram yfir þessar 2 millj. Okkur er kunnugt um, að þegar hafnargerðir eru samþ., liggja fyrir kostnaðaráætlanir, en það er samt ekki nema stundum, sem þessar áætlanir standast, og það er alltaf sú hætta, sem þarf að reikna með. Það skal viðurkennt, að áætlun liggur ekki fyrir, en eins og málið er í pottinn búið, var ekki hægt að gera áætlun, því að kostnaðurinn var svo mikill, tíminn enginn og ekki nægilega miklum mannafla á að skipa.

Ég held, að d. geti samþ. þetta. Það hafa áður verið samþ. fjárveitingar til gagns fyrir landbúnaðinn, hærri en þessi fjárveiting til skipa-

smíðastöðvarinnar og án þess að það lægi fyrir áætlun, og er þar skemmst að minnast uppbótanna á afurðirnar. Ég get satt að segja ekki séð, að þingið standi sig ekki við að samþykkja þessi l.

**Emil Jónsson:** Það var bara út af því, sem hv. 11. landsk. sagði, að það kæmi úr hörðustu átt, að ég vildi stöðva málið, þar sem til mín hefði verið leitað, en ég hefði ekki veitt aðstoð mína. Í fyrsta lagi hef ég ekki lagt til að stöðva málið, ég hef ekki einu sinni sagt, hvernig ég muni greiða atkv., — ég bara sagði, hvað vantaði og hvaða tegund af undirbúningi málið hefði fengið. En það er uppspuni, að ég hafi viljað stöðva málið. Það er rétt, að það var leitað til mín í sumar, þegar verkfræðingar vitamálaskrifstofunnar voru ekki heima, og ég gat ekki sinnt því að undirbúa þetta mál, enda er undirbúningur þess svo mikill, að hann verður ekki framkvæmdur á einum degi eða tveimur og ekki á einni viku eða tveimur og jafnvel ekki á mánuðum. Hv. þm. veit það eins vel og ég, að þetta er ekki hægt nema á löngum tíma. Ég get líka sagt það, að sjútvn. Ed. sendi mér þetta mál til umsagnar, og mátti ég hafa einn dag eða tæplega það til þess að athuga það, og stóð í bréfinu, að væri ekki hægt að svara fyrir kl. 10 næsta dag, væri eins gott að svara ekki. Og ég náttúrlega svaraði ekki, því að ég tel, að svo naumur tími gefi ekki nokkurn tíma til umhugsunar, og ég álít betra að segja ekki neitt en segja eitthvað, sem byggt er á svo skammri athugun.

Hv. þm. sagði líka, að það kæmi fyrir, að veita þyrfti viðbótarfjárveitingar. Ég veit, að það er oft svo, að það þarf að hækka framlög til hafna, en þá eru þau miðuð við, að framkvæmdirnar séu auknar frá því, sem var upphaflega, en í flestum tilfellum er reynt að gera sér grein fyrir þeim kostnaði, sem stofnað er til, þegar byrjað er á verkinu. Hér er þetta ekki gert. Það er ekkert um það, hvað fæst fyrir þessar 5 millj. og hvað það muni kosta að byggja þetta mannvirki. Þetta er alveg út í bláinn og ekkert sagt um, hvort það muni kosta 5 millj. eða 50 millj. Allar tölur eru jafneðlilegar.

Frsm. n. sagði, og hv. 11. landsk. tók undir það, að það væri enginn skaði, þó að frv. n. væri samþ., því að framlög ríkissjóðs væru takmörkuð við 2 millj. En nú veit hann það, að þegar einu sinni er búið að samþ. þetta og eyða þessum 2 millj. og það sýnir sig, að þetta fé er ekki nóg, þá er það það fyrsta, sem gert verður, að bæta við þetta fé, svo að það komi að notum. Þess vegna held ég, að það sé ákaflega æskilegt, að það lægi fyrir, þótt ekki væri nema ágizkun um það, hvað heildarkostnaðurinn við þessi mannvirki mundi verða, áður en l. um þau eru samþ. Það má vel vera, að það sé nauðsynlegt að hraða svo afgreiðslu þessa frv., að ekki sé tími til þess að gera sér grein fyrir, hvort mannvirkin kosti 5 millj. eða 50, en æskilegast væri um mannvirki, sem velta á svona miklum tölum, að reynt væri að gera sér einhverja hugmynd um, hvorum megin eða nær hvorri upphæðinni þau munu verða.

Landið, sem valið er, hefur, eftir því sem ég bezt veit, ekki heldur verið kannað eða rannsakað, hvernig jarðvegurinn er á þeim stað, sem með l. er slegið föstu, að byggja skuli á, en þetta getur haft mjög mikla þýðingu.

Ég neita því ekki, að hér er um ákaflega mikið hagsmunamál að ræða fyrir þjóðina og gæti orðið mikil lyftistöng fyrir útveg okkar, ef skipasmíðastöð kæmist á laggirnar, en þrátt fyrir þessa nauðsyn álít ég sjálfsagt fyrir þá, sem með málin fara, að gera sér ljóst í fyrsta lagi, hvernig stofnað er til málanna, hvað skuli gert og hver kostnaðurinn verði.

Ég skal taka það fram, að ég mun greiða atkvæði með málinu til 3. umr. a. m. k., ef einhverjar upplýsingar kynnu að koma fram í því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:1 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 63. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 64. fundi í Nd., 15. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 664).

——o——

## 58. Bifreiðaskattur o. fl.

Á 57. fundi í Nd., 2. des., var útbýtt:
**Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.** (þmfrv., A. 550).

Á 58. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýting frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Það er eins með þetta frv. og 177. mál, sem samþ. var næst á undan að vísa til 2. umr., að það er flutt af fjhn. eftir tilmælum ríkisstj. Hér er einungis að ræða um framlenging gildandi ákvæða, sem ég hygg menn sammála um, að framlengja þurfi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 59. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 3. umr.

**Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson)**: Herra forseti. Fjhn. hefur athugað frv. þetta og ber fram tvær leiðréttingar við það. Sú fyrri er við 1. gr., að í stað „1. janúar 1943 til ársloka 1944" komi: 1. janúar 1944 til ársloka 1945, — og við 2. gr., að í stað „1943 og 1944" í 3. málsgr. komi: 1945 og 1946. — Eru þetta hvort tveggja leiðréttingar, eins og áður er sagt.

**Forseti (JörB)**: Borizt hefur skrifl. brtt. frá fjhn., og þarf tvöföld afbrigði, þar sem hún er of seint fram komin og skrifleg.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 618) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 618,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 618,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 63. fundi í Ed., 10. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 619).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 66. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 619, n. 654).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson)**: Þetta frv. er komið frá Nd. og borið fram að tilhlutun hæstv. fjmrh. Aðalefni þess er að framlengja ákvæði bifreiðaskattsl. um eitt ár. Auk þessa aðalefnis eru nokkur nýmæli í 3. gr. um gjalddaga á bifreiðaskatti, þannig að hann sé 1. apríl ár hvert, og er þessi breyt. gerð samkv. till. tollstjórans í Rvík.

Fjhn. hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþ. óbreytt. Þó hefur einn nm. fyrirvara, sem hann gerir kannske grein fyrir. Ég hef frá upphafi verið fylgjandi þessum l. og þarf enga sérstaka grein að gera fyrir því, að ég er það enn, en sumir nm., t. d. hv. form., hafa ekki verið fylgjandi þessum l. áður, en leggja samt til, að frv. verði samþ., sökum þes að Alþ. er raunverulega búið að samþ. framlengingu l. með samþykkt fjárl., því að í fjárl. er því fé ráðstafað beinlínis, sem inn á að koma samkv. þessum l. Það mundi því valda töluverðri röskun á því, sem ætlað er um framkvæmdir samkv. fjárl., ef frv. yrði fellt nú. Þess vegna er öll n. á einu máli um að mæla með afgreiðslu frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 67. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 675).

—o—

## 59. Alþýðutryggingar (breyt. á l. 56/1941).

Á 28. fundi í Sþ., 9. nóv., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 27. júní 1941, um viðauka við og breyt. á l. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar** (þmfrv., A. 361).

Á 45. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 46. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson)**: Það er sama að segja um þetta frv. og það, sem var til umr. næst á undan, að það er flutt að tilhlutun hæstv. forsrh., sem nú fer með félagsmál, en samið af mþn. Þó er sá meginmunur á, að í þessu frv. er aðeins gert ráð fyrir bráðabirgðabreyt. á því skipulagi, sem það fjallar um. Um þetta frv. er hið sama að segja og hitt að því, að einstakir nm. hafa óbundin atkv. um einstök atriði og brtt., sem fram kunna að koma.

Efni frv. er, að á meðan vísitalan er 110 stig eða hærri, skuli lífeyrissjóður Íslands greiða 50% af heildarupphæðinni innan þeirra takmarkana, sem nú eru í l., og að þeirri takmörkun viðbættri, að hann tekur ekki þátt í greiðslum, er nema meira en 120 kr. Þegar alþýðutryggingal. voru sett árið 1936 og þeim breytt 1937, var ákveðið, að lífeyrissjóður skyldi leggja fram til ellilauna og örorkubóta kr. 52,50 fyrir hvert gamalmenni eldra en 67 ára eða sem svarar síðustu árin 430 þús. kr. á ári. Það kom í ljós, að sveitarfélögin tóku upp örorkubótagreiðslur á þá leið, að þessi fastákveðna upphæð, sem lífeyrissjóður Íslands lagði til, varð því minni hluti af heildarupphæðinni, sem meira var lagt fram af sveitarfélögunum í þessu skyni. Þegar svo eftir árið 1939, að dýrtíðin tók að vaxa, og þess vegna varð að hækka ellilaun og örorkubætur, þá lækkaði hundraðshluti lífeyrissjóðsins stórkostlega, og var álitið, að sveitarfélögin þyldu það ekki. Þess vegna var l. breytt 1941, og var þá horfið frá því að miða við ákveðna upphæð,

sem lífeyrissjóðurinn legði fram, en í þess stað var ákveðið, að lífeyrissjóðurinn skyldi þannig leggja fram 30% örorkubætur í 2. flokk, en í 1. flokk lagði hann fram helming eftir ákvæðum l. um þann flokk. Þetta fyrirkomulag hefur svo haldizt síðan, og var samkvæmt því úthlutað fyrir yfirstandandi ár 4½ millj. kr. Það lætur nærri, að ⅔ af þeirri upphæð séu framlag sveitarfélaganna, en ⅓ sé framlag lífeyrissjóðsins, en af framlagi lífeyrissjóðs endurgreiði ríkissjóður það, sem er umfram þá upphæð, sem lífeyrissjóður leggur fram samkvæmt fyrri ákvæðum alþýðutryggingal. Þessi upphæð nemur fyrir 2. flokk samkvæmt l. nú 800 þús. kr. fyrir yfirstandandi ár. Nú munu menn spyrja, hve mikil breyting verði á þessu framlagi ríkissjóðs, •ef þetta frv. verður samþ. Því er ekki unnt að svara til fullnustu, en sé miðað við árið í ár og þá úthlutun, sem fór fram á því, og gert ráð fyrir, að þau ákvæði, sem í frv. eru, gildi fyrir yfirstandandi ár, mun láta nærri, að þetta framlag lífeyrissjóðs muni verða um 1 millj. og 600 þús. kr. eða 800 þús. kr. meira en nú er. Hins vegar fer það að sjálfsögðu eftir því, hve mikið er lagt fram til þessara mála í framtíðinni, hversu stór hlutur lífeyrissjóðsins verður. Ég vil á engan hátt leyna því, að ég geri ráð fyrir, að þessi breyt. verði til þess, að nokkuð ríkara sé lagt fram af sveitarfélögum en ella mundi, enda er tilgangur flm. sá, að hlutur þeirra, sem njóta ellilauna og örorkubóta, verði betri eftir en áður. Mér þykir rétt að geta þess, að n. hefur í huga með þessum till. sínum, að hlutfallið sé ákveðið eins og í frv. greinir, og gera ýmsir nm. ráð fyrir, að það verði frambúðarfyrirkomulagið. Samkvæmt gildandi l. um lífeyrissjóð Íslands er ætlazt til þess, að hann geti, þegar hann hefur náð fullum vexti, séð fyrir framfærslu þeirra, sem komnir eru á gamals aldur og hafa tilsettan tíma greitt iðgjöld. En það er ekki fyrr en eftir 50 ár, sem þess má vænta, og þó því aðeins, að útreikningurinn reynist réttur og gildi peninga breytist ekki mjög verulega á því tímabili. Það er álit okkar flestra í n., að þetta fyrirkomulag verði trauðlega haldið eins og gert er ráð fyrir í l., heldur verði einhver önnur leið farin til þess að sjá fyrir framfærslu gamalmenna. Sú framfærsla hefur hjá okkur Íslendingum verið með þeim hætti, að það, sem á skorti, að gamalmennin sjálf og vandamenn þeirra hafi getað séð fyrir þeim, það hefur verið lagt fram af hlutaðeigandi sveitarfélögum, þangað til alþýðutryggingal. voru sett. Síðan þau komu í gildi, hefur þetta skipzt þannig í aðalatriðum, að það, sem á hefur skort, að framlag skyldmenna hafi nægt til að sjá fyrir gamalmennum, hefur verið lagt fram af ríkinu og sveitarfélögunum í hlutfallinu 2 frá sveitarfélögunum, en 1 frá ríkissjóði. Það er gert ráð fyrir, að þessu verði breytt þannig, að það, sem kemur frá hinu opinbera, skiptist jafnt á ríki og sveitarfélög. Ef horfið yrði að því ráði að láta lífeyrissjóð Íslands taka til starfa, fyrr en gert er ráð fyrir í l. eins og þau eru nú, þá yrði auðvelt að láta hann taka nokkurn hluta af gamalmennaframfærslunni, og n. hefur hugsað sér, þegar það yrði, að hafa þá hlutfallið á milli sveitarfélaganna og ríkissjóðs ákveðið, að því er framlagið snertir, einmitt það sama og gert er ráð fyrir hér í frv., að skipta því jafnt á milli þessara aðila. Það er mjög almennur misskilningur úti um landið og kannske hjá sumum hv. þm., að lífeyrissjóðsgjöldin, sem nú eru greidd, séu notuð til greiðslu ellilauna. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að taka það fram, að þetta er fjarri öllum sanni. Lífeyrissjóðsgjöldin renna öll í lífeyrissjóðinn og eru þar sem eign þjóðarinnar. Það má gera ráð fyrir því, að um næstu áramót verði fjáreign lífeyrissjóðs orðin um 10 millj. kr., þannig að það er nú þegar nokkur fjársöfnun í viðbót við árlegar tekjur, og væri hægt að hugsa sér að nota það fé til gamalmennaframfærslu ásamt því, sem ríkissjóður og sveitarfélögin greiða. Mþn. hefur samið þetta frv., og gerir hún ráð fyrir að vinna áfram að endurskoðun á þessum köflum alþýðutryggingal., ellitrygginganna. Ég geri því ekki ráð fyrir, að það fyrirkomulag, sem hér er bent á, verði nema til bráðabirgða, en legg mikla áherzlu á það, að þessi breyt. verði gerð með tilliti til þess, að rýmkast megi hagur þeirra manna, sem við l. eiga að búa, og ríkissjóður þegar svo vel lætur í ári, taki meiri þátt í þessum greiðslum en verið hefur til þessa.

Ég vil geta þess, að hér fyrir þessari hv. d. liggur frv. frá hv. þm. Dal. (ÞÞ) um breyt. á þeim sömu l., sem þetta frv. gerir ráð fyrir að breyta, og vildi ég mega vænta þess, að það frv. verði tekið til athugunar í n., um leið og þetta frv. Get ég svo látið máli mínu lokið, en vil vænta þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Ed., 10. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 361, n. 581).

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Mþn., sem haft hefur alþýðutryggingalöggjöfina til athugunar, lauk ekki endurskoðun eins kaflans, en hún gerir ráð fyrir að vinna áfram að endurskoðun hans. Hins vegar var hún á einu máli um, að aðkallandi væri að gera þá breyt. á elli- og örorkubótum, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu.

Fjhn. hefur athugað þessar breyt. á nokkrum fundum og orðið sammála um, að rétt sé að gera þessar breyt. nú þegar. En efni frv. er, að í stað þess, að nú eru greiddir af Tryggingastofnun ríkisins 30 hundraðshlutar af heildarúthlutun samkv. 2. tölulið 8. gr. l., þá skuli framvegis framlag Tryggingastofnunar ríkisins vera 50 hundraðshlutar eða helmingur heildarúthlutunar samkv. 80. gr. fyrir bæði 1. og 2. flokk.

Ég gerði grein fyrir því við fyrstu umr., hversu miklu munaði á framlagi ríkissjóðs á yfirstandandi ári, ef farið væri eftir ákvæðum þessa frv., en það verður 800 þús. kr. meira en samkv. gildandi l. Vitaskuld breytist þessi upp-

hæð með breyt. á því, sem bæjar- og sveitarfélög leggja fram í þessu skyni.

N. var ásátt um að mæla með því, að þessi breyt. yrði gerð, en telur ekki nógu skýrt tekið fram í 1. gr., að sú flokkaskipting, sem felst í 1. og 2. tl. 80. gr., falli niður. N. leggur til, að þetta sé skýrt fram tekið, og gerir því brtt. í þá átt á þskj. 581. En þessi takmörkun, sem þarna er um að ræða, er, að tillag bæjar- og sveitarfélaga megi ekki nema meira en ¼ af heildartillagi ríkissjóðs til ellilauna, og að því, er styrk til einstaklinga snertir, ekki fram úr ½ sama tillags. N. hefur orðið sammála um, að um leið og framlag verður hið sama í 1. og 2. flokki, þá sé þessi gr. fallin úr l. Því er till. þessari bætt við.

Þessi 50%, sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram, eru miðuð við tvennt. Í upphafi, þegar tryggingal. voru sett og ekki var vitað, hvað mikið þyrfti, þá var ákveðið, að framlag bæjar- og sveitarfélaga skyldi ekki vera meira en 50%. En síðan dýrtíðin hefur vaxið, hefur tillagið farið fram úr þessu og komst upp í 75%, en er nú um 70% í 2. flokki, en 50 í 1. flokki. En það er gert ráð fyrir, þegar gengið er frá endurskoðun þessa kafla, að miðað sé við, að framlög ríkis og sveitarfélaga séu nokkuð hliðstæð, svo að lífeyris- eða tryggingarsjóður geti staðið undir greiðslunum. M. ö. o., n. er sammála um og leggur áherzlu á, að frv. sé samþ. með þessum breyt., sem hér er um að ræða, þótt þær komi ekki til framkvæmda fyrr en við úthlutun ellilauna á næsta ári.

**Hermann Jónasson:** Ég vil aðeins gera grein fyrir fyrirvara þeim, sem ég hef í nál. Hann er ekki stórvægilegur, en mér finnst það geta komið til álita, hvort lágmarksupphæðin sé ekki of há, t. d. fyrir fátækustu sveitir. Ég mun taka til athugunar til 3. umr., hvort ég kem með brtt. um þetta.

ATKVGR.
Brtt. 581 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 640).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 62. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 63. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 16. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 640, n. 651).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

**Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Það er það sama um þetta að segja og um næsta mál á undan, að frv. er samið og undirbúið á sama hátt, en fjallar um tvær breyt., sem rétt þykir að gera á alþýðutryggingal., sérstaklega ellitryggingunum. Annað atriði frv. er um, að framlag lífeyrissjóðs verði hækkað upp í 50%, eins og upprunalega var gert ráð fyrir í l., og sé lágmarksupphæð ellilauna eða örorkubóta 120 kr. auk verðlagsuppbótar. Þarf ekki að skýra þetta frekar, enda liggur málið ljóst fyrir, og heilbr.- og félmn. mælir með, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 66. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 687).

—o—

## 60. Alþýðutryggingar (breyt. á I.—III. kafla).

Á 28. fundi í Sþ., 9. nóv., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar** (þmfrv., A. 360).

Á 45. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Þetta frv. er flutt samkv. tilmælum forsrh., sem fer með félagsmálefni, og er samið af mþn., sem Jóhann Sæmundsson þáv. félmrh. skipaði í marzmánuði s. l. samkvæmt þál., sem samþ. var á Alþ. 21. maí 1942. Þessari mþn. var með bréfi ráðh. gefið ákveðið verkefni, þ. e. a. s. að endurskoða alþýðutryggingalögin, en þau voru ákveðin með l. frá 1936—1937 ásamt breyt., sem síðar hafa verið á þeim gerðar. Rétt um sama leyti og þessi mþn. var skipuð fól sama ráðuneyti þrem sérfræðingum að athuga fjárhagsgrundvöll undir heildartryggingar hér á landi. Þessum athugunum sérfræðinganna er ekki lokið, en mér er kunnugt um, að þeir hafa þegar

safnað að sér miklum gögnum og eiga von á enn fleirum. Það, sem mér skilzt hafa vakað fyrir félmrh. með útnefningu þessara þriggja manna, er, að hún fengi það verkefni að steypa öllum almennum tryggingum saman í eina heild, og mþn., sem vann að samningu þessa frv., er einhuga á þeirri skoðun, að að þessu beri að stefna.

Tryggingagreinum fjölgar nú mjög. Þær eru með mismunandi sniði að því er snertir réttindi til þeirra, er tryggingarnar njóta, og aðstandenda, hvernig fjár skuli aflað, innheimtu hagað og hvernig gjöldum skuli jafnað niður. Ég tel, að eftir því sem tryggingar aukast, verði þetta fyrirkomulag með margar mismunandi tryggingagreinar eftir ólíkum reglum mjög erfitt og þungt í vöfum. Eins og ég sagði áðan er n. einhuga um það, að að því marki beri að stefna að koma öllum þessum tryggingagreinum í eina heild. Annars er þetta verkefni fyrir utan það starfsvið, sem mþn. var markað með bréfi ráðh., því að henni var eingöngu ætlað að endurskoða tryggingalögin frá 1936—1937 með þeim breyt., sem síðar hafa verið á þeim gerðar.

Í raun og veru er það markmið allra trygginga að afstýra eða bæta úr skorti, sem orsakast af ástæðum, sem þeim tryggðu eru ósjálfráðar, hvort sem um er að ræða sjúkdóma, slys, örorku, elli eða atvinnuleysi. Þetta er gert með tvennum hætti: annars vegar að bæta hið beina tjón eða kostnað, sem af þessu leiðir, svo sem læknishjálp, lyf, umbúðir, sjúkravist eða annað slíkt, og hins vegar að bæta atvinnutjón og tekjumissi, sem hlutaðeigandi verður fyrir eða bíði hans og aðstandenda hans. Meginþáttur allra trygginga hlýtur jafnan að vera starfsörorkutrygging fyrir alla þá, sem eiga afkomu sína eða sinna undir vinnu sinni. Og þá skiptir það kannske mestu máli fyrir einstaklinginn, hvort atvinnutjónið og tekjumissirinn, sem því fylgir, stafar af sjúkdómum, slysi, örorku eða af því að starfskraftarnir þrjóta fyrir elli sakir, atvinnuleysi og að starfsorkan er óseljanleg um lengri eða skemmri tíma. En eins og ég sagði áðan, er verksvið n. takmarkað við þann ramma, sem nú er settur með alþýðutryggingal., svo að fullkomin endurskoðun og athugun verður látin bíða, geri ég ráð fyrir, þar til niðurstöður sérfræðinganna liggja fyrir. Þó þykir mér rétt að geta þess, að n. hefur rætt sérstaklega um tvö atriði í sambandi við þessa endurskoðun, sem henni var falin, þó að hún telji sér ekki fært á þessu stigi að bera fram ákveðnar till. um þau efni. Fyrra atriðið er um bætur fyrir dauðaslys, sem eru ekki bætt samkvæmt gildandi lögum. N. lét fara fram rannsókn á því, hversu mörg dauðaslys um væri að ræða, sem trygging nær ekki til nú, og sú rannsókn leiddi í ljós, að réttur helmingur dauðaslysa er bættur með slysatryggingu. Auk þess eru sum önnur slys bætt með líftryggingu. N. taldi þó að þessari athugun lokinni, að það væri mjög torvelt að fella slíkar breyt., sem hér um ræðir, inn í núgildandi alþýðutryggingalög og sér sér því ekki fært að bera fram slíka till. að svo stöddu. Þá var einnig rætt nokkuð í n. um nauðsyn þess að undirbúa eða koma upp barnatryggingum í því formi, að greiddir yrðu uppeldisstyrkir til þeirra fjölskyldna, þar sem fleiri en tvö til þrjú börn eru á framfæri sömu fyrirvinnu. Það byggist á þeirri skoðun, sem hefur rutt sér mjög til rúms, að þess sé tæplega að vænta, að ein fyrirvinna fyrir stórri barnafjölskyldu, jafnvel þó að atvinna sé sæmileg, geti tryggt börnum sínum jafngóð lífskjör og uppeldi og sú fyrirvinna, sem hefur fyrir færri börnum að sjá. Þó að það sé leiðinlegt til afspurnar, er það samt svo, að engar skýrslur eru til þessu varðandi til undirstöðu við rannsókn á þessu atriði. N. er það ljóst, að það færist meira og meira í það horf, að við útreikninga, bæði þegar um er að ræða kaup, verðlag og skatt eða annað, sem hefur áhrif á afkomu manna, er miðað við þarfir meðalfjölskyldu, sem venjulega er fjögurra til fimm manna fjölskylda, og er ein fyrirvinna fyrir þessum hópi. En það liggur í augum uppi, að það, sem er nægilegt fyrir mann með tvö til þrjú börn, er ófullnægjandi fyrir mann með fimm eða fleiri börn. En fyrst og fremst vegna þess, að engar skýrslur liggja fyrir um barnafjölda miðað við fyrirvinnu með tvö til þrjú börn, taldi n. sér ekki fært að bera fram ákveðnar till. um þetta, enda tími hennar naumur. Þá hefur n. farið yfir öll tryggingalögin í heild, en ekki getað gengið frá till. nema á þrem fyrstu köflunum. Einnig hefur hún gert nokkrar breyt. á kaflanum um ellilaun og örorkubætur, en þær eru á öðru frv.

Ég skal þá víkja að þeim breyt., sem n. leggur til, að gerðar verði frá núgildandi l., en vil benda þm. á til leiðbeiningar, að á frv. því, sem útbýtt er í d. og er þskj. 360, eru prentuð með breyttu letri þau atriði, sem breyt. eru gerðar á. Sumpart eru það efnisbreyt. og sumpart orðalagsbreytingar. Breyt. á slysatryggingunum eru raunar þrenns konar. Í fyrsta lagi er svið tryggingarnna nokkuð víkkað frá því, sem nú er, þannig að fjölgað verður nokkrum starfsgreinum, sem eru tryggingarskyldar. Skylt verður að tryggja gegn slysum samkv. ákvæðum þessara laga starfsfólk, sem vinnur við þvottahússtörf og ræsti- og hreingerningavinnu í skólum, sjúkrahúsum, samkomuhúsum o. fl., eldhússtörf og sendisveinastörf, enn fremur héraðslækna og skipaðar ljósmæður. Samkv. frv. eru einnig allir þeir tryggðir, sem starfa að húsbyggingum nema útihúsum í sveitum, sem byggð eru úr torfi og grjóti, önnur en heyhlöður, svo og viðbætur og breytingar húsa í sveitum. En slíkar byggingar úr torfi og grjóti eru nú mjög fátíðar. Þótti ekki fært að sleppa þessu atriði, því að ákvæði um þetta hafa verið mjög á reiki. Í l. er svo fyrir mælt, að menn við húsbyggingar séu ekki slysatryggðir við önnur hús en þau, sem eru tvær hæðir auk þaks og kjallara.

Í öðru lagi er svo breyt. á stríðsslysatryggingunum, þannig að framvegis verður hætt að tryggja gegn slysum, sem stafa af ófriði eða styrjaldaraðgerðum, en þess konar slys hafa ekki verið undanþegin til þessa. Hins vegar gengur n. út frá því, að ef slíka atburði ber að höndum, verði þeir bættir með sérstökum ráðstöfunum. Meðan núverandi styrjaldarástand helzt og l. um stríðsslysatryggingu sjómanna

haldast, skal þó greiða þeim, sem verða fyrir stríðsslysi, það, sem á kann að skorta, að bætur stríðsslysatryggingarinnar nemi sömu upphæð og slysabætur samkv. lögum þessum.

Í þriðja lagi eru breyt. um hækkun á dagpeningagreiðslum, og skal ég nú víkja að því. Dagpeningar eru samkv. gildandi l. kr. 5.00 á dag auk verðlagsuppbótar, en mega þó aldrei fara fram úr ¾ af dagkaupi mannsins við þá atvinnu, er hann hafði, þegar slysið varð. Frv. gerir ráð fyrir að hækka dagpeningana upp í kr. 7.50. Að öðru leyti gilda ákvæðin óbreytt áfram, hvað viðvíkur ¾ hlutunum. Þessi hækkun er gerð með hliðsjón af þeirri grunnkaupshækkun, sem orðið hefur í landinu miðað við vísitölu 250. Yrðu því dagpeningar alls með uppbót kr. 18.75 í allt að sex mánuði.

Þá eru og breyt. gerðar á dánarbótum, og skal ég rekja þær hér með fáum orðum. — Samkv. gildandi l. eru dánarbætur til ekkna 3.000 kr. miðað við vísitölu 250, sem verður 7.500 kr. með verðlagsuppbót. Í frv. er lagt til, að þessar bætur haldist óbreyttar. Ef ekkja eða ekkill er yfir 50 ára eða hefur tapað 50% eða meira af starfsorku sinni, greiðist auk þess lífeyrir til dauðadags, 960 kr. á ári, miðað við 100% örorku eða 67 ára aldur. Þetta er byggt á því, að í raun og veru er engin ástæða til þess að greiða stórkostlegar bætur til ekkna, sem eru ungar að aldri og færar um að vinna fyrir sér, hvernig sem að öðru leyti er ástatt. Hins vegar fá þær bætur greiddar í eitt skipti fyrir öll, en ekki lífeyrir til dauðadags, nema um örorku sé að ræða, og fá þær þá sæmilegan lífeyri. Sama sjónarmið er einnig lagt til grundvallar í till. um bætur til barna, sem misst hafa fyrirvinnu. Á það er minnzt í gildandi l., og samkvæmt þeim eru greiddar 100 kr. á ári með barni til 16 ára aldurs auk verðlagsuppbótar. Samkv. frv. er hins vegar gert ráð fyrir 750 kr. á ári til 16 ára aldurs auk verðlagsuppbótar. Það svarar til 1.875 kr. á ári miðað við vísitölu 250 eða grunnupphæð 100 kr. hærri en meðlagskostnaður er ákveðinn með börnum, sem bærinn greiðir fyrir vegna vanrækslu barnsföður. Sé barn munaðarlaust, verða bætur hærri eða 1.200 kr. til sama aldurs auk uppbótar. N. gerir ráð fyrir því, að þessi lífeyrir eigi að vera nægur til þess, að barn þurfi ekki að líða skort af þeim sökum, að fyrirvinna falli frá. Þá er gert ráð fyrir því, að bætur til foreldris hækki upp í 1.000—3.000 kr. til hvors foreldris fyrir sig, eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Barn yfir 16 ára að aldri, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, fær í dánarbætur 1.000 kr. — 3.000 kr., eftir því, að hve miklu leyti það var á framfæri hins látna við fráfall hans. Sem sagt aðalbreytingarnar á dánarbótum eru hækkun á barnalífeyri og ákveðnum lífeyri til ekkna, sem eru örkumla eða yfir 50 ára.

Á örorkubótum eru gerðar verulegar breyt. Samkv. gildandi l. eru nú greiddar fyrir 100% örorku 6.000 kr. miðað við vísitölu 250, sem verða alls 15.000 kr. Í frv. er hins vegar lagt til, að í stað þess að borga þessa upphæð verði greiddar fyrir fulla örorku 1.200 kr. á ári sem örorkulífeyrir auk verðlagsuppbótar, en lækkar hlutfallslega, eftir því sem starfskraftar eru meiri. 100% örorka er það, ef maður er svo örkumla, að hann vanti algerlega starfsorku. Ef örorka er metin 50% eða meiri, skal aðstandendum hans greiddur lífeyrir og bætur eins og ef hann væri fallinn frá. Aðalbreyt. á þessum ákvæðum frá gildandi l. eru um hækkun á lífeyri, ef örorkan er metin 50% eða meiri, og einnig greiðslurnar til vandamanna eftir sömu reglum og um dauðaslys væri að ræða, þó þannig, að þessar bætur og lífeyrir fari lækkandi, eftir því sem örorkan er minni, og falli niður með öllu, ef maður hefur misst minna en helming starfsgetu sinnar. Ef starfsorkutap manns er innan við 50%, er tryggingunni heimilt að borga út bætur í einu lagi, sem jafngilda lífeyri hans. Er þetta byggt á því, að slíkir menn, sem hafa helming starfsorku eftir, geti oft og einatt skipt um atvinnu eða búið í haginn fyrir sig og tryggt afkomu sína til frambúðar með því að fá fé handa á milli til þess að koma sér fyrir.

Þetta eru þær meginbreytingar, sem um er að ræða á bótagreiðslunum. Hversu mikinn kostnað þessar breyt. muni hafa í för með sér, er ekki unnt að segja um með neinni vissu. N. hefur hins vegar látið gera um þetta eins ýtarlegar áætlanir og unnt er. Samkvæmt þeim telst okkur svo til, að gera megi ráð fyrir, að iðgjöld sjómannatryggingarinnar, sem nú eru 6.00 á viku, þurfi að hækka um 5.00 kr. til þess að standast þennan kostnaðarauka, miðað við vísitölu 250. Hækkunin þarf ekki að vera eins mikil á iðgjöldum í aðalflokkum iðntryggingarinnar, sem eru nú frá kr. 0.70—2.70 á viku, en hækkunin mundi nema samkv. frv. kr. 0.60—2.00. Eins og ég sagði áðan, er hækkunin meiri á sjómannatryggingunum, og verða því iðgjöldin þar kr. 10.00—11.00 á viku, en ég vil benda á í sambandi við það, að þetta er þó ekki nema fimmföld sú hækkun, ef miðað er við verðlag fyrir stríð. Auk þess er það von manna, að stríðsslysatryggingin geti hætt störfum, áður en mjög langt um líður, og þá verði hægt að lækka iðgjöldin.

Ég vil geta þess í sambandi við þá aukningu, sem hér er gert ráð fyrir, að ég sé ekki ástæðu til, að hv. þm. láti sér hana vaxa í augum.

Vil ég þá víkja að breyt., sem lagt er til, að gerðar verði á sjúkratryggingum.

Skv. gildandi l. ber þeim, sem hafa 7.000 kr. skattskyldar, að greiða iðgjöld til sjúkrasamlagsins. Framvegis eiga að gilda sömu reglur um þá og aðra. Allir eiga að hafa sama rétt til fríðinda, án þess að tillag til sjúkrasamlaga fylgi. Nú greiðir sjúklingurinn kostnað á sjúkrahúsi. Því er breytt þannig, að hann greiði föstum heimilislækni 5/6 af kostnaðinum, en 1/6 greiði hinir tryggðu, um leið og þeir vitja læknis. Meiri hl. var þeirrar skoðunar, að þetta ákvæði væri nauðsynlegt til þess að draga úr ónauðsynlegu kvabbi. Þá er og gert ráð fyrir, að samlagið greiði sjúkrahúsvist eftir þörfum, að ráði læknis.

Nú hefur verið samþ. breyt. á l. um ríkisframfærslu sjúkra og örkumla, þannig að nú eiga allir, sem eru haldnir langvarandi, alvarlegum sjúkdómum rétt á að njóta sjúkrahúsvistar. Áður greiddi ríkið 4/5 og sveitar- eða

bæjarfélag 1/5, ef fjárhagsástæður sjúklingsins voru þannig, að þess taldist þörf, eftir því sem segir til í lögunum. Ekki er hægt að segja, hve mikinn kostnaðarauka þetta bakar, en líklega er hann ekki meiri en sjúkrasamlögin velflest rísa undir.

Gert er ráð fyrir, að samlagið greiði í fæðingarstyrk 40 kr. að viðbættri verðlagsuppbót. — Þá er skylt að greiða dvalarkostnað sængurkvenna í sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun, þótt eigi hafi þær komið beint af heilbrigðisástæðum, heldur og heimilisástæðum. Sjúkrasamlag Reykjavíkur framkvæmir þetta þannig, svo að ekki er hér um breyt. að ræða fyrir stærstu sjúkrasamlögin.

Ég vil taka það fram, að nú er heimild í lögum um að takmarka greiðslu á miður nauðsynlegum lyfjum, og verður að meta það á hverjum tíma.

Röntgenmyndatökur skal sjúkrasamlagið greiða að ⅓. Þær eru oftast nauðsynlegar, og þykir sjálfsagt að greiða þær að þessum hluta. Ýmis samlög greiða nú að verulegu leyti þennan kostnað.

Þetta eru meginbreyt. á þeim fríðindum, sem sjúkrasamlögunum ber að veita, en einstök samlög geta ákveðið með samþykktum að veita meiri fríðindi. Tryggingastofnunin og ráðherra úrskurða, hvort samlagið getur mætt þeim kostnaði.

Lagt er til, að framlag ríkis og bæjar breytist þannig, að framlag frá hvorum þessum aðila sé hækkað úr ¼ í ⅓ hluta. Tillag ríkis og bæjar móti iðgjaldi hvers meðlims samlagsins sé 66⅔%. — Það ákvæði, að greiðslan verði ekki hærri en 12 kr. á ári, haldist óbreytt.

Það hefur verið rætt í n., hvort ekki mundi tími til kominn að lögbjóða sjúkrasamlög um allt land. Eftir því sem þeim fjölgar, verða gloppurnar meiri á milli þeirra. Svörin við þessu vandamáli hafa verið nokkuð mismunandi. Allmargir eru því fylgjandi að taka upp að lögbjóða sjúkrasamlög um allt land. En n. hefur orðið ásátt um að koma ekki með till. í þessa átt, heldur hallast að þeirri stefnu, sem tekin er í 52. gr. frv., um atkvgr. um það, hvort stofna skuli sjúkrasamlög alls staðar þar, sem þau eru ekki þegar tekin til starfa. Eftir reynslu undanfarinna ára mundu mjög víða verða stofnuð sjúkrasamlög. Alls staðar þar, sem atkvgr. hefur farið fram, hefur hún orðið jákvæð. Eftir þá atkvgr., sem fyrirhuguð er, verður hægt að meta það, hvort hægt verður að láta samlögin koma af sjálfu sér eða með öðru móti. Nm. eru í öllum höfuðatriðum sammála um það, sem snertir þennan kafla alþýðutryggingal., og er nauðsyn á að koma þessum breyt. í framkvæmd nú á þessu þingi. Vildi ég mælast til þess, að hv. þm. vildu styðja þessa viðleitni okkar, ef svo mætti segja slysatrygginganna vegna.

Enn eru ýmis atriði í tryggingalöggjöfinni ekki í góðu lagi. Vil ég nefna dæmi.

Ákveðið er, að slysatrygging verkamanna í landi og sjómanna (annarra en þeirra, sem sigla á hættusvæðum), falli ekki undir stríðstryggingalögin. Nú skulum við segja, að tveir menn farist hér úti fyrir ströndinni, annar tryggður skv. stríðsslysatryggingal., en hinn skv. þeim almennu. Trygging þess fyrrnefnda er þrisvar sinnum hærri en hins. Við slíkt misrétti er ómögulegt að una, og þarfnast það lagfæringar.

Vil ég að lokum mælast til, að málið fari til heilbr.- og félmn. að umr. lokinni.

Umr. frestað.

Á 46. fundi í Nd., 11. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Þessu frv. hefur verið útbýtt hér í d. aðeins fyrir fáum dögum, og er því varla hægt að vænta þess, að þm. hafi haft tækifæri til að kynna sér allan þennan mikla bálk. Og þótt frv. sé flutt af heilbr.- og félmn., er mér ekki ljóst, hversu mikil vinna í raun og veru hefur verið lögð í frv., og kom það heldur hvergi fram í ræðu hv. frsm.

Ég hef rekið mig á nokkur atriði í þessu frv., sem ég vil minnast á, einkum það, að ég sé ekki, að frv. hafi verið sent til umsagnar einum mikilvægum aðila þessa máls, en það er félag atvinnurekenda. Að vísu er sagt, að leitað hafi verið álits þeirra, en ekki er að sjá, að frv. í heild hafi verið sent þeim til umsagnar. Vil ég mælast til, að n. taki til athugunar að lokinni þessari umr., hvort ekki er unnt að senda þessum aðilum frv. til athugunar, þar sem þeim er þessi breyt. ekki óviðkomandi, nema upplýsist, að þeir hafi haft frv. til athugunar eins og það liggur fyrir og þeir hafi ekkert haft við það að athuga.

Ég vil þá leyfa mér að fara út í nokkur atriði þessa frv., sem ég vænti, að hv. n. sé fáanleg að taka til athugunar.

Í 10. gr. er ákveðið, að undanþegin tryggingarskyldu séu útihús í sveitum, sem byggð séu úr torfi og grjóti, önnur en heyhlöður. Ég sé ekki, hvaða rök liggja til þess, að maður, sem slasast við að byggja torfhús, skuli ekki vera tryggður, nema ef nota á það torfhús fyrir hey. Ég held, að þessi lína sé dregin óeðlilega. Ef það er viðurkennt af löggjafanum, að þessir menn eigi að vera tryggðir sem mest, finnst mér, að ekki eigi að misjafna þannig hluta manna, sem vinna á sama túni, við sama bæ og að sams konar störfum, við að byggja hús úr torfi og grjóti, að annar þeirra fái bætur, ef slys ber að höndum, en hinn engar.

Þá vil ég minnast á 11. gr. Þar er ætlazt til, að menn séu tryggðir, ef þeir eru á ferðalagi nauðsynlegra erinda fyrir þau fyrirtæki, sem þeir vinna við, milli vinnustaðar og heimilis, þó aðeins í ferðum, sem farnar eru samdægurs. Ég vil benda á, hvort ekki sé ástæða til að hafa þetta víðtækara. Það kom fyrir á síðasta vetri, að starfsmenn utan af landi fóru fyrir fyrirtæki sín til Reykjavíkur og fórust á leiðinni, og fengust engar slysabætur greiddar fyrir þá, og mundu ekki heldur hafa fengizt eftir ákvæðum þessa frv., þó að það hefði verið komið í l. Ég vil biðja n. að athuga, hvort ekki sé rétt, að menn, sem greitt hafa tryggingargjöld sín, eigi ekki að fá bætur fyrir slys, sem að höndum kann að bera, er þeir eru á ferðalagi vegna embættis síns eða fyrirtækis, hvort sem það er lengra eða skemmra.

Þá eru í sömu gr. ákvæði um, að sjómenn séu tryggðir fyrir slysum á sjó eða þegar þeir eru í landi, annaðhvort við störf í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig, í erindum, er leiðir beint af starfi þeirra sem sjómanna. Það kom einnig fyrir í fyrra, að sjómenn, sem voru lögskráðir eða fastráðnir á skip og höfðu verið í sama skiprúmi mánuðum saman, voru á ferðalagi milli heimilis síns og útgerðarstaðar og fórust, án þess að bætur fengjust fyrir, og höfðu þó verið greidd tryggingargjöld mánuðum og árum saman fyrir þessa menn. Ég vil biðja hv. frsm. að athuga, hvort ekki sé rétt að bæta úr þessu frekar en gert er með þessu frv.

Í 13. gr. er ákvæði um, að ef slasaður maður missir rétt til slysabóta vegna vanrækslu atvinnurekanda að tilkynna slys, sem ætla má, að þó hefði verið bótaskylt, og beri þá hlutaðeigandi atvinnurekandi ábyrgð á slysabótum hins slasaða eftir sömu reglum og slysatryggingin mundi hafa greitt, ef hún hefði bætt slysið. Ég tel vafamál, hvort rétt er eða viturlegt að hegna viðkomandi aðila, kannske aðeins fyrir vangá, svo róttækt sem hér er gert ráð fyrir. Það gæti farið svo, að viðkomandi aðili yrði gjaldþrota fyrir það. Ég vil aðeins benda á þetta, ekki af því að ég vilji veikja ábyrgðartilfinningu viðkomandi manna, heldur vil ég aðeins mælast til, að athugað sé, hvort ekki sé rétt að setja um þetta einhver önnur ákvæði. Það kynni að koma fyrir, að þessi aðili gæti alls ekki greitt þessar bætur. Það stendur að vísu í sömu gr., að slysatryggingunni sé heimilt að bæta slíkt slys, en henni er það ekki heldur skylt. Með þessu móti finnst mér, að sá, sem fyrir slysinu verður, sé ekki tryggður að fullu og kannske gengið óhæfilega langt í að hegna viðkomandi aðila fyrir þá vanrækslu, sem hér á sér stað.

Þá vil ég minnast á 24. gr., sem er um líkt efni, vanrækslu í að tilkynna tryggingarskyldan atvinnurekstur eða að greiða iðgjöld. Þá á til að byrja með að greiða vangoldin iðgjöld fimmfalt, og er út af fyrir sig ekkert við því að segja, en hér við bætist svo það, að slysatryggingin hafi rétt til endurgreiðslu á bótum þeim, sem hún kann að verða fyrir vegna slysa, sem hinir ótryggðu, en tryggingarskyldu menn verða fyrir, og auk þess skuli atvinnurekandi sæta sektum. Mér finnst, að hér sé atvinnurekanda hegnt nokkuð hlífðarlaust fyrir vanrækslu sína, og vil eindregið biðja hv. frsm. að athuga, hvort ekki sé ástæða til að koma þessu öðruvísi fyrir. Ég sé, að þetta er í núgildandi l., ef treysta má, að aðeins það, sem prentað er með skáletri, séu ný ákvæði, en allt hitt standi í núgildandi l. En það þarf ekki síður að athuga það, sem nú er í gildi, fyrst verið er að endurskoða l. á annað borð.

Eins og ég tók fram í upphafi, hef ég ekki haft tíma til að lesa allt þetta frv. og grg. grandgæfilega, en ég vil þó ræða nokkuð um stefnu þessara mála almennt. Hún virðist vera sú að tryggja sem flesta þegna þjóðfélagsins gagnvart slysum, og er út af fyrir sig ekkert nema gott við því að segja, því að það er það, sem allir óska eftir. En því fylgir nokkur vandi. Því er ekki að neita, að þegar svo er komið, að nokkrum hluta þjóðarinnar er séð fyrir tryggingu, þá hlýtur það einnig að vera skylda þjóðfélagsins að sjá honum einnig fyrir réttindum. Spurningin er því sú, hvort ekki sé rétt að stíga sporið fullt, þannig að komið verði á almennri tryggingu í landinu. Hvers vegna á t. d. fremur að bæta það, ef kona slasast við þvottabala, en ef hún slasast við að ala upp börn eða fæða börn eða vinna önnur nauðsynleg störf í þarfir þjóðfélagsins?

Það hefur komið fram, að sjómenn og fjölskyldur þeirra eru óánægðar yfir því misræmi, sem er á slysabótum fyrir slys við millilandasiglingar og almenn sjóslys heima fyrir. En ég vil benda hv. frsm. á, að þær slysabætur, sem samið hefur verið um að greiða sjómönnum fyrir að fara um ófriðarsvæðið, komu ekki fyrir það eitt, að þá væri talið nauðsynlegt, að slysabætur sjómanna væru svona háar, þó að ég sé þar með ekki að segja, að þær séu of háar. Þetta kom til af því, að deila var milli útgerðarmanna og stéttarfélags sjómanna um, hvor leiðin væri skynsamlegri, að greiða háar bætur eða að greiða há laun og áhættuþóknun. Til samkomulags var síðan farin millileið, þannig að greidd voru að nokkru leyti há laun og áhættuþóknun og að nokkru leyti háar tryggingar, en hvorugt eins hátt og um var rætt, ef aðeins önnur leiðin hefði verið farin; því var skipt nokkurn veginn jafnt. En þá var það ekki hugsað af hálfu útgerðarmanna og sjómanna, að slíkar greiðslur væru grundvöllur undir framtíðartryggingum sjómanna yfirleitt. Ég vil taka þetta fram, af því að hv. frsm. benti á, að þetta þyrfti að samræma — og þá helzt á þann hátt að hækka tryggingar þeirra, sem nú eru lægra tryggðir, upp í það, sem þeir hafa, sem sigla nú á áhættusvæðinu. Það voru ekki heldur fullkomin rök, sem hv. frsm. hélt fram, að atvinnurekendum mundi lítið bregða við þessi gjöld, því að stríðsiðgjöldin eru byggð á því, að stríðsgróðinn geti staðið undir þeim. Ég vil ekki óska útgerðarmönnum eða sjómönnum annars eins árferðis og var í atvinnulífinu árin 1933—1939, en ég veit ekki, hvort nægilega er séð fyrir því, að hægt sé að greiða öll gjöld, ef slíkt árferði skyldi koma aftur. Ég skal ekki segja um það. En eitt er víst, að ef það er ekki hægt, þá hljóta að koma fram sterkar kröfur um kauplækkun hjá þessum sömu mönnum, sem á þessum tímum hafa fengið kauphækkun í annarri mynd, og því er ekki hægt að neita, að stórkostleg fríðindi eins og tryggingar eru kauphækkun til þeirra manna, sem njóta þeirra.

Þó að ég hafi látið þessi orð falla hér, þá bið ég samt hv. frsm. að taka orð mín ekki svo, að ég sé á móti því út af fyrir sig að hækka slysabætur, en ég vil, að það sé vel athugað, þegar er um að ræða ákvæði sem þessi, að þeim sé, ef mögulegt er, breytt með fullri samúð þess aðila, sem á að greiða gjöldin. Ég tel, að það sé langheppilegast, ef unnt er, að búa svo um, eins og hv. frsm. líka taldi nauðsynlegt, að fullkominn skilningur og samkomulag gæti orðið í þessu máli milli launagreiðenda og launþega í öllum þeirra málum, og ég vænti, að eins geti orðið í þessu máli. Þeta er í raun og veru mikilsvert þjóðfélagsmál, og má því ekki hraða því gegn-

um þingið meira en svo, að hægt sé að athuga það af öllum aðilum, sem við þessi l. eiga að búa. Vænti ég því, að ábendingar mínar verði teknar til athugunar af hv. n.

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Ég vil þakka hv. þm. Barð. fyrir þessar ábendingar. Mér er ljúft, að frv. sé tekið til athugunar og bent á það, sem betur mætti fara.

Hv. þm. sagði, að hann sæi ekki, að frv. hefði verið sent atvinnurekendum til umsagnar, og það er alveg rétt hjá honum, að það hefur ekki verið gert, og var það af því, að n. taldi það ekki kleift. Áður en gengið var til starfa, var leitað álits margra aðila, þar á meðal Alþýðusambands Íslands og Landssambands atvinnurekenda, og óskað till. og ábendinga frá þeim, en frv. sjálft var engum sent, hvorki Alþýðusambandi Islands, Landssambandi atvinnurekenda né neinum öðrum, og var varla hægt til þess að ætlast, eftir það sem á undan var gengið. Ég vil enn fremur benda á, að n. er skipuð með það fyrir augum, að ýmis sjónarmið gætu átt þar sína fulltrúa, og ef hv. þm. athugar, hvernig n. er skipuð, mun hann sannfærast um, að svo er.

Ég tek undir það með hv. þm., að það er mjög mikilsvert í sambandi við framkvæmd slíkra l. sem þessara, að hún megi njóta skilnings beggja aðilanna, bæði þeirra, sem l. eiga að njóta, og hinna, sem leggja fram féð.

Ég skal þá víkja örfáum orðum að einstökum atriðum, sem hv. þm. minntist á. Hann spurði, hvernig á því stæði, að tryggingin væri látin ná til bygginga í sveitum almennt, en þó ekki til húsa, sem gerð eru úr grjóti og torfi, og taldi hann þetta óeðlilegan mismun, ef til slysa kæmi. Ég skal játa, að þetta er rétt, en ástæðan er sú, að erfiðara er að hafa eftirlit með slíkri húsagerð en annarri og því örðugra að framkvæma l. hvað þetta snertir, enda áhætta þar minni en þegar unnið er að smíði margra hæða húsa, þar sem oft er notaður pallur í allmikilli hæð frá jörð.

Þá taldi hv. þm. það óeðlilega takmörkun í 11. gr., þar sem sagt er, að tryggingin skuli því aðeins ná til ferða milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar, að þær séu farnar samdægurs. Ég er honum ekki samdóma um þetta. Ég álít þetta ákvæði eðlilegt, því að annars væri ekki hægt að hafa eftirlit með þessu. Enn fremur taldi hann, að ákvæðin um tryggingarsvið sjómanna væri óeðlilega þröngt, t. d. að því leyti, að fyrir menn, sem ráðnir væru á skip, en færust með öðru skipi á leið til vinnunnar, fengjust engar bætur samkvæmt þessum l. Þetta er alveg rétt, en ég skal benda á það, að tryggingin er hér miðuð við skráningartímann, enda væri eftirlit með framkvæmdinni ókleift að öðrum kosti.

Þá talaði hv. þm. um það, að viðurlög þau, sem getið er um í 24. gr., séu allt of ströng. Slíkt getur verið álitamál. Ég bendi á það, að viðurlög, sem nema aðeins fimmfaldri iðgjaldagreiðslu, eru næsta smávægileg, þar sem yfirleitt er um fyrirtæki að ræða, sem eru smá eða nýtekin til starfa, þegar svona stendur á. Ég álít því einmitt, að þessi viðurlög séu fjarri því að vera fullnægjandi. Að því er snertir kröfurétt á hendur atvinnurekanda, er náttúrlega hugsanlegt, að þetta geti riðið honum að fullu, ef um stórslys væri að ræða og hann ekki megnugur að greiða bæturnar, en ég sé ekki, hvernig hægt væri að setja sérákvæði, að því er snertir þessar kröfur frekar en aðrar, til að afstýra slíku. Með þessi mál hefur jafnan til þessa verið farið þannig, að tryggingaráð hefur úrskurðað, að hve miklu leyti þessum rétti skuli beitt, og mér er ekki kunnugt um, að nokkru sinni hafi verið gengið svo nærri atvinnurekanda, að honum hafi skapazt fjárhagslegur voði af. Enn fremur vil ég benda á ákvæði það, sem bætt er við 24. gr., þar sem dregið er úr þessum viðurlögum, þar sem um er að ræða starfsemi, sem tels[t] ekki sjálfstæður atvinnurekstur.

Ég skal viðurkenna með hv. þm., að sumt, sem hér hefur verið drepið á, er álitamál, og væri athugandi, hvort ekki væri unnt að víkka tryggingasviðið enn meir. En mér er ljóst, að af því mundi leiða aukinn kostnað, fyrst og fremst vegna þess, að eftirlitið með framkvæmd tryggginganna mundi torveldast.

Ég er sammála hv. þm. um, að æskilegt væri, að sem mest samræmi gæti orðið í tryggingum hér á landi. Það er eðlilegt, ef ein stétt fær tryggingu, eins og hér er gert ráð fyrir, að aðrar stéttir æski þá hins sama eða svipaðs. Ég er honum sammála um, að æskilegt væri, að tekið yrði til ahugunar, hvort ekki væri hægt að bæta öll slys. Eins og ég gat um í framsöguræðu minni, hafði n. þetta til athugunar og hefur safnað skýrslum um dauðaslys, en niðurstaðan varð sú, að ekki var talið fært að fella ákvæði um þetta inn í slysatryggingal. í núverandi ramma þeirra, sem er sá, að tryggingarnar séu aðeins bundnar við ákveðin störf. Slíkar almennar tryggingar er torvelt að taka upp og veita t. d. bætur fyrir það, ef kona brennir sig við heimilisstörf eða lærzt af barnsburði. En ég tel sem sagt, að sjálfsagt sé að taka þetta til athugunar.

Hv. þm. sagði, að þegar samið var um stríðsslysatryggingarnar og l. um þær sett, hafi ástæðan ekki verið sú, að bæturnar hafi verið of lágar, heldur hafi tilgangurinn verið sá að koma í veg fyrir, að kauphækkun yrði of mikil. Ég hygg, að þetta sé ekki nema að nokkru leyti rétt. Það var almenn skoðun, að slysabætur þær, sem greiddar voru, væru of lágar, og mun það hafa ráðið mestu um, svo og það, að hér var að ræða um bætur fyrir stríðsslys eins og þau, sem orðið hafa hér alloft að undanförnu. Eins og hv. þm. er kunnugt, eru bæturnar tvenns konar, annars vegar vegna slysa, sem verða í siglingum með ströndum fram, og svo helmingi hærri bætur vegna slysa í siglingum milli landa. Í till. n. er ekki farið lengra en það, að gert er ráð fyrir, að bæturnar nemi ekki að meðaltali hærri upphæð en samanlagðar bætur vegna slysa á minna áhættusvæðinu og bætur samkvæmt slysatryggingum alþýðutryggingganna, en sú upphæð hefur numið að meðaltali 28.000—30.000 kr. fyrir hvert slys á undanförnum árum.

Annars þakka ég hv. þm. fyrir þessar ábend-

ingar og lýsi yfir því, að þær munu verða teknar til greina, eftir því sem ástæða þykir til.

**Gísli Jónsson:** Ég skal ekki tefja tímann, en vil aðeins benda á það í sambandi við ræðu hv. frsm., að það er einmitt vegna þess, hvernig n. er skipuð, að ég hef óskað þess, að þetta verði gert. Ef litið er á 15. bls. frv., þá sést, að enginn nm. er atvinnurekandi. Í n. er að vísu einn maður frá Sjóvátryggingafélagi Íslands, sem er þó verzlunarfyrirtæki. Hann er þaulkunnugur tryggingastarfsemi, og má gera ráð fyrir, að sjónarmið þessa manns sé sjónarmið tryggingafræðings. Það eru því tilmæli mín, að málið sé sent atvinnurekendum til umsagnar með þeim ummælum, að svar verði að berast um hæl. Þetta þyrfti ekki að verða til að tefja málið. Svar gæti verið komið aftur á mánudag. Vegna málsins sjálfs er ekki rétt að láta það fara út úr þ. eftir þær upplýsingar, sem hér hafa komið fram, án þess að þeir fái tækifæri til að segja álit sitt um málið. Ég vænti þess því, að hv. frsm. sendi málið til stj. atvinnurekendafélagsins með þeirri ósk, að hún svari ekki síðar en á mánudag, en það ætti að vera nægur tími fyrir hana.

Þá vil ég benda á, að hv. frsm. hefur ekki fært nógu skýr rök fyrir afstöðu sinni varðandi 10. gr., en ég held því fram, að það geti valdið misskilningi, að tryggingarskyldar séu ekki húsabyggingar í sveitum, nema um meiri háttar aðgerðir sé að ræða. Þessi takmörkun getur valdið misskilningi, þegar farið verður að gera upp, hvað maður eigi að fá í bætur.

Þá vil ég snúa mér aftur að 11. gr. Ég er ekki sammála hv. frsm., að því er hana snertir, og tel, að þetta ætti að athuga miklu nánar. Það er enginn vafi á því, að ýmsir menn, sem fyrir slysum verða, munu koma með bótakröfur til Tryggingastofnunarinnar, en verður vísað frá, af því að hún er ekki skyld að greiða bætur samkvæmt l. Þess vegna mælist ég til, að tryggingin verði látin ná til allra þeirra manna, sem ráðnir eru við fyrirtæki eða félag föstum samningum, og sé ég ekki neina örðugleika á því, enda hefur þá tryggingin fengið árum saman iðgjöld frá þeim aðilum. Nákvæmlega sama er um sjómenn. Það er ekki hægt að hafa þá lögskráða, nema þeir séu raunverulega á skipum, en eins og kunnugt er, eru skipsmenn allir á fullum launum, þó að þeir séu teknir úr skránni um stundarsakir vegna ástandsins í heiminum. Væri ekkert óeðlilegt, þó að þessir menn væru tryggðir þann tíma, sem þeir eru að fara til og frá heimili sínu. Ég mælist til þess, að þetta verði athugað.

Hv. frsm. svaraði ekki athugasemdum mínum um 13. gr., en han mun efalaust athuga það síðar. Að því er snertir víkkun á tryggingasviðinu, viðurkenni ég, að hægt er að athuga það mál síðar, og veit ég, að hv. frsm. hefur fullan hug á því.

Þá vil ég aðeins leiðrétta þann misskilning, að ég hafi sagt í ræðu minni, að útgerðarmenn eða atvinnurekendur hefðu yfirleitt álitið slysatryggingarnar nógu háar. Ég sagði ekkert um það, heldur sagði ég, að það, hve háar stríðslysabætur væru, gæti ekki verið neinn mælikvarði á það, hve háar almennar slysabætur skyldu vera. Ég er hv. þm. sammála um það, að þær eru engan veginn nógu háar, og ég er ekki eini atvinnurekandinn, sem þá skoðun hefur. En hinar háu bætur á hafinu voru ekki settar fyrir neitt samkomulag um þessar bætur almennt, heldur í því skyni að fá menn til að sigla á ófriðarsvæðinu.

Ég sé ekki ástæðu til að gera fleiri athugasemdir um þetta mál, en vil ítreka þá till. mína, að málið sé sent atvinnurekendum til umsagnar, ekki aðeins vegna þess, hvernig n. er skipuð, heldur einnig með tilliti til þál. frá 21. maí.

**Lárus Jóhannesson:** Út af ræðu hv. þm. Barð. vil ég segja, að þótt þetta frv. komi frá heilbr.- og félmn., hefur n. ekki fengið tækifæri til að taka það til fullkominnar meðferðar. Ég sem einn flm. tel því sjálfsagt að vísa því til n. til formlegrar meðferðar í einstökum atriðum.

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Ég gat þess í fyrstu ræðu minni, að n. mundi taka til athugunar milli umr. þau atriði, sem hv. þm. Barð. ræðir um. Annars mun ég ekki að þessu sinni taka til athugunar ræðu hv. þm. að öðru en því, að ég held, að ég hafi svarað nógsamlega athugasemdum hans varðandi 13. gr. Raunar skýrir gr. sig sjálf. Um þá till. hans að senda stj. atvinnurekendafélagsins málið til athugunar er það að segja, að n. mun taka það til athugunar, en hætt er við, að lítil athugun gæti farið fram, ef svarið ætti að vera komið á mánudaginn. En það mætti þá líka senda málið fleiri aðilum til athugunar, t. d. Alþýðusambandi Íslands.

Ég vil að lokum spyrja hv. þm. Seyðf., hvort það er till. hans, að málinu verði vísað til n.

**Lárus Jóhannesson:** Fyrir mér vakir aðeins það, að málið fái eins vandlega meðferð og önnur mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr. og félmn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Ed., 10. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 360, n. 582, 591, 592, 593).

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Við fyrstu umr. þessa máls kom fram ósk hér í d. um, að leitað væri umsagnar Vinnuveitendafélags Íslands og Alþýðusambands Íslands um þetta frv. Þetta hefur nú n. gert, og hefur nú borizt bréf frá báðum þessum aðilum og auk þess frá Apótekarafélagi Íslands. Alþýðusambandið vill láta samþ. frv. með lítils háttar breyt. á sjúkratryggingunum, að sjúkrasamlög greiði læknishjálp heimilislækna að fullu í stað ⅝ hluta, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Að öðru leyti mælir Alþýðusambandið mjög með frv.

Bréf vinnuveitendafélagsins bendir á, að nauðsynlegt sé að gera þá breyt. á slysatrygg-

ingunum, að bætur verði nokkuð hækkaðar. Hins vegar telur það, að sú iðgjaldahækkun, er komi til með að leiða af þessari bótahækkun, verði of há, til þess að leggja megi hana á atvinnureksturinn. En þessi umsögn mun hafa byggzt á misskilningi að verulegu leyti. Vinnuveitendafélagið mun eiga við iðgjöld eins og þau eru nú orðin af völdum stríðsins. En með „grunniðgjöld" er átt við iðgjöld fyrir stríð, áður en þau hækkuðu af völdum dýrtíðar og styrjaldar. Iðgjald sjómannatryggingarinnar er nú t. d. komið upp í 6 kr. á viku, en var kr. 1,70 fyrir stríð.

Mér þótti rétt að geta þessarar ábendingar.

Enn fremur er bent á það í bréfi Vinnuveitendafélagsins, hvort ekki væri ástæða til þeirrar breyt., að ríkið greiddi slysatryggingaiðgjöld að einhverju leyti eða öllu. N. gat ekki fallizt á þá breyt., því að þetta er hugsað sem kostnaður við atvinnureksturinn. Þó mætti rýmka ákvæðin um framlög ríkisins í vissum tilfellum. T. d. er ríkið samkvæmt núgildandi l. skylt að greiða 3/7 af iðgjöldum á bátum innan við fimm smálestir. N. gerir að till. sinni, að ríkið greiði þennan sama hlut allt upp í tólf smálesta báta, og er þá miðað við takmörk lögskráningar, en skyldugt er að lögskrá menn á stærri báta en tólf smálestir, eins og kunnugt er. Kostnaðarauki mundi ekki verða mikill af þessu fyrir ríkið. Árið 1942 námu iðgjöld báta milli fimm og tólf smálestir 60 þúsundum króna, og væri þá um að ræða 3/7 af þeirri upphæð með þeim breyt., sem verða kunna á hverjum tíma.

Í bréfi apótekaranna er aðeins vikið að því eina atriði, að sjúkrasamlögum sé ekki veitt heimild til að stofna og starfrækja ný apótek, og flytur einn nm. brtt. við 35. gr., sem er um þetta atriði.

Ég hef þá stuttlega gert grein fyrir umsögnum þessara aðila um frv., og tel ég þær sýna, að talin sé þörf breyt. í þá átt, er frv. gerir ráð fyrir, þótt skoðanir séu skiptar um ýmis atriði. — Nm. eru allir sammála um að hækka slysabæturnar eins og gert er ráð fyrir í frv. og telja rétt og sjálfsagt, að teknar séu upp lífeyrisgreiðslur til barna og öryrkja. Þeir eru einnig sammála um, að breyt. á sjúkratryggingunum séu allar til bóta, og eru þeim samþykkir. Hins vegar eru skiptar skoðanir um sum smærri atriði, og tveir nm. taka fram í nál., að þar sem flokkur þeirra hafi ekki átt fulltrúa í mþn. þeirri, er um þetta frv. hefur fjallað, þá hafi þeir ekki getað kynnt sér það nógu rækilega í einstökum atriðum, en fallast þó á að mæla með því í heild. Ég veit nú ekki til þess, að nokkur stjórnmálaflokkur hafi átt fulltrúa í þessari n. Ráðh. mun hafa skipað hana með allt önnur sjónarmið fyrir augum. Ég tek þetta fram til að koma í veg fyrir misskilning, og ég get þess um leið, að Brynjólfur Stefánsson mun vera sjálfstæðismaður, enda þótt hann væri ekki tilnefndur af neinum flokki frekar en aðrir, og hann hefur unnið í þessari mþn. að undirbúningi frv. Þessir tveir m. og raunar allir áskilja sér rétt til að gera og fylgja brtt., og eru þegar komnar hér fram tvær brtt. frá þeim. En till. n. í heild er sú, að frv. þetta verði samþ. með þeim brtt., er hún leggur til á þskj. 591. Þessar brtt. skýra sig sjálfar, svo að ég þarf ekki að hafa mörg orð um þær.

1. brtt. er við 18. gr., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Kona, sem býr samvistum með manni án þess að vera gift honum, hefur sama rétt til dánarbóta og eiginkona, ef hún hefur fætt honum barn eða þau verið samvistum samfleytt í 18 mánuði." Brtt. n. við þetta er þess efnis, að hið sama gildi, þótt konan hafi ekki alið barn, ef hún er þunguð af hans völdum. Þetta er engin efnisbreyt., aðeins til skýringar.

Þá er 2. brtt. við 21. gr. Þar er lagt til, að 3. mgr. 21. gr. orðist eins og segir í a-lið brtt., að „skráningastjóra" komi fyrir „umboðsmanni tryggingarinnar eða bæjarfógeta", og falli síðasta setning þessarar mgr. niður. Þá er enn fremur b-liður sömu brtt., er ég drap á áðan, við 4. mgr. Í stað „5 smálestir" komi: „12 smálestir".

Þá er 3. og síðasta brtt. n. við 23. gr., 1. mgr. Orðin „Hreppstjóri sendir ... þeir slysatryggingunni" falli niður. Þetta er óþörf setning, því að á þetta er komin föst venja.

N. flytur svo ekki fleiri brtt., en tvær brtt. eru þegar fram komnar hér í d., eins og ég gat um áðan. Önnur þeirra er á þskj. 593, við 35. gr., frá hv. þm. Seyðf. Þetta er ný gr., sem er ekki til í eldri l., og er hún þess efnis, að sjúkrasamlögum sé heimilt að setja á stofn og reka sjúkrahús, lækningastöðvar og lyfjabúðir. Brtt. á þskj. 593 fer fram á það, að niðurlag gr. orðist á þá lund, að þessar stofnanir fullnægi ákvæðum laga og reglugerða, er heilbrigðisstjórnin setur um rekstur slíkra stofnana, en í frv. er aðeins gert ráð fyrir, að þessar stofnanir fullnægi reglum, er heilbrigðisstjórnin setji um rekstur slíkra stofnana. Mér finnst litlu máli skipta, hvort er samþ. Heilbrigðisstjórnin mundi að sjálfsögðu setja reglur um þessar stofnanir samkvæmt gildandi l., svo að brtt. er í sjálfu sér óþörf, en hún er ekki til neins skaða.

Þá berum við hv. 5. þm. Reykv. fram brtt. á þskj. 592, við 33. gr., um að orðin „að ⅝ hlutum" í fyrsta málslið fyrsta töluliðar falli niður. Samkvæmt gr. er með þessu gert ráð fyrir, að samlagi sé ekki gert að greiða læknishjálp heimilislækna sjúklinga nema að ⅝ hlutum, en ekki að öllu, eins og nú er, bæði um almenna læknishjálp og sjúkrahússvist. Er þessi l. voru sett 1936, voru ákvæðin um þetta á þá lund, að samlagið greiddi samlagslæknum aðeins ¾ af almennri læknishjálp og sjúklingarnir ¼. Þetta olli óánægju, enda var þessu breytt haustið 1937 í það horf, sem nú er. Ég held, að fátt mæli með þeirri breyt., sem nú er gerð á þessu í frv. Sjúkrasamlagsiðgjöld eru nú þegar orðin allhá, sem stafar af stórauknum kostnaði samlaganna í lyfjum, í vinnulaunum, vegna sjúkrahúsvista o. s. frv., svo að gripa hefur orðið til þess að hækka iðgjöldin. Hér í Reykjavík munu iðgjöld nú vera 10 kr. á mánuði eða um 120 kr. á ári fyrir hvern samlagsmeðlim og því 240 kr. fyrir

hjón. Og ég hygg, þegar gjaldið er orðið svona hátt, að telja megi alveg eðlilegt og réttmætt, að sú læknishjálp, sem fastur heimilislæknir, sem samið er við um visst mánaðargjald, veitir þessu fólki, sé greidd að fullu af samlaginu. Samkvæmt gjaldskrá Læknafélags Reykjavíkur mun hvert viðtal á lækningastofu kosta eitthvað á milli 10 og 12 kr. Einn sjötti partur af því gjaldi mun því nálægt 2 kr. Sé læknir kallaður heim, er gjaldið nokkru hærra fyrir vitjunina. Ég veit, að ýmsir telja, að 2 kr. séu ekki miklir peningar nú á dögum. En á fjölmennum heimilum og þegar farsóttir ganga, t. d. þótt ekki sé annað en inflúensa, þá getur þurft nokkra daga í röð og jafnvel svo að vikum skiptir að kalla lækni daglega til vitjunar á heimilin. Og þegar greiða þarf fyrir slíka vitjun 2 til 3 kr. í hvert skipti, þá hygg ég, að mörgum finnist á það skorta, að þeir njóti þeirrar tryggingar, sem þeir væntu, vegna þeirra greiðslna til trygginganna, sem þeir hafa innt af höndum.

Höfuðbreyt., sem með frv. er lagt til, að gerð verði í þessu efni, er sú, að meðlimir sjúkrasamlaga verði látnir greiða nokkurn hluta af greiðslu fyrir viðtöl við samlagslækna sína. Mun ástæðan fyrir þessari till. vera sú, að talið sé, að þessir læknar verði fyrir óþörfum átroðningi fyrir það, að þeir, sem fá viðtöl hjá læknunum, þurfa ekki að greiða neitt fyrir það sérstaklega. Þeir, sem lagt hafa þetta til, hafa gert sér vonir um, að með því að ákveða þetta gjald megi kannske draga úr eða taka fyrir þetta ónauðsynlega kvabb, sem talið er, hjá læknunum. — Ég verð nú að telja, að ýmsar aðrar leiðir og eðlilegri séu til þess að reyna að afstýra því, að læknar séu ónáðaðir á þennan hátt, og hef ég rætt um þetta við fulltrúa lækna og aðra kunnuga menn. Og hvað sem um þetta ákvæði verður, þá verður reynt að draga úr því ónæði lækna, því að það er mjög óæskilegt, að gert sé meira að slíkum viðtölum en nauðsyn krefur. En ef hindra á þetta með því að láta greiða sérstakt gjald fyrir hvert skipti, þegar leitað er læknis, þá sé ég ekki, að sá tilgangur náist nema með því, að gjaldið sé haft svo hátt, að verulega muni um það. En ef verulega munar um það, er það verulegur baggi fyrir þá, sem þurfa að leita læknis, og það þegar verst stendur á fyrir þeim, í viðbót við iðgjöld sín. Þessi leið, sem hér er farin í frv., er svona bil beggja í þessu efni. Ef frv. verður samþ. óbreytt, þá mundi hvert læknisviðtal kosta hvern sjúkrasamlagsmeðlim um 2 kr. í hvert skipti. Ef um endurteknar vitjanir eða heimsóknir læknis er að ræða, getur þetta dregið sig mjög saman. Ef menn hins vegar koma til læknis eingöngu í þeim tilgangi að fá resept út á lyf, sem kannske skipta tugum króna, þá borgar sig að gera það, þó að það kosti 2 kr.

Ég hygg, að þetta gjald verði ekki til þess, að tilgangi þeim verði náð, sem á að ná með því, að bægja kvabbinu alveg burt, en geti samt sem áður orðið til þess í vissum tilfellum. En þegar verst gegnir, getur það orðið talsvert tilfinnanlegt. Þetta er ástæðan til þes, að ég og hv. 5. þm. Reykv. álítum, að þessi ákvæði tryggingal. eigi að haldast óbreytt, en að till. um þetta, sem er í frv., eigi ekki að verða samþ.

Ég hef svo ekki meira um frv. að segja að svo stöddu og vildi mega mælast til þess við hv. d., að hún samþ. frv. nú við þessa meðferð málsins.

**Bjarni Benediktsson:** Herra forseti. Ég þarf ekki að vera langorður um þetta mál, sem hér liggur fyrir. En við tveir nm., ég og hv. þm. Seyðf. (LJóh), gerðum nokkurn fyrirvara í nál. okkar um það, að þó að við viðurkenndum, að hér væri um að ræða gott mál, sem í höfuðatriðum væri nauðsynlegt, að næði fram að ganga, þá töldum við, að undirbúningur málsins og reyndar þingleg meðferð mundi nú naumast vera með þeim hætti, sem viðhlítandi væri um svo stórt mál, en beygðum okkur þó, vegna þess að við vissum, að málið hafði fengið allrækilega meðferð í mþn. En við áskildum okkur með þeim fyrirvara, sem við gerðum, rétt til þess að bera fram brtt. við frv. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Og í nál. tökum við fram, að við lýsum óánægju okkar yfir skipun þeirrar mþn., sem um málið hefur fjallað. En sú n. er þannig skipuð, að Sjálfstfl., sem er stærsti þingflokkurinn og stærsti stjórnmálaflokkurinn meðal þjóðarinnar, hefur ekki átt þar neinn fulltrúa, sem hefur borið sig saman við flokkinn, haft samráð við hann eða skoðað sig sem fulltrúa flokksins í þessari n. Hv. frsm. heilbr.- og félmn. sagði að vísu, að þetta væri ekki sérstakt um Sjálfstfl., af því að ráðh. sá, sem n. hefði skipað, sem var næstsíðasti félmrh., hefði skipað menn í n. þannig, að hann hefði ekki valið menninа eftir stjórnmálaflokkum, þó að nm. séu í stjórnmálaflokkum, og sé einn nm. í Sjálfstfl. Það er rétt, að einn nm. telur sig meðal sjálfstæðismanna, og ég er hreykinn af því að telja hann í okkar flokki. En þessi nm. hefur lýst yfir því við mig og leyft mér að hafa það eftir sér, að hann hafi ekki skoðað sig sem fulltrúa Sjálfstfl. í n. og hafi þess vegna ekki haft neitt samráð við okkur um undirbúning málsins, heldur skoðað sig sem eingöngu sérfræðing í n. Og ég hygg líka, að hann sé færasti tryggingamálasérfræðingur landsins, þ. e. Brynjólfur Stefánsson.

Varðandi aðra menn í n. má segja, að þeir séu ekki valdir vegna stjórnmálaskoðana. En menn eru í n. eins og t. d. 3. landsk. (HG) og nokkru nær mér hér hv. 5. þm. Reykv. (BrB). Það er vitað, að annar þessara manna hefur verið beinlínis formaður í sínum stjórnmálaflokki, þó að hann deili nú þeirri tign með öðrum ágætum manni, og hinn, hv. 3. landsk., hefur ekki minni áhrif í sínum flokki, m. a. með tilliti til tryggingamála, heldur en þó að hann væri formaður flokksins, þannig að það má telja hann valdamesta manninn í flokknum í þeim málum, sem hann lætur sig miklu skipta. Báðir þessir menn eru forustumenn í sínum flokki. Og þegar þeir starfa í mþn. og komast þar að niðurstöðum, þá er það af öllum almenningi vitað, að þeir eru þar fyrst og fremst sem fulltrúar sinna flokka, a. m. k. mundi verða talið, að flokkarnir væru

meira eða minna bundnir af niðurstöðum þeirra. Og hvað sem því líður, þá er ólík aðstaða fyrir flokka þeirra að fylgjast með því, sem fram fer í n. sem þessari, og að hafa áhrif á það heldur en fyrir þann flokk, sem þarna á engan mann, sem telur sig sérstaklega vera fulltrúa flokksins og hefur lýst því beinlínis yfir, að hann hafi talið sér rangt að bera sig saman við flokk sinn, vegna þess að hann taldi sig vera skipaðan í n. vegna sérfræðiþekkingar sinnar, en ekki af öðru. Um Jens Hólmgeirsson, sem er fulltrúi Framsfl. í n. og hefur af þeim flokki verið skipaður í margar trúnaðarstöður, hefur mér verið sagt, að hann hafi verið skipaður í n. á eftir, þegar búið var að skipa í n., vegna þess að Framsfl. hafi ekki talið sig eiga sérstakan fulltrúa í n. eins og hún var fyrst skipuð, og var þó einn maður í n., Eggert P. Briem, sem hefur til skamms tíma verið talinn tilheyra Framsfl. Um Kristinn Björnsson lækni, sem er einn nm., er það að segja, að hann mun — eins og Brynjólfur Stefánsson — hafa talið sig vera skipaðan í n., eins og vitanlega er, vegna sérþekkingar sinnar. — Sjálfstfl. hefur því haft versta aðstöðu til þess að fylgjast með störfum í þessari n., um það verður ekki deilt, og getur hann því ekki borið áþyrgð á störfum þessarar mikilvægu n.

Nú efast ég ekki um það, að verk n. sé vel af hendi leyst í höfuðatriðum, og gerir það að verkum, að ég og hv. þm. Seyðf. mælum með því, að málið nái fram að ganga, þó að við séum ónægðir með meðferð málsins í mþn.

En ég vil beina fyrirspurn til hæstv. forsrh., sem er einnig hæstv. félmrh., og geri ég það í nafni Sjálfstfl., um það, hvort hann muni ekki skipa beinan fulltrúa Sjálfstfl. í þessa n. Það er vitað, að þessi n. á miklum störfum eftir að gegna. Það hafa komið fram till. um gerbreyt. á elli- og örorkutryggingunum og gerbreyt. á atvinnuleysistryggingunum líka. Hvor tveggja eru þetta mjög vandasöm og viðkvæm mál, sem satt að segja er ákaflega ólíklegt, að nái fram að ganga á Alþ. nema með einhverjum pólitískum samtökum. Hvort það þykir heppilegt fyrir fram að útiloka Sjálfstfl. frá því að taka þátt í undirbúningi þessara mála, er ekki mitt að dæma um, heldur hæstv. ríkisstj., sem þessa n. skipar, og þá e. t. v. sameinaðs þings, ef málið væri undir það borið, ef svo ólíklega færi, að hæstv. félmrh. gæfi nú ekki hér eða bráðlega yfirlýsingu, sem við teldum viðhlítandi í þessu efni. En hinu get ég lýst yfir, eftir að ég hef borið mig saman við Brynjólf Stefánsson og heyrt, hvaða álit hann hefur um afstöðu sína í n., að við sjálfstæðismenn munum telja okkur alveg óbundna um allt, sem fram hefur komið í n., nema við fáum fulltrúa í n., sem starfar þar í fullu samráði við flokksstjórn Sjálfstfl., eða þá mann, sem er eins nátengdur flokknum og t. d. hv. 5. þm. Reykv. er sínum flokki. Þetta getur haft mjög mikla þýðingu varðandi allan undirbúning málsins, ef ætlunin er að njóta um þann undirbúning samstarfs Sjálfstfl.

En varðandi frv. vil ég taka fram, að ég tel þær höfuðbreyt., sem í því eru gerðar, nauðsynlegar og til mikilla bóta. Það má efalaust deila um það, hvort atvinnurekendur hafi fjárhagslegt bolmagn til þess að standa undir þeim þungu iðgjöldum, sem leggja verður á þá til þess að halda slysatryggingunum uppi. Hitt er ljóst, að ef koma á slysatryggingunum í sæmilegt samræmi, þá þarf breyt. að gera svipaðar og þær, sem hér liggja fyrir till. um. Og úr því að við erum með alþýðutryggingar á annað borð, tel ég fyrir mitt leyti nauðsynlegt, að þær séu í því horfi og með þeim hætti, að þær geti komið að gagni, en séu ekki þannig, að þær séu aðeins annað nafn á sveitarstyrk og veittar eftir sömu reglum og sveitarstyrkur er veittur, eins og t. d. ellilífeyrir er nú, eða þá svo gersamlega ófullnægjandi, eins og slysatryggingarnar eru núna. Þess vegna hef ég og hv. meðnm. minn í n., hv. þm. Seyðf., fallizt á þessar breyt., þó að okkur mislíki mjög þau vinnubrögð, sem hér hafa átt sér stað, og teljum, að þau vinnubrögð séu því óheppilegri vegna þess, hve seint frv. kom fram á þinginu og eftir að hér var fram kominn svo mikill fjöldi mála, að erfitt hefur verið að kynna sér til hlítar jafnstórt og yfirgripsmikið mál sem þetta. En við viljum ekki láta málið gjalda miður heppilegra vinnubragða, heldur mælum með því, að frv. nái fram að ganga.

Ég skal ekki blanda mér í umr. um einstakar breyt., sem gerðar eru hér till. um. Ég vil aðeins geta um það, að ég mun við 3. umr. bera fram brtt., annaðhvort einn eða með öðrum. Mér skilst, að allar líkur séu á því, að meiri hl. heilbr.- og félmn. muni geta fallizt á, að skipun tryggingaráðs verði breytt, þannig að það verði kosið allt í sameinuðu þingi með hlutfallskosningu. Það er eðlilegra en að láta þetta vera komið undir fjórum stærstu þingflokkunum, því að sumir af þeim geta orðið svo litlir, að eðlilegt sé að taka tillit til þess. Og svo geta orðið fimm flokkar í þinginu, þannig að sá flokkur, sem nú telur sig einn af fjórum þingfl., getur orðið sá fimmti litli, — svo mjög getur þetta breytzt. Það er rétt að hafa þetta venjulega hlutfallskosningu, til þess að ekki þurfi að fara um þetta eins og rannsóknaráð ríkisins, að það þurfi skyndilega að breyta l. til þess að þeir, sem ætla að ná sér niðri á öðrum, verði ekki fyrir sínu eigin höggi. Það er betra að tryggja fyrir fram sanngirni í þessu efni en að koma á eftir og biðja um leiðréttingu.

**Forsrh. (Björn Þórðarson)**: Herra forseti. Út af fyrirspurn, sem hv. 6. þm. Reykv. hefur beint til mín út af skipun manna í þessa n., vil ég segja nokkur orð.

Við athugun á því, hvaða menn eru í þessari n., þá verður það ljóst, að það eru ákveðnir pólitískir fulltrúar, að maður getur sagt, fyrir tvo þingflokka — í n. Um það verður ekki villzt. En þó að þetta sé nú svo, þá hygg ég, að ráðh. sá, sem skipaði mennina, hafi ekki kosið þessa menn eftir ábendingu frá viðkomandi flokkum, heldur hafi hann valið mennina eftir því, sem honum þóttu hæfileikar vera fyrir hendi, og um leið þó tekið nokkurt tillit til þess, hvaða flokkum þeir tilheyrðu.

En þar sem hv. 6. þm. Reykv. ber sig upp undan því, að Sjálfstfl. eigi engan fulltrúa í þessari n., þá getur það náttúrlega — frá þröngu

sjónarmiði séð — eiginlega verið alveg rétt. En ég hygg, að ráðh. sá, sem tilnefndi menn í þessa n., hafi talið hlut Sjálfstfl. eiginlega fyllilega borgið með því að velja fyrst og fremst þann mann í n., sem hefur mesta sérþekkingu til að bera af öllum nm. og vitað er, að hefur víst tilheyrt Sjálfstfl., Brynjólf Stefánsson. Og eftir því sem mér hefur skilizt af hv. 6. þm. Reykv., mun læknirinn Kristinn Björnsson, sem er í þessari n., líka vera sjálfstæðismaður. (**BBen:** Nei). Ekki það. En fyrir þessum ráðh. mun alls ekki hafa vakað að útiloka Sjálfstfl. frá áhrifum í þessari n., — síður en svo. En honum hefur kannske mistekizt þarna, þannig að Brynjólfur Stefánsson skoði sig aðeins sem sérfræðing í n., en alls ekki sem fulltrúa flokksins. En það er svo fjarri því, að ég, — úr því að málið heyrir undir mig, — vilji útiloka Sjálfstfl. pólitískt frá því að hafa áhrif á undirbúning þessa máls. En nú vill svo til, að þegar n. skilaði af sér þessum hluta, sem hér liggur fyrir, þá fór hún fram á það, að henni yrði falið að halda áfram störfum um elli- og örorkutryggingarnar. Og mér þótti það sjálfsagt mál. Ef mig hefði grunað þá, þegar ég skrifaði það bréf, að hlut Sjálfstfl. væri ekki nógu vel borgið í n., þá hefði ég leitað til fyrirsvarsmanna Sjálfstfl., áður en ég sendi bréfið. En nú, úr því að áherzla er lögð á það, eins og stendur í nál., að bætt verði úr þessum galla, sem hv. 6. þm. Reykv. telur á nefndarskipuninni, þá er ég þegar í stað, að loknum þessum fundi hvenær sem er, fús til að ræða það mál við hv. 6. þm. Reykv. sem fyrirsvarsmann Sjálfstfl., og við getum þá komið okkur að niðurstöðu í því efni. En mér er óljúft, að Sjálfstfl. velji beinlínis mann í n., af því að það gætu þá aðrir flokkar kannske risið upp og þótzt þurfa að velja mann í n. líka. En ég er sem sagt fús til að ráðfæra mig við hv. 6. þm. Reykv. um þetta.

**Brynjólfur Bjarnason:** Það er nú í rauninni dálítið skrítið, að ég og hv. 6. þm. Reykv. þurfum nokkuð að vera á öndverðum meið eða deila um þetta mál, sem hér liggur fyrir, eða á nokkurn hátt að tortryggja hvor annan, vegna þess að skoðanir okkar fara, að því er málefnið snertir, í ýmsum atriðum mjög saman. Hann er þeirrar skoðunar — eins og ég, að eigi alþýðutryggingar að vera á annað borð, þá eigi þær að vera það fullkomnar, að þær eigi nafnið skilið, nefnilega að þær komi að gagni, en eigi ekki að vera eins konar fátækralöggjöf undir nafninu alþýðutryggingar. Og hv. 6. þm. Reykv. benti á ellitrygginguna sem dæmi um þetta. Og ég veit af viðræðum, sem ég hef átt við hv. 6. þm. Reykv. um þetta mál, að skoðanir okkar falla þar í ýmsum meginatriðum saman.

Hins vegar virtist mér koma fram hjá þessum hv. þm. dálítil tortryggni á nefndina, þ. e. a. s. á suma menn í n., en ekki á málefnisleg störf hennar, því að hann fann ekkert að því, hvernig n. hefði starfað, heldur fann hann að því, hverjir mennirnir væru, sem starfað hefðu í n. Hann virtist ekki vera alls kostar ánægður með Brynjólf Stefánsson, — ekki vegna þess, að hann væri ekki fær maður, heldur af því, að hann væri ekki nógu nátengdur Sjálfstfl. Og hann er ekki vel ánægður með mig og hv. 3. landsk. þm., — ekki vegna þess, að hann hefði neitt málefnislega út á okkur að setja sem nm., heldur af því, að við værum of nátengdir okkar flokkum. Nú er það svo, eins og hæstv. fors.- og félmrh. hefur mjög greinilega upplýst, að þessi n. var alls ekki skipuð með tilliti til þess, í hvaða flokkum þeir menn væru, sem í n. voru settir. Og ber þess vegna ekki að líta á neinn nm. sem fulltrúa neins flokks. Þegar Brynjólfur Stefánsson, sem samkvæmt upplýsingum hv. 6. þm. Reykv. er ágætur sjálfstæðismaður, er spurður að því, hvort hann líti á sig sem fulltrúa Sjálfstfl. í n., segir hann vitanlega nei. Og Brynjólfur Stefánsson hefur sagt, að hann hafi ekki ráðfært sig við sinn flokk. Væri ég spurður að því, hvort ég væri fulltrúi Sósfl. í n., þá mundi ég segja nei við því. Ég hef ekki heldur ráðfært mig neitt sérstaklega við minn flokk í sambandi við starfsemi mína í n. Og samá geri ég ráð fyrir, að gildi um hv. 3. landsk. þm. (HG). Og að það vill svona til, að ég og hv. 3. landsk. þm. erum nátengdir okkar flokkum, sé ég ekki, að skipti ákaflega miklu máli. Hv. 3. landsk. þm. er, eins og hv. 6. þm. Reykv. hefur sagt, alveg „autoritet" Alþfl. í þessu máli, og hann hefur verið skipaður í n. vegna þess, að hann er einn af þeim mönnum, sem lengst hefur starfað að tryggingamálum í landinu. Það gildir nákvæmlega það sama um Brynjólf Stefánsson, sem er í Sjálfstfl. Hann er „autoritet" flokksins í tryggingamálum, nákvæmlega eins og hv. 3. landsk. þm. er það í Alþfl. Og að því er snertir Framsfl., þá finnst mér, að hann hafi alveg eins ástæðu til að kvarta og Sjálfstfl., og þó alveg sérstaklega eins og n. var upphaflega skipuð, því að þá hygg ég, að fulltrúi frá Framsfl. hafi enginn í n. verið. — Mér finnst því í raun og veru, að þessar aths. hv. 6. þm. Reykv. séu með öllu óþarfar og það sé mjög fjarri því, að hlutur Sjálfstfl., ef um hlut nokkurs flokks væri þar að ræða, sé eða hafi verið fyrir borð borinn. Síður en svo. Sá flokkur hefur í n. einn af þeim fulltrúum, sem mest hafa til brunns að bera í þessu máli og vafalaust mesta „autoritet" flokksins í tryggingamálum. Hins vegar þykir mér ákaflega mikils um það vert, að Sjálfstfl. sé ekki óánægður með þessa nefndarskipun, svo að það yrði til þess að standa í vegi fyrir framgangi þeirra mála, sem n. skilar af sér. Og ég hefði kosið það, að það yrði reynt að koma í veg fyrir það. Eðlilegast hefði mér fundizt, að Sjálfstfl. hefði gert ráðstafanir til þess, að flokkurinn gæti fengið að fylgjast betur með þessum nefndarstörfum eftirleiðis — og þá kannske gegnum Brynjólf Stefánsson, — og það ætti þá að nægja. En ef flokkurinn treystir þessum manni ekki fullkomlega, af því að hann sé ekki nógu nátengdur Sjálfstfl., þá finni hann annan mann til þess að starfa í n. Hins vegar er mér óljúft, að Brynjólfur Stefánsson fari úr n. Ég skildi ekki, hvort hv. 6. þm. Reykv. átti við það. Yfirleitt teldi ég það mjög illa farið, ef nokkur af nm. hætti að starfa í n., vegna þess að allir nm. hafa mjög mikið um þessi mál fjallað, sem nú á að fara að afgreiða, og rætt um þau í n. Það mundi áreið-

anlega verða til tafar, ef einhver nm. yrði látinn fara úr n. og annar maður látinn koma í staðinn. Ég sé því ekki, að það sé hægt að leysa þetta mál á annan hátt betri en þann, að skipaður sé einn maður í viðbót í n. En ég get þá búizt við, að einhver annar flokkur þættist vera afskiptur, þar sem Sjálfstfl. hefði þá tvo menn í n., ef ekki þrjá, því að mér virtist hv. 6. þm. Reykv. líta svo á, að Kristinn Björnsson læknir væri sjálfstæðismaður eins og Brynjólfur Stefánsson. En ég býst við, að ekki verði ágreiningur um þetta mál, heldur verði það leyst á þann hátt, sem menn geta vel við unað.

Ég þarf ekki að segja neitt fram yfir það, sem hv. frsm. sagði um málið sjálft. Ég hef þar ekki neinu við að bæta og ekki heldur um þær brtt., sem hér liggja fyrir á þskj. 591 frá heilbr.- og félmn., né heldur um brtt. á þskj. 592, sem er frá hv. 3. landsk. þm. og mér. En á þskj. 593 er brtt. frá hv. þm. Seyðf. um breyt. á orðalagi 35. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að hún verði orðuð nokkuð öðruvísi, þannig að heimild sú, sem sjúkrasamlögum er með þeirri gr. veitt til að setja á stofn og reka sjúkrahús, lækningastöðvar og lyfjabúðir, verði nokkru þrengri. Hann ætlast til þess, að inn í 35. gr. sé bætt, þannig að niðurlag gr. sé: „og fullnægt ákvæðum laga og reglugerða, er heilbrigðisstjórnin setur um rekstur slíkra stofnana.“ En eins og þetta kom frá n., þá er svo til tekið, að þar skuli „fullnægt þeim reglum, er heilbrigðisstjórnin setur um rekstur slíkra stofnana.“ M. ö. o., það er ætlazt til þess af n., að þetta séu l., sem heimili sjúkrasamlögum að reka slíkar stofnanir, og þarf engin önnur lagafyrirmæli til. Það eru til l. um rekstur lyfjabúða, ef lög skal kalla. Það er ævagömul tilskipun. Og samkvæmt þessu orðalagi þyrfti að fullnægja ákvæðum hennar. En það var ætlazt til þess af n., að með þessari gr. væri ákveðið, að sjúkrasamlög hefðu heimild til þess að reka slíkar stofnanir skilyrðislaust að öðru leyti en því, sem það takmarkaðist af þeim reglugerðum, sem heilbrigðisstjórnin setur þar um. Ég tel hér um svo mikilsvert mál að ræða, að sjúkrasamlög hafi skilyrðislausan rétt til þess að reka þessar stofnanir, að það gætu orðið stórkostlegar framfarir í heilbrigðismálum landsins, sem gæti gert sjúkratryggingar miklum mun ódýrari og fullkomnari en þær nú eru, að það megi ekki leggja neinar hömlur á sjúkrasamlögin um þetta efni. Og get ég þar af leiðandi ekki fallizt á þessa brtt. hv. þm. Seyðf.

Hv. 6. þm. Reykv. minntist á það, að hann óskaði eftir því, að breytt væri þeim ákvæðum í frv., sem fjalla um skipun tryggingaráðs, og geri ég ráð fyrir, að hann muni flytja um þetta brtt. Ég get nú að miklu leyti fallizt á sjónarmið hv. 6. þm. Reykv. um það efni og tel það eðlilegra, enda þótt ég hafi ekki gert neinn ágreining út af þessu í n. En að sjálfsögðu get ég ekki tekið neina afstöðu til þessa atriðis, fyrr en sú brtt. er fram komin.

**Bjarni Benediktsson:** Herra forseti. — Það kom nú fram hjá hæstv. forsrh., að honum fannst ég tala frá nokkuð þröngu sjónarmiði um skipun mþn., þó að hann hins vegar viðurkenndi, að frá því sjónarmiði væri þetta e. t. v. rétt, sem ég hefði sagt. En ég vil nú leggja áherzlu á það — og segi það í fullri vinsemd við hæstv. forsrh. og félmrh. —, að eins og skipulag okkar allt er upp byggt, — og þar skiptir ekki máli, hvort maður er óánægður með það skipulag eða ekki —, eins og þjóðfélagsfyrirkomulagið er, þá er það nauðsynlegt að hafa samstarf við þá pólitísku flokka, sem í landinu eru, til þess að mál sem þetta nái fram að ganga. Það verður ekki, nema þeir pólitísku flokkar, sem í landinu eru, veiti þeim, er að þessu vinna, atbeina og vilji gera þetta mál eða önnur að sínu máli, og sama gildir um mörg önnur mál. Það getur verið, að í slíku tilliti sé við einn flokk að eiga í dag, en annan á morgun. En ef samvinna flokka nógu margra er ekki fyrir hendi um mál, ná þau ekki fram að ganga á Alþ. Og ég veit, að hæstv. forsrh. er ljóst, að þetta er svo, þegar um vandasöm mál er að ræða. Og ég veit, að hæstv. ráðh. finnur til þess, að þau mál, sem honum eru fengin til framkvæmda, eru ekki öll honum fengin á þann veg, sem hann vildi, vegna þess að samvinnu hefur ekki verið komið á um þau frá upphafi, þrátt fyrir hans bezta vilja. Honum ætti því að vera allra manna ljósast, hvað það er nauðsynlegt, að flokkarnir séu fyrir fram og frá upphafi dregnir inn í samvinnu til undirbúnings málum, sem hann á að framkvæma. Það lýsir þess vegna sérstökum velvilja við mál og umhyggju fyrir því, að það nái fram að ganga, ef flokkur óskar eftir því að fá að fylgjast með málinu frá því fyrsta og eiga þátt í að skapa það til þess síðan að geta fylgt því fram til sigurs.

Og varðandi skipun þeirrar n., sem hér er um að ræða, og hv. samþingismaður minn, 5. þm. Reykv., brá nú á nokkurn galsa út af, sem er ekki að furða, þar sem nú er alláliðið kvölds og nokkur næturgalsi hlaupinn í menn, þá er það, eins og hæstv. forsrh. sagði, að þegar menn heyra, að þessir tveir menn, hv. 3. landsk. og hv. 5. þm. Reykv., eru í n., þá er mönnum ljóst fyrst og fremst, að þar eru pólitískir menn á ferð, þó að þeir geti haft ágæta hæfileika í þessu efni. Og ég vil fullyrða, að þriðji flokkurinn eigi þarna mann í n., þó að hann sé kannske að mörgu leyti lakari sem nm. en sjálfstæðismaðurinn, sem er í n., en er miklu tengdari sínum flokki en sjálfstæðismaðurinn í n. er Sjálfstfl., því að sá maður, sem í n. hefur verið kosinn sem framsóknarmaður, er í miðstjórn Framsfl. Allir aðrir flokkar en Sjálfstfl. eiga því mann í þessari n., sem eru hver fyrir sig í miðstjórn síns flokks. Við getum alveg sleppt fyrrv. hæstv. félmrh. úr þessari sögu. Og ég vil leggja áherzlu á, að það er ekki annað, sem við sjálfstæðismenn förum fram á, en að maður verði valinn í n. af Sjálfstfl., ekki til þess að útiloka Brynjólf Stefánsson, heldur til viðbótar, sem stæði Sjálfstfl. jafn nærri og nm. úr hinum flokkunum standa nærri sínum flokkum. Það er a. m. k. einn maður í n., sem enginn virðist vita, hvaða flokki tilheyrir. Ég held því miður, að hann sé ekki sjálfstæðismaður. Þetta er Kristinn Björnsson læknir. En hann er skipaður í n. vegna sérfræðiþekkingar sinnar

eins og Brynjólfur Stefánsson. Við erum allir sammála um, að n. væri miklu verr skipuð, ef Brynjólfur Stefánsson væri ekki í n., alveg án tillits til þess, hvort sjálfstæðismaður kæmi í staðinn. Hins vegar vil ég segja það með allri virðingu fyrir samþm. mínum, hv. 5. þm. Reykv., að ég veit ekki, hvort álitið yrði, að n. væri nokkuð lakar skipuð, þó að t. d. gamall tryggingaráðsmaður eins og hv. 8. landsk. (SigfS) væri í n. í staðinn fyrir hv. 5. þm. Reykv. Ég geri ráð fyrir, að hv. 5. þm. Reykv. muni manna fyrstur játa, að n. varðandi tryggingamál væri með því allteins vel skipuð. — Það eru fyrst og fremst þessir tveir menn, Kristinn Björnsson og Brynjólfur Stefánsson, sem hafa yfirburði sem sérfræðingar til þess að starfa í þessari n.

Það er einkennilegt, að stærsti stjórnmálaflokkurinn, sem til er í landinu, hefur engan fulltrúa í n., en allir aðrir flokkar hafa þá. Og þetta er einkennileg tilviljun. Og það er ljóst, ef leita á samstarfs flokkanna um framgang málsins, að ólíkt heppilegra er, að allir flokkar hafi jafna aðstöðu í þessari n., en einum flokki sé ekki bægt frá. Og ég hef ekki farið fram á það út af fyrir sig, að Sjálfstfl. tilnefni mann í n., heldur aðeins, að annaðhvort tilnefni flokkurinn mann í n. eða maður verði valinn í n., sem standi í svipuðu sambandi við flokkinn og flokksmenn annarra flokka í n. standa við sína flokka. (**Forsrh.**: Ég hef lofað að tala við hv. þm.). Já, tala við mig. Ef það verður á þeim grundvelli, sem ég nú lýsti, þá er ég mjög ánægður með það. — Þar að auki er það vitanlegt, að Jens Hólmgeirsson var skipaður í n., af því að Framsfl. taldi upphaflega, að fram hjá sér hefði verið gengið um skipun manna í n. Það er því fordæmi fyrir þessu, sem ég hef hér farið fram á til handa Sjálfstfl.

Varðandi svo það, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði, að hann hefði ekki haft samráð við flokksmenn sína viðkomandi starfi sínu í n., þá hef ég nú frekar haldið, að þeir hafi haft samráð við hann um það, hvað hann gerði, en að hann þyrfti að bera sig saman við þá um það, hvað hann gerði. Ég hygg því, að menn taki það sem gamanyrði, sem hann sagði um það efni. En varðandi það, að ekki hafi verið hægt að fá menn með ámóta þekkingu og hv. 5. þm. Reykv. og hv. 3. landsk., þá vil ég taka fram, að Gunnar Benediktsson hefur haft lengri setu í stjórn Sjúkrasamlags Reykjavíkur en hv. 5. þm. Reykv., svo að hefði það vakað fyrir að fá mann skipaðan úr þeirri stjórn, þá hefði kannske verið eðlilegra að velja hann heldur en viðvaning í þeim efnum eins og hv. 5. þm. Reykv. Ég tala nú ekki um, hvort það hefði ekki verið kurteislegra af fyrrv. hæstv. félmrh. að velja fyrrv. ráðh. eins og hv. 3. þm. Reykv., sem er framkvæmdastjóri sjúkrasamlags Reykjavíkur. Það gæti sumum sýnzt, að hann hefði svipaða aðstöðu til að starfa í þessari n. og hv. 3. landsk. þm. Ég ber ekki fræðiþekkingu hv. 3. þm. Reykv. saman við þekkingu Brynjólfs Stefánssonar. En ég hefði haldið, að fræðiþekking hv. 3. landsk. þm. og hv. 5. þm. Reykv. væri ámóta og þekking hv. 3. þm. Reykv. í þessu efni. Og afstaða þeirra hvers í sínum flokki, er ákaflega svipuð, svo að mér sýnist, að ekki hefði þurft að fara ákaflega langt til þess að fá vel skipaða n. með mönnum, völdum samkvæmt þekkingu og reynslu í þessu efni frá öllum flokkum og svo prýðilegum sérfræðingum sem þeim Brynjólfi Stefánssyni og Kristni Björnssyni, mönnum, sem eru ekki í því pólitíska vafstri eins og við hinir og líta á málið frá stærri sjónarhóli, — eins og líka hæstv. ráðh. finnst þeir hafa víðtækari sjóndeildarhring en við hinir. Það er ágætt að hafa þá með, en hafa svo hina fjóra til þess að draga málið gegnum þingið, þegar það þarf að fá afgreiðslu. Ég hygg, að það væri ekki lakasta leiðin til þess að koma málinu fram.

**Lárus Jóhannesson:** Herra forseti. — Ég get í öllum atriðum vísað til þess, sem hv. 6. þm. Reykv. hefur sagt um afstöðu Sjálfstfl. um þetta mál. Ég hefði óskað þess, að því hefði ekki verið hraðað eins mikið og gert hefur verið, vegna þess að við sjálfstæðismenn höfum ekki haft tækifæri, sem aðrir flokkar hafa haft, til þess að athuga þetta mál. Og þetta frv., ef samþ. verður, er svo merkilegur lagabálkur, að það skiptir tiltölulega litlu máli, hvort hann er afgreiddur 3 til 5 mánuðum fyrr eða síðar, í samanburði við það, að af hinu háa Alþ. sé allt vandlega athugað í sambandi við þetta mál. Við sjálfstæðismenn höfum þó ekki viljað bregða fæti fyrir þetta mál, til þess að sýna velvilja okkar til málsins. En þegar verið er að ræða og semja l. um alþýðutryggingar, þá grípur það inn á allmörg svið.

Ég hef komið hér fram með brtt. til þess að koma í veg fyrir, að í einni einustu gr. í þessum l., ef frv. verður samþ., sé farið að setja l. um málefni, sem þurfa svo miklu meiri undirbúnings við og n. er nú á rökstólum til þess að rannsaka til hlítar, þ. e. um það, hvaða skilyrði skuli sett vera fyrir því að setja upp lyfjabúðir og sjúkrahús og þess háttar hér á landi. Ég hafði skilið 35. gr. svo, að hún næði eingöngu til innra skipulags sjúkrasamlaganna, þannig að hún segði aðeins á þá leið við þau: Ykkur er þetta heimilt, en auðvitað því aðeins, að sá almenni löggjafi eða staðgengill hans leyfi það. En af viðtölum við samnm. mína í félmn. heyrðist mér, að það væri meiningin, að með þessu ákvæði 35. gr. væri sjúkrasamlögum heimilað alveg án tillits til þeirra l., sem um það gilda, sem að vísu eru orðin mjög gömul, þ. e. tilskipun frá 1762, eða síðari l., að setja á stofn lyfjabúðir. Ég álít, að slík heimild eigi alls ekki heima í svona l., ef ekki á að skilja þetta sem breyt. á l. um lyfjabúðir. Þess vegna vil ég taka fram, að ég álít, að þetta ákvæði eigi að eiga eingöngu við innra skipulag sjúkrasamlaga, en að það bindi á engan hátt stjórnina eða löggjafann til að veita leyfi til slíkra stofnana, sem talað er um í þessari gr.

Ég vona því, að þeir, sem eru mér sammála um það atriði, hvaða skilyrði þurfi til þess að setja á stofn lyfjabúðir eða sjúkrahús, greiði atkv. með brtt. minni, til þess að enginn vafi geti á legið í þessu efni. Því að það er áreiðanlega fyrir utan verksvið þeirrar n., sem var skipuð til undirbúnings breyt. á tryggingalöggjöfinni, og eins fyrir utan tilgang þessara l. um

alþýðutryggingar að fara að setja í einni málsgr. ákvæði um hluti sem þessa, sem þarf að rannsaka mjög miklu nánar en orðið er í sambandi við þetta mál og eru mjög mikið rannsóknarefni. Enda hefði ekki setið á rökstólum sérstök n. í marga mánuði til þess að rannsaka það, ef ekki hefði verið álitið, að meira þyrfti í málinu að gera en að koma lagabreyt. í þessu efni sem smá-aukagetu inn í 50 greina lagabálk.

**Hermann Jónasson:** Ég mun nú ekki halda hér neina ræðu um þetta mál, heldur aðeins lýsa yfir því, að við framsóknarmenn erum því fylgjandi, að þessi löggjöf sé endurbætt. Og við þurfum því síður en aðrir að tala mjög um þetta mál, þar sem við höfum stutt það í verki, og eigum þar okkar sögu að nokkru leyti. En það er vitanlega margt í þessu máli, sem orkar tvímælis, eins og margt í þessum tryggingum öllum, því að þótt þær séu nokkuð gamlar meðal þjóðarinnar, þá eru þær þó ekki eldri en það, að ýmislegt hefur komið í ljós, sem mjög orkar tvímælis. Það er óráðið, hvort ég kynni að koma með einhverjar brtt. við frv. við 3. umr.

Viðvíkjandi fulltrúa Sjálfstfl. og Framsfl. í þessari n., sem hefur undirbúið málið, vildi ég segja það, og eiginlega þess vegna stend ég upp, að það er rétt hjá hv. 5. þm. Reykv., að fulltrúi Framsfl. eða framsóknarmaðurinn í n. var tilnefndur síðar en aðalnefndin. En það var ekki gert eftir ósk frá Framsfl. til ráðuneytisins. Það er rétt hjá honum, að óánægja var í Framsfl. yfir að eiga engan fulltrúa í þessari n. Aðspurður mun félmrh. hafa tekið fram, að hann vildi ekki tilnefna menn af hálfu flokka í n. Hins vegar valdi hann Jens Hólmgeirsson í n., meðfram með tilliti til þess, að hann tilheyrði Framsfl., en aðallega vegna annarra þeirra kosta, sem sá maður hafði að bera til nefndarstarfanna, þar sem hann var búinn að vera atorkusamur bæjarstjóri mörg ár á Ísafirði og hinn starfhæfasti maður. Þessi nm. hefur ekki heldur skilið tilnefning sína svo, að hann væri fulltrúi fyrir flokk sinn, því að hann hefur aldrei komið með viðfangsefni nefndarinnar inn á flokks- eða miðstjórnarfundi. Það var fyrst eftir að málið hafði verið lagt fram á Alþ., að ég átti tal um það við Jens Hólmgeirsson og athugaði nokkur atriði í frv. Það er í aðalatriðum rétt, sem hv. 5. þm. Reykv. segir; nm. voru ekki í n. sem flokkafulltrúar, en raunar áttu allir flokkar nema Framsfl. þar pólitíska fulltrúa sína.

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Ég skal ekki tefja umr. Ég tel það vissulega mikilsvert, að skipun n. sé með þeim hætti, að góðrar samvinnu megi vænta af Sjálfstfl. eins og öðrum flokkum. Ég vísa til þess, sem ég hef áður sagt um þá hlið málsins. Ég tel það liggja ljóst fyrir, að t. d. Brynjólfur Bjarnason er skipaður í n. sem stjórnarm. í S. R., en ekki af því, að hann sé einvaldur í kommúnistaflokknum, eins og einhver lét sér um munn fara. Aðrir í n. eru skipaðir þar af hliðstæðum rökum.

Samkomulag er um, að höfuðtill. n. séu til bóta frá því, sem er. Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því, að hv. 6. þm. Reykv. (BBen) skuli leggja á það áherzlu, að þær umbætur verði gerðar, sem virkilega komi að haldi, svo að ekki þurfi að veita sveitarstyrk með samlagsstyrknum. Þær vonir, sem ég hafði í upphafi, að iljótlega yrði mönnum svo ljós nauðsyn tryggginganna, að þeim þættu þær sjálfsagðar og vildu gera þær á hverjum tíma sem fullkomnastar, hafa ekki brugðizt. Þess vegna tel ég almenningsviljann að baki þessu frv. vera svo sterkan, að ekki megi fresta afgreiðslu þess.

Um skipun á tryggingaráði ræði ég ekki, fyrr en brtt. liggja fyrir, og þarf fátt einstakra hluta að nefna til viðbótar. Ég get ekki tekið undir með hv. þm. Seyðf. (LJóh), að litlu skipti, þótt afgreiðsla frv. dragist til næsta þings. Mér virðist undirbúningur sæmilega góður á þeim köflum l., sem hér ræðir um. Um þá er minni ágreiningur en um hina og hagkvæmara og betra að ljúka þeim breyt. sem fyrst, ráðast í hinar breyt. síðar. Ef samþykkt frv. næst ekki á þessu þingi, gengur breyt. ekki í gildi fyrr en með árinu 1945, og það væri mikið tjón og gæti mikið illt af hlotizt. Ég vildi mjög til þess mælast, að fulltrúar flokkanna beittu sér fyrir því, að eigi yrði sú töf.

Ég hygg, að brtt. hv. þm. Seyðf. viðvíkjandi ákvæði 35. gr. um lyfjabúðir skipti ekki miklu máli í þetta sinn. Sérstök n. fjallar um þau mál, og mér er óljóst, hvað starfi hennar miðar. Leyfi til lyfjabúðarekstrar og annað í því máli heimtar undirbúning.

**Brynjólfur Bjarnason:** Hv. 6. þm. Reykv. minntist á, að vel hefði getað komið til mála, að félmrh. hefði skipað hv. 3. þm. Reykv. í staðinn fyrir mig, og virtist hann telja n. þá betur skipaða. Hann kvartar um, að ekki hafi verið tekið tillit til pólitískra flokka. Hann stingur upp á því sem hugsanlegri leið að skipa úr Sjálfstfl. tvo mikils virta menn, sinn á hvorn hátt, en haga að öðru leyti þannig til, að sennilega hefði Sósfl. þar engan fulltrúa. En hann þarf að átta sig á, að það er ekki gott að hafa þessi tvö sjónarmið í kollinum í einu. Annars get ég upplýst, hvers vegna fyrrv. félmrh. skipaði mig í n. Það var vegna þess, að ég hafði borið fram frv. um mjög róttækar breyt. á þessum l., þar sem farið var fram á gerbreyting á öllu tryggingakerfinu, og því frv. var ásamt öðru vísað til n., — sem átti einmitt að hafa það fyrir eitt aðalverkefni að endurskoða ellitryggingarnar. Vegna þessa fyrst og fremst og vegna þess, að ég er í stjórn S. R., og með einhverri hliðsjón til pólitískra flokka var ég skipaður í n. Þegar ráðh. ákvað að skipa Brynjólf Stefánsson í n. heldur en einhvern annan sérfræðing, t. d. Guðmund Kr. Guðmundsson, gat það ráðið nokkru, að Brynjólfur telst til Sjálfstfl., en hitt var aðalatriðið, hverja þekking og reynslu hann hefur þarna til brunns að bera. Þegar á allt er litið, eru þetta aðeins leiðindakeipar hjá hv. 6. þm. Reykv. En þótt svo sé, þætti mér mjög vænt um, að ráðherra tæki nokkurt tillit til þeirra keipa, ef það gæti greitt fyrir málinu.

Viðvíkjandi ummælum hv. 3. landsk. um brtt. á þskj. 593 vil ég taka fram, að ég er á annarri

skoðun. Hann telur óviðeigandi að hafa í l. önnur ákvæði um rekstur stofnana, sem sjúkrasamlagi er heimilað að reka, en þau, er snerta hið innra skipulag sjúkrasamlaganna. Út frá því sjónarmiði er alveg óþarft að setja þetta ákvæði. Og þetta ákvæði væri ákaflega lítils virði í 35. gr., ef ekki ætti að fela annað í því en hv. 3. landsk. gerir ráð fyrir. Það þarf engin sérstök lagaákvæði til þess, að samlögin geti rekið lyfjabúð. Hitt, sem á hefur staðið, er, að það hefur ekki náðst samkomulag um, að þau fengju leyfi til þess. Ákvæði þetta í 35. gr. hefur þess vegna því aðeins gildi, að í því felist ótvírætt, að samlög skuli fá leyfi, jafnskjótt og fullnægt er heilbrigðislegum skilyrðum. Hv. 3. landsk. minntist á það, að verið er að undirbúa löggjöf um rekstur lyfjabúða, og þess var ekki vanþörf. Engin löggjöf er til um það efni, farið eftir konungstilskipun frá 17. öld, og virðist varla goðgá að hrófla við því. En sú löggjöf kemur ekki þessu máli við. Þau lög hljóta að fjalla um skilyrðin, sem hver lyfjabúð þarf að uppfylla, umfangsmikið mál fyrir sig, en snerta ekki það, hvort samlögin eigi að reka lyfjabúðir. — Ég tek undir það með hv. 3. landsk., að mikið ríður á að ljúka afgreiðslu frv. á þessu þingi. Báðir aðalkaflarnir, breyt. á slysatryggingum og sjúkratryggingum, eru svo aðkallandi, að ófært er að bíða. Frestun á afgreiðslu þýddi, að um sum atriði yrði að setja brbl., t. d. um iðgjöld hátekjumanna. Alltaf er ég að fá fyrirspurnir m. a. frá þeim, sem eiga sæti með mér í stjórn S. R., og allir hafa þeir menn nokkrar áhyggjur, ef það skyldi dragast að afgr. frv., ef það skyldi ekki vera öruggt, að þessar lagfæringar fáist nú um áramót. Allir aðilar gætu lagzt á eitt um, að málið fái afgreiðslu á þessu þingi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—17. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 591,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
19.—20. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 591,2 a—b. samþ. með 13 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
22. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 591,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
24.—32. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 592 samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 592 samþ. með 9:2 atkv.
33. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
34. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 593 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** LJóh, MJ, ÞÞ, BBen, EE, GJ.
**nei:** KA, PHerm, BrB, GÍG, HG, HermJ, IngP, StgrA.
3 þm. (PM, BSt, JJ) fjarstaddir.
35. gr. samþ. með 10:4 atkv.
36.—51. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
52. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Formáli frv. og fyrirsögn og fyrirsagnir kafla samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 639).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Bjarni Benediktsson:** Mál þetta er flutt af heilbr.- og félmn. þessarar d. Ég hafði skilið formann þeirrar n. svo, að samkomulag væri um, að þetta frv. kæmi ekki til umr. fyrr en á mánudag. Ég hafði ætlað mér að bera fram brtt. við frv., sem aðrir hv. þm. lýstu sig ekki reiðubúna að taka afstöðu til í gær. (**BrB:** Ég er reiðubúinn að taka afstöðu til hennar.) Það gleður mig, að hann hefur fengið vitrun á svo skömmum tíma. Ég sé ekki ástæðu til að vera á móti afbrigðum, en mér finnst það einkennileg vinnubrögð og eigi leið til varanlegs samkomulags í n., að þannig sé komið aftan að manni á slíkan hátt, sem hv. form. n. hefur gert í þessu máli. Mér er skýrt svo frá, að brtt. mín hafi möguleika til að ná samþykki nú þegar og afbrigði munu fást fyrir henni, en ég skil ekki þessi vinnubrögð eða hvað hér er á ferðinni, allra síst þar sem samkomulag varð um það í n. að afgr. málið ekki að svo komnu máli, ef svo á fyrirvaralaust að knýja það í gegn.

**Frsm.** (**Haraldur Guðmundsson**): Mér þykir mjög leitt, ef misskilningur hefur orðið milli mín og hv. þm. Mig minnir, að ekki hafi verið talað um annað en ekki væri búizt við fundi fyrr en á mánudag, en þegar fundur var ákveðinn í dag, talaði ég við hæstv. forseta um möguleika á því, að málið yrði tekið á dagskrá. Ég tel, að ekki komi til mála að synja um afbrigði fyrir brtt. þeirri, sem hv. þm. hefur boðað, burtséð frá því, hvort ég er með henni eða móti. Ef ég hef minnzt á mánudag við hv. þm., sem ég þori ekki að fullyrða, þá er það eingöngu af því, að ég bjóst ekki við fundi á laugardag nú frekar en venjulega.

**Bjarni Benediktsson:** Hv. form. spurði mig, hvort ég væri á móti því, að málið yrði tekið fyrir með afbrigðum á fundi í nótt. Ég sagði þá, að ég teldi óeðlilegt, að málið fengi annað en þinglega meðferð, og þá sagði hann, að það yrði tekið fyrir á mánudag, og skildi ég það svo, að samkomulag væri um það okkar í milli. Hann segist telja sjálfsagt, að brtt. mín fái að komast að. Það gleður mig, og það er góðra gjalda vert, en ég sé ekki, hvað hér er á ferðinni, þar sem menn voru orðnir sammála um, að málið ætti að fá þinglega meðferð, og svo er rokið í að næturlagi að boða fund á ný og þetta mál tekið á dagskrá, eftir að búið er að komast að samkomulagi um, að það skuli bíða eftir að vera tekið fyrir á skaplegan hátt og engum bolabrögðum sé beitt.

**Frsm.** (**Haraldur Guðmundsson**): Ég fellst ekki á, að hér hafi verið viðhöfð nein bolabrögð. Ég man ekki heldur eftir, að samkomulag hafi verið gert um, að málið yrði ekki tekið fyrir fyrr en á mánudag. Mér þykir leitt, ef þetta veldur misskilningi og hv. þm. heldur, að hann hafi verið beittur bolabrögðum, og ég veit, að hann

heldur það ekki í alvöru. Hér á að viðhafa fullkomlega þinglega meðferð, því að það er álitin þingleg meðferð, þótt mál sé afgr. með afbrigðum, enda skildi ég það ekki svo, að það væri bundið endanlega við, að málið væri ekki afgr. með afbrigðum.

**Bjarni Benediktsson:** Ég veit ekki um aðra hv. þm., en ég get skýrt frá því um mig, að ég fór á skrifstofu mína á venjulegan hátt, og þá hafði ég engin boð fengið um, að fundur yrði í dag. Það var af tilviljun, að ég kom hingað niður eftir, af því að flokksmenn mínir hringdu í mig og boðuðu mig á flokksfund. Það getur verið, að dagskráin hafi verið send heim til mín, en fyrir menn, sem starfa að mörgu, þá er það nú svona og svona gott, að dagskráin sé send á næturstað. Það var af tilviljun, að ég kom hingað á fund. Ég mun ekki greiða atkv. á móti afbrigðum og mun afhenda hæstv. forseta skrifl. brtt. við frv.

**Forseti (StgrA):** Út af þessum síðustu ummælum hv. þm., að hann hafi af tilviljun fengið að vita um þennan fund, vil ég geta þess, að það var að vísu áliðið, þegar fundi var slitið í gærkvöld, en þá var tilkynnt, að fundur yrði í dag og að hann yrði að öðru leyti boðaður með dagskrá, og ég geri ráð fyrir, að hún hafi verið borin út. Ég man ekki fyrir víst, hvort hv. 6. þm. Reykv. var í d., þegar fundi var slitið. (**BBen:** Nei, en ég var nærri).

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 643) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Ég vil heldur ráða frá, að þessi till. verði samþ. Samkv. því, sem gert er ráð fyrir í frv., skulu 3—4 stærstu þingflokkarnir tilnefna hver sinn mann, en ráðh. skipa formann. Þessi aðferð, að stærstu þingflokkarnir tilnefni hver sinn mann, er viðhöfð við ýmsar nefndarskipanir, og ef ætti að breyta því, sem ég út af fyrir sig tel, að gæti komið til mála, þá er eðlilegt, að samræmi sé í þeim aðgerðum. Til viðbótar þessu skal ég benda á, að gert er ráð fyrir í síðari hluta málsgr., að sérfræðingar verði í ráðinu, ef samkomulag getur fengizt um það, en slíku er örðugra að koma við með hlutfallskosningu en tilnefningu, en að sjálfsögðu er mjög æskilegt, að tryggingarráð sé skipað mönnum með sérþekkingu. Ég tel líka eðlilegra, að fjórir menn séu tilnefndir en fimm og ráðherra skipi síðan formann, en ekki sé bundið við, að hann sé einn af þeim, sem kosnir eru. Ég viðurkenni, að þetta er ekki ýkjaþýðingarmikil breyt., en ég tel þó, að hún sé ekki til bóta frá því, sem er í frv. sjálfu.

**Bjarni Benediktsson:** Hv. 3. landsk. telur höfuðgalla á þessari till., að með henni sé erfiðara að ná samkomulagi um sérfróða menn en með tilnefningu. Þetta er misskilningur, því að það er alveg eins hægt að kjósa sérfræðinga með hlutfallskosningu, ef mönnum lízt svo og samkomulag næst. Yfirleitt er hægt að reikna út fyrir fram, hve marga menn hver flokkur á að fá, og geta þeir, ef þeim lízt, hagað kosningunni eftir því, svo að það kemur í einum stað niður. Það er eðlilegast, að atkvæðamagn ráði, hvernig tryggingaráð er skipað, það liggur svo í augum uppi, að um það þarf ekki að fjölyrða.

Mér skilst, að í gr. sé ekki gert ráð fyrir, til hve langs tíma þessir menn skuli kosnir. Þykir mér eðlilegt, að þeir séu kosnir til fjögurra ára, og mun ég gera brtt. um það við mína skrifl. brtt.

**Forseti (StgrA):** Hv. flm. hefur bætt við skrifl. brtt., að kjörtími tryggingaráðs skuli vera fjögur ár. Ég sé ekki ástæðu til að leita afbrigða um þessa viðbót.

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Ég mun greiða atkv. með þessari síðari brtt., því að það liggur í hlutarins eðli, að ef tryggingaráð er skipað með þeim hætti, sem hann gerir ráð fyrir, þá þarf að ákveða kjörtímabilið. Hins vegar verð ég á móti till. í heild.

**Brynjólfur Bjarnason:** Ég mun greiða atkv. með þessari brtt. hv. 6. þm. Reykv. Ég er á sama máli og hann, að eðlilegast sé að kjósa tryggingaráð með hlutbundinni kosningu, og þótt ekki hafi þótt taka að gera ágreining út af þessu í mþn., þá álít ég samt, að það sé ekki rétt að skipa ráðið á þann hátt, sem gert hefur verið, og í raun og veru leifar frá þjóðstjórnartímanum, þegar þurfti að hafa samkomulag um, hvernig n. skyldu skipaðar. Ég mun því greiða atkv. með þessari till.

ATKVGR.
Brtt. 643 samþ. með 9:3 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 41. fundi í Sþ., 13. des., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 644).

Á 63. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21:2 atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 16. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 644, n. 650).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Þetta frv., sem hér liggur fyrir til 2. umr., er samið af mþn., sem skipuð var á sínum tíma til þess að endurskoða alþýðutryggingal. Síðan er frv. þetta flutt af heilbr.- og félmn. Ed. að tilhlutun forsrh., sem fer með félagsmál. Í mþn., sem frv. þetta samdi,

var leitað álits allra stofnana, sem ætla mátti, að gætu gefið upplýsingar, og málið snerti á einhvern hátt. Heilbr.- og félmn. Ed. leitaði líka umsagnar undir meðferð málsins í d. hjá öllum atvinnurekendasamböndum og Alþýðusambandinu.

Í hv. Ed. var enginn ágreiningur milli flokka út af þeim breyt., sem fyrir lágu þó að nokkur atriði væru á þá lund, að skiptar skoðanir voru um þau.

Þessum brtt. fylgir nokkur grg., og eru þessar breyt. á alþýðutryggingal. einungis við þrjá fyrstu kafla þeirra, er snerta sjúkrabætur, örorkubætur og slysabætur, og er um það, að líka verði greidd sjúkrahússvist, ef frv. verður samþykkt, í staðinn fyrir það, sem áður var ekki greitt, þegar um slys eða örorku var að ræða. Einnig er ráðgerð nokkur breyt. á sjúkrasamlögunum, og þar sem þetta hefur verið gert með þeirra vitund og rætt við þau um undirbúninginn og þetta undirbúið rækilega af sjúkrasamlaganna hálfu, telja stjórnir sjúkrasamlaganna, að þetta sé til bóta. Þá er ráðgert, að rannsókn fari formlega fram á því, hvort stofna skuli héraðasamlög um allt land.

Ég álít algerlega að bera í bakkafullan lækinn að vera að rekja þetta nánar, en skal geta þess í sambandi við þetta, að heilbr.- og félmn. þessarar d. leggur til, að frv. verði samþykkt eins og það er, en hv. þm. Snæf. (GTh) var ekki viðstaddur, þegar frv. var afgr., en ég hef átt tal um það við hann, og kvaðst hann vera samþykkur.

Ég vil vænta þess, að frv. fái greiða göngu og geti orðið að l. á þessu þingi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
8.—26. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
27.—55. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
52. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 66. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

**Gunnar Thoroddsen:** Herra forseti. Það er að vísu komið að þinglausnum, en ég býst ekki við, að útilokað sé, að tveir fundir verði enn haldnir, og því leyfi ég mér að bera fram brtt. við 34. gr. frv.

Nú er svo komið, að starfandi eru í landinu nokkur elliheimili, en þau falla ekki undir 3. tölulið. — Það er ekki tilætlunin að fara að greiða fyrir þá sjúklinga, sem haldnir eru ellisjúkdómum. — Mun ég ekki fjölyrða um þetta. Ég ætla, að ekki þurfi að verða ágreiningur um brtt. mína, af ótta við, að málið komist ekki í gegn tímans vegna, og vænti ég þess, að deildin sjái sér fært að samþ. hana.

**Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Þótt verða mætti, að till. hv. þm. Snæf. yrði samþ., verð ég að leggja á móti henni, því að með henni er málinu teflt á tæpasta vaðið, þar sem alveg er komið að þinglausnum. — Enda þótt telja megi brtt. þessari nokkuð til gildis, er ekki ástæða til að hætta málinu hennar vegna.

**Gunnar Thoroddsen:** Ég skal aðeins endurtaka, að það er upplýst, að fundur verður í Ed. í fyrramálið, og er þá öruggt, að till. mín getur fengið samþykki.

**Finnur Jónsson:** Ég hef spurzt fyrir um það, hvort fundur mundi verða ákveðinn á morgun, og fengið það svar, að svo kynni að fara, að haldið yrði áfram í Ed. í fyrramálið. En það er ekki alveg víst. Óska ég því eftir, að hv. þm. Snæf. taki brtt. sína aftur, til þess að forðast að stofna málinu í hættu.

**Sigfús Sigurhjartarson:** Ég stend upp vegna umræðna um fund í Ed. í fyrramálið. Það er óvíst, hvort af honum verður. Vil ég taka undir með hv. þm. Ísaf., að tíminn er orðinn mjög tæpur og því hætta á, að mál þetta nái ekki samþykki, ef brtt. hv. þm. Snæf. verður samþ.

**Ólafur Thors:** Ég var að enda við að tala við Magnús Jónsson, og hann sagði mér, að fundur yrði í Ed. í fyrramálið. Og ég skildi hann svo, að það væri búið að boða hann. En þetta gæti verið á misskilningi byggt. — Hins vegar sýnist mér, að með þeim afbrigðum, sem hér hafa verið veitt, hafi það komið í ljós, að svo mikill þingvilji sé fyrir því að samþ. það ákvæði, sem í skrifl. brtt. felst, að vart geti komið til mála, að málinu verði stofnað í voða, þó að þessi brtt. yrði samþ. Það er ekki nema fárra mínútna verk að skjóta á slíkum fundi í hv. Ed., sem gæti samþ. frv. endanlega, ef brtt. þessi yrði samþ. Og vafalaust væri hægt að gera það fyrir þinglausnir, ef áhugi væri fyrir því. Og ég tek undir rök. hv. þm. Snæf. um gagnsemi þessarar brtt. — Ég tek á mig ábyrgð á því fyrir hönd Sjálfstfl., að flokkurinn mundi mæta á fundi í hv. Ed. til þess að afgreiða þetta mál á morgun og að hann mundi greiða atkv. með frv. án þess að gera á því nýjar breyt. þar í d., þ. e. óbreyttu frá þessari hv. d., að þessari brtt. samþykktri.

ATKVGR.
Brtt. 684 felld með 16:7 atkv.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 688).

——o——

# Önnur mál.

## 1. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir.

Á 14. fundi í Sþ., 23. sept., utan dagskrár, mælti

**Ólafur Thors:** Herra forseti. Fyrirspurnin, sem ég ætla að bera fram, mun einkum varða starfssvið hæstv. fjmrh., og mér hefði því þótt eðlilegt, að hæstv. forseti hefði frestað því, að fyrirspurnin kæmi fram, þar til hæstv. fjmrh. væri viðstaddur. Nú hefur hæstv. forseta borizt vitneskja um, að hann kemur ekki á fundinn, og vil ég þá beina fyrirspurninni til hæstv. forsrh. En fyrirspurnin er um það, hvar hæstv. ríkisstj. sé á vegi stödd um öflun heimilda til að greiða niður verðvísitöluna. Að svo miklu leyti sem málið liggur upplýst fyrir almenningi, hefur hæstv. ríkisstj. talið sér skylt að leita samþykkis þingflokkanna til að greiða niður dýrtíðina eða halda vísitölunni niðri. Hæstv. ríkisstj. skrifaði öllum þingflokkunum og spurðist fyrir um það sérstaklega, hvort þeir væru samþykkir því, að hún notaði ákveðnar tekjur ríkissjóðs í þessu skyni. En það skiptir ekki máli, hvort það er þetta fé eða annað, sem notað er. Aðalatriðið er, hvort það orkar tvímælis, að heimildin í 4. gr. dýrtíðarl. frá í fyrra sé eingöngu takmörkuð við fé, sem ríkissjóði fellur til samkv. 2. gr. þeirra l., en það er álit Sjálfstfl., að það nái ekki nokkurri átt, að sú heimild sé notuð takmarkalaust, meðan hæstv. Alþ. situr og hægt er að ná til þess um samþykki.

Málinu virðist svo komið, að fyrirspurnum hæstv. ríkisstj. hafi af tveim flokkum þingsins (Alþfl. og Sósfl.) verið svarað neitandi. Sjálfstfl. svaraði, að hann vildi um sinn sætta sig við, að fé yrði lagt fram, að því tilskildu, að hæstv. ríkisstj. aflaði sér tafarlaust heimilda til þess á Alþ. Síðan þetta skilyrði var sett, eru nú liðnir 8 eða 9 dagar, og er eðlilegast, að hæstv. ríkisstj. geri Alþ. grein fyrir því, hvað hún hyggst fyrir í þessum efnum.

**Forsrh. (Björn Þórðarson):** Ríkisstj. var ekki kunnugt um, að þessi fyrirspurn mundi koma fram, en þó að svo hefði verið, er ég ekki viss um, að fjmrh. hefði getað verið viðstaddur, þar sem hann er bundinn við skyldustörf, en ég tel rétt að beina þessari fyrirspurn til fjmrh. Ég mun í þetta skipti leiða hjá mér að svara fyrirspurninni, en mun hins vegar flytja fjmrh. tilkynningu um, hvers spurt er, og svo mun hann tilkynna, hvenær hann muni geta svarað. Þetta verð ég að láta mér nægja í þetta skipti.

**Ólafur Thors:** Eg vildi að sönnu mega gera ráð fyrir, að í jafnveigamiklu máli og þessu lægi nú þegar fyrir ákvörðun ríkisstj., en mér skilst á svari hæstv. forsrh., að vafasamt sé, að svo sé. Eg skal samt ekki á þessu stigi málsins setja út á, þótt hæstv. forsrh. telji rétt, að sá ráðh., sem þetta mál fellur undir, svari fyrirspurninni, og ég þakka hæstv. forsrh. fyrir, að hann vill flytja hæstv. fjmrh. boð um þessa spurningu, sem ég hef borið fram í nafni Sjálfstfl., í því trausti, að hann láti ekki standa á skýru svari. Þá vil ég árétta það, sem var áður sagt, að tveir flokkar hefðu neitað stjórninni um heimild til slíkra greiðslna og Sjálfstfl. tilskilið, að l. væru á ný samþ. á Alþingi.

Á 15. fundi í Sþ., 28. sept., utan dagskrár, mælti

**fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Síðastliðinn föstudag bar hv. þm G.-K. fram fyrirspurn í sameinuðu þingi um það, hvar ríkisstjórnin væri á vegi stödd um öflun heimilda til að greiða niður framfærsluvísitöluna. Enn fremur sagði hann, að Sjálfstfl. vildi um sinn sætta sig við, að fé yrði lagt fram, að því tilskildu, að ríkisstjórnin aflaði sér tafarlaust heimildar til þess á Alþingi.

Eins og ríkisstjórnin hefur skýrt þingflokkunum frá bréflega, telur hún sig hafa skýlausa heimild í 4. gr. laga nr. 42/1943 til að lækka verð landbúnaðarvara á innlendum markaði gegn framlagi úr ríkissjóði. Þessi heimild er svo skýr og ótvíræð, að ekki verður um villzt. Stjórnin telur sig því ekki þurfa að afla nýrra heimilda í þessum efnum.

Ástæðan til þess, að stjórnin leitaði samþykkis flokkanna til að nota fé það, sem fengist af verðhækkun tóbaks, var sú, að ég gaf yfirlýsingu um það í efri deild, þegar lagabreytingin var þar til umræðu, að tekjurnar, sem af verðhækkuninni leiddi, skyldu ekki notaðar nema meiri hluti þingmanna væri því fylgjandi. Tveir stærstu flokkar þingsins gáfu til kynna, að þeir mundu ekki að svo stöddu hafa á móti, að þetta yrði gert. Skilyrði Sjálfstfl. var að vísu það, að ríkisstjórnin aflaði sér tafarlaust úrskurðar Alþ. um það, hversu lengi slíkar greiðslur séu inntar af hendi.

Ástæðan til þess, að ríkisstjórnin hefur ekki leitað slíks úrskurðar Alþ., er fyrst og fremst sú, að tveir stærstu flokkarnir samþykktu, að fé yrði lagt fram um sinn, þ. e. a. s., meðan athugaðar eru aðrar leiðir til úrlausnar. En önnur meginástæðan er sú, að stjórnin hefur ekki að svo vöxnu máli viljað setja Alþ. í þann vanda að kveða upp úrskurð um, hversu lengi þessar greiðslur skuli standa, meðan engum háttv. þingmanna er enn fyllilega ljóst, hvernig og hvenær hægt er að leysa dýrtíðarmálin til frambúðar og án þess að greiðslur úr ríkissjóði komi til. Meðan svo stendur, er varla hægt að ætlast til þess, að afstaða sé tekin til svo örlagaríkra ráðstafana sem þeirra, hvort hætta skuli verðbótum þeim, er nú halda verðbólgunni í skefjum.

Hins vegar eru greiðslurnar nú inntar af hendi án nokkurrar skuldbindingar af hendi ríkissjóðs, hversu lengi það sé gert. Af þeim sökum er ekkert því til fyrirstöðu, að ríkissjóður hætti greiðslunum á morgun, ef það þætti henta. Ríkissjóði hefur því ekki verið bundinn nokkur baggi í því efni, og Alþingi getur, hvaða dag sem því sýnist svo, ákveðið að greiðslunum skuli hætt.

Einnig af þessum ástæðum þykir ríkisstj. ekki aðkallandi þörf að leita úrskurðar Alþingis um málefni, sem það hefur gersamlega í hendi sér, — um málefni, sem þing og stjórn er að leita úrlausnar til frambúðar á öðrum og tryggari grundvelli en það er nú.

Því hefur verið haldið fram, að ekki geti komið til mála, að stjórnin noti áðurgreinda heimild um milljóna fjárgreiðslu meðan þingið situr, án þess að formlegt samþykki þess komi til á ný, að lagaheimildina megi nota. Ég verð að segja það, að ég er alveg á gagnstæðri skoðun. Ég álít, að einmitt vegna þess að þingið situr geti ríkisstjórnin notað sér slíka heimild til milljóna útgjalda, án þess að leita nýrrar heimildar, því að þá hefur þingið aðstöðu til að fylgjast nákvæmlega með málinu og taka í taumana, hvaða dag er það teldi sér henta.

Búnaðarfélag Íslands og Alþýðusamband Íslands hafa nú að beiðni ríkisstjórnarinnar skipað sex manna nefnd til að athuga möguleikana á því að lækka dýrtíðina með frjálsu samkomulagi milli þessara aðila. Mér skilst, að almennt sé litið á þetta sem spor í rétta átt, jafnvel af andstæðingum ríkisstj., hversu sem fer um árangurinn.

En meðan slíkar samræður fara fram og meðan verið er að þreifa sig áfram um varanlega og viðunandi lausn dýrtíðarmálanna, efast ég um, að til sé nokkur maður innan þessara veggja, sem vildi í fullri alvöru leggja til að gefa dýrtíðinni lausan tauminn. Meiri hl. Alþingis hefur tjáð sig því fylgjandi, að verðbólgunni sé haldið í skefjum fyrst um sinn á þann hátt, sem nú er gert, meðan leitað er annarra ráða. Það virðist því vera að öllu leyti eðlilegast, að notaðar séu þær heimildir, sem til eru, og þingið hafi það í hendi sér, hversu lengi þær séu notaðar.

Ef þingið hins vegar væri á móti því, að dýrtíðinni sé haldið í skefjum með fjárframlögum úr ríkissjóði, eins og sakir standa, þá er því innan handar, eins og ég hef áður bent á, að stöðva fjárgreiðslurnar, hvaða dag sem vera skal, með því að gera um það formlega ályktun eða nema úr lögum þær heimildir, sem ríkisstjórnin byggir ráðstafanir sínar á. En ef þingið gerir slíkar ráðstafanir án þess að jafnframt séu gerðar aðrar, sem haldið geta dýrtíðinni í skefjum, þá er sýnilegt, að þingið og ríkisstjórnin eiga ekki samleið.

Um það mun hafa verið rætt í öllum flokkum undanfarið, hvort bæta skuli bændum upp útflutningskjötið, svo að þeir fái fyrir það sama verð og gert er ráð fyrir af vísitölunefndinni. Hafa margir talið, að mikil sanngirni mæli með, að svo verði gert, að minnsta kosti innan ákveðinna marka. Ég veit ekki um afstöðu hv. þm. G.-K. í þessu efni, en ekki mundi ég vænta þess af honum að verða eftirbátur annarra í því að sýna bændum fulla sanngirni í þessu máli.

Ef svo færi, að þingið hyrfi að því ráði að verðbæta allt útflutta kjötið, þá mundi að sjálfsögðu verða út flutt allt kjöt, sem selst ekki innanlands. Sé ekki kjötinu til neytenda hér haldið í hóflegu verði, — þ. e. a. s., sé það ekki lækkað í verði með fjárframlagi úr ríkissjóði, — er hætt við, að neyzlan mundi minnka stórkostlega. Árangurinn af því yrði sá, að meginhluti kjötsins væri seldur á erlendum markaði og verðbættur af ríkissjóði, svo að erlendir neytendur fengju það keypt fyrir allt að helmingi lægra verð en almenningur hér á landi verður að greiða. Landsmenn mundu verða án þessarar hollu fæðu vegna þess, hversu dýrt hún er seld innanlands, en um leið mundu þeir verða að greiða stórfé til, að útlendingar geti fengið hana ódýrt.

Þetta er hin hliðin á málinu, og ég hygg, að fáa mundi fýsa að bera ábyrgð í þessu efni og standa fyrir svörum, ef málin tækju þá vendingu, sem ég hef nú drepið á.

Ég skal fúslega viðurkenna, að það er hvorki varanleg né æskileg lausn að halda verðbólgunni í skefjum með fjárframlögum. En það getur verið lækning að því leyti, að það getur forðað frá hruni. Það er á sinn hátt líkt því að halda við viðnámsþrótti sjúklings með því að dæla í hann blóði, þangað til líkaminn getur sjálfur farið að veita sjúkdómnum mótstöðu.

Eins og sakir standa, tel ég það þjóðinni fyllilega mögulegt og án þess að nærri henni sé gengið, að halda uppi margumræddum fjárframlögum.

Þeir eru margir, sem látið hafa skína í það í ræðu og riti, að fjárframlög úr ríkissjóði til að halda verðbólgunni í skefjum sé hin mesta heimska, sem hvergi þekkist nema hér. Um það skal ég ekki deila, hvort hér sé um óviturlegar ráðstafanir að ræða, en hitt vildi ég segja, að slíkar ráðstafanir hafa verið gerðar víðar en hér og með svo góðum árangri, að furðu sætir.

Bretar tóku það ráð þegar í byrjun stríðsins að sporna gegn verðbólgu. Reynsla þeirra og annarra frá fyrra ófriði var á þá leið, að engin fórn til að fyrirbyggja verðbólgu væri eins dýr og verðbólgan sjálf. Þess vegna byrjuðu þeir strax á því að halda verðlagi í skefjum með því að hafa hönd í bagga með dreifingu nauðsynjavara og leggja fram fé úr ríkissjóði, þegar það sýndist henta til þess að hindra verðhækkun.

Samkv. heimildum, sem ég hef í höndum, hefur verið varið til dýrtíðarráðstafana á fjárhagsárinu, sem endaði 31. marz 1942 í Bretlandi, samtals

145 millj. sterlingspunda. Það jafngildir um 3800 millj. króna eða um 80 kr. á hvert mannsbarn í Bretlandi. — Þetta hefur skipzt þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Hveiti og haframjöl | £ 35 | millj. |
| Kjöt | — 23 | — |
| Kartöflur | — 23 | — |
| Mjólk | — 28 | — |
| Egg | — 13 | — |
| Sykur | — 16 | — |

Ef tiltölulega hefði verið varið hér á landi til dýrtíðarráðstafana til þess að halda verðlaginu í skefjum, þá mundi það nema nálega 10 millj. króna á ári.

Nú hefur verið varið á þessu ári til verðlækkunar á *innlendum afurðum eins og hér segir:*

| | |
|---|---|
| **Kjöt,** frá áramótum til 15. sept. - - - | 3982000 |
| **Mjólk** á sama tíma - - - - - - - - | 2200000 |
| Áætl. verðbætur á þessum vörum frá 15/9 til 31/12, að meðalt. um 900 þús. kr. á mánuði í 3½ mánuð - - - - | 3150000 |
| Samtals | 9332000 |

Á næsta ári mætti búast við að öllu óbreyttu, að verðbæturnar mundu nema 10—11 millj. kr. yfir árið.

Niðurstaðan verður þá sú, að áætlun ríkisstj. um fjárframlag til að halda verðbólgunni í skefjum næstu 12 mánuði er að tiltölu við fólksfjölda alveg í sama mæli og Bretar hafa greitt úr ríkissjóði hjá sér síðasta fjárhagsár til að forðast verðbólgu.

Hjá Bretum hefur þessi aðferð reynzt svo vel, að verðhækkun hjá þeim frá ófriðarbyrjun nemur aðeins 30 vísitölustigum, enda sést það glöggt á því, að þeir geta selt okkur kartöflur og flutt þær hingað fyrir 45—50 aura kíló, meðan heildsöluverð hér á staðnum á íslenzkum kartöflum er nú 1.12.

*Í Bretlandi ásakar enginn ríkisstj. þar fyrir að hafa gert þær ráðstafanir, sem ég nú hef lýst.*

Þetta mál hefur nú orðið nokkru lengra en ég hafði gert ráð fyrir í fyrstu. En ég taldi rétt að gera grein fyrir þessu nú á þessu stigi málsins. En með þessu tel ég mig hafa svarað fyrirspurn hv. þm. G.-K. og jafnframt gert grein fyrir viðhorfi ríkisstj. í þessu máli.

**Ólafur Thors:** Herra forseti. Ég get þakkað hæstv. fjmrh. fyrir þau svör, sem hann hefur gefið. Hann hefur svarað fyrirspurn minni, þótt hins vegar meiri hlutinn af ræðu hans væri að því leyti óþarfur, að hann snerti ekki beinlínis það, sem um var spurt. En aðalatriðið er, að hæstv. ráðh. segir, að ríkisstj. telji sig hafa skýlausa heimild til þess að greiða fé úr ríkissjóði til þess að halda verðbólgunni í skefjum, án þess að nokkur ný heimild komi til. Ég leyfði mér að vitna í bréf, sem Sjálfstfl. skrifaði ríkisstj. 15. sept. s. l. í tilefni af bréfi, sem flokknum hafði borizt frá ríkisstj. varðandi greiðslur úr ríkissjóði til þess að halda niðri dýrtíðinni. En í því bréfi lýsir Sjálfstfl. þeirri skoðun sinni, að það sé a. m. k. umdeilt, hvort heimild í dýrtíðarl. frá fyrra þingi, nr. 42, takmarkaðist einvörðungu við tekjustofna, sem í 2. gr. þeirra laga getur, eða hvort hún sé víðtækari. Sjálfstfl. telur þetta orka tvímælis, en lýsir yfir, að enda þótt þessi heimild sé talin ótvíræð, þá nái engri átt eða komi ekki til mála — eins og ég held, að það sé orðað — að nota heimildina meðan Alþ. situr, án þess að leitað sé af nýju samþykktar þingsins í þeim efnum. Hæstv. fjmrh. segist vera á annarri skoðun um þetta og færir fram sín rök. Ég fyrir mitt leyti álít það ekki rétt og tel, að þegar stærsti flokkur þingsins hefur neitað að gefa sitt samþykki, beri stj. að taka tillit til þess, nema kunnugt sé, að meiri hl. þingsins líti öðruvísi á. Það er ekki hægt að láta það eins og vind um eyrun þjóta, þegar 20 manna flokkur segir, að ekki komi til mála að verja fénu í þetta án þess að leita samþykkis þingsins.

En svo er annað atriði, sem ég vil leyfa mér að leiða athygli að: við sjálfstæðismenn hlutum að líta svo á, að stj. væri okkur sammála í þessu efni, því hvaða skynsamleg ástæða gat annars verið til þess fyrir stj. að leita álits allra flokka um það, hvort verja mætti ákveðnum tekjustofni til þess að borga niður dýrtíðina, ef hún hafði slíka heimild almennt? Þetta er einkennilegt, og ég veit, að hæstv. fjmrh. virðir okkur til vorkunnar, þó við litum svo á, að í þessu lægi umsögn hans um, að slík heimild væri ekki fyrir hendi, og ef hún væri til, þá bæri að endurnýja hana. Það dettur engum í hug, að ríkissjóðurinn sé eins og gömul dragkista með mörgum hólfum, og svo segi menn: að vísu höfum við leyfi til að verja þessu fé, sem liggur í neðstu skúffunni til hægri, og viljum heldur verja því, þó við annars höfum heimild, sem gildir allan ríkissjóðinn, ef okkur bara þóknast. Ég finn ekki rökrétta hugsun í þessu, og ég skil ekki þá umönnun í garð þingsins að vilja ekki setja það í þann vanda að þurfa að skera úr. Ja, það er meiri vorkunnsemi en mér er sýnd. Þar að auki vil ég segja það, að stj. hefur ekkert leyfi til þess að segja um menn þá, sem skipa þingflokk Sjálfstfl., að þar sé enginn maður, sem veit hvað hann vill. Það er alveg rétt, að það gengur illa að ná samkomulagi, en það batnar ekki við það, að ekkert sé gert. Ég álít, að stj. eigi að setja okkur í þann vanda að ákveða, hvort það eigi að halda áfram að greiða úr ríkissjóði, en ég tel mig ekki þurfa að segja til þess nú fyrir sjálfan mig og því síður fyrir hönd Sjálfstfl., hvort flokkurinn muni samþ. það.

Samlíkingin um það, að það *megi líta* á þetta eins og blóðgjafir til sjúklings, getur vel komið til mála. En það má líka líta öðrum augum á þetta. Það getur verið um sjúkling að ræða, sem þarf að gera aðgerð á, — og enginn veit það betur en stj., að þetta þarf að gera. Við getum alveg eins sagt, að það geti verið hættulegt að vera að smákrukka í þennan sjúkling, þangað til hann er orðinn svo máttvana, að þegar hann verður lagður á skurðarborðið, gefur hann upp öndina. Það vita allir, að það, sem verið er að gera, er það að mergsjúga skattþegnana í landinu, af því að ekki hefur náðst samkomulag um þá einu mögulegu leið, en það vita allir, að ef þessu fer fram, að haldið sé áfram að reita í ríkissjóðinn þá aura, sem fást, þá má svo fara, að á örlagastundinni reynist þjóðfélagið ekki — hvorki ein-

staklingar né hið opinbera — fært um að gera það, sem gera þarf. Það er um tvær leiðir að ræða. Það hefur í einu blaðanna í bænum verið talað um að klifa niður og hafa opin augun, en ég segi: Góði, lokaðu ekki augunum, því það kemur að því, að augun verða að vera opin fyrir því, sem er óhjákvæmilegt. Okkur er nokkur vorkunn að líta undan í þessu efni, en við megum ekki ganga þess dulin, að við verðum að horfast í augu við það, hvað framundan er, annaðhvort nú eða síðar.

Ég hef aldrei efazt um það, að stj. vill fara þá leið, sem hún telur líklegasta til úrlausnar, ég hef aldrei efazt um það og held, að enginn geri það, en ég held ekki, að stj. geti í þessu efni fremur en öðrum gengið fram hjá skoðunum og vilja þingsins, og ég held, að það sé rétt að láta þingið taka á sig þann vanda að segja til um það, hve lengi á að halda áfram þessum greiðslum. Ég held, að fram hjá því verði ekki komizt, að stærsti flokkur þingsins og jafnvel fleiri hafa lýst því yfir, að ekki komi til mála, að heimildin frá 1942 verði framlengd nema þingið verði spurt á ný. Ráðh. benti á það, að nú sé verið að reyna að semja um kjarna málsins, hvort eigi að klifa niður, og segist vita, að enginn þm. mundi vilja sleppa dýrtíðinni lausri á meðan. Ég er ekkert fjarri því, að það mundi reynast svo, þó margt gæti komið til mála, þegar farið væri að ræða um það. Ef það er óyggjandi, því þá ekki að spyrja þetta þing? Hvaða vit er fyrir stj. að taka á sig allt illt fyrir að greiða úr ríkissjóði, þegar hún veit, að það er ekki svo mikið sem einn einasti þm., sem vill sleppa dýrtíðinni lausri, meðan verið er að rannsaka, hvort endanlegt samkomulag næst?

Ég skal svo ekki gera einstök önnur ummæli úr ræðu hæstv. ráðh. að umræðuefni, að einu undanteknu. Ég vil, að það liggi skýrt fyrir hér í þinginu, að Alþingi gefur ekkert í skyn um það, að það hafi þá skoðun, að kjötið íslenzka seljist út úr landinu fyrir eitthvert smánarverð. Það er ástæðulaust fyrir stj. að endurtaka það, að Islendingar eigi að borga margar milljónir í uppbætur á útflutt kjöt. Meðan þingið fær ekki að vita, að Bandaríkin og Bretland ætli að borga okkur lítið verð fyrir kjötið, tel ég það óheppilegt, að umr. fari fram um það hér á þingi, að útlendingar ætli að borga lítið fyrir það, þannig að það verði selt út úr landinu fyrir miklu minna verð en Íslendingar verða að kaupa það. Ég leyfi mér að segja það, að Alþingi á að setja fram þá skoðun sem hið eina íslenzka sjónarmið í bili — hvort sem annað reynist réttara síðar, — að með tilvísun til þeirra samninga, sem Bandaríkin og Island gerðu um viðskipti sín á milli, er það ósk Islendinga eða krafa, að Bandaríkin greiði okkur fyrir kjötið það verð, sem hlutlaus n., skipuð af stj. undir forustu æðsta embættismanns landsins, telur, að framleiðendur þurfi að bera úr býtum fyrir vinnu sína, annaðhvort sem þurftarlaun eða til þess að þurfa ekki að vera ölmusumenn á öðrum atvinnuvegum landsins. Ég mundi treysta mér að bera höfuðið hátt við þá samninga, og ég mundi treysta mér að reisa höfuðið enn hærra, þegar ég færi fram á að bera það úr býtum fyrir bændur landsins, sem nægði til þess, að þeir fengju laun til jafns við aðrar lágt launaðar stéttir þjóðfélagsins. Innan skamms mun ekki duga sú mótbára, að aðrar stéttir þjóðfélagsins geti hlaupið undir bagga til þess að borga það, sem þarf til þess að þessi stétt beri ekki minna úr býtum en aðrir. Ég veit, að Bandaríkin borga þetta, því þau vita, að þeir atvinnuvegir landsmanna, sem bezt hafa borgað sig og hafa haft sæmilega afkomu, dragast nú óðum niður. Ég vil þess vegna, að Íslendingar beri fram þessa ósk og kröfu án þess að gera ráð fyrir því, að Bandaríkin borgi ekki nema nokkurn hluta. Það er nógur tími að tala um það, þegar að því kemur.

Ég mun svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en vil segja það að lokum, að eftir að hafa heyrt svör við því, sem spurt er um, tel ég málið liggja fyrir Alþingi í þessu formi til athugunar bæði í mínum flokki og öðrum flokkum, og þingið verður að segja, hvað það vill gera. En ef umr. halda áfram og fleiri taka þátt í þeim en hæstv. ráðh. og ég, langar mig til að vita — og vildi beina þeirri fyrirspurn til flokkanna, hvort þeir telja, að stj. hafi heimild til þess að borga niður dýrtíðina ótakmarkað — t. d. nota til þess allan ríkissjóðinn — og enn fremur, ef heimildin er fyrir hendi, telja þá forsvarsmenn annarra flokka, að það komi til mála, að slík heimild sé notuð án þess að Alþingi sé að nýju spurt?

**Einar Olgeirsson**: Í sambandi við þá fyrirspurn, sem fram hefur verið borin út af afstöðu annarra flokka til heimildar ríkisstj. til að greiða úr ríkissjóði, lýsi ég því yfir fyrir hönd Sósfl., að flokkurinn hefur svarað þeim bréfum, sem um þetta hafa borizt, á þann veg, að hann liti svo á, að stj. hefði ótvírætt enga heimild til þess, og til þess að fá úr því skorið, hefur 5. þm. Reykv. (BrB) lagt fram í Ed. frv. til breyt. á dýrtíðarl., þar sem beinlínis er tekið fram, að stj. hafi ekki slíka heimild án þess að leita til þingsins. Afstaða Sósfl. er ótvíræð, og við teljum, að í sambandi við lagafrv. þetta fáist úr því skorið, hver er afstaða þingsins.

**Forseti (FJ)**: Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs um þetta efni.

---

Á 24. fundi í Ed., 24. sept., utan dagskrár, mælti

**Gísli Jónsson**: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að bera þá fyrirspurn fram til hæstv. utanrrh., hvort hann sæi sér ekki fært að beita sér fyrir því, að yfirfærslu á andvirði ísfiskjar, sem seldur er nú í Stóra-Bretlandi, yrði hraðað meira en nú er gert. Síðan 25. júní mun engin yfirfærsla hafa átt sér stað hjá þeim, sem flytja eða selja fisk til Englands, og er nú komið svo, að mörg skip munu eiga inni um 1 millj. kr. með þeim stóru gjöldum, sem inna þarf af hendi hér á landi, og er þetta tilfinnanlegt fyrir útgerðina, og á hún ekki annars kost en að leita á náðir bankanna til þess að geta haldið áfram atvinnurekstri sínum. Mér er sagt, að þetta stafi af því, að breyting hafi orðið á láns- og leigusamningnum við Bandaríkin. Ég vildi mega vænta þess,

að hæstv. utanrrh. sæi sér fært að beita sér fyrir því við viðkomandi aðila, að þessum málum verði kippt í lag hið fyrsta.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Herra forseti. Út af fyrirspurnum hv. þm. Barð. vil ég taka það fram, að það er rétt, að það hefur um skeið orðið nokkur dráttur á því að fá greiðslu fyrir fiskafurðir, sem seldar eru úr landi til láns- og leigulagastofnunarinnar í Bandaríkjunum. Þegar ég varð var við þennan drátt fyrir hálfum mánuði, sneri ég mér til þeirra aðila, sem þarna eiga hlut að máli, og kvartaði yfir þessu og óskaði eftir, að úr þessu yrði bætt strax. Mér er ánægja að upplýsa hv. d. um það, að það er þegar úr þessu bætt, þannig að fyrsta greiðslan er afgr. frá láns- og leigulagastofnuninni í Washington til Islands fyrir nokkrum dögum. Upphæðin, sem þarna er um að ræða, er nokkuð á aðra milljón dollara, og það hafa verið gefin fyrirheit um, að þetta muni ekki koma fyrir aftur. Þessi dráttur mun hafa stafað af því, að það þurfti að taka upp nýtt fyrirkomulag við greiðslurnar frá 1. júlí. Frá þeim tíma var sá háttur tekinn upp að greiða 2/3 af andvirði fiskjarins í dollurum, en 1/3 í sterlingspundum. En eins og ég sagði áðan, þá er verulegur hluti þessara upphæða kominn í hreyfingu, og hitt mun koma bráðlega á eftir.

**Gísli Jónsson:** Ég vil aðeins þakka hæstv. ráðh. fyrir góð og skýr svör viðvíkjandi þessu máli og þau afskipti, sem hann hefur haft af því.

---

Á 17. fundi í Sþ., 6. okt., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég vil leyfa mér, áður en gengið er til dagskrár, að beina nokkrum fyrirspurnum til hæstv. ríkisstj. Ég býst við, að það heyri helzt undir viðsk.- og fjmrh. að svara þeim.

Í fyrsta lagi vil ég spyrja, hvort seld er mjólk til setuliðsins, og, ef svo er, þá hve mikil. Ég vil taka það fram, að það er sérstaklega spurt um þetta sökum þess, að nú er mjólkurlaust í bænum.

Í öðru lagi á hvaða verði og hvort það er rétt, að setuliðið fái mjólkina við lægra verði en Islendingar borga fyrir hana. Ég vil sérstaklega víta þessa sölu, ef hún á sér stað, þar sem það er slæmt fordæmi að selja vöru sama sem út úr landinu á lægra verði en landsmenn greiða fyrir hana.

Í þriðja lagi: Hvað líður innflutningi ameríska smjörsins? Hér hefur verið smjörlaust undanfarið, en neytendur hafa verið fullvissaðir um, að ameríska smjör yrði flutt til landsins.

Í fjórða lagi vil ég spyrja, hvort hæstv. ríkisstj. hafi gert nokkrar ráðstafanir til innflutnings á mjólkurdufti, ef Islendingar geta ekki fullnægt mjólkurþörf sinni sjálfir og verða að fara að nota innflutt mjólkurduft eins og herinn.

Vænti ég, að hæstv. viðskmrh. svari þessum fyrirspurnum mínum.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Út af fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv. vil ég geta þess, að þetta mál heyrir að vísu ekki undir mitt embætti, en ég mun koma þessu áleiðis til hæstv. atvmrh.

---

Á 28. fundi í Nd., 7. okt., utan dagskrár, mælti

**Sveinbjörn Högnason:** Herra forseti. Í áframhaldi af fyrirspurn 2. þm. Reykv. í Sþ. í gær um sölu á mjólk til setuliðsins, þá beini ég fyrirspurnum til ríkisstj.:

1. Er það rétt, að setuliðinu hafi verið selt vinnuafl síðastliðið sumar, er bændur vantaði vinnuafl, og að það hafi verið selt ódýrara en boðið var af Islendingum? Enn fremur: Hvaða leið hyggst hæstv. ríkisstj. að fara til að ráða bót á þessu? Ætlar hún að flytja inn erlent vinnuafl? Og hversu skal bæta það tjón, sem hlotizt hefur af skorti á vinnuafli í sveitunum?
2. Er það rétt, að allmikið rafmagn hafi verið selt setuliðinu á sama tíma og verksmiðjur, frystihús og sláturhús skortir það og húsmæður geta vart eldað mat? Hvað hyggst ríkisstj. að gera til að lagfæra þetta, ef rétt reyndist, þar eð þetta er ekki lítill hnekkir fyrir allan almenning?
3. Er það rétt, að setuliðsmenn taki vatn í stórum stíl, enda þótt heilir bæjarhlutar séu löngum vatnslausir?

Þessu vænti ég, að ríkisstj. svari um leið og fyrirspurninni um mjólkina, sem hér kom fram í gær.

**Forsrh. (Björn Þórðarson):** Hv. þm. V.-Sk. mun ekki hafa eða geta búizt við því, að ríkisstj. gæti svarað þessu án frekari undirbúnings. Ég vil því mælast til, að fyrirspurnirnar verði lagðar fram skriflega, og mun ríkisstj. þá svara þeim eftir því, sem föng verða á og tími vinnst til um rannsókn á þessum atriðum.

**Sveinbjörn Högnason:** Að sjálfsögðu ætlaði ég ríkisstj. tíma til að svara þessu. Hins vegar óskaði hún ekki skriflegrar fyrirspurnar í gær, en ég skal taka afrit og láta henni í té eftir því, sem þingskrifarar hafa ritað niður.

---

Á 31. fundi í Ed., 8 okt., utan dagskrár, mælti

**Haraldur Guðmundsson:** Mig langar til þess að fá upplýsingar um það hjá hæstv. ríkisstj., hvort hún telji þær ráðstafanir, sem hún hefur gert til þess að greiða uppbætur á kjötframleiðslu, eiga að ná til þess kjöts, sem notað er til heimilisþarfa hjá framleiðendum. Eins og kunnugt er, hefur ríkisstj. ákveðið að greiða allt að 2 kr. á hvert kg til uppbótar á verð þess kjöts, sem selt er til neyzlu hér innanlands. Þetta er svipuð regla og sú, sem hæstv. stj. tók upp á s. l. vetri að því er smjör snertir. Ég minnist þess, að í sambandi við eftirlit með uppbótargreiðslum vegna smjörs gaf ríkisstj. út reglur, sem áttu að tryggja það, að bændur gætu ekki fengið uppbætur á smjör, sem þeir sjálfir notuðu til heimilisþarfa, eins og

rétt var og eðlilegt. Ég er ekki þess umkominn að segja til um það, hvort þessar reglur um smjör hafi komið að því gagni, sem til var ætlazt. Mér er hins vegar ekki kunnugt um, að hæstv. stj. hafi gefið út neinar hliðstæðar reglur til tryggingar því, að uppbætur, greiddar á kjöt, yrðu ekki misnotaðar. Mér virðist liggja í augum uppi, að ef kjötframleiðendur vilja, þá geti þeir tekið það kjöt, sem þeir nota til heimilisþarfa, og lagt það inn í sláturhús og látið svo annan mann taka út kjötið aftur og á þann hátt fengið borgaðar uppbætur á það kjöt. Það orkar ekki tvímælis, að slíkt var ekki tilgangur ríkisstj., en það verður að telja sjálfsagt, að settar séu reglur um, að slíkt geti ekki komið fyrir. — Ég sé, að hæstv. fjmrh. er hér viðstaddur, og vona, að hann geti gefið upplýsingar um þetta atriði.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Út af fyrirspurn hv. 3. landsk. vildi ég upplýsa það, að sá ráðh., sem þetta mál heyrir undir, er ekki hér viðstaddur og getur ekki svarað þessu á þessum fundi, en ég vil taka annað fram í þessu sambandi: Ríkisstj. vill eindregið mælast til þess, að fyrirspurnir til hennar, sem gerðar eru, verði gerðar skriflega. Stjórnin mun að sjálfsögðu ekki skorast undan að svara fyrirspurnum, sem hægt er að veita svar við á þeim fundi, sem þær eru komnar fram á, en fyrirspurnir eru oftast á þann veg, að ekki er hægt að svara þeim á þeim fundi, og þess vegna væntir hún þess, að hv. þdm. vilji taka tillit til þess. En ég skal koma þessari fyrirspurn hv. landsk. til viðkomandi ráðh., sem mun svara henni á næsta fundi.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég skal að sjálfsögðu minnast óska hæstv. ráðh. í þessum efnum, og hæstv. stj. hefur að sjálfsögðu rétt til þess að óska þess, sem hæstv. ráðh. bar hér fram, en ég vil þó aðeins leyfa mér að benda á það, að það hefur verið föst þingvenja, að einfaldar fyrirspurnir hafa verið bornar fram munnlega, og hafa ríkisstjórnir yfirleitt ekki skorazt undan að svara þeim, þó að þær væru bornar fram utan dagskrár. Ég vil svo þakka hæstv. fjmrh. fyrir það, að hann ætlar að koma þessari fyrirspurn til hlutaðeigandi ráðh.

---

Á 29. fundi í Nd., 8. okt., utan dagskrár, mælti

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Ég hefði kvatt mér hljóðs þegar í byrjun þessa fundar til þess að bera fram fyrirspurnir til hæstv. ríkisstj., en vegna þess að hæstv. viðskmrh. var bundinn við umr. í Ed., þá dró ég mig til baka. Nú er hæstv. ráðh. enn bundinn við þessar umr., en ég læt það þó ekki aftra mér, þar sem ég veit, að allri hæstv. ríkisstjórn er kunnugt um þetta mál, sem ég ætla að spyrja um, en það er olíusölumálið.

Fyrir 8 dögum eða svo var tilkynnt allverulega verðlækkun á olíu. Daginn eftir birtist svo í Morgunblaðinu undarleg grein um olíusölumálið, þar sem forstjórar olíufélaganna skýra afstöðu sína í þessu máli. Strax daginn eftir að þessi grein birtist, eða 4. okt., tilkynnti hæstv. viðskmrh., að hann teldi sig þurfa að gefa yfirlýsingu af hálfu ríkisstj. um þetta mál og, að því er mér skildist, helzt varðandi greinina í Mbl. Nú hefur enn þá engin slík yfirlýsing komið fram, en þar sem hér er um þýðingarmikið mál að ræða og þetta er nú búið að bíða í heila viku, þá vil ég spyrja hæstv. ríkisstj. um það, hvað þessari yfirlýsingu líði.

Í greininni í Mbl. segja forstjórar olíufélaganna, að þeir hafi strax í sumar viljað lækka olíuverðið, en síðan líða 3 mánuðir án þess að lækkunin verði gerð. Þeir láta skína í það, að þeir hafi boðizt til þess að lækka olíuverðið um það mikið, að það mundi muna útveginn um 2 millj. kr. á ári. Að vísu kemur það fram, að olíufélögin hafi sett einhver skilyrði, sem ríkisstj. hafi ekki viljað ganga að, og skín í gegn, að þeir hafi farið fram á, að þeim yrði tryggð sama sala og undanfarin ár.

Nú er það kunnugt, að ýmsar útgerðarstöðvar úti um land hafa óskað eftir því að fá að kaupa olíuna beint, án milligöngu olíufélaganna, eins og Síldarverksmiðjurnar á Siglufirði gerðu í sumar og gátu þannig selt veiðiskipunum miklu ódýrari olíu en olíufélögin gerðu. Þessir staðir telja sig einnig geta fengið mun ódýrari olíu, ef þeir fá að kaupa hana beint. Nú bíða þeir enn eftir svari, og þegar það hefur einnig dregizt svo með áðurnefnda yfirlýsingu, þá er full ástæða til þess að spyrja: Hvað hindrar það, að þessir staðir fái að kaupa olíuna beint?

Ég vildi einnig spyrja að því í sambandi við þessa Mbl.grein, hvort það sé rétt, að nú standi fyrir dyrum stórfelld hækkun á innkaupsverði olíunnar. Ég held, að þessi olíumál séu svo stórvægileg, að það sé ekki verjandi, að dregið sé mánuð eftir mánuð að gera nokkuð í þeim, þar sem nú virðast liggja fyrir heimildir um, að hægt sé að lækka olíuna allverulega.

Ég vil svo vænta þess, að svar berist bráðlega við þessum fyrirspurnum og hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að leysa þessi mál hið bráðasta.

**Forsrh. (Björn Þórðarson):** Herra forseti. Það er eins og fyrri daginn, að þegar hv. 6. landsk. þm. ber fram fyrirspurnir, þá er hæstv. viðskmrh. bundinn við umr. í Ed. Þetta er mikilsvert mál, og ríkisstj. mun ekki færast undan því að skýra það fyrir deildinni, en málið er nú til athugunar hjá ríkisstj. Ég vil mælast til þess, að hv. 6. landsk. vilji afhenda mér fyrirspurnir sínar skriflega, og þá mun ég greiða fyrir þeim, og þeim mun verða svarað svo fljótt sem kostur er á.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar undirtektir við þetta mál, og ég lýsi því yfir, að ég mun afhenda fyrirspurnirnar skriflega.

---

Á 18. fundi í Sþ., 13. okt., utan dagskrár, mælti

**atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Að gefnu tilefni þykir rétt og nauðsynlegt að upplýsa, að öll ámæli á setuliðsstjórnina, sem kunna að hafa komið fram í blöðum og annars staðar út af kaupum hennar á mjólk, eru með öllu ástæðulaus.

Setuliðsstjórnin hefur hvað eftir annað form-

lega yfirlýst, að hún óskaði ekki eftir að kaupa hér á landi mjólk né aðrar matvörur, nema aðeins í þeim tilfellum, sem matvörur þessar væru til umfram það, sem landsmenn sjálfir gætu eða vildu nota.

Setuliðsstjórnin hefur hins vegar oftar en einu sinni eftir ósk aukið mjólkurkaup sín á þeim tíma árs, þegar mikill mjólkurafgangur hefur verið, en þá gengið ríkt eftir að fá að vita, að um afgangsmjólk væri að ræða.

Setuliðsstjórnin óskar ekki frekar en áður að kaupa mjólk hér á landi, nema um sé að ræða afgangsmjólk.

Af þessum ástæðum er ljóst, að með öllu er ástæðulaust að gera nokkrar samþykktir á Alþingi til þess að hefta setuliðið í kaupum þess á mjólk.

Þetta vildi ég hafa upplýst til að fyrirbyggja misskilning.

---

Á 19. fundi í Sþ., 15. okt., utan dagskrár, mælti

**atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Herra forseti. Ég leyfi mér hér með að upplýsa hv. þm. um eftirfarandi:

Með þingsályktunartillögu samþ. 31. ágúst 1942 samþykkti Alþingi „að fela ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði verðuppbót á útflutt dilkakjöt af framleiðslu ársins 1942, eftir því sem þörf gerist til þess að útflytjendur fái sama verð fyrir það kjöt, komið í skip á útflutningshöfn, eins og heildsöluverðið er á kjöti á innanlandsmarkaði á sama tíma".

Samkvæmt þessu hefur þann 21. ágúst s. l. verið afgreitt frá atvinnumálaráðuneytinu fyrirmæli um greiðslu þessarar uppbótar á útflutt dilkakjöt af framleiðslu ársins 1942, og nam upphæðin kr. 2.212.810,34.

Með sömu þingsályktunartillögu ályktaði Alþingi að fela stj. að greiða úr ríkissjóði „verðuppbætur á ull og gærur, sem framleiddar eru til útflutnings 1942, og miðist verðuppbæturnar við það, að framleiðendur fái ekki lægra verð hlutfallslega fyrir þessar afurðir en þeir fengu fyrir þær árið 1940, miðað við verðlagsvísitölu beggja áranna, að viðbættri uppbót, er svarar til þeirrar almennu grunnkaupshækkunar, sem orðið hefur og verða kann hjá launafólki í landinu á árinu 1942".

Samkvæmt þessu fyrirlagi Alþingis hefur ríkisstjórnin ákveðið verðuppbætur þessar með vísitöluhækkun 60,61% og grunnkaupshækkun 22½%.

Atvinnumálaráðuneytið tilkynnti útflytjendum í gær, að ullaruppbót gæti orðið greidd strax og fyrir lægi fullnægjandi skilríki frá þeim um magn vörunnar.

Gæruuppbótin verður greidd áður en mjög langt líður, en sem stendur er eigi nægilegur sjóður fyrir hendi í ríkissjóði til að standa straum þessarar greiðslu umfram venjuleg dagleg útgjöld.

Þar sem ráðuneytinu hefur enn eigi borizt skilríki frá útflytjendum, nægileg til þess að gera upp samtals verðuppbótina, verður eigi upplýst nákvæmlega upphæðin, en eftir því, sem næst verður komizt, má áætla ullaruppbótina 4½ millj. kr. og gæruuppbótina 8.850.000 kr.

Þetta vildi ég hafa upplýst.

---

Á 33. fundi í Nd., 18. okt., utan dagskrár, mælti

**Finnur Jónsson:** Ég hafði hugsað mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. atvmrh. Ég sá hann í d. rétt áðan og vildi biðja hæstv. forseta að hlutast til um, að hann yrði hér viðstaddur.

Hæstv. atvmrh. gaf þær upplýsingar á þingfundi nú fyrir skömmu, að greiddar uppbætur á landbúnaðarafurðir 1942 mundu nema á 16. millj. kr. Nú er kunnugt, að þessar uppbætur verða greiddar útflytjendum afurðanna, og sennilegt er, að þær verði greiddar samkvæmt þeim skýrslum, sem útflytjendur leggja fram um, hvað þeir hafi flutt mikið út úr landinu. Mun hæstv. atvmrh. þá að sjálfsögðu geta gefið upplýsingar um, hve mikið hver útflytjandi fengi. Hins vegar veit ég ekki, hvort til muni vera nokkur skrá um, hvernig þessi upphæð mundi skiptast á býli í landinu. Vil ég því spyrjast fyrir um hjá hæstv. atvmrh., hvort hann mundi ekki, án þess að fyrir liggi um það áskorun frá Alþingi, geta lagt fyrir þm. eða n. í þinginu upplýsingar um, hvernig þessar upphæðir skiptast á hvert býli í landinu. Þegar um svo stórar fjárhæðir er að ræða, sem hæstv. atvmrh. hefur skýrt frá, virðist mér ekki ónauðsynlegt, að þm. fái upplýsingar um, hvernig upphæðirnar skiptast á býlin. Ef hæstv. ráðh. getur útvegað þessa skýrslu, án þess að þál. komi þar til, mundi ekki ástæða til að gera frekar að sinni, en ef hann telur hins vegar, að stj. sé ekki skylt að gefa þessa skýrslu, þá mundi ég athuga, hvort ekki væri rétt að flytja þáltill. um, að slík skýrsla fengist.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Herra forseti. Hér er spurt um, hvort ég sem atvmrh. sjái mér ekki fært að láta þinginu í té, að mér skilst, sundurliðaða skrá um það, hvað hver búandi maður í landinu fái mikinn hluta af þeim uppbótum, sem hafa verið og verða greiddar samkvæmt ályktun þingsins frá síðasta ári. Ég ætla, að slíkt verk sé svo mikið og kostnaðarsamt, að vart verði í það farið, nema látinn verði í ljós vilji Alþingis um það. Ætla ég, að ég hafi með þessu svarað því, sem spurt var um.

**Finnur Jónsson:** Hæstv. ráðh. telur sér ekki fært að gefa þessar upplýsingar nema áskorun frá Alþingi um það komi til. Nú er það svo með þessar uppbætur, að það mun hafa verið ætlun þingsins, að þær ættu að fara til þeirra, sem framleiddu vöruna, en ekki endanlega til þeirra, sem flyttu hana út. Mér skilst, að ekki sé tryggging fyrir, að þessar uppbætur komi til réttra aðila, nema því aðeins, að þeir, sem fá uppbæturnar greiddar í stórum slumpum, skili sundurliðuðum kvittunum fyrir greiðslunum. Það má auðvitað segja, að það sé verk hvers manns, sem selur þessar afurðir, að ganga eftir því að fá uppbæturnar, en það er vissulega engin trygging fyrir, að þeir réttu aðilar fái þær, nema kvittanir liggi fyrir. Nú hef ég ekki ætlazt til, að

ríkisstj. fari að greiða hverjum manni þessar uppbætur úr ríkissjóði, en til þess má ætlast, að þeir, sem fá þessar uppbætur til útborgunar, geri ríkisstj. grein fyrir, hverjir endanlega fái þessar greiðslur.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Það er að sjálfsögðu rétt hjá hv. þm. Ísaf., að til þess er ætlazt af þingi og stjórn, að þetta fé gangi til þeirra, sem vöruna hafa framleitt, en staðnæmist ekki hjá þeim, sem flytja hana út, og að gefnu tilefni vil ég taka fram, að upphæðirnar eru greiddar útflytjendum með því ákveðna skilyrði, að þær gangi óskertar til framleiðenda. Um meðferð málsins að öðru leyti þykir mér rétt að upplýsa, að þeir útflytjendur, sem hér er um að ræða, eru langmest samvinnufélög landsins, sem er stjórnað af bændum sjálfum, og allt, sem þeim berst fyrir framleiðsluvörur þeirra, skiptist nákvæmlega og rétt milli bændanna sjálfra. Ég ætla því, að ekki þurfi neitt sérstakt eftirlit með þessum félögum af hendi hins opinbera, þar sem þau eru þannig byggð upp, að hver einstakur framleiðandi hefur fulla aðstöðu til að ganga eftir sínum rétti. Mikill minni hluti af þessum uppbótum gengur gegnum verzlanir kaupmanna, og eins og ég sagði áðan, er þeim sem öðrum sett það ákveðna skilyrði, að þetta fé gangi óskert til framleiðendanna sjálfra, og vil ég ekki að svo stöddu gera ráð fyrir, að þess gerist þörf, að heimtaðar séu af þeim kvittanir fyrir greiðslu til hvers einstaklings, heldur verði látin nægja yfirlýsing um, að farið verði eftir settum skilyrðum. En ef þingið vill ákveða annað, þá er það þess að taka ákvörðun um það.

**Finnur Jónsson:** Það er langur vegur frá því, að minni fyrirspurn fylgdi nokkur tortryggni eða aðdróttanir til samvinnufélaga eða annarra, sem eiga að sjá um greiðslur þessara upphæða. Hitt er kunnugt, að fyrir hve litla upphæð, sem greidd er úr ríkissjóði til launamanna, jafnvel þótt lögboðin sé, þykir sjálfsagt að taka kvittun, og er hún lögð með ríkisreikningunum. Það hafa engar kröfur verið gerðar til þeirra, sem hafa flutt þessar vörur út, að þeir skili skrá yfir nöfn þeirra manna, sem framleitt hafa þessa vöru, eða hve mikið hver hafi framleitt, heldur leggi þeir fram vottorð um, hve mikið heildarmagn þeir hafa flutt út, og ég vil ítreka það, að ég tel, að í þessu felist ekkert öryggi um greiðslur þessa fjár, sem nemur hátt á annan tug milljóna. Ég vil mjög alvarlega beina því til hæstv. atvmrh., hvort hann vilji a. m. k. ekki fara þess á leit við kaupfélög og aðra útflytjendur í landinu, að þeir skili sundurliðaðri skrá um uppbótargreiðslur til stjórnarráðsins, jafnvel þótt ekki yrði heimtuð kvittun af hverjum manni, sem virðist þó eðlilegast að gera. Mér finnst það vera lágmarkskrafa, sem alþm. gera, hvort sem þeir hafa tekið þátt í þessari samþykkt eða ekki, að þeir fái að vita, hvernig þessar upphæðir skiptast á hvert býli í landinu.

**Áki Jakobsson:** Það virðist upphaflega hafa verið meining hæstv. stj. að borga út þessa 15½ millj. kr. án þess að fyrir lægju kvittanir frá þeim, sem raunverulega ættu að fá þetta fé. En það skiptir vitanlega miklu máli fyrir þingið og þjóðina, að fullkomin vitneskja fáist um þá, sem taka við þessu fé, svo að hægt sé að fylgjast með, að rétt sé með allt farið. Ég tel því óhjákvæmilega nauðsyn, að stj. heimti persónulega kvittun af hverjum framleiðanda, sem fær eitthvað af þessum upphæðum. Ég fyrir mitt leyti tel nauðsynlegt, að þingið geri sérstaka samþykkt, ef það er nauðsynlegt til að fá þessar kvittanir. Eins og hv. síðasti ræðumaður benti á, eru teknar kvittanir fyrir öllum greiðslum úr ríkissjóði, og nær engri átt, þegar önnur eins upphæð og þessi er greidd út, að ekki séu til full skilríki fyrir, hvernig með það fé er farið.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Herra forseti. Út af þeim ummælum, sem fallið hafa aftur hjá hv. þm. Ísaf. og hv. þm. Siglf., að þetta sé sambærilegt því, þegar laun eru greidd úr ríkissjóði og ætíð heimtuð kvittun hvers framleiðanda í landinu, sem fær eitthvað af þessu fé, þá vil ég benda á, að allmargar fjárhæðir munu vera greiddar úr ríkissjóði til ýmissa samtaka og félaga, sem eiga að skiptast milli félagsmanna, án þess að nokkurn tíma hafi þótt ástæða til að heimta sundurliðun um, hvernig með það fé hefur verið farið. Ég vil því endurtaka það, að það er að sjálfsögðu á valdi þingsins, hvort það vill gera kröfu um, að þetta verði gert nú, og verður þá að sjálfsögðu eftir því farið, en ég hygg, að ekki sé fordæmi um þetta, og ef Alþingi vill, að svo sé gert nú, verður að gera um það ályktun.

---

Á 37. fundi í Nd., 25. okt., utan dagskrár, mælti

**Finnur Jónsson:** Herra forseti. Ég vildi að gefnu tilefni beina því til hæstv. ríkisstjórnar, hvort hún gæti ekki orðið vélbátaeigendum, sem hafa keypt vélar frá Ameríku, að liði með útvegun varahluta. Síðan stríðið byrjaði, hefur verið keypt hér allmikið af amerískum mótorvélum í fiskiskip. Til þeirra þarf að sjálfsögðu varahluti, en með útvegun þeirra hefur gengið mjög illa. Hér er einnig nokkuð af brezkum vélum, en í þær mun ekki vera tilfinnanlega erfitt að fá varahluti. En þeim beiðnum, sem sendar hafa verið til Ameríku, hefur verið synjað. Nú vildi ég vita, hvort hæstvirt ríkisstjórn gæti ekki komið því til leiðar gegnum utanrmn., að útvegun þessara hluta mætti takast.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Út af þessum ummælum hv. þm. Ísaf. vil ég taka fram, að þetta mál var til umræðu í lok síðasta þings. Þá lét ég athuga þetta, og síðan hef ég ekkert heyrt um þetta og hugði, að það væri í betra horfi. En sé þetta svo illt sem hv. þm. Ísaf. vill vera láta, þá mun ég gera ráðstafanir þar að lútandi.

**Finnur Jónsson:** Ég er hæstv. fjmrh. þakklátur fyrir þetta, og mun ég geta lagt fram gögn, er sanna, að þetta mál krefst lausnar.

---

Á 26. fundi í Sþ., 4. nóv., utan dagskrár, mælti

**Haraldur Guðmundsson:** *Herra forseti.* Eins og þm. mun kunnugt, hafa blöðin þessa dagana flutt fregnir um það, að í hrauninu fyrir sunnan Hafnarfjörð hafi fundizt allmikið af saltkjöti og enn fremur, að allmargir menn hafi farið og sótt saltkjöt til heimilisnota. Ég skal ekki fara út í það að lýsa minni skoðun á því, að óskemmdum mat sé hent á þennan hátt — ef rétt er, en ég vildi aðeins leyfa mér að beina til ríkisstj. fyrirspurn um þetta. Ég skal taka það fram, að ég veit ekki, til hvers ráðh. ætti að beina þessari fyrirspurn, en vona, að þeir af ráðh., sem hér eru staddir, láti fyrirspurnina berast til hins rétta aðila, ef hann er ekki hér staddur.

Fyrirspurnin er svo hljóðandi:

„Hefur ríkisstj. látið fara fram rannsókn á því:

1. Hvaðan saltkjöt það, sem fundizt hefur í hrauninu innan við Krýsuvíkurveg, er komið og hver er eigandi þess.

2. Hvort kjötið er hæft til neyzlu eða hættulegt heilsu manna.

3. Ef slík rannsókn hefur ekki þegar farið fram, ætlar þá ríkisstjórnin að hlutast til um, að hún fari fram án tafar?

**Einar Olgeirsson:** Ég beindi þeirri fyrirspurn fyrir skömmu til stj. — og held, að það sé landbúnaðarráðh., sem á að svara henni —, hvort borgaðar væru verðuppbætur á þá mjólk, sem seld er til setuliðsins. Enn hefur ekki, svo mér sé vitanlegt, komið svar við þeirri fyrirspurn, og þætti mér vænt um að fá það, nema þögn sé sama og samþykki.

Þá langar mig í sambandi við kjötfundinn í hrauninu við Hafnarfjörð að beina þeirri fyrirspurn til stj., eftir hvaða reglum verðuppbætur eru greiddar á kjötið, hvort þær eru greiddar til allra, sem kjötið framleiða, gegnum kaupmenn og kaupfélög, þannig að borgað sé á kjöt, sem hent er í sjóinn eða dysjað hér og hvar í hraunum landsins. Ég held, að það væri æskilegt að vita, eftir hvaða reglum uppbæturnar eða niðurfærslan á verðinu er greidd, til þess að landsmönnum yfirleitt sé ljóst, hvort það á sér stað, að ríkið borgi með kjöti, sem aldrei kemur til neyzlu manna hér á landi.

Mér þætti vænt um, ef stj. — og þá sérstaklega atvinnumálaráðherra — gæti svarað þessum fyrirspurnum.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Herra forseti. Það er fyrst út af fyrirspurn hv. 3. landsk. um kjötið, sem hann segir, að hafi fundizt úti í hrauni, þá er mér ekkert um það mál kunnugt annað en það, sem hefur komið í blöðunum. Að öðru leyti er ekki ástæða til að svara á þessari stundu því, sem að er spurt.

Viðvíkjandi fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv. vil ég svara því viðkomandi verðuppbótum þeim, sem stj. hefur ákveðið að greiða á kjöt á þessu ári til þess að lækka verðið til neytenda í landinu, að þær verðuppbætur hafa verið greiddar gegnum kjötverðlagsnefnd af því kjöti einu, sem selt er til neytenda. Annað er ekki ástæða til að segja um það atriði.

Viðkomandi því, sem sami þm. nefndi um verðuppbætur á mjólk, er því til að svara, að uppbætur á mjólk, sem koma til af lækkuðu útsöluverði, gilda jafnt á alla mjólk, sem seld er, hver sem kaupir hana hér í landinu.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég innti ríkisstj. eftir, hvort hún mundi hlutast til um, að rannsókn sú yrði gerð, sem ég talaði um. Það segir sig sjálft, að ef þetta kjöt er ekki mannamatur, getur stj. ekki látið hjá líða að hlutast til um það. Ég held líka, að það sé skylda stj. að fá upplýsingar um, hver á þetta kjöt, m. a. til þess að vita, hvort verðuppbætur eru greiddar á það.

Ég tel nauðsynlegt að fá svör við þessu.

**Einar Olgeirsson:** Ég vil þakka hæstv. atvmrh. fyrir hans skýru svör viðvíkjandi mjólkinni og upplýsingarnar um það, að greiddur sé svokallaður neytendastyrkur til setuliðsins hér á landi, en mig langar út frá spurningunni um, hvernig niðurfærslan á kjötinu er greidd, að fá ofurlítið meiri upplýsingar. Hæstv. atvmrh. sagði, að ekki væri greitt af kjötinu utan til neytenda. Þýðir það, að hver kaupmaður og kaupfélag verði að gefa upp það, sem selt er út úr hverri búð? Hver á þá að kontrolera, að það sé selt, en sé ekki í búðinni eða því sé hent? Þetta virðist erfitt, en annað er erfiðara, og það er að greiða það til bænda, og hvernig á að sortera það niður, ef svo og svo miklu er hent og á að fara að gera það upp á eftir, eða leggst það algerlega á milliliðina, og er nokkurt kontrol á því, að milliliðirnir geti ekki gert sig skaðlausa á þessu?

Þetta væri gott að vita, en máske það sé kjötverðlagsnefnd, sem getur gefið upplýsingar um, hvernig farið er með kjötið.

**Forseti (GSv):** Ég vil beina því til þm., að þegar þm. gerir fyrirspurn utan dagskrár, er það þeirra á milli, þm., sem spyr, og stj.

**Ingólfur Jónsson:** Herra forseti. Hæstv. ráðh. svaraði að nokkru fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv. um það, hvernig uppbótargreiðslum á kjöt væri varið. Hv. þm. virtist ekki skilja, hvernig mætti kontrolera það, að uppbæturnar kæmust til framleiðenda. Uppbæturnar eru greiddar til þeirra, sem slátrunarleyfi hafa, og þeir greiða síðan til framleiðenda. Fyrirspurn hv. þm. er nokkuð í samræmi við fyrirspurn, sem hv. þm. Ísaf. (FJ) bar fram, þar sem hann kom með till. um það, að allir skyldu kvitta fyrir uppbótum, hver í samræmi við það, sem hann fengi. Þessi þm. trúði ekki kaupmönnum eða kaupfélögum fyrir að koma uppbótunum til skila. Ég get upplýst það, að kjötverðlagsnefnd hefur trúnaðarmenn um allt landið, sem safna skýrslum, og kjötverðlagsnefnd fær vikulega skýrslur um slátrun sauðfjár og mánaðarlega skýrslu um sölu, og út á þetta eru uppbæturnar greiddar, og ég get sagt hv. 2. þm. Reykv. það, að ef hann kæmi inn á skrifstofu kjötverðlagsnefndar, mundi hann geta sannfært sig um það, að uppbæturnar eru greiddar eftir nákvæmum skýrslum. Ef álitið er, að ekki megi treysta neinum mönnum, sem falin eru trúnaðarstörf, þá er erfitt að hugsa sér, að

kontrol sé á nokkru. Ég held, að hv. 2. þm. Reykv. þurfi ekki að hafa áhyggjur af því, að framleiðendur fái ekki uppbæturnar í sínar hendur. Það er ekki svo lítill hávaði út af verðuppbótunum, að bændur fylgjast vel með því, hvað hver á að fá.

---

Á 49. fundi í Ed., 16. nóv., utan dagskrár, mælti

**Bjarni Benediktsson:** Ég vildi hér með leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstjórnar, hvað líði athugun þeirri og öflun gagna varðandi verðlagsgrundvöll þann og vísitölu, sem svo kölluð 6 manna nefnd komst að og þessi hv. d. nú fyrir allmörgum dögum skoraði á hæstv. ríkisstjórn að leggja fyrir Alþ. Ég man ekki, hversu langt er síðan þessi samþykkt var gerð, en það eru áreiðanlega svo margar vikur liðnar síðan, að menn hljóta að vænta þess, að hægt hefði verið að afla gagnanna og gera nauðsynlega útreikninga á því tímabili, sem liðið er síðan. Og þar sem fullvíst má telja, að einmitt öflun þessara gagna sé undirstaða þess að verulegu leyti, að það yfirleitt hafi þýðingu að taka til umr. raunhæfar ráðstafanir til lækkunar verðbólgunnar í landinu, þá vildi ég mega vænta þess, að ekki yrði langt þangað til þessi gögn yrðu lögð fyrir hæstv. Alþ.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Það, sem hér er spurt um af hv. 6. þm. Reykv., var talið heyra undir fjármálaráðuneytið, sem hefur með hagstofuna og allan „status" að gera, og þess vegna er ég ekki við því búinn að gefa svar við þessari fyrirspurn, sem hins vegar hefði verið, ef þetta hefði heyrt undir mitt ráðuneyti. En strax eftir að þessi hv. d. gerði samþ. þessa um áskorun til ríkisstj., þá var málið tekið til afgreiðslu af þeim ráðh., sem það heyrir undir, og sett í hreyfingu. En hvað starfinu líður, sem áskorunin var um, get ég, því miður, ekki upplýst. Hæstv. fjmrh. er veikur sem stendur, en ég skal bera honum fyrirspurn þessa, og má telja víst, að hann gefi hv. d. skýrslu um málið, þegar hann kemur á fætur aftur.

**Bjarni Benediktsson:** Ég vil þakka hæstv. atvmrh. fyrir vingjarnlegar undirtektir undir þetta mál og loforð hans um að bera hæstv. fjmrh. fyrirspurn mína, og efast ekki um, að svo fljótt sem kostur verður verði þessari hv. d. skýrt frá því, hvað málinu líður.

---

Á 37. fundi í Sþ., 26. nóv., utan dagskrár, mælti

**Finnur Jónsson:** Ég vildi vekja máls á því við hæstv. ríkisstj., að í Morgunblaðinu, sem út kom í morgun, er skýrt frá mjög veglegri dagskrá, sem á að hafa í ríkisútvarpinu 1. des., og verður að telja það mjög vel farið, að svo skuli gert. Hins vegar er skýrt svo frá í þessu blaði, að dagskráin hefjist klukkan 13 og ljúki klukkan 24, en ameríska og enska setuliðið annist tímann frá kl. 13—14, og verði dagsins minnzt þar á ýmsan hátt, en að því loknu taki ríkisstjóri Íslands til máls. Ég vildi nú spyrjast fyrir um það hjá ríkisstj., hvort hér mundi ekki fara eitthvað á milli mála um þessa frásögn, eða hvort ríkisstj. þyki vel við eiga, að dagskrá ríkisútvarpsins á fullveldisdegi okkar hefjist á því að okkar ágætu gestir byrjuðu dagskrána á undan ríkisstjóra.

Ég vona, að þetta hafi farið eitthvað á milli mála hjá blaðinu, því að þótt við viljum unna okkar gestum alls málfrelsis í útvarpinu og munum taka á móti öllum heillaóskum þeirra með ánægju, þá finnst mér ekki viðeigandi að þeir byrji dagskrána, ef þeirra útvarp er einn þátturinn í íslenzka ríkisútvarpinu á fullveldisdaginn, eins og fram kemur í Morgunblaðinu.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. er ekki viðstaddur, en útvarpið heyrir undir hann, en mér er ekkert kunnugra um þetta mál en þeim hv. þm., sem spurði. En ég skal koma þessari aths. hv. þm. Ísaf. til viðeigandi ráðh., og hef ég ekki meira um málið að segja að svo stöddu.

Síðar á sama fundi mælti

**dómsmrh. (Einar Arnórsson):** Herra forseti. Ég var ekki hér í upphafi fundarins, en mér hefur verið sagt, að hv. þm. Ísaf. hafi gert fyrirspurn til mín út af dagskrá útvarpsins 1. des. n. k. Það var sagt hér í blöðunum í morgun, að setuliðin ensku og amerísku önnuðust útvarpsdagskrána þann dag milli kl. 13 og 14, og hv. þm. mun ekki hafa fundizt það viðeigandi, og beindi hann til mín fyrirspurn þessu viðvíkjandi.

Ég get lýst því yfir, að mér var alls ókunnugt um, hvernig ætlunin væri að haga þessu, þar til ég las frásagnir blaðanna í morgun. Eins og hv. þm. mun kunnugt, þá er það ekki ráðh., heldur útvarpsráð, sem ákveður dagskrá útvarpsins, en nú vill svo vel til, að hv. 1. þm. Reykv., sem er formaður útvarpsráðs, er hér viðstaddur og getur því væntanlega gefið upplýsingar um þetta. Mér hefði fundizt rétt, að ríkisstjóri hefði flutt sína ræðu áður en dagskrá setuliðanna byrjaði, í stað þess að gert mun ráð fyrir, að ræða hans komi þar næst á eftir, en eins og ég tók fram, þá er það ekki ráðh., sem ákveður þetta, en mér þætti vænt um, ef form. útvarpsráðs gæti gefið skýringu á þessu.

**Finnur Jónsson:** Herra forseti. Það ætlast sjálfsagt enginn til þess, að æðsti yfirmaður útvarpsins, hæstv. dómsmrh., hafi afskipti af dagskrá þess daglega, en það gegnir nokkuð sérstöku máli með þennan dag. Það, sem einkum stakk mig, var frásögnin í Mbl., þar sem talað var um samfellda dagskrá útvarpsins í 12 klst. og að henni verði þannig hagað, að setuliðin annist tímann milli kl. 13 og 14. Sé þessi frétt röng, þá er gott að taka því, en þó er einkennilegt, að útvarpsráð skuli láta birta þetta svona, en ef það er rétt, að setuliðin hafi tekið að sér þennan tíma, þá verð ég að segja, að mér finnst það mjög óviðeigandi. Nú getur verið, að setuliðin vilji gjarnan

taka þátt í hátíðahöldunum þennan dag og hyggist að sýna okkur þannig vinsemd, en það má benda þessum ágætu gestum okkar á það, að áður, þegar við höfum minnzt þessa dags, þá hafa þeir dregið sig í hlé og látið sem minnst á sér bera bæði á götunum og annars staðar. Ég er með þessu ekkert að amast við þeim sérstaklega, en þessi tilhögun finnst mér óviðeigandi.

**Eysteinn Jónsson:** Herra forseti. Ég tók einnig eftir þessu, sem sagt var í blöðunum í morgun um samfellda dagskrá útvarpsins í nær 12 klst. og einnig, að setuliðin mundu annast tímann milli kl. 13 og 14. Ég held, að það hljóti að vera klaufalega sagt frá þessu í blöðunum og að þetta sé einkum að kenna smekkleysi þeirra, sem settu þessa frétt í blöðin, og að þeir kunni ekki að gera greinarmun á dagskrá íslenzka útvarpsins og dagskrá setuliðsins. Ameríska setuliðið hefur venjulega þennan tíma í útvarpinu, og það kemur dagskrá íslenzka útvarpsins ekkert við, og hygg ég því, að þetta hljóti að vera þannig, að hin samfellda dagskrá íslenzka útvarpsins hefjist raunverulega ekki fyrr en kl. 14. Ég hygg því, að hér sé um misskilning að ræða, sem sé fyrst og fremst smekklausri frásögn að kenna. Annars hefði mér fundizt eðlilegra að haga þessu þannig þennan dag, að íslenzka útvarpið hefði haft samfellda dagskrá, sem hefði hafizt strax að loknu hádegisútvarpi.

Sem sagt, ég held, að þetta hljóti að vera misskilningur, en annars kemur það í ljós, því að hv. 1. þm. Reykv. mun nú hafa kvatt sér hljóðs, og hann getur væntanlega gefið fulla skýringu á þessu.

**Magnús Jónsson:** Herra forseti. Það hefur ekki verið algengt, að dagskrá útvarpsins hafi verið rædd hér á Alþ., eins og nú í Sþ. í dag. Ég er því ekki undirbúinn að svara þeirri fyrirspurn, sem hér hefur komið fram. Annars skal ég segja það, að frá þessari dagskrá hefur enn ekki verið gengið alveg í útvarpsráði, og mér er ekki kunnugt um það, hvaðan blöðin hafa fengið þessa umræddu fregn. Ég las þessa fregn í blöðunum fyrst nú eftir hádegið og varð þá undrandi yfir þessu, því eins og ég sagði, þá hefur alls ekki verið gengið frá þessari dagskrá, en það mun verða fundur í útvarpsráði seinni partinn í dag til þess að ganga endanlega frá henni og ég ætlaði að bíða með frekari athugun á þessari frétt, þangað til ég kæmi á þann fund. Annars er mér að vísu ekki alveg ókunnugt um þetta mál. Ætlunin var að hafa sérstaklega þjóðlega og veglega dagskrá í útvarpinu þennan dag og þá svo, að hún yrði samfelld frá kl. 11 f. h. til kl. 24, þá hefði dagskráin hafizt með messu kl. 11, síðan hefði komið hádegisútvarp, þá ræða ríkisstjóra, síðan hefði þetta verið tengt við hátíðahöld stúdenta í háskólanum kl. 15, þá tæki svo við samfelld dagskrá úr útvarpssal í þrjá tíma, þar sem brugðið væri upp myndum úr sögu þjóðarinnar, og svo að lokum kvölddagskráin, sem lýst hefur verið. Eins og menn sjá, er hvergi í þessu tími fyrir erlenda setuliðið nema sá tími, sem er milli hádegisútvarpsins og ræðu ríkisstjóra. Í þann tíma hefur enn ekki verið fyllt upp, en nú fyrir tveimur dögum var mér sagt frá því, að ameríska útvarpið vildi gjarnan fá tíma einhvern tíma að deginum, og er þetta þá sá eini tími, sem til mála gæti komið, af þeim ástæðum. En svo er þó komið, af ástæðum, sem ég sé ekki ástæðu til að greina, að þessi tími mun einnig vera fastur.

Aðalupplýsingar mínar í þessu máli eru þær, að enn hefur ekki verið gengið frá þessari útvarpsdagskrá, og veit ég ekki, hvernig þessar upplýsingar hafa komizt í blöðin.

**Finnur Jónsson:** Ég vænti þess, að útvarpsráð taki til greina þær athugasemdir, sem komið hafa fram í ræðum hv. þingmanna um þetta mál. Það er lítt viðunandi meðferð, sem þessi hátíðisdagur okkar á að sæta skv. frásögnum blaðanna, ef sannar væru. Hvergi er sagt frá tilhögun hátíðahaldanna á sama hátt, hvorki í Morgunblaðinu, Þjóðviljanum né Alþýðublaðinu. Vænti ég þess fastlega, að formaður útvarpsráðs taki þessar athugasemdir til greina.

**Jakob Möller:** Ég vildi aðeins benda á það, hvort hæstv. forseta þyki sæmandi, að slíkt hégómamál sem þetta sé rætt hér.

**Forseti (GSv):** Það er atriði, sem forseti verður að dæma um sjálfur.

---

Á 59. fundi í Nd., 6. des., utan dagskrár, mælti

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. utanrrh., út af þeim fréttum, sem nú hafa komið og verið birtar frá ráðstefnunni í Atlantic City, og þeirri afstöðu, sem fulltrúi íslenzku ríkisstj. hefur tekið þar í máli, þar sem borin var fram till. af hálfu Norðmanna og annarra smáþjóða, sem fulltrúi íslenzku ríkisstj. tók afstöðu gegn. Ég vildi leyfa mér að spyrja um það, hvort þessi fulltrúi Íslands hafi ráðfært sig við ríkisstj., áður en hann greiddi atkv. í þessu máli, og hvort það er vilji ríkisstj., að hann hafi tekið þá afstöðu, sem hann tók.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Herra forseti. Ég get upplýst það um þetta mál, að ríkisstjórninni hafði ekki og hefur ekki borizt um þetta nein tilkynning. Það, sem ég veit um málið, er það sama sem hv. 2. þm. Reykv. veit, að ég hef séð það hér í blöðum. Um það að öðru leyti get ég þar af leiðandi ekkert upplýst, hvert svar ríkisstj. hefði verið, ef til hennar hefði verið leitað. Það liggur ekkert fyrir um það, af því að ekkert hefur verið um þetta rætt í ríkisstjórninni.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég vil beina því til hæstv. ríkisstjórnar, hvort hún vildi ekki sjá til þess, að þetta mál sé tekið til umr. hér á Alþ. Ég álít það mjög mikilvægt fyrir okkur Íslendinga, þegar við sem sjálfstæð þjóð erum byrjaðir að taka þátt í samræðum sem þessum á þessari ráðstefnu, að okkar fulltrúar komi þar ekki öðruvísi fram við atkvgr. en í samræmi við

vilja ríkisstj. á hverjum tíma. Það getur verið hættulegt fyrir okkur, ef þeir fulltrúar breyta þar eftir eigin geðþótta eða eftir áhrifum frá einstökum mönnum, sem þeir þar verða fyrir áhrifum af. Þessi afstaða, sem okkar fulltrúi á þessari ráðstefnu hafði þar gegn Norðmönnum og öðrum smáríkjum í Evrópu og með Stóra-Bretlandi og Bandaríkjunum, verður lögð þannig út, sem Ísland sé að komast undir áhrif Bandaríkjanna og Stóra-Bretlands og að slíta sambandinu við Norðurlönd. Og ég hygg, að það sé mjög í ósamræmi við þá samúð, sem menn hafa hér gagnvart Norðmönnum, að taka afstöðu gegn till., sem fulltrúi Norðmanna bar þarna fram.

Ég vildi, að hæstv. ríkisstjórn vildi láta í ljós vilja sinn í þessu efni, hvort hann væri í samræmi við það, sem þessi fulltrúi gerði eða ekki. Ég kynni bezt við, að tilefni til umr. um það mál á þingi komi frá hæstv. ríkisstjórn.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Herra forseti. Það er sjálfsagt, að fulltrúar Íslands erlendis, hvort sem þeir eru þar að staðaldri eða sendir í sérstökum erindum, fari með umboð sitt í samræmi við vilja ríkisstj. og Alþ., þegar hann liggur fyrir. En hins vegar er það öllum ljóst, að það getur þráfaldlega komið fyrir, að slíkir fulltrúar þurfi að taka ákvarðanir það fljótt, að engin tök séu á að bera sig saman við ríkisstj. eða Alþ., og þá verða þeir að gera það, sem þeim í þeim tilfellum sýnist vera réttast og bezt.

Um það, hvort ríkisstjórnin vilji flytja þetta mál hér á Alþ. til umr., skal ég athuga, og árangur af þeim athugunum mun koma innan skamms.

Um það, hvort ástæða sé að líta svo á, að með þeirri afstöðu, sem fulltrúi Íslands hefur tekið í þessu máli, sé Ísland að skilja við Norðurlönd, þá finnst mér þar of djúpt tekið í árinni hjá hv. 2. þm. Reykv. Það er ekki hægt að búast við, að fulltrúar Norðurlanda fylgist allir að í máli, sem fulltrúi einhvers þess lands ber fram í einhverju máli einhvers staðar. Það getur verið fullur vilji hjá Norðurlandaþjóðunum til þess að standa saman um að halda við sambandi sín á milli og um að vinna saman, þó að í einstökum atriðum kunni þær að greina á um meðferð mála. Þess vegna finnst mér fyrir mitt leyti rangt að komast að þeirri niðurstöðu, að þessi meðferð á þessu einstaka atriði á þessari ráðstefnu, sem hér er talað um, bendi til þess, að Ísland sé að hverfa frá sambandinu við Norðurlönd á nokkurn hátt. Mér finnst ekki leyfilegt að draga þá ályktun af þessari afstöðu fulltrúa Íslands á þessari ráðstefnu.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég er sammála hæstv. utanrh. um það, að fulltrúi Íslands á svona ráðstefnum eigi að ráðfæra sig við ríkisstj. um þá afstöðu, sem þeir taka. En hæstv. ráðh. vildi í sambandi við þetta vekja eftirtekt á því, að það mundi kannske ekki alltaf vera tími til þess að koma slíku við. En þetta mál mun vera það af öllum þeim málum, sem á þessari ráðstefnu voru rædd, sem var sérstaklega mikið rætt, bæði í undirnefndum og aðalnefndum, og um þetta mál voru þær heitustu og skörpustu umr. á ráðstefnunni og þar sem mest mun hafa skorizt í odda. Þess vegna hefur fulltrúi okkar á ráðstefnunni haft nægilegan tíma til þess að kynna ríkisstj. þetta mál alveg eins og við vitum báðir, að hann hefur haft tíma til að kynna henni önnur mál, sem þarna hafa verið rædd. Það er því ekki afsökun fyrir hann, ef hann hefur látið undir höfuð leggjast að leita álits ríkisstj. sérstaklega, þegar um þetta viðkvæma deilumál var að ræða. Um það, hvaða áhrif þetta hefur út á við og hvernig þetta lítur út gagnvart öðrum þjóðum, er það að segja, að þetta hefur verið sérstaklega símað út um heim um afstöðu Íslands í þessu máli. Þó að önnur ríki séu talin upp sem heildir, þá er í þeim fréttum nafn Íslands alveg sérstaklega nefnt út af fyrir sig, vegna þess að þar er haft vakandi auga á því, hver okkar afstaða sé, þegar við byrjum að koma fram á almennum vettvangi.

**Sigurður Bjarnason:** Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að bera þá fyrirspurn fram til hæstv. ríkisstj., hvort hún álíti, að það sé samkv. venjulegum reglum, sem gilt hafa um fréttaflutning í útvarpinu, að síðasta föstudag, 3. desember, var þar lesið upp í fréttum bréf hinna svokölluðu fjórtánmenninga, sem og hefur verið birt í blöðum. Í þessu bréfi felst frekleg ádeila á hæstv. ríkisstjórn og mjög verulegan hluta Alþ., þar sem talað er um, að ákvarðanir, sem hæstv. ríkisstj. hafi lýst sig fylgjandi og Alþ. að stórum meiri hluta hefur lýst sig reiðubúið til að framkvæma, misbjóði ýmist drengskapar- eða sómatilfinningu þjóðarinnar eða þær miði að því, að Alþ. neyði þjóðina til sundurlyndis um sjálfstæðismál hennar. Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstjórn að því, — og þar sem ég sé, að hæstv. dómsmrh., sem útvarpið mun heyra undir, er ekki hér viðstaddur, vil ég mælast til þess, að einhver hæstv. ráðh., sem hér er viðstaddur, gæfi um þetta svör eða flytti hæstv. dómsmrh. fyrirspurn mína, sem ég ber hér fram nú, — ég vildi spyrja hæstv. ríkisstjórn að því, hvort þetta muni vera samkv. venjulegum reglum um fréttaflutning ríkisútvarpsins. Mér virðist sem þess megi vænta, að þegar svo er komið, að slík bréf frá einstökum mönnum eru birt í útvarpinu, — því að hér er ekki um félagssamtök að ræða, heldur einstaklingssamtök nokkurra manna úti í bæ, — þá megi vænta þess, að þær kröfur komi fram við ríkisútvarpið, annaðhvort frá pólitískum blöðum eða pólitískum flokkum, að þessu verði fram haldið, svo að gagnrýni geti komið fram gagnvart slíkum mjög svo freklegum ádeilum, sem felast í þessu bréfi, sem ríkisútvarpið hefur tekið upp í fréttatíma sínum.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. þm. N.-Ísf. og af því að sá hæstv. ráðh. er ekki viðstaddur, sem þetta mál heyrir undir, vil ég taka fram, að ég skal fúslega taka að mér að flytja honum efni þeirrar fyrirspurnar, sem hv. þm. hefur lagt hér fram.

**Stefán Jóh. Stefánsson:** Herra forseti. Það er í raun og veru ágætt, að hv. þm. N.-Ísf. skyldi vekja máls á þessu hér á hinu háa Alþ., hversu

ríkisstj. eigi að hafa afskipti af því, þegar einstakar stofnanir ríkisins láta fram koma skoðanir, sem ekki eru í samræmi við vilja meiri hluta Alþ. og hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma. Og það gefur mér tilefni til þess, ef sá hæstv. ráðh., sem nú talaði hér síðast, vildi taka önnur skilaboð til hæstv. kennslumálarh., að gera einnig fyrirspurn og biðja hæstv. fjmrh. að bera hana til hæstv. kennslumálarh., út af því, að nú nýverið hefur það komið fyrir, að ein sú stofnun, sem heyrir undir Háskóla Islands og er stjórnað af mönnum frá háskólanum, hefur meinað stúdentum að láta ákveðna ræðumenn tala á þjóðhátíðardegi Íslendinga, nema því aðeins, að þeir flyttu þar fram vissar skoðanir. Ég álít, að það sé mjög mikið tilefni til þess fyrir hæstv. kennslumálarh. að fylgjast með störfum þessarar stofnunar og einstakra fyrirtækja þessarar stofnunar, ef þeir beita valdi sínu á líka lund og þarna hefur fram komið. Við hælum okkur nú einu sinni af því sem lýðræðisþjóð, að háskólarnir séu fyrst og fremst vígi frjálsrar hugsunar. Og ef háskóli í lýðræðislandi ætlar að ganga á undan í að kæfa niður skoðanir einstakra manna eða meina þeim að láta þær koma fram í sínum salarkynnum, þá stefnir ekki álitlega um háskólamál á Íslandi. — Hvað virðist hæstv. ríkisstjórn um þetta?

En út af fyrirspurn hv. þm. N.-Ísf. um það, að flutt sé í útvarpi bréf frá ákveðnum þjóðþekktum mönnum, þar sem þeir beina áskorun nokkurri til milliþn., forseta sameinaðs þings, forsætisráðh. Íslands og þingflokka allra, þá býst ég við því, að það þætti ekki óeðlilegt, þó þjóðin fengi um það að vita, en það væri ekki kæft niður. En mér virðist einmitt sem kvörtunin út af flutningi þessa bréfs í útvarpinu sé annar þátturinn í því nýja starfi, sem hefja á nú á Íslandi, þ. e. að kefja vissan hljóm meðal þjóðarinnar, vissa skoðun, sem ekki megi koma fram. Við erum hættulega á vegi stödd, ef slíku fer fram, og því hættulegar, ef það væru hinar æðstu stofnanir, sem tækju þetta hlutverk að sér. Ég held þess vegna, að það þurfi sannarlega undan engu að kvarta við þá stofnun, sem er ríkisútvarpið, þó að hún birti slíkt bréf, hvað sem er um efni þessa bréfs annars að segja, þar sem það hefur komið fram sem tillaga mætra manna um úrlausn merkilegs máls, sem er efst á dagskrá hjá þjóðinni. Ef útvarpið á ekki að birta slíkt, þá er því allt of þröngur stakkur skorinn. Og ef hæstv. ríkisstjórn á að beita áhrifum sínum til þess að hindra, að slíkar skoðanir komi fram, þá er komið í óefni, sem ekki er gott að vita, til hvers leiðir.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Ég mun að sjálfsögðu flytja þá fyrirspurn til kennslumálarh., sem hv. 4. þm. Reykv. hefur komið fram með.

**Forseti (JörB):** Ég vil beina því til hv. þm., að rökræður um málsatriði henta ekki nú utan dagskrár, en væntanlega gefst tækifæri til þeirra síðar.

**Sigurður Bjarnason:** Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir það, að hann lofaði að koma fyrirspurn minni til viðkomandi hæstv. ráðh.

Ég ætla ekki að rökræða við hv. 4. þm. Reykv., — eins og hæstv. forseti sagði, að ekki stæði til að þessu sinni, — heldur aðeins greina frá því, að ástæðan til fyrirspurnar minnar var sú, að það er skoðun mín, að hér sé að ræða um atferli mjög hættulegt þjóðinni, orðalag hins umræddа bréfs, sem útvarpið birti, sé villandi á þjóðhættulegan hátt. Ég ætla ekki að rökstyðja skoðun mína nánar. Það væri ekki heppileg rökræða hér. En ég vil láta þetta koma fram.

---

Á 61. fundi í Nd., 10. des., utan dagskrár, mælti

**dómsmrh. (Einar Arnórsson):** Laust fyrir mánaðamótin síðustu rituðu 14 menn stjórnarskrárnefnd bréf. Þar segir m. a., að stofnun lýðveldis beri að haga svo, að í engu sé „vikið frá gerðum samningum og drengilegri málsmeðferð".

Enn fremur segir þar svo:

„Ef Alþingi fellir samninginn úr gildi, án þess að fullnægt sé minnstu kröfum sambandslaganna, — og stofnar lýðveldi á Íslandi við þær aðstæður og á þann hátt, sem misbýður drengskapar- og sómatilfinningu þjóðarinnar og réttarvitund þeirri, sem henni hefur verið innrætt af ágætustu leiðtogum hennar í 100 ára sjálfstæðisbaráttu, munu þau hörmulegu tíðindi gerast, að Alþingi neyði þjóðina til þess að vera sundurlynda um úrlausn þessa stórmáls. Vér munum telja það siðferðislega skyldu vora að leggja málstað vorn fyrir alþjóð Íslendinga, svo að atkvæðagreiðsla um málið verði sem sönnust skýrsla um vilja þjóðarinnar. Oss er ekki nóg, að formlega sé stofnað lýðveldi á Íslandi. Vér vitum, að margvíslegar hættur geta steðjað að frelsi voru, þjóðerni og menningu. Og gegn þeim hættum verður aðeins barizt til þrautar með samhuga átökum þjóðar, sem er jafnófús að fremja rangindi sem þola rangindi. Vér erum ekki að rjúfa neina þjóðareiningu um lausn sjálfstæðismálsins. Sú eining hefur þegar verið rofin með því að fara að nauðsynjalausu með málin inn á brautir, sem allmikill hluti þjóðarinnar mun aldrei sætta sig við".

Í fréttalestri útvarpsins s. l. föstudagskvöld var bréf þetta lesið í heild, þ. á m. þessar tvær tilvitnanir, er ég las upp. Þetta hefur sætt aðfinnslum ýmissa. Ekki þó svo að skilja, að útvarpið hafi á nokkurn hátt farið rangt með, heldur hitt, að ekki þótti sæma, að útvarpið birti orðrétta þá kafla bréfsins, er ég las.

Ég hef að sjálfsögðu ekkert við það að athuga, að útvarpið birti það úr nefndu bréfi, sem snerti sjálfa fréttina. Tel það rétt og sjálfsagt, enda sé gætt hlutleysis í frásögn. En hitt tel ég óviðeigandi, að birta þá kafla úr bréfinu, þar sem farið er meiðandi og móðgandi orðum um meiri hluta Alþingis og þann hluta þjóðarinnar, sem honum eru fylgjandi.

Þess vegna átti ég s. l. mánudagsmorgun tal við réttan aðila og benti honum á, að þessi meðferð útvarpsins hefði vakið gremju. Hann

féllst á, að ekki hafi verið rétt að lesa þessa kafla, og lofaði hann að hafa gát á þessu framvegis, að ekki yrði lesin upp meiðandi ummæli um þing og stjórn.

Ég gef deildinni þessa skýrslu vegna fyrirspurnar, er fram hefur komið frá þm. N.-Ísf. varðandi þetta mál.

**Stefán Jóh. Stefánsson:** Það er um skýrslu hæstv. dómsmrh., sem ég vil segja nokkur orð. Hann gat þess, að í tilefni af því, sem birtist í útvarpinu, hefði hann kallað fyrir sig yfirmann þeirra málefna og rætt við hann um það, hvað það væri óviðeigandi, að birt voru ummælin í skjali því, sem hér ræðir um.

Ég hygg, að hæstv. ráðh. sé nokkuð viðkvæmur um flutning mála í útvarpinu. Eins og kunnugt er, er útvarpað daglega fréttum frá Alþ. og ýmissa skjala þar getið. Ég tel, að 14-menningarnir beri ábyrgð á ummælum sínum, og þar sem þau eru fram komin vegna yfirlýsingar tveggja þingflokka, þá nálgist það mjög, að hér sé um þskj. að ræða, og mundi engum ofboðið, þó að lesin væru þingskjöl, þótt í þeim hafi verið ekki minni né óvarkárari fullyrðingar en í umræddu skjali.

Þetta vildi ég segja um það atriði, en hitt undrast ég, að dómsmrh. skyldi telja þetta sér óviðkomandi. Útvarp og háskóli eru hvort tveggja ríkisstofnanir, og ef ásakanir koma fram, ber dómsmrh. að rannsaka, hvort þær hafa við rök að styðjast. Mér virðist hann gera hér nokkurn mun á, þótt háskólinn sé auðvitað eins og aðrir háskólar nokkuð „automat".

Það er í þessu sambandi aukaatriði, hvort er um réttlætismál að ræða, en ég er óánægður með, hvernig ráðherra hefur gert upp á milli þeirra fyrirspurna, sem til hans var beint. Ég tel það ekki minna atriði, að 3 prófessorar varna mönnum máls í einni háskólabyggingunni, heldur en þótt lesið hafi verið upp í útvarpinu skjal með undirskrift þessara 14 manna.

**Dómsmrh. (Einar Arnórsson):** Þm. er óánægður með okkar gerðir í þessu máli, og undrast ég það ekki, en hins vegar teljum við, að við höfum rétt til að hafa okkar skoðanir hér um. Hann gat þess, að hér hefðu farið umræður á milli flokka, en ég tek fram, að það er á ábyrgð þingsins og flokkanna, en ekki fréttastofu útvarpsins. En hitt verður útvarpið að sjá um, að í fréttum sé ekkert það flutt, sem talizt getur meiðandi og móðgandi fyrir þing og stjórn. Hitt er því óviðkomandi, hvað háskólaráð gerir við sinn húsakost, enda þótt ég hyggi, að í þessu tilfelli sé um nokkurn misskilning að ræða.

**Sigurður Bjarnason:** Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður í þetta sinn. Ég vil einungis þakka dómsmrh. fyrir hans skjótu og ákveðnu tiltektir, að koma í veg fyrir, að slíkt geti komið fyrir aftur.

**Stefán Jóh. Stefánsson:** Það var aðeins eitt atriði, sem kom fram í ræðu dómsmrh., sem ég vildi gera aths. við. En það var það, þegar hann sagði það sér óviðkomandi, til hvers háskólabyggingarnar væru notaðar. Mér þykir allundarlegt, ef honum þykir hlýða, að þar sé leyft að verja einn málstað, en bannað að verja annan.

---

Á 62. fundi í Nd., 11. des., utan dagskrár, mælti

**Garðar Þorsteinsson:** Herra forseti. Ég hef fengið þær upplýsingar frá ritarum hæstaréttar, að hæstv. dómsmrh. hafi setið sem dómari í hæstarétti í þrem málum og dæmt sem dómari, eftir að hann tók við störfum sínum sem dómsmálaráðherra.

Ég er ekki að segja þetta eða vekja athygli á því vegna þess, að ég efist um hans góðu dómarahæfileika, en ég álít samt, að Alþingi beri að athuga málið, ef framkvæmdavaldið, sem er í höndum dómsmálarh., tekur sæti í hæstarétti. Eins og menn vita, er í stjskr. ákveðið, að dómsvald og framkvæmdarvald skuli vera aðskilið, og þá má segja, að dómari í hæstarétti megi ekki fara með framkvæmdavaldið. Þetta er miðað við þá, sem skipaðir eru, en ég álít, að það nái einnig til annarra dómara, þannig að sá maður, sem fer með framkvæmdavaldið, hefur ekki leyfi til þess að skipa sjálfan sig sem dómara.

En jafnvel þó hægt sé að sleppa stjskr., þá er þó í l. nr. 112 frá 1935 svo að orði kveðið, að forfallist dómari í hæstarétti, þá skuli dómsmálaráðherra skipa í hans stað, eftir ábendingu dómsins, prófessor við lagadeild háskólans í fyrsta lagi, hæstaréttarmálaflutningsmann í öðru lagi eða héraðsdómara í þriðja lagi.

Þó að þessi dómsmrh. hafi áður verið dómari í hæstarétti, uppfyllir hann ekki þessi skilyrði, og mér finnst það ekki rétt, að dómsmrh. skipi sjálfan sig sem dómara í hæstarétti, og það verða þá að vera aðrir kvalificeraðir dómarar til staðar. Ef þetta væri þannig, væru t. d. engar skorður við því, að meiri hl. hæstaréttar væri skipaður framkvæmdastjórum fyrirtækja. Forsrh. væri líka kvalificeraður til að vera í hæstarétti, en ef 2 menn af 3 væru skipaðir af ríkisstj., hvernig væri þá komið hæstarétti? Fyrir nokkru leyfði Alþ. sér að taka sér í hendur ákæruvaldið með því að fyrirskipa sakamálsrannsókn á ákveðna borgara, og svo kemur ríkisstj. og skipar sig í dómarasæti. Ég efast ekki um, að núverandi dómsmrh. er hæfur til að dæma mál, en prinsipsins vegna nær þetta engri átt. Ef ekki hefðu þurft að vera kvalificationirnar samkv. l. frá 1935, gat hv. þm. S.-Þ. á sínum tíma skipað sjálfan sig, án þess að hafa lagaþekkingu. Mig langar til að vita, hvort hæstv. dómsmrh. getur gefið okkur þá skýringu á þessu máli, sem sannfærir okkur um, að þetta hafi verið nauðsynlegt.

**Dómsmrh. (Einar Arnórsson):** Úr því að sá óvani tíðkast að koma fram með fyrirspurnir til ráðh. þeim alveg að óvörum, skal ég svara þessu nú, þó að ég sé ekki skyldugur til þess fyrirvaralaust. Ráðh. eiga að fá að vita um slíkar fyrirspurnir með hæfilegum fyrirvara.

Ég skal þá svara því, að það er rétt, að ég

hef setið dóm í tveimur málum samkv. till. hæstaréttardómaranna, og ég get ekki séð, að ég hafi með því framið neitt brot, því að hafi ég verið kvalificeraður til að vera dómari áður en ég varð ráðh., geri ég ráð fyrir, að ég sé það enn. Þó að tilteknir séu ákveðnir menn í l., er hart, ef fyrrv. dómari væri allt í einu óhæfur til að sitja í réttinum, ef ekki er til að dreifa heilsuleysi eða geðveiki. Ég sé því ekki, að um neitt lagabrot sé að ræða, svo fremi ég hafi hinar lögmæltu kvalificationir til að bera, og mun hér eftir sem hingað til verða við óskum hæstaréttardómaranna í þessu efni. Alþ. getur þá kært mig fyrir landsdómi, ef því sýnist.

**Garðar Þorsteinsson:** Ég er ekki sammála hæstv. ráðh., engu af því, sem hann sagði. Ég er að vísu fús til að biðja afsökunar á að hafa komið fram með fyrirspurnina fyrirvaralaust, en sú venja að hafa þar á fyrirvara gildir ekki lengur, og sá ráðh., sem hefur skipað sjálfan sig sem dómara í hæstarétti, ætti að vera tilbúinn að svara fyrirspurn minni án frekari umhugsunar.

Það, sem mér finnst ráðh. byggja á, er, að hann hafi farið eftir till. hæstaréttardómaranna. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa upp úr gr. úr l.: „Nú verður dómur ekki fullskipaður, sakir þess að dómari eða dómarar víkja sæti í máli, og velur þá dómsmálaráðherra, að fengnum tillögum dómsins, einhvern kennara lagadeildar háskólans eða einhvern meðal hæstaréttarmálaflutningsmanna eða einhvern héraðsdómara, sem fullnægir skilyrðum þessara laga". Við finnum hvergi, að dómsmrh. sem slíkur sé kvalificeraður. Hugsum okkur, að hæstaréttardómari láti af starfi í hæstarétti og verði framkvæmdastjóri fyrirtækis. Er hann þar með kvalificeraður til að skipa dóminn áfram? Ég þekki þennan hæstv. dómsmrh. að öllu góðu, og veit að hann er einn bezti lögfræðingur þessa lands, en hvar er komið skiptingu dómsvalds og framkvæmdavalds, ef ríkisstj. getur skipað sjálfa sig sem dómara í hæstarétti? Ráðh. verður að haga sér eftir því, sem l. mæla fyrir, hvað svo sem hann persónulega er kvalificeraður dómari, en l. taka til einungis kennara lagadeildar, hæstaréttarmálaflutningsmenn og héraðsdómara. Aðra ekki. Auk þess eru jafnvel áhöld um, hvort sá, sem hefur setið í dómsmrh.sæti og staðið að samþykkt löggjafar, ætti síðar að sitja í hæstarétti til að dæma í málum, sem snerta l., sem hann hefur sjálfur sett.

Það er síður en svo, að ég vilji móðga hæstv. ráðh., en hér er um principmál að ræða.

---

Á 64. fundi í Nd., 15. des., utan dagskrár, mælti

**Sigfús Sigurhjartarson:** Herra forseti. Ég vildi með leyfi forseta bera hér fram fyrirspurn til ríkisstj. viðvíkjandi sölu á áfengi.

1. Telur hæstv. ríkisstjórn, að lög nr. 33 frá 9. jan. 1935 brjóti í bága við milliríkjasamninga? Ef svo er, hvaða samningar eru það og hvað hefur hæstv. ríkisstjórn gert til þess að fullnægja ákvæðum 2. gr. téðra laga?

2. Hvaða reglur gilda nú um sölu áfengis, er hinar eiginlegu útsölur eru lokaðar, og hvaða stoð eiga þær reglur sér í lögum?

Sagt er, að mikil sala áfengis eigi sér stað um þessar mundir. Mér er ekki kunnugt, hve mikil hún er, nema hvað ég sé, að fyrir framan hús eitt í Lindargötu stendur einatt mannfjöldi á vissum tímum dags. Virðist það vera morgunverk lögreglunnar að annast þar reglu og kvöldverk hennar að veita hinu sama fólki húsnæði á Skólavörðustíg. Annars vildi ég stinga upp á, hvort ekki mundi heppilegt að ætla slíkum fyrirspurnum sérstakan tíma í þingsköpum og hátta því svo, að stjórnin hefði undirbúningstíma til andsvara.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Þar sem enginn ráðherra er hér viðstaddur nema ég, vil ég svara þessu. Ég er sammála 8. þm. Reykv. um það, sem hann sagði viðvíkjandi fyrirspurnum til ríkisstj. Virðist mér nauðsynlegt, að ákveðið verði, hvernig og hvenær þær séu fram bornar og hvenær þeim sé svarað, en þingsköpin eru losaraleg um þessi atriði. En viðvíkjandi aðalfyrirspurn þm., þá skal ég koma henni áleiðis til þess ráðherra, sem um þessi mál fjallar.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Mig langar til að bera hér fram fyrirspurn til utanrrh., og vona ég, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að svara henni undirbúningslítið. En fyrirspurn mín er á þessa leið:

Telur hæstv. ráðherra, að ríkisstjórnin hafi gert allt, sem unnt er að gera, til þess að greiða fyrir og hraða innflutningi á mótorvélum í fiskibáta?

Vill hæstv. ráðh. ekki beita sér fyrir því, að allt verði gert, sem hugsanlegt er, að að liði muni koma til þess að fá úr þessu bætt?

Mér er kunnugt um það, að ágætir fiskibátar hafa legið aðgerðalausir, af því að engar vélar hafa fengizt, og get ég nefnt dæmi þess. Svo er ástatt hjá okkur á Norðfirði, að 2 stórir vélbátar eru vélarlausir. Enn fremur eitt 90 tonna skip, sem flytur fisk til Englands. Auk þessa eru nokkrir smærri bátar, og þætti mér líklegt, að víðar væri svipað ástatt.

Er illt til þess að vita, að slíkt skuli eiga sér stað. Ekki nóg með, að vélar séu óhóflega dýrar, heldur hefur nú árum saman reynzt ókleift að ná í vélar. Nú þykir mér ótrúlegt, að ríkisstjórnin geti ekki bætt úr þessu, ef hún leggur sig alla fram, og vænti ég, að hún veiti máli þessu allt sitt liðsinni.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Út af fyrirspurn hv. 6. landsk. vil ég taka fram, að ekkert hefur verið látið ógert til að útvega vélar í mótorbáta. Þm. mun vera kunnugt um, að þegar ekki var lengur unnt að fá vélar frá Englandi, þá var sendur maður vestur til að velja vélar. Því það þótti vera að fara úr öskunni í eldinn að kaupa ólíkar og á allan hátt misjafnar vélategundir.

Nú varð ekki sá árangur af ferð þessa manns, sem æskilegur hefði verið. Þó hefur tekizt að útvega nokkuð af vélum, þrátt fyrir mjög mikla erfiðleika á því að fá þær fluttar úr landi í Bandaríkjunum vegna stríðsins.

En ég fullyrði, að ríkisstjórnin mun gera allt, sem í hennar valdi stendur, til að koma þessu máli í viðunandi horf.

## II. Afgreiðsla mála úr nefndum o. fl.

Á 8. fundi í Ed., 21. apríl, utan dagskrár, mælti

**Bjarni Benediktsson:** Herra forseti. Það hefur verið útbýtt í dag allmikilli bók, sem er merkt sem þskj. á fyrra þ. Ég hef ekki heyrt, að forseti hafi lýst þessari útbýtingu. (**Forseti:** Þskj. er útbýtt í Sþ.). Ég vil spyrja hæstv. forseta, hvort beri að skoða þetta sem nægilega útbýtingu, og hvort þessa bók eigi að telja með þskj. eða ekki. Og hvernig stendur á, að prentun hefur tekið svo langan tíma, að skjalið er dags. 13/4, en sá, sem samdi það, hefur ekki verið lengur en dagpart að því, því að tilefnið til þess varð fyrir 13. apríl. Er ekki ástæða til að gera ráð fyrir, að prentun þskj. gangi betur hér eftir?

**Forseti (StgrA):** Út af þessari fyrirspurn skal ég upplýsa, að skrifstofustjóri hefur tjáð mér, að nokkrum hluta af handriti þessarar bókar, sem hv. þm. kallar svo, hafði verið skilað til skrifstofunnar 13. apríl, og var það þá skráð sem þskj. og gefið númer. Hins vegar varð dráttur á, að framhald handritsins kæmi, svo að vegna þessa er ekki ástæða til að gera ráðstafanir út af prentun þskj. almennt. Skjal þetta verður að telja þskj. og geyma í skjalasafni þingsins.

**Bjarni Benediktsson:** Er þetta talin lögleg útbýting á því, sem tilheyrir fyrra þ.? Hvað langan tíma hafa menn til að skila þskj.?

**Forseti (StgrA):** Sem forseti þessarar d. tel ég mér ekki skylt að úrskurða um útbýtingu, sem fram hefur farið í Sþ. Ef óskað er úrskurðar, á sá úrskurður að falla í Sþ.

**Jónas Jónsson:** Mér skilst, að fyrirspurn sé komin fram um það, hvort þskj. 700 kemur of seint. Málið var lengi fyrir þinginu, og n. vannst ekki tími til að ganga frá því. Það er sama, hvort þskj. kemur á þessu þingi eða því fyrra.

**Bjarni Benediktsson:** Ég vil spyrja forseta, hvort hægt sé á nýju þingi að gefa út nál. um frv. frá fyrra þingi, og hvort ekki verður af forseta tilkynnt, innan hvaða tíma við þurfum að skila ritgerðum okkar.

**Forseti (StgrA):** Númer þessa plaggs er skráð sem tilheyrandi síðasta þingi, enda er ekki hægt að leggja fram á þessu þingi þskj. um mál frá síðasta þingi.

**Eiríkur Einarsson:** Ég tók eftir, að hv. þm. S.-Þ. lét þess getið, að n. hefði ekki unnizt tími til að afgreiða málið, en til að fyrirbyggja misskilning, vil ég upplýsa, að af meiri hl. n. var gefið út nál., sem prentað var og útbýtt löngu fyrir þinglausnir.

---

Á 30. fundi í Ed., 7. okt., utan dagskrár, mælti

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Ég bar hér fram þrjú frv. í byrjun þingf. Fyrsta málið, nr. 21, er breyt. á ábúðarl., og var það sent til landbn. **9. sept. síðastl. Ég vildi** mælast til þess, að forseti gerði tilraun til að fá málinu flýtt. — Annað málið, nr. 22, um friðun Patreksfjarðar fyrir skotum, hef ég ekki heldur heyrt neitt nánar um. Þriðja málið er nr. 44, og er það breyt. á l. um verðlag. Þetta mál hefur legið í n. mánaðartíma, og vildi ég fá skýringu á því, hvort n. sjái sér ekki fært að afgreiða það, þar sem mér er mjög umhugað um, að það nái fram að ganga á þessu þingi.

**Bjarni Benediktsson:** Tvö þeirra mála, sem hv. þm. Barð. gerir fyrirspurn út af, liggja hjá allshn. Það mál, sem hann telur meiru skipta, um breyt. á verðlagsl., hefur n. með samhlj. ályktun sent til viðskiptaráðs og verzlunarráðs. Virtust þetta eðlilegar ráðstafanir, sérstaklega þar sem þm. gat þess, að hann hefði, áður en þing hófst, átt tal við viðskmrh. um þetta mál, og á honum var að skilja, að á minni háttar atriði stæði, hvort samkomulag næðist eða ekki. Hins vegar er undir öllum kringumstæðum rétt, að aðilar láti uppi álit sitt á þessu máli sem allra fyrst, þar sem þeim hefur verið gefinn kostur á að kynna sér efni þess. Við báðum viðskiptaráð og verzlunarráð að flýta áliti sínu, en höfum ekki fengið svar enn þá. Hins vegar mun n. reka á eftir svari, ef því seinkar svo, að ástæða er til að halda, að málið af þeim orsökum fái ekki afgreiðslu á þessu þingi. Ég álít því, að allshn. eigi alls engar ávítur skilið út af þessu máli.

Viðvíkjandi máli nr. 22, um friðun Patreksfjarðar fyrir skotum, verð ég að segja, að mér finnst það ekki svo aðkallandi mál á þessum árstíma, að það skipti nokkru, hvort það er afgreitt nokkrum vikum fyrr eða síðar. N. hefði hins vegar getað verið búin að afgreiða það, en okkur virtist hæpið, að þetta mál ætti beinlínis undir Alþ. Vildi n. láta athuga, hvort ekki væri hægt að koma málinu fyrir í lögreglusamþykkt, og í því sambandi tók einn nm. að sér að eiga viðræður við stjórnarráðið. Honum hafði ekki tekizt það, sökum veikinda, á síðasta nefndarfundi, og það er ástæðan fyrir því, að nál. hefur enn ekki fengizt. Ég vona, að þetta komi ekki að sök, vegna þess hvers eðlis málið er. Skot hljóta einkum að koma að sök á vorin, svo að það getur ekkert gert til, þótt dragist nokkrar vikur að hausti til, að frv. fái afgreiðslu eða verði samþ.

**Páll Hermannsson:** Það er rétt, sem hv. þm. Barð. skýrði frá, að frv. til l. um breyt. á jarðræktarl., sem þessi þm. flutti, var vísað til landbn. þessarar d. 9. sept. síðastl. Því var nú þannig

háttað, að fyrstu dagana af þessu þingi var nokkuð los á þingstörfum n., því ekki var búið að ákveða n. neinn starfstíma eða starfsstað. Landbn. hélt sinn fyrsta fund á þessu þingi 17. sept., og þá var þetta frv. tekið fyrir. Eftir að það hafði verið lesið og rætt, kom nm. saman um að leita upplýsinga í sambandi við frv., og frv. til umsagnar Búnaðarfél. Ísl. og það um frv. fjallar um breyt. á l. um afgjald jarða, þannig að þar, sem afgjöld eru greidd í hlunnindum, þá skuli því breytt og afgjöldin reiknast í peningum eftir ákveðnum reglum. Landbn. álítur, að gott væri að athuga nánar um þær jarðir, sem greitt er eftir öðruvísi en í peningum, en það er gert t. d. með kindafóðri og margs konar öðrum landbúnaðarafurðum. Sendi n. því frv. til umsagnar Búnaðarfél. Isl. og bað um upplýsingar viðvíkjandi því. Þessar upplýsingar eru enn ekki komnar, þó að þær hafi legið þar þrjár vikur, og hefur n. því ekki tekið málið fyrir að nýju. Ég get svo ekki gefið fleiri upplýsingar að svo stöddu, en skal lofa því að ýta á eftir svari frá Búnaðarfélaginu.

**Gísli Jónsson:** Ég vil þakka báðum hv. þm., sem hafa svarað fyrirspurnum mínum. Ég mun geta fellt mig við upplýsingar viðvíkjandi máli nr. 22, um friðun Patreksfjarðar fyrir skotum, en vil hins vegar minna á í sambandi við mál nr. 44, að því þarf mjög að flýta. Á síðasta þingi var því lofað af fjmrh., að með þetta mál skyldi farið eins og gert var ráð fyrir, en þetta hefur brugðizt, og fyrir það er þetta frv. nú komið fram. Þetta loforð gaf fjmrh. hér í d., þegar hann lýsti yfir, að hann væri samþykkur því, að þessar breyt. yrðu gerðar á l., og treysti ég því, að mál þetta yrði þannig framkvæmt. Er því óhjákvæmilegt annað en að flýta þessu máli. Eg er ekki að ávíta n., en álít hins vegar, að þegar mál eru send til aðila utan þings, ætti það að vera skylda n. að gefa þessum aðilum ákveðið tímatakmark, svo að þeir geti ekki tafið fyrir málum. Hvað viðvíkur máli nr. 21, vil ég geta þess, að ég átti tal við búnaðarmálastjóra um þetta, áður en ég bar það fram hér, og var hann mér þá sammála. Nú hef ég heyrt, að hann hafi haldið þessu máli allan þennan tíma, og vil ég því mælast til þess við form. landbn., að hann setji Búnaðarfélaginu ákveðin tímatakmörk viðvíkjandi þessu atriði. Því ef þetta mál nær ekki fram að ganga á þessu þingi, er það sama sem það verði óbreytt næsta ár, og það er mér alls ekki sama um.

---

Á 41. fundi í Nd., 28. okt., utan dagskrár, mælti

**Eysteinn Jónsson:** Herra forseti. Ég flutti hér á þingi á síðast liðnu vori ásamt fleirum frv. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt. Málinu var þá vísað til fjhn. Ekkert álit hefur enn þá komið frá n., og er ég spurðist fyrir um þetta, kvað hún milliþingan. hafa fengið það til meðferðar. En sú nefnd átti að hafa lokið störfum fyrir 15. ág., og get ég því ekki séð ástæðu til, að mþn. bíði lengur með að skila áliti sínu.

Þá flutti ég frv. um breyt. á útsvarslögum eða viðauka við þau. Þessu frv. var vísað til allshn., en er ókomið þaðan.

**Garðar Þorsteinsson:** Út af þessari fyrirspurn til allshn. vil ég upplýsa, að hún sendi þetta mál til skattstjóra og óskaði álits hans og niðurjöfnunarnefndar á því. Þaðan kom það fyrir fáum dögum, og var álit niðurjöfnunarnefndar neikvætt. Síðan hafa verið haldnir tveir fundir, en afgreiðslu þess ekki lokið, af því að n. átti von á frv. um skylt efni. Vænti ég, að þessu verði lokið á næsta fundi n., sem er ákveðinn á þriðjudag.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Viðvíkjandi fyrirspurn 2. þm. S.-M. er því til að svara, að það er ekki að vilja fjhn., að þetta hefur dregizt svo.

En sökum þess, að álit mþn. var ekki komið, hugði n. það einungis tvíverknað að taka það fyrir. En nú skal ég sjá um, að málið verði afgr. hið bráðasta.

---

Á 53. fundi í Nd., 24. nóv., utan dagskrár, mælti

**Áki Jakobsson:** Fyrir tveim dögum bað ég um, að tekið yrði á dagskrá frv. um dýrtíðarráðstafanir, og ég vil enn ítreka þá ósk mína, að það verði tekið á dagskrá á næsta fundi d. Ef meiri hl. er fyrir því í þinginu, að frv. verði ekki rætt, þá er eðlilegt, að það komi fram með atkvgr. þm. Mér finnst ég eiga kröfu á því, að málið verði tekið fyrir á næsta fundi d.

**Forseti (JörB):** Ég hef enga tilhneigingu til þess að hindra, að málið komi til afgreiðslu, en mér hafa borizt tilmæli um það, að málið yrði ekki að svo stöddu tekið á dagskrá, og ég mun þess vegna ekki gera það án þess að leita eftir því, hvort þeir menn eru tilbúnir, sem báru þær óskir fram.

**Jón Pálmason:** Ég vil spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forseta, hvað því veldur, að mál, sem ég er flm. að og frsm. nefndarhluta, frv. um breyt. á jarðræktarl., hefur ekki verið tekið á dagskrá. Það hefur verið á dagskrá einu sinni, en tekið þaðan aftur. Ég vil vænta þess, að hæstv. forseti gæfi skýringu á því, hvað þessu veldur.

**Forseti (JörB):** Það er nú þannig ástatt um þetta, að sumpart hafa mál, sem enginn ágreiningur er um, þurft að ganga gegnum þingið, en hins vegar hafa verið mál, sem ágreiningur er um, og hefur verið reynt að þoka þeim áleiðis nokkurn veginn eftir aldri, en það er ekki á valdi forseta að hefta svo mjög málfrelsi þm., að þeir megi ekki segja álit sitt um málin, og þess vegna er afgreiðslu þeirra ekki komið lengra. En ég mun reyna að taka þetta mál á dagskrá bráðlega.

---

Á 63. fundi í Ed., 10 des., utan dagskrár, mælti

**atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Herra forseti. Eins og hæstv. forseta mun kunnugt, hef ég haft nokkurn áhuga á því, að 6. mál á dagskránni í dag fengi örugga afgreiðslu, áður en þessu þingi lyki. Það hefur verið nokkuð neðarlega á dagskránni og hefur ekki komizt að nú um skeið. Nú sé ég, að 1. mál á dagskrá (happdrætti) er frv., sem hefur komið síðar fram en frv. til l. um olíugeyma, sem er 6. dagskrármálið, og vildi ég heldur mælast til þess, að það málið yrði látið sitja fyrir, sem fyrr kom fram.

**Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti. Eitt af fyrstu málunum, sem lögð hafa verið fyrir þetta þing, er nú 5. mál á dagskrá og er til 2. umr. (eignaraukaskattur). Ég tel ekki vansalaust, ef það verður ekki afgreitt nú á þessu þingi. Þar sem það er venja, að þau frv., sem fyrst koma fram, verði látin ganga á undan, vil ég eindregið mælast til þess, að það verði tekið fyrir, enda þótt ég sé hæstv. ráðh. sammála um það, að 6. mál á dagskránni þurfi einnig að vera meðal þeirra mála, sem eiga að vera í fyrstu röð.

**Forseti (StgrA):** Út af þessum umr. vil ég taka það fram, að það hefur verið ætlun mín að afgreiða bæði þessi mál í dag, og ef það hefur ekki tekizt að ljúka þeim á venjulegum fundartíma eða fyrir kl. 4, þá hef ég ætlað mér að freista að hafa fund áfram seinni partinn til þess að ljúka þessum málum, en ég vonast til þess, að fyrstu fjögur málin á dagskránni taki lítinn tíma og fái skjóta afgreiðslu.

**Bjarni Benediktsson:** Herra forseti. Ég hjó eftir því, sem hæstv. forseti sagði um fundartíma, og vænti þess, að hann taki tillit til ástæðna þm. í þeim efnum. Varðandi 5. og 6. mál á dagskránni vil ég segja það, að ég hefði viljað ræða þau bæði, en milli kl. 5 og 7 verð ég að mæta á öðrum fundi og get því ekki mætt hér á þeim tíma. Varðandi 5. dagskrármálið er það að segja, að 1. umr. var hagað þannig, að umr. gátu ekki farið fram nema að nokkru leyti, og finnst mér því óþarfi að haga 2. umr. svo, að menn séu þar að nokkru leyti sviptir málfrelsi.

**Forseti (StgrA):** Varðandi 1. umr. málsins vil ég taka það fram, að hún stóð alllengi, og gafst mönnum því kostur á að ræða málið nokkuð, en ég vona, að í dag takist mönnum að ræða málið svo, að viðunanlegt verði.

---

Á 62. fundi í Nd., 11. des., utan dagskrár, mælti

**Jakob Möller:** Herra forseti. Af því ég býst við, að hæstv. forseti muni leita afbrigða fyrir 4. dagskrármál, vil ég fara fram á, að hann láti umr. um það bíða og taki fyrr mál, sem síðar eru á dagskrá, þar sem búast má við talsverðum umræðum um þetta mál.

En síðar á dagskránni eru mál, sem minni umr. verða um og líkleg eru til þess að ná fram að ganga. Auk þess var minni hlutinn ekki viðstaddur síðustu umræðu.

**Skúli Guðmundsson:** Ég vil aðeins upplýsa, að fyrir nær þrem vikum gaf meiri hl. n. út nál. í 4. dagskrármálinu, en minni hl. hefur enn ekki skilað nál., og tel ég það ekki vel við eigandi, að minni hlutinn geti tafið mál með því að draga að gefa út nefndarálit. Óska ég, að hæstv. forseti leiti leyfis til þess að taka málið nú þegar fyrir.

**Forseti (JörB):** Ég bið hv. þingmenn að þreyta ekki miklar umr. utan dagskrár, og mun ég leitast við að taka þau mál fyrst til umræðu, sem líklegt er, að ekki verði miklar umr. um.

**Áki Jakobsson:** Ég vil taka undir mál hv. 3. þm. Reykv. Þetta mál er vel undirbúið og komið frá Ed., og má búast við, að miklar umræður verði um það. Í öðru lagi óska ég, að 7. dagskrárliður verði færður fram. Það hefur dregizt nú um þrjár vikur, að það mál væri tekið fyrir.

Loks vil ég benda á mál, sem ég flyt og er 6. dagskrármál. Tel ég mig eiga heimtingu á, að það komi á undan 4. dagskrárlið, sem var til umr. í gær.

**Forseti (JörB):** Það er ekki þörf að fara í samanburð, þegar rætt er um það, hvernig mál eru tekin fyrir á dagskránni. Það er hægt að ræða það efni án þess að fara út í samanburð. Ég vildi aðeins gefa til kynna, að 4. dagskrármálið er eldra en það 6., sem hv. þm. Siglf. ber fyrir brjósti. En það fyrrnefnda þarf að ganga gegnum báðar deildir, en 6. aðeins gegnum eina umr. Annars á ég ekki sök á því, að 4. dagskrármál var tekið á dagskrá í dag og með afbrigðum.

---

## III. Afstaða ríkisstjórnarinnar til lýðveldisstofnunar.

Á 24. fundi í Sþ., 1. nóv., var tekin til meðferðar:

**Tilkynning frá ríkisstjórninni um afstöðu hennar til stofnunar lýðveldis á Íslandi.**

**Forsrh. (Björn Þórðarson):** Herra forseti. Þess má vænta, að innan skamms verði á Alþingi teknar endanlegar ákvarðanir um stofnun lýðveldis á Íslandi og skipun æðstu stjórnar landsins. Deilur eru risnar um afgreiðslu þessara mála. Ríkisstjórninni þykir svo sem bæði Alþingi og allur landslýður eigi rétt á því að fá vitneskju um afstöðu hennar til málanna og leyfir sér því að lýsa henni í stuttu máli.

Síðan 10. apríl 1940 hefur æðsta framkvæmdavaldið og fyrirsvar landsins, sökum ytri tálmana, verið hér í landi. Framkvæmd 7. gr. sambandslaga Íslands og Danmerkur frá 30. nóvember 1918 um meðferð utanríkismála Íslands af hendi Danmerkur og gæzla fiskiveiða í íslenzkri land-

helgi, samkvæmt 8. gr. sömu laga, hefur og frá 10. apríl 1940 af sömu ástæðum reynzt ómögu-leg þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli, konungi, dönskum stjórnarvöldum og Íslending-um, hafa tálmanir þessar verið óviðráðanlegar.

Um æðsta framkvæmdavaldið, fyrirsvar lands-ins út á við og inn á við og meðferð utanríkis-mála, hefur orðið að gera þá skipun, sem alger-lega er andstæð því skipulagi, er áður gilti. Virðist það sammæli allra stjórnmálaflokka hér í landinu, að ekki skuli í grundvallaratriðum gera breytingar á núverandi skipun, enda hefur hinum aðilunum verið tilkynnt stjórnarleiðina, að það muni ekki verða gert, þar á meðal eftir að þingsályktanirnar 17. maí 1941 voru gerðar.

Nú virðist vera ágreiningur um það, hvort formleg samþykkt um stofnun lýðveldis á Íslandi skuli gerð nú fyrir eða eftir áramót, eða ef til vill ekki fyrr en eftir 17. maí 1944, eða að bíða beri með það þar til styrjöldinni í Evrópu er lokið. Ríkisstjórnin hirðir ekki að blanda sér í þær deilur. I augum stjórnarinnar er það aðal-atriðið, að Ísland hefur gert þá skipun á áður-nefndum málum, sem alveg er andstæð hinni eldri skipun. Íslendingar eru orðnir hinni nýju skipun vanir og telja hana sjálfsagða, enda mun engum þeirra til hugar koma, að þessi mál verði aftur afhent til annarra aðila.

Þetta sjónarmið ríkisstjórnarinnar leiðir til þess, að hið raunhæfa ástand, sem staðið hefur í aðalatriðum óbreytt hátt á fjórða ár, sé nægi-lega styrkur grundvöllur til formlegrar ákvörð-unar um stofnun lýðveldis á Íslandi, jafnskjótt sem Alþingi vill gera slíka ákvörðun, hvað sem skýringum á 18. gr. sambandslaganna líður.

Stjórnin leggur því enga áherzlu á það, hvort sú ákvörðun verður tekin á næstu mánuðum eða í síðasta lagi í maímánuði næsta ár. Mun núverandi stjórn því, ef til atbeina hennar skyldi þurfa að koma, framkvæma eftir beztu getu ákvarðanir Alþingis um stofnun lýðveldis á Ís-landi, hvenær sem þær verða teknar.

Stjórnin telur það miklu varða, að algert samkomulag geti orðið um afgreiðslu ályktunar Alþingis um stofnun lýðveldis á Íslandi, og ekki síður að öll þjóðin geti sameinazt um lausn máls-ins. Stjórnin veit, að nokkuð er skoðunum skipt um sum atriði í skipun æðstu stjórnar landsins, þá er lýðveldið sé formlega komið á fót, og að ýmsir eru óánægðir með sumar tillögur þær, sem fram hafa komið af hendi stjórnarskrár-nefndar. Stjórnin vill vinna eftir föngum að samkomulagi um þessi atriði bæði, án þess þó, að einróma samkomulag um þau sé nokkurt skil-yrði fyrir atbeina hennar um framkvæmd aðal-málsins.

Þetta vildi ríkisstj. birta nú Alþ. og almenn-ingi.

## IV. Þjóðleikhúsið.

Á 14. fundi í Sþ., 23. sept., utan dagskrár, mælti

**dómsmrh. (Einar Arnórsson):** Herra forseti. Alþ. skoraði 22. marz þ. á. á stjórnina, að hún beitti sér fyrir því, að þjóðleikhúsið yrði rýmt. Dómsmrh. sendi utanrrh. þessa áskorun Alþ. þann 29. apríl þ. á., og sneri utanrrh. sér þegar til hins aðilans, og er nú loforð hans fengið um það, að þjóðleikhúsinu verði skilað aftur, þegar er það hefur verið rýmt af vörum þeim, er þar eru nú geymdar, og ný vörugeymsla byggð, en því mun hraðað eins og kostur er á. Er smíði nýrrar vörugeymslu þegar hafin samkvæmt upp-lýsingum flotaforingja Breta.

Mér þótti rétt að skýra hv. Alþ. frá því, hvernig ástatt er um þetta mál, því að vitanlegt er, að áhugi manna fyrir því, að Þjóðleikhúsinu verði skilað sem fyrst, er mikill, bæði utan þings og innan.

## V. Varamenn taka þingsæti.

Á 16. fundi í Sþ., 4. okt., mælti

**forseti (GSv):** Frá hæstv. forseta Nd. hefur mér borizt svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 2. okt. 1943.

Stefán Jóhann Stefánsson, 4. þm. Reykv., hefur í dag ritað forseta neðri deildar á þessa leið: „Með því að ákveðið er, að ég fari utan í erindum ríkisins og verði í þeirri för næstu vikur, þá leyfi ég mér, með skír-skotun til 3. mgr. 144. gr. laga nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, að óska eftir því, að varamaður minn, Sigurjón Á. Ólafsson, taki sæti í minn stað á Alþingi, á meðan ég verð fjarvist-um, og að hann taki einnig á sama tímabili sæti í þeim nefndum deildarinnar, er ég hef verið kosinn í."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér boðið sem skjótast til fund-ar í sameinuðu þingi til þess að rannsaka og bera upp til samþykktar kjörbréf varamanns.

Jörundur Brynjólfsson.

Forseti sameinaðs þings."

Samkvæmt þessu hefur hv. kjörbréfanefnd verið aðvöruð um að athuga kjörbréf varamanns hv. 4. þm. Reykv., og er hún nú væntanlega reiðubúin að skila áliti.

**Frsm. (Hermann Jónasson):** Herra forseti. Samkvæmt þessu bréfi, sem hér hefur verið lesið upp, þá hefur kjörbréfanefnd tekið þetta mál til meðferðar í morgun. Hún hefur fengið í hendur kjörbréf Sigurjóns Á. Ólafssonar, sem er 4. varaþm. Reykv. Nefndin hefur athugað þetta bréf og ekki fundið neina galla á því, og hefur hún því einróma samþ. að leggja til, að kjörbréfið verði samþ.

ATKVGR.

Samþ. var að taka kjörbréfið gilt með 31 shlj. atkv.

**Bjarni Ásgeirsson:** Ég vildi aðeins spyrjast fyr-ir um það í sambandi við þetta, hvort þessi hv. þm. á einnig að taka sæti hv. 4. þm. Reykv. í

utanríkismálanefnd, þar sem hann er aðalmaður, en hefur þar einnig sinn varamann.

**Forseti (GSv):** Samkvæmt bréfi því, sem ég las hér áðan, hefur hv. 4. þm. Reykv. aðeins óskað eftir, að hv. 4. varaþm. Reykv. taki sæti hans í þeim nefndum í Nd., sem hann á sæti í. Þessi hv. þm. hefur áður setið á þingi, og þarf hann því ekki að undirrita eiðstaf.

Á 20. fundi í Sþ., 19. okt., mælti

**forseti (GSv):** Til forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 15. okt. 1943.

Formaður Framsóknarflokksins hefur í dag ritað forseta Nd. á þessa leið:

„Hér með tilkynnist yður, herra forseti, að Helgi Jónasson, 1. þm. Rangæinga, verður að víkja af þingi um stundarsakir, vegna þess að honum hefur eigi tekizt að fá lækni til þess að gegna störfum fyrir sig. Samkvæmt þessu mun varamaður hans, Björn Björnsson sýslumaður, taka sæti hans skv. 144. gr. kosningalaga."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér boðið til fundar í sameinuðu þingi næstkomandi þriðjudag til þess að rannsaka og bera upp til samþykktar kjörbréf varamanns, en mér er tjáð, að þá muni hann verða viðbúinn að taka sæti á þinginu.

Emil Jónsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Samkvæmt þessu hefur verið lagt fyrir kjörbréfanefnd að athuga kjörbréf hins tilnefnda varamanns, og hefur hún lokið störfum sínum.

**Frsm. (Hermann Jónasson):** Herra forseti. Kjörbréfanefnd kom saman á fund í morgun og hefur athugað kjörbréf Björns Björnssonar sýslumanns. Hún leggur einróma til, að það verði samþykkt.

**Forseti (GSv):** Það er tillaga kjörbréfanefndar, að kjörbréf Björns Björnssonar verði tekið gilt, og ber ég það því undir þingmenn, hvort þeir vilja samþykkja það.

ATKVGR.

Kjörbréf Björns Björnssonar sýslumanns samþykkt með 31 shlj. atkv.

**Forseti (GSv):** Kjörbréfið hefur verið tekið gilt og hefur þingmaðurinn þegar innt af hendi eiðstaf sinn, þar sem hann hefur átt sæti á þingi fyrr, og er þá þessu máli lokið.

## VI. Skýrsla um olíumálið.

Á 18. fundi í Sþ., 13. okt., utan dagskrár, mælti

**fjmrh. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Sú grg., sem hér er sett fram, er beint framhald af umr. sjútvn. Alþingis og sett fram samkvæmt ósk n. og margra þm., sem óskað hafa eftir að skýrsla sé gefin í olíumálinu:

Hinn 7. ágúst hófu ríkisverksmiðjurnar á Siglufirði sölu á hráolíu fyrir atbeina atvinnumálaráðherra, og seldu þær olíuna á 38 aura kíló, en olíufélögin seldu sömu olíu á sama tíma 51 eyri kíló.

Áður en þetta gerðist, hafði atvmrh. átt tal við forstjóra olíufélaganna um verðlækkun á hráolíunni, án þess að nokkur árangur fengist.

Eftir miðjan ágúst óskaði viðskiptamrh. þess, að forstjórar olíufélaganna Olíuverzlun Íslands h/f og h/f Shell á Íslandi kæmu á sinn fund út af olíuverðinu hjá félögunum. Vegna þess að forstjóri annars félagsins var þá í sumarleyfi, varð ekki úr þeim samræðum fyrr en síðast í ágústmánuði.

Á þeim fyrsta fundi (föstudag 27. ágúst) skýrði ráðherra þeim frá, að hann teldi olíuverðið of hátt og óskaði að fá að vita, hvað félögin vildu gera til þess að lækka verðið, áður en ríkisstjórnin leitaði annarra ráða til að bátaútvegur landsmanna gæti fengið brennsluolíu með lægra verði en nú er. Forstjórarnir kváðust mundu athuga málið og væntanlega leggja fram tillögur sínar eftir nokkra daga.

Nokkrum dögum síðar komu forstjórarnir aftur á fund viðskmrh. og skýrðu frá því, að félögin vildu bjóðast til að lækka hráolíu um 9 aura kíló og bensín um 6 aura lítra með því skilyrði, að ríkisstjórnin sæi um, að engin olíusamlög eða nýir bensínsalar gætu keypt þessar vörur frá herstjórninni hér og að á þann hátt væru settar skorður við því, að samkeppni skapaðist um olíu- og bensínverð.

Viðskmrh. kvaðst engin svör gefa þeim að svo stöddu, en mundi taka þetta til athugunar og láta félögin vita síðar um niðurstöðuna.

Hinn 13. september boðaði ráðherrann forstjórana aftur á sinn fund og sagði þeim, að ríkisstjórnin hefði enn ekki tekið ákvörðun í málinu. En með tilliti til þess, að bátaútveginum í landinu væri mikil þörf á lækkuðum tilkostnaði vegna dýrtíðar og sérstöðu um fiskverð, væri ríkisstjórnin þeirrar skoðunar, að lækka bæri hráolíuna meira en félögin hefðu boðið, jafnvel þótt bensínverðið þyrfti að haldast óbreytt til þess að ná því takmarki. Sagðist ráðherra vilja láta lækka hráolíuna um 15 aura kíló um allt land, en slík lækkun mundi nema að fjárhæð svipað því, sem félögin höfðu boðið samanlagt fyrir hráolíu og bensín.

Forstjórarnir tóku þessu ekki illa, en kváðust mundu verða að bera þetta undir viðskiptafélög sín í Bretlandi, ef slík krafa yrði fram sett af ríkisstjórninni. En þeir tóku jafnframt fram, eins og þeir höfðu áður gert, að slíkar ráðstafanir af þeirra hendi væru háðar því, að samkeppni yrði útilokuð á markaðinum. Um það vildi viðskmrh. engar skuldbindingar gefa, og þar með lauk þeim fundi.

Um þetta leyti höfðu ríkisstjórninni borizt umsóknir frá olíufélögum úti á landi um að fá keypta hráolíu beint frá flotastjórninni frá stöðvum hér á landi, en verðið þar hefur verið

og er enn 17½ eyr. kíló. Við það bætist flutningur og tollur. Við flutning á olíugeymi í Reykjavík er sá kostnaður 2.2 aurar á kíló, og kostar þá olían á geymi í Reykjavík 19,7 aura kíló. Kostnaður á olíunni til Siglufjarðar er 10.3 aurar kíló, og verður því olíuverðið þar á geymi 27.8 aurar kíló.

Verð olíufélaganna undanfarið á hráolíu hefur verið þetta: Reykjavík og Hafnarfjörður 46 aur. kíló, Akranes, Keflavík 49 aur. kíló, annars staðar á landinu 51 eyr. kíló.

Hér var um svo mikinn mismun að ræða, að ekki var við unandi. Hins vegar var verðlækkunartilboð félaganna með öllu óaðgengilegt með þeim fyrirvara, sem því fylgdi, vegna þess að það hefti frjálsræði útvegsins um olíukaup til ófriðarloka eða lengur.

Vegna þess að hér var um stórmál að ræða fyrir smábátaútgerðina í landinu, taldi ríkisstjórnin sjálfsagt að bera málið undir sjávarútvegsnefndir beggja deilda Alþingis.

Fundur var því haldinn 17. sept með báðum nefndum, en málið ekki útrætt. Annar fundur var haldinn 21. sept., og varð sú niðurstaða einróma, að þess bæri að krefjast, að félögin lækkuðu hráolíuverðið nú þegar um 15 aura kíló og að þeim væri engar skuldbindingar gefnar um útilokun samkeppni.

Hinn 23. sept. ritaði viðskmrh. olíufélögunum svo hljóðandi bréf:

„Út af samtölum, er viðskiptamálaráðherra hefur átt undanfarið við forstjóra yðar um verðlækkun á hráolíu, vill ráðuneytið taka þetta fram:

Ráðuneytið álítur, að hægt sé að lækka verð á hráolíu um allt land um 15 aura hvert kíló, án þess að hækkað sé verð á öðrum olíum eða bensíni, og beinir því þess vegna til félaganna, að þau láti slíka lækkun koma til framkvæmda fyrir 30. þ. m.

Það væri að sjálfsögðu æskilegt, að verð á bensíni og öðrum olíum gæti einnig lækkað, þótt að svo stöddu verði ekki sett fram krafa um slíka lækkun, nema í sambandi við væntanlega verðjöfnun milli söluaðila.

Í sambandi við málaleitun yðar um það, að ráðuneytið tryggi yður, að engum nýjum aðila verði leyft að verzla með ofangreindar vörur, skal það tekið fram, að ráðuneytið vill engar skuldbindingar gefa í því efni.

Ráðuneytið væntir þess að meðtaka svar yðar við ofanrituðu fyrir 27. þ. m.“

Svar kom frá olíufélögunum 29. sept. Í því hafna þau málaleitan viðskmrh. um þá verðlækkun á hráolíunni, sem hann fór fram á. En í niðurlagi bréfsins skýra þau frá því, að þau hafi í dag (29. sept.) fengið tilkynningu um, að miklar breytingar séu að verða á öllum olíuflutningum til Íslands og að kostnaðarverð félaganna muni stórhækka vegna hækkunar flutningsgjalda. Telja þau því rétt að bíða átekta, unz nánari upplýsingar fást, og lækka ekki núverandi verð, heldur nota hinar ódýrari birgðir til síðari verðjöfnunar.

Breytingar þær á olíuflutningum til landsins, sem greinir í bréfinu, töldu forstjórarnir, að væri í því fólgnar, að Bretar mundu taka olíuflutningana í sínar hendur aftur og við það mundu flutningsgjöldin hækka. Var talið líklegt, að breyting þessi mundi komast á í byrjun nóvember.

Næsta dag hélt ríkisstjórnin fund með sjávarútvegsnefndum beggja deilda þingsins, og var þeim skýrt frá svari félaganna. Að afstöðnum þeim fundi fól viðskmrh. viðskiptaráði að lækka verð á hráolíu, bensíni og ljósaolíu þannig:

Hráolía lækki um 90 kr. tonnið, ljósaolíuverð lækki um 85 kr. tonnið og bensínverð lækki um 6 aura lítr.

Eftir að verðlækkun þessi var auglýst af verðlagsstjóra, birtu olíufélögin greinargerð í Morgunblaðinu 3. okt. Í þeirri greinargerð er skýrt frá því, að félögin hafi ætlazt til, að olíuverðið yrði lækkað í ágúst. Þessi staðhæfing er ekki í samræmi við verðútreikning, sem verðlagsstjóra barst frá félögunum 1. ágúst síðastliðinn, þar sem sýnt er fram á, að félögin þurfi þá að fá eftirfarandi verð fyrir vörur sínar:

Bensín í Reykjavík 0.71 eyr. ltr. kíló. Ljósaolía í Reykjavík 0.63 aura ltr. kíló. Ljósaolía úti á landi 0.70 aur. ltr. kíló. Hráolía í Reykjavík 0.47 aur. ltr. kíló. Hráolía úti á landi 0.52 aur. ltr. kíló.

Þetta er miðað við innkaupsverð í maí og júní, sem enn er óbreytt.

Það, sem greinargerð félaganna að öðru leyti gefur tilefni til leiðréttingar, vísast til þess, er sagt er hér að framan.

Þannig höfðu viðskipti ríkisstjórnarinnar og olíufélaganna farið fram til 3. okt. 1943 um verðlag á olíu og bensíni.

**Atvmrh. (Vilhjálmur Þór):** Í framhaldi af skýrslu þeirri, sem viðskmrh. hefur nú gefið háttv. Alþingi, þykir mér rétt að upplýsa eftirfarandi frá utanríkismálaráðuneytinu:

Hinn 29. sept. fékk ég frá viðskmrh. afrit af bréfum olíufélaganna h/f Shell á Íslandi og Olíuverzlunar Íslands h/f, þar sem þau upplýsa, að þeim hafi borizt tilkynning um, að miklar breytingar séu að verða á olíuflutningi til landsins og að kostnaðarverð félaganna muni stórhækka vegna hækkunar flutningsgjalda.

Hinn 4. okt. s. l. tilkynnti sendiráð Breta mér hins vegar í formlegu erindi, að brezka flotastjórnin muni hér eftir hafa hönd í bagga með aðalolíubirgðasölunni hér á landi, og að hún hafi tilnefnt brezka olíufélagið Asiatic Petroleum Company umboðsmann sinn, til þess að fara með umráðin yfir birgðastöðum, meðan brezk yfirvöld hafa umráðaréttinn. Þá tilkynnir sendiherrann og um leið, að Bretar muni taka að sér að sjá fyrir þörfum Íslendinga á brennsluolíum, sennilega frá því snemma í n. k. nóvembermánuði.

Þessi tilkynning hefur að sjálfsögðu gefið ríkisstjórninni tilefni til að leiða athygli sendiherra Bandaríkjanna og Bretlands að því, um hversu mikilvægar ráðstafanir væri að ræða.

Hef ég fyrir hönd ríkisstjórnarinnar meðal annars gert báðum sendiherrunum ljóst, að ríkisstjórnin legði mikla áherzlu á, að hvaða breytingar, sem gerðar kynnu að verða á olíuflutning-

um til landsins, þá yrðu brennsluolíur látnar í té landsmönnum með ekki lakara verði eða óhagstæðari skilyrðum en nú giltu.

**Finnur Jónsson:** Mig langar til að bera fram nokkrar fyrirspurnir til ríkisstjórnar út af þessu máli. Í fyrsta lagi: Hve miklu nam verðlækkun sú á olíunni, sem félögin sjálf báru fram. Hef ég heyrt, að hún hafi numið um 1½ millj. króna. Annaðhvort er skýrsla olíufélaganna eitthvað grunsamleg eða þau hafa ætlað að gefa landinu 1½ millj. króna. Því getur hver trúað, sem þykir það líklegt. En ég vildi beina því til hæstv. ríkisstjórnar, hvort ekki væri ástæða til að athuga þetta mál með gaumgæfni opinberlega.

Í öðru lagi tel ég það grunsamlegt, að félögin vita um verðbreytinguna nokkrum dögum áður en ríkisstjórnin fær vitneskju um hana. Vil ég spyrja hæstv. ríkisstjórn, hvort það sé ekki fullkomið alvörumál, ef innlendir aðilar hafa pantað frá útlöndum olíu með verri skilyrðum en verið hefur, án þess að hún fengi að vita um það.

Og ég spyr, hvort ekki sé full ástæða til þess að rannsaka þetta hvort tveggja. Þrátt fyrir það, þó að skýrslur hæstv. ríkisstjórnar hafi verið mjög hlutlausar, þá er ekki hægt að loka augunum fyrir því, að hér er í raun og veru að ræða um stríð milli ríkisstj. annars vegar fyrir hönd þeirra, sem þurfa að kaupa olíuna í landinu, og olíufélaganna hins vegar. Og ég held, að það megi fullyrða, eftir þeim umr., sem urðu um þetta mál í sjávarútvegsnefndum, — án þess að ég ætli á neinn hátt að rekja þær —, að ríkisstjórnin hljóti að hafa Alþ. á bak við sig í þessu máli. Og ég vildi sérstaklega óska eftir því, að hæstv. ríkisstjórn svaraði þessum tveimur fyrirspurnum, og svo þeirri þriðju: Hvað hyggst ríkisstjórnin að gera til þess að ná rétti landsmanna gagnvart olíufélögunum?

**Eysteinn Jónsson:** Ég ætla að leyfa mér að láta koma fram aths. í tilefni af því, sem fjallað hefur verið um þetta mál í sjávarútvegsnefndum þingsins, og af því, sem hæstv. viðskmrh. hefur upplýst um málið.

Það er nú öllum mönnum kunnugt, að fyrir stríð voru þessi olíuviðskipti þannig vaxin, að olíuhringarnir voru mjög grunaðir um það, að þeir seldu ekki olíuna hæfilega lágu verði, og þá voru í undirbúningi samtök útvegsmanna til þess að geta skipt beint með olíu sína. Og myndu voru um þetta samtök útvegsmanna á tveim eða þrem stöðum, sem keyptu olíuna beint. Það reyndist þannig, að þeir gátu selt olíuna við lægra verði en olíuhringarnir. En því var borið við af hringunum, að það væri ekki réttur mælikvarði á það verð, sem á olíunni þyrfti að vera, því að þeir (hringarnir) seldu olíuna smáútgerðinni á öllu landinu, en þessi samtök útgerðarmanna verzluðu bara á stærri stöðunum, þar sem hægt væri að koma við kostnaðarminni verzlun á olíunni. Þegar stríðið skall á, lokuðust leiðir útvegsmanna til þessarar verzlunar. Það var ekki unnt að fá með neinum viðhlítandi flutningsgjöldum nægilega smá skip til þess að þjóna þörfum þeirra. Þegar þar var komið sögu, voru olíufélögin tvö hér alveg einráð um olíuviðskiptin, bæði aðflutningana og söluna innanlands. Þau voru þeir einu, sem höfðu nógu stóra olíugeyma til að taka hæfilega stóra olíufarma í senn, og af því voru útvegsmenn útilokaðir frá því að geta keypt inn olíuna beint. Nú fluttu því olíuhringarnir inn olíuna einir. En svo kom spurningin um verðlagið á olíunni, og það var hér verðlagseftirlit frá byrjun stríðsins. Og þessi félög lögðu fram sínar skýrslur um það, hvað þau töldu sig þurfa að fá fyrir olíuna, og þær voru náttúrlega ákaflega flóknar, eins og gefur að skilja í jafnviðtækum viðskiptum og þessi viðskipti eru, og erfitt fyrir menn, sem ekki höfðu því meiri reynslu í þeim efnum, að gagnrýna þær fullkomlega. En olíufélögin voru ákaflega viðkvæm fyrir allri gagnrýni á þessum verðlagsskýrslum og töldu sér jafnvel misboðið, ef þær voru ekki lagðar til grundvallar, það var mér kunnugt um, meðan ég hafði viðskiptamál með höndum fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Þó voru þær ekki lagðar alls kostar til grundvallar. En félögin lögðu, sem sagt, þunga pressu á, að ef þau ættu að sjá fyrir olíu til landsins undir þessum erfiðu kringumstæðum, þá yrðu þau að vera viss um að þurfa ekki að selja vöru sína með tapi, sem var eðlileg krafa, og þau lögðu fram skýrslur, sem sýna skyldu, hvað þau þyrftu að fá til þess að vera sæmilega haldin.

Það fyrsta, sem ég frétti af þessu máli eftir að ég hætti að kynnast þessu svo að segja daglega, það var síðari hluta s. l. vetrar, eftir að sú breyting var gerð, að olíufélögin hættu að flytja olíuna beint, en herstjórnin fór að flytja olíuna til Hvalfjarðar og þar skyldu félögin kaupa olíuna af ríkisstjórn Bandaríkjanna. Þá var upplýst, að skömmu eftir að þessi breyt. var gerð, héldu olíufélögin hér því fram, að þau þyrftu að fá mikla hækkun á olíuverðinu, vegna þess að kostnaður við að flytja olíuna til landsins hefði stóraukizt, þeir (sem fyrir olíufélögunum stóðu hér) þyrftu að fá olíuna miklu dýrari heldur en þeir hefðu getað fengið hana, meðan þeir fluttu hana beint. Og ég veit, að menn kannast við það, að þetta mál var í slíkum hnút í fyrravetur, að olíufélögin tilkynntu á einu stigi málsins, að ef þau gætu ekki fengið þessa verðhækkunarkröfu tekna til greina, þá yrðu þau annaðhvort að láta viðskiptin til landsmanna hætta, þannig að félögin hættu að selja þeim olíu af birgðum sínum, eða þá að ríkissjóður yrði að bæta þeim upp það, sem á vantaði, að það verðlag, sem þau byggju við, nægði þeim fyrir innflutningi olíunnar og kostnaði. Nú var þannig í þessi mál tekið af hálfu olíufélaganna í fyrravetur, að það var gengið í það að reyna að fá flutningsgjöld lækkuð á olíunni frá því, sem var fyrirhugað af hálfu þeirra, sem nú höfðu tekið að sér innflutninginn, og sagt við olíufélögin, að þau yrðu að selja með óbreyttu verði, a. m. k. þangað til tækist að sjá fyrir endann á þeim málum. Og það endaði svo, að það tókst að lækka flutningsgjaldið.

Þetta sýnir, hvað olíufélögin þóttust illa haldin af því verði, sem þá var. Nú er það upplýst, af hæstv. viðskmrh., að fyrir síldarvertíðina í sumar — ég skildi hann svo — þá gerir ríkisstjórnin

fyrirspurn til olíufélaganna um það, hvort þau geti ekki lækkað olíuna. En þau svara þeirri fyrirspurn algerlega neitandi. Og 1. ágúst s. l. leggja þau fram verðreikninga til verðlagseftirlitsins, þar sem þau krefjast verðs, sem hæstv. viðskiptamrh. las upp og ég hafði ekki heyrt, að væri neitt lægra heldur en verðið, sem hafði verið. (**Viðskmrh.**: Heldur hærra). M. ö. o., fyrir síldarvertíðina heimtuðu olíufélögin af verðlagsyfirvöldunum í landinu, að þau fengju að hækka verðið á olíunni frá því, sem það hafði verið, með því að það, sem þau fengju í verzlunarágóða, væri of lítið. Nú voru landsmenn ekki alveg eins ofurseldir félögunum eins og verið hafði, og breyt. var sú, að Bandaríkjamenn seldu nú olíu í Hvalfirði. Ríkisstjórnin fær þá aðstöðu til þess að leyfa eða samþykkja, að síldarverksmiðjur ríkisins kaupi olíu handa síldveiðiflotanum í Hvalfirði beint af Bandaríkjamönnum. Og þá sýnir það sig, að sá kostnaður, sem þarf að leggjast á olíuna frá Hvalfirði og til Siglufjarðar, er í raun og veru aðeins lítið brot af þeirri verðframfærslu, sem olíufélögin töldu sig þurfa að gera og töldu þó, að væri of lítil. M. ö. o., hæstv. ríkisstjórn hefur þarna orðið möguleika til þess að brjóta einokun olíuhringanna á bak aftur, og hún hefur notað þá möguleika á þann hátt, að hún á skilið þakkir fyrir. Og þá er það, eftir að þetta hefur gerzt, að forráðamenn olíufélaganna hér koma á fund ríkisstj. og tilkynna, að nú allt í einu, eitthvað tæpum mánuði síðar en þeir töldu, að verðhækkun á olíunni væri óhjákvæmileg, — nú tilkynna þeir, að þeir geti lækkað útsöluverðið á olíunni víðs vegar um landið og á benzíni stórkostlega frá því, sem verið hafði, það verð, sem mánuði fyrr hafði verið of lítið að þeirra dómi. Og nú hefur okkur í sjávarútvegsnefndum þingsins verið skýrt svo frá, að þessi lækkun, sem olíufélögin buðu, muni, miðað við ársviðskipti, sem nú eru, nema yfir 2 millj. króna. Þessar upplýsingar fengum við hjá sjávarútvegsnefndum þingsins. En eins og hér hefur verið upplýst, töldu forráðamenn olíufélaganna olíuverðið of lágt áður, og sá tekjuafgangur, sem þeir töldu fram, nálgaðist ekki þá fjárhæð, sem þeir töldu sig nú, allt í einu, geta séð af í vöruverðinu. Hér fylgdi sá böggull skammrifi af þeirra hálfu, að ef þeir gerðu þetta, að lækka olíuna, þá átti ríkisstjórnin að loka fyrir það, að samlög útvegsmanna keyptu olíu í Hvalfirði.

Mér sýnist þetta allt saman vera slíkt hneykslismál orðið af hálfu þeirra, sem farið hafa með þessi viðskipti, að ég fyrir mitt leyti vil skora á ríkisstjórnina að láta fram fara gaumgæfilega athugun á öllum gögnum, sem frá þessum félögum hafa komið, frá upphafi stríðsins a. m. k., og athugun á því, sem þau hafa haldið fram í sambandi við þessi verðlagsmál, og að eftir að ríkisstjórnin hefur látið fram fara gaumgæfilega athugun á þessum plöggum, þá geri hún sér nána grein fyrir því, hvort ekki þurfi enn nánari athugun á þessu máli heldur en hægt er að láta fara fram með athugunum á þessum plöggum sjálfum, og enn fremur, hvort ekki sé eitthvað í þessum plöggum þannig, að ástæða sé til að láta koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem að þessu hafa staðið fyrir hönd félaganna. Ég skora þannig á ríkisstjórnina að láta athuga, hvort hér hafa ekki verið brotin þau lagaákvæði, sem gilda um það, hversu menn skuli gefa yfirvöldunum upplýsingar í einu og öðru skyni. Ég vil mjög eindregið beina þessu til hæstv. ríkisstjórnar.

Nú hefur það líka verið upplýst hér, að þegar hæstv. ríkisstjórn, samkvæmt einróma samþykki sjávarútvegsnefnda þingsins, neitar því að gera samninga við olíuhringana um að loka fyrir viðskiptin, sem hafa átt sér stað á olíu hér fyrir utan olíufélögin, og ríkisstjórnin vill krefjast þess, að þessi verðlækkun eigi sér stað, þar sem upplýst sé, að hún geti átt sér stað af hálfu hringanna, þá fær ríkisstjórnin þau svör af hálfu olíufélaganna, að nú eigi að breyta alveg til um viðskiptin, þannig að nú eigi alveg að hætta að selja olíu í Hvalfirði, en nú eigi olían að koma gegnum olíufélögin framvegis. Og mikið má það vera, ef mig misminnir það, að í þessum samningaumleitunum hafi það komið fram, að af þessu mundi leiða, ekki lækkun á olíuverðinu, heldur talsverð hækkun á því frá því, sem verið hefur, — ekki lækkun, sem nemi 2 millj. kr. á ári, heldur hækkun frá því, sem verið hefur. Ég hygg, að þetta sé samkvæmt upplýsingum af hálfu þeirra manna, sem hér eru umboðsmenn fyrir olíuhringana.

Nú finnst mér þetta svo eftirtektarvert, að þetta skuli fara saman, að þegar olíufélögin eru komin í þá aðstöðu að hafa keppinauta um að nota olíusöluna í Hvalfirði, þá skuli allt í einu eiga að loka fyrir það, að menn geti fengið olíu í Hvalfirði. Og mér finnst full ástæða til að halda það, að olíufélögin hafi beinlínis lagt sig fram um að koma þessari breyt. á til þess að geta áfram haft alveg einræði í þessum sölumálum hér á landi. Og ef því væri til að dreifa, sem líkur benda til að sé, þá finnst mér þetta vera svo alvarlegt mál, að full ástæða er til þess fyrir ríkisstjórnina að láta fara fram sérstaka athugun á þessu. Og ég er alveg viss um það, að hæstv. ríkisstjórn hefur Alþingi á bak við sig í því að krefjast þes, að þau viðskipti, sem hér hafa farið fram nú um skeið með olíuna í Hvalfirði, þau geti farið fram framvegis eins og verið hefur, en þessu sé ekki breytt til óhagræðis fyrir landsmenn í það horf, sem nú virðist vera ætlunin að breyta málinu. Ég er viss um, að ríkisstjórnin hefur Alþingi á bak við sig í að krefjast þess, að svo verði gert. Og mér finnst ákaflega einkennilegt, ef þeir, sem fjallað hafa um þessi mál hér, eftir að hafa fengið upplýsingar um, hvernig á þessum málum hefur verið haldið undanfarið, fallast ekki á, að þetta verði svo að vera, eins og ég hef haldið fram. Þeir menn hljóta að sjá, að það er óbærilegt fyrir landsmenn, eftir að hafa séð, hvernig þetta er í pottinn búið, að þeir séu aftur færðir undir valdsvið þeirra hringa, sem eru orðnir berir að þessari viðskiptaóhæfu, sem lýst hefur verið. Þá vil ég aðeins að endingu taka það fram, að mér virðist, að það, sem nú hefur verið upplýst um viðskipti olíufélaganna, það staðfesti í raun og veru allan þann lakasta grun — eða það lítur svo út — í þessum viðskiptum, sem menn hafa haft um það, hvernig þessum viðskiptum öllum

væri háttað. Og mér er ómögulegt að sjá, jafnvel þó svo færi, að landsmenn nú um stund væru keyrðir undir yfirráð olíuhringanna í þessum efnum, að landsmenn geti unað við slíkt til frambúðar, heldur hljóti að verða að styðja útgerðarmenn í því á Alþ., svo fljótt, sem kostur er á, að losa olíuviðskiptin úr því ófremdarástandi, sem þau sýna sig að hafa verið í.

Ég vil nú spyrja hæstv. ríkisstjórn að því, hvort hún hafi, nú á þessu stigi, nokkuð sérstaklega gert sér grein fyrir þessari hlið málsins í framtíðinni í þessu efni, og hvort hún hafi nokkrar till. á prjónunum í þeim efnum. Má búast við, að hún hafi ekki haft tóm til þess. En ég vildi ekki, að þessari umr. lyki svo, að ekki væri minnzt á þennan flöt á málinu, sem er ekki þýðingarminnsti liður þess.

Að endingu vil ég svo beina því til hæstv. ríkisstjórnar, hvort það sé ekki sjálfsagt, að þau samlög útvegsmanna — eins og nú er í pottinn búið —, sem geta nú tekið olíu úr Hvalfirði til sín og séð um dreifingu á henni heima fyrir hjá sér, fái tafarlaust aðstöðu til þess að kaupa þessa olíu, áður en skellur saman, ef ekki skyldi verða unnt að koma í veg fyrir þá breytingu, sem hér hefur verið rætt um í olíuverzluninni. Vil ég beina því til ríkisstj., hvort ekki sé hægt að afgreiða leyfi til slíkra samlaga nú strax, áður en óhapp kann að skella á í þessu efni.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Út af fyrirspurn hv. þm. Isaf. (FJ) um það, hversu miklu mundi nema sú lækkun á verði, sem olíufélögin buðu, skal ég upplýsa það, að byggt á sölu á hráolíu og bensíni á síðasta ári, þá nemur sú lækkun á þessum tveimur tegundum 2½ millj. króna, eða nánar til tekið 2576000 kr.

Um það, er hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) gat um í lok ræðu sinnar, vil ég taka það fram, að ríkisstjórnin getur ekki á þessu stigi málsins eða við þessa umr. komið inn á þær framtíðarráðstafanir, sem hún mundi telja, að væru æskilegar í þessu máli. Það hefur ekki heldur gefizt nægilegur undirbúningur til þess, að hægt sé að taka slíkar ráðstafanir til umr. á þessu stigi málsins.

**Ólafur Thors:** Mér hefur fundizt sem nokkuð sé farið fram hjá aðalatriði þessa máls í þeim umr. og fyrirspurnum, sem hafa farið fram hér af hendi annarra en hæstv. ríkisstjórnar, og á ég þar ekki sízt við hv. 2. þm. S.-M. Kjarni þessa máls hygg ég að sé sá, að í fyrra, ég held snemma á árinu 1942, urðu þær gerbreyt. á olíuflutningum til landsins, að í stað þess að félögin, sem hér hafa verzlað með olíu, fluttu hana áður hingað á skipum, sem þau leigðu, þá fengu þessi félög og íslenzk stjórnarvöld skilaboð um það, að Bandaríkjastjórn og Bretlandsstjórn hefðu gert með sér samninga um þessi mál og ákveðið, að frá vissum degi mundi Bandaríkjaflotinn taka að sér flutninga á olíu þeirri allri, sem Íslendingar þyrftu til sinna þarfa, og afhenda hana frá tönkum í Hvalfirði til Íslendinga. Þetta var gert að fornspurðum íslenzkum stjórnarvöldum. Og eftir því, sem okkur var tjáð síðar, einnig án þess að olíufélögin hefðu nokkuð atkvæði um það haft, og kannske ekki heldur neinar till. Samt sem áður var það svo, að áður en þetta komst í framkvæmd, þá fóru fram, eftir því sem íslenzku stjórnarvöldin seinna fengu skýrslur um, einhverjar umr. um þetta milli yfirmanna ameríska flotans á Íslandi og olíufélaganna; og er mér kunnugt um þau samtöl af skýrslugerð, sem seinna var óskað eftir, að gefnu tilefni, af hendi fyrrv. ríkisstjórnar, sem ég átti sæti í. Þróun málanna varð sú, að fyrst eftir að þessi skipti komust á, þá héldu olíufélögin, ef ég man rétt, óbreyttu olíuverðinu. En gengið var jafnframt af hálfu ríkisstj. eftir skilagrein af hendi flotastjórnarinnar fyrir þessari vöru um flutninga og annan kostnað. Þessu fór fram nokkra mánuði. Þegar svo loks reikningurinn eða skilagreinin kom, færði hann okkur þau óvæntu og fáheyrðu og mér alveg óskiljanlegu tíðindi, að ameríska flotastjórnin hefði hækkað flutningsgjöld þau, sem giltu um flutning á þeirri olíu, sem flutt var inn á vegum olíufélaganna í júní 1942, þannig að þessi farmgjöld hefðu hækkað um eða yfir það að fjórfaldast frá þeim tíma, og skipti hækkun þessi yfir 200 kr. á hverja smálest olíu, sem flutt var til landsins. Þegar olíufélögin fengu þessa tilkynningu, sneru þau sér til þáverandi ríkisstjórnar og tjáðu henni þessi óvæntu tíðindi og vandræði. Ég, sem þá var utanríkisráðh., tók þá þetta mál upp við sendiherra Bandaríkjanna og færði fram rök af hendi Íslendinga til að sanna, hversu fjarri — mér liggur við að segja viti — slík verðhækkun væri.

Í samráði við Morris sendiherra ákvað stj., án þess að snúa sér til sendiherra Íslendinga í Washington, að fjalla um þetta mál, og ríkisstj. lagði þá fram fyrir sendiherrann bréflega nokkur þeirra raka, sem helzt hnigu að íslenzka málstaðnum í þessu efni. Ég skal ekki fara langt út í að tíunda þau, þó að mér þyki rétt, að þau komi fram, vegna þess að þau eru í sínu gildi enn í dag, a. m. k. að verulegu leyti. Við sýndum fram á, þegar þessi breyt. kom, að af henni leiddi, að olían yrði flutt með miklu stærri skipum en áður, vegna þess að það geymapláss, sem flotinn réð yfir, væri miklu stærra en það pláss, sem olíufélögin réðu yfir, og því mögguleikar til að taka móti miklu meira magni en áður, en þetta veigamikla málsatriði hnigi að því að færa sönnur á, að fragtin ætti ekki að hækka, heldur þvert á móti að lækka, því að það vita allir, sem við verzlun hafa fengizt, að fragtin er ævinlega miklu lægri með stórum skipum, svo að þegar af þessum ástæðum þurfti ákaflega sterk ný rök til að gera sennilega þörf Bandaríkjanna fyrir þessari geipilegu hækkun.

Alveg það sama mátti segja um vátryggingargjöldin, sem voru verulegur liður í þessum kostnaði. Bandaríkin flytja þessar vörur á eigin ábyrgð, en tryggja þær ekki hjá öðrum, og miðast vátryggingargjaldið raunverulega við slysin, sem verða. Aftur á móti miða vátryggingarfélögin við þau óhöpp, sem líklegt er talið, að verði, og ætla sér auk þess nokkurn ágóða. Allt þetta átti að miða að því, að verðið ætti að lækka, en ekki hækka.

Þetta út frá mínu sjónarmiði var nægilegt til að rökstyðja þá ósk og kröfu, að engin verð-

hækkun færi fram, ekki sízt þegar það er athugað, að stjórnir tveggja ríkja, sem eru vinveittar Islendingum, taka ákvörðun án þess að tala við Íslendinga um svona mikið hagsmunamál Íslendinga, því að þegar af þeirri ástæðu einni, að slíkt fór fram án vitundar Íslendinga, skapaðist krafa á hendur þessum ríkjum, að Íslendingar biði ekki skaða af breytingunni. Í viðbót við þetta upplýstist svo, að í samtölum, sem höfðu farið fram milli olíufélaganna og flotastjórnarinnar, var beinlínis tekið fram af *þáverandi umboðsmanni flotastjórnarinnar* á Íslandi, að hann teldi ekki koma til mála, að af þessu leiddi hækkun á olíuverðinu á Íslandi. Hér má svo bæta því við, að Íslendingar höfðu selt þessum þjóðum fiskafurðir sínar heilt ár fram í tímann og gátu ekki breytt því verði, og var það gert í fullu trausti þess, að a. m. k. ensk og amerísk stjórnarvöld ættu engan hlut að því að hækka þessa höfuðnauðsynjavöru fiskframleiðslunnar.

Þegar þessi rök voru flutt fram við sendiherra *Bandaríkjanna*, sagði *hann strax*, að hann teldi, að við hefðum lög að mæla. Ég vil ekki í einstökum atriðum segja slíkt, það er kannske frekt að farið að segja, að hann hafi sagt, að við hefðum lög að mæla, en þessi maður, fyrir utan það, að hann er gagnmenntaður maður, virtist einstaklega sanngjarn, reyndi ekki að færa fram gagnrök.

Núverandi stjórn tók málið sömu tökum og fyrrverandi stjórn og færði málið auk þess í hendur okkar sendiherra, og málinu lauk með því, að þessi mjög eðlilega og afar sterka málefnaaðstaða Íslendinga var viðurkennd.

Þegar ég heyrði, að olíufélögin teldu, að ný verðhækkun væri í aðsigi, datt mér fyrst í hug, að málið væri komið úr höndum flotastjórnarinnar og í hendur olíufélaganna. En nú upplýsir hæstv. utanrh. og kannske líka hæstv. viðskmrh., að það eru ekki olíufélögin, heldur flotastjórn Breta, sem er á bak við þessi mál. Og þá vil ég leyfa mér að halda fram, að það sé frá íslenzku sjónarmiði óskiljanlegt, hvers vegna flotastjórn Breta þurfi að reikna okkur hærri kostnað af sínum skipum en þeim, sem hún notar til að flytja olíu frá sömu höfnum og hún hefur verið flutt undir handleiðslu flotastjórnar Bandaríkjanna en flotastjórn Bandaríkjanna hefur gert. Ég heyri hæstv. ráðh. segja, að þeir hafi þegar talað við umboðsmenn Breta- og Bandaríkjastjórnar hér á Islandi, og þeir telji óeðlilegt, að af þessu leiði nokkra hækkun fyrir Islendinga.

Ég vildi, að ein rödd heyrðist á Alþingi um, að *mergurinn málsins* hlýtur að vera sá, að Íslendingar telja sig þeirrar skoðunar, að engin rök, sem enn hafa komið okkur fyrir augu, hnigi að því, að þessi breyting á eðli málsins eigi að leggjast með nýjum þunga á íslenzka framleiðendur. En ef sú yrði raunin, hlýtur það að leiða af sér þá sjálfsögðu kröfu, ef sanngirni er í ferðinni, að þegar nú bráðlega verður gengið frá nýjum samningum um sölu á íslenzkum fiski, þá verði fiskverðið hækkað um það, sem olíuverðið kann að hækka, þannig að þegar fisksölusamningarnir verða gerðir, þá skuldbindi brezka stjórnin sig til að bæta okkur þann halla, sem við kynnum að verða fyrir af olíuhækkun á samningstímabilinu. Hér liggja fyrir upplýsingar um, að þegar á að semja um fiskverðið, þá getum við búizt við allra handa kerfum um olíuflutningana hjá þessum tveimur aðilum, þar sem annar kaupir fiskinn af okkur og selur hinum upp á láns- og leigukjör, og annar segir: „Við skiptum um, og í staðinn fyrir Ameríkumenn flytja Englendingar olíuna“. Og af þessu leiðir stóra hækkun á efnivörum til þeirrar framleiðslu, sem við eigum að selja fram í tímann. Það hlýtur því að vera ófrávíkjanleg sanngirniskrafa frá okkar hendi, að okkur sé tryggt, að við verðum skaðlausir af slíkum hugsanlegum verðhækkunum, og það er siðferðisréttur þessarar kröfu, sem við eigum að nota sem rök fyrir því, að brezka flotamálaráðuneytið falli frá öllum hugleiðingum um, að það eigi að bitna á okkur Íslendingum, að það ráðuneyti eigi að taka að sér þessa flutninga í staðinn fyrir annað ráðuneyti í Bandaríkjunum, sem við *fáum* ekki að vita um fyrr en á eftir og ekkert um að segja.

Hér er meginkjarni málsins, að hæstv. stj. haldi á málunum með sömu festu og fyrrv. stj. gerði og núverandi stj. hefur gert með sigurvænlegum árangri. Þetta er mál, sem verður að taka á með fullri alvöru og festu, að Íslendingar þurfi ekki að kaupa þessa nauðsynjavöru dýrara en frekast er þörf á, og ég efast ekki um, að stj., sem hefur sérstaklega valið sér það verkefni að berjast við dýrtíðina og gert í því efni margar farsællegar ráðstafanir, sem hafa komið að liði, og aðrar, sem hafa komið að engu gagni, en flestar orðið fyrir allharðri gagnrýni, rökstuddri og órökstuddri, frá þeim, sem við þær eiga að búa, — mér dettur ekki í hug að efast um, að stj., sem íhugar mörg kvöld, hvernig eigi að koma í veg fyrir óþarfa álagningu, geri allt, sem unnt er, til að þessi meginnauðsynjavara sjávarútvegsins verði ekki gerð að óeðlilegum tekjustofni fyrir tvö félög í landinu. Þetta er sjónarmið út af fyrir sig, hitt er sjónarmið Íslendinga gagnvart útlendingum, sem ég skildi rétt, að hæstv. stj. hefur í huga að taka föstum tökum, en það er ekki minnst, heldur mest áríðandi, því að náttúrlega er það svo, að þó að þessir olíuhringir eigi ekki að hagnast á sjávarútveginum á Islandi, þá er það þó bót í máli, að ef þeir græða milljónir, þá fer meginhluti af þeim gróða, ⅔—¾, í opinber gjöld. En allt um það er nauðsynlegt, að hæstv. stj. geri sem unnt er til þess, að hvorki einn né annar leggi á þessa nauðsynjavöru meira en *brýn nauðsyn krefur*.

**Gísli Jónsson:** Þetta mál er nú komið inn á allt annan vettvang en hæstv. stj. mun hafa búizt við, þegar hún kvaddi til sín sjútvn. og tók af þeim heit um að segja ekki frá því máli, sem þá var rætt. Sjútvn. Ed. skoðaði þetta þá nauðsyn, og ræddu nm. málið því ekki við sína flokksmenn, en nú, þegar farið er að ræða málið hér opinberlega, þykist ég sem form. n. ekki lengur bundinn við það þagnarheit. Ég vil spyrja stj., hvaða ástæða hafi legið bak við

þessa lokuðu fundi þessara n., og hafi stj. þurft á styrk þingsins að halda í þessu máli, hvers vegna þá ekki að ræða það á lokuðum fundi með öllu þinginu, svo að hægt væri að veita henni þann styrk, sem hún nú virðist þurfa á að halda í þessari baráttu?

Það hafa komið fram þungar ásakanir á olíufélögin, og ef nokkuð má marka þau ummæli, ber hæstv. stj. skylda til að láta rannsaka, að hve miklu leyti það er á rökum reist, og m. a. láta rannsaka gegnum landssímann, hvers konar skeyti hafa farið milli hinna íslenzku og erlendu olíufélaga í þessu máli langt aftur í tímann. Ég sé ekki annað en hæstv. atvmrh. hafi aðgang að því, og það er nauðsynlegt að fá upplýst, þótt ekki sé nema örlítill hluti af þeim ásökunum, sem fram hafa komið, hvort þær eru sannar eða ekki. Mér skilst enn fremur, að þegar ákveðið var á síðasta fundi, sem haldinn var með sjútvn., að lækka skyldi olíuna, að hæstv. atvmrh. væri öruggur um, að óhætt væri að stíga þetta spor, því að fengin væri nokkurn veginn vissa fyrir, að Bandaríkin mundu ekki bregðast um að afhenda Íslendingum nógu mikla olíu, ef til baráttu kæmi við olíufélögin. Ég man ekki betur en hæstv. atvmrh. færi út af fundinum beint til sendiherra Bandaríkjanna til að vera viss um, að þessi trygging væri fyrir hendi, áður en baráttan væri tekin upp við þessi olíufélög. Síðan hafa sjútvn. ekki fengið boð um, hvort þetta hafi tekizt, en mér skilst af ræðu hæstv. atvmrh., að þetta hafi ekki tekizt eins og hann hafi vonað og eins og hann raunverulega fullvissaði n. um að loknum fundi.

I sambandi við þetta vildi ég mega spyrja annars vegar, hvort þessi trygging sé fengin og ég hafi misskilið ræðu hæstv. ráðh., og hins vegar hvort mögulegt sé að kaupa nú þegar af þeim olíubirgðum, sem fyrir eru, alla þá olíu, sem nokkur leið er að fá, svo að hægt sé að halda a. m. k. ákveðinn tíma baráttu við þau öfl, sem nú hefur verið tekin barátta upp við.

Eins og hv. þm. G.-K. minntist á, liggur fyrir að semja á ný um fiskverðið, og er þá ófrávíkjanleg krafa til hæstv. ríkisstj. að semja ekki um það, fyrr en olíumálið er leyst eða sjávarútveginum tryggt, að sá kostnaður, sem hann kann að verða fyrir af hærra olíuverði, verði honum endurgreiddur.

Ég vil leyfa mér að benda á, að þótt fiskverðið yrði hækkað í samræmi við olíuverðið, jafnvel þótt það væri hækkað það mikið, að útvegsmenn bæru ekki skarðan hlut frá borði, þá mundi það torvelda útflutning á fiski með smærri skipum. Hér liggur m. a. fyrir þáltill., þar sem skorað er á stj. að hjálpa til þess, en það mundi torvelda að ná því takmarki, ef olían hækkaði, jafnvel þótt útgerðarmenn fengju það bætt upp með hærra fiskverði. Hins vegar mundi það mjög hjálpa til, að unnt yrði að flytja fisk út á smærri skipum, ef hægt væri að halda olíuverðinu niðri, eins og vonir stóðu um, og væri þá hægt að taka upp þann útflutning, sem Íslendingar töpuðu milljónum á, að féll niður undanfarin ár.

Það er bert, að hér er um að ræða sterk átök um hagsmuni landsmanna annars vegar og olíuhringanna hins vegar, sem verður að lykta með því, að landsmenn vinni sigur, hvað sem verður að leggja í sölurnar til þess. Ég vil því mjög mælast til þess, að allir hv. þm. standi vel saman utan um hæstv. stj., svo að unnt verði að ná sem beztum og heillavænlegustum málalokum, því að hér er um mikið hagsmunamál Íslendinga að ræða.

**Pétur Ottesen:** Það vakti ekki alllitla athygli hjá sjávarútvegsmönnum, sem vélbátaútveg stunduðu, þegar fréttist í sumar, að síldarverksmiðjustjórnin á Siglufirði seldi þar olíu til síldveiðibáta fyrir 38 aura kílóið, en verðið hjá olíufélögunum á sama stað var 51 eyrir kílóið. Það vakti og athygli í þessu sambandi, að það var vitað, að stjórn síldarverksmiðjanna hafði sízt betri aðstöðu til að flytja olíuna til Siglufjarðar en olíufélögin, því að ef nokkur munur var, þá var aðstaðan sízt betri hjá stjórn verksmiðjanna. Menn sáu brátt, að hér var ekki allt með felldu. Það, sem hefur skeð síðar í þessum málum, virðist staðfesta, að það hlaut að vera eitthvað meira eða minna áfátt við þá verzlunarhætti, sem þessi félög hafa við sölu olíu hér á landi, þegar það kom upp úr dúrnum, að þessi félög auglýstu verulega lækkun nú fyrir skömmu á olíuverði, án þess að innkaupaaðstaða og flutningaaðstaða innan lands hefði nokkuð batnað. Mér virðist þetta allt saman benda á svo varhugaverða verzlunarhætti hjá þessum félögum, að það opinbera geti varla setið auðum höndum, heldur verði að gera eitthvað til þess að athuga, hvernig í þessu liggur. Hér á landi er verðlagseftirlit, og allir borgarar þjóðfélagsins, sem reka verzlun, sem eftirlitið nær til, verða að beygja sig fyrir því, en þeim er líka frjálst að sýna gögn fyrir sínu máli og eiga rétt til, að það sé metið af sanngirni, eins og líka sjálfsagt er. En mér virðist, að þetta bendi til þess, að einmitt þessi félög eða þeir borgarar, sem að þessum félögum standa, hafi aðra aðstöðu í þjóðfélaginu hvað þetta snertir en aðrir borgarar, a. m. k. hefur það ekki komið fram, að aðrir borgarar, sem verzlun reka, hafi farið að eins og nú er upplýst, að þessi félög hafa gert. Og það er og annað fleira, sem bendir á, að þeir, sem að þessum félögum standa, geri sér í hugarlund, að þeir hafi allt aðra aðstöðu gagnvart valdhöfunum í landinu en aðrir borgarar þjóðfélagsins, því að þegar aðrir borgarar verða skilyrðislaust að beygja sig undir verðlagsákvarðanir, koma þessir aðilar til stj. og bjóðast til að lækka verðið, en ekki ókeypis, því að stj. átti að tryggja, að þar með væri útilokuð samkeppni við félögin um ákveðinn tíma.

Við skulum enn fremur gera okkur ljóst, hvernig þessir aðilar líta á verzlunaraðstöðu sína og hvað þeir þykjast standa föstum fótum að því er til þess tekur að reka verzlun þessa í einu og öllu eftir eigin geðþótta. Á tveim stöðum á landinu hafa menn komið sér upp aðstöðu með því að koma upp hjá sér olíutönkum til þess að geta keypt inn olíu frá útlöndum, því að bæði nú og fyrir stríð hefur ekki verið tiltækilegt að flytja inn olíu nema með tankskipum. Til þess því að geta flutt inn olíu,

þurfa þeir, sem það gera, að hafa olíugeyma til að taka olíuna í frá skipunum. Flutningur á olíu til landsins í tunnum er úr sögunni. Þessari aðstöðu til að flytja inn olíu höfðu útgerðarmenn komið sér upp bæði í Vestmannaeyjum og í Keflavík. Nú er mér sagt, að það hafi verið eitthvert fyrsta verk olíufélaganna, þegar þau komust í þá aðstöðu, að aðrir en þau höfðu ekki kringumstæður til þess að flytja olíu inn til landsins, að setja það skilyrði, að ef þau ættu að skaffa þessum útgerðarmönnum olíu á geyma, sem höfðu komið þeim upp hjá sér, þá yrðu þeir að skuldbinda sig til þess að kaupa ekki olíu af öðrum en félögunum til stríðsloka. Ef þetta er ekki rétt, getur hv. þm. Vestm. leiðrétt það. En sá hv. þm. átti þátt í að gera þessar tryggingarráðstafanir vegna Vestmannaeyja að koma upp geymum þar, og hann ber kennsl á það, hvort þetta er ekki rétt, sem ég fer með hér. Þessir aðilar, útgerðarmennirnir, voru varnarlausir eins og þá stóð, því að annaðhvort urðu olíugeymar þeirra að standa tómir eða þeir urðu að fá á þá olíu frá olíufélögunum. Eftir að fulltrúar olíufélaganna hafa svo fengið þessu áorkað, sækja þeir í sig veðrið og fara til ríkisstjórnarinnar. En þeir búast ekki við, að ríkisstjórnin sé eins auðsveip og útgerðarmenn í Vestmannaeyjum og Keflavík, þannig að ríkisstjórnin geri það fyrir ekki neitt að útiloka alla samkeppni í þessu efni, þess vegna bjóða þeir upp á það, að þeir skuli lækka verðið til þess að fá tryggða einokunaraðstöðu í olíusölunni. En þegar þeir bjóða fram þessa verðlækkun, hafði engin breyt., sízt til lækkunar, orðið á verði olíunnar í innkaupi né heldur á flutningskostnaði frá því, sem áður var. Annaðhvort hlýtur því hér að vera um að ræða frá hendi olíufélaganna tilboð um fjárhagslegt framlag til handa þeim mönnum, sem nota brennsluolíu í þessu landi, eða þá hins vegar, að um hefur verið að ræða álagningu á olíuna, sem alls ekki getur verið í samræmi við álagningarreglur, sem lög mæla fyrir um. Mér virðist þetta benda til þess, að verðákvörðunarvaldið í landinu sé sorglega máttlaust gagnvart þessum félögum. Og það er það, sem ég vil vekja athygli hæstv. ríkisstjórnar á, og veit ég, að hæstv. ríkisstjórn er áhugasöm um það að geta haldið uppi eðlilegri verðálagningu í landinu. Og mér skilst, að þetta máttleysi, sem þarna er um að ræða, hafi komið niður þar, sem sízt skyldi. Því að það er vitað, að þeir, sem að félögunum standa, höfðu alveg sérstaka aðstöðu í þjóðfélaginu, — þangað til ríkisstjórnin fékk því framgengt, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði fengi að kaupa olíu með sama hætti og olíufélögin kaupa hana af flotastjórn Bandaríkjanna hér. Þá var einokunarklafinn brotinn. Þetta virðist vera svo mjög alvarlegt atriði, eftir því sem hér er komið fram, og virðist liggja alveg ljóst fyrir, hvað verðákvörðunarvaldið í landinu hefur verið máttlaust gagnvart olíufélögunum. Viðkomandi öðrum verðlagsákvörðunum og framkvæmdum á þeim liggja ekki fyrir upplýsingar, sem hægt er að draga ályktanir af. En það er augljóst mál, að þarna hefur verðlagseftirlitið misst marks, hvað sem því veldur. Það má enda fullyrða, að það liggur augljóst fyrir, að þessi félög hafa, í skjóli veikra framkvæmda á ákvæðum l. um verðlag, framkvæmt miklu meiri álagningu á olíuna en öðrum þegnum þjóðfélagsins er leyfilegt að gera, og er ekki við slíkt unandi fyrir þá menn, sem verða að nota olíuna við sinn atvinnurekstur. Hér er um að ræða álagningu á eina af aðalnauðsynjavörum landsmanna, og þar ætti alveg sérstaklega að tryggja, að álagningu sé stillt í hóf, því að á því getur að miklu leyti oltið afkoma þessa annars af aðalatvinnuvegum landsins.

Af því, sem ég nú hef sagt, og með alveg sérstöku tilliti til þess, hvernig þessi olíufélög hafa hagað sér gagnvart þeim útgerðarmönnum á þeim tveim stöðum, sem nefndir hafa verið, sem komið hafa sér upp olíugeymum, og einnig með tilliti til þess, að olíufélögin hafa dirfzt að reyna að binda ríkisstjórnina á höndum og fótum og komast að samningum við hana um að útiloka alla samkeppni um olíusöluna hér á landi með tilboði um lækkað verð á olíunni, sem sýnilega hefur verið allt of hátt, — með tilvísun til alls þessa vil ég beina því til hæstv. ríkisstjórnar, að ég teldi óskandi, að hún vildi greiða götu þess, eftir því sem hægt er, að þeir, sem geta því við komið, eigi kost á að fá aðgang að því að kaupa olíu beint frá flotastjórn Bandaríkjanna eða öðrum hliðstæðum aðilum, ef breyting verður gerð á sölu olíu til landsins frá því, sem nú er. Ég vil beina því til hæstv. ríkisstjórnar, að hún leitist þannig við að tryggja útgerðarmenn fyrir olíuokri. Hins vegar þarf einnig að gera fullkomlega ráð fyrir því, að í raun og veru mundi nú þurfa að gera róttækari ráðstafanir til þess, að eðlileg sala og meðferð olíu geti átt sér stað í landinu, a. m. k. má gera ráð fyrir því eins og nú standa sakir. En það verður með því einu móti gert, að styrkt sé aðstaða útgerðarmanna til meira sjálfstæðis í verzlun eða kaupum þessarar nauðsynjavöru. Vil ég skjóta þessu til hæstv. ríkisstjórnar sem verulegum lið í því að greiða fram úr því öngþveiti og því gersamlega óviðunandi ástandi, sem nú er í þessum efnum. Ég hefði talið það réttmætt eftir atvikum, að ríkisstjórnin hefði undirbúið og lagt fram á þessu þingi frv. til l., sem miðuðu að því að fá viðunandi úrlausn á þessum málum. Þessu var nú að vísu áður beint til hæstv. viðskmrh., og það var ekki nema eðlilegt, að hann væri ekki viðbúinn að gefa svör um það atriði, og allra sízt, með hvaða hætti slíkt yrði gert. En þess er fullkomlega að vænta, að hæstv. ríkisstjórn sjái, hvað er að gerast. Og ég veit, að hún sér, að það er fullkomin ástæða til að gera mótráðstafanir, þegar slíku fer fram, eins og hér hefur vissulega átt sér stað í verzlun olíufélaganna að undanförnu, — þó ekki séu málin tekin nema frá viðskiptasjónarmiði eingöngu, — fyrir utan það, sem ég minnist þess ekki, á þeim tíma, sem ég hef verið við stjórnmál riðinn, að ríkisvaldinu hafi nokkurn tíma verið jafnmikið misboðið og gert var með fyrrnefndu tilboði olíufélaganna, þrátt fyrir öll verðákvörðunarákvæði gildandi laga.

**Haraldur Guðmundsson:** Skýrsla sú, sem tveir hæstv. ráðh. hafa flutt hér um viðskipti ríkisstj. við olíufélögin, er að minni hyggju harla fróðleg, og ég fagna því, að hún er komin fram. Ég hygg, að hún sé alveg óræk sönnun þess, að það fyrirkomulag, sem nú er í þessum efnum, getur ekki og má ekki standa til frambúðar. Og það er von mín, að það, sem upp hefur komið nú þegar í þessu máli — að ekki þurfi meira til — , það verði nægilegt til þess, að hér verði gerð gerbreyt. á. Mér virðist af því, sem fram hefur komið, bæði í skýrslum ríkisstj. og í umr., það vera augljóst, að verðlagseftirlitið upp á síðkastið gagnvart olíufélögunum hefur verið gagnslítið eða gagnslaust að því leyti til, að allt bendir í þá átt, að þær upplýsingar, sem verðlagseftirlitið hefur fengið, hafi ekki verið réttar. Byggi ég þetta á þeim ummælum hæstv. ráðh., sem eru óvéfengjanleg, að samkvæmt þeim útreikningum, sem félögin lögðu fram 1. ágúst s. l. til verðlagseftirlitsins, telja þau og sýna fram á með tölum, að verðið á olíunni þurfi að vera eins og ráðh. greindi, en örskömmum tíma síðar, án þess að nokkur breyt. hafi orðið á aðstöðu á neinn hátt, sjá þau sér fært að bjóða ríkisstj. verðlækkun á olíunni, sem nemur svo miklu, að mér er sagt af þeim, sem hafa athugað þetta mál, að allur tekjuafgangur s. l. árs mundi ekki svipað því hrökkva til þess að mæta afslættinum einum, sem nú er fram boðinn. Ég hika ekki við að segja, að þetta sé sönnun þess, að upplýsingar félaganna um tilkostnað og annað slíkt, sem verðlagseftirlitið hefur fengið, geti ekki verið réttar. Ég vil því mjög eindregið ítreka þau tilmæli, sem hér hafa komið fram til hæstv. ríkisstj., um að hún láti nú tafarlaust fram fara athugun á öllum gögnum, sem fyrir liggja um verðlag og tilkostnað hjá þessum félögum, með hliðsjón af því, sem nú hefur fram komið, og undirbúning, sem slík rök liggja til, til frekari rannsókna og aðgerða í málinu, sem mér þykir sennilegt, að þurfi einnig til að koma. Öllum er það í fersku minni, að á s. l. hausti fóru olíufélögin fram á stórkostlega verðhækkun á olíunni, vegna þess að þá hefði sú breyt. á orðið, að Bandaríkjastjórn hefði tekið flutning hennar í sínar hendur. Nú er verðhækkun þessi rökstudd með því, að nú sé skipt um aðstöðu, því að nú sé það flotastjórn Breta, sem ætli að taka að sér að flytja olíuna. Það lánaðist að mestu leyti að afstýra þeirri verðhækkun, sem félögin ætluðu að fá fram um síðustu áramót, og ég vona, að þetta takist einnig nú.

Mætti beina þeirri fyrirspurn til hæstv. utanrrh., hvenær hann gerir sér von um að fá svör frá sendiherra Bandaríkjanna viðvíkjandi þeim atriðum, sem ráðh. skýrði frá, að hann hefði spurzt fyrir um hjá honum, og þeim kröfum, sem hann hefði sett fram. Ef hæstv. ráðh. gæti gefið svör um þetta, væri það mjög æskilegt.

I sambandi við olíuflutningana áður vil ég, út af ummælum hv. þm. G.-K. segja, að það er ekki alls kostar rétt, sem hann sagði um flutningana áður en Bandaríkjastjórnin tók við þeim, að olíufélögin sjálf hefðu séð um flutningana hingað til landsins. Ég held, að alllangan tíma þar á undan hafi þeir flutningar ekki farið fram á annan hátt en þann, að skip til þess hafi verið leigð eftir samningum milli brezka siglingaráðuneytisins í London og ríkisstj., og munu um þau skip sem önnur, sem önnuðust flutninga milli landa, hafa gilt ákvæði um grunnfrakt, sem miðað var við í okkar till. og að miklu leyti voru tekin upp í samningunum við flotastjórn Bandaríkjanna á s. l. hausti (1942). Ég hygg, að skip til flutninga hingað hafi ekki verið leigð til annarra aðila en ríkisstjórnarinnar.

Þá er eitt atriði í þessu sambandi, sem kemur mér ákaflega einkennilega fyrir. Mér skilst á skýrslum hæstv. viðskmrh., að um það bil viku fyrr en tilkynning berst ríkisstj. frá brezku ríkisstjórninni, gegnum sendiherra hennar hér, um þá fyrirhuguðu breyt., að flotastjórnin brezka taki flutningana í sínar hendur, þá hafi forráðamenn olíufélaganna hér tilkynnt íslenzku ríkisstj., að verðhækkun væri í vændum á olíunni. Mér kemur þetta ákaflega einkennilega fyrir sjónir, og ég verð að telja, að það sé fullkomið rannsóknarefni, hversu þetta geti verið, að ákvörðun erlendra stórvelda sé svo miklu fyrr komin í hendur íslenzkra borgara annarra en ríkisstj. heldur en ríkisstj. sjálfrar, þegar um jafnmikilsvert mál er að ræða eins og hér er um að ræða, og þegar þetta er komið til vitundar þeirra óbreyttu borgara á þann hátt, að þeir telja sig þess umkomna að skýra íslenzku ríkisstj. frá því viku áður en hlutaðeigandi aðili erlendrar ríkisstjórnar tilkynnti ríkisstj. hér um þetta. Ég vil ekki draga dul á það, að slíkt getur vakið grunsemd, sem væri ástæða til að rannsaka, hvort væri á rökum byggð. — Ég tel, að sú skýrsla, sem hæstv. ríkisstjórn hefur gefið um þetta efni, sé mjög fróðleg, og ég vil mega vænta þess að hæstv. ríkisstj. haldi á málinu fast og skörulega og hafi hið fyllsta samráð við Alþ. um aðgerðir í því efni.

Ég sagði fyrr í minni ræðu, að ég teldi upplýst, eftir því sem hér liggur fyrir, að verðlagseftirlitið mundi ekki hafa fengið réttar upplýsingar frá þessum félögum. Ég álít rétt að rannsaka þetta fullkomlega og láta ábyrgð koma fram í því efni eftir því sem l. standa til. Og ég álít ástæðu til þessa einnig vegna þess, að mér er ekki grunlaust um, að fleiri reyni gagnvart verðlagseftirlitinu að nota slíka aðferð, og það gæti verið þeim tímabær aðvörun í því, ef það mætti sýna og sanna, hvers sá mætti vænta, er slíkt reyndi.

**Lúðvík Jósefsson:** Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta. Málið hefur verið rætt allýtarlega nú, og væntanlega gefst tækifæri til þess að ræða það enn frekar síðar.

En ég vildi bera hér fram nokkrar fyrirspurnir, um leið og ég fer örfáum orðum um málið, í tilefni af því, sem hér hefur komið fram. Ég vildi alveg sérstaklega beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., sem ég hef áður gert og hef ekki fengið svar við, og hef ég sett þá fyrirspurn **fram við ríkisstj.** áður í sjávarútvegsnefndum. Fyrirspurnin er um það, hvort nokkuð sé í vegi fyrir því, og þá hvað það er, að útvegsmenn úti á landi, sem sótt hafa um það í langan tíma, fái að kaupa olíu beint frá birgðastöðvunum í Hval-

firði, án milligöngu olíufélaganna. Það eru til aðilar úti á landi, sem sótt hafa um það í langan tíma að fá að kaupa olíuna beint þaðan, en þeir hafa verið allt að þessu dregnir á því að fá það, þó að þeir hafi haft aðstöðu til þess að gera þetta millilíðalaust. Þeir hafa verið dregnir á því með þeim forsendum, að þetta mál, allir þættir þess, þyrftu að leysast allt í einu. En nú er komið fram, eftir upplýsingum, að ákveðnum aðila, Olíuverzlun Íslands, hafi verið falin umsjón olíubirgðanna í Hvalfirði og þá aðallega sala þaðan. Og mér hefur skilizt, eftir þessum upplýsingum, að e. t. v. væri nú búið að tefja þetta mál svo lengi, að ekki væri unnt fyrir útgerðarmenn að kaupa olíu beint frá þessum olíubirgðum, heldur þyrftu þessi kaup að fara gegnum olíufélögin. Er þá búið að draga útvegsmenn á svörum um þetta svo lengi, að þeir hafi með því verið sviptir möguleikum til þess að fá olíuna keypta beint frá olíubirgðastöðinni í Hvalfirði? Eða er hægt enn að leyfa þeim að kaupa olíuna beint þaðan án milligöngu olíufélaganna? Ég spyr um þetta til þess að fá að vita, hvort þeir, sem vilja fá olíuna keypta þaðan beint, geti brugðið við strax og gert það.

Það er greinilegt, að núverandi ríkisstjórn og þær aðrar ríkisstjórnir, sem setið hafa hér á undan, hafa algerlega bugazt fyrir einokun olíufélaganna viðvíkjandi háu olíuverði. Olían kostar nú í innkaupi 171/2 eyri kg, — það hefur verið upplýst. En ég held, að söluverðið á henni sé 51 eyrir kg víðast hvar á landinu. Álagningin er því um 200%. Það hefði verið ástæða til þess að láta rannsaka, hvað getur legið til grundvallar því, að slíkur dreifingarkostnaður geti átt sér stað. Hvernig stendur á því, að það þarf 200% álagningu á olíuna til þess að hægt sé að koma henni frá birgðastöð hér á landi út til verstöðvanna? Hvaða ástæða liggur því til grundvallar? Það hefur einnig komið fram í þessum umr., að kostnaður við að koma olíunni frá birgðastöð í Hvalfirði og til Siglufjarðar mun vera um 10 aur. á hvert kg., en þó hygg ég, að ríkisstj. hafi fengið upplýsingar um, að hægt mundi vera að flytja olíuna þetta fyrir töluvert lægra verð. Olían þyrfti því sennilega ekki að vera dýrari í útsölu á Siglufirði heldur en 27 au. kg., fyrir utan dreifingarkostnað þar á staðnum, en í staðinn fyrir það hefur olían verið seld þar fyrir 51 eyri kg. Og þá er sýnt, hversu gífurlega óréttlát álagningin hefur verið á olíunni. Olíufélögin hafa afsakað sig með því, að þau yrðu að afgreiða olíu á ýmsum óhagstæðum afgreiðslustöðum á landinu, þar sem ekki væri hægt að selja hana með öðru móti en að flytja hana þangað í tunnum við margs konar erfiðleika. En það er sýnilegt, að stærstu staðirnir, sem kaupa mest af olíunni, ráða hér mestu um tilkostnaðinn við flutningana, og minni staðirnir með tilliti til olíuverzlunar geta ekki með nokkru móti haft neitt svipað því svo mikil áhrif á flutningskostnaðinn á olíunni yfirleitt, að selja þurfi hana fyrir svona hátt verð. Því að það er svo lítill dreifingarkostnaðurinn á olíunni hér í Reykjavík og á Siglufirði og öðrum stöðum á landinu, að þetta háa verð á olíunni getur ekki með neinu móti réttlætzt með þeim hætti, sem olíufélögin vilja vera láta.

Nú hefur hæstv. ríkisstj. lagt þetta mál fyrir Alþ. og gefið skýrslu. Báðar sjútvn. hafa óskað eftir þessu fyrir löngu, en það hefur verið dregið, og mér þykir ekki ósennilegt, að sá dráttur kunni að hafa orðið til að torvelda það, að þetta mál verði leitt til lykta á sem beztan hátt, því að á meðan olíufélögin hafa fengið hvern frestinn eftir annan, hafa þau unnið að því að búa í haginn fyrir sig. En um leið og hæstv. ríkisstj. leggur fram jafnmikilsvert mál og þetta, lætur hún sér nægja að gefa skýrslu, en segir ekkert um það, hvað hún ætlar sér að gera í málinu. Er meining hennar að herða á verðlagseftirlitinu eða leggur hún til, að ný skipulagning verði upp tekin á olíusölunni, eða hefur hún alls engar till. að leggja fram í málinu? Það er ekki þörf að rekja frekar en hér hefur verið gert hina dæmalausu framkomu olíufélaganna í þessu máli. Samkvæmt því, sem fram hefur komið, eru þau orðin margsaga í málinu. Í Morgunblaðinu var sagt, að þau hafi lagt til snemma í ágúst, að olíuverðið yrði lækkað, en þá hafi hæstv. ríkisstj. farið fram á frest, og því hafi það ekki orðið. En hæstv. viðskmrh. hefur upplýst, að olíufélögin hafi lagt fram skýrslu til viðskiptaráðs, þar sem því hafi verið haldið fram, að olían þyrfti að hækka. Annaðhvort er skýrsla olíufélaganna til viðskiptaráðs röng eða þá orð forstjóra olíufélagsins í Morgunblaðinu. Það er því ekkert eðlilegra en menn álykti af þessu, að það verð, sem olíufélögin hafa talið eftirlitinu trú um, að þau þyrftu að fá, sé allt of hátt, og engin rök séu fyrir því, að dreifingarkostnaðurinn þurfi að nema 200%. Einnig rökstyðst þessi skoðun við þá staðreynd, að til þess að kaupa sér frið og losna við þá hættu, að útvegsmenn fái að kaupa olíuna beint, bjóðast þau til að lækka olíuna um upphæð, sem nemur 2½ millj. kr. á ári, þó að framtöl félaganna sýni hins vegar, að heildartekjur þeirra hafi ekki numið þessari upphæð, heldur hafi skort mikið á. Ef hér er um rétt framtal að ræða, þá kemur í ljós, að olíufélögin bjóðast til að gefa með rekstrinum nokkrar millj. kr. á ári, ef það mætti verða til að bægja frá þeirri hættu, að útvegsmenn fengju að kaupa olíuna sjálfir.

Ég vil svo óska þess, að þetta mál verði tafið sem allra minnst héðan af. Menn eru nú búnir að velta málinu fyrir sér í hálfan þriðja mánuð, og á meðan hafa olíufélögin unnið að því að koma ár sinni fyrir borð. Þessi dráttur er hættulegur og engum til góðs nema olíufélögunum. Ég held því, að hæstv. ríkisstj. ætti að hraða störfum sínum eftir föngum, ekki láta sér nægja að koma fram með lauslegar skýrslur, heldur leggja fram gagngerðar till. til úrbóta.

**Einar Olgeirsson:** Ég vil gera að umtalsefni eitt atriði, sem fram kom í ræðu hæstv. utanrrh. Hæstv. ráðh. lýsti yfir því, að sendiráð Breta hefði tilkynnt, að brezka flotastj. mundi hafa hönd í bagga með olíufélögunum hér. Ég held, að rétt væri, að Íslendingar athuguðu hvað hér er að gerast. Ísland hefur samninga við Bandaríkin um

hervernd landsins, þar sem ekki er tekið fram, að Bandaríkin hafi heimild til að framselja þetta vald í hendur öðrum. Samkvæmt 6. gr. samningsins á Island heimtingu á, að því sé séð fyrir nægum nauðsynjavörum. En nú kemur tilkynning um, að flotastjórn annars ríkis, sem enga slíka samninga hefur við Island, eigi að taka að sér olíubirgðastöð hér á landi, og að tilnefnt hafi verið brezka olíufélagið Asiatic Petroleum Company, til að fara með umráðin yfir birgðaflutningum. Þetta hlýtur að þýða það, að brezkir hermenn taki að sér gæzlu í Hvalfirði. Það er rétt fyrir Alþ. að fá að vita, hvað er að gerast hér. Hvort sem Islendingum þykir það ljúft eða leitt, sem hér er að gerast, hljóta þeir að krefjast þess að fá að vita, hvað það er, sem er að gerast í þeirra landi. Það er reynt að halda því fram út á við, að samningar okkar við Bandaríkin séu gerðir af frjálsum vilja íslenzku þjóðarinnar, en nú verður ekki betur séð en hér sé verið að gera samning bak við Alþ. og ríkisstj. milli þessara tveggja stórvelda, Bretlands og Bandaríkjanna, um ákveðnar hernaðarstöðvar á Íslandi. Bandaríkjastjórn virðist eftir þessu að dæma telja sig hafa rétt til að afhenda Bretum ákveðin hernaðarsvæði hér á landi án þess að bera það undir ísl. ríkisstj.

Þetta er hið eina, sem komið hefur fram um þetta mál. Við vitum ekki, hvort fleira slíkt kann að hafa gerzt eða hvað ákveðið hefur verið um það, í hvors áhrifasvæði Island skuli vera. Þessi stórveldi virðast ætla að nota Ísland sem nokkurs konar skiptimynt sín á milli. Það er því full ástæða fyrir Íslendinga að krefjast skýringa í málinu. Okkur hefur áður verið skipt frá einu stórveldinu til annars, og yfirleitt væri viðkunnanlegra að fá að vita, hvorir teldust eiga okkur í það og það skiptið, svo að hægt sé að vita, hvert við eigum að snúa okkur með mótmæli, ef gengið er á rétt okkar. Annars virðist svo sem þessir aðilar gætu látið svo lítið að spyrja okkur, hvort við vildum ganga til frjálsra samninga um kröfur þeirra. Vonandi verður þetta mál rætt hér sérstaklega innan skamms.

Viðvíkjandi því máli, sem hér hefur aðallega verið rætt, viðskiptunum við olíuhringana, held ég, að við þurfum ekki að fara í kringum hlutina. Við vitum, að olíuhringarnir eru sterkt vald í heiminum, og þau félög, sem þeir hafa í ýmsum löndum, eru nokkurs konar kvislingar til framkvæmdar hagsmunapólitík þeirra. Hér hafa verið sögð mörg og stór orð í garð olíuhringanna, en ég vil vekja athygli á því, að hæstv. Alþ. ræður, hvort þessir hringar eiga að fá að starfa hér eða ekki. Það hefur vald til að sjá um það, að smáútvegsmenn geti fengið að kaupa olíu sína beint og milliliðalaust hingað til landsins. Þó að ríkiseinkasala væri hér á olíu, er ólíklegt, að Bretar og Bandaríkjamenn, hvorir sem hér stjórnuðu, mundu neita að láta okkur olíu í té. Það væri of áberandi samningsbrot.

Ég þarf ekki að endurtaka orð hv. síðasta ræðumanns um þá skýrslu, sem hér hefur verið lögð fram. Það er að vísu mjög gott, að hún er fram komin, en aðalatriðið er, að eitthvað sé aðhafzt, og næsta verkefnið er að ákveða raunhæfar aðgerðir í þessum olíumálum og að því er snertir utanríkishlið þeirra.

**Fjmrh. (Björn Ólafsson):** Það hefur komið fram í þessum umr., að hv. þm. hafa beinlínis gert ráð fyrir, að ríkisstj. kæmi með till. í málunum, jafnvel á þessum fundi. Ég vil benda á það, að ríkisstj. gaf út þessa skýrslu nú í dag og því ekki að vænta, að frá henni komi önnur rök í málinu á þessum fundi.

Um þau orð hv. 6. landsk., að stj. hefði velt þessu máli fyrir sér of lengi, vil ég benda honum á það, að á málinu eru ýmsar hliðar, og ég tel heillavænlegast að fara að öllu með skynsemd og stillingu. Þeirri fyrirspurn hans, hvort nokkrir staðir, sem hann nefndi, gætu fengið olíu, get ég ekki svarað í dag, en tek hana til athugunar. En ég vil benda honum á, að lausn þessara mála er ekki eins einföld og hv. þm. virðist halda. Og þó að hv. þm. beri fyrir brjósti einn eða tvo staði á landinu, sem gætu notið þessa hagkvæma verðs, verður ríkisstj. að miða aðgerðir sínar við það, að allur útvegur landsins geti notið hins hagkvæma verðs.

**Jóhann Jósefsson:** Herra forseti. Það er engin hætta á, að ég taki mikinn tíma frá hæstv. forseta eða hv. þm., en mér fannst skylt að taka til máls, af því að hv. þm. Borgf. vitnaði til mín í ræðu sinni. Ég get borið um það, að hann mælti hvergi um of, nema þar sem hann hrósaði mér fyrir stofnun og stj. olíufélags Vestmannaeyinga, en ég hef ekki gert annað en vera erindreki þeirra og standa með málum þeirra, eins og skylt er.

Eins og hv. þm. G.-K. sagði, er höfuðkjarni þessa máls sá, að innkaupsverð á olíu hækki ekki, og það er grundvöllurinn fyrir því, að útgerðarmenn geti fengið hana við skaplegu verði fyrir milligöngu olíufélaganna. Kjarni málsins er, að hæstv. ríkisstj. takist nú ekki verr en fyrrv. stj. og þessari hæstv. stj. tókst að mörgu leyti, þegar skipt var yfir og Bandaríkin tóku við olíuflutningi til landsins í stað Breta. Nú er í ráði, að Bretar taki að sér þennan flutning, og ég sé ekki, að það sé meira vandamál fyrir þessa hæstv. ríkisstj. en hina fyrri að fá bægt frá þeirri hættu, að olíuverðið hækki. Og án þess að brýna nokkuð hæstv. ríkisstj., þykist ég vita, að hún muni gera það, sem hægt er, til að ná þeim árangri, sem æskilegur er. En náist hann ekki, tel ég það illa farið, og kæmi það í bág við þau fyrirheit, sem okkur voru gefin um hagkvæma verzlunarsamninga, þegar við báðum um hervernd Bandaríkjanna. Ég treysti hæstv. ríkisstj. til að halda fast á þessum málum, og ég vil taka undir með þeim hv. þdm., sem treysta því, að hér standi hver einasti þm. með henni til djarfra átaka.

Svo er innanhússpursmálið, með dreifinguna innan lands, en hagkvæm lausn þess byggist á þessum grundvelli, sem ég nefndi. Það er rétt tekið fram hjá hv. 6. landsk., að olíufélögin eru búin að bíða lengi eftir ákvörðun ríkisstj., og vil ég vona eins og hann, að hún láti eitthvað frá sér fara um þetta mál, áður en umskiptin

eiga sér stað. Það væri líka æskilegt, að hæstv. ríkisstj. vildi, þó að ekki væri í dag eða á þessum fundi, marka sér ákveðna stefnu í þessu máli. Ríkisstj. vonaðist til þess lengi vel að geta leyst þessi mál án þess að það væri rætt fyrir opnum dyrum Alþ., en nú hefur út af því brugðið, og hæstv. ríkisstj. verður að gera sér ljóst, að hún verður að taka upp hreina stefnu í þessu máli.

Ég skal svo ekki þreyta hæstv. forseta lengur, þó að full ástæða hefði verið til að minnast nokkrum orðum á ræðu hv. 2. þm. Reykv., en ég ætla að láta það hjá líða. En mér finnst eins og honum, að málið hafi gefið nokkurt yfirlit um það, hvernig farið er með það vald, sem við höfum afsalað okkur af frjálsum vilja, og ég álít, að það sé alvarlegri hlutur en það, þó að Bretar taki að sér olíuflutninga í stað Bandaríkjanna.

Það er sannarlega þörf á því fyrir hæstv. ríkisstj. og ekki síður fyrir Alþ. að athuga, hvaða réttur það er, sem þetta frjálsa land á við að búa, þegar stórríkin tvö, sem hér hafa haft aðsetur og hafa, leika sitt hagsmunatafl. Hver er aðstaða okkar? Hvað er sjálfstæðið mikils virt? Hvernig halda þau þau loforð, sem gefin voru, þegar Ísland var fengið til að biðja um vernd?

En þar sem þetta kemur ekki þeim málum við, sem liggja fyrir þessum fundi, mun ég geyma það, sem ég hef um það að segja, þangað til það er rætt hér á Alþ., eins og ég vona að það verði.

## VII. Dönum vottuð samúð.

Á 9. fundi í Sþ., 1. sept., utan dagskrár, mælti

**forseti (GSv):** Háttvirtir alþingismenn. Yður eru öllum kunnir þeir alvarlegu atburðir, sem undanfarna daga hafa gerzt með bræðraþjóð vorri, Dönum, og það ógnarástand, er nú ríkir í Danmörku. Ég hef í tilefni af þessu í dag farið á fund sendiherra Dana hér og vottað *honum í nafni Alþingis hina innilegustu samúð* vora og borið fram þær óskir vorar, að Danmörku og hinni dönsku þjóð mætti auðnast að sigrast á öllum aðsteðjandi erfiðleikum og þrengingum og öðlast sem allra fyrst aftur hið verðskuldaða frelsi og hinn þráða frið.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að rísa úr sætum.

[Þingheimur reis á fætur].

## VIII. Þingfrestun og setning þings af nýju.

Á 8. fundi í Ed., 21. apríl, að lokinni dagskrá, mælti

**forseti (StgrA):** Þar sem ákveðið hefur verið að fresta þingi til hausts og þetta er síðasti fundur deildarinnar að þessu sinni, vil ég þakka hv. deildarmönnum samstarfið og árna þeim, sem búsettir eru utanbæjar, góðrar ferðar, og vænti ég, að við hittumst heilir á komandi hausti.

**Bernharð Stefánsson:** Ég vil þakka hæstv. forseta hlýleg orð hans og árna honum gleðilegs sumars. Bið ég deildarmenn að rísa úr sætum sínum því til staðfestingar.

[Dm. risu úr sætum].

**Forseti (StgrA):** Ég þakka hv. dm. og óska þeim og starfsliði Alþingis gleðilegs sumars.

Á 6. fundi í Nd., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

**forseti (JörB):** Þessi mun verða síðastur fundur deildarinnar fyrst um sinn. Vil ég þakka hv. deildarmönnum sammvinnuna og góða framkomu í minn garð og óska þeim öllum gleðilegs sumars og utanbæjarþingmönnum farar-heilla og góðrar heimkomu.

**Jóhann Jósefsson:** Ég vil fyrir hönd deildarmanna þakka hæstv. forseta fyrir hlýlegar óskir í þeirra garð, fyrir samstarfið það sem af er þessu þingi og skörulega fundarstjórn og óska honum gleðilegs sumars og allra heilla. Bið ég hv. deildarmenn að rísa úr sætum sínum þessu til staðfestingar.

[Dm. risu úr sætum].

**Forseti (JörB):** Ég þakka hv. þm. Vestm. óskir hans og ummæli og hv. deildarmönnum undirtektir þeirra og segi svo þessum fundi slitið.

Á 8. fundi í Sþ., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

**forsrh. (Björn Þórðarson):** I dag var samþ. í sameinuðu Alþingi þáltill. um, að fresta mætti fundum Alþ. þangað til síðar á árinu og þó ekki lengur en til 1. september. Nú hefur dagskrá verið lokið í báðum d. Alþ., og henni er nú að ljúka í sameinuðu Alþingi.

Ég hef nú í höndum bréf ríkisstjóra, sem hljóðar svo:

„Ríkisstjóri Íslands gerir kunnugt, að ég að tilhlutun Alþ. veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis frá þeim degi, að ekki þyki ástæða til lengra þinghalds að sinni, þar til síðar á árinu, þó eigi lengur en til 1. september 1943.

Gert í Reykjavík 20. apríl 1943.
Sveinn Björnsson".

Samkvæmt umboði leyfi ég mér að lýsa því yfir, að fundum Alþ. er frestað þangað til síðar á árinu, en þó ekki lengur en til 1. september. En þingið má búast við að verða e. t. v. kvatt saman fyrr.

Þá óska ég öllum þingheimi gleðilegs sumars, og þeim góðrar heimferðar, sem utan Reykjavíkur búa, og óska þess enn fremur í mínu

nafni persónulega og í nafni ríkisstjórnarinnar, að við hittumst allir heilir hér á þessum stað, þegar fundir takast aftur.

**Forseti GSv):** Með tilvísun til þess, sem þegar hefur mælt verið af hæstv. forsrh., þá er nú fundum Alþ. frestað um hríð, og liggur ekki meira fyrir þessum fundi. Dagskrá þess fundar, er fyrstur verður, er Alþ. kemur aftur saman, verður gefin út prentuð á sínum tíma.

Að svo mæltu vil ég árna öllum hv. þm. og hæstv. ríkisstjórn — með þakklæti fyrir hennar óskir — árs og friðar á komanda sumri og óska hv. þm. og ríkisstjórn gleðilegrar hátíðar.

**Ingvar Pálmason:** Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ríkisstjórn og hæstv. forseta fyrir árnaðaróskir þeirra og óska bæði hæstv. ríkisstjórn og hæstv. forseta gleðilegs sumars með þakklæti fyrir veturinn. Ef hv. þm. gjalda því jákvæði, vil ég biðja þá um að rísa úr sætum. [Þingmenn risu úr sætum]. — (**Forseti:** Ég þakka. — **Forsrh.:** Ég þakka).

---

Á 9. fundi í Sþ., 1. sept., mælti

**forsrh. (Björn Þórðarson):** Herra forseti. Ég hef í höndum bréf herra ríkisstjórans, svo hljóðandi:

„Ríkisstjóri Íslands gerir kunnugt:
Að ég hef ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar miðvikudaginn 1. sept. 1943, kl. 14.

Gert í Reykjavík 12. ágúst 1943.
Sveinn Björnsson".

Samkvæmt þessu lýsi ég því yfir, að fundum Alþingis, sem frestað var 22. apríl s. l., er nú fram haldið. Jafnframt leyfi ég mér að bjóða alla þingmenn velkomna til starfa.

---

## IX. Kosningar.

### 1. Ríkisstjóri Íslands.

Á 3. fundi í Sþ., 17. apríl, var tekin til meðferðar
**kosning ríkisstjóra Íslands til eins árs, fyrir kjörtímabilið frá 17. júní 1943 til jafnlengdar 1944, samkvæmt lögum nr. 25 16. júní 1941.**

Kosningu hlaut
Sveinn Björnsson ríkisstjóri,
með 35 atkv. — 13 seðlar voru auðir.

### 2. Milliþinganefnd um launakjör alþingismanna.

Á 43. fundi í Sþ., 15. des., var tekin til meðferðar
**kosning 5 manna milliþinganefndar um launakjör alþingismanna.**

Fram komu 4 listar. Á A-lista var GÍG, á B-lista BSt, á C-lista BrB, á D-lista LJóh og SK. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi í nefndina, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir alþingismennirnir:

Lárus Jóhannesson,
Bernharð Stefánsson,
Brynjólfur Bjarnason,
Sigurður Kristjánsson,
Guðmundur Í. Guðmundsson.

### 3. Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
**kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar, þriggja manna, skv. 3. gr. í reglum um Gjöf Jóns Sigurðssonar frá 16. okt. 1912.**

Fram komu þrír listar. Á B-lista var Þorkell Jóhannesson, á C-lista Þórður Eyjólfsson, á D-lista Matthías Þórðarson. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir í nefndina án atkvgr.:

Matthías Þórðarson fornminjavörður,
Þorkell Jóhannesson landsbókavörður,
Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari.

### 4. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
**kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1942, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 38. gr. stjskr.**

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru Jörundur Brynjólfsson og Sigurjón Á. Ólafsson, á C-lista Halldór Jakobsson, á D-lista Jón Pálmason. — A-listi hlaut 23 atkv., C-listi 12 atkv., D-listi 13 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir yfirskoðunarmenn ríkisreikninga 1942:

Jörundur Brynjólfsson alþm.,
Jón Pálmason alþm.,
Halldór Jakobsson.

### 5. Framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðs.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
**kosning framkvæmdastjóra Söfnunarsjóðs Íslands til 6 ára, frá 1. jan. 1944 til 31. des. 1949, samkv. 7. gr. l. nr. 2 10. febr. 1888.**

Kosningu hlaut
Vilhjálmur Briem
með 30 atkv. — Hilmar Stefánsson fékk 1 atkv., Jónas Jónsson 1 atkv., en 16 seðlar voru auðir.

### 6. Stjórn síldarverksmiðja ríkisins.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
**kosning 5 manna í stjórn síldarverksmiðja ríkisins og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1944 til 31. des. 1946, að viðhafðri hlutfallskosningu samkv. 1. gr. l. nr. 1 5. jan. 1938 og l. nr. 43 19. maí s. á.**

Við kosningu aðalmanna komu fram 4 listar. Á A-lista var Finnur Jónsson, á B-lista Þormóður Eyjólfsson og Þorsteinn M. Jónsson, á C-lista Þóroddur Guðmundsson, á D-lista Sveinn Benediktsson og Jón Þórðarson. — A-listi hlaut 9 atkv., B-listi 13 atkv., C-listi 10 atkv. og D-listi

16 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru sem aðalmenn í stjórn síldarverksmiðjanna:

Sveinn Benediktsson,
Þormóður Eyjólfsson framkvæmdastjóri,
Þóroddur Guðmundsson alþm.,
Finnur Jónsson alþm.,
Jón Þórðarson.

Við kosningu varamanna komu einnig fram 4 listar. Á A-lista var Erlendur Þorsteinsson, á B-lista Þorsteinn M. Jónsson, á C-lista Haraldur Guðmundsson, á D-lista Ole Hertervig og Elías Þorsteinsson. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir varamenn stjórnar síldarverksmiðjanna:

Erlendur Þorsteinsson skrifstofustjóri,
Þorsteinn M. Jónsson skólastjóri,
Haraldur Guðmundsson skipstjóri,
Ole Hertervig bakari,
Elías Þorsteinsson útgerðarmaður.

**7. Síldarútvegsnefnd.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar

**kosning 3 manna í síldarútvegsnefnd og jafnmargra varamanna, allra til 3 ára, frá 1. jan. 1944 til 31. des. 1946, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 1. gr. l. nr. 74 29. des. 1934.**

Við kosningu aðalmanna komu fram 3 listar, A, C og D. Á A-lista voru Björn Kristjánsson og Finnur Jónsson, á C-lista Áki Jakobsson, á D-lista Sigurður Kristjánsson. — A-listi hlaut 22 atkv., C-listi 12 atkv. og D-listi 14 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru í síldarútvegsnefnd sem aðalmenn:

Björn Kristjánsson kaupfélagsstjóri,
Sigurður Kristjánsson útgerðarmaður,
Áki Jakobsson alþm.

Við kosningu varamanna komu og fram 3 listar, B, C og D. Á B-lista var Þorsteinn M. Jónsson, á C-lista Tryggvi Helgason, á D-lista tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kosnir varamenn síldarútvegsnefndar:

Þorsteinn M. Jónsson skólastjóri,
Óskar Halldórsson útgerðarmaður,
Tryggvi Helgason sjómaður.

**8. Landsbankanefnd.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar

**kosning fimm landsbankanefndarmanna og jafnmargra til vara, allra til sex ára, frá 1. jan. 1944 til jafnlengdar 1949, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 34. gr. l. nr. 10 15. apríl 1928 og l. nr. 40 12. febr. 1940.**

Við kosningu aðalmanna komu fram 4 listar. Á A-lista var Guðmundur R. Oddsson, á B-lista Einar Árnason og Bjarni Bjarnason, á C-lista Einar Olgeirsson, á D-lista Bjarni Snæbjörnsson og Jóhann G. Möller. — A-listi hlaut 9 atkv., B-listi 13 atkv., C-listi 9 atkv. og D-listi 17 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru aðalmenn í landsbankanefnd:

Bjarni Snæbjörnsson læknir,
Einar Árnason fyrrv. ráðherra,
Guðmundur R. Oddsson forstjóri,
Einar Olgeirsson alþm.,
Jóhann G. Möller bókari.

Við kosningu varamanna komu einnig fram 4 listar. Á A-lista var Björn Jóhannesson, á B-lista Eysteinn Jónsson, á C-lista Ísleifur Högnason, á D-lista Gísli Jónsson og Ingólfur Jónsson. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr. sem varamenn landsbankanefndar:

Gísli Jónsson alþm.,
Eysteinn Jónsson alþm.,
Ísleifur Högnason kaupfélagsstjóri,
Björn Jóhannesson bæjarfulltrúi,
Ingólfur Jónsson alþm.

**9. Gjaldeyrisvarasjóðsnefnd.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar

**kosning þriggja manna í nefnd samkv. 6. gr. l. nr. 50 27. júní 1941, um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum, að viðhafðri hlutfallskosningu.**

Fram komu 3 listar. Á A-lista voru Sigurður Kristinsson og Haraldur Guðmundsson, á C-lista Ragnar Ólafsson, á D-lista Eggert Kristjánsson. — A-listi hlaut 21 atkv., C-listi 11 atkv. og D-listi 15 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru í nefndina:

Sigurður Kristinsson forstjóri,
Eggert Kristjánsson stórkaupmaður,
Ragnar Ólafsson lögfræðingur.

**10. Stjórn minningarsjóðs Jóns frá Gautlöndum.**

Á 64. fundi í Nd., s. d., var tekin til meðferðar

**kosning tveggja manna í stjórn minningarsjóðs Jóns alþm. Sigurðssonar frá Gautlöndum, til 6 ára, frá 1. jan. 1944 til 31. des. 1949, skv. 3. gr. skipulagsskrár sjóðsins, staðf. 6. ág. 1913.**

Fram komu 2 listar. Á A-lista var Jón Gauti Pétursson, en á B-lista Sigurður Jónsson. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Jón Gauti Pétursson bóndi,
Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri.

**11. Gæzlustjóri Söfnunarsjóðs.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar

**kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands, til 4 ára, frá 1. jan. 1944 til 31. des. 1947, skv. 7. gr. l. nr. 2 20. febr. 1888.**

Kosningu hlaut
Bjarni Ásgeirsson alþm.,
með 21 atkv. — Jónas Jónsson hlaut 1 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

## X. Starfsmenn þingsins.

Á þingsetningardegi, 15. apríl, ákváðu forsetar að endurráða fram að þeim tíma, er þessu þingi yrði frestað, alla hina sömu starfsmenn, sem voru á nýloknu þingi.

Eftir þinghlé, 1. sept., réðu forsetar allir í sameiningu eftirgreinda starfsmenn:

**Skrifstofan og prófarkalestur:**
Sigríður Bjarklind, Björgvin Magnússon, Halla Briem.

**Skjalavarzla og afgreiðsla:**
Andrés Eyjólfsson.

**Lestrarsalsgæzla:**
Petrína Jónsdóttir, Guðrún Egilson.

**Innanþingsskriftir:**
Teknir strax: Ólafur Tryggvason, Helgi Tryggvason, Haraldur Matthíasson, Svanhildur Ólafsdóttir, Björn Franzson (í bili, þar til kona hans, Ragna Þorvarðsdóttir, tæki við), Björn Sigfússon.

Teknir síðar: Auðbjörg Tryggvadóttir, Emil Björnsson, Rannveig Þorsteinsdóttir, Eggert Jónsson, Kristinn Hóseasson, Aðalbjörg Johnson, Róbert Bjarnason, Pétur Þorsteinsson, Sigfríður Bjarnar, Ragna Þorvarðsdóttir, Hermann G. Jónsson.

Verkstjóri skrifaranna var ráðinn Ólafur Tryggvason.

**Dyra- og pallavarzla:**
Jón Bjarnason, Sigvaldi Indriðason, Guðmundur Davíðsson, Einar Blandon, Jens Magnússon, Ólafur Þorvaldsson, Benjamín Sigvaldason, Bragi Kristjánsson. Enn fremur aukaverðir: Þórður Jónsson og Einar Ólafsson, og yfirvörður: Jakob Jónsson lögregluþjónn.

**Þingsveinar:**
Stefán Ásbjörnsson, Ólafur Alexandersson, Ragnar Stephensen, Friðrik Hjaltason, Friðrik Guðnason.

**Símavarzla:**
Ingibjörg Pétursdóttir, Katrín Pálsdóttir.

**Fatavarzla:**
Vigdís Torfadóttir, Sigríður Brynjólfsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir.

**Þingfréttamaður í útvarpi:**
Helgi Hjörvar.

---

4. sept. var Jón S. Guðmundsson ráðinn aðstoðarmaður við skrifstofustörf og prófarkalestur.

Katrín Pálsdóttir hvarf frá símavörzlustarfi um 20. okt., og var í hennar stað ráðin Arndís Ármann.

---

## XI. Starfslok deilda.

**a. Í efri deild.**

Á 69. fundi í Ed., 17. des., að lokinni dagskrá, mælti

**forseti (StgrA):** Þá er lokið störfum deildarinnar, og verður þetta síðasti fundur hennar að þessu sinni. Ég mun ásamt skrifara ganga frá fundargerð þessa fundar, eins og venja er til, og skoða það samþ. án atkvgr., ef enginn mælir því í gegn.

Ég þakka hv. deildarmönnum góða samvinnu og prýðilega framkomu í minn garð. Óska ég þeim öllum gleðilegra jóla og nýárs, en þeim sérstaklega, er heima eiga utanbæjar, fararheilla og góðrar heimkomu.

**Bjarni Benediktsson:** Ég vildi, áður en fundi er slitið, þakka hæstv. forseta fyrir góða, hlutlausa og drengilega fundarstjórn á þessu þingi og mildi hans í yfirráðum sínum yfir okkur. Og þótt okkur hafi e. t. v. fundizt hann nokkuð vinnuharður, þá fyrirgefst það góðum húsbónda. Hann hefur gætt réttlætis og hlutleysis, og veit ég, að dm. taka undir þakklæti og árnaðaróskir honum til handa.

(Deildarmenn tóku undir þessi orð með því að rísa úr sætum sínum).

**Forseti (StgrA):** Ég þakka hv. 6. þm. Reykv. fyrir vingjarnleg ummæli hans í minn garð og viðurkenningarorð. Og ég vildi þá einnig leyfa mér að endurtaka þakkir mínar til hv. deildarmanna fyrir gott samstarf og óska þeim öllum og starfsfólki þingsins gleðilegra jóla og góðs árs, og vona ég, að við hittumst öll heil á ári komanda.

**b. Í neðri deild.**

Á 66. fundi í Nd., 16. des., að lokinni dagskrá, mælti

**forseti (JörB):** Þetta mun þá vera síðasti fundur þessarar hv. d. að þessu sinni. Hæstv. forseti sameinaðs þings mun gefa skýrslu yfir störf þingsins, eins og venja er til, svo ég sleppi því.

Ég vil þakka hv. þdm. fyrir einkar góða samvinnu á þessu þingi, eins og ætíð áður, og hversu þeir hafa ætíð sýnt mér fulla tilhliðrunarsemi og gert mér auðvelt að stjórna störfum deildarinnar.

Ég vil svo óska öllum hv. þdm. gleðilegra jóla og góðs og farsæls komandi árs. Og utanbæjarmönnum vil ég óska góðrar ferðar og góðrar heimkomu.

Megum allir heilir hittast á næsta þingi.

**Ólafur Thors:** Herra forseti. Ég vil leyfa mér, fyrir hönd allra hv. þdm. að þakka hæstv. forseta fyrir röggsaml., réttláta og ágæta fundarstjórn nú á þessu þingi sem fyrr. Ég óska honum góðrar heimferðar og heimkomu, gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Og ég vona, að við sjáum hann heilan hér skömmu eftir áramótin.

Ég vil biðja hv. þdm. að rísa úr sætum. [Deildarmenn risu úr sætum sínum].

**Forseti (JörB):** Ég þakka hv. þm. G.-K. hans einkar hlýlegu orð og góðar óskir í minn garð og hv. þdm. þá virðingu, er þeir hafa látið mér falla í skaut.

Ég endurtek svo árnaðaróskir mínar til hv. þm. G.-K. og hv. þingdeildarmanna.

Segi ég svo þessum fundi slitið.

## XII. Þinglausnir.

Á 46. fundi Sþ., 17. des., að lokinni dagskrá, mælti

**forseti (GSv):** Þá er verkefni þessa fundar lokið, en ég vil geta þess, að í dag fara fram þinglausnir, kl. 1,30, og verður þeim útvarpað. Við þinglausnir verða engin venjuleg þingstörf. Ríkisstjóri slítur þinginu. Þetta mun því verða síðasti fundur í sameinuðu þingi, og vil ég nota tækifærið til að þakka hv. þingmönnum gott samstarf, sem yfirleitt hefur verið svo, þótt stundum hafi horft erfiðlega.

Ég óska þingmönnum öllum gleðilegra jóla og góðs nýárs og þeim, sem eru fjarri heimilum sínum, fararheilla og góðrar heimkomu.

**Eysteinn Jónsson:** Ég veit, að ég tala fyrir munn allra þingmanna, er ég þakka hæstv. forseta gott samstarf á þessu þingi. Og ég vænti sömuleiðis, að ég mæli fyrir munn allra, er ég óska honum gleðilegra jóla og nýárs svo og góðrar heimferðar. Vil ég biðja þingmenn að rísa úr sætum sínum og hrópa fyrir honum ferfalt húrra.

[Þingmenn risu úr sætum og tóku undir með húrrahrópi.]

**Forseti (GSv):** Ég þakka hv. þm. S.-M. hlýleg orð og árnaðaróskir í minn garð og þingmönnum öðrum góðar undirtektir og segi svo fundi slitið.

Á 47. fundi í Sþ., s. d., las forseti upp eftirfarandi yfirlit um störf þingsins:

Þingið hefur staðið frá 15. til 21. apríl og frá 1. sept. til 17. des., eða samtals 115 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

| | |
|---|---|
| Í neðri deild | 66 |
| - efri deild | 69 |
| - sameinuðu þingi | 47 |
| Alls | 182 þingfundir. |

Þingmál og úrslit þeirra:

**I. Lagafrumvörp:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Stjórnarfrumvörp: | | | |
| a. Lögð fyrir neðri deild | | 15 | |
| b. — — efri deild | | 14 | |
| c. — — sameinað þing | | 3 | |
| | | | — 32 |
| 2. Þingmannafrumvörp: | | | |
| a. Borin fram í neðri deild | | 54 | |
| b. — — - efri deild | | 33 | |
| | | | — 87 |
| | | | — 119 |
| Þar af: | | | |
| a. Afgreidd sem lög: | | | |
| Stjórnarfrumvörp | 20 | | |
| Þingmannafrumvörp | 40 | | |
| | | alls 60 | **lög** |
| b. Felld: | | | |
| Stjórnarfrumvörp | 1 | | |
| Þingmannafrumvörp | 3 | | |
| c Afgr. með rökst. dagskrá: | | | |
| Stjórnarfrumvörp | 1 | | |
| Þingmannafrumvörp | 9 | | |
| d. Ekki útrædd: | | | |
| Stjórnarfrumvörp | 10 | | |
| Þingmannafrumvörp | 35 | | |
| | 119 | | |

**II. Þingsályktunartillögur:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. Bornar fram í neðri deild | 5 | | |
| b. — — í efri deild | 12 | | |
| c. — — í samein. þ. | 49 | | |
| | | | 66 |
| Þar af: | | | |
| a. Þingsályktanir afgr. til stj.: | | | |
| 1. Ályktanir Alþingis | 27 | | |
| 2. Ályktanir neðri deildar | 4 | | |
| 3. Ályktanir efri deildar | 7 | | |
| | | alls 38 | **þál.** |
| b. Felld | | 1 | |
| c. Afgr. með rökst. dagskrá | | 2 | |
| d. Ekki útræddar | | 25 | |
| | | 66 | |

**III. Fyrirspurnir:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. Bornar fram í neðri deild | 3 | | |
| b. — — í efri deild | 3 | | |
| | | | 6 |
| Þar af: | | | |
| a. Svarað | | 1 | |
| b. Ekki svarað | | 5 | |
| | | 6 | |

Mál til meðferðar í þinginu alls ..... 191

Þá mælti

**ríkisstjóri (Sveinn Björnsson):** Í ríkisráði 16. þ. m. var gefið út svo látandi ríkisstjórabréf:

Ríkisstjóri Íslands gerir kunnugt:

Að ég hef ákveðið, að Alþingi, 62. löggjafarþingi, skuli slitið föstudaginn 17. desember 1943. Mun ég því slíta Alþingi þann dag.

Gert að Bessastöðum 16. des. 1943.

Sveinn Björnsson.
/ Björn Þórðarson.

Með því að Alþingi hefur nú lokið störfum að þessu sinni, segi ég þinginu slitið.

Um leið og ég óska öllum þingmönnum velfarnaðar og gleðilegra jóla og nýárs, en þeim sérstaklega, er heima eiga utanbæjar, farar-heilla og góðrar heimkomu, vil ég biðja þingmenn og ríkisstjórn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum sínum.

Þingheimur stóð upp, og aldursforseti þingsins, **Ingvar Pálmason,** 1. þm. S.-M., mælti: „Lifi Ísland!“

Tók þingheimur undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

**Var síðan af þingi gengið.**